Hæstaréttardómar 1945

Útgáfa 3.1 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af dómasafni Hæstaréttar. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af dómum Hæstaréttar án endurgjalds. Hæstiréttur Íslands stendur ekki fyrir útgáfu þessa skjals né komið að henni með öðrum hætti en lýst er hér að neðan.

Sérstakar þakkir fær Bókasafn Hafnarfjarðar fyrir að gefa flest bindanna til skönnunar og Óli Gneisti Sóleyjarson fyrir sín framlög til verkefnisins. Fjárhagslegir styrktaraðilar fá einnig þakkir fyrir fjárframlög sín.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar
Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur
Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta dómar ekki verndar höfundalaga. Skrifstofa Hæstaréttar hefur tjáð höfundi skjalsins að Hæstiréttur hyggst ekki gera neinar athugasemdir vegna birtingar þessara rafrænu eintakanna í heilu lagi, en hefur hins vegar ekki útilokað að annað efni en dómar gæti notið verndar höfundalaga. Ef ætlunin er að nýta aðra hluta skjalsins en dómana sjálfa er mælt með því að viðkomandi hafi samband við Hæstarétt eftir því sem við á.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar
Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu
Minniháttar gallar á bls. 30 og 450 á prenteintaki.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

HÆSTARÉTTARDÓMAR

ÚTGEFANDI
HÆSTIRÉTTUR

XVI. BINDI
1945

REYKJAVÍK
RÍKISPRENTSMIÐJAN GUTENBERG
MCMXLVI

Reglulegir dómarar hæstaréttar 1945.

Þórður Eyjólfsson. Forseti dómsins frá 1. janúar 1945 til 31. ágúst s. á.

Gizur Bergsteinsson. Forseti dómsins frá 1. september 1945 til 31. desember s. á.

Einar Arnórsson. Hæstaréttardómari frá 1. janúar 1945 til 30. apríl s. á.

Árni Tryggvason. Hæstaréttardómari frá 1. maí 1945 til 31. desember s. á.

Jón Ásbjörnsson. Hæstaréttardómari frá 1. maí 1945 til 31. desember s. á.

Jónatan Hallvarðsson. Hæstaréttardómari frá 1. maí 1945 til 31. desember s. á.

Registur.

I. Málaskrá.

		Dómur	Bls.
1.	Réttvísin og valdstjórnin gegn Magnúsi Magnússyni. Bifreiðalagabrot. Manndráp af gáleysi	10/1	1
2.	Réttvísin og valdstjórnin gegn Friðriki Guðmanni Sigurðssyni. Bifreiðalagabrot. Manndráp af gáleysi	12/1	4
3.	Réttvísin og valdstjórnin gegn Gísla Helgasyni. Líkamsárás	17/1	9
4.	Elías Hannesson gegn Jóni V. Jónssyni og gagnsök. Skaðabótamál vegna árekstrar bifreiða	19/1	13
5.	Valdstjórnin gegn Vilberg Sigurjóni Hermannssyni. Kært fyrir brot á verðlagsákvæðum	26/1	18
6.	Guðlaugur Brynjólfsson gegn húsaleigunefnd Reykjavíkur. Útburðarmál	29/1	22
7.	Seyðisfjarðarkaupstaður gegn Sigurði Tryggvasyni. Útivistardómur	31/1	25
8.	Guðlaugur Gíslason gegn Hannesi Hanssyni. Útivistardómur	31/1	26
9.	Réttvísin gegn Andreas Julius Godtfredsen. Landráð	2/2	26
10.	Þorleifur Jón Björnsson gegn Sigurgeiri Guðbjarnasyni. Útivistardómur	2/2	30
11.	Réttvísin og valdstjórnin gegn Guðna Hirti Guðnasyni, Guðna Einarssyni og Halldóri Eliasi Halldórssyni. Manndráp og líkamsáverkar af gáleysi	9/2	30
12.	Réttvísin og valdstjórnin gegn Þorvaldi Jónassyni. Skjalafals. Þjófnaðarákæra. Brot gegn húsaleigulögum	12/2	52
13.	Strætisvagnar Reykjavíkur h/f gegn Ágústi Eiríkssyni og gagnsök. Skaðabótamál vegna líkamsáverka	15/2	67
14.	Daniel Ólafsson f. h. erfingja Jóns Danielssonar gegn Thorvaldsensfélaginu og gagnsök. Útburðarmál. Ómerking	21/2	71
15.	Valdstjórnin gegn Konráði Guðmundssyni. Brot gegn verðlagsákvæðum	23/2	74

		Dómur	Bls.
16.	Leifur Böðvarsson gegn Ólafi Pálssyni. Þóknun fyrir milligöngu við sölu skips	26/2	76
17.	Jón Lýðsson gegn Lofti Sigurðssyni og gagnsök. Skaðabótamál vegna umferðarslyss	28/2	79
18.	Gísli Indriðason gegn bæjarsjóði Ísafjarðar. Útivistardómur	28/2	83
19.	Óskar Petersen gegn Páli Þorleifssyni. Útivistardómur	28/2	84
20.	Hrafn Jónsson gegn Valdimar Þorsteinssyni. Kærumál. Synjað um skriflegan málflutning	2/3	84
21.	Ragnar Guðmundsson gegn Vigfúsi Pálmasyni. Útburðarmál	5/3	86
22.	Réttvisin gegn Kristjáni Helga Benjaminssyni. Líkamsárás. Skaðabætur	7/3	92
23.	Guðmundur Jörundsson gegn Alfred Andersen skipstjóra f. h. eigenda og vátryggjenda e/s Rolf Jarl, skips og farms. Bjarglaun	9/3	98
24.	Leifur Böðvarsson gegn bæjarfógetanum á Akranesi f. h. ríkissjóðs. Skattkrafa. Ómerking og heimvísun	12/3	106
25.	Bæjarstjóri Hafnarfjarðar f. h. bæjarsjóðs gegn Jóni Hjaltalín. Útsvarsmál	14/3	110
26.	Borgarstjóri Reykjavíkur f. h. bæjarins gegn Oddi Kristjánssyni. Skýring stjórnsýsluákvæða. Um rétt manns, sem keypti hús, er reist var án leyfis byggingarnefndar	16/3	113
27.	H/f Fiskur og Ís gegn Höjgaard & Schultz A/S. Um vitnaskyldu. Kærumál	16/3	117
28.	Gunnar Ólafsson gegn bæjarstjórn Vestmannaeyja f. h. bæjarsjóðs. Ómerking og vísun frá héraðsdómi	19/3	120
29.	Stjórnarnefnd ríkisspítalanna gegn Hvammshreppi. Mál til heimtu á vistgjaldi sjúklings á geðveikrahæli	21/3	126
30.	Hálfdán Magnússon gegn Þorgerði Magnúsdóttur. Útivistardómur	23/3	129
31.	Skipaútgerð ríkisins gegn hreppsnefnd Flateyrarhrepps f. h. hreppsins. Útivistardómur	23/3	130
32.	Skipaútgerð ríkisins gegn hreppsnefnd Flateyrarhrepps f. h. hreppsins. Útivistardómur	23/3	130
33.	Pöntunarfélagið á Eyrarbakka gegn Eyrarbakkahreppi. Lögtaksmál. Úrskurður fógeta ómerktur og máli vísað heim vegna skorts á leiðbeiningu	23/3	130
34.	Réttvísin gegn Sigurjóni Óskari Gíslasyni. Gripdeild	11/4	132
35.	Austri h/f gegn Jens Árnasyni. Skuldamál	16/4	135

		Dómur	Bls.
36.	Db. Bolla Eggertssonar, Kristján Albertsson og Árni Friðriksson gegn Antoni Ólafssyni Weywadt. Dánarbætur	18/4	139
37.	Sigríður Kristjánsdóttir gegn Steingrími Bjarnasyni og gagnsök. Um aðild í refsimáli. Skaðabætur dæmdar vegna líkamsáverka	20/4	147
38.	Réttvísin og valdstjórnin gegn Snorra Sturlusyni. Líkamsárás. Skaðabætur	23/4	153
39.	Sigurður Berndsen gegn Pétri Ottasyni. Þóknun fyrir geymslu báts í skipasmíðastöð	33/4	157
40.	Óli J. Ólason gegn borgarfógetanum í Reykjavík. Kærumál. Máli frestað sjálfkrafa	23/4	160
41.	H/f Hængur gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Endurkrafa útflutningsgjalds af fiski	25/4	161
42.	Borgarfógetinn í Reykjavík og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs gegn Garðari Þorsteinssyni. Veðhafa synjað útlagningar á fasteign, er hann keypti á nauðungaruppboði	25/4	168
43.	Magnús Guðmundsson gegn Guðjóni Samúelssyni. Úrskurður um öflun frekari skýrslna	30/4	171
44.	Kaupfélag Reykjavíkur og nágrennis gegn Engilbert Guðmundssyni. Útivistardómur	30/4	173
45.	Erlendur Blandon & Co. h/f gegn Ullariðjunni og gagnsök. Útburðarmál	4/5	173
46.	Grímur h/f gegn Ólafi Sigurðssyni. Ómerking og heimvísun	9/5	178
47.	Réttvísin gegn Björgólfi Sigurðssyni. Brenna	9/5	183
48.	Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs gegn firmanu Ó. Jóhannesson. Skattamál	11/5	188
49.	Þórður Halldórsson gegn landbúnaðarráðherra f. h. Jarðakaupasjóðs ríkisins og Hagbart Edwald. Um rétt til erfðaleiguábúðar á þjóðjörð	14/5	193
50.	Bæjarfógeti Akranesskaupstaðar f. h. ríkissjóðs gegn Bjóhöllinni á Akranesi. Skemmtanaskattur	16/5	197
51.	Réttvísin og valdstjórnin gegn Júlíusi Sigurðssyni Júlíussyni. Svipting ökuleyfis	18/5	199
52.	Leifur Böðvarsson gegn Árna Sigurðssyni. Um uppsagnarfrest á ráðningarsamningi stýrimanns á skipi	18/5	207
53.	Anna Einarsson gegn Sútunarverksmiðjunni h/f og gagnsök. Um uppsögn á samningi um húsaleigu	23/5	210
54.	Jón Jóhannesson f. h. ríkissjóðs gegn Tunnuverksmiðju Siglufjarðar s/f. Veiting frests	23/5	213

		Dómur	Bls.
55.	Sigurður Sigmundsson gegn Vigfúsi Einarssyni. Úrskurður um öflun skýrslna	25/5	215
56.	Kristján Guðmundsson gegn Sigurlaugu Kristjánsdóttur, Sigurði Björnssyni, Sigurbirni Björnssyni, Árna Björnssyni og Örlygi Björnssyni. Landamerkjamál	25/5	216
57.	Kristján Guðmundsson gegn Þórhalli Arnórssyni og gagnsök. Mál til riftunar kaupum á bifreið og endurgreiðslu kaupverðs	28/5	220
58.	Réttvisin og valdstjórnin gegn Jóni Gunnarssyni og Sveini Benediktssyni. Meinyrði um lögreglumann og óheimil veiting og neyzla áfengis á veitingahúsi	30/5	226
59.	Valdstjórnin gegn Rögnu Sigurðardóttur. Úrskurður um öflun skýrslna	4/6	244
60.	Alfreð Þórðarson gegn Sigurði Magnússyni. Útburðarmál	4/6	245
61.	Réttvísin gegn Jóhanni Hermanni Júlíussyni og Sigurði Björnssyni. Refsimál vegna sjóslyss. Ómerking og heimvísun	6/6	248
62.	Borgarstjóri Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs gegn bæjarstjórn Ísafjarðar f. h. bæjarsjóðs. Um skiptingu útsvars	6/6	255
63.	Kristín Daníelsdóttir og Ólafur Daníelsson gegn Thorvaldsensfélaginu og gagnsök. Útburðarmál. Um rétt erfingja til leiguhúsnæðis arfleifanda	6/6	258
64.	H/f Fiskur og Ís gegn Höjgaard & Schultz A/S. Kærumál. Staðfesting vitnaskýrslu	6/6	263
65.	Theódór B. Líndal f. h. eigenda og skipshafnar b/v Volesus G. Y. 851 gegn Einari B. Guðmundssyni f. h. eigenda v/s Thurid T. N. 321. Dráttaraðstoð	13/6	265
66.	Magnús Guðmundsson gegn Guðjóni Samúelssyni. Um rétt til einkaleyfis til hagnýtingar á uppgötvun	15/6	269
67.	Vigfús Pálmason gegn Ragnari Guðmundssyni og Ólöfu Sveinsdóttur. Aðiljaskýrslu krafizt	15/6	277
68.	Dráttarbraut Keflavíkur h/f gegn Ágústi Bjarnasyni og Júlíusi Ingibergssyni og gagnsök. Ómerking dóms og heimvísun máls	18/6	280
69.	G. Helgason & Melsted h/f gegn h/f Minnie og gagnsök. Ábyrgð umboðsaðilja vegna ósamræmis milli umboðs og samnings	18/6	287
70.	Þorsteinn Sigurðsson f. h. Láru Hafliðadóttur og Ásdísar Hafliðadóttur gegn Garðari Þorsteinssyni. Útburðarmál	20/6	292

		Dómur	Bls.
71.	Jón Þorkelsson gegn Verzlunarfélaginu Borg h/f og gagnsök. Úrskurður um öflun skýrslna	2%	295
72.	Réttvísin og valdstjórnin gegn Kristjáni Stefánssyni. Úrskurður um framhaldsrannsókn	2%	297
73.	Sjúkrasamlag Reykjavíkur gegn stjórnarnefnd ríkisspítalanna. Skuldamál	2%	298
74.	Jón Jóhannesson gegn Aage Schiöth. Skuldamál	2%	303
75.	Tunnuverksmiðja Siglufjarðar s/f gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Synjun framhaldsfrests	2½	307
76.	Soffía Vatnsdal gegn Steindóri Einarssyni og gagnsök. Mál til fébóta vegna bifreiðarslyss	2⅞	309
77.	Guðmundur Jónsson gegn Ingveldi Andrésdóttur. Útivistardómur	2⅞	315
78.	H/f Bragi gegn erfingjum Einars Benediktssonar. Úrskurður um öflun rækilegri sakargagna	2⅞	315
79.	Stefán Thorarensen gegn Rögnu Sigurðardóttur f. h. Blómaverzlunarinnar Flóru og gagnsök. Endurheimt ofgreiddrar húsaleigu	⅗	316
80.	Valdstjórnin gegn Jóni Jóhannssyni. Brot gegn lögum um bifreiðar	⅗	320
81.	H/f Ásmundur gegn Jóni Sigurðssyni. Kærumál um málskostnað fyrir héraðsdómi	⅗	322
82.	Gunnar Guðmundsson gegn Jónínu Jónsdóttur. Mál til fébóta vegna bifreiðarslyss	⅘	327
83.	Valdstjórnin gegn Vernharði Bjarnasyni. Ómerking héraðsdóms og heimvísun	1⅘	333
84.	Sigurður Gizurarson gegn bæjargjaldkera Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs. Útsvarsmál	1⅘	336
85.	Ingibjörg N. Jóhannsdóttir, Ólafur Haukur Ólafsson og Arnfríður Eðvaldsdóttir gegn Stríðstryggingafélagi íslenzkra skipshafna. Ágreiningur um greiðslu dánarbóta og lífeyris	1⅞	338
86.	Strætisvagnar Reykjavíkur h/f gegn Ragnheiði Árnadóttur og gagnsök. Fébótamál vegna bifreiðarslyss	2⅖	340
87.	Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs gegn Kristjáni Þorgrímssyni. Fébótamál samkvæmt lögum nr. 99/1943	2¾	344
88.	Höjgaard & Schultz A/S gegn h/f Fiski og Ís. Synjun framhaldsfrests. Kærumál	2⅞	348
89.	Réttvísin og valdstjórnin gegn Guðmundi Egilssyni. Brot á bifreiðalögum. Manndráp af gáleysi	2⅞	350
90.	Réttvísin og valdstjórnin gegn Birni Viktorssyni. Brot á bifreiðalögum. Manndráp af gáleysi	2⅞	357

		Dómur	Bls.
91.	Jóhann Bárðarson og Jóhann Þ. Jósefsson gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Fébótamál vegna framkvæmdar á stjórnsýslu	31/10	361
92.	Ingveldur Andrésdóttir gegn Guðmundi Jónssyni. Útivistardómur	31/10	365
93.	Eigendur m/b Framtíðarinnar gegn Hraðfrystihúsi Ólafsvíkur h/f. Kærumál um málskostnað fyrir héraðsdómi	31/10	365
94.	Jens Sæmundsson gegn Jónasi Sveinssyni. Kærumál um málskostnað fyrir héraðsdómi	31/10	366
95.	Jóhann Þorsteinsson gegn bæjarstjórn Akureyrar f. h. Akureyrarbæjar. Ágreiningur um heimilisfang	5/11	370
96.	Bjarni Benediktsson gegn tollstjóranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs. Skattamál	5/11	372
97.	Bæjarstjóri Ísafjarðarkaupstaðar f. h. kaupstaðarins gegn h/f Shell á Íslandi. Endurheimt á ofgreiddu útsvari	7/11	375
98.	Aðalsteinn Úlfarsson gegn hreppsnefnd Borgarnesshrepps f. h. hreppsins. Endurheimt útsvars	9/11	377
99.	Óli J. Ólason gegn borgarfógetanum í Reykjavík. Kærumál um málskostnað fyrir héraðsdómi	9/11	380
100.	H/f Shell á Íslandi gegn h/f Gísla Súrssyni. Ómerking dóms og málsmeðferðar að nokkru og heimvísun	12/11	382
101.	Garðar Jónsson gegn Skipaútgerð ríkisins. Ágreiningur um skiptingu bjarglauna milli skipverja	14/11	385
102.	Jón Gauti Jónatansson gegn Ingólfi Gíslasyni. Útivistardómur	14/11	387
103.	Anna P. Helgadóttir gegn Einari M. Einarssyni og gagnsök. Búskipti hjóna. Ágreiningur um séreign	16/11	388
104.	Réttvísin og valdstjórnin gegn Stefáni Agnari Magnússyni, Halldóri Randver Þorsteinssyni, Haraldi Þorsteinssyni og Snorra Sturlusyni. Fjársvik, skjalafals, þjófnaður og ólögleg áfengisneyzla	19/11	392
105.	Bæjarstjórn Akraness gegn Valdimar Guðmundssyni. Mál til endurheimtu á greiddu útsvari	21/11	400
106.	Páll Zóphóníasson gegn Hedvig D. Blöndal. Frávísunardómur ómerktur	21/11	406
107.	Friðrik Guðjónsson gegn h/f Hrönn og gagnsök. Héraðsdómur ómerktur, og málinu vísað heim.	23/11	410
108.	Valdstjórnin gegn Hálfdáni Hálfdánarsyni. Brot á heilbrigðissamþykkt og lögreglusamþykkt	23/11	412
109.	Valdstjórnin gegn F. C. Day. Fiskveiðabrot	26/11	415
110.	Guðlaugur Guðmundsson gegn Aðalbjörgu Sigbjörnsdóttur. Innsetningargerð	26/11	418

		Dómur	Bls.
111.	Jón J. Fannberg gegn borgarstjóra Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs. Féþótamál. Stjórnsýsla. Kostnaður af skolplögn	28/11	421
112.	Valdstjórnin gegn James Betty. Fiskveiðabrot	30/11	424
113.	Réttvísin og valdstjórnin gegn Kristjáni Stefánssyni. Brot á bifreiðalögum. Manndráp af gáleysi	30/11	428
114.	Gunnar Sigurðsson gegn Páli Pálssyni. Útivistardómur	30/11	433
115.	Jón Gauti Jónatansson gegn Hjálmtý Péturssyni. Útivistardómur	30/11	433
116.	Sigurgeir Einarsson gegn Halldóri Kiljan Laxness. Leigutaka synjað aðgangs að hitaveitustillum húss	5/12	434
117.	Óskar Guðmundsson gegn Sigríði Þorvarðsdóttur og Þorsteini Hreggviðssyni. Húsaleiga. Útburðargerð	7/12	437
118.	Réttvísin gegn Sigfúsi Jónassyni. Umsagnar læknaráðs leitað	7/12	441
119.	Helgi Magnússon gegn Yngva Jóhannessyni. Kærumál. Um vitnaskyldu	7/12	442
120.	Eigendur v/b „Ársæls" V. E. 8 gegn eigendum v/b „Kára" V. E. 27. Ómerking dóms og málsmeðferðar og heimvísun	12/12	444
121.	H/f Valur gegn eigendum og skipverjum á Óla Garða G. K. 190. Bjarglaun	14/12	452
122.	H/f Alliance gegn Sjómannafélagi Reykjavíkur. Ágreiningur um kjör sjómanns á togara	17/12	456
123.	Valdstjórnin gegn Klængi Randver Jóni Kristjánssyni. Brot á umferðarlögum, bifreiðalögum og áfengislögum	19/12	460
124.	Karl L. Benediktsson gegn Verksmiðjunni Drifu h/f. Kærumál um málskostnað fyrir héraðsdómi	19/12	465

II. Nafnaskrá.

A. Einkamál.

Bls.

Aðalbjörg Sigbjörnsdóttir 418
Aðalsteinn Úlfarsson 377
Akranesskaupstaður 400
Akureyrarkaupstaður 370
Alfred Andersen f. h. eigenda og vátryggjenda e/s Rolf Jarl .. 98
Alfreð Þórðarson 245
Alliance h/f 456
Anna P. Helgadóttir 388
Arnfríður Eðvaldsdóttir 338
Austri h/f 135
Ágúst Bjarnason 280
Ágúst Eiríksson 67
Árni Björnsson 216
Árni Friðriksson 139
Árni Sigurðsson 207
Ársæll v/b V.E. 8, eigendur 444
Ásdís Hafliðadóttir 292
Ásmundur h/f 322
Berndsen, Sigurður 157
Bjóhöllin á Akranesi 197
Bjarni Benediktsson 372
Blöndal, Hedvig D. 406
Bolli Eggertsson, dánarbú 139
Borg, Verzlunarfélagið h/f 295
Borgarfógetinn í Reykjavík 160, 168, 380
Borgarnesshreppur 377
Bragi h/f 315
Daníel Ólafsson f. h. erfingja Jóns Daníelssonar 71
Dráttarbraut Keflavíkur h/f 280
Drífa, verksmiðjan h/f 465
Edwald, Hagbart 193
Einar Benediktsson, erfingjar 315
Einar B. Guðmundsson f. h. eigenda v/s Thurid T.N. 321 265
Einar M. Einarsson 388

Bls.
Einarsson, Anna ... 210
Elías Hannesson ... 13
Engilbert Guðmundsson ... 173
Erlendur Blandon & Co. h/f ... 173
Eyrarbakkahreppur ... 130
Fannberg, Jón J. ... 421
Fiskur og Ís h/f ... 117, 263, 348
Flateyrarhreppur ... 130
Flóra, blómaverzlun ... 316
Framtíðin v/b, eigendur ... 365
Friðrik Guðjónsson ... 410
G. Helgason & Melsted h/f ... 287
Garðar Jónsson ... 385
Garðar Þorsteinsson ... 168, 292
Gísli Indriðason ... 83
Gísli Súrsson h/f ... 382
Grímur h/f ... 178
Guðjón Samúelsson ... 171, 269
Guðlaugur Brynjólfsson ... 22
Guðlaugur Gíslason ... 26
Guðlaugur Guðmundsson ... 418
Guðmundur Jónsson ... 315, 365
Guðmundur Jörundsson ... 98
Gunnar Guðmundsson ... 327
Gunnar Ólafsson ... 120
Gunnar Sigurðsson ... 433
Hafnarfjarðarkaupstaður ... 110
Hannes Hansson ... 26
Hálfdán Magnússon ... 129
Helgi Magnússon ... 442
Hjaltalín, Jón ... 110
Hjálmtýr Pétursson ... 433
Hraðfrystihús Ólafsvíkur h/f ... 365
Hrafn Jónsson ... 84
Hrönn h/f ... 410
Húsaleigunefnd Reykjavíkur ... 22
Hvammshreppur ... 126
Hængur h/f ... 161
Höjgaard & Schultz A/S ... 117, 263, 348
Ingibjörg N. Jóhannsdóttir ... 338
Ingólfur Gíslason ... 387
Ingveldur Andrésdóttir ... 315, 365
Ísafjarðarkaupstaður ... 83, 255, 375
Jarðakaupasjóður ríkisins ... 193
Jens Árnason ... 135

Bls.
Jens Sæmundsson ... 366
Jóhann Bárðarson ... 361
Jóhann Þ. Jósefsson ... 361
Jóhann Þorsteinsson ... 370
Jón Daníelsson, erfingjar ... 71
Jón Gauti Jónatansson ... 387, 433
Jón Jóhannesson ... 303
Jón Lýðsson ... 79
Jón Sigurðsson ... 322
Jón V. Jónsson ... 13
Jón Þorkelsson ... 295
Jónas Sveinsson ... 366
Jónína Jónsdóttir ... 327
Júlíus Ingibergsson ... 280
Karl L. Benediktsson ... 465
Kaupfélag Reykjavíkur og nágrennis ... 173
Kári v/b V.E. 27, eigendur ... 444
Kristín Daníelsdóttir ... 258
Kristján Albertsson ... 139
Kristján Guðmundsson, Hvammkoti ... 216
Kristján Guðmundsson, Reykjavík ... 220
Kristján Þorgrímsson ... 344
Laxness, Halldór Kiljan ... 434
Lára Hafliðadóttir ... 292
Leifur Böðvarsson ... 76, 106, 207
Loftur Sigurðsson ... 79
Magnús Guðmundsson ... 171, 269
Minnie h/f ... 287
Oddur Kristjánsson ... 113
Ó. Jóhannesson, firma ... 188
Ólafur Daníelsson ... 258
Ólafur Haukur Ólafsson ... 338
Ólafur Pálsson ... 76
Ólafur Sigurðsson ... 178
Óli Garða G.K. 190, eigendur og skipverjar ... 452
Óli J. Ólason ... 160, 380
Ólöf Sveinsdóttir ... 277
Óskar Guðmundsson ... 437
Páll Pálsson ... 433
Páll Zóphóníasson ... 406
Páll Þorleifsson ... 84
Petersen, Óskar ... 84
Pétur Ottason ... 157
Pöntunarfélagið á Eyrarbakka ... 130
Ragna Sigurðardóttir f. h. blómaverzlunarinnar Flóru ... 316

Bls.
Ragnar Guðmundsson ... 86, 277
Ragnheiður Árnadóttir ... 340
Reykjavíkurbær ... 113, 255, 336, 421
Ríkissjóður ... 106, 161, 168, 188, 197, 213, 307, 344, 361, 372
Ríkisspítalarnir ... 126, 298
Rolf Jarl e/s, eigendur og vátryggjendur ... 98
Schiöth, Aage ... 303
Seyðisfjarðarkaupstaður ... 25
Shell á Íslandi h/f ... 375, 382
Sigríður Kristjánsdóttir ... 147
Sigríður Þorvarðsdóttir ... 437
Sigurbjörn Björnsson ... 216
Sigurður Björnsson ... 216
Sigurður Gizurarson ... 336
Sigurður Magnússon ... 245
Sigurður Sigmundsson ... 215
Sigurður Tryggvason ... 25
Sigurgeir Einarsson ... 434
Sigurgeir Guðbjarnason ... 30
Sigurlaug Kristjánsdóttir ... 216
Sjómannafélag Reykjavíkur ... 456
Sjúkrasamlag Reykjavíkur ... 298
Skipaútgerð ríkisins ... 130, 385
Steindór Einarsson ... 309
Steingrímur Bjarnason ... 147
Stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna ... 338
Strætisvagnar Reykjavíkur h/f ... 67, 340
Sútunarverksmiðjan h/f ... 210
Theódór B. Líndal f. h. eigenda og skipshafnar b/v Volesus G.Y. 851 ... 265
Thorarensen, Stefán ... 316
Thorvaldsensfélagið ... 71, 258
Tunnuverksmiðja Siglufjarðar s/f ... 213, 307
Thurid v/s T.N. 321, eigendur ... 265
Ullariðjan, firma ... 173
Valdimar Guðmundsson ... 400
Valdimar Þorsteinsson ... 84
Valur h/f ... 452
Vatnsdal, Soffía ... 309
Verksmiðjan Drífa h/f ... 465
Verzlunarfélagið Borg h/f ... 295
Vestmannaeyjakaupstaður ... 120
Vigfús Einarsson ... 215
Vigfús Pálmason ... 86, 277
Volesus b/v G.Y. 851, eigendur og skipshöfn ... 265

Bls.
Weywadt, Anton Ólafsson 139
Yngvi Jóhannesson 442
Þorgerður Magnúsdóttir 129
Þorleifur Jón Björnsson 30
Þorsteinn Hreggviðsson 437
Þorsteinn Sigurðsson f. h. Láru Hafliðadóttur og Ásdísar Hafliðadóttur 292
Þórður Halldórsson 193
Þórhallur Arnórsson 220
Örlygur Björnsson 216

B. Opinber mál.

Betty, James 424
Björgólfur Sigurðsson 183
Björn Viktorsson 357
Day, F. C. 415
Friðrik Guðmann Sigurðsson 4
Gísli Helgason 9
Godtfredsen, Andreas Julius 26
Guðmundur Egilsson 350
Guðni Einarsson 30
Guðni Hjörtur Guðnason 30
Halldór Elías Halldórsson 30
Halldór Randver Þorsteinsson 392
Haraldur Þorsteinsson 392
Hálfdán Hálfdánarson 412
Jóhann Hermann Júlíusson 248
Jón Gunnarsson 226
Jón Jóhannsson 320
Júlíus Sigurðsson Júlíusson 199
Klængur Randver Jón Kristjánsson 460
Konráð Guðmundsson 74
Kristján Helgi Benjamínsson 92
Kristján Stefánsson 297, 428
Magnús Magnússon 1
Ragna Sigurðardóttir 244
Sigfús Jónasson 441
Sigurður Björnsson 248
Sigurjón Óskar Gíslason 132
Snorri Sturluson 153, 392
Stefán Agnar Magnússon 392
Sveinn Benediktsson 226
Vernharður Bjarnason 333
Vilberg Sigurjón Hermannsson 18
Þorvaldur Jónasson 52

III. Skrá

um lög, reglugerðir, samþykktir o. fl., sem vitnað er til í XVI. bindi hæstaréttardóma.

1869 25. júní. Almenn hegningarlög fyrir Ísland.
46. gr., 53.
55. gr., 394, 413.
63. gr., 413.
114. gr., 413.
230. gr., 53.
231. gr., 53.
239. gr., 394.
250. gr., 53.
271. gr., 53.
1887 nr. 19 4. nóv. Lög um aðför.
22. gr., 295.
1906 nr. 53 5. maí. Heilbrigðissamþykkt fyrir Ísafjarðarkaupstað, 413,
45. gr., 412.
1911 nr. 42 11. júlí. Lög um gjöld til holræsa og gangstétta í Reykjavík o. fl., 421, 423, 424.
1913 nr. 30 20. okt. Lög um umboð þjóðjarða.
2. gr., 196.
1914 nr. 56 30. nóv. Siglingalög.
229. gr., 268, 305, 454.
233. gr., 387.
236. gr., 453, 456.
1915 nr. 28 3. nóv. Lög um kosningar til Alþingis.
83. gr., 413.
1919 nr. 41 28. nóv. Lög um landamerki o. fl.
10. gr., 216.
1920 nr. 5 18. maí. Lög um bann gegn botnvörpuveiðum, 416, 425.
1. gr., 415, 417, 425, 427.
3. gr., 415, 417, 425, 427.
1921 nr. 27 27. júní. Lög um aukatekjur ríkissjóðs.
39. gr., 168.
— nr. 55 27. júní. Lög um skipulag kauptúna og sjávarþorpa, 125.
1922 nr. 37 19. júní. Lög um eftirlit með skipum og bátum og ör-

yggi þeirra.
3. gr., 32.
1922 nr. 39 19. júní. Lög um lausafjárkaup.
52. gr., 221.
57. gr., 221.
1923 nr. 12 20. júní. Lög um einkaleyfi.
1. gr., 270, 273, 274, 277.
3. gr., 272, 273.
6. gr., 274.
8. gr., 277.
9. gr., 277.
16. gr., 273.
— nr. 15 20. júní. Vatnalög, 421, 423.
10. kafli, 424.
86. gr., 424.
88. gr., 424.
98. gr., 424.
— nr. 20 20. júní. Lög um réttindi og skyldur hjóna.
23. gr., 388.
29. gr., 388.
— nr. 50 20. júní. Lög um atkvæðagreiðslur utan kjörstaða við alþingiskosningar.
4. gr., 413.
10. gr., 413.
1924 nr. 4 11. apríl. Lög um að miða við gullkrónur sektir fyrir landhelgisbrot, 415, 425.
1926 nr. 56 15. júní. Lög um notkun bifreiða, 53.
1927 nr. 56 31. maí. Lög um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, 198.
3. gr., 198, 199.
1928 nr. 51 7. maí. Lög um nokkrar breytingar til bráðabirgða á hegningarlöggjöfinni og viðauka við hana.
6. gr., 394.
8. gr., 53.
1929 nr. 25 14. júní. Lög um gjaldþrotaskipti.
18. gr., 263.
— nr. 82 24. sept. Lögreglusamþykkt fyrir Siglufjarðarkaupstað.
70. gr., 226, 230.
71. gr., 227, 230, 239.
— nr. 96 22. nóv. Fiskiveiðasamþykkt fyrir Vestmannaeyjar, 32.
1930 nr. 2 7. jan. Lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík, 93, 153, 393.
3. gr., 92, 97, 154, 156, 395.
7. gr., 156, 395.
29. gr., 82.
50. gr., 81, 394, 395.
96. gr., 92, 97, 156.

— nr. 41 19. maí. Sjómannalög.
3. gr., 325.
8. gr., 325.
13. gr., 208.
40. gr., 209.
84. gr., 248.
88. gr., 249.
90. gr., 249.
— nr. 47 19. maí. Lög um fiskveiðasjóðsgjald, 163, 165.
— nr. 64 19. maí. Áfengislög, 53.
1931 nr. 25 9. júní. Lögreglusamþykkt fyrir Ísafjarðarkaupstað, 10, 413.
1. gr., 12.
3. gr., 250.
85. gr., 412, 415.
95. gr., 412.
— nr. 70 8. sept. Lög um notkun bifreiða, 53, 93.
4. gr., 53.
5. gr., 53.
6. gr., 250.
15. gr., 145.
16. gr., 145.
1932 nr. 47 23. júní. Lög um lækningaleyfi, réttindi og skyldur lækna og annarra, er lækningaleyfi hafa, og um skottulækningar.
10. gr., 316.
1933 nr. 8 11. apríl. Tilskipun um alþjóðlegar sjóferðareglur, sem fylgt skal á íslenzkum skipum, 450.
— nr. 30 19. júní. Lög um sjúkrahús o. fl.
9. gr., 299.
1935 nr. 6 9. jan. Lög um tekjuskatt og eignarskatt, 191.
10. gr., 109.
11. gr., 373, 374.
— nr. 33 9. jan. Áfengislög, 10, 12, 32, 153, 321, 393, 430, 462.
6. gr., 31, 51, 185.
15. gr., 53.
17. gr., 154, 226, 230, 395, 398.
18. gr., 156, 395.
21. gr., 53, 322, 432, 464.
30. gr., 31, 51.
33. gr., 53.
37. gr., 226, 236, 398.
38. gr., 156.
39. gr., 322, 432, 464.
— nr. 63 28. jan. Lög um útflutningsgjald, 162, 163, 164, 165.

1. gr., 163.
3. gr., 163, 164, 165, 167.
— nr. 112 18. maí. Lög um hæstarétt.
38. gr., 303.
— nr. 135 31. des. Framfærslulög, 128.
78. gr., 128.
1936 nr. 7 1. febr. Lög um samningagerð, umboð og ógilda löggerninga.
35. gr., 223, 224, 225.
36. gr., 221, 223, 224.
— nr. 8 1. febr. Lög um erfðaábúð og óðalsrétt, 193, 194, 195, 196.
— nr. 26 1. febr. Lög um alþýðutryggingar, 299.
— nr. 85 23. júní. Lög um meðferð einkamála í héraði 71, 120.
9. kafli, 107, 131, 178, 444.
34. gr., 445.
36. gr., 383.
46. gr., 406, 409, 410.
71. gr., 162, 422.
105. gr., 71, 213, 216, 389, 444.
106. gr., 71, 120, 179, 213, 216, 389, 444.
108. gr., 179, 406.
109. gr., 71, 86, 179, 389, 438.
110. gr., 120, 179, 350, 389, 445.
111. gr., 350.
114. gr., 131, 179, 278.
116. gr., 278.
117. gr., 161.
120. gr., 171, 215, 280, 295.
125. gr., 442.
127. gr., 264.
128. gr., 442.
133. gr., 119.
137. gr., 120, 179.
163. gr., 225.
185. gr., 198.
186. gr., 365, 366, 380, 465.
188. gr., 446.
193. gr., 107, 179.
199. gr., 315, 323.
200. gr., 249.
221. gr., 216.
223. gr., 71, 107, 131, 389, 438.
— nr. 92 23. júní. Lög um jarðakaup ríkisins, 195, 196.
4. gr., 195.
— nr. 95 23. júní. Lög um heimilisfang, 370.

6. gr., 370.
8. gr., 370.
— nr. 98 23. júní. Fjárlög fyrir árið 1937, 301.
— nr. 106 23. júní. Lög um útsvör.
3. kafli, 258.
6. gr., 132.
8. gr., 110, 112, 257, 336, 337, 378, 380, 402, 404.
9. gr., 255, 257, 258.
14. gr., 257.
24. gr., 257, 376.
27. gr., 111, 376.
— nr. 133 28. des. Reglugerð um tekjuskatt og eignarskatt.
1. gr., 109.
18. gr., 373, 374.
1937 nr. 46 13. júní. Lög um samvinnufélög, 181.
2. gr., 181.
3. gr., 182.
39. gr., 181.
— nr. 63 31. des. Lög um tollheimtu og tolleftirlit, 31, 32.
22. gr., 51.
36. gr., 51.
37. gr., 51.
— nr. 65 31. des. Fjárlög fyrir árið 1938, 301.
— nr. 71 15. júlí. Lögreglusamþykkt fyrir Skagafjarðarsýslu, 5.
35. gr., 8.
— nr. 74 17. júlí. Breyting á heilbrigðissamþykkt fyrir Ísafjarðarkaupstað, 412, 413.
1. gr., 415.
2. gr., 415.
— nr. 75 31. des. Lög um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl., 163.
13. gr., 166.
1938 nr. 62 11. júní. Lög um bókhald.
2. gr., 138.
3. gr., 138.
— nr. 80 11. júní. Lög um stéttarfélög og vinnudeilur.
1. gr., 19.
3. gr., 75.
5. gr., 19.
6. gr., 19.
9. gr., 19.
10. gr., 19.
— nr. 89 11. júní. Fjárlög fyrir árið 1939, 301.
— nr. 123 25. nóv. Reglugerð um tollheimtu og tolleftirlit, 32.

1939 nr. 49 12. sept. Bráðabirgðalög um sölu og útflutning á vörum, 166.
5. gr., 166.
— nr. 63 31. des. Fjárlög fyrir árið 1940, 301.
— nr. 162 6. sept. Reglugerð um sölu og afhendingu benzíns og takmörkun á akstri bifreiða, 94.
— nr. 168 12. sept. Reglugerð um sölu og útflutning á vörum. 4. gr., 166.
— nr. 212 24. nóv. Reglugerð um breyting á reglugerð frá 12. september 1939, um sölu og útflutning á vörum, 166.
— 219 21. des. Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 133 28. des. 1936 um tekjuskatt og eignarskatt.
1. gr., 106, 109.
1940 nr. 11 12. febr. Lög um sölu og útflutning á vörum, 166.
— nr. 19 12. febr. Almenn hegningarlög, 328.
6. kafli, 9, 134, 135.
10. kafli, 27.
17. kafli, 53.
18. kafli, 184.
23. kafli, 2, 3, 5, 10, 32, 93, 153, 201, 249, 250, 352, 356, 358, 429.
26. kafli, 31, 32, 53, 133, 184, 187, 393, 395.
27. kafli, 393.
22. gr., 184, 398, 445.
25. gr., 316.
64. gr., 187.
68. gr., 29, 51, 66, 134, 187, 249, 250, 254, 398.
74. gr., 97.
75. gr., 183.
76. gr., 29, 66, 187.
77. gr., 9, 66, 226, 394, 398.
88. gr., 26, 29.
106. gr., 10, 227, 230, 242, 243.
108. gr., 10, 226, 228, 230, 242, 243.
123. gr., 461.
155. gr., 64, 66, 398.
164. gr., 187.
215. gr., 1, 3, 8, 31, 51, 206, 254, 356, 357, 360, 429, 432.
217. gr., 12, 92, 148, 150, 156, 395.
218. gr., 97, 148.
219. gr., 31, 51.
244. gr., 394, 398.
245. gr., 134.
246. gr., 51.
247. gr., 184, 394.

248. gr., 154, 394, 395, 398.
254. gr., 51.
255. gr., 394.
259. gr., 464.
— nr. 23 12. febr. Lög um breyting á lögum um útsvör nr. 106 23. júní 1936.
1. gr., 111.
— nr. 52 12. febr. Framfærslulög, 128.
12. gr., 128, 129.
13. gr., 127, 128, 129.
68. gr., 129.
80. gr., 129.
81. gr., 127.
— nr. 79 7. maí. Fjárlög fyrir árið 1941, 301.
— nr. 91 14. maí. Lög um húsaleigu.
1. gr., 319.
8. gr., 319.
1941 nr. 1 9. jan. Bráðabirgðalög um viðauka við lög nr. 63 31. des. 1937, um tollheimtu og tolleftirlit.
1. gr., 20.
— nr. 9 5. maí. Lög um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.
4. gr., 189, 191.
— nr. 13 5. maí. Lög um viðauka við lög nr. 63 31. des. 1937, um tollheimtu og tolleftirlit.
1. gr., 184.
— nr. 23 16. júní. Bifreiðalög, 2, 5, 201, 321, 328, 352, 358, 430, 462.
9. gr., 205.
14. gr., 8.
20. gr., 200, 394.
23. gr., 320, 428, 429, 464.
26. gr., 8., 69, 205, 356, 357, 360.
27. gr., 1, 3, 69, 206. 320, 356, 429.
28. gr., 16.
34. gr., 17, 69, 312, 341, 343.
35. gr., 69.
38. gr., 1, 4, 206, 320, 322, 351, 357, 429, 432, 464.
39. gr., 206, 322, 356, 357, 429, 432.
— nr. 24 16. júní. Umferðarlög, 430, 462.
3. gr., 432.
4. gr., 81, 357, 432, 464.
11. gr., 81.
13. gr., 82.
14. gr., 357, 464.

— nr. 47 27. júní. Lög um breyting á 88. og 95. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 12. febrúar 1940, 27.
1. gr., 26, 29.
— nr. 86 9. júlí. Fjárlög fyrir árið 1942, 301.
— nr. 98 9. júlí. Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna, 163, 165.
5. gr., 165.
— nr. 106 8. sept. Lög um húsaleigu, 53.
6. gr., 66.
11. gr., 66.
1942 nr. 14 15. maí. Lög um læknaráð.
2. gr., 441.
— nr. 142 31. júlí. Reglugerð um sérstakt útflutningsgjald af fiski, 165.
1. gr., 165.
2. gr., 165.
1943 nr. 3 13. febrúar. Lög um verðlag, 19, 75, 334, 335.
1. gr., 21, 76.
7. gr., 75, 76.
9. gr., 76, 335.
— nr. 39 7. apríl. Lög um húsaleigu, 22, 53.
1. gr., 213, 247, 248, 438, 440.
3. gr., 22, 24, 438, 440.
6. gr., 319.
10. gr., 213.
11. gr., 65, 66.
13. gr., 319.
17. gr., 65, 66.
— nr. 36 28. júlí. Tilkynning frá verðlagsstjóra, 19, 20.
— nr. 47 5. okt. Tilkynning frá verðlagsstjóra, 335.
— nr. 99 16. des. Lög um ábyrgð ríkissjóðs á tjóni, sem hlýzt af veru herliðs Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi, 345, 346, 347.
— 116 30. des. Lög um erfðaábúð og óðalsrétt, 193.
1944 nr. 6 13. marz. Tilkynning frá verðlagsstjóra, 335.
— nr. 57 19. apríl. Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 133 28. des. 1936, um tekjuskatt og eignarskatt, 109.

IV. Efnisskrá.

A. Atriðisorð efnisskrár.

Ábúð. Sbr. erfðaleiga.
Ábyrgð.
Aðför. Sbr. fógetagerðir, innsetningargerðir, lögtak, útburðargerðir.
Aðgerðaleysisverkanir.
Aðild.
Aðiljaskýrslur.
Áfengislagabrot. Sbr. blóðrannsókn.
Áfrýjun. Sbr. aðild, kæra, málasamlag.
Áfrýjunarleyfi.
Ágreiningsatkvæði. Sjá sératkvæði.
Ákæra.
Analogía. Sjá lög, lögskýringar.
Arfur.
Ásetningur. Sjá saknæmi.
Atvinnuréttindi, Sbr. bifreiðar.
Auðgunarbrot.
Aukatekjulög.
Áverkar. Sjá líkamsáverkar.

Bifreiðar. Bifreiðalagabrot.
Björgun. Dráttaraðstoð.
Blóðrannsókn.
Borgaraleg réttindi.
Botnvörpuveiðar. Sjá fiskveiðabrot.
Brenna.
Byggingarnefnd.

Dagsektir.
Dánarbætur.
Dómar og úrskurðir.
Dómarar.
Dómstólar.

Eftirgrennslan brota. Sbr. opinber mál.
Eiður.
Eignarréttur.
Einkaleyfi.
Embættismenn. Sjá dómarar.
Endurgreiðsla.
Erfðaleiga. Sbr. ábúð.

Fasteignir. Sbr. landamerkjamál.
Félög. Sjá stéttarfélög.
Firma.
Fiskveiðabrot.
Fjárnám. Sjá fógetagerðir.
Fjársvik.
Flutningsstarfsemi.
Fógetagerðir. Sbr. dómarar, innsetningargerðir, útburðargerðir.
Foreldrar og börn.
Framfærslulög.
Frávísun.
Frestir.
Fundið fé.
Fyrning.

Gagnsakir. Sjá málasamlag.
Gáleysi. Sjá saknæmi.
Geymsla.
Gjafsókn. Gjafvörn.
Greiðsla.
Gripdeild.
Gæzluvarðhald.

Haldsréttur.
Heilbrigðislöggjöf.
Heimilisfang.
Heimvísun. Sjá ómerking.
Hjólreiðar.
Hjón.
Hlutdeild.
Holræsi. Sjá skaðabætur.
Húsaleiga. Húsaleigulög.
Húsleit.

Iðgjöld. Sbr. skaðabætur.
Innsetningargerðir.

Játning. Sjá aðiljaskýrslur.

Kaup og sala.
Kröfuréttindi. Sjá ábyrgð, aðgerðaleysisverkanir, greiðsla, kaup og sala, samningar, skaðabætur, umboð.
Kyrrsetning.
Kærumál.

Landamerkjamál.
Landhelgisbrot. Sjá fiskveiðabrot.
Landráð.
Leiðbeiningarskylda dómara.
Leiga. Sjá húsaleiga.
Lífeyrir. Sjá dánarbætur, tryggingar.
Líkamsáverkar.
Líkur. Sbr. sönnun.
Læknar. Læknaráð.
Lög. Lögskýring.
Löggæzla. Sjá lögreglumenn.
Löghald. Sjá kyrrsetning.
Lögreglumenn.
Lögtak.

Málasamlag.
Málflutningsmenn. Sbr. málflutningur.
Málflutningur.
Málshöfðun. Sbr. opinber mál.
Málskostnaður. Sbr. gjafsókn, ómaksbætur.
Málsmeðferð. Sbr. opinber mál.
Manndráp.
Mannorð. Sjá borgaraleg réttindi.
Mat og skoðun.
Múrarar. Sjá verðlag.

Ofbeldi. Sjá líkamsáverkar.
Ómaksbætur.
Ómerking.
Opinber mál. Sbr. eftirgrennslan brota, lögreglumenn, sönnun, vitni.
Opinberir starfsmenn. Sjá lögreglumenn, stjórnsýslumenn.

Refsingar.
Reki.
Reklamation. Sjá aðgerðaleysisverkanir.
Res judicata. Sjá dómar.
Réttarfarssektir og vítur.

Sakhæfi.
Saknæmi.
Samningar. Sbr. húsaleiga, skaðabætur.
Sératkvæði.
Siglingar. Sjá björgun, fiskveiðabrot, sjóveð, vinnusamningar.
Sjóðir og stofnanir.
Sjó- og verzlunardómur.
Sjóveð.
Sjúkrahús.

Sjúkrasamlög.
Skaðabætur.
Skattar og gjöld.
Skilorðsbundnir dómar.
Skip. Sjá björgun, fiskveiðabrot, sjóveð, skuldamál, stríðstryggingar.
Skipti.
Skjalafals.
Skjöl. Sbr. skjalafals.
Skuldamál. Sbr. bjarglaun, endurgreiðsla, kaup og sala, skaðabætur, umboð.
Stefna. Sjá málshöfðun.
Stéttarfélög. Sbr. verðlag.
Stjórnsýsla. Stjórnsýslumenn. Stjórnarfar. Sbr. lögreglumenn.
Stríðstryggingar.
Sveitarfélög.
Svipting réttinda. Sjá atvinnuréttindi, bifreiðar, borgaraleg réttindi, refsingar.
Sönnun. Sönnunarbyrði. Sbr. aðiljaskýrslur, blóðrannsókn, mat og skoðun, vitni.
Tolllög. Sjá lög.
Tryggingar. Sjá sjúkrasamlög, stríðstryggingar.

Umboð. Umboðslaun.
Umferðarlög. Sbr. bifreiðar.
Uppboð. Sbr. fasteign.
Upptaka eigna.
Úrskurðir.
Útburðargerðir. Sbr. húsaleiga.
Útivist aðilja.
Útsvör. Sjá skattar og gjöld.

Valdmörk stjórnvalda. Sbr. stjórnsýsla.
Valdstjórn. Sjá lögreglumenn.
Vangeymsla. Sjá aðgerðaleysisverkanir.
Varnarþing.
Veð. Sbr. sjóveðréttur.
Veitingahús.
Verðlag. Verðlagsmál.
Vextir.
Viðskiptatilkynningar. Sjá aðgerðaleysisverkanir.
Vinnusamningar.
Vitni.

Yfirvöld. Sjá dómarar, lögreglumenn, stjórnsýslumenn.

Þjóðjarðir.
Þjófnaður.

Ærumeiðingar.

Ölvun. Sjá áfengislagabrot, bifreiðar.
Öryggisráðstafanir.

B. Efnisskrá.

Ábúð. Sbr. erfðaleiga. Bls.

A hafði selt Jarðakaupasjóði ríkisins jörð sína og ætlaði síðan að taka hana á erfðaleigu. Hann vildi þó ekki ganga að skilmálum þeim, sem honum voru settir í byggingarbréfi, og undirritaði það því ekki. Samkomulag um skilmálana náðist ekki, en A bjó á jörðinni byggingarbréfslaus, unz hann andaðist. Talið var, að með þessu hefði einungis stofnazt venjulegur ábúðarréttur á jörðinni A til handa, en ekki erfðaleiguréttur 193

Bls.

Ábyrgð.

Ábyrgð á athöfnum annarra án samninga.

Bifreið A olli því, að bifreið B rakst á brúarhandrið og skemmdist. Bifreiðarstjórinn á bifreið A þótti eiga alla sök á árekstrinum, og var A því dæmdur til að greiða B fullar skaðabætur samkv. 34. gr. laga nr. 23/1941 13

Farþegi í áætlunarbifreið varð fyrir meiðslum, er ekið var greitt um holóttan veg. Bifreiðarstjórinn talinn eiga einn sök á slysinu. Eiganda bifreiðarinnar dæmt að greiða fullar skaðabætur 67

Sannað þótti, að bifreið hefði verið ekið á mann, sem fannst lemstraður til ólífis á götu. Eigi sannaðist, að hinn lemstraði maður hefði átt neina sök á slysinu. Eigendur bifreiðarinnar voru því dæmdir til að greiða fullar dánarbætur samkvæmt 15. og 16. gr. laga nr. 70/1931, sem voru í gildi, þegar slysið vildi til 139

Kona, sem var að fara út úr áætlunarbifreið á götu í Reykjavík, datt og fótbrotnaði. Bæði bifreiðarstjórinn og konan sjálf þóttu eiga nokkra sök á slysinu. Eigandi bifreiðarinnar var dæmdur til að greiða konunni tjón hennar að hálfu 340

Amerísk herflugvél olli tjóni á bifreið A þann 2. október 1943. Í máli, sem A höfðaði gegn ríkissjóði Íslands til greiðslu bóta, var ríkissjóði gert að greiða honum fébætur samkvæmt ákvæðum laga nr. 99/1943 344

Ríkissjóður ekki talinn bera ábyrgð á því, þótt innflutningsverð á vörusendingu, sem pöntuð var fyrir milligöngu viðskiptanefndar árið 1942, væri hærra en innflutningsverð á sömu vöru, sem aðrir fengu um svipað leyti fyrir milligöngu nefndarinnar, þar eð hún annaðist einungis fyrirgreiðslu á pöntun vörunnar. Stjórnvöld Bandaríkjanna réðu því hins vegar, hvaðan hver einstök vörupöntun var afgreidd, en af því leiddi mismunandi kostnað við sendingu vörunnar til hafnar. Eigi var leitt í ljós, að ábyrgð hefði verið tekin á því, að varan yrði jafndýr til allra 361

Aðför. Sjá fógetagerðir, innsetningargerðir, lögtak, útburðargerðir.

Aðgerðaleysisverkanir.

Húsaleigunefndin í Reykjavík fékk vitneskju um það ekki síðar en 15. des. 1943, að G, sem verið hafði búsettur í Vestmannaeyjum, hafði flutzt í íbúð, sem hann hafði keypt í Reykjavík, en húsaleigunefnd synjað honum leyfis til að

Bls.

flytja í. Þann 2. maí 1944 hófst húsaleigunefnd handa um að láta bera G út úr húsnæðinu. Þótt húsaleigunefndin þætti hafa dregið um skör fram aðgerðir í málinu, var hún ekki talin hafa firrt sig rétti til að fá G skyldaðan til að rýma ibúðina samkvæmt 3. mgr. 3. gr. l. nr. 39/1943. Dómur hæstaréttar gekk 19. janúar 1945, en þar eð svo síðla hafði verið hafizt handa um útburð, þótti hann ekki eiga að fara fram fyrr en næsta almennan flutningsdag, 14. maí 1945 22

A hafði komið skipi, er hann átti, til viðgerðar hjá J. Í máli af hálfu J á hendur A til heimtu viðgerðarkostnaðar hélt A því fram, að J hefði bakað honum tjón með drætti á viðgerðinni. Gagnkrafa, reist á þeim forsendum, var ekki tekin til greina, þegar af þeirri ástæðu, að A gat ekki fært sönnur á, að hann hefði kvartað um drátt, meðan á verkinu stóð, né heldur, að hann hefði áskilið sér rétt til fébóta vegna dráttar, þegar hann tók við verkinu 135

Útgerðarfirma nokkurt, sem stefnt var til greiðslu tekjuskatts, gerði þrautavarakröfu í málinu, reista á því, að firmanu yrði heimilað að leggja meira fé í Nýbyggingarsjóð það ár, sem skatturinn miðaðist við, en gert hafði verið. Krafan var ekki tekin til greina, þar eð firmað hafði ekki gert í tæka tíð þær ráðstafanir, sem til þessa þurfti 188

Síðast í janúar 1943 keypti K notaða bifreið af A, eftir að hafa skoðað hana. Ók hann henni síðan í rúman mánuð án þess að kvarta undan göllum á henni. Þetta þótti m. a. veita líkur fyrir því, að bifreiðin hefði eigi verið verulega gölluð, er kaupin fóru fram, þótt gallar kæmu fram á henni síðar 220

Þann 16. nóvember 1934 sótti A um einkaleyfi á nýrri aðferð við múrhúðun húsa, sem hann hafði uppgötvað árið 1933. Þann 16. maí 1936 var honum synjað um einkaleyfi að svo stöddu. Eftir þetta hófst A ekki handa um að endurnýja einkaleyfiskröfu sína fyrr en í bréfi til ráðherra hinn 15. september 1939, enda þótt aðferð hans væri öll þessi ár hagnýtt við múrhúðun húsa hér á landi. Taldi hæstiréttur þetta aðgerðaleysi A ekki verða samrýmt kröfu hans um einkaleyfisrétt á uppgötvuninni 269

Réttur til að krefjast endurgreiðslu útsvars, að svo miklu leyti sem það var lækkað samkvæmt kæru, ekki talinn fallinn niður, þótt það væri greitt að fullu án sérstaks fyrirvara, áður en úrskurður um fjárhæð þess var kunnur, sbr. 27. gr. laga nr. 106/1936 375

A gerði fyrirvara um það í júlí 1942, að hann teldi greiðslu, er hann veitti þá móttöku, of lága. Mál til heimtu þess, sem hann taldi á skorta, höfðaði hann eigi fyrr en nærfellt 2

Bls.

árum síðar, eða í apríl 1944. Þrátt fyrir andmæli stefnda var eigi talið, að A hefði glatað fyrir vangæzlu þeim rétti til hærri greiðslu, sem hann kynni að hafa átt, þar eð fyrningarfrestur kröfunnar var eigi liðinn, er hann höfðaði málið 385

Útsvör, sem B hafði greitt í kaupstaðnum A, þar sem hann var ekki útsvarsskyldur í raun og veru, ekki talin endurkræf, m. a. af því, að hann hafði greitt þau umyrða- og fyrirvaralaust 400

Aðild.

Eigandi bifreiðar var sóttur til greiðslu skaðabóta út af tjóni, sem bifreið hans olli. Vátryggingarfélagi, sem tryggt hafði eigandann gegn ábyrgð á bifreiðinni, var stefnt til að gæta réttar síns 13, 67, 139, 340

Skipstjóra stefnt í björgunarmáli fyrir hönd eigenda og vátryggjenda skipsins og farms þess 98

A, er stefnt hafði B út af kvöð á fasteign, áskildi sér skaðabótarétt á hendur D, ef B yrði sýknaður. A stefndi því D til að gæta réttar síns í málinu 113

Stjórn sjúkrahúss stefndi hreppnum H til greiðslu sjúkrahússkostnaðar þurfalings. Fyrirsvarsmenn H héldu því fram, að F-hrepp bæri að greiða kostnað þenna. Stjórn sjúkrahússins stefndi því F-hrepp til réttargæzlu í málinu 126

Einn af aðiljum einkamáls andaðist, eftir að því hafði verið áfrýjað til hæstaréttar. Dánarbú hins látna tók við aðild málsins 139

Faðir manns, sem fórst í bifreiðarslysi, krefst bóta 139

A hlaut kjálkabrot af höggi, sem hann taldi B hafa veitt sér. Höfðaði hann því mál á hendur B og krafðist þess m. a., að honum yrði dæmd refsing eftir 217. gr. laga nr. 19/1940. Hæstiréttur leit svo á, að áverkinn mundi vera slíkur, sem 218. gr. nefndra laga greinir, en þá á ríkisvaldið sókn sakar. Hæstiréttur vísaði því kröfunni frá héraðsdómi að svo stöddu 147

A stefndi Jarðakaupasjóði ríkisins og krafðist þess, að viðurkenndur yrði með dómi réttur hans og niðja hans til erfðaleiguábúðar á jörðinni R, en hún hafði verið byggð öðrum. Enn fremur krafðist hann, að byggingarbréf, sem gefið hafði verið út ábúanda hennar til handa, yrði dæmt ógilt. A stefndi því ábúanda jarðarinnar til réttargæzlu í málinu 193

K stefndi A til endurgreiðslu á kaupverði bifreiðar, er hann taldi hafa verið gallaða, þegar A seldi honum hana. A hafði keypt bifreiðina af B, fáum dögum áður en hann seldi K hana, og hugðist því að koma fram endurgreiðslu-

Bls.

kröfu á hendur B, ef krafa K yrði tekin til greina. A stefndi því B til réttargæzlu í málinu 220

A hafði haft verzlunarhúsnæði á leigu. Eftir andlát hans sagði leigusalinn húsnæðinu upp og krafðist síðar útburðar. Beindi hann gerðinni að öllum erfingjum A, einnig eftir að skiptum í búinu var lokið og tveir þeirra höfðu fengið verzlunina upp í sinn hluta úr búinu. Eigi var talið, að aðrir erfingjar en þessir tveir gætu verið málsvarar fyrir fógetaréttinum. Þeir voru og taldir réttir aðiljar málsins fyrir hæstarétti 258

Hæstaréttarlögmaður sækir eða ver mál fyrir hönd aðilja, sem búsettur er erlendis 265

A krafðist endurgjalds af B fyrir notkun nýrrar aðferðar við múrhúðun húsa, sem A hafði fengið einkaleyfi á. Til vara stefndi hann D, sem haft hafði stjórn múrhúðunarinnar með höndum 269

Lögráðamaður áfrýjar útburðarmáli fyrir hönd ólögráða ungmenna 292

Í máli til riftingar samnings, sem A hafði gert nokkru fyrir andlát sitt, var þess krafizt, að afhent yrði til afnota í málinu skýrsla, sem samin hafði verið um krufningu á líki A, en þeirri kröfu var mótmælt. Úrskurði héraðsdómara um, að skylt væri að leggja skýrsluna fram, var skotið til hæstaréttar, sem lagði fyrir héraðsdómarann að tilkynna þeim venzlamönnum hins látna, sem taldir eru í 3. mgr. 25. gr. laga nr. 19/1940, um framangreinda kröfu og gefa þeim kost á að andmæla því, að krufningarskýrslan yrði lögð fram 315

Skipaútgerð ríkisins hafði heimt með málsókn bjarglaun fyrir farm, sem e/s Súðin bjargaði. Hluta skipverja af bjarglaununum afhenti hún svo skipstjóranum, sem annaðist skiptingu hans á milli skipverjanna. Einn þeirra taldi sig bera skarðan hlut frá borði og stefndi Skipaútgerð ríkisins til að greiða það, sem hann taldi á vanta fulla greiðslu til sín. Skipaútgerð ríkisins krafðist sýknu m. a. sökum þess, að skipstjórinn, en ekki Skipaútgerð ríkisins, væri réttur aðili slíks máls. Þessi mótmæli voru ekki tekin til greina, þar eð Skipaútgerðin hafði sótt málið til heimtu bjarglaunanna 385

A og B áttu hús í sameign. Með sérstökum samningi skiptu þeir húseigninni á milli sín til afnota og umráða. B sagði síðan leigjanda í þeim hluta hússins, sem hann fékk til umráða, upp húsnæði hans, en út af því reis mál fyrir dómstólunum. Hæstiréttur leit svo á, að með hinum sérstaka samningi hefði B m. a. fengið heimild frá sameig-

Bls.

anda sínum til að koma einn fram gagnvart þriðja manni um notkun þess hluta hússins, sem kom í hans hlut með samningnum 406

Sameiganda, A, að húseign stefnt til réttargæzlu í máli milli annars sameiganda, B, og leigjanda í húsinu út af uppsögn B á íbúð leigjandans 406

A og B áttu hús í sameign. A þurfti að segja leigjanda upp húsnæði vegna brýnnar þarfar sonar síns til íbúðar. B tók þátt í uppsögninni og var einnig aðili í útburðarmáli á hendur leigjandanum ásamt A 437

Eigendur og skipverjar skips nokkurs, sem bjargaði öðru skipi, höfða mál til heimtu bjarglauna 265, 452

Vátryggingarfélagi, sem tryggt hafði skip, sem bjargað var, stefnt til réttargæzlu 98, 452

Stéttarfélag, er félagsmaður hafði framselt kaupgjaldskröfu sína á hendur atvinnurekanda, höfðar mál til greiðslu kröfunnar 456

Aðiljaskýrslur.

a) Einkamál.

Skipstjóra á skipi, sem vann að björgun annars skips, og skipstjóra skipsins, sem bjargað var, greinir á um ýmis veigamikil atriði 98

Bifreiðarstjóri var sóttur til skaðabóta fyrir að hafa ekið bifreið sinni á mann og lemstrað hann til ólífis. Í lögregluprófum út af slysinu kvaðst hann ekki hafa orðið þess var, að bifreiðin rækist á manninn, en vefengdi þó ekki, að svo hefði verið. Þetta þótti einnig nægjanlega sannað á annan hátt 139

A stefndi B út af áverka, sem A hafði hlotið af höggi á höfuðið. B neitaði að hafa greitt A högg það, sem olli áverkanum. Í aðiljaskýrslu sinni staðhæfði A, að B hefði greitt honum umrætt högg. Þetta var stutt með framburði vitna og þótti nægilega sannað, enda virtist B, sem verið hafði með áhrifum áfengis, muna óglöggt, hvað fram hafði farið 147

Í máli út af kaupkröfu stýrimanns á hendur útgerðarmanni skýrði útgerðarmaðurinn svo frá, að hann hefði sagt allri skipshöfninni upp tiltekinn dag og skýrt henni frá því, að hann mundi selja skipið. Þessi skýrsla hans var ekki tekin til greina gegn mótmælum stefnandans, enda var hún ekki studd nægum gögnum 207

Fógetadómsmáli frestað ex officio í hæstarétti samkvæmt lögjöfnun frá 120. gr. laga nr. 85/1936 og lagt fyrir fógeta að

Bls.

kveðja aðilja fyrir dóm og beina til þeirra spurningum um ýmis atriði 215

Ekki tekið mark á þeirri staðhæfingu aðilja (K), að yfirlýsingu, er hann hafði undirritað, hefði síðar verið breytt, þar eð hvorki útlit hennar né annað benti til þess, og nafngreindur hæstaréttarlögmaður kvaðst hafa samið hana og sagði K hafa undirritað hana í sinni viðurvist 220

Gerðarþoli í innsetningarmáli krafðist þess, að nokkrar aðiljaspurningar yrðu lagðar fyrir gerðarbeiðanda, B, og konu hans, D. Fógetadómurinn synjaði um þetta, þar eð hann taldi hæstarétt þegar hafa tekið afstöðu til þeirrar málsástæðu, sem spurningarnar lutu að. Hæstiréttur taldi það á misskilningi byggt, felldi úrskurðinn úr gildi og lagði fyrir fógeta að leggja spurningarnar, að tveim þeirra undanskildum, fyrir B og D 277

Skýrsla framkvæmdastjóra hlutafélags talin til stuðnings því, að gagnaðili hefði sönnunarbyrði fyrir atriði, sem braut í bág við skýrsluna 287

Aðili gefur skýrslu fyrir dómi eftir uppsögu héraðsdóms. Skýrsla hans leiddi í ljós atriði, sem ekki höfðu áður komið fram í málflutningnum og voru honum til óhagræðis 303

Aðiljar gefa skýrslu fyrir dómi eftir uppsögu héraðsdóms .. 377

Í máli út af búskiptum hjóna hélt konan (K) því fram, að húshelmingur, sem þau hjónin áttu og skráður hafði verið sem séreign hennar á skattskýrslum, hefði verið keyptur fyrir fé, er hún fékk sem séreign með kaupmála. Maðurinn (M) neitaði þessu með öllu og kvað húseignina hafa verið talda séreign K í þeirri trú, að skattar yrðu við það lægri á félagsbúinu. Ekki þótti sannað, að húseignin hefði verið keypt fyrir fé, sem gert hafði verið séreign K með kaupmála hjónanna 388

b) Opinber mál.

Í refsimáli gegn bifreiðarstjóra út af bifreiðarslysi, sem mannsbani hlauzt af, var skýrsla hans um ástand vegarins lögð til grundvallar dómi í málinu 4

A var sóttur til saka fyrir að hafa veitt B áverka. A taldi sig hafa átt hendur sínar að verja, þar eð B hefði barið hann að fyrra bragði. Sú staðhæfing var ekki tekin til greina gegn neitun B, enda var hún ekki studd af skýrslum sjónarvotta 9

A játar að hafa veitzt að B með ógnun um líkamsárás 9

Í máli út af ætluðu verðlagsbroti játaði sakborningur, að honum hefði verið ljóst, að taksti sá, sem hann hafði miðað reikning sinn við, hefði verið hærri en taxti, sem verð-

Bls.

lagsstjóri hafði sett. Þann taxta taldi hann hins vegar ólögmætan. Hæstiréttur féllst á, að svo væri 18

A var sóttur til saka um landráð út af grein, sem birtist í brezku blaði. Hann játaði að hafa ritað greinina og að hún væri að efni til óbreytt frá því, sem hann gekk frá henni, enda þótt orðalagi væri sumstaðar breytt 26

Skýrsla ákærðs í máli nokkru um viðskipti hans við mann, sem var látinn, þegar rannsókn málsins hófst, lögð til grundvallar í málinu, þar eð ekki var kostur annarra gagna um það atriði 30

Gegn neitun A þóttu ekki nógu sterkar líkur fram komnar fyrir því, að hann hefði framið nokkra peningastuldi, sem hann var sakaður um 52

Talið nægjanlega sannað gegn neitun A, að hann hefði falsað kvittun, sem hann lagði fram í skuldamáli, þar eð skýrslur vitna þóttu yfirleitt benda til þess, og álitsgerð skriftarfróðra manna veitti einnig sterkar líkur í þá átt. Enn þótti það styðja líkurnar, að A hafði oft áður verið dæmdur fyrir auðgunarglæpi 52

A, sem var m. a. kærður fyrir brot á lögum nr. 39/1943, taldi, að nokkur hluti greiðslu þeirrar, sem B innti af hendi, er hann tók íbúð á leigu í húsi, sem A hafði umráð yfir, hefði verið þóknun til sín fyrir útvegun húsnæðisins. Í kvittun, sem A gaf, þegar samningar voru gerðir um húsnæðið, hafði þetta verið talin greiðsla á gamalli skuld. Eigi þótti unnt að festa trúnað á skýrslu A gegn skýrslu B og konu hans, sem báru, að eingöngu hefði verið um húsaleigu að ræða 52

Sams konar skýrslu A um skipti sín við Þ hnekkt með skírskotun til framburðar Þ og konu hans 52

Þótt skýrsla A um skipti hans við H viðvíkjandi leigu á húsnæði væri lögð til grundvallar í málinu, en ekki skýrsla H, sem var A óhagstæðari, hafði A allt að einu gerzt brotlegur við 11. sbr. 17. gr. laga nr. 39/1943 52

Refsidómur í máli út af líkamsáverka studdur að nokkru leyti við skýrslu sakbornings 92

A var kærður fyrir gripdeild á hlutum úr bifreið. Skýrsla hans um töku munanna var lögð til grundvallar dómi í málinu, enda studdist hún við staðreyndir 132

Maður nokkur var sóttur til saka fyrir að hafa veitt tveimur mönnum áverka. Hann játaði, að til ryskinga hefði komið milli hans og tveggja manna, sem stóðu hjá nokkrum mönnum öðrum, og að hafa slegið annan þeirra svo, að hann féll til jarðar 153

A kveikti ölvaður í óvátryggðum íbúðarskúr, sem hann átti

Bls.

sjálfur. Talið var, að sökum ölvunarinnar bæri að taka með varúð skýrslu hans um feril sinn, eftir að hann skildi við mann, sem verið hafði í fylgd með honum, enda þótt hún virtist ekki ósennileg 183

Bifreiðarstjóri, sem sóttur var til saka í máli út af bifreiðarslysi, breytti framburði sínum í verulegum atriðum, þegar leið á próf málsins. Hvort sem fyrri skýrsla hans eða hin síðari var lögð til grundvallar, þótti hann hafa valdið slysinu með gálausum akstri 190

A kannaðist við að hafa neytt sjálfur áfengis og veitt það öðrum í veitingasal gistihúss nokkurs. Þessi skýrsla hans var lögð til grundvallar dómi í máli á hendur honum, en A neitaði að skýra frá því, hverjir gestir hans hefðu verið 226

Í veitingahúsi nokkru lenti í orðasennu milli A og lögreglumanna, sem þar voru til eftirlits á dansleik. Greip þá einn lögreglumannanna í aðra öxl A og ýtti honum eða hratt, þaðan sem þeir voru staddir við stigaop, niður í stigann. B, er var viðstaddur, kannaðist við, að hann hefði þá gripið báðum höndum um lögreglumanninn til þess að draga úr átaki hans og kvað sér hafa virzt hann vera að henda A niður stigann. Eigi varð lögreglumaðurinn taksins var, en tvö vitni kváðust hafa séð það og studdu þau þá frásögn B, að hann hefði gripið um lögreglumanninn til þess að afstýra því, að A hrasaði niður stigann. Var skýrsla B, studd af vitnum þessum, lögð til grundvallar dómi um atriðið, og B sýknaður af broti gegn 106. gr. laga nr. 19/1940 226

B, sem var kærður fyrir brot gegn valdstjórninni, kannaðist við, að verið gæti, að hann hefði sagt við lögreglumann, er honum þótti misbeita valdi sínu, að þetta skyldi vera hans „banabiti“. Kvaðst hann þá hafa átt við, að lögreglumaðurinn mundi verða rekinn úr starfi sínu. Orð þetta var ekki talið verða skilið á annan veg, eins og á stóð .. 226

A var grunaður um að hafa síðdegis dag nokkurn ekið bifreið sinni með áhrifum áfengis. Hann kvaðst eigi hafa neytt áfengis þann dag. Hins vegar kannaðist hann við að hafa setið að sumbli nóttina áður. Blóðrannsókn sýndi „reducerandi“ efni, sem svöruðu til 1,15‰ áfengismagns í blóði A. Af þessu í sambandi við vangæzlu, sem A varð á í akstrinum, þótti ljóst, að hann sökum undanfarinnar áfengisneyzlu hefði verið haldinn þeim sljóleika, er hann ók bifreiðinni, að það varðaði við 3. mgr. 23. gr. laga nr. 23/1941 320

Í rannsókn út af bifreiðarslysi, er varð þar sem torfæra var á þjóðvegi, kannaðist bifreiðarstjórinn við að hafa séð

Bls.

torfæruna í á að gizka 20—25 metra fjarlægð að minnsta kosti. Í frumprófum málsins áætlaði hann hraða bifreiðarinnar um 40 kílómetra miðað við klukkustund, er hann koma auga á torfæruna, en síðar í prófunum 25—30 kílómetra miðað við klukkustund. Hæstiréttur taldi, að þar eð bifreiðarstjórinn sá torfæruna í nokkurri fjarlægð, hefði honum átt að vera unnt að draga nægjanlega úr hraða bifreiðarinnar til þess að komast hjá slysi, ef hann hefði ekki ekið óhæfilega hratt 350

Bifreiðarstjóri, sem varð mannsbani af skorti á aðgæzlu, var einn til frásagnar um atvik að slysinu. Var skýrsla hans í sambandi við ýmsar aðstæður því lögð til grundvallar dómi í málinu 357

Fjórir menn voru kærðir fyrir svik. Einn þeirra undirbjó þau með símtali við mann þann, sem fyrir svikunum varð. Fyrst í prófum málsins hélt hann því fram, að hinir þrír hefðu heyrt samtalið, en dró síðar úr því. Gegn neitun þeirra var þetta ekki talið sannað 392

Fjórir menn könnuðust við að hafa neytt áfengis inni á veitingastofum 392

A, sem var kærður fyrir brot á heilbrigðissamþykkt kaupstaðarins Í, játaði að hafa fengið skriflega aðvörun frá hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd 412

Skipstjóri á togara, sem tekinn var af varðskipi við botnvörpuveiðar innan landhelgi, játar brot sitt 415

Skipstjóri á togara, sem tekinn var af varðskipi, játaði að hafa verið að botnvörpuveiðum, er hann var stöðvaður, en neitaði að hafa þá verið innan landhelgi. Það var hins vegar talið sannað með mælingum varðskipsins 424

A, sem ók bifreið sinni út af þjóðvegi, synjaði þess fyrir tveimur lögreglumönnum, er komu á vettvang, að hann hefði neytt áfengis þá um daginn fyrr eða síðar. Honum var tekið blóð, er sýndi efni, er svöruðu til 1,56‰ áfengismagns í blóðinu. Breytti hann þá skýrslu sinni á þá leið, að hann hefði eftir slysið og áður en lögreglan kom á vettvang, drukkið brennivín, er hann kvaðst hafa haft meðferðis. Þeir, sem með honum voru, höfðu þó ekki orðið þessa varir. Öll frásögn A þótti svo ósennileg, að ekki var mark á henni tekið, og var lagt til grundvallar, að hann hefði neytt áfengis, áður en slysið varð 428

Bifreiðarstjóri viðurkennir að hafa neytt víns við akstur bifreiðar í Reykjavík að kveldi dags og að hafa vaknað allur lerka og með vínbragð uppi í sér í bifreiðinni mikið brotinni langt fyrir utan bæinn næsta morgun 460

Bls.

Áfengislagabrot. Sbr. blóðrannsókn.

Maður sýknaður af ákæru um brot á áfengislögunum nr. 33/1935 9

A hafði fundið tunnu á reki á hafi úti. Á henni reyndist vera áfengi, sem A hugði vera ómengaðan vínanda, en það hafði reyndar verið gert óhæft til drykkjar. Áfengi þetta blandaði A með vatni og seldi síðan. Þetta var m. a. talið varða við 6. sbr. 30. gr. áfengislaganna nr. 33/1935 30

Maður nokkur, A, kveikti ölvaður í óvátryggðum íbúðarskúr, sem hann átti sjálfur, og var talið, að almannahætta hefði stafað af verkinu. Samkvæmt áliti dr. med. Helga Tómassonar yfirlæknis var A „alkoholisti", sem a. m. k. í þetta skipti „reageraði" áberandi sjúklega, er hann var ölvaður. Taldi yfirlæknirinn ekkert unnt að gera læknislega fyrir hann, nema banna honum algerlega að bragða nokkurn drykk, sem áfengi væri í. — Með skírskotun til þessa álits yfirlæknisins var samkvæmt 64. gr. l. nr. 19/1940 lagt fyrir ákærðan, að hann hvorki keypti né neytti áfengis um 5 ára skeið frá því hann hefði lokið úttekt refsingar fyrir afbrotið 183

A neytti sjálfur áfengis og veitti það einnig öðrum í veitingasal gistihúss nokkurs án þess að hafa aflað sér vínveitingaleyfis. Varðaði þessi verknaður hans við 17. sbr. 37. gr. laga nr. 33/1935 226

A var grunaður um að hafa verið með áhrifum áfengis við akstur bifreiðar. Rannsókn á blóði hans sýndi, að í því voru „reducerandi" efni, sem svöruðu til 1,15‰ af áfengismagni í blóðinu. Þótti þetta ekki veita nægar sannanir fyrir því, að hann hefði verið með áhrifum áfengis við akstur bifreiðarinnar. Þar eð það var eigi heldur sannað á annan hátt, var A sýknaður af kæru um brot á áfengislöggjöfinni 320

Fjórum mönnum dæmd refsing m. a. eftir 1. mgr. 17. gr. sbr. 1. mgr. 37. gr. laga nr. 33/1935 fyrir að hafa neytt áfengis inni í veitingastofu 392

Ekki þótti fullyrðandi, að A, sem ók bifreið út af þjóðvegi svo að slys hlauzt af, hefði verið með áhrifum áfengis við aksturinn, þótt í blóði hans reyndust hafa verið „reducerandi" efni, sem svöruðu til 1,56‰ áfengismagns. En hvorki farþegar hans né lögreglumenn, er komu á vettvang, sáu áhrif víns á honum. A var því ekki dæmdur fyrir brot á áfengislögunum 428

K kannaðist við að hafa neytt áfengis við akstur bifreiðar, og varð sannur að sök um að hafa ekið henni að næturlagi langar leiðir svo drukkinn, að hann mundi ekkert, hvert

Bls.

hann hafði farið, enda þótt hann kæmi við í tveimur kauptúnum. Hann var m. a. dæmdur fyrir brot á 21. gr. sbr. 39. gr. laga nr. 33/1935 og sviptur ökuleyfi ævilangt .. 460

Áfrýjun. Sbr. aðild, kæra, málasamlag.

Aðalkrafa máls sótt og varin sérstaklega í héraði og áfrýjað sérstaklega til hæstaréttar innan viku frá uppsögu dóms samkvæmt 71. gr. laga nr. 85/1936 161

Málsmeðferð frestað ex officio í hæstarétti samkvæmt analogiu 120. gr. laga nr. 85/1936, til þess að aðiljum gæfist færi á að afla skýrslna um tiltekin málsatriði 171, 295

Opinberu máli, sem risið var út af banaslysi við bifreiðarakstur, var einungis áfrýjað að því er varðaði ökuleyfissviptingu ákærða, en hann hafði verið náðaður af refsingu þeirri, sem honum hafði verið dæmd 199

Héraðsdómi um uppsögn húsnæðis sökum brýnnar þarfar dóttur húseiganda til húsnæðisins var skotið til hæstaréttar. Þegar þar skyldi meta, hversu brýn þörf dótturinnar væri, voru m. a. tekin til greina atriði, sem eigi voru fyrir hendi fyrr en eftir áfrýjun málsins 210

Úrskurður, þar sem aðilja einkamáls var veittur 7 vikna frestur, að því er virtist til samningar greinargerðar og öflunar gagna, kærður til hæstaréttar án þess að sóknaraðili sendi dóminum kröfur eða greinargerð. Hæstiréttur taldi, að ætla yrði, að úrskurðinum væri áfrýjað í því skyni að fá frestinn styttan 213

Fógetadómsmáli frestað ex officio í hæstarétti samkvæmt lögjöfnun frá 120. gr. laga nr. 85/1936 og lagt fyrir fógeta að veita aðiljum kost á að gefa skýrslur um tiltekin atriði 215

Gerðarþoli (A) í innsetningarmáli hafði krafizt þess, að nokkrar aðiljaspurningar yrðu lagðar fyrir gerðarbeiðanda (B) og konu hans (D). Fógetadómurinn synjaði um þetta með úrskurði. Þann úrskurð kærði A til hæstaréttar með einni og sömu kæru á hendur B og D 277

Systkinunum A og B var gert skylt að rýma úr leiguíbúð með úrskurði fógeta. Þeim úrskurði var áfrýjað af A og D, sem hafði talið sig til heimilis í íbúðinni með A 292

Úrskurður héraðsdóms, þar sem aðilja einkamáls var neitað um framhaldsfrest, kærður til hæstaréttar án þess að sóknaraðili sendi dóminum kröfur eða greinargerð. Hæstiréttur taldi, að ætla yrði, að sóknaraðili kærði úrskurðinn í því skyni að fá frest þann, sem synjað var um í héraði 307, 348

Bls.

Áfrýjunarleyfi.

Áfrýjunarfrestur liðinn 130, 135, 139, 161, 197, 265, 287, 327, 336, 338, 370, 385, 434

Ágreiningsatkvæði. Sjá sératkvæði.

Ákæra.

A höfðar mál á hendur B m. a. til refsingar fyrir brot á 217. gr. laga nr. 19/1940, en A hafði hlotið kjálkabrot af völdum B. Hæstiréttur taldi, að áverkinn mundi vera slíkur, sem lýst er í 218. gr. sömu laga, og á þá ríkisvaldið sókn sakar. Var refsikröfunni því vísað frá héraðsdómi að svo stöddu .. 147

Það talið athugavert, að mál hafði ekki verið höfðað fyrir brot á 1. mgr. 123. gr. laga nr. 19/1940 á hendur manni, sem ekið hafði bifreið langar leiðir mjög ölvaður 460

Þess getið í héraðsdómi, að krafa um refsingu fyrir brot á 259. gr. laga nr. 19/1940 hafði ekki komið fram á hendur manni, sem í heimildarleysi hafði ekið bifreið, er var annars eign, langar leiðir og skemmt hana mikið 460

Analogía. Sjá lög, lögskýringar.

Arfur.

Leigusamningur um verzlunarhúsnæði flyzt ekki yfir á erfingja leigutaka, en þeir eiga rétt á að fá hæfilegt svigrúm til þess að ráðstafa eignum verzlunarinnar á sómasamlegan hátt 258

Leiguréttur að íbúð ekki talinn ganga í arf, en uppkomin börn leigutaka, sem bjuggu með honum í íbúðinni, áttu rétt á 3 mánaða uppsagnarfresti til næsta venjulegs flutningsdags 292

Ásetningur. Sjá saknæmi.

Atvinnuréttindi. Sbr. bifreiðar.

Bifreiðarstjóri, sem hafði orðið mannsbani með gálausum akstri, sviptur ökuleyfi þrjú ár 4, 199, 350

Bifreiðarstjóri, sem dæmdur var fyrir brot gegn 3. mgr. 23. gr. laga nr. 23/1941, sviptur ökuleyfi þrjá mánuði 320

Bifreiðarstjóri, sem orðið hafði mannsbani með ógætilegum akstri, sviptur ökuleyfi eitt ár 357

Bifreiðarstjóri, sem ók bifreið mjög ölvaður langar leiðir, sviptur ökuleyfi ævilangt 460

Bls.

Auðgunarbrot.

Tunna með áfengisvökva, sem fannst á reki á hafi úti, talin vera eigandalaus. Finnendurnir, sem slógu eign sinni á tunnuna, voru því sýknaðir af ákæru fyrir brot á 26. kafla laga nr. 19/1940 30

A kveikti ölvaður í óvátryggðum íbúðarskúr, sem hann átti sjálfur. Þar eð lausafé, sem hann átti þar, var einnig óvátryggt, lá enginn auðgunartilgangur til grundvallar íkveikjunni. A var því sýknaður af ákæru fyrir brot gegn 26. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 183

Aukatekjulög.

A átti veð í húseign, sem seld var á uppboði til lúkningar opinberum gjöldum. Hann bauð í eignina upp í veðskuld sína og krafðist útlagningar sér til handa. Þeirri kröfu var synjað með skírskotun til 39. gr. laga nr. 27/1921, þar eð uppboðið varð með fullum árangri að því er uppboðsbeiðanda varðaði, en A hafði eigi krafizt uppboðs fyrir veðskuld sinni 168

Áverkar. Sjá líkamsáverkar.

Bifreiðar. Bifreiðalagabrot.

A ók bifreið upp Gránugötu á Siglufirði og upp á Suðurgötu. Við gatnamótin er kröpp beygja, en vírnet var meðfram vinstri brún Suðurgötu og nokkurra metra há brekka fyrir neðan. Þegar komið var upp á Suðurgötu, opnaðist hurð stýrishússins vinstra megin og handfang hennar festist í vírnetsgirðingunni. Við það kipptist bifreiðin til vinstri, rann út af veginum og valt eina veltu niður brekkuna. Á palli bifreiðarinnar voru 3 menn. Tveimur þeirra tókst að stökkva af bifreiðinni, en einn kastaðist af henni, er hún valt. Varð hann að nokkru leyti undir bifreiðinni og beið bana. Sýnt þótti, að A hefði fatazt stjórn bifreiðarinnar, er hurð hennar rakst í vírnetið. Hann var því talinn hafa orðið mannsbani af gáleysi. Brot hans talið varða við 215. gr. laga nr. 19/1940 og 27. sbr. 38. gr. laga nr. 23/1941. A var dæmdur í 800 kr. sekt 1

A ók bifreið eftir aðalgötunni á Sauðárkróki að vetrarlagi í mikilli hálku. Á götuhluta er allkröpp beygja, en er A ætlaði að víkja bifreiðinni til hliðar, er að beygju þessari kom, lét bifreiðin ekki að stjórn. Rann hún beint áfram að húsi, er var þvert fyrir beygjunni og urðu þar fyrir henni 2 drengir, sem voru fast við húsvegginn. Annar þeirra beið bana, en hinn meiddist. Leitt var í ljós, að ca. 25 metra

Bls.

frá beygjunni hafði hraði bifreiðarinnar verið nær 23 km miðað við klukkustund. Með svo hröðum akstri á ísilagðri og hálli götu þótti A hafa sýnt skort á aðgæzlu og varfærni og þannig gerzt mannsbani af gáleysi. Brot hans var talið varða við 215. gr. laga nr. 19/1940, 14. og 26. sbr. 38. gr. laga nr. 23/1941 og 35. gr. lögreglusamþykktar Skagafjarðarsýslu nr. 71/1937. A var dæmdur í 3 mánaða varðhald og sviptur ökuleyfi 3 ár 4

Bifreiðin R var á leið frá Reykjavík til Hafnarfjarðar. Reykjavíkurmegin við Kópavogslæk, mjög nálægt brúnni á læknum, ók R fram úr bifreiðinni G, sem var á sömu leið. Vegurinn er þarna 7 metra breiður, og G var ekið nálægt vinstri vegarbrún. Í því að R var að aka fram úr, var G að eins vikið inn á veginn, þar eð bifreiðarstjóranum þótti hún komin of utarlega á vegarbrúnina. Kræktist nú afturvari R í framvara G, svo að þær festust saman og G dróst með R yfir á Kópavogslækjarbrúna. Rakst G þar á handriðstólpa og skemmdist talsvert. Eigi þótti fram komin sönnun fyrir því, að bifreiðarstjórinn á G hefði orðið meðvaldur að slysinu, þannig að firrt gæti eiganda hennar bótum að neinu leyti. Bifreiðarstjórinn á R hafði hins vegar ekið allhratt fram hjá G, án þess að gefa hljóðmerki, og mjög nálægt henni að þarflausu þar eð vegurinn var breiður. Hann var því talinn eiga einn sök á slysinu, og eigandi bifreiðarinnar dæmdur til að greiða fullar skaðabætur 13

A var farþegi í bifreið, sem var á leið úr miðbænum í Reykjavík inn fyrir Elliðaár. Sat hann á aftasta bekk. Ekið var allhratt meðfram Skeiðvellinum, en þar var vegurinn holóttur. Kastaðist bifreiðin þar svo til, að A tókst á loft úr sæti sínu og kom illa niður. Fann hann þegar til mikilla kvala í baki. Við rannsókn kom í ljós, að hann var hryggbrotinn. Leitt var í ljós, að bifreiðarstjórinn var kunnugur veginum og vissi einnig, að bifreiðinni hætti til að hossast mikið, er ekið var eftir holóttum vegi. Hann þótti því ekki hafa gætt þeirrar varúðar, sem skyldi. Eigandi bifreiðarinnar var því dæmdur til að greiða A fullar fébætur, sbr. 34. og 35. gr. laga nr. 23/1941 67

Sannað þótti, að bifreið hefði verið ekið á mann, sem fannst lemstraður til ólífis á götu á Akureyri. Eigi sannaðist, að hinn lemstraði maður hefði átt nokkra sök á slysinu. Eigendur bifreiðarinnar voru því dæmdir til að greiða föður hins látna manns fullar dánarbætur 139

A ók bifreið norður Laufásveg í Reykjavík. Á móts við húsið nr. 46 við þá götu varð maður fyrir bifreiðinni og beið bana af. A kvaðst hafa blindazt af ljósum bifreiðar, sem

Bls.

kom á móti honum. Fyrst í prófum málsins skýrði hann svo frá, að hann hefði þá hægt á bifreiðinni, en þó haldið áfram, unz hann rakst á manninn, sem hann kvaðst ekki hafa séð, fyrr en bifreiðin var komin svo að segja fast að honum. Síðar í prófunum kvað hann það allt hafa gerzt í sömu andránni, að ljósin skinu framan í hann, að hann hemlaði sem unnt var og að hann sá manninn fram undan. Talið var, að hvor skýrsla A sem lögð væri til grundvallar, hefði hann valdið dauða mannsins með gálausum akstri og þannig gerzt sekur við 215. gr. laga nr. 19/1940 svo og bifreiðalögin nr. 23/1941. Refsing hans var ákveðin í héraði 60 daga varðhald. Svo var hann og sviptur bifreiðarstjóraréttindum 3 ár. Málinu var að eins áfrýjað til hæstaréttar, að því er varðaði sviptingu réttinda, og var héraðsdómurinn að því leyti staðfestur 199

A var farþegi í áætlunarbifreið, sem var á leið frá Keflavík til Sandgerðis. Á meðan á ferðinni stóð, losnaði „bolti" í framfjöðrinni hægra megin, og varð það til þess, að bifreiðin féll niður að framan þeim megin. Rann hún síðan 24 metra eftir veginum og því næst út af honum og valt á hliðina. Meiddust nokkrir farþegar, þar á meðal A. Bifreiðarstjórann skorti ökuréttindi, og þetta var í fyrsta skipti sem hann ók bifreiðinni. Leitt var í ljós, að bifreiðin var í lélegu ásigkomulagi, enda þótt hún hefði skömmu áður fengið ökufærisvottorð, og því þótti fjarri fara, að atvik málsins bentu til þess, að ökumaður hefði sýnt fulla aðgæzlu og varkárni. Var eigandi bifreiðarinnar því talinn bótaskyldur gagnvart A samkvæmt 34. gr. laga nr. 23/1941 309

A ók bifreið eftir Hafnarstræti á Akureyri. Við hlið hans sat B, sem var mjög drukkinn. Það slys vildi til við aksturinn, að bifreiðin fór út af veginum og kastaðist niður í fjöruna fyrir neðan veginn. A bar það, að B hefði tekið í stýrið hjá sér og við það hefði bifreiðin farið út af veginum. B kvaðst ekki geta borið um, hvort þetta væri rétt. Það var metið A til vangæzlu, sem varðaði við 27. gr. laga nr. 23/1941, að hann hafði mjög drukkinn mann við hlið sér í framsætinu, án þess að gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir, að af honum stafaði háski eða truflun. Í rannsókn málsins neitaði A því að hafa sjálfur verið með áhrifum áfengis. Rannsókn á blóði hans sýndi, að í því voru „reducerandi" efni, sem svöruðu til 1.15‰ af áfengismagni. Þótti það ekki veita nægar sannanir fyrir því, að hann hefði verið með áhrifum áfengis við aksturinn, og eigi var það heldur fyllilega sannað á annan hátt. Hins vegar játaði A að hafa

Bls.

setið að sumbli nóttina áður. Þegar litið var til niðurstöðu blóðrannsóknarinnar og vangæzlu A við aksturinn, þótti ljóst, að hann vegna undanfarinnar neyzlu áfengis hefði verið haldinn þeim sljóleik, að það varðaði við 3. mgr. 23. gr. framangreindra laga. A var dæmdur í 600 króna sekt og sviptur ökuleyfi 3 mánuði 320

Eigandi bifreiðar, sem olli meiðslum á konu einni, viðurkenndi skaðabótaskyldu sína, enda var eigi upplýst, að slysið hefði hlotið að vilja til, þótt bifreiðarstjórinn hefði gætt fyllstu varkárni við aksturinn 327

Kona nokkur (A) var farþegi í strætisvagni í Reykjavík. Á viðkomustað einum fóru farþegar út úr vagninum um afturdyrnar, og ætlaði A út á eftir þeim. En áður en hún var komin út úr vagninum, var honum ekið af stað. Var þá kallað til bifreiðarstjórans að nema staðar aftur, og gerði hann það. En er A steig út úr vagninum, missti hún jafnvægið, féll til jarðar og fótbrotnaði. Bæði bifreiðarstjórinn og A þóttu hafa sýnt nokkra vangæzlu. Bifreiðarstjórinn hafði ekið af stað, án þess að athuga, hvort allir, sem út vildu fara, væru komnir út úr bifreiðinni og afturdyrnar lokaðar. Hins vegar þótti vætti vitna benda til þess, að A hefði stigið út úr vagninum, áður en hann væri að fullu stanzaður aftur. A fékk því tjón sitt bætt að hálfu, sbr. 34. gr. laga nr. 23/1941 340

A ók lítilli fólksbifreið eftir þjóðvegi um bjarta sumarnótt. Í framsætinu hjá honum sat B. Á stað nokkrum á veginum hafði trjáfleki verið lagður yfir ræsi ofan á steinsteypta plötu, en frágangur hans var viðsjárverður, einkum fyrir litla bíla. Nokkru eftir að A og B höfðu farið yfir ræsið, snéru þeir við, þar eð þeir höfðu farið villir vegar. Þegar bifreiðin nálgaðist aftur trjáflekann, mistókst A að hægja ferð hennar nægjanlega í tæka tíð. Valt bifreiðin um koll og stöðvaðist 8—10 metra frá endum trjánna, sem lágu yfir ræsið. Beið B bana samstundis við slys þetta. Hæstiréttur taldi, að A hefði átt að geta varazt ræsi þetta, þar eð hann hafði ekið yfir það skömmu áður en slysið varð. Enn fremur að honum hefði átt að vera unnt að draga nægjanlega úr hraða bifreiðarinnar í tæka tíð, er hann sá ræsið í nokkurri fjarlægð, ef hraðinn var ekki óhæfilega mikill. Var A dæmd refsing eftir 215. gr. laga nr. 19/1940 og 26. og 27. sbr. 38. gr. laga nr. 23/1941, 30 daga varðhald. Svo var hann og sviptur ökuleyfi 3 ár 350

A ók vöruflutningabifreið eftir þjóðvegi, sem lá um sléttlendi. Skurðir voru beggja megin vegarins og girðingar meðfram skurðunum. Bleyta nokkur var á veginum og slettist því á

Bls.

framrúður bifreiðarinnar, er hún fór yfir polla. Sól skein á móti A og dró úr glöggu útsýni. Aldraður maður varð fyrir bifreiðinni og beið bana af. Sá A manninn ekki, fyrr en hann var fram undan bifreiðinni á næstum miðjum vegi í ekki yfir tveggja metra fjarlægð. Talið var, að orsök slyssins mætti að miklu leyti rekja til hegðunar hins aldraða manns sjálfs, en að nokkru leyti til vangæzlu A. Var A dæmdur sekur við 215. gr. laga nr. 19/1940, 26. gr. sbr. 38. gr. laga nr. 23/1941 og 4. gr. sbr. 14. gr. laga nr. 24/1941. A var dæmdur í 2000 króna sekt og sviptur ökuleyfi eitt ár 357

A ók vörubifreið upp Vaðlaheiðarveg á leið frá Akureyri að Laugum þann 22. júlí 1944, kl. 9—10 síðd. Á palli bifreiðarinnar sátu fjórir menn. Við beygju á veginum ók bifreiðin út af honum og fór 1—1½ veltu niður af hárri vegarbrún. Við veltuna köstuðust mennirnir, sem á pallinum sátu, af honum. Einn þeirra varð undir bifreiðinni og beið bana. Hinir meiddust lítið. Við rannsókn málsins kom í ljós, að A hafði vakað samfleytt 3 dægur og var orðinn syfjaður og þreyttur, er slysið varð. Í blóði hans reyndust efni, sem svöruðu til 1,56‰ áfengismagns, en hvorki urðu farþegar hans né lögreglumenn, sem komu á vettvang, þess varir með vissu, að hann væri með áhrifum áfengis. Þótti því, þrátt fyrir áfengismagnið, ekki fullyrðandi, að svo hefði verið. Hins vegar þótti ljóst, að sökum undanfarandi áfengisneyzlu, svefnleysis og þreytu hefði A verið svo miður sín, að honum hefði verið óheimilt að aka bifreið. Þannig á sig kominn ók hann viðsjárverðan veg með fjóra menn á palli bifreiðarinnar og fataðist aksturinn. A var dæmdur sekur við 215. gr. laga nr. 19/1940, 3. mgr. 23. gr. og 1. mgr. 27. gr. sbr. 38. gr. laga nr. 23/1941. Refsing A ákveðin 75 daga varðhald. Hann var ævilangt sviptur leyfi til að aka bifreið, enda hafði hann áður verið sviptur ökuleyfi 3 mánuði 428

K var dag nokkurn í júlímánuði 1944 staddur í Reykjavík með bifreið, sem hann stýrði. Kannaðist hann við að hafa neytt víns við akstur hér í bænum að kvöldi þess dags. Síðan kvaðst hann ekki muna, hvað gerðist, unz hann vaknaði í bifreiðinni mikið brotinni næsta morgun, og var hún þá á gamla Þingvallaveginum fyrir ofan Geitháls. Þá var hann með vínbragð uppi í sér og allur lerka, eins og hann hefði sofnað mikið drukkinn. Rannsókn málsins leiddi í ljós, að hann hafði ekið bifreiðinni um nóttina austur að Selfossi og Stokkseyri með farþega og haldið heim frá Selfossi síðla nætur. Var K þá orðinn svo drukkinn, að farþegi

Bls.

fór út úr bifreiðinni af þeim sökum, enda hafði K haft áfengi með sér og drukkið af því. Rannsókn á blóði, sem K var tekið eftir hádegi dag þann, sem hann vaknaði í bifreiðinni, sýndi efni, sem svöruðu til 1.85‰ af áfengismagni í blóði hans. K var dæmdur fyrir brot á 21. gr. sbr. 39. gr. laga nr. 33/1935, 23. gr. sbr. 38. gr. laga nr. 23/1941 og 2. mgr. 4. gr. sbr. 14. gr. laga nr. 24/1941. Refsing hans ákveðin 25 daga varðhald. Hann var sviptur ökuleyfi ævilangt 460

Björgun. Dráttaraðstoð.

Síðast í marz 1943 í hríðarveðri af norðri var e/s R statt utarlega á Eyjafirði á leið inn fjörðinn. Nálægt Hrólfsskeri brotnaði stýrið, og rak skipið síðan stjórnlaust fyrir sjó og vindi inn eftir firðinum. V/b N kom skipinu til hjálpar, er það var statt austanvert við Hrísey, allnærri eynni. Dró hann e/s R frá eynni og síðan inn eftir firðinum, unz komið var á móts við suðurodda Hríseyjar, en þá kom annað skip til aðstoðar og dró e/s R suður fyrir eyna, þar sem það varpaði akkerum að tilvísan skipstjórans á v/b N. Næstu daga tók svo v/b N þátt í drætti e/s R til Akureyrar. Liðveizla v/b N var talin þáttur í björgunarstarfi. Verðmæti þau, sem bjargað var, voru virt á 3711711.90 kr. V/b N og skipshöfn hans höfðu verið lögð í hættu, og beinn kostnaður eigenda hans nam 8000 krónum. Bjarglaun fyrir þátttöku N í björgunarstarfinu ákveðin 85000.00 krónur 98

V/s T missti eitt skrúfublað sitt af fjórum, er það var statt nálægt Stafnesi á leið frá Reykjavík til Vestmannaeyja þann 17. febrúar 1944. Að öðru leyti reyndist bæði vél skipsins og skrúfa þess að hafa verið tiltæk, ef í nauðir rak. Vélamenn skipsins, sem vissu ekki hvað að var, treystust ekki til að láta vélina ganga. Var því gripið til segla og snúið við til Reykjavíkur. En er kom fyrir Garðskaga tóku skipverjar að óttast, að skipið mundi reka af leið á hættulegar slóðir. Var því kallað á hjálp, og kom b/v V v/s T til hjálpar og dró það til Reykjavíkur. Þar eð v/s T gat í raun og veru bjargazt við vél sína og vindur var auk þess þannig stæður, að skipið mundi hafa getað komizt á seglunum til Reykjavíkur eða Hafnarfjarðar, þótti skipið ekki hafa verið statt í neyð. Skipti það engu máli, hvað skipverjar höfðu haldið um það efni. Var hjálp b/v V því metin dráttaraðstoð en ekki björgun. Drátturinn tók 3½ klst. Auk þess varð b/v V fyrir nokkurri töf, en hins vegar engu aflatjóni. Verðmæti v/s T og farms var talið 300 þús. kr. Þóknun fyrir aðstoð ákveðin 19500 kr. 265

Bls.

Við skiptingu á hluta skipverja úr bjarglaunum samkvæmt 233. gr. siglingalaganna ber að miða eingöngu við umsamið kaup og fastar aukatekjur einstakra skipverja. Óvissar tekjur, svo sem kaup fyrir auka- eða eftirvinnu, koma þar ekki til greina 385

Síðast í febrúar 1944 var b/v Þ á leið frá Íslandi til Fleetwood og hafði hann samflot við b/v Ó, eins og tíðkaðist á styrjaldarárunum. Því sem næst á miðri leið bilaði ketill b/v Þ, svo að hann gat ekki komizt leiðar sinnar án aðstoðar. Var b/v Ó þá kvaddur til hjálpar og kom hann dráttartaugum yfir í b/v Þ. Veður var þá allhvasst og töluverður sjór. Síðan dró b/v Ó b/v Þ til Fleetwood, um 420 sjómílna vegalengd. Tók drátturinn tæpa 3 sólarhringa en b/v Ó tafðist ekki meir en hálfan annan sólarhring vegna björgunarinnar. — Verðmæti hins bjargaða var samtals um 630 þús. kr. Björgunarlaun ákveðin 140 þúsund krónur 452

Blóðrannsókn.

Framkvæmd blóðrannsókn á áfengismagni í blóði bifreiðarstjóra, sem grunaður var um að hafa verið með áhrifum áfengis við akstur bifreiðar 320, 428, 460

Borgaraleg réttindi.

Maður, sem dæmdur var sekur um landráð samkvæmt 88. gr. laga nr. 19/1940 sbr. 1. gr. laga nr. 47/1941, sviptur réttindum samkvæmt 68. gr. hinna fyrrnefndu laga 26

Maður, sem m. a. var dæmdur sekur við 1. mgr. 155. gr. laga nr. 19/1940, sviptur réttindum samkvæmt 68. gr. sömu laga 52

Maður, sem dæmdur var fyrir brot gegn 245. gr. laga nr. 19/1940, sviptur réttindum samkvæmt 68. gr. sömu laga 132

Maður, sem dæmdur var fyrir brot á 1. mgr. 164. gr. sbr. 75. gr. laga nr. 19/1940, sviptur réttindum samkvæmt 68. gr. sömu laga 183

Maður, sem sekur varð um brot gegn 1. mgr. 155. gr. og 248. gr. laga nr. 19/1940, og tveir menn, sem brotið höfðu gegn sömu lagagreinum sbr. 22. gr. nefndra laga, sviptir réttindum samkvæmt 68. gr. laga þessara 392

Botnvörpuveiðar. Sjá fiskveiðabrot.

Brenna.

Á kveikti ölvaður í óvátryggðum íbúðarskúr, sem hann átti í Reykjavík. Hann var sóttur til sakar fyrir brot gegn 18. og 26. kafla laga nr. 19/1940. Talið var, að hætta hefði verið á, að margir skúrar á sömu slóðum hefðu brunnið, ef eldur-

Bls.

inn hefði náð að magnast, og var brot A því heimfært undir 1. mgr. 164. gr. framangreindra laga. Hins vegar var ekki talið, að ákærði hefði gerzt sekur við neina grein í 26. kafla laga nr. 19/1940, þar eð íbúðarskúrinn og allt, sem A átti þar, var óvátryggt, og auðgunartilgangur því ekki fyrir hendi. Refsing ákærða var tiltekin með hliðsjón af 75. gr. hegningarlaganna, þar eð A hafði verið með sjúklegum áhrifum áfengis, er hann framdi brotið, og ekki þótti víst, að honum hefði fyrirfram verið ljóst, að áfengisneyzla hans mundi trufla svo geðsmuni hans, sem raun varð á 183

Byggingarnefnd.

A sótti um leyfi byggingarnefndar Rvíkur til þess að reisa stórhýsi við götu eina í Reykjavík. Á teikningu þeirri, er fylgdi umsókninni, var gert ráð fyrir vatnssalerni í kjallara hússins, en hann átti að ná um 2½ metra í jörð niður. Eigi var því sérstaklega lýst, hvernig frárennsli skyldi hagað. Byggingarnefnd veitti leyfið. Það kom í ljós, að skolpræsið í götu þeirri, sem húsið stóð við, var svo skammt grafið niður, að það varð ekki notað fyrir frárennsli frá kjallara hússins. Var því ræsi lagt yfir í aðra götu, og hlauzt af því nokkur aukakostnaður. Stefndi A síðan bæjarsjóði Reykjavíkur til þess að greiða aukakostnað þenna. Eigi var talið, að byggingarnefndin hefði bakað bæjarsjóði fébótaábyrgð, þótt hún leyfði A skilyrðislaust að hafa þá dýpt á kjallara hússins, sem hann sjálfur óskaði eftir 421

Dagsektir.

Lóðareigandi krefst þess, að bæjarstjórn Reykjavíkur verði að viðlögðum dagsektum dæmd til að fella niður kvöð um skyldu til flutnings íbúðarhýsis af lóð 113

Dánarbætur.

Eigendur bifreiðar dæmdir til að greiða föður manns, sem varð fyrir bifreið þeirra og beið bana, fullar dánarbætur, eða þá fjárhæð, sem krafizt var, kr. 15000.00. Enn fremur kostnað vegna jarðarfarar hins látna 139

Eigi þótti það skipta máli við ákvörðun dánarbóta, þótt faðir hins látna, sem var heilsubilaður og kominn fast að sextugu, ætti dálitlar eignir og hefði undanfarandi haft nokkrar tekjur af atvinnu, þar eð líklegt var, að framfærsla hans mundi mjög bráðlega hafa hvílt á syni hans, ef lifað hefði 139

Brotsjór reið yfir v/s M, er það var á leið frá Íslandi til Englands í febrúar 1943. Skolaði hann tveimur mönnum, A og

Bls.

B, fyrir borð. Jafnframt tók útbyrðis björgunarfleka, sem skip höfðu þá í utanlandssiglingum vegna styrjaldarhættunnar. A var bjargað, en B fórst. Fyrir dómi bar A, að þeim mundi að líkindum hafa tekizt að standa af sér sjóinn, ef þeir hefðu ekki sogazt út með flekanum, en flekinn taldi hann að mundi hafa rotað B. Ekkja B krafði Stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna um dánarbætur, þar eð hún taldi björgunarflekann, sem eingöngu væri hafður til öryggis gegn styrjaldarhættum, hafa valdið dauða B. Stríðstryggingafélagið var sýknað, þegar af þeirri ástæðu, að þetta væri ekki nægjanlega sannað 338

Dómar og úrskurðir.

Utanbæjarmanni, A, sem keypt hafði íbúð í Reykjavík og flutzt í hana án leyfis húsaleigunefndar, sbr. 3. gr. laga nr. 39/1943, var með dómi hæstaréttar 29. janúar 1945 gert að rýma hana. En þar eð húsaleigunefnd hafði dregið mjög að hefjast handa um útburð á A úr húsnæðinu, skyldi hann ekki fara fram fyrir næsta almennan flutningsdag, 14. maí 1945 22

Málsmeðferð og úrskurður fógeta ómerkt, og máli vísað heim m. a. vegna þess, að fógeti hafði í úrskurðinum gengið fram hjá varnarástæðu einni af hálfu gerðarþola án rannsóknar 106

Hreppsfélag var sýknað að svo stöddu af kröfu sjúkrahússstjórnar um greiðslu sjúkrahússkostnaðar þurfalings, þar eð raunverulega var um ágreining að ræða milli hreppsfélaga um framfærsluskyldu þurfalingsins, en stjórnvöld þau, sem greind eru í 81. gr. laga nr. 52/1940, höfðu ekki lagt úrskurð á þann ágreining 126

Maður, sem sekur hafði gerzt við 245. gr. l. nr. 19/1940, dæmdur skilorðsbundnum refsidómi 132

Kröfu um refsingu samkvæmt 217. gr. laga nr. 19/1940 vísað frá hæstarétti að svo stöddu, þar eð áverkinn, sem stefnt var út af, virtist falla undir 218. gr. sömu laga, en þá á ríkisvaldið sókn sakar 147

Í héraðsdómi hafði dómari látið undir höfuð leggjast að greina í upphafi dómsins nöfn aðilja og heimilisfang. Í niðurlagsorðum hans var svo kveðið á, að stefndi skyldi afhenda stefnandanum tilgreind hlutabréf eða jafngildi þeirra í peningum. Var þetta brýnt brot á 1. og 4. mgr. 193. gr. laga nr. 85/1936. Loks hafði dómari vísað í dómsorðinu atriði til matsgerðar, er síðar skyldi fara fram, andstætt því, sem segir í 2. mgr. 137. gr. sömu laga. Var dómurinn því ómerktur ásamt meðferð málsins í héraði, sem einnig var gölluð 178

Bls.

Það vitt, að fógeti hafði andstætt ákvæðum 3. mgr. 185. gr. laga nr. 85/1936 látið ódæmda málskostnaðarkröfu gerðarþola í lögtaksmáli 197

Fundið að því, að dómari hafði kveðið upp aðfararhæfan dóm til handa stefnda í héraði, þótt hann hefði ekki höfðað gagnsök til að öðlast slíkan dóm 210

Það vitt, að í landamerkjadómi var lýsingu á kennileitum og umhverfi þeirra mjög áfátt. Enn fremur að aðfararfrestur hafði verið ákveðinn 3 sólarhringar 216

Með dómi hæstaréttar 5. marz 1945 var úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur frá 14. júlí 1944, um að B skyldi borinn út úr leiguíbúð sinni í húsi A, felldur úr gildi. Í því máli hafði verið leitt í ljós fyrir hæstarétti, að B hafði verið fjarvistum úr íbúðinni sumarið 1944. Eftir uppsögu hæstaréttardómsins krafðist B að fá með innsetningargerð umráð leiguíbúðarinnar, sem búið var að ráðstafa til annars manns. Í innsetningarmálinu vildi A fá nokkrar aðiljaspurningar lagðar fyrir B og konu hans, D. Fógetadómurinn synjaði um það, þar eð þær lutu að rýmingu húsnæðisins, en til þeirrar málsástæðu taldi fógetadómurinn hæstarétt þegar hafa tekið afstöðu. Þenna úrskurð kærði A til hæstaréttar. Í dómi sínum í því máli segir hæstiréttur, að dómurinn frá 5. marz beri það með sér, að B og D höfðu ekki glatað áfrýjunarheimild sinni vegna fjarvistar úr leiguíbúðinni, en að öðru leyti sé þar ekki dæmt um skipti aðilja, eftir að fógetaúrskurðurinn gekk í máli þeirra 14. júlí 1944. Hratt hæstiréttur því úrskurði fógeta 277

Í sjó- og verzlunardómsmáli, þar sem m. a. var krafizt skaðabóta vegna aflatjóns skips, sem taka þurfti til viðgerðar á miðri vertíð, áætlaði sjódómurinn bætur fyrir aflatjónið án nokkurs rökstuðnings. Kröfu um bætur fyrir missi formannshlutar tók dómurinn ekki til greina sökum þess, að fyrir henni væri ekki nægjanleg grein gerð. Hæstiréttur taldi gögn bresta í málinu fyrir afla sambærilegra báta í sömu veiðistöð svo og fyrir formannshlutnum. Segir í dómi hæstaréttar, að sjódómurinn hafi átt að beina því til aðilja að afla skýrslna um þessi atriði, sbr. 120. gr. laga nr. 85/1936, en síðan hafi dómurinn átt að meta gögnin og rökstyðja niðurstöðu sína. Vegna þessara annmarka á meðferð málsins var dómur sjó- og verzlunardómsins ómerktur, og málinu vísað heim í hérað 280

Í lögreglumáli, þar sem kærði var dæmdur til sektargreiðslu, var enginn greiðslufrestur tiltekinn. Vararefsing kærða var ákveðin einfalt fangelsi í stað varðhalds, og málskostnaður, sem hann átti að greiða, var ákveðinn með tiltekinni

Bls.

fjárhæð. Sökum þessa og margvíslegra galla á meðferð málsins var dómurinn ómerktur 333

Fundið að því, að dómara hafði láðst að ákveða aðfararfrest í dómi um fjárgreiðslu 400

Í héraðsdómi í máli til heimtu bjarglauna var ekki greind krafa stefnanda málsins um viðurkenningu á sjóveðrétti og ekki minnzt á dómkröfur stefnda. Atvikalýsing var mjög ófullkomin, og eigi voru raktar eða metnar nægjanlega ástæður fyrir því, hvort um björgun hefði verið að ræða eða aðstoð. Í forsendum var hvorki minnzt á þá fjárhæð bjarglauna, sem dæmd var í niðurstöðu, né gerð grein fyrir, hvernig hún væri fengin. Dómurinn var því ómerktur 410

Dómarar.

Rannsókn opinbers máls talið ábótavant og það sérstaklega átalið, að hún var of seint hafin 1

Meðferð útburðarmáls fyrir fógetadómi var öll með þeim hætti, sem tíðkaðist áður en lög nr. 85/1936 komu til framkvæmda. Greinargerðir voru ekki lagðar fram á fyrstu dómþingum, svo sem boðið er í 105. og 106. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 223. gr. sömu laga. Eigi var kveðið á um munnlegan eða skriflegan málflutning, sbr. 109. gr. sömu laga. Af þessum sökum var málsmeðferðin ómerkt frá því að útburðarbeiðnin var lögð fyrir fógetadóminn og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar 71

Málsmeðferð og úrskurður fógeta ómerkt sökum þess, að gerðarbeiðanda var ekki gefið færi á að svara greinargerð gerðarþola og málið síðan flutt samkvæmt IX. kafla laga nr. 85/1936. Enn fremur hafði fógeti gengið fram hjá þeirri varnarástæðu gerðarþola án rannsóknar, að reglugerðarákvæði, sem álagning skattsins var reist á, væri án stoðar í lögum. Var þetta talið brýnt brot á 193. gr. framangreindra laga 106

Dómari benti ólöglærðum aðilja, A, sem flutti mál sitt sjálfur, á nauðsyn frekari gagna til sönnunar kröfu hans. A sinnti þessu ekki. Hæstiréttur taldi, að dómaranum hefði borið að leiða athygli A að því, að málinu mundi verða vísað frá héraðsdómi, ef eigi væri aflað gagna þessara. Þá var og meðferð málsins gölluð að ýmsu leyti 120

Málsmeðferð og úrskurður fógeta í útsvarsmáli ómerktur, og máli vísað heim sökum þess, að aðiljar voru ekki kvaddir fyrir dóm og þeim leiðbeint um að skýra málið nægjanlega, svo sem fyrir er mælt í 114. gr. l. nr. 85/1936, sbr. 223. gr. sömu laga 130

Bls.

Við meðferð einkamáls var brotið gegn ákvæðum 106. gr., 108. gr., 109. gr. og 110. gr. laga nr. 85/1936. Enn fremur hafði dómari vanrækt þá leiðbeiningarskyldu sína við ólöglærða aðilja, sem á hann er lögð með 114. gr. sömu laga. Þá var og samningu dómsins mjög ábótavant. Meðferð málsins var því ómerkt og því vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju 178

Fógeti víttur fyrir að hafa látið ódæmda málskostnaðarkröfu gerðarþola í lögtaksmáli og þannig brotið gegn fyrirmælum 3. mgr. 185. gr. laga nr. 85/1936 197

Í opinberu máli út af bifreiðarslysi breytti ákærði framburði sínum í verulegum atriðum, þegar próf málsins voru komin nokkuð áleiðis. Hina nýju skýrslu sína var hann látinn staðfesta án frekari skýringa. Það var átalið í hæstarétti, að ákærði hafði ekki verið prófaður nánar um þessi atriði og samprófaður við vitni um þau 199

Við meðferð landamerkjamáls voru brotin ákvæði 105. og 106., sbr. 221. gr. laga nr. 85/1936. Ekki sást, að samdómsmenn hefðu verið látnir vinna heit, áður en þeir tóku til starfa, og ekki var heldur ákveðinn þingdagur til merkjagöngu og annarra dómsstarfa samkvæmt 10. gr. laga nr. 41/1919. Í þess stað var málið rekið fyrir landamerkjadóminum með frestveitingum á víxl. Vitni voru ekki prófuð á vettvangi, og ekki létu dómendur gera uppdrátt af þrætulandinu. Loks var dóminum áfátt. Voru gallar þessir víttir 216

Það vítt, að rannsókn opinbers máls í héraði hafði orðið miklu umfangsmeiri en efni stóðu til og ýmsum atriðum, sem ekki vörðuðu málið, blandað inn í hana. Enn fremur að dómari hafði haft þann óhæfilega hátt á rannsókninni að bóka eftir vitnum sóknarræður, í stað þess að yfirheyra þau um þau atriði, sem máli skiptu. Loks hafði dómarinn lagt fram skjöl og haldið próf, sem talsmanni ákærða var ekki gefinn kostur á að sjá 226

Krafa um að dómari í opinberu máli víki sæti ekki tekin til greina 226

Framhaldsrannsókn fyrirskipuð í opinberu máli, þar eð rannsókn þess var ábótavant í ýmsum greinum 244

Mál út af sjóslysi var rekið fyrir aukarétti, og próf höfðu farið fram án siglingafróðra samdómsmanna í stað þess, að sjó- og verzlunardómur átti með málið að fara og dæma það, sbr. 200. gr. laga nr. 85/1936 og 90. gr. laga nr. 41/1930. M. a. vegna þessara megingalla á meðferð málsins var héraðsdómurinn ómerktur svo og öll meðferð málsins fyrir aukaréttinum 248

Bls.

Það talið athugavert, að í kærumáli einu sendi héraðsdómari hæstarétti ekki eftirrit úr þingbók um þinghöld málsins 307

Í opinberu máli út af verðlagsbroti höfðu verið teknar skýrslur af fjórum vitnum varðandi sök kærða, en honum var hvorki kynnt efni skýrslnanna né gefinn kostur á að gera athugasemdir við þær. Þá hafði trúnaðarmaður verðlagsstjóra, sem kært hafði, ekki verið látinn staðfesta kæru sína. Ekki hafði verið rannsakað nægjanlega, hversu mikil brögð voru að sölu þeirri, sem kært var út af. Kærða hafði ekki verið tilkynnt, að mál yrði höfðað á hendur honum út af tilteknum lagaboðum og til greiðslu sakarkostnaðar. Ekki hafði verið aflað hegningarvottorðs hans. Loks var dóminum áfátt í ýmsum greinum. Sökum galla þessara var héraðsdómurinn ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar 333

Rannsóknardómari víttur fyrir að yfirheyra tvo menn, sem gáfu skýrslu í máli út af bifreiðarslysi, einungis sem vitni og taka af þeim eið, í stað þess að prófa þá með það fyrir augum, að þeir kynnu að hafa unnið til refsingar 350

Fundið að því, að héraðsdómari dró óhæfilega lengi að hefja rannsókn út af bifreiðarslysi, sem mannsbani hlauzt af 350

Í ágreiningsmáli um heimilisfang hafði lögreglustjóri ekki leiðbeint ólöglærðum aðilja um kröfugerð, og rannsókn málsins var að mörgu leyti mjög ábótavant. Leiddi þetta til ómerkingar úrskurðar lögreglustjóra 370

Í sjó- og verzlunardómsmáli hafði annar samdómsmanna í héraði framkvæmt samkvæmt dómkvaðningu mat til afnota í málinu. Með skírskotun til 4. töluliðs 36. gr. laga nr. 85/1936 var meðferð málsins, frá því munnlegur málflutningur hófst, ómerkt af þessum sökum, svo og héraðsdómurinn 382

Fundið að því, að skiptaráðandi hafði við meðferð skiptamáls eigi gætt fyllilega ákvæða 105., 106., 109. og 110. gr., sbr. 223. gr. laga nr. 85/1936 388

Dómur í máli til heimtu bjarglauna ómerktur, þar eð honum var ábótavant í mörgum greinum 410

Málsmeðferð og dómur sjó- og verzlunardóms ómerkt vegna stórfelldrar vangæzlu dómara á 110. gr. laga nr. 85/1936. Þar eð þetta var í annað skipti sem málið var ómerkt í hæstarétti, m. a. vegna vangæzlu á nefndri lagagrein, var formaður sjódómsins svo og fulltrúi hans, er gegndi formannstörfum í sjódóminum að þessu sinni, sektaðir um 50 kr. hvor fyrir hina ólöglegu meðferð málsins 444

Fundið að því, að uppsaga héraðsdóms hafði dregizt í rúma þrjá mánuði, án þess að sá dráttur væri réttlættur 444

Bls.

Dómstólar.

Mál út af sjóslysi, þar sem 3 menn biðu bana, var rekið í héraði fyrir aukarétti í stað þess, að sjó- og verzlunardómur átti með það að fara og dæma það, sbr. 200. gr. laga nr. 85/1936 og 90. gr. laga nr. 41/1930. Próf í málinu fóru fram án siglingafróðra samdómsmanna. M. a. af þessum sökum var héraðsdómurinn ómerktur og öll meðferð málsins fyrir aukaréttinum 248

Fógetadómur talinn bær að úrskurða um, hvort veita bæri leigjanda í húsi, sem eigandinn bjó einnig í, umráð yfir hitastillum hússins 434

Eftirgrennslan brota. Sbr. opinber mál.

Lögreglumenn athuga bifreið, sem valdið hafði slysi, og vettvang, þar sem slysið varð. Þeir gera uppdrátt af vettvangi 4

Efnagreining látin fara fram á áfengi, sem reyndist banvænt 30

A, sem hafði orðið mannsbani með gáleysum akstri bifreiðar, breytti framburði sínum, þegar próf málsins voru komin nokkuð áleiðis. Það var átalið í hæstarétti, að hann hafði verið látinn staðfesta hina breyttu skýrslu sína án nánari prófunar og samprófunar við vitni 199

Lögreglumenn athuga aðstæður á vettvangi, þar sem bifreiðarslys hafði orðið 309, 428

Lögreglumenn athuga bifreið, sem skemmst hafi mikið í akstri 460

Eiður.

K, sem staðhæfði, að efni skjals, er hann hafði undirritað, hefði síðar verið breytt, var í héraði heimilaður sönnunareiður. Hæstiréttur taldi ekki mark takandi á staðhæfingu K um fölsun skjalsins, þar eð hvorki útlit þess né annað benti til slíks, og nafngreindur hæstaréttarlögmaður kvaðst hafa samið það og tjáði K hafa undirritað það í sinni viðurvist. Eiðsheimildin var því felld niður 220

A hafði að miklu leyti komið fram sem umboðsmaður B við samningsgerð gagnvart D. Út af samningnum risu málaferli milli B og D, og kom A fyrir dóm sem vitni í málinu. Umboðsmaður D mótmælti því, að A staðfesti vætti sitt, þar eð hann væri of mikið við málið riðinn. Ekki þótti vera sýnt fram á, að afstaða A til málsins væri slík, að hún ætti að vera því til fyrirstöðu, að A fengi að staðfesta vætti sitt með eiði eða drengskaparheiti 263

Skaðabótaskylda A gagnvart hlutafélagi nokkru, sem hann hafði gert samning fyrir, er hlutafélagið taldi ganga lengra en umboð hans heimilaði, viðurkennd í héraði, ef forstjóri hlutafélagsins synjaði fyrir það með eiði, að hann hefði

Bls.

fallizt á, að tiltekið ákvæði mætti vera í samningnum. Í hæstarétti var eiðurinn felldur niður og skaðabótaskyldan viðurkennd skilyrðislaust 287

Bifreiðarslys hafði orðið við ræsi á þjóðvegi, og þótti umbúnaður þess hafa verið viðsjárverður. Rannsóknardómari yfirheyrði verkstjórann, sem réð þessum umbúnaði, einungis sem vitni og eiðfesti hann þegar í fyrsta þinghaldi. Annan mann, sem unnið hafði að verkinu, yfirheyrði dómarinn einnig að eins sem vitni og tók eið af honum. Var þetta átalið í hæstarétti, þar eð borið hefði að taka skýrslur af mönnum þessum með það fyrir augum, að umbúnaður ræsisins kynni að varða þá refsingu 350

Eignarréttur.

Talið, að tunnur, sem bátverjar á vélbát nokkrum fundu á reki á hafi úti, hefðu verið eigandalausar. Bátverjar þeir, sem slógu eign sinni á tunnurnar, voru því sýknaðir af ákæru fyrir brot gegn 26. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 30

Ónothæfur bifreiðargarmur hafði verið skilinn eftir í nánd við hús eitt í úthverfi Reykjavíkur. Ekki var talið rétt að líta svo á, að bifreið þessari hefði verið fleygt, þar eð verðmæti hennar var töluvert og hún á þeim stað, sem óeðlilegt var, að bifreiðum væri fleygt á 132

Einkaleyfi.

Þann 16. nóvember 1934 sótti A um einkaleyfi á nýrri aðferð við múrhúðun húsa, er hann hafði uppgötvað árið 1933. Lét hann það ár múrhúða tvö stórhýsi með aðferð sinni, án þess að leyndar væri gætt um aðferðina við framkvæmd verksins. Síðar á því ári og á næsta ári voru svo nokkur hús múrhúðuð með aðferð A, án þess að hann ætti þar hlut að, og var enn engrar leyndar gætt um aðferðina. A var síðan veitt einkaleyfi á aðferð þessari árið 1939 eftir endurnýjaða umsókn. Í máli, sem A höfðaði á hendur B til greiðslu endurgjalds fyrir notkun aðferðarinnar, komst hæstiréttur að þeirri niðurstöðu, að áður en A sótti um einkaleyfið, hefði uppgötvun hans verið almenningi til sýnis með þeim hætti, að þeir menn, er vit höfðu á, gátu hagnýtt sér hana. Hefðu því skilyrði 1. gr. 4. tl. laga nr. 12/1923 til að veita einkaleyfi á aðferðinni ekki verið fyrir hendi 269

Embættismenn. Sjá dómarar.

Bls.

Endurgreiðsla.

Á árinu 1942 seldi H ísvarinn fisk til Bretlands. Hafði togari hans veitt fiskinn hér við land og flutt hann sjálfur út. H var krafinn ýmissa opinberra gjalda af andvirði fisksins, og voru þau miðuð við söluverð hans í Bretlandi að frádregnum beinum kostnaði við ferð togarans út, eins og hann var áætlaður af hálfu ríkisvaldsins.

Gjöld þessi voru:

I. Útflutningsgjald samkv. lögum nr. 63/1935.
II. Útflutningsgjald samkv. lögum nr. 98/1941.
III. Fiskveiðasjóðsgjald samkv. lögum nr. 47/1930.
IV. Fiskimálasjóðsgjald samkv. lögum nr. 75/1937.
V. Útflutningsnefndargjald.
VI. Viðskiptanefndargjald.

H taldi, að á tímabilinu frá 1. jan. til 30. júní ofangreint ár hefði borið að miða gjöld þessi við „fob" verð hins útflutta fisks togarans, eins og það var samkvæmt samningi ríkisstjórnarinnar við matvælaráðuneytið brezka, gerðum 5. ágúst 1941, en frá 1. júlí 1942 til loka þess árs við „fob" verð í samningi ríkisstjórnarinnar við sölustjórn landbúnaðarafurða Bandaríkjanna frá 27. júní 1942. Krafðist H, sem greitt hafði gjöldin eins og krafizt var, endurgreiðslu á því, sem hann taldi sig hafa ofgreitt. Talið var, að útflytjanda, sem selur vörur á útlendum sölustað, beri að greiða gjöld þessi af söluverði vörunnar þar, að frádregnum þeim kostnaði, er í lögum nr. 63/1935 greinir. Var krafa H um endurgreiðslu því ekki tekin til greina .. 161

A seldi K notaða bifreið eftir að hafa átt hana í 3 daga. K greiddi þegar 18000.00 kr. af kaupverðinu, en gaf út víxla fyrir eftirstöðvum þess, 13000.00 kr. Mánuði síðar greiddi K 1000.00 kr. af víxlunum. Bifreiðin reyndist ekki vel, og tæpum 2 mánuðum eftir kaupin varð það að samkomulagi með aðiljum, að A tæki aftur við henni. Ritaði þá K á hinn upphaflega kaupsamning, að hann „afsalaði" bifreiðinni til A gegn afhendingu víxla þeirra, sem hann átti þá ógreidda af kaupverðinu, og ætti enga frekari kröfu á hendur A um greiðslu kaupverðs fyrir bifreiðina. Síðar höfðaði K mál á hendur A til endurgreiðslu þeirra 19000.00 kr., sem hann hafði greitt honum. Staðhæfði hann, að yfirlýsingin um, að hann ætti enga frekari kröfu á hendur A, væri fölsuð. Kröfu K var hrundið. Hann hafði skoðað bifreiðina, áður en kaupin fóru fram, og ekkert þótti benda til þess, að A hefði þá verið kunnugt um galla á henni. Síðan hafði K ekið bifreiðinni í rúman mánuð, áður en hann hafði, svo sannað væri, kvartað um galla á

Bls.
henni. Þótti K því ekki hafa rétt til að rifta kaupið samkv. 52. gr. laga nr. 39/1922 og krefjast endurgreiðslu. Sannað var, að K skilaði bifreiðinni í lakara ásigkomulagi en hún var í, er hann fékk hana, og var því eigi unnt að dæma honum endurgreiðslu samkv. 36. gr. laga nr. 7/1936. Loks þótti ekkert benda í þá átt, að yfirlýsingin hefði verið fölsuð. En af henni leiddi, að K gat ekki krafið A um neinn hluta þess andvirðis, sem A fékk síðar fyrir bifreiðina, en hana seldi hann aftur nokkru hærra verði en K hafði átt ógreitt af kaupverði hennar 220
A leigjandi og B leigusali höfðu komið sér saman um hækkun þeirrar húsaleigu, sem A greiddi B, en eigi var hin breytta leigufjárhæð borin undir húsaleigunefnd. Að síðustu greiddi A einnig vísitöluálag á hina nýju húsaleigu. Eftir að A síðar flutti úr húsinu, höfðaði hann mál á hendur B til endurgreiðslu þeirrar fjárhæðar, er hann hafði greitt umfram þá leigu, sem samið hafði verið um í öndverðu. Með skírskotun til 6. sbr. 13. gr. laga nr. 39/1943 var krafan tekin til greina 316
Útsvar, sem kært var til lækkunar, en síðan greitt að fullu, áður en úrskurður ríkisskattanefndar um fjárhæð þess var kunnur, talið endurkræft, að því leyti sem það var lækkað, sbr. 27. gr. laga nr. 106/1936, þótt ekki væri gerður sérstakur fyrirvari þar að lútandi, þegar greiðslan fór fram 375
A hafði talið sig heimilisfastan í B hreppi og greitt þar útsvar árum saman, enda þótt hann ætti í raun og veru heimili í Reykjavík. Árið 1943 var í fyrsta skipti lagt útsvar á A í Reykjavík, en jafnframt var sem fyrr lagt útsvar á hann í B hreppi. Þegar oddviti B hrepps krafði A um greiðslu útsvarsins í október 1943, tjáði A honum, að nú væri sér gert að greiða útsvar í Reykjavík, en oddvitinn taldi, að það mundi verða fellt niður, er hann sýndi skilríki fyrir greiðslu útsvars í B hreppi. Samþykkti A þá að greiða útsvarið. Nokkru síðar úrskurðaði fógetadómur Reykjavíkur, að A bæri að greiða útsvar þar. Höfðaði A þá endurgreiðslumál á hendur B hreppi. Krafa hans var tekin til greina, þar eð A virtist hafa samþykkt að greiða útsvarið í B hreppi vegna staðhæfingar oddvitans um það, að útsvarið í í Reykjavík mundi verða fellt niður 377
Ýmis opinber gjöld, þar á meðal útsvar, sem A hafði greitt til kaupstaðar nokkurs, þar sem hann var ekki útsvarsskyldur í raun og veru, voru ekki talin endurkræf, þar eð A hafði talið heimilisfang sitt í kaupstaðnum og greitt fjárhæðir

Bls.

þær, sem hann vildi endurheimta, umyrða- og fyrirvaralaust, að því er séð varð 400

Erfðaleiga. Sbr. ábúð.

A hafði selt Jarðakaupasjóði ríkisins jörð sína R og ætlaði síðan að taka hana á erfðaleigu. A vildi þó ekki ganga að skilmálum þeim, sem honum voru settir fyrir erfðaleigunni, og undirritaði því ekki byggingarbréf þar að lútandi. A bjó síðan á jörðinni byggingarbréfslaus, unz hann andaðist. Eftir það var jörðin byggð H. Höfðaði sonur A þá mál og krafðist erfðaábúðar á jörðinni fyrir sig og niðja sína svo og ógildingar byggingarbréfs H. Krafan var ekki tekin til greina, þar eð A hafði ekki, er hann andaðist, tekið jörðina á erfðaleigu. Gátu erfingjar hans því ekki krafizt slíks réttar 193

Eigandi jarðar, sem selur hana Jarðakaupasjóði ríkisins, á rétt á erfðaleigu á henni, ef hann hefur sjálfur verið ábúandi hennar, þegar salan fór fram 193

Fasteignir. Sbr. landamerkjamál.

A hafði reist íbúðarskúr við götu í Reykjavík án leyfis byggingarnefndar. Talið var, að stjórnvöld bæjarins hefðu getað fjarlægt íbúðarskúr þenna, þegar þeim sýndist. Þau veittu A 5 ára frest til að rífa hann eða flytja hann burtu. Að þeim tíma liðnum var réttur þeirra talinn óbreyttur, frá því, sem hann var í öndverðu 113

Veðhafi í fasteign, sem seld er á nauðungaruppboði, á ekki rétt á útlagningu sér til handa, nema hann sé sjálfur uppboðsbeiðandi, enda sé öðrum lögmæltum skilyrðum fullnægt 168

Félög. Sjá stéttarfélög.

Firma.

J var eigandi verzlunar, sem var skráð í firmaskrá á nafninu Verzlunin H. Hann hafði tekið húsnæði handa verzluninni á leigu í sjálfs sín nafni og húsaleigukvittanir voru skráðar á hans nafn. Eftir andlát J héldu erfingjar hans því fram, að Verzlunin H væri raunverulegur leigjandi húsnæðisins og að leiguréttur inn fylgdi henni til þeirra, sem eignuðust hana. Á þetta var ekki fallizt. Afstaða J gagnvart leigusala var talin hin sama og um hvert annað húsnæði, er hann hefði haft á leigu til eigin afnota, enda bjó hann sjálfur í nokkrum hluta húsnæðisins 258

Bls.

Fiskveiðabrot.

Varðskip tók togara, sem var að botnvörpuveiðum út af Vík í Mýrdal. Reyndist togarinn hafa verið 0.7 sm. innan landhelgislínu, er hann var stöðvaður. Skipstjóri togarans, sem játaði brot sitt, var dæmdur sekur við lög nr. 5/1920, sbr. lög nr. 4/1924 415

Varðskip tók togara, sem var að botnvörpuveiðum út af Kötlutanga. Reyndist togarinn hafa verið 0.6 sjómílur innan landhelgislínu, er hann var stöðvaður. Skipstjóri togarans, sem neitaði að hafa verið innan landhelgislínu, en játaði að hafa verið að botnvörpuveiðum, var dæmdur sekur við lög nr. 5/1920, sbr. lög nr. 4/1924 424

Fjárnám. Sjá fógetagerðir.

Fjársvik.

A kveikti ölvaður í óvátryggðum íbúðarskúr, sem hann átti sjálfur. Þar eð lausafé, sem hann átti þar, var einnig óvátryggt, lá enginn auðgunartilgangur til grundvallar íkveikjunni. A var því sýknaður af ákæru fyrir brot gegn 26. kafla hegningarlaganna nr. 19/1940 183

Þrír menn hjálpuðust að við að ginna fé út úr manni nokkrum í Reykjavík á þann hátt, að einn þeirra lézt ætla að selja honum vörur, er hann sagðist hafa komið með frá Englandi, en kvað sig skorta fé til að greiða af þeim toll. Var sá þeirra dæmdur sekur við 248. gr. laga nr. 19/1940, en hinir tveir við sömu gr. sbr. 22. gr. sömu laga 392

Flutningsstarfsemi.

Bifreiðarstjórafélagið H hafði haustið 1945 ákveðið allmiklu hærri gjaldskrá fyrir leigubifreiðar til mannflutninga en í gildi hafði verið undanfarandi. Hin nýja gjaldskrá var ekki samþykkt af viðskiptaráði. Af þessum sökum var hún metin ógild, þar eð ákvörðun félagsins um hana var ekki talin undanþegin valdsviði viðskiptaráðs samkvæmt niðurlagsákvæði 1. gr. l. nr. 3/1943. Félagsmaður í H, sem kærður var fyrir að taka fargjald samkvæmt hinni nýju gjaldskrá, var því dæmdur fyrir brot á 7. gr. sömu laga 74

Fógetagerðir. Sbr. dómarar, innsetningargerðir, útburðargerðir.

Málsmeðferð fyrir fógetadómi ómerkt, þar eð ekki var gætt fyrirmæla 105., 106. og 109. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð málsins, sbr. 223. gr. sömu laga 71

Í fógetadómsmáli til heimtu skatts varði gerðarþoli sig með því, að reglugerðarákvæði það, sem álagning skattsins var reist á, hefði ekki stoð í lögum. Fógeti gekk fram hjá

Bls.

þessari varnarástæðu án rannsóknar. Var þetta brot á 193. gr. laga nr. 85/1936. Mál þetta hafði fógeti tekið til úrskurðar, eftir að gerðarþoli hafði lagt í dóm greinargerð með nokkrum fylgiskjölum, án þess að gerðarbeiðanda gæfist færi á að taka til andsvara. Af þessum ástæðum var úrskurður fógetadóms ómerktur og málinu vísað heim í hérað till löglegrar meðferðar 106

Í fógetadómsmáli til heimtu útsvars, sem pöntunarfélagi var gert að greiða, varði gerðarþoli sig með því, að hann væri ekki útsvarsskyldur, þar eð félagið skipti að eins við félagsmenn sína. Af hálfu gerðarbeiðanda var hins vegar talið, að félagið seldi vörur á svipaðan hátt og verzlanir. Fógeti leiðbeindi ekki aðiljum, sem voru ólöglærðir, og kvaddi þá ekki fyrir dóm til þess að skýra málið nægjanlega. Var þetta brot á 114. gr. l. nr. 85/1936, sbr. 223. gr. sömu laga. Úrskurður fógeta var því ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar 130

Gerðarbeiðandi í útburðarmáli krafðist þess, að gerðarþola yrðu óheimiluð afnot hins umdeilda húsnæðis frá tilgreindum degi að telja, sem var liðinn. Fógetarétturinn var ekki talinn bær um að úrskurða um annað en það, hvort útburðargerð sú, sem um var beðið, skyldi fara fram 258

Fógetadómur talinn bær að úrskurða um, hvort veita skyldi leigjanda í húsi, sem eigandinn bjó einnig í, aðgang að hitastillum hússins 434

Fógeti átalinn fyrir vangæzlu á 109. gr., sbr. 223. gr. laga nr. 85/1936 437

Foreldrar og börn.

M sagði leigjanda, L, í húsi sínu upp húsnæði, sökum brýnnar þarfar sonar síns til íbúðar. L mótmælti uppsögninni með þeim rökum, að M, sem fékk húsið að erfðum eftir móður sína á árinu 1943, hefði ekki eignazt það fyrir þann tíma, sem tilskilinn er í 1. gr. laga nr. 39/1943. Þar eð móðir M hafði eignazt húsið fyrir hinn tilskilda tíma, var uppsögnin metin gild samkvæmt lögjöfnun frá áðurnefndri lagagrein 437

Framfærslulög.

Í máli til greiðslu sjúkrahússkostnaðar þurfalings greindi aðilja á um það, hvernig skýra bæri 13. gr. l. nr. 52/1940, en á því valt, hvort skylda til meðlagsgreiðslu með þurfalingnum hvíldi á hreppnum H eða hreppnum F, en hvor þeirra um sig taldi framfærsluskyldu þurfalingsins hvíla á hinum hreppnum. Slíkan ágreining milli hrepps-

Bls.

félaga bar að úrskurða af stjórnvöldum þeim, sem greind eru í 81. gr. laga nr. 52/1940. Þar eð þau höfðu ekki lagt úrskurð á það atriði, var hreppur sá, sem sóttur var til greiðslunnar, sýknaður að svo stöddu 126

Frávísun.

A átti hús í kaupstaðnum V. Skipulagi kaupstaðarins var breytt í nágrenni hússins, og taldi A það hafa orðið fyrir verðrýrnun af þeim sökum. Höfðaði hann því mál gegn kaupstaðnum til greiðslu skaðabóta. Mat til að sannreyna tjónið lét A þó ekki fara fram, áður en málið var tekið til dóms í héraði, þrátt fyrir ábendingu héraðsdómara. Eigi var heldur lagður fram skipulagsuppdráttur né aðrir uppdrættir af afstöðu á svæði því, sem um var að ræða. Af þessum sökum m. a. var dómur undirréttarins ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi 120

A hafði tekið hluta af bifreið G að ófrjálsu. Tveir menn voru skipaðir til þess að meta tjón G vegna töku hlutanna, og í refsimáli gegn A krafðist G bóta í samræmi við matið. Þar eð A mótmælti matinu og matsmennirnir höfðu ekki staðfest það fyrir dómi, var skaðabótakröfu G vísað frá dómi 132

A, sem stefnt var til greiðslu skuldar, krafðist þess, að tilteknum kröfuliðum væri vísað frá dómi í héraði, þar eð þeir væru ekki nægjanlega sundurliðaðir og málsútlistun að því leyti ófullnægjandi. Frávísunarkrafan var ekki tekin til greina, þar eð reikningarnir þóttu nógu greinilegir til þess, að A gæti borið fram gagnrýni á þeim 135

A hlaut kjálkabrot af höggi, sem hann taldi B hafa veitt sér. Höfðaði hann því mál á hendur B, þar sem hann krafðist þess m. a., að B yrði dæmd refsing samkvæmt 217. gr. laga nr. 19/1940. Hæstiréttur leit svo á, að áverkinn mundi vera slíkur, sem 218. gr. sömu laga greinir, og á þá ríkisvaldið sókn sakar. Hæstiréttur vísaði því refsikröfunni frá héraðsdómi að svo stöddu 147

A og B, sem áttu hús í sameign, gerðu samning um skipti þess á milli sín til umráða og afnota. B sagði síðan D upp íbúð, er hann hafði haft á leigu í þeim hluta hússins, sem B fékk til umráða með samningnum. Í máli, sem út af þessu reis, vísaði héraðsdómari gagnsök, sem B höfðaði til staðfestingar uppsögninni, frá dómi með skírskotun til 46. gr. laga nr. 85/1936, þar eð A hefði ekki tekið þátt í málsókninni. Hæstiréttur felldi frávísunardóminn úr gildi, þar eð B hefði með fyrrnefndum samningi m. a. fengið heimild sameiganda síns til þess að koma einn fram gagnvart þriðja

Bls.
manni um notkun þess hluta hússins, sem hann fékk til afnota 406
Í refsimáli gegn K út af akstri bifreiðar með áhrifum áfengis kom fram skaðabótakrafa á hendur honum fyrir skemmdir á bifreiðinni. Héraðsdómari taldi kröfuna ekki nægjanlega rökstudda og vísaði henni frá dómi 460

Frestir.

Kærumáli um málskostnað í héraði frestað ex officio í hæstarétti samkvæmt lögjöfnun frá 117. gr. laga nr. 85/1936, þar eð gagnaðili kæranda áfrýjaði málinu í heild sinni 160
Máli um einkaleyfi frestað ex officio í hæstarétti samkvæmt analogiu 120. gr. l. nr. 85/1936 og aðiljum veittur kostur á að afla skýrslna um nokkur tiltekin málsatriði 171
Úrskurður um 7 vikna frest til handa stefnda í héraði, í því skyni að afla skýrslna frá Svíþjóð, staðfestur í hæstarétti 213
Fógetadómsmáli frestað ex officio í hæstarétti samkv. lögjöfnun frá 120. gr. laga nr. 85/1936, og lagt fyrir fógeta að kveðja aðilja fyrir dóm og beina til þeirra spurningum um ýmis atriði 215
Máli um skuldaskipti frestað í hæstarétti samkvæmt lögjöfnun frá 120. gr. laga nr. 85/1936 og lagt fyrir héraðsdómara að beina því til aðilja að afla skýrslna um tiltekin málsatriði 295
Úrskurður, þar sem stefnda í héraði var synjað um framhaldsfrest, eftir að honum hafði verið veittur 7 vikna frestur til að afla gagna frá Svíþjóð, staðfestur í hæstarétti 307
Máli um riftun á gerningi manns, er var látinn, frestað ex officio í hæstarétti og lagt fyrir héraðsdómarann að leita frekari skýrslna 315
Kærumáli, þar sem hvorugur aðilja sendi hæstarétti greinargerð, frestað og aðiljum veittur kostur á að flytja málið skriflega samkvæmt 3. mgr. 199. gr. laga nr. 85/1936 322
Úrskurður, þar sem stefnda í héraði var neitað um frest til að leiða vottorðsgefanda í málinu fyrir dóm, staðfestur í hæstarétti, þar eð til þess hafði þegar gefizt ærinn tími og tilefni 348

Fundið fé.

Talið, að tunnur, sem bátverjar á vélbát nokkrum fundu á reki á hafi úti, hefðu verið eigandalausar. Bátverjar þeir, sem slógu eign sinni á tunnurnar án þess að tilkynna yfirvöldum fund þeirra, voru því sýknaðir af ákæru eftir 26. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 30

Bls.

Fyrning.

Sjóveðskrafa fyrir kaupgjaldi skipverja fyrnd, þar eð meira en eitt ár leið frá því að starfstíma sjómannsins lauk þar til mál var höfðað til greiðslu kaupsins 456

Gagnsakir. Sjá málasamlag.

Gáleysi. Sjá saknæmi.

Geymsla.

Í nóvember 1941 tók A vélbátinn F á skipasmíðastöð sína. Átti viðgerð að fara fram á honum, og var umsamið, að eigandinn, B, skyldi greiða A 500.00 kr. fyrir uppsátur og geymslu bátsins til 1. júlí 1942. Viðgerð á bátnum fórst fyrir, en hann var áfram á skipasmíðastöð A. Síðar krafðist A geymslugjalds fyrir bátinn af B, 15.00 kr. fyrir hvern dag frá júnílokum 1942 þangað til í október 1943, að B seldi bátinn. Var krafa þessi í samræmi við ákvörðun verðlagsstjóra um geymslugjald fyrir báta af sömu stærð og v/b F. B vildi hins vegar að eins greiða geymslugjald í hlutfalli við það, sem um var samið í upphafi. Hæstiréttur taldi ekki rétt að leggja gjaldákvörðun verðlagsstjóra til grundvallar, þar eð A hafði ekki gert B aðvart um, að hann mundi krefjast slíks gjalds eða B yrði ella að hirða bátinn. Eigi var heldur talið rétt að miða við hið upphaflega samkomulag, þar eð þá var gert ráð fyrir, að A gerði við bátinn og hefði ágóða af því. Hæstiréttur dæmdi A því þóknun, sem hann taldi sanngjarna þegar þess var gætt, að A hlaut að bera ábyrgð geymslumanns á bátnum 157

Gjafsókn. — Gjafvörn.

Gjafvarnarhafi fyrir hæstarétti vinnur mál sitt. Andstæðingum hans gert að greiða málflutningslaun skipaðs talsmanns hans fyrir hæstarétti 139

Stefnandi máls hafði fengið gjafsókn í héraði og lagt gjafsóknarleyfið fram í þinghaldi í málinu. Við munnlegan flutning málsins minntist hann þó ekki á gjafsóknarleyfið og hann greiddi öll réttargjöld, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál. Hann vann málið. Honum var dæmdur málskostnaður, eins og ekkert gjafsóknarleyfi lægi fyrir 139

Gjafsóknarhafi tapar máli. Málskostnaður látinn falla niður, en málflutningslaun talsmanns hans dæmd á ríkissjóð 338

Greiðsla.

A, sem stefnt var til greiðslu skuldar, hafði ekki kannazt við skyldu sína til að greiða þá fjárhæð, sem dæmd var í hér-

Bls.

aði, fyrr en í greinargerð, sem lögð var fram í málinu, en ekki bauð hann þá fram greiðslu þess fjár. Í héraði var málskostnaður látinn falla niður, en það var kært til hæstaréttar, sem dæmdi A til greiðslu málskostnaðar .. 465

Gripdeild.

Bifreiðargarmur, sem var óskráður og ónothæfur, stóð nálægt íbúðarhúsi utan aðalbyggðarinnar í Reykjavík. A, sem vantaði m. a. hús á bifreið sína, fékk vitneskju um þessa bifreið. Reyndi hann fyrst að hafa upp á eiganda hennar, en er það tókst ekki, fór hann við annan mann þangað sem bifreiðargarmurinn var, og skáru þeir yfirbyggingu hennar yfir þvert með logsuðutækjum. Höfðu þeir síðan framhlutann á burt með sér. Í refsimáli út af töku þessari, hélt A því fram, að hann hefði haldið, að bifreiðinni hefði verið fleygt, en ekki var talið, að honum hefði verið rétt að líta svo á, þar eð verðmæti hennar var töluvert og hún á þeim stað, sem óeðlilegt var að slíkum hlutum væri fleygt á. A var því dæmdur til refsingar skilorðsbundið fyrir brot á 245. gr. laga nr. 19/1940 132

Gæzluvarðhald.

Gæzluvarðhald látið koma til frádráttar refsivist 26, 183

Skilyrði ekki talin vera fyrir hendi til þess að láta gæzluvarðhald koma til frádráttar dæmdri refsivist 52

Haldsréttur.

Í máli til heimtu geymslugjalds fyrir vélbát nokkurn var krafizt viðurkenningar á haldsrétti fyrir geymslugjaldinu. Áður en málið var dæmt í héraði, eyðilagðist vélbáturinn af völdum bruna. Þótti því ekki ástæða til að taka haldsréttarkröfuna til greina 157

Heilbrigðislöggjöf.

Framkvæmdastjóri hlutafélags dæmdur sekur um brot á heilbrigðislöggjöf kaupstaðarins Í fyrir óheimila meðferð á fiskúrgangi 412

Heimilisfang.

A hafði allt árið 1942 og fram til 14. maí 1943 haft íbúð á leigu í kaupstaðnum H. Þar hafði hann búföng sín, og þar dvaldist kona hans þenna tíma. Var því talið, að heimilisfang hans hefði verið þar í kaupstað, þegar niðurjöfnun útsvara fór fram árið 1943 110

A fluttist til Reykjavíkur í júlí 1942 og réðst þar fastur starfs-

Bls.

maður hjá atvinnufyrirtæki, sem sá honum fyrir húsnæði þar í bænum. Var þetta óbreytt, þegar útsvör voru lögð á 1943. Hann var því talinn heimilisfastur í Reykjavík á þeim tíma 336

Úrskurður lögreglustjóra um heimilisfang ómerktur sökum margvíslegra galla á meðferð málsins 370

A, sem var skipverji á vélskipi, sem gert var út frá B hreppi, taldi sig á manntalsskýrslum heimilisfastan þar í hreppi, taldi þar fram til skatts og greiddi þar opinber gjöld. Hann var þó talinn heimilisfastur í Reykjavík, þar eð hann var þar búsettur og hafði þar íbúð á leigu, og kona hans og börn dvöldust þar 377

V átti foreldra í kaupstaðnum A og lét skrifa sig hjá þeim árin 1941—1944. Frá því árið 1941 hafði hann verið skipverji á togara, sem gerður var út frá kaupstaðnum H, en þessi ár hafði hann haft herbergi á leigu í kaupstaðnum R og verið þar til húsa oftast, er hann var í landi. Heimilisfang hans talið hafa verið í kaupstaðnum R þessi ár 400

Maður, sem hafði gerzt starfsmaður í atvinnumálaráðuneytinu, talinn með því hafa tekið sér bólfestu í Reykjavík 437

Heimvísun. Sjá ómerking.

Hjólreiðar.

A var á reiðhjóli á leið niður Laugaveg í Reykjavík. Rakst hann þá á B, er gekk snögglega út á akbrautina til þess að taka upp böggul, er hann var að leita að og sá, að lá á akbrautinni. Engin önnur umferð var á veginum. B féll á götuna og meiddist mikið. Talið var, að A og B ættu báðir sök á slysinu. A hafði séð B ganga út á götuna nokkru áður en áreksturinn varð, en hafði samt eigi dregið úr hraða reiðhjólsins, svo að hann gæti stöðvað það þegar í stað. Eigi gaf hann heldur hljóðmerki. Hins vegar hafði B farið út á akbrautina og staðnæmzt þar til að taka böggulinn upp án þess að gæta vel að farartækjum, er þar kynnu að vera á ferð. Sökinni var því skipt. A látinn bera ⅔ hluta hennar, en B ⅓ 79

Hjón.

Maður nokkur, sem stefnt var til greiðslu skaðabóta út af áverka, sem hann hafði veitt giftri konu, vildi draga frá dómkröfu hennar fjárhæð nokkra, sem hann taldi sig eiga hjá eiginmanni konunnar. Sú krafa var ekki tekin til greina gegn mótmælum konunnar 147

Tekjur, sem hjón afla á giftingarárinu, en áður en þau ganga

Bls.

í hjónaband, ber ekki að telja fram sameiginlega til skattgjalds 372

Hjón skiptu fjármunum sínum sökum fyrirhugaðs skilnaðar að borði og sæng. Þau deildu m. a. um eignarrétt að húsi nokkru. Ekki var talið sannað, að það hefði verið fengið fyrir séreign konunnar, eins og hún hélt fram. Tveir kaupmálar, sem hjónin höfðu gert sín á milli, voru metnir gildir, þrátt fyrir andmæli mannsins, sem hélt því fram, að þeim hefði ekki verið ætlað að gilda milli þeirra hjónanna. En samkvæmt kaupmálanum voru ýmsir þar greindir munir, m. a. heiðursverðlaun, er manninum höfðu verið gefin, séreign konunnar 388

Hlutdeild.

Tveir menn aðstoðuðu þriðja manninn við að ginna fé út úr manni nokkrum. Var þeim dæmd refsing fyrir brot á 248. gr. sbr. 22. gr. laga nr. 19/1940 392

Héraðsdómslögmaður dæmdur í sekt samkvæmt 3. mgr. 34. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 22. gr. laga nr. 19/1940 analogice, fyrir hlutdeild í rangri meðferð máls í héraði .. 444

Holræsi. Sjá skaðabætur.

Húsaleiga. Húsaleigulög.

Snemma á árinu 1943 hafði G, sem þá bjó í Vestmannaeyjum, leitað eftir kaupum á íbúð í húsi, sem var í smíðum í Reykjavík. Þann 20. júlí s. á. var gerður skriflegur kaupsamningur um íbúðina. Viku áður hafði G. sótt um leyfi húsaleigunefndarinnar í Reykjavík til þess að taka sér þar bólfestu í húsi, sem hann mundi kaupa, en því var synjað. Síðar um sumarið endurnýjaði G umsókn sína, en var aftur synjað. Þrátt fyrir það flutti G sig búferlum til Reykjavíkur í september s. á. og í húsnæði það, sem hann hafði keypt. Í byrjun maí 1944 krafðist húsaleigunefndin í Reykjavík þess, að G yrði borinn út úr húsnæðinu. Með skírskotun til 3. mgr. 3. gr. laga nr. 39/1943 var krafa þessi tekin til greina, þar eð ekki var sannað, að samningar um kaupin hefðu verið komnir á fyrir gildistöku þeirra laga 22

B tók húsnæði á leigu til tveggja ára og greiddi samtímis 10200 kr. til umráðamanns húseignarinnar, A. Um leigumálann var gerður skriflegur samningur, og var leigan þar talin 200 kr. á mánuði, en samtímis gaf A B kvittun fyrir 5400 kr., sem taldar voru greiðsla á gamalli skuld. Þetta átti sér þó enga stoð í veruleikanum. Fyrir dómi

Bls.

taldi A þetta hafa verið þóknun til sín fyrir útvegun húsnæðisins, en B og kona hans báru, að um húsaleigu hefði verið að ræða. Einsætt þótti að hafa það fyrir satt. Leigumálinn hafði ekki verið lagður fyrir húsaleigunefnd og mat hafði ekki farið fram á hinu leigða húsnæði. A var dæmdur sekur um brot á 11. sbr. 17. gr. laga um húsaleigu nr. 39/1943 52

Þ tók húsnæði á leigu til 19½ mánaðar hjá umráðamanni sama húss (A) og greiddi honum samtímis 3900.00 kr., en í húsaleigusamningnum var leigan að eins talin 100 kr. á mánuði. A hélt því enn fram gagnstætt skýrslu Þ, að hinn hluti greiðslunnar hefði verið þóknun til sín fyrir útvegun húsnæðisins. Þetta voru taldar vífilengjur einar. Eftir brottflutning Þ mat húsaleigunefnd hæfilega grunnleigu húsnæðisins kr. 70.00 á mánuði. Brotið, sem var framið fyrir gildistöku laga nr. 39/1943, en dæmt eftir gildistöku þeirra, talið varða við 6. sbr. 11. gr. laga um húsaleigu nr. 106/1941, sbr. 11. sbr. 17. gr. húsaleigulaga nr. 39/1943 52

A gerði leigusamning um húsnæði við D. Úr því varð þó ekki, að D flytti í húsnæðið, og A endurgreiddi leigu, sem D hafði greitt fyrirfram. Leigumálinn hafði ekki verið lagður fyrir húsaleigunefnd, og var A því talinn hafa brotið 11. sbr. 17. gr. laga nr. 39/1943 52

A hafði haft íbúð á leigu í nærfellt 20 ár og verið skilamaður um greiðslu húsaleigu. Árið 1941 varð B eigandi hússins og tók hann nokkru síðar að gera A erfitt fyrir um leigugreiðslu. A, sem var fjarverandi við starf sitt, fól þá P að annast greiðslu leigunnar. P tilkynnti B, að vegna tregðu hans um viðtöku leigugjaldsins myndi það verða greitt með póstávísunum, en hann gæti vitjað leigunnar til sín, ef hann kysi heldur. Var leigan nú í nokkra mánuði greidd með póstávísunum, en síðar neitaði B að veita þeim viðtöku og krafðist greiðslu beint til sín. Varð þá nokkur dráttur á greiðslu húsaleigu. Þann 16. maí 1944 krafði B konu A um leigu fyrir mánuðina febrúar—maí 1944, en vitjaði ekki greiðslu úr hendi P. Er kona A greiddi ekki leiguna, krafðist B útburðar. Málið kom fyrir fógetadóm 31. maí, og bauð P þá fram leigugreiðslu til mailoka. B tók við henni, að áskildum rétti til útburðar. Hæstiréttur leit svo á, að sá dráttur, sem varð á leigugreiðslu, hefði aðallega stafað af tregðu B, en hvorki átt rót sína í vanvilja né vangetu A til að inna leigugreiðslur réttilega af hendi. Þótti dráttur þessi því ekki eiga að varða útburði 86

B hafði tekið herbergi á leigu hjá A, sem samtímis fékk einkasöluumboð á iðnaðarvarningi, sem B framleiddi. Í fyrri

Bls.

hluta marzmánaðar 1944 kom upp misklíð milli aðilja út af verzlunarviðskiptunum, og urðu þeir sammála um að hætta þeim. Átti B þá 942.00 kr. hjá A út af vörusölunni samkv. reikningi A. Þann 2. marz hafði B fengið 2000.00 kr. að láni hjá A, og var gjalddagi þeirra óákveðinn. Þann 8. maí s. á. vildi B greiða A 400.00 kr. upp í húsaleigu, en A neitaði að veita þeim móttöku, þar eð hann taldi B skulda sér 4 mánaða húsaleigu auk hita og ræstingar, samtals 750.46 kr., og hafa fyrirgert leigurétti sínum. B benti hins vegar á, að hann hefði átt hærri fjárhæð hjá A en skuld þessari nam og neitaði að rýma herbergið. Fógeti taldi B hafa borið að tilkynna A það á gjalddögum leigunnar, ef hann vildi skuldjafna vöruúttekt A við húsaleiguna, og kröfu um skuldajöfnuð því vera of seint framkomna. Hæstiréttur komst að gagnstæðri niðurstöðu og neitaði um útburð, þar eð húsaleiguskuld B hefði numið lægri upphæð, er útburðar var krafizt, en vöruskuld A við B, enda hefði A hvorki krafið B um greiðslu á 2000.00 kr. láninu né yfirleitt farið fram á, að aðiljar gerðu reikningsskil sín í milli 173

Á árinu 1942 hafði A selt B á leigu hæð í íbúðarhúsi ásamt útihúsi til iðnrekstrar. Uppsagnarfrestur var 3 mánuðir. Þann 26. ágúst 1944 sagði A leigunni upp, þar eð hann taldi dóttur sína, sem ætlaði að giftast, þurfa á húsnæðinu að halda. Húsaleigunefnd mat uppsögn þessa gilda, að því er varðaði hæðina í íbúðarhúsinu. Héraðsdómari taldi, að tvö herbergi hæðarinnar mundu nægja dóttur A, bæði með hliðsjón af herbergjaskipun og þegar til þess var litið, að A hafði all rúmgóða íbúð sjálfur. Þegar málið var dæmt í hæstarétti, var dóttir A gift og barnshafandi. Taldi dómurinn því, að henni væri brýn þörf sérstakrar íbúðar. Úr íbúð A yrðu ekki gerðar tvær íbúðir, svo að notum kæmi, og dóttir hennar mundi ekki geta hagnýtt sér hluta af hinni leigðu hæð í sambýli við iðnrekstur B. Var B því með dómi réttarins 23. maí 1945 skyldaður til að rýma hæðina, en þó ekki fyrr en 15. júlí næstan á eftir, þar eð hann þarfnaðist nokkurs ráðrúms til flutnings atvinnurekstrar síns 210

A bjó ásamt konu sinni og 5 börnum, 3, 7, 8, 13 og 14 ára að aldri, í þriggja herbergja íbúð í húsi sínu, og var rúmmál hennar um 56 m³. Hann taldi sig hafa brýna þörf fyrir aukið húsnæði, m. a. vegna þess, að tvö elztu börn hans ætluðu að stunda nám næsta vetur og þyrftu þau sérherbergi til þess, að það væri unnt. Leitt var í ljós, að eitt barnanna ætlaði að stunda nám í kvöldskóla um veturinn, en eigi var sannað, að hin börnin ætluðu að stunda ann-

Bls.

að nám en venjulegt barnaskólanám. — Húsnæði A var að vísu talið lítið, en með tilliti til þess, sem að framan er greint, svo og þess, að A hafði ráðstafað nokkurri íbúðaraukningu í húsi sínu til óviðkomandi fólks, að því er telja varð að nauðsynjalausu, var A ekki talinn hafa svo brýna þörf fyrir aukið húsnæði, að það heimilaði honum að segja B upp húsnæði hans skv. 1. gr. laga nr. 39/1943 .. 245

J, einkaeigandi Verzlunarinnar H, sem var skrásett firma í Reykjavík, andaðist í marz 1944. Hafði hann rekið verzlunina í leiguhúsnæði og búið þar sjálfur í herbergi, sem hann notaði einnig sem skrifstofu. Eftir andlát J taldi leigusalinn, T, leigumálann fallinn úr gildi. Erfingjar þeir, sem fengu verzlunina í sinn hlut, töldu hins vegar firmað hafa verið leigutaka, en ekki J persónulega. Talið var, að J hefði sjálfur verið leigutaki, enda hafði leigusamningurinn í öndverðu verið gerður við hann persónulega, kvittanir fyrir húsaleigugreiðslum verið stílaðar á hans nafn og hann að nokkru leyti notað húsnæðið til íbúðar. Hins vegar var talið, að erfingjarnir hefðu til bráðabirgða getað komið í stað arfláta, meðan verið var að ráðstafa eignum verzlunarinnar á sómasamlegan hátt. En þar eð nægur tími hafði gefizt til þess, var leigumálinn talinn fallinn úr gildi 258

A hafði tekið íbúð á leigu og bjó þar ásamt uppkomnum börnum sínum. Þann 2. febrúar 1945 andaðist A. Í byrjun marz s. á. fór leigusali fram á, að börn hans flyttu úr íbúðinni, en er því var ekki sinnt, krafðist hann útburðar. Hæstiréttur taldi, að börnin hefðu átt rétt á 3 mánaða uppsagnarfresti til venjulegs flutningsdags, eða til 1. október 1945. Þar eð hvorki vanskil á leigugreiðslu né slæm umgengni, sem útburðarkrafan var einnig byggð á, voru sönnuð, var synjað um útburð 292

A hafði tekið verzlunarhúsnæði á leigu í húsi einu í Reykjavík árið 1936. Í marz 1941 keypti B húsið. Á miðju því ári varð samkomulag milli A og B um töluverða leiguhækkun frá því sem um hafði verið samið í upphafi, en eigi var hin breytta leigufjárhæð borin undir húsaleigunefnd Reykjavíkur. Síðar greiddi A einnig vísitöluálag á hina nýju húsaleigu. Síðla árs 1944 flutti A úr húsinu samkvæmt samkomulagi við B. Skömmu síðar höfðaði A mál á hendur B til endurgreiðslu þeirrar fjárhæðar, sem hann hafði greitt honum í húsaleigu umfram leigu þá, sem um hafði verið samið 1936, þar á meðal vísitöluálagsins. Með skírskotun til 6. sbr. 13. gr. laga nr. 39/1943 var krafan tekin til greina, þar eð skilyrðum þeim, sem

Bls.

þau lög setja fyrir leiguhækkun og vísitöluálagi, hafði ekki verið fullnægt 316

Haustið 1941 tók A þriggja herbergja íbúð á leigu í húsi B í Reykjavík. Fékk A þá til afnota lítinn geymsluskáp í kjallara hússins, en til þess að komast að geymslu þessari, þurfti að ganga í gegnum þrennar dyr. Lykil að skáp þessum eða geymslu fékk A í hendur. Haustið 1944 tók B að læsa dyrum þeim, sem ganga þurfti í gegnum, til þess að komast að geymsluskápnum. Krafðist A þess þá, að sér yrði veittur aðgangur að honum með innsetningargerð. Þar eð A hafði haft skáp þenna til afnota og lykil að honum í sínum vörzlum, frá því hann flutti í húsið, og skápur þessi var eina geymslan, sem íbúðinni fylgdi, var krafan tekin til greina 418

A var leigjandi í húsi B í Reykjavík. Í húsinu var kolamiðstöð, er A flutti í það, en eftir að hitaveitan var lögð í Reykjavík, var húsið hitað með vatni frá henni. Taldi A íbúð sína eftir það ekki vera hitaða nægjanlega og krafðist með innsetningargerð aðgangs að herbergi því, sem heitavatnsstillarnir voru í, til þess að geta ráðið sjálfur, hversu miklu heitu vatni væri hleypt á miðstöðvarkerfi hússins. Þegar af þeirri ástæðu, að A hafði ekki fært sönnur á, að B hefði látið honum í té óhæfilega lítinn hita, var krafan ekki tekin til greina 434

G, sem átti húseign í Reykjavík, andaðist haustið 1942. Við lok búskipta á árinu 1943 fékk S, dóttir G, helming hússins í sinn hlut. Í húsi þessu hafði Ó tvö herbergi og eldhús á leigu. Í ársbyrjun 1945 taldi S sig þurfa á íbúð Ó að halda fyrir son sinn, Þ, sem þá hafði stofnað heimili og var húsnæðislaus. Sagði S því Ó upp íbúð hans. Ó mótmælti uppsögninni m. a. með þeim rökum, að S hefði ekki eignazt húsið fyrir 9. september 1941, sbr. 1. gr. laga nr. 39/1943. En þar eð G, móðir S, hafði eignazt húsið fyrir framangreindan tíma, þótti S samkvæmt lögjöfnun frá áðurnefndri lagagrein hafa heimild til að segja Ó upp húsnæðinu vegna brýnnar þarfar sonar síns til íbúðarinnar 437

Einn af dómendum hæstaréttar taldi orðið „eignazt“ í nefndri lagagrein, ekki tákna færslu eigna milli aðilja fyrir erfð 437

Í sama máli var því mótmælt af Ó, að Þ væri löglegur íbúi í Reykjavík, og væri því óheimilt að segja upp húsnæði honum til handa. En þar sem Þ hafði, áður en uppsögnin fór fram, gerzt starfsmaður í atvinnumálaráðuneytinu, var talið, að hann hefði þar með tekið sér bólfestu í bænum 437

Bls.

Húsleit.

Húsleit gerð hjá manni, sem grunaður var um að hafa í fórum sínum tréspíritus, er seldur hafði verið til neyzlu og reynzt banvænn 30

Iðgjöld. Sbr. skaðabætur.

Þrír menn, sem hjálpazt höfðu að við að ginna fé út úr manni nokkrum, dæmdir in solidum til að greiða honum skaðabætur 392

Í refsimáli gegn K vegna aksturs bifreiðar með áhrifum áfengis kom fram skaðabótakrafa á hendur honum fyrir skemmdir á bifreiðinni, sem var annars eign. Héraðsdómari taldi kröfuna ekki nægilega rökstudda og vísaði henni frá dómi .. 460

Innsetningargerðir.

A, sem hafði íbúð á leigu í húsi B, hafði haft geymsluskáp til afnota í kjallara hússins. B læsti dyrum, sem ganga þurfti gegnum, til þess að komast að geymsluskápnum. A var veittur aðgangur að skápnum með innsetningargerð 418

Leigutaki íbúðar á hitaveitusvæði Reykjavíkur krefst með innsetningargerð aðgangs að hitaveitustillum hússins. Synjað var um gerðina, þegar af þeirri ástæðu, að ekki var sýnt fram á, að húseigandinn hefði látið leigjandanum of lítinn hita í té 434

Játning. Sjá aðiljaskýrslur.

Kaup og sala.

Ekki þótti sannað, að A hefði fengið umboð frá B til að selja skip hans. Hins vegar kom það fram, að A hafði komið á því sambandi milli B og kaupenda skipsins, er síðan leiddi til samnings. Varð ekki annað séð en B hefði verið ljóst þetta milligöngustarf A og ekki amazt við því. Þótti A samkvæmt þessu eiga rétt til þóknunar frá B 76

A keypti bifreið af B og greiddi þegar nokkurn hluta andvirðis, en B var áskilinn eignarréttur að bifreiðinni, unz allt andvirðið væri greitt. A stóð ekki í skilum með greiðslu afborgana, og varð þá að samkomulagi, að hann afhenti B bifreiðina aftur. Eftir það höfðaði A mál á hendur B og krafðist riftunar á kaupunum vegna galla á bifreiðinni og endurgreiðslu úr hendi B á þegar goldnu kaupverði. Ekkert kom fram um það, að B hefðu verið kunnir gallar á bifreiðinni, er hann seldi A hana. A hafði skoðað bifreiðina á undan kaupum og ekið henni í rúman mánuð án þess að kvarta um galla. A ekki talinn eiga rétt til rift-

Bls.

unar, sbr. 52 gr. laga nr. 39/1922, og þá ekki heldur rétt til endurgreiðslu samkvæmt 57. gr. sömu laga. Bifreiðin var í mun lakara ásigkomulagi, er A skilaði henni, en þegar hann tók við henni. Átti hann því ekki rétt á endurgreiðslu samkvæmt 36. gr. laga nr. 7/1936. Þá leiddi það og af yfirlýsingu, er A hafði gefið B, þegar hann skilaði bifreiðinni, að hann gat ekki krafið B um neinn hluta andvirðisins 220

Kröfuréttindi. Sjá ábyrgð, aðgerðaleysisverkanir, greiðsla, kaup og sala, samningar, skaðabætur, umboð.

Kyrrsetning.

Synjað um staðfestingu kyrrsetningar, er ekki var haldið nægilega fljótt til laga 147

Kærumál.

Samkvæmt kröfu ólöglærðs aðilja, sem sjálfur ætlaði að flytja mál sitt, úrskurðaði héraðsdómari, að mál skyldi skriflega flutt. Gagnaðili kærði úrskurðinn samkvæmt 109. gr. laga nr. 85/1936. Hæstiréttur felldi úrskurðinn úr gildi, með því að sakaratriði væru ljós og óbrotin 84

Héraðsdómari úrskurðaði vitni óskylt að svara spurningum, er það hafði áður svarað í skýrslu og staðfest fyrir dómi. Úrskurður kærður samkvæmt 128. gr. laga nr. 85/1936, en staðfestur í hæstarétti 117

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms kært samkvæmt 186. gr. laga nr. 85/1936, en kærumáli frestað í hæstarétti vegna áfrýjunar aðalmálsins 160

Úrskurður héraðsdómara um veitingu frests kærður samkvæmt 105. gr. laga nr. 85/1936, en staðfestur í hæstarétti 213

Í máli á hendur hlutafélagi var því andmælt af hálfu sækjanda, að verkfræðingur í þjónustu félagsins fengi sem vitni að staðfesta skýrslu sína fyrir dómi. Úrskurður héraðsdómara, er hratt andmælunum, kærður samkvæmt 128. gr. laga nr. 85/1936. Hæstiréttur staðfesti úrskurðinn 263

Fógeti synjaði þess í úrskurði, að tilteknar aðiljaspurningar yrðu lagðar fyrir gerðarbeiðanda og konu hans. Gerðarþoli kærði úrskurðinn samkvæmt 4. tölul. 198. gr. laga nr. 85/1936. Úrskurðinum hrundið í hæstarétti 277

Hæstiréttur úrskurðar samkvæmt 199. gr. laga nr. 85/1936, að aflað skuli rækilegri sakargagna í kærumáli 315

Héraðsdómari synjaði með úrskurði um framhaldsfrest í máli. Úrskurður kærður samkvæmt 105. gr. laga nr. 85/1936, en staðfestur í hæstarétti 307, 348

Bls.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms kært samkvæmt 186. gr. laga nr. 85/1936 ..... 322, 365, 366, 380, 465

Í kærumáli út af málskostnaðarákvæði héraðsdóms sendu umboðsmenn aðilja hæstarétti ekki greinargerðir. Var kærumálinu þá frestað samkvæmt 3. mgr. 199. gr. laga nr. 85/1936, og umboðsmönnunum veitt færi á að flytja málið skriflega 322

Kærumáli um málskostnaðarákvæði héraðsdóms hafði verið frestað í hæstarétti vegna áfrýjunar aðalmálsins. Eftir hafningu aðalmáls í hæstarétti, gekk dómur um kærumálið 380

Annar af tveimur eigendum húss sagði leigutaka í því upp húsnæði sínu. Máli um gildi uppsagnar var vísað frá héraðsdómi samkvæmt 46. gr. laga nr. 85/1936. Frávísunardómurinn var kærður samkvæmt 108. gr. laga nr. 85/1936. Var hann ómerktur í hæstarétti, með því að sá eigendanna, er sagði upp húsnæðinu, hafði heimild til þess frá sameiganda sínum 406

Úrskurður fógeta, þar sem vitnum var ekki talið skylt að gefa skýrslu fyrir dómi, kærður samkvæmt 4. mgr. 128. gr. laga nr. 85/1936. Hæstiréttur hratt úrskurðinum .. 442

Landamerkjamál.

Í landamerkjamáli færði áfrýjandi ekki sönnur á það í hæstarétti, að rétti hans hafi verið hallað með akvörðun landamerkjadóms á mörkum viðkomandi jarða. Var krafa hans um ómerkingu dómsins því ekki tekin til greina 216

Meðferð landamerkjamáls í héraði var að mörgu leyti áfátt. Ekki varð séð, að samdómsmenn hafi verið látnir vinna heit, áður en þeir tóku til starfa. Á fyrsta dómþingi var aðiljum ekki bent á að leggja fram greinargerðir, og ekki var ákveðinn þingdagur samkvæmt 10. gr. laga nr. 41/1919 til merkjagöngu og annarra dómstarfa. Vitni voru ekki prófuð á vettvangi, og dómendur létu ekki gera uppdrátt af þrætulandinu, enda þótt aðiljar mótmæltu hvor annars uppdráttum. Lýsing í dómi á kennileitum og umhverfi þeirra var ábótavant 216

Landhelgisbrot. Sjá fiskveiðabrot.

Landráð.

A, danskur ríkisborgari, en búsettur hér á landi, birti snemma árs 1943 grein í brezku blaði undir dulnefni, þar sem Íslendingum var m. a. borið það á brýn, að þeir létu togara sína liggja í höfn undir því yfirskyni, að þeir væru til viðgerðar, en í raun og veru væri um spellvirkjahátt að

Bls.

ræða. Dylgjað var um, að tortryggilegt væri, að þeir (þ. e. Íslendingar) misstu ekki skip líkt og Færeyingar. Rætt var um hátekjur íslenzkra sjómanna og sagt, að íslenzkur fiskur hefði verið ofborgaður um 60—70 af hundraði. Spurt var, hvers vegna Bretar heimtuðu ekki sama verð fyrir kol, olíu, eldsneyti og salt. Þetta land (Ísland) hefði aldrei gert annað en óbilgjarnar kröfur („rough demands"). Bezt væri, að Íslendingar æti fisk sinn sjálfir, ef þeir vildu ekki sigla. Klykkt var út með þessum orðum: „Íslendingar verða sjálfir að taka á sig áhættuna (af að sigla) ásamt með öðrum þjóðum, eða svelta eins og aðrar þjóðir." Með þessum ummælum voru Íslendingar ranglega sakaðir um spellvirkjahátt og aðrar móigerðir gegn Bretum, sem áttu í styrjöld, og Bretar hvattir til að beita þá harðræðum. Þótti greinin því líkleg til að valda hættu á íhlutun erlends ríkis (Bretlands) um málefni Íslendinga. G var því talinn hafa gerzt sekur við 88. gr. laga nr. 19/1940, sbr 1. gr. laga nr. 47/1941. Refsing hans ákveðin 7 mánaða fangelsi 26

Leiðbeiningarskylda dómara.

Ólöglærður aðili flutti mál sitt sjálfur í héraði. Dómari benti honum á, að nauðsynlegt væri að láta fara fram virðingu dómkvaddra manna, áður en málið væri lagt í dóm. Aðili sinnti ekki þessari leiðbeiningu, og átti dómari þá að benda honum á, að vísa ætti málinu frá héraðsdómi, ef ekki yrði farið að leiðbeiningum þessum. Hæstiréttur ómerkti héraðsdóminn, m. a. vegna þess, að nefndrar virðingargerðar hafði ekki verið aflað 120

Í fógetamáli vanrækti dómari að kveðja aðilja fyrir dóm og leiðbeina þeim, þar sem þeir voru ólöglærðir, um kröfugerðir og málsútlistun samkvæmt 114. gr. laga nr. 85/1936 130

Framlagning greinargerða af hálfu aðilja braut mjög í bága við ákvæði laga nr. 85/1936. Aðiljar voru ólöglærðir, og vanrækti héraðsdómari að leiðbeina þeim um málflutninginn 178

Á fyrsta dómþingi í landamerkjamáli var aðiljum ekki bent á að leggja fram greinargerðir samkvæmt 105. og 106. sbr. 221. gr. laga nr. 85/1936 216

Í máli út af ágreiningi um heimilisfang, sem rekið var í héraði samkvæmt lögum nr. 95/1936, vanrækti dómari að leiðbeina ólöglærðum aðilja um kröfugerð í málinu 370

Leiga. Sjá húsaleiga.

Lífeyrir. Sjá dánarbætur, tryggingar.

Bls.

Líkamsáverkar.

A hitti B, innheimtumann rafveitu kaupstaðarins Í, á förnum vegi í kaupstaðnum. Lentu þeir í orðasennu út af innheimtu rafmagnsreikninga og lauk henni með því, að A laust B kinnhest allmikinn, svo að bólga hljóp í kinnina og tvær tennur brotnuðu úr munni B. Síðan reiddi A óátekna áfengisflösku til höggs við B, sem forðaði sér þá undan. Fyrir dómi kvaðst A hafa átt hendur sínar að verja, þar eð B hefði barið hann að fyrra bragði. Þetta braut þó í bág við skýrslu B og vætti vitna, og var A dæmdur til refsingar samkvæmt 217. gr. laga nr. 19/1940 og lögreglusamþykkt kaupstaðarins. Refsingin var ákveðin 15 daga varðhald. Enn fremur var A dæmdur til greiðslu miska- og skaðabóta. — A hafði ekki verið saksóttur fyrir brot, sem 106. og 108. gr. laga nr. 19/1940 taka til. Varð honum því ekki refsað samkvæmt þeim greinum 9

Tunna með áfengisvökva fannst á reki á hafi úti. Nokkur hluti áfengisvökva þessa var seldur til neyzlu, og reyndist hann banvænn. Níu menn, sem neyttu hans, létu lífið, en margir veiktust meira og minna, og varð einn þeirra blindur. Þótt menn þeir, sem að sölunni stóðu, hefðu nokkra ástæðu til að ætla áfengisvökvann drykkjarhæfan, var talið, að þeim hefði verið ljóst, að það var alls óvíst og að hætta gat stafað af neyzlu hans, svo sem raun varð á. Þeir voru því dæmdir sekir við 219. gr. laga nr. 19/1940 auk 215. gr. sömu laga 30

Strætisvagn ók allhratt eftir ólögðum og holóttum vegi. Eitt sinn, er vagninn kastaðist til, tókst farþeginn A á loft og kom svo illa niður, að hann hryggbrotnaði. Bifreiðarstjórinn talinn eiga sök á slysinu með ógætilegum akstri .. 67

A ók á reiðhjóli á fótgangandi mann, er lærbrotnaði vegna árekstrarins. Hvorugur talinn hafa gætt nægilega umferðarreglna. Tjóni af slysinu skipt milli aðilja 79

A barði B í höfuðið. B hlaut bólgu kringum auga, sár innan á vör og tannbrot af högginu. A refsað eftir 217. gr. laga nr. 19/1940 92

A kjálkabrotnaði af höggi, er hún fékk á höfuðið. B talinn bera fébótaábyrgð á meiðslinu. Refsikröfu, er gerð var á hendur B í einkamáli samkvæmt 217. gr. laga nr. 19/1940, vísað frá héraðsdómi að svo stöddu, þar sem áverkinn virtist vera slíkur er greinir í 218. gr. nefndra laga 147

A og B hlutu vegna líkamsárásar af hendi D þrota og sprungur á augnaloki, vör og kinn. D dæmd refsing samkvæmt 217. gr. laga nr. 19/1940 153

Kona hlaut beinbrot á fæti í bifreiðarslysi. Í skaðabótamáli

Bls.

var eiganda bifreiðarinnar dæmt að greiða bætur, þar sem bifreiðin hafði bilað í akstri vegna lélegs ásigkomulags og ekki var leitt í ljós, að ökumaður hefði sýnt fulla aðgæzlu og varkárni 309

A ók bifreið á B á götu. Hlaut B sár og mar á fótum og víðar. A var sýknaður í refsimáli í héraði, og því máli ekki áfrýjað. Í skaðabótamáli B gegn A játaði A bótaskyldu sína 327

Kona fótbrotnaði, er hún var að stíga út úr strætisvagni. Hún hafði ekki sýnt næga varkárni, en ekki var leitt í ljós, að bifreiðarstjórinn hefði heldur sýnt fulla aðgæzlu. Var því með skírskotun til 34. gr. laga nr. 23/1941 tjóni skipt milli aðilja 340

Líkur. Sbr. sönnun.

a) Í einkamálum.

A krafðist í máli gegn B riftunar á kaupum á bifreið og endurgreiðslu þegar goldins kaupverðs. Í málinu lagði B fram skjal, undirritað af A. A hélt því fram, að tiltekinni setningu hefði verið bætt inn í skjalið, eftir að hann afhenti B það. Ekki var þó tekið mark á þessari staðhæfingu, þar sem hvorki útlit skjalsins né annað benti til þess, að það væri falsað 220

A fékk umboð frá B til að gera farmsamning um skip hans við þriðja aðilja. Eftir að samningur var gerður, greindi A og B á um efni umboðsins. B þótti hafa fært svo miklar líkur fyrir staðlhæfingu sinni, að sönnunarbyrði fyrir staðhæfingu A yrði að hvíla á honum 287

Í ofviðri tók mann út af skipi, og varð honum ekki bjargað. Eitt vitni bar það, að björgunarfleki skipsins, sem samtímis losnaði og fór í sjóinn, hefði kastazt í manninn og valdið því, að hann tók út. Gegn mótmælum viðkomandi tryggingarfélags þótti þetta þó ekki sannað 338

Í innsetningarmáli krafðist leigutaki húsnæðis þess, að honum yrði heimilaður aðgangur að geymsluskáp, er hann taldi fylgja leiguíbúð sinni. Húseigandi, er hindraði aðgang að skápnum, taldi hann ekki hafa verið leigðan með íbúðinni. Það kom fram, að leigutaki hafði haft afnot skápsins um 3 ára skeið, eða allan þann tíma, sem leigumálinn hafði staðið, og lykill skápsins þann tíma verið í hans vörzlum. Leiddu rök þessi til þess, að innsetningargerð var leyfð 418

b) Í opinberum málum.

A hafði setið heila nótt að fjárhættuspili við þriðja mann. Um morguninn var hann orðinn peningalaus. Fór hann þá

Bls.

að afla sér peninga, hitti B og bað hann um lán. B tók A heim með sér, tók þar 500 kr. úr veski sínu og fékk A, en lét síðan veskið, sem í voru 150 kr., inn í skáp. Í skúffu í skápnum voru fyrir 2000 kr. B fór síðan að sofa, en er hann vaknaði síðar um daginn, voru allir peningarnir, 2150 kr., horfnir úr skápnum. Auk þess saknaði B áfengisflösku. A hafði farið með 500 krónurnar til spilafélaga sinna. Er hann hafði tapað þeim og meiru til, fór hann aftur út. Eftir nokkurn tíma kom hann aftur, og hafði þá peninga. Báru spilafélagarnir, að hann hafi fyrst greitt skuld sína og síðan lagt fram 800 kr. í einu lagi, og þó átt eftir peninga í veski sínu. Einnig hafði A þá áfengi meðferðis, er hann veitti þeim. A gerði þá grein fyrir síðari ferð sinni, að hann hefði fyrst farið heim til B, en engan hitt þar, og síðan farið heim til sín og sótt þangað 800 kr., er hann átti þar. Studdi eiginkona hans þann framburð. Svo kvaðst hann og hafa tekið með sér áfengi að heiman. Hann neitaði því, að hann hafi haft meira en 800 kr., er hann kom úr seinni ferðinni. A hafði oft verið dæmdur fyrir þjófnað og fleiri glæpi. Þrátt fyrir framangreindar líkur, þótti sök hans ekki sönnuð gegn eindreginni neitun hans 52

Veski með 10000 kr. í auk peninga í erlendri mynt var stolið frá E veitingamanni. A, sem greinir næst hér á undan, hafði komið til E um morgun og greitt honum 50 kr. Lét E þær í umrætt veski og veskið síðan í töskU, er hann hengdi á þil í skrifstofu sinni. Síðar notaði A síma í veitingasalnum, en að símtali hans loknu fór E að tala í símann, og gekk A þá burt. Þegar E hafði lokið við að tala í símann, fór hann inn í skrifstofu sína. Sá hann þá, að lauslega negld fjöl í skrifstofuhurðinni hafði verið brotin frá, smekklásinn opnaður og veskið horfið úr töskunni. Skömmu eftir þjófnaðinn tók A mikinn þátt í fjárhættuspilum, og skýrðu sumir spilafélagar hans svo frá, að þeir hafi séð hann hafa handa á milli peninga, svo þúsundum kr. skipti, og einnig peninga í erlendri mynt. Gegn neitun A þótti ekki sannað, að hann hefði framið umræddan þjófnað 52

Læknar. Læknaráð.

Læknir skoðar lík manns, sem farizt hafði í bifreiðarslysi 4

Læknir athugar ástand bifreiðarstjóra, sem lent hafði í bifreiðarslysi 4

Geðveikralæknir athugar andlega heilbrigði manns, sem ákærður var fyrir glæp ..... 26, 183 f

Bls.
Læknir skýrir frá dánarorsök nokkurra manna, sem látizt höfðu af afleiðingum áfengisneyzlu 30
Læknir lýsir meiðslum, sem maður hlaut í umferðarslysi 67, 79, 139, 199, 309, 327
Tryggingaryfirlæknir metur örorku manns 79
Læknir lýsir meiðslum aðilja, er hlutust af líkamsárás af hendi annars manns 92, 147, 153
Læknir lýsir heilsufari og vinnuþreki manns, er krafðist dánarbóta eftir son sinn 139
Héraðslæknir vottar, að íbúð aðilja sé heilsuspillandi 245
Forstöðumaður rannsóknarstofu háskólans neitar að afhenda til afnota í dómsmáli skýrslu um krufningu á líki tiltekins manns. Skírskotar hann til stuðnings neitun sinni til 10. gr. laga nr. 47/1932 315
Hæstiréttur úrskurðar, að leitað skuli álits læknaráðs um banamein konu 441

Lög. Lögskýring.

Orðið stéttarfélag í niðurlagi 1. gr. laga nr. 3/1943 táknar einungis félagsskap vinnuseljenda, sbr. 1., 5., 6., 9. og 10. gr. laga nr. 80/1938 og athugasemdir um 1. gr. frumvarps þeirra laga 18
Viðskiptaráð hefur ekki heimild til að ákveða taxta fyrir verk, sem stéttarfélag hefur samið um greiðslu fyrir við einstaka vinnukaupendur, sbr. niðurlag 1. gr. laga nr. 3/1943 18
Menn, sem fundu áfengistunnu á reki á hafi úti, fluttu hana til lands og slógu eign sinni á hana án þess að tilkynna fundinn yfirvöldum og greiða toll, hvorki taldir hafa brotið gegn ákvæðum 26. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940, þar eð tunnan taldist hafa verið eigandalaus, né heldur gegn ákvæðum tolllaga nr. 63/1937 30
Meðan á rannsókn sakamáls stóð, sat ákærði í gæzluvarðhaldi rúma 2 mánuði. Sök sannaðist á hann, þrátt fyrir stöðuga neitun hans. Ekki talin vera fyrir hendi skilyrði samkvæmt 76. gr. laga nr. 19/1940 til að láta gæzluvarðhaldsvist koma í stað refsingar að neinu leyti 52
Ákvarðanir um gjaldskrá leigubifreiða taldar vera innan valdsviðs viðskiptaráðs samkvæmt 1. gr. laga nr. 3/1943 74
Bifreiðarstjórafélag hafði hækkað gjaldskrá sína, án þess að aflað væri leyfis viðskiptaráðs samkvæmt 7. gr. laga nr. 3/1943. Einn af félagsmönnum, er tekið hafði ökugjald af farþegum samkvæmt nýju gjaldskránni, kærður fyrir brot á ákvæðum nefndra verðlagslaga. Hann krafðist sýknu m. a. með skírskotun til 1. mgr. 3. gr. laga nr. 80/1938. Sýknuástæðan ekki tekin til greina 74

Bls.

Árekstur varð á götu milli gangandi manns og hjólríðandi. Hegðun beggja á undan árekstri talin hafa farið í bága við ýmis ákvæði umferðarlaga nr. 24/1941 79

Ólöglærður aðili ætlaði sjálfur að flytja mál sitt í héraði. Tilmæli hans um skriflegan málflutning samkvæmt 2. tölul. 2. mgr. 109. gr. laga nr. 85/1936 ekki tekin til greina, með því að sakaratriði voru ljós og óbrotin 84

A var sóttur til sakar fyrir líkamsáverka, er hann hafði veitt B. Héraðsdómari heimfærði brot hans til 218. gr. laga nr. 19/1940, en hæstiréttur taldi það varða við 217. gr. sömu laga 92

Við ákvörðun refsingar fyrir líkamsárás hafði héraðsdómari hliðsjón af 4. tölul. 74. gr. laga nr. 19/1940. Hæstiréttur dæmdi refsingu án skírskotunar til þessa ákvæðis 92

A útgerðarmaður hafði heimilisfasta atvinnustofnun á Siglufirði árið 1942. Bar honum að gjalda þar útsvar samkvæmt a-lið 8. gr. laga nr. 106/1936. En með því að hann átti heimili í Hafnarfirði allt árið 1942 svo og á árinu 1943, er álagning útsvara fór fram, þá var talið, að í Hafnarfirði hefði mátt leggja á hann útsvar 1943 á tekjur, sem samsvöruðu hæfilegum framkvæmdastjóralaunum. Þær tekjur átti að draga frá heildartekjum hans, áður en útsvar væri lagt á hann þetta ár á Siglufirði 110

Hreppsfélagið A var krafið um vistgjald sjúklings á geðveikrahæli. Fyrirsvarsmenn A töldu, að samkvæmt því, er skýra bæri 13. gr. laga nr. 52/1940, hvíldi greiðsluskyldan á hreppsfélaginu B, en því hafði fyrirsvarsmaður B andmælt. Þar sem hér var ágreiningur milli hreppsfélaga um framfærsluskyldu, sem stjórnvöld þau, er greinir í 81. gr. laga nr. 52/1940, höfðu ekki lagt úrskurð á, þá var A sýknað að svo stöddu 126

A hafði veitt B líkamsáverka. B sótti A í einkamáli til refsingar samkvæmt 217. gr. laga nr. 19/1940. Hæstiréttur taldi áverkann mundu vera slíkan sem 218. gr. nefndra laga greinir og ríkisvaldið því eiga sókn sakarinnar. Var af þessum sökum refsikröfu B vísað frá héraðsdómi að svo stöddu 147

Kærumáli frestað í hæstarétti samkvæmt lögjöfnun frá 2. mgr. 117. gr. laga nr. 85/1936 vegna áfrýjunar aðalmálsins .. 160

Lög nr. 63/1935 skal skýra svo, að þegar útflytjandi selur vöru á erlendum sölustað, ber að reikna útflutningsgjald af söluverði vörunnar þar að frádregnum kostnaði þeim, er í nefndum lögum greinir. Á sama hátt skal reikna gjald samkvæmt lögum nr. 98/1941, nr. 47/1930 og nr. 75/1937 .. 161

Fasteign var seld á nauðungaruppboði eftir kröfu R. G bauð upp fyrir kröfu R og varð hæstbjóðandi. Uppboðið varð

Bls.

því með fullum árangri, að því er uppboðsbeiðanda varðaði. G krafðist útlagningar, með því að hann hefði boðið upp í, en ekki upp úr, veðskuld, sem á eigninni hvíldi og hann átti. Talið, að G ætti ekki að gildandi lögum heimtingu á útlagningu sér til handa, þar sem hann hafði ekki krafizt uppboðs til lúkningar á veðskuld sinni 168

Refsing manns, er dæmdur var sekur um brennu, ákveðin með hliðsjón af 75. gr. laga nr. 19/1940 183

Lög nr. 9/1941, 4. gr., skýrð í sambandi við álagningu skatts á fyrirtæki, sem jafnframt útgerð ráku fleiri tegundir atvinnu á tímabili því, er í lögunum greinir 188

Samkvæmt ákvæðum staðfestrar skipulagsskrár Bjóhallarinnar á Akranesi, skal hreinum arði af rekstri hennar varið til stuðnings mannúðar- og menningarmálum á Akranesi. Þar sem heimild fyrirsvarsmanna stofnunarinnar til ráðstöfunar á arði var þannig ekki bundin við glöggt afmörkuð verkefni, þótti stofnunin ekki eiga rétt til undanþágu á greiðslu skemmtanaskatts samkvæmt b-lið 3. gr. laga nr. 56/1927 197

Máli frestað ex officio í hæstarétti samkvæmt lögjöfnun frá 120. gr. laga nr. 85/1936 ..... 215, 295

Skilyrði til að krefjast endurgreiðslu kaupverðs samkvæmt 36. gr. laga nr. 7/1936 eru ekki fyrir hendi, þegar kaupandi skilar hlut í lakara ásigkomulagi en hann var í, er kaupandi fékk hann í hendur 220

Sökunautur, sem verið var að prófa á dómþingi, barði í borðið til áherzlu ummælum sínum. Þessi hegðun ekki talin út af fyrir sig varða við 108. gr. né önnur ákvæði laga nr. 19/1940 226

Refsimál út af sjóslysi á sjó- og verzlunardómur að fara með og dæma, sbr. 200. gr. laga nr. 85/1936 og 90. gr. laga nr. 41/1930, og skiptir ekki máli, þó að málshöfðunarskipun dómsmálaráðuneytisins taki aðeins til tiltekins kafla í lögum nr. 19/1940 248

Skilyrði 4. tölul. 1. gr. laga nr. 12/1923 til þess að veita einkaleyfi fyrir uppgötvun ekki talin hafa verið fyrir hendi, með því að almenningur hafði átt kost á að kynna sér uppgötvunina og hagnýta sér hana, áður en sótt var um einkaleyfið 269

Konan A var leigutaki íbúðar. Er hún lézt, voru tvær dætur hennar heimilisfastar hjá henni. Þær taldar eiga rétt á 3 mánaða uppsagnarfresti til venjulegs flutningsdags 292

Í einkamáli var þess krafizt, að embættislækni yrði með úrskurði gert skylt að leggja fram skýrslu um krufningu látins manns. Þeim vandamönnum hins látna, er getur

Bls.
í 3. mgr. 25. gr. laga nr. 19/1940, var gefinn kostur á að andmæla framlagningu skýrslunnar 315
Ákvæði 11. gr. laga nr. 6/1935 skýrð þannig, að óheimilt sé að ákveða skatt af samanlögðum tekjum hjóna, er þau hvort í sínu lagi öfluðu fyrir stofnun hjúskapar á því ári, er þau gengu að eigast. Ákvæði 2. mgr. 18. gr. reglug. nr. 133/1936 raskar ekki þessari niðurstöðu 372
Málshöfðun út af ágreiningi um skiptingu bjarglauna milli skipverja, sbr. 233. gr. laga nr. 56/1914, er rétt að beina að útgerðarmanni, sem sótt hefur mál til heimtu launanna .. 385
Ákvæði 233. gr. laga nr. 56/1914 um það, að hluta skipshafnar í bjarglaunum skuli skipta milli hennar að réttri tiltölu við kaup manna á skipinu, skýrt þannig, að þar sé aðeins átt við fast kaup og fastar aukatekjur, en ekki kaup fyrir yfir- og eftirvinnu 385
Lög nr. 42/1911 skylda ekki Reykjavíkurbæ til að leggja holræsi í götur, og slík skylda verður ekki heldur leidd af ákvæðum vatnalaga nr. 15/1923 né öðrum réttarreglum . 421
Árið 1942 hlaut A húseign í Reykjavík að erfðum eftir móður sína. Móðir A hafði orðið eigandi að húsinu fyrir 9. sept. 1941. A talin hafa heimild samkvæmt lögjöfnun frá 1. mgr. 1. gr. laga nr. 39/1943 til að segja leigutaka í húsinu upp íbúð sinni vegna brýnnar þarfar sonar A til húsnæðis 437
Héraðsdómslögmanni dæmd fésekt fyrir hlutdeild í rangri meðferð einkamáls samkvæmt 3. mgr. 34. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 22. gr. laga nr. 19/1940 analogice 444

Löggæzla. Sjá lögreglumenn.

Löghald. Sjá kyrrsetning.

Lögreglumenn.

Í refsimáli út af bifreiðarslysi þótti það mjög aðfinnsluvert, að lögreglumaður, er eftir varð á slysstaðnum, markaði ekki þá þegar á uppdrátt stað bifreiðarinnar og vegsummerki, athugaði ekkert um hemlaför og lét ekki fara fram athugun á bifreiðinni 199
A varð á dansskemmtun fyrir áreitni af hálfu drukkins manns. Þrír lögreglumenn, er þarna voru nærstaddir, skárust ekki í leikinn. Lét þá A þau orð falla, að lögreglan á viðkomandi stað hafi verið og sé „einskis virði". Aðgerðaleysi lögreglumannanna þótti ekki réttlæta ummælin að fullu, og hlaut A sekt fyrir þau samkvæmt 108 gr. laga nr. 19/1940 226
Framferði lögreglumanns ekki talið hafa verið með þeim hætti, að það réttlætti að fullu móðgunarorð, er A beindi til hans.

Bls.
Var A dæmd refsing eftir 108. gr. laga nr. 19/1940 226
Sakborningur lét falla móðgandi ummæli við lögreglumann á dómþingi. Voru ummælin talin varða við 108. gr. laga nr. 19/1940 226

Lögtak.

Í lögtaksmáli gekk fógeti fram hjá varnarástæðu gerðarþola án rannsóknar. Gerðarbeiðanda var ekki gefinn kostur á að svara greinargerð gerðarþola. Úrskurður fógeta ómerktur 106
Enda þótt rökstudd mótmæli kæmu fram af hendi gerðarþola, kvaddi fógeti aðilja ekki fyrir dóm. Var málið því eigi flutt í héraði svo sem efni stóðu til. Af þessum sökum var úrskurður fógeta ómerktur í hæstarétti 130
Í lögtaksmáli dæmdi fógeti ekki málskostnaðarkröfu gerðarþola, sem þó var skylt samkvæmt 3. mgr. 185. gr. laga nr. 85/1936. Var þetta átalið í hæstarétti 197

Málasamlag.

a) Einkamál.

I. Kröfusamlag.
1. Kröfusamlag af hálfu sækjanda:
Aðili krefur ríkissjóð um endurgreiðslu ýmissa opinberra gjalda, er hann taldi sig hafa goldið um skyldu fram 161
Ríkissjóður sækir firma til greiðslu ýmissa skattgjalda 188
Mál til riftunar kaupum á bifreið og endurgreiðslu kaupverðs 220
2. Gagnkröfur:
Dómi áfrýjað af hendi beggja aðilja 13, 67, 71, 79, 147, 161, 173, 210, 220, 258, 280, 287, 295, 309, 316, 340, 388, 410
II. Aðiljasamlag.
1. Sóknaraðilja:
Eigendur og skipshöfn skips sækja saman eigendur annars skips til greiðslu bjarglauna 265, 452
Tveir kaupendur skips krefjast skaðabóta af seljanda 280
Eiginkona, sonur og móðir sjómanns, er drukknaði af skipi, sækja í sameiningu tryggingarfélag til greiðslu tryggingarbóta 338
Tveir kaupsýslumenn krefja ríkissjóð um bætur fyrir tjón, er þeir telja sig hafa orðið fyrir af völdum viðskiptanefndar 361
Tveir sameigendur að húsi krefjast útburðar á leigutaka í húsinu 437
2. Varnaraðilja:
Húseigandi krefst þess, að erfingjar verði sviptir um-

Bls.
ráðum húsnæðis, er arfleifandi hafði haft á leigu í húsi hans 71, 258
Eigendur og vátryggjendur skips og farms sóttir saman til greiðslu bjarglauna 98
Þrír sameigendur að bifreið krafðir um greiðslu dánarbóta fyrir mann, er hlaut bana í bílslysi 139
Uppboðskaupandi að fasteign krefst útlagningar á eigninni sér til handa og stefnir uppboðshaldara og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs 168
Aðili krefst viðurkenningar á rétti til erfðaleiguábúðar á jörðinni R, sem er eign Jarðakaupasjóðs ríkisins. Hann stefnir landbúnaðarráðherra f. h. Jarðakaupasjóðs svo og ábúanda jarðarinnar til réttargæzlu .. 193
Jarðeigandi höfðar landamerkjamál gegn fimm sameigendum nágrannajarðar sinnar 216
Í fógetamáli krefst gerðarþoli þess, að tilteknar spurningar verði lagðar fyrir gerðarbeiðanda og konu hans. Þessa var synjað með úrskurði fógeta. Gerðarþoli áfrýjaði úrskurðinum og stefndi báðum hjónunum 277
Eftir að leigutaki húsnæðis var látinn, krafðist húseigandi þess, að fólk, er bjó í íbúð hins látna, yrði borið út úr húsnæðinu 292

b) Opinber mál.

1. Aðili kærður fyrir fleiri brot en eitt 1, 4, 9, 30, 52, 74, 153, 226, 350, 357, 392, 428, 460
2. Fleiri en einn aðili kærður í sama máli:
Þrír menn sóttir til sakar fyrir ólöglega meðferð og sölu á menguðum vínanda, er olli dauða og heilsutjóni margra manna. Einn sökunauta sýknaður, en tveir dæmdir sekir 30
Tveir menn sóttir saman fyrir misgerðir við lögreglumenn og fleiri brot, er þeir höfðu framið saman og að nokkru leyti hvor í sínu lagi 226
Stýrimaður og háseti á skipi sóttir saman vegna sjóslyss, er þeir voru taldir valdir að 248
Fjórir sökunautar sekir um fjársvik, skjalafals, þjófnað og ólöglega áfengisneyzlu 392

Málflutningsmenn. Sbr. málflutningur.
Hæstaréttarlögmaður víttur í úrskurði bæjarþings Reykjavíkur fyrir óþinglega framkomu á dómþingi. Úrskurðurinn var kærður og þess krafizt, að vítin væru felld niður, en þeirri kröfu ekki sinnt í hæstarétti 117

Bls.

Hæstaréttarlögmaður, sem var í héraði talsmaður sakbornings í opinberu máli, sektaður í héraðsdómi fyrir ósæmileg ummæli um héraðsdómara. Hæstiréttur staðfesti sektarákvæðið 226

Mál til heimtu skaðabóta vegna árekstrar skipa hafði verið ómerkt í hæstarétti, m. a. vegna þess, að af hálfu aðilja voru lagðar fram fleiri skriflegar greinargerðir en lög stóðu til. Er málið var tekið fyrir af nýju í héraði, lagði F héraðsdómslögmaður, er málið flutti af hálfu stefnanda, fram dómsgerðir fyrra málsins í heild, þar á meðal greinargerðir þær, er ómerktar höfðu verið, og veitti dómari þeim viðtöku. Eftir það lagði F fram af hálfu stefnanda fleiri greinargerðir en heimilt var að lögum. Héraðsdómari og fulltrúi hans, er með málið fóru, sektaðir fyrir ranga meðferð þess samkvæmt 34. gr. laga nr. 85/1936. Svo var og F dæmdur til sektar fyrir hlutdeild í rangri meðferð málsins samkvæmt 34. gr. nefndra laga, sbr. 22. gr. laga nr. 19/1940 analogice 444

Málflutningur.

Kröfuliður tekinn til greina, þar eð hann var viðurkenndur, enda þótt hann lögum samkvæmt ætti að teljast til málskostnaðar 13

Í útburðarmáli voru greinargerðir ekki lagðar fram á fyrstu dómþingum. Ekki var kveðið á um munnlegan eða skriflegan málflutning, en greinargerðir og bókanir málflytjenda urðu fleiri en lög stóðu til. Þessir gallar á málflutningi ásamt fleiru, sem áfátt var um málsmeðferð, leiddu til ómerkingar úrskurðar fógeta 71

G krafði bæjarfélag skaðabóta vegna þess, að skipulagsákvæði hefðu fellt húseign hans í verði. G, sem var ólöglærður, flutti sjálfur mál sitt fyrir bæjarþingi. Dómari benti G á, að virðingar á húseigninni væri þörf, en G sinnti því ekki. Ekki lagði hann heldur fram skipulagsuppdrátt né aðra uppdrætti af afstöðu húss síns. Leiddu þessir gallar á málflutningi til ómerkingar héraðsdóms 120

A krafði B um skuld vegna viðgerðar á skipi. B krafðist frávísunar vegna þess, að reikningar A væru ekki nægilega sundurliðaðir. Frávísunarkrafan ekki tekin til greina, þar sem reikningarnir voru taldir svo sundurliðaðir, að B væri unnt að bera fram gagnrýni á þeim 135

Ólögfróðir aðiljar máls, er sjálfir fóru með málið í héraði, gættu ekki réttra aðferða um framlagningu greinargerða o. fl. Dómari vanrækti að leiðbeina þeim. Héraðsdómurinn ómerktur 178

Héraðsdómur ómerktur vegna ófullnægjandi málsútlistunar.

Bls.
Dómstóllinn lét undan falla að beina því til aðilja að afla nauðsynlegra sakargagna 280
Í kærumáli bárust hæstarétti engar greinargerðir frá aðiljum. Var málinu þá frestað samkvæmt 3. mgr. 199. gr. laga nr. 85/1936, og umboðsmönnum aðilja veittur kostur á að flytja málið skriflega 322
Málflutningur fyrir héraðsdómi af hálfu héraðsdómslögmanns braut svo mjög í bága við ákvæði 110. gr. laga nr. 85/1936, að það, ásamt rangri meðferð málsins af hálfu dómara, leiddi til ómerkingar héraðsdómsins. Héraðsdómslögmaðurinn var í hæstarétti sektaður fyrir hlutdeild í rangri málsmeðferð 444
Ólöglærður fyrirsvarsmaður stefnda í héraði sektaður í hæstarétti fyrir mjög ósæmileg ummæli í varnarskjali um óstefndan þriðja mann 444
Í kærumáli bárust hæstarétti engar kröfur né greinargerð frá sóknaraðilja. Mál samt sem áður dæmt 213, 307, 348
Varnaraðili í kærumáli sendir hæstarétti hvorki kröfur né greinargerð 84, 263, 365, 366, 380, 406, 442
Mál flutt skriflega í hæstarétti samkvæmt 1. tölul. 38. gr. laga nr. 112/1935 303

Málshöfðun. Sbr. opinber mál.

Það þótti athugavert, að A, sem laust innheimtumann kaupstaðarins Í kinnhest allmikinn, er þeir lentu í orðasennu út af innheimtu rafmagnsreikninga, var ekki saksóttur fyrir brot, er 106. og 108. gr. laga nr. 19/1940 taka til 9
Refsimál var höfðað á hendur tveimur mönnum út af sjóslysi. Þess hafði ekki verið gætt að leggja málið samkvæmt 88. gr. laga nr. 41/1930 fyrir atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið til umsagnar, áður en mál var höfðað. Þá var mál og höfðað fyrir aukarétti í stað þess, að sjó- og verzlunardómur átti með það að fara 248
Í opinberu máli var kærða ekki tilkynnt, að mál yrði höfðað á hendur honum til refsingar fyrir brot á tilteknum lagaboðum og til greiðslu sakarkostnaðar. Leiddi þetta með öðru fleiru til ómerkingar héraðsdóms 333
Í dómi hæstaréttar er gerð athugasemd um það, að ekki var höfðað mál á hendur sakborningi fyrir brot á þar tilgreindu refsiákvæði 460

Málskostnaður. Sbr. gjafsókn, ómaksbætur.

a) Í einkamálum.

1. Málskostnaður látinn falla niður:
Kröfur áfrýjanda teknar til greina að öllu eða nokkru leyti,

Bls.

en málskostnaður þó látinn falla niður 113, 173, 188, 269, 322, 372, 377, 400

Áfrýjandi tapaði máli, en var þó eigi dæmt að greiða málskostnað 126, 193, 220, 245, 287, 316, 338, 421, 437

Dómur eða úrskurður héraðsdómara ómerktur vegna rangrar meðferðar, og málskostnaður látinn falla niður 71, 106, 120, 130, 178, 280, 382, 444

Í máli, er ómerkt var vegna galla á málsmeðferð, krafðist hvorugur aðilja málskostnaðar, og féll hann því niður 410

Í kærumáli voru kröfur sóknaraðilja ekki teknar til greina, en varnaraðilja ekki dæmdur kærumálskostnaður, með því að engar kröfur voru gerðar af hans hendi 213, 263, 365, 380

2. Aðilja, sem áfrýjaði dómsathöfn til breytinga og fékk kröfur sínar teknar til greina að meira eða minna leyti, dæmdur málskostnaður 84, 86, 98, 147, 168, 197, 210, 255, 265, 277, 292, 303, 366, 406, 434, 442, 465

Aðili, er dæmdur var í héraði til greiðslu fjárhæðar, áfrýjaði málinu. Í hæstarétti var krafan á hendur honum lækkuð, en honum samt gert að greiða gagnaðilja sínum málskostnað fyrir báðum dómum 157, 344, 452

3. Áfrýjandi, sem tapaði máli að mestu eða öllu leyti, dæmdur til greiðslu málskostnaðar 22, 67, 76, 110, 117, 135, 139, 161, 207, 216, 258, 298, 307, 327, 336, 340, 348, 361, 375, 385, 418, 456

4. Gjafsóknarmál:

Áfrýjendur, sem gjafsóknarleyfi höfðu fengið, töpuðu máli. Málskostnaður látinn falla niður, en málflutningslaun umboðsmanns áfrýjenda dæmd úr ríkissjóði 338

5. Ómerkingardómar:

Dómur eða úrskurður ómerktur vegna rangrar málsmeðferðar, og málskostnaður látinn falla niður 71, 106, 120, 130, 178, 280, 382, 444

Bæjarfélag æskti úrskurðar lögreglustjóra samkvæmt lögum nr. 95/1936 um heimilisfang A. Úrskurður gekk í vil bæjarfélaginu, en A skaut honum til hæstaréttar. Þar var úrskurður ómerktur vegna skorts á öflun upplýsinga í héraði, og bæjarfélaginu gert að greiða A málskostnað í hæstarétti 370

6. Aðalsök og gagnsök:

A var í héraði dæmt að greiða B bætur vegna tjóns, er hlauzt af bílslysi. Báðir aðiljar áfrýjuðu. Bætur til handa B voru hækkaðar í hæstarétti og honum dæmdur málskostnaður úr hendi A fyrir báðum dómum 13, 67, 340

Dómi í máli til heimtu skaðabóta vegna líkamsáverka var

Bls.

áfrýjað af báðum aðiljum. Bætur voru hækkaðar í hæstarétti, og bótakrefjanda dæmdur málskostnaður í einu lagi fyrir báðum dómum 147

Í héraði vann A að nokkru leyti mál á hendur B, og var málskostnaður þar látinn falla niður. Dómi var áfrýjað af hálfu beggja. Í hæstarétti var B algerlega sýknaður, og A gert að greiða honum málskostnað fyrir báðum dómum 161, 210

A höfðaði mál á hendur B til riftunar kaupum og endurgreiðslu þegar goldins kaupverðs. Í héraði voru úrslit málsins látin velta á aðildareiði A. Báðir áfrýjuðu. B var algerlega sýknaður í hæstarétti, en málskostnaður fyrir báðum dómum felldur niður 220

Sóknaraðili vann mál í héraði, en málskostnaður var felldur niður. Í hæstarétti var niðurstaða héraðsdóms um sakarefni staðfest, en þeim, er mál féll á, dæmt að greiða gagnaðilja sínum málskostnað fyrir báðum dómum .. 258

Mál til viðurkenningar á ábyrgð h/f A á tjóni, er h/f B hafði beðið, var í héraði látið velta á eiði framkvæmdarstjóra h/f B. Máli áfrýjað af hendi beggja. Í hæstarétti var ábyrgð h/f A viðurkennd, en málskostnaður látinn falla niður fyrir báðum dómum 287

A var í héraði dæmt að greiða B bætur vegna umferðarslyss. Báðir aðiljar áfrýjuðu. Ákvæði héraðsdóms um bætur var staðfest í hæstarétti, og A dæmt að greiða B málskostnað fyrir báðum dómum 79, 309

7. Málskostnaðarákvæði héraðsdóms kært til hæstaréttar samkvæmt 186. gr. laga nr. 85/1936 .. 322, 365, 366, 380, 465

b) Í opinberum málum.

1. Aðili dæmdur sekur.

Einn aðili sakfelldur og dæmdur til greiðslu sakarkostnaðar 1, 4, 9, 26, 52, 74, 92, 132, 153, 183, 199, 320, 350, 357, 412, 415, 424, 428, 461

Þrír aðiljar ákærðir. Einn sýknaður. Hinir tveir sakfelldir og dæmt að greiða allan sakarkostnað in solidum .. 30

Í máli gegn tveimur sakborningum varð rannsókn máls og meðferð í héraði miklu víðtækari en smábrot þau, er aðiljar voru sakaðir um, gáfu efni til. Var þeim því aðeins dæmt að greiða lítinn hluta sakarkostnaðar, sem að öðru leyti var lagður á ríkissjóð 226

Fjórir aðiljar sakfelldir. Þrír þeirra, A, B og D fyrir fjársvik o. fl., og þeim dæmd refsivist. Hinn fjórði, E, hlaut 50 kr. sekt fyrir brot gegn áfengislögum. Málinu var áfrýjað. Hæstiréttur staðfesti niðurstöðu héraðsdóms

Bls.

um E og einnig að mestu leyti um hina þrjá. A, B og D gert að greiða in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, en enginn kostnaður í hæstarétti lagður á E .. 392
2. Aðili sýknaður, og sakarkostnaður lagður á ríkissjóð 18

Málsmeðferð. Sbr. opinber mál.

Öll meðferð útburðarmáls var með þeim hætti, sem tíðkaðist, áður en lög nr. 85/1936 komu til framkvæmdar. Greinargerðir voru ekki lagðar fram á fyrstu dómþingum og undan fellt að kveða á um munnlegan eða skriflegan málflutning. Var úrskurður fógeta og öll meðferð máls í héraði ómerkt af þessum sökum 71

Samkvæmt kröfu ólöglærðs aðilja, sem sjálfur ætlaði að fara með mál sitt í héraði, úrskurðaði héraðsdómari, að mál skyldi flutt skriflega. Gagnaðili kærði úrskurðinn, og felldi hæstiréttur hann úr gildi, með því að mál var svo ljóst og óbrotið, að hinum ólöglærða manni átti að vera auðvelt að skýra munnlega frá kröfum sínum og sjónarmiðum 84

Í lögtaksmáli gekk fógeti fram hjá varnarástæðu gerðarþola. Gerðarbeiðanda var ekki heldur gefinn kostur á að tala máli sínu, eftir að greinargerð var komin fram af hálfu gerðarþola. Þessi ranga meðferð var látin orka ómerkingu úrskurðar og að nokkru leyti einnig málsmeðferðar .. 106

Fógeti gerir grein fyrir drætti máls í héraði 106

Dómur og málsmeðferð ómerkt og máli vísað frá héraðsdómi vegna ófullnægjandi málflutnings í héraði, vanrækslu dómara á leiðbeiningarskyldu o. fl. 120

Fógeti gaf aðiljum lögtaksmáls ekki kost á því að skýra kröfur sínar og málsástæður. Var úrskurður því ómerktur og málinu vísað heim til löglegrar meðferðar 130

Kærumáli frestað í hæstarétti vegna áfrýjunar aðalmálsins .. 160

Aðalkrafa máls sótt og varin sérstaklega samkvæmt 71. gr. laga nr. 85/1936 og áfrýjað sérstaklega 161

Máli frestað í hæstarétti og lagt fyrir héraðsdómara að veita aðiljum kost á að afla framhaldsgagna 171, 215, 295, 315

Framlagning greinargerða og önnur meðferð máls var mjög andstæð fyrirmælum 106., 108., 109. og 110. gr. laga nr. 85/1936. Aðiljar voru ólögfróðir, og hafði dómari vanrækt leiðbeiningarskyldu. Auk þess var samningu dóms mjög áfátt. Vegna þessara galla var héraðsdómur og öll meðferð máls í héraði ómerkt og máli vísað heim 178

Meðferð landamerkjamáls í héraði var að mörgu áfátt. Ekki sást, að samdómsmenn hafi verið látnir vinna heit, áður en þeir tóku til starfa. Á fyrsta dómþingi var aðiljum ekki bent á að leggja fram greinargerðir. Þingdagur til merkja-

Bls.

göngu var ekki ákveðinn samkvæmt 10. gr. laga nr. 41/1919, og vitni ekki prófuð á vettvangi. Loks öfluðu dómendur ekki uppdráttar af þrætulandinu, þó að þess væri þörf 216

Héraðsdómur ómerktur sökum ófullnægjandi málflutnings í héraði, enda hafði dómari vanrækt að beina því til aðilja að afla skýrslna, sbr. 120. gr. laga nr. 85/1936 280

Í skaðabótamáli var sakarefni skipt samkvæmt 71. gr. laga nr. 85/1936, og það atriði, hvort stefndi væri skaðabótaskyldur, sótt og varið sérstaklega 287, 421

Kærumáli frestað í hæstarétti, og umboðsmönnum aðilja veittur kostur á að flytja mál skriflega 322

Úrskurður héraðsdómara um heimilisfang manns samkvæmt lögum nr. 95/1936 ómerktur vegna margvíslegra galla á meðferð málsins. Einkum var öflun sakargagna áfátt ... 370

Mál til greiðslu bjarglauna var rekið fyrir sjó- og verzlunardómi. Annar samdómenda hafði samkvæmt dómkvaðningu framkvæmt mat á hinu bjargaða skipi. Honum var því óheimilt samkvæmt 36. gr. laga nr. 85/1936 að sitja í dómarasæti í málinu. Var dómur og meðferð máls í héraði ómerkt 382

Héraðsdómur í máli út af árekstri skipa hafði verið ómerktur í hæstarétti m. a. vegna þess, að aðiljar höfðu skipzt á alls sex skriflegum greinargerðum auk greinargerða samkvæmt 105. og 106. gr. laga nr. 85/1936. Er málið var tekið til meðferðar af nýju í héraði, gekk dómari fram hjá ákvæðum 110. gr. sömu laga. Tók hann við af stefnanda dómsgerðum fyrra málsins í heild, þar á meðal hinum sex sóknarskjölum og varnar, er ómerkt höfðu verið. Eftir það tók dómarinn við sex greinargerðum og bókunum af aðiljum. Vegna þessarar löglausu meðferðar var dómur og málsmeðferð í héraði ómerkt af nýju og sekt samkvæmt 34. gr. laga nr. 85/1936 dæmd á hendur héraðsdómara og fulltrúa hans, er með málið höfðu farið. Svo var og héraðsdómslögmaður, sem málið flutti af hálfu stefnanda, sektaður fyrir hlutdeild í rangri meðferð málsins samkvæmt nefndri 34. gr., sbr. 22. gr. laga nr. 19/1940 analogice .. 444

Manndráp.

A ók bifreið um krappa beygju við gatnamót í kaupstað nokkrum. Meðfram veginum, vinstra megin þegar beygjunni var lokið, var vírnetsgirðing og allhá brekka fyrir neðan. Hurð stýrishússins vinstra megin var kviklæst og opnaðist. Hurðarhúnninn festist í vírnetsgirðingunni, og leiddi það til þess, að bifreiðin fór út af veginum og valt eina veltu nið-

Bls.

ur brekkuna. Maður, sem stóð á palli bifreiðarinnar, beið bana. Sýnt þótti, að A hefði fatazt stjórn bifreiðarinnar, er hurðarhúnninn rakst í vírnetið. A var því m. a. dæmdur fyrir manndráp af gáleysi samkvæmt 215. gr. laga nr. 19/1940 1

A ók bifreið eftir götu í kauptúni nokkru að vetrarlagi í mikilli hálku. Á götunni er allkröpp beygja og lét bifreiðin ekki að stjórn, er A ætlaði að víkja henni til hliðar. Rann hún beint áfram að húsi, sem er þvert fyrir beygjunni, og urðu þar fyrir henni tveir drengir. Annar þeirra beið bana. Það var leitt í ljós, að hraði bifreiðarinnar hafði verið 23 km miðað við klukkustund, rétt áður en komið var að beygjunni. Með svo hröðum akstri á hálli götu þótti A hafa sýnt skort á aðgæzlu og þannig gerzt mannsbani af gáleysi. Var hann því m. a. dæmdur fyrir brot á 215. gr. laga nr. 19/1940 4

Skipverjar á báti nokkrum fundu tunnu fulla af áfengi á reki á hafi úti. Fluttu þeir tunnuna til lands og skiptu síðan áfenginu á milli sín. Þeim var ókunnugt, hvers konar áfengi um var að ræða, og komu sér því saman um að nota það hvorki né láta það af hendi til annarra manna, fyrr en það hefði verið rannsakað. Tveir þeirra, Ó og H, rufu þó þetta sammæli, og naut H einnig atbeina manns nokkurs, G, til að selja áfengið. Áfengið reyndist banvænt. Ó beið bana af neyzlu þess. Enn fremur biðu 4 menn bana, er H veitti það sjálfur, og einn maður, sem fengið hafði áfengi frá H fyrir milligöngu G. Bæði H og G höfðu gert ráð fyrir, að um drykkjarhæfan vínanda væri að ræða og höfðu nokkra ástæðu til að ætla það. Hins vegar var talið, að þeim hefði báðum verið ljóst, að þetta var óvíst og að alvarleg hætta gat stafað af neyzlu áfengisins. Þeir voru því báðir dæmdir m. a. fyrir brot á 215. gr. laga nr. 19/1940 30

Ræsi hafði bilað á þjóðvegi. Gert var við það til bráðabirgða, en sá umbúnaður var mjög viðsjárverður. A ók bifreið sinni yfir ræsið, en snéri brátt við aftur og ætlaði að aka yfir það að nýju. Hann hafði þá gleymt umbúnaði ræsisins og misheppnaðist að draga úr hraða bifreiðarinnar, áður en hann ók út á það. Missti hann þá stjórn á bifreiðinni, sem valt og stöðvaðist á hvolfi. Maður, sem með honum var í bifreiðinni, beið bana. A talinn hafa gerzt sekur um vangæzlu, og honum dæmd refsing samkvæmt 215. gr. laga nr. 19/1940 350

A ók bifreið á þjóðvegi. Skyndilega sá hann mann fram undan á veginum. Honum tókst ekki að stöðva bifreiðina nægilega snemma, svo að árekstur varð, og beið maðurinn bana.

Bls.

A hafði að eigin sögn ekki nægilega yfirsýn yfir veginn fram undan. Var hann sökum skorts á aðgæzlu talinn samvaldur að slysinu. Honum var því dæmd refsing samkvæmt 215. gr. laga nr. 19/1940 357

A, sem var miður sín vegna undanfarandi áfengisneyzlu, svefnleysis og þreytu, ók bifreið sinni í 3. gír eftir mjög krappri beygju í brattri hlíð. Hann ók út af veginum, bifreið hans valt, og einn af farþegum hans beið bana. Akstur A talinn ógætilegur, og sætti hann refsingu samkvæmt 215. gr. laga nr. 19/1940 428

Mannorð. Sjá borgaraleg réttindi.

Mat og skoðun.

Læknir skoðar lík manns, sem farizt hafði í bifreiðarslysi .. 4

Lögreglumenn athuga bifreið, sem valdið hafði slysi 4

Bifreiðaeftirlit ríkisins athugar hraðamæli sömu bifreiðar .. 4

Læknir athugar ástand bifreiðarstjóra, sem lent hafði í bifreiðarslysi 4

Tannlæknir áætlar kostnað við aðgerð á tönnum, sem maður hafði misst, er hann varð fyrir líkamsárás 9

Dómkvaddir menn meta kostnað við viðgerð bifreiðar, sem skemmdist í árekstri 13

Bifreiðaeftirlitsmaður gefur álit um, hvort líklegt sé, að bifreiðar hafi krækzt saman með þeim hætti, sem vitni sögðu 13

Geðveikralæknir rannsakar andlega heilbrigði manns, sem ákærður var fyrir glæp 26, 183

Efnagreining látin fara fram á áfengisvökva, sem var í tunnu, er fannst á hafi úti, og reyndist banvænn 30

Tveir dómkvaddir menn rannsaka skjal og láta í ljós og rökstyðja það álit sitt, að skjalið sé falsað 52

Tryggingaryfirlæknir metur örorku manns 79

Læknir lýsir áverka á manni 67, 92, 139, 147, 153, 199, 309, 327

Í björgunarmáli meta dómkvaddir menn hið bjargaða verðmæti 98, 265, 452

Nauðsynleg matsgerð fór ekki fram, áður mál væri dæmt í héraði. Héraðsdómur því ómerktur 120

Óstaðfest matsgerð ekki lögð til grundvallar við ákvörðun bótafjárhæðar gegn mótmælum gagnaðilja 132

Héraðsdómari skírskotar í dómsorði til matsgerðar, er síðar skyldi fram fara, andstætt fyrirmælum 137. gr. laga nr. 85/1936 178

Eftirlitsmenn bifreiða rannsaka bifreið eftir umferðarslys 4, 199, 350

Héraðslæknir vottar um hæfi húsnæðis til íbúðar 245

Dómkvaddir menn meta í útburðarmáli umgengni leigutaka í

Bls.

íbúð. Matsgerðin var ekki staðfest fyrir dómi, en andmælt af gagnaðilja sem rangri og óstaðfestri. Var hún því ekki lögð til grundvallar um útburðarsök 292
Krafizt var skaðabóta fyrir spjöll á bifreið. Matsgerð dómkvaddra manna lögð til grundvallar bótafjárhæð 13, 344
Forstöðumaður Stýrimannaskólans í Reykjavík markar á sjóuppdrátt tökustað togara, er var að veiðum í landhelgi 415, 424

Múrarar. Sjá verðlag.

Ofbeldi. Sjá líkamsáverkar.

Ómaksbætur.

Áfrýjandi kom ekki fyrir dóm, og voru stefnda dæmdar ómaksbætur samkvæmt kröfu hans 30, 83

Ómerking.

a) Einkamál.

Meðferð útburðarmáls í héraði braut mjög í bága við fyrirmæli laga nr. 85/1936. Greinargerðir voru ekki lagðar fram á fyrstu dómþingum, og varð tala þeirra fleiri en vera bar. Ekki var kveðið á um það, hvort málflutningur skyldi vera munnlegur eða skriflegur. Vegna þessa var úrskurður og málsmeðferð fógeta ómerkt, og máli vísað heim 71
Ólöglærður aðili flutti sjálfur mál sitt í héraði. Héraðsdómari benti honum á, að afla þyrfti matsgerðar dómkvaddra manna, áður en málið væri lagt í dóm, en aðili sinnti því ekki. Um fleira var málsútlistun hans áfátt. Héraðsdómari vísaði málinu samt ekki frá dómi, heldur dæmdi það að efni til. Í hæstarétti var héraðsdómurinn og meðferð málsins í héraði ómerkt vegna ófullnægjandi málsútlistunar .. 120
Í lögtaksmáli bar gerðarþoli fram rökstudd andmæli gegn lögtakinu. Fógeti kvaddi aðilja samt sem áður ekki fyrir dóm, og varð málið því ekki útlistað frekar. Lögtaksúrskurður var ómerktur og málinu vísað heim til löglegrar meðferðar 130
Mál var í upphafi aflaga flutt í héraði. Aðiljar æsktu þá skriflega hafningar málsins, en ekki varð séð, hvort dómari hafði orðið við þeim tilmælum. Síðar mæltust aðiljar til skriflegs málflutnings, og samþykkti dómari það. Lögðu aðiljar þá fram greinargerðir og gögn, er fyrr höfðu verið lögð fram í málinu. Dómari leiðbeindi ekki aðiljum, sem voru ólöglærðir, heldur tók málið til dóms. Dómara láðist að greina í dóminum nöfn aðilja og heimilisfang. Hann dæmdi stefndan til að afhenda stefnanda 2 hlutabréf eða jafn-

Bls.

gildi þeirra í peningum samkvæmt mati óvilhallra manna, er síðar skyldi fram fara. Þessir gallar á málsmeðferð og dómi ollu ómerkingu málsins frá þingfestingu svo og héraðsdóms 178

Í máli til heimtu skaðabóta vegna galla á seldum hlut skorti upplýsingar af hálfu stefnanda í héraði um veigamikil atriði málsins. Sjódómur, er fór með málið, hafði vanrækt að beina til aðilja tilmælum um gagnaöflun samkvæmt 120. gr. laga nr. 85/1936. Héraðsdómur því ómerktur og máli vísað heim 280

Héraðsdómari, sem fór með mál út af ágreiningi um heimilisfang samkvæmt lögum nr. 95/1936, vanrækti að afla flestra þeirra gagna og upplýsinga, er áhrif gátu haft á úrslit málsins. Ekki gætti hann þess heldur að leiðbeina kærðum um kröfugerð. Var úrskurður dómara því ómerktur og máli vísað heim 370

Í máli til heimtu bjarglauna, sem rekið var fyrir sjó- og verzlunardómi, hafði annar samdómenda samkvæmt dómkvaðningu framkvæmt mat á hinum björguðu verðmætum. Þetta olli ómerkingu héraðsdóms, sbr. 4. tölul. 36. gr. laga nr. 85/1936 382

Héraðsdómi í máli til heimtu bjarglauna var mjög áfátt í ýmsum greinum. Ekki var þar greind krafa stefnanda um sjóveðrétt og ekki minnzt á kröfur stefnda. Lýsing atvika og málsástæðna var og mjög ófullkomin. Ekki var í forsendum minnzt á þá fjárhæð bjarglauna, sem dæmd var í niðurstöðu, né gerð grein fyrir því, hvernig hún var fengin. Vegna þessara galla var héraðsdómurinn ómerktur og máli vísað heim 410

Héraðsdómur í máli til heimtu skaðabóta hafði verið ómerktur í hæstarétti og máli vísað heim m. a. vegna þess, að fram höfðu verið lagðar of margar skriflegar greinargerðir. Þegar málið var tekið fyrir að nýju í héraði, lagði stefnandi fram dómsgerðir fyrra málsins í heild, þar á meðal hinar ómerktu greinargerðir, og tók dómari við þeim. Eftir það var málið flutt í héraði og þá lagðar fram fleiri greinargerðir en lög stóðu til. Af þessum sökum var héraðsdómur og öll meðferð málsins í héraði ómerkt að nýju í hæstarétti, og málinu vísað heim 444

b) Opinber mál.

Í opinberu refsimáli lagði dómari fram skjöl og hélt próf, er talsmanni sakbornings var ekki gefinn kostur á að sjá. En þar sem skjöl þessi og próf gátu engu ráðið um úrslit máls-

Bls.

ins, þótti ekki ástæða til að ómerkja héraðsdóminn vegna þessa 226

Tveir menn voru í opinberu refsimáli sóttir til sakar fyrir það, að þeir hefðu í gáleysi valdið sjóslysi og þar með bana þriggja manna. Ekki hafði þess verið gætt að leggja málið fyrir atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið til umsagnar samkvæmt 88. gr. laga nr. 41/1930. Próf fóru fram í málinu án siglingafróðra samdómsmanna, og málið var í héraði rekið fyrir aukarétti í stað sjó- og verzlunardóms, sbr. 200 gr. laga nr. 85/1936 og 90. gr. laga nr. 41/1930. Þessir gallar ollu ómerkingu héraðsdómsins og málsmeðferðar í héraði 248

Í refsimáli var kærða ekki gefinn kostur á að sjá og gera athugasemdir við skýrslur 4 vitna, er vörðuðu sök hans. Rannsókn málsins var að fleira leyti áfátt. Á málshöfðun var sá ljóður, að kærða var ekki tilkynnt, að mál yrði höfðað á hendur honum til refsingar fyrir brot á tilteknum lagaboðum og til greiðslu sakarkostnaðar. Dómi var áfátt um það, að enginn frestur var ákveðinn til greiðslu sektar, að vararefsing var ákveðin einfalt fangelsi í stað varðhalds og að málskostnaður, er kærði átti að greiða, var ákveðinn með tiltekinni fjárhæð. Vegna greindra galla var héraðsdómur ómerktur og málinu vísað heim 333

Opinber mál. Sbr. eftirgrennslan brota, lögreglumenn, sönnun, vitni.

Maður beið bana í bifreiðarslysi. Átalið, að rannsókn var ekki hafin þegar í stað og að uppdráttur var ekki gerður af slysstaðnum. Enn fremur var rannsókn málsins að ýmsu leyti talin slæleg 1

Fundið að því, að mál samkvæmt 106. og 108. gr. laga nr. 19/1940 hafði ekki verið höfðað gegn manni, sem veitti opinberum starfsmanni líkamsáverka, er þeir lentu í orðasennu út af starfi hans 9

Það talið mjög aðfinnsluvert, að lögreglumaður, sem kom á vettvang, þar sem bifreiðarslys hafði orðið, markaði ekki á uppdrátt stað bifreiðarinnar og vegsummerki, athugaði ekkert hemlaför og lét ekki þegar fara fram athugun á bifreiðinni 199

Rannsókn og meðferð opinbers máls varð í héraði að miklum mun víðtækari og umfangsmeiri en smábrot þau, sem ákærðu voru sakaðir um, gáfu efni til. Af þessum sökum var hinum ákærðu, er sekir voru dæmdir, aðeins gert að greiða lítinn hluta sakarkostnaðar. Það var og talið óhæfilegt, að dómari bókaði eftir vitnum sóknarræður í stað

Bls.

þess að yfirheyra þau um þau atriði, er máli skiptu. Þá hélt og dómarinn próf og lagði fram skjöl, er vörðuðu sakborning, án þess að talsmanni hans væri gefinn kostur á að sjá þau. Loks setti dómari heimildarlaus skilyrði fyrir því, að máli sakbornings yrði lokið með réttarsætt .. 226

Úrskurður um öflun frekari skýrslna í refsimáli .. 244, 297, 441

Refsimál út af sjóslysi var prófað og rekið án siglingafróðra samdómsmanna. Þess var ekki heldur gætt að leggja málið fyrir atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið til umsagnar samkvæmt 88. gr. laga nr. 41/1930. Olli þetta ómerkingu héraðsdóms 248

Það talið athugavert um rannsókn út af bifreiðarslysi, að ekki voru yfirheyrðir menn, er sátu að drykkju með bifreiðarstjóranum nóttina áður en slysið varð 320

Á var í héraði dæmdur til greiðslu fésektar vegna verðlagsbrots. Skýrsla var tekin af 4 vitnum varðandi sök kærða, en ekki var kærða kynnt efni skýrslna þessara. Ekki var trúnaðarmaður verðlagsstjóra, er sendi dómara kæru um brot kærða, látinn staðfesta skýrslu sína. Dómarinn tilkynnti kærða ekki, að mál yrði höfðað gegn honum fyrir brot á tilteknum lagaákvæðum til refsingar og greiðslu sakarkostnaðar. Hegningarvottorðs kærða var ekki aflað. Ekki var honum í dómi ákveðinn frestur til greiðslu sektar. Vararefsing var ákveðin einfalt fangelsi í stað varðhalds. Sakarkostnaður var ákveðinn með tiltekinni fjárhæð. Vegna greindra galla var héraðsdómur ómerktur, og málinu vísað heim 333

Fundið að því, að óhæfilega lengi dróst að hefja rannsókn máls út af bifreiðarslysi. Það einnig talið athugavert, að vitni, sem höfðu þannig lagaða afstöðu til málsins, að hugsanlegt var, að þau bæru refsiábyrgð á slysinu, voru eiðfest í upphafi rannsóknar 350

Rannsókn opinbers máls ekki talin svo ýtarleg sem skyldi. Ekki varð séð, að sakborningum hefði verið stiað sundur, meðan á rannsókn stóð, og hvorki voru þeir samprófaðir nægilega sín á milli né við mann þann, er kærði verknað þeirra 392

Bifreiðarstjóri var dæmdur sekur um ölvun við akstur. Það þótti athugavert við rannsókn máls hans, að blóðsýnishorn var ekki tekið svo fljótt sem kostur var 460

Opinberir starfsmenn. Sjá lögreglumenn, stjórnsýslumenn.

Bls.

Refsingar.

1. Um refsingar og einstök refsiverð verk.

Aðili dæmdur í sama máli til refsingar fyrir manndráp af gáleysi og brot á ákvæðum bifreiðalaga 1, 4, 350, 357
Aðili dæmdur í sama máli til refsingar fyrir skjalafals og brot á ákvæðum húsaleigulaga 52
Ófjárráða stjúpsonur A var talinn eigandi húseignar. A samdi fyrir hans hönd um leigu á íbúðum í húsinu og tók hærri húsaleigu en lög stóðu til. A var dæmd refsing fyrir brot á ákvæðum húsaleigulaga 52
Bifreiðarstjóri, er tók ökugjald samkvæmt gjaldskrá, sem ekki var samþykkt af viðskiptaráði, dæmdur sekur um brot á lögum um verðlag nr. 3/1943 74
Aðilja dæmd refsing í opinberu máli fyrir líkamsárás samkvæmt 217. gr. laga nr. 19/1940. Í héraðsdómi var refsing ákveðin með hliðsjón af 4. tölul. 74. gr. sömu laga, en hæstiréttur skírskotaði ekki til þess ákvæðis 92
A hafði séð, að gömul og ónothæf bifreið hafði lengi staðið utan við íbúðarskúr í úthverfi Reykjavíkur. Hann fór þangað og tók leyfislaust, en án leyndar, framhluta bifreiðarinnar o. fl. Hann kvaðst hafa haldið, að eigandi bifreiðarinnar hefði fleygt henni. Með tilliti til verðmætis bifreiðarinnar og staðar hennar var taka A á hlutum úr henni talin varða hann refsingu samkvæmt 245. gr. laga nr. 19/1940 132
Kona, sem taldi mann hafa greitt sér höfuðhögg og kjálkabrotið sig, krafðist þess í einkamáli, að honum yrði dæmd refsing samkvæmt 217. gr. laga nr. 19/1940. Með því að áverkinn virtist slíkur sem 218. gr. sömu laga greinir, var refsikröfunni vísað frá héraðsdómi að svo stöddu 147
A kveikti í óvátryggðum skúr, er hann bjó einn í, en hætta var á, að eldurinn breiddist til fleiri húsa. Hann hlaut refsingu samkvæmt 1. mgr. 164. gr. laga nr. 19/1940. A var haldinn þunglyndi og með sjúklegum áhrifum áfengis, er hann framdi brot sitt. Var refsing hans því ákveðin með hliðsjón af 75. gr. sömu laga, enda þótti ekki fullyrðandi, að honum hafi verið ljóst fyrir fram, að áfengisneyzla mundi trufla svo geðsmuni hans, sem raun varð á. A var samkvæmt 64. gr. nefndra laga dæmt óheimilt að kaupa eða neyta áfengis í 5 ár frá því, að lokið væri úttekt refsingar 183
Menn dæmdir sekir við 106. og 108. gr. laga nr. 19/1940 .. 226
Aðiljar dæmdir til refsingar fyrir fjársvik, þjófnað, skjalafals og ólöglega áfengisneyzlu, ýmist sem aðalmenn eða hlutdeildarmenn 392

Bls.

2. Einstakar refsitegundir og önnur viðurlög.

a. Sekt dæmd og varðhald sem vararefsing 1, 74, 226, 320, 357, 392, 412, 415, 424
b. Varðhald dæmt 4, 9, 92, 350, 428, 460
d. Fangelsi dæmt 26, 30, 52, 132, 153, 183, 392
e. Upptaka eignar dæmd 415, 424
f. Svipting réttinda samkvæmt 3. mgr. 68. gr. laga nr. 19/1940 26, 52, 132, 183, 392
g. Svipting ökuleyfis samkvæmt 39. gr. laga nr. 23/1941 4, 199, 320, 350, 357, 428, 460
h. Aðilja dæmd óheimil kaup og neyzla áfengis samkvæmt 64. gr. laga nr. 19/1940 183
i. Skilorðsbundinn refsidómur 132

Reki.

Áfengistunna, sem fannst á reki á hafi úti, talin vera eigandalaus 30

Reklamation. Sjá aðgerðaleysisverkanir.

Res judicata. Sjá dómar.

Réttarfarssektir og vítur.

Hæstaréttarlögmaður vítur fyrir óþinglega framkomu á dómþingi í héraði 117
Hæstaréttarlögmaður dæmdur til greiðslu fésektar vegna móðgandi ummæla um héraðsdómara í varnarskjali í héraði 226
Héraðsdómara og fulltrúa hans dæmt að greiða fésekt samkvæmt 3. mgr. 34. gr. laga nr. 85/1936 fyrir ítrekaða löglausa meðferð einkamáls 444
Héraðsdómslögmaður sektaður fyrir hlutdeild í rangri meðferð ofangreinds máls samkvæmt 3. mgr. 34. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 22. gr. laga nr. 19/1940 analogice 444

Sakhæfi.

Geðveikralæknir lætur uppi álit um andlega heilbrigði manns, sem ákærður var fyrir landráð 26
A var haldinn þunglyndi og með sjúklegum áhrifum áfengis, er hann kveikti í skúr, sem hann bjó í. Refsing hans ákveðin með hliðsjón af 75. gr. laga nr. 19/1940, enda þótti ekki fullyrðandi, að honum hafi fyrir fram verið ljóst, að áfengisneyzla mundi trufla svo geðsmuni hans, sem raun varð á 183

Bls.

Saknæmi.

A ók vörubifreið eftir krappri beygju á vegamótum í kaupstaðnum S. Allhá brekka var vinstra megin við veginn, er beygjunni lauk, og var þar vírnetsgirðing meðfram veginum. Hurð stýrishússins vinstra megin reyndist vera kviklæst. Opnaðist hún, og hurðarhúnninn festist í vírnetsgirðingunni. Kipptist þá bifreiðin til vinstri, fór út af veginum og valt niður brekkuna. Maður, sem stóð á palli bifreiðarinnar, kastaðist af honum og beið bana. Talið var, að A hefði átt sök á slysinu, þar eð honum hefði fatazt stjórn bifreiðarinnar 1

A ók bifreið eftir ísilagðri og hálli götu í kauptúni nokkru. Á götunni var allkröpp beygja, og er að henni kom, tókst A ekki að víkja bifreiðinni til hliðar, heldur rann hún áfram upp að húsi, sem er þvert fyrir beygjunni. Þar urðu fyrir henni 2 drengir, og beið annar þeirra bana. Leitt var í ljós, að rétt áður en komið var að beygjunni, hafði hraði bifreiðarinnar verið 23 km miðað við klukkustund. Með svo hröðum akstri á hálli götunni var talið, að A hefði sýnt skort á aðgæzlu og ætti því sök á slysinu 4

Bifreiðin A ók fram úr bifreiðinni B, er þær voru rétt komnar að brú, sem var á leið þeirra. Kræktist afturvari A í framvara B og dró hana með sér yfir á brúna, þar sem hún rakst á handriðsstólpa og skemmdist. Þótt B væri að eins vikið inn á veginn í sömu andrá og A var ekið fram hjá, var bifreiðarstjórinn á A talinn eiga einn sök á því, hvernig fór, þar eð hann hafði ekið allhratt fram hjá B án þess að gefa hljóðmerki og mjög nálægt henni að þarflausu 9

Skipverjar á báti nokkrum fundu áfengistunnu á reki á hafi úti, fluttu hana á land og slógu eign sinni á hana. Einn þeirra, H, lét bæði sjálfur og fyrir milligöngu annars manns, G, áfengi þetta af hendi til annarra manna til neyzlu, enda þótt ekki hefði verið rannsakað, hvort það væri drykkjarhæft. Áfengið reyndist banvænt, og létust nokkrir menn, er neyttu þess, en aðrir veiktust. Bæði H og G höfðu haldið, að áfengið væri drykkjarhæft, og höfðu nokkra ástæðu til að ætla það. Hins vegar var þeim ljóst, að þetta var algerlega óvíst, og að vel gat svo farið, að alvarleg hætta stafaði af neyzlu þess, eins og reyndist. Þeir voru taldir hafa valdið dauða og veikindum manna á saknæman hátt og voru því dæmdir sekir um brot gegn 215. og 219. gr. laga nr. 19/1940 30

Farþegi í strætisvagni kastaðist til í vagninum og hlaut af meiðsli. Strætisvagnsstjórinn, er ók allhratt eftir ólögðum

Bls.
vegi, ósléttum og holóttum, ekki talinn hafa gætt nægrar varúðar 67
Maður á reiðhjóli rakst á fótgangandi mann. Hinum fyrrnefnda var talið það til sakar, að hann dró ekki í tæka tíð úr hraða hjólsins og gaf ekki hljóðmerki. Hinn fótgangandi maður hafði einnig sýnt af sér óvarkárni með því að fara út á akbraut án þess að gæta að umferð. Var tjóni af slysinu skipt milli aðilja 79
A hafði tekið án leyfis framhluta o. fl. af bifreiðarræksni, sem stóð við íbúðarskúr í úthverfi Reykjavíkur. Er sakamál var höfðað á hendur honum út af tökunni, bar hann það fyrir sig, að hann hefði álitið bifreiðina umhirðulausa og að eigandi hennar hefði fleygt henni. Honum var þó ekki talið rétt að líta svo á, þar sem verðmæti bifreiðarinnar var töluvert og staður hennar gaf ekki til kynna, að hún væri komin úr vörzlum eiganda 132
A kom drukkinn heim til hjóna og lenti í ryskingum við húsbóndann. Er húsfreyjan ætlaði að ganga á milli, fékk hún högg í andlitið, og brotnaði vinstri kjálki hennar. A hélt því fram, að hún hefði orðið fyrir höggi eiginmannsins, er sér hafi verið ætlað. Með framburði hjónanna og eins vitnis þótti þó ljóst gert, að A hefði bakað sér bótaábyrgð á slysinu 147
Bifreiðarstjóri, er kvaðst hafa blindazt svo af ljósum annarrar bifreiðar, að hann sá ekki veginn fram undan, vanrækti að stöðva þegar í stað bifreið sína 199
Í sambandi við bifreiðarslys var ekki leitt í ljós, að ökumaður hefði sýnt fulla aðgæzlu og varkárni 309, 340
Bifreiðarstjóra metið til vangæzlu, að hann hafði mjög drukkinn mann við hlið sér í framsætinu án þess að haga akstrinum á þann hátt, að háski eða truflun stafaði ekki af honum, eða gera aðrar virkar ráðstafanir í því skyni 320
Bifreiðarstjóri olli slysi með því að aka of hratt og sýna ekki næga aðgæzlu 350
Bifreiðarstjóri hafði ekki þá yfirsýn yfir veginn fram undan, sem boðin er í bifreiðalögum og umferðarlögum. Hann var vegna aðgæzluskorts talinn samvaldur að dauða manns, er varð fyrir bifreið hans 357

Samningar. Sbr. húsaleiga, skaðabætur.
Ákvarðanir viðskiptaráðs um greiðslu fyrir unnin verk taka ekki til samninga, sem stéttarfélög (þ. e. félög vinnuseljenda) gera um það efni við einstaka vinnukaupendur 18
Leigutaki húsnæðis hafði ekki gætt fyllilega réttra aðferða

Bls.

um greiðslu á húsaleigu, en ekki þóttu þær vanefndir svo miklar, að leigusali gæti riftað leigumálanum 86

A hafði keypt bifreið af B, goldið nokkurn hluta andvirðis hennar, haft hana í sínum vörzlum nálægt því 2 mánuði, en þá skilað B henni aftur í mun lakara ásigkomulagi en þegar hann fékk hana. A ekki talinn hafa heimild til riftunar á kaupunum, þar sem ekkert benti til, að B hafi verið um galla kunnugt við afhendingu, og A hafði ekki kvartað undan göllum í tæka tíð. A átti ekki heldur rétt til endurgreiðslu þegar goldins kaupverðs samkvæmt ákvæðum 57. gr. laga nr. 39/1922 eða 36. gr. laga nr. 7/1936. B lagði fram skjal undirritað af A, þar sem hann lýsir yfir því, að hann eigi enga frekari kröfu á hendur B um greiðslu kaupverðs. Ekki var tekið mark á þeirri staðhæfingu A, að yfirlýsingunni hafi verið breytt, eftir að hann afhenti B hana. Fékk A því engan hluta þegar goldins kaupverðs endurgreiddan 220

Skilyrði 1. gr. laga nr. 39/1943 til uppsagnar á leiguíbúð ekki talin vera fyrir hendi 245

A gerði tímabundinn farmsamning við þriðja aðilja um skip B samkvæmt umboði frá honum. Samningurinn reyndist ekki vera í samræmi við umboðið. Var A dæmt skylt að bæta B tjón hans, er af þessu leiddi 287

Vanskil á greiðslu húsaleigu ekki talin slík, að varða eigi riftun húsaleigusamnings 292

Í samningi, er stjórnarnefnd ríkisspítalanna og Sjúkrasamlag Reykjavíkur gerðu með sér árið 1936, var uppsagnarfrestur ákveðinn 6 mánuðir af beggja hálfu, miðað við 30. júní og 31. des. ár hvert. Stjórnarnefndin sagði samningnum upp 20. febr. 1940, en vildi láta uppsögn koma til framkvæmdar frá 1. jan. s. á. Þessu ekki sinnt, en samningur talinn gilda til ársloka 1940 298

A og B voru sameigendur að húsi. Samkvæmt samningi þeirra á milli skyldi A fá til afnota og umráða þann hluta af kjallara hússins, er D hafði á leigu. Talið, að A hafi með samningi þessum m. a. fengið heimild frá B til þess að koma einn fram gagnvart D um notkun þessa hluta hússins 406

Skilyrði samkvæmt 1. gr. laga nr. 39/1943 til uppsagnar á leiguíbúð talin vera fyrir hendi 437

Skýrt var tiltekið ákvæði í kjarasamningi milli stéttarfélaga .. 456

Sératkvæði.

Formaður sjó- og verzlunardóms greiðir sératkvæði í máli til heimtu björgunarlauna 98

Einn dómenda hæstaréttar greiðir sératkvæði í útburðarmáli 437

Bls.

Siglingar. Sjá björgun, fiskveiðabrot, sjóveð, vinnusamningar.

Sjóðir og stofnanir.

Samkvæmt ákvæðum gjafabréfs og staðfestrar skipulagsskrár Bíóhallarinnar á Akranesi, skal hreinum arði af rekstri hennar varið til stuðnings mannúðar- og menningarmálum á Akranesi. Stofnuninni samt talið skylt að greiða skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56/1927, þar sem heimild fyrirsvarsmanna hennar til ráðstöfunar á arði var ekki bundin við glöggt afmörkuð verkefni 197

Sjó- og verzlunardómur.

Mál til heimtu bjarglauna 98, 265, 382, 410, 452
Krafizt greiðslu á viðgerðarkostnaði skips 135
Refsimáli út af sjóslysi, sem rekið var fyrir aukarétti, vísað frá þeim dómi, þar sem sjó- og verzlunardómur átti með það að fara og dæma það, sbr. 200. gr. laga nr. 85/1936 og 90. gr. laga nr. 41/1930 248
Mál til heimtu skaðabóta vegna galla á seldu skipi 280
Mál til ákvörðunar á kaupi skipstjóra 322
Mál til heimtu stríðstryggingarbóta eftir sjómann, er fórst af skipi 338
Dæmt um skiptingu bjarglauna milli skipverja 385
Skaðabóta krafizt vegna árekstrar skipa 444
Ágreiningur um kjör sjómanns á togara 456

Sjóveð.

Sjóveð dæmt til tryggingar bjarglaunum 98, 452
Ekki fyrir hendi skilyrði til þess að dæma sjóveð til tryggingar viðgerðarkostnaði skips 135
Sjóveð dæmt til tryggingar hásetakaupi 456

Sjúkrahús.

Stjórnarnefnd ríkisspítalanna sækir hreppsfélag um greiðslu vistgjalds sjúklings á geðveikrahæli 126
Stjórnarnefnd ríkisspítalanna krefur Sjúkrasamlag Reykjavíkur um greiðslu svonefndra fæðingarstofugjalda vegna dvalar samlagsmanna á Landsspítalanum 298

Sjúkrasamlög.

Sjúkrasamlag Reykjavíkur sótt um greiðslu svonefndra fæðingarstofugjalda á Landsspítalanum vegna þeirra samlagsmanna, er slík gjöld áttu að greiðast fyrir á árunum 1940—1942. Vegna ákvæða samnings milli Sjúkrasamlagsins og

Bls.

stjórnarnefndar ríkisspítalanna, er gerður hafði verið árið 1936, en sagt upp af hálfu stjórnarnefndarinnar í febr. 1940, var talið, að Sjúkrasamlaginu bæri aðeins að greiða gjöld þessi frá áramótum 1940—1941 298

Skaðabætur.

a) Vegna vanefnda á samningum o. fl.

Mál til heimtu skaðabóta vegna galla á seldum hlut ómerkt í hæstarétti vegna skorts á öflun gagna í héraði 280

Samkvæmt umboði frá h/f M gerði h/f G tímabundinn farmsamning um skip M við flotastjórn Bandaríkjanna. Samkvæmt skýrslu M, er studdist við ýmis gögn og G tókst ekki að hnekkja, var það ófrávíkjanlegt skilyrði af hálfu M, að samið yrði til 12 mánaða án uppsagnar á þeim tíma. Í farmsamningi þeim, er G gerði við flotastjórnina, var henni hins vegar heimiluð uppsögn með 30 daga fyrirvara, og beitti hún uppsögn að liðnum rúmum 3 mánuðum frá samningsdegi. Vegna þessa ósamræmis milli umboðsins og farmsamningsins var h/f G dæmt að bæta h/f M tjón, er af því leiddi, að félagið fékk ekki umsamið farmgjald fyrir skipið í fullan 12 mánaða tíma 287

Tveir kaupsýslumenn kröfðust fébóta úr ríkissjóði af þeim sökum, að vara, er þeir fengu frá Bandaríkjunum fyrir milligöngu viðskiptanefndar, reyndist dýrari en sams konar vara, er aðrir aðiljar fengu með aðstoð nefndarinnar á sama tíma. Krafan ekki tekin til greina, með því að viðskiptanefndin annaðist einungis fyrirgreiðslu á pöntun vörunnar, en yfirvöld í Bandaríkjunum réðu því, hvaðan hver einstök vörupöntun var afgreidd, og gat varan orðið misjafnlega dýr, eftir því hversu mikill flutningskostnaður lagðist á hana 361

A fékk án athugasemdar leyfi byggingarnefndar Reykjavíkur til að reisa hús við Garðastræti samkvæmt teikningu, er umsókn hans fylgdi og sýndi dýpt fyrirhugaðs kjallara. Eftir að hafizt var handa um byggingu, kom í ljós, að holræsi í götunni var í mun meiri hæð en kjallaragólfið. Varð því að leggja skolpleiðslu úr kjallaranum í holræsi við aðra götu. A krafði bæjarsjóð Reykjavíkur um bætur vegna aukakostnaðar, er af þessu leiddi. Sýknað af kröfunni, með því að engin lagaskylda hvílir á Reykjavíkurbæ til að leggja holræsi í götur, þar sem þau eru ekki fyrir, né til að leggja ný og fullkomnari holræsi í samræmi við auknar þarfir 421

Bls.

b) Skaðabætur utan samninga.

Manni, sem orðið hafði fyrir meiðslum, er á hann var ráðizt, og m. a. misst tvær tennur, dæmdar miska- og skaðabætur 9

Bifreiðin A ók fram úr bifreiðinni B, er þær voru rétt komnar að brú, sem var á vegi þeirra. Kræktist afturvari A í framvara B, og dró hana með sér yfir á brúna, þar sem hún rakst á handriðsstólpa og skemmdist. Bifreiðarstjórinn á A var talinn eiga einn sök á skemmdunum, og var eigandi hennar því dæmdur til að greiða eiganda B fullar skaðabætur bæði fyrir skemmdirnar og afnotamissi bifreiðarinnar. Við ákvörðun bóta fyrir afnotamissi var á það litið, að eigandinn, sem ók bifreiðinni sjálfur, var heilsuveill og því alls ólíklegt, að bifreiðin hefði verið í notkun allan tímann, sem leið frá árekstrinum þar til viðgerð hennar var lokið 13

A varð fyrir meiðslum í strætisvagni vegna ógætilegs aksturs bifreiðarstjóra. Eiganda vagnsins dæmt að bæta honum tjón hans, þar á meðal atvinnutjón, örorku og þjáningar 67

Árekstur varð á götu milli A, sem var fótgangandi, og B, sem var á reiðhjóli. Hvorugur hafði nægilega gætt umferðarreglna. Aðeins A varð fyrir meiðslum. Sök skipt þannig, að A bar ⅓ tjóns, en B ⅔. Samkvæmt því fékk A bætt atvinnutjón, örorku (hann var 67 ára gamall), þjáningar og lækniskostnað 79

A, sem veitt hafði B líkamsáverka, dæmdur til að greiða honum bætur, m. a. fyrir þjáningar og óþægindi 92

A, sem tekið hafði ófrjálsri hendi ýmsa hluti úr bifreið B, krafinn skaðabóta í refsimáli gegn honum. Kröfunni vísað frá dómi, með því að gögn skorti til að meta hana, enda hafði matsgerð tveggja manna ekki verið staðfest, þótt henni væri andmælt 132

K, 20 ára, varð fyrir bifreið og beið bana af. Bifreiðarstjórinn talinn eiga sök á slysinu. A, faðir K, krafðist dánarbóta af eigendum bifreiðarinnar. Honum dæmdur jarðarfararkostnaður og dánarbætur 139

A kom drukkinn inn á heimili hjóna og lenti í ryskingum við húsbóndann. Er húsfreyjan ætlaði að ganga á milli, greiddi A henni svo mikið högg í andlitið, að vinstri kjálki brotnaði. A dæmt að greiða konunni bætur vegna lækniskostnaðar, andlitslýta, þjáninga o. fl. 147

S réðst á tvo menn að næturlagi á götu og veitti þeim áverka. Hann var dæmdur til að bæta þeim skemmdir á fötum, vinnutjón, þjáningar o. fl. 153

Kona varð fyrir miklum líkamsáverka, er áætlunarbifreið, sem

Bls.

hún var í, valt út af veginum. Bifreiðin var í lélegu ásigkomulagi og bilaði í akstri, þegar slysið varð. Ekki var í ljós leitt, að ökumaður hefði sýnt fulla aðgæzlu. Eiganda bifreiðar dæmt að greiða konunni fébætur, þar á meðal fyrir örorku, þjáningar og lýti 309

Stúlka varð fyrir bifreiðarárekstri á götu á Akureyri. Bifreiðarstjórinn viðurkenndi í skaðabótamáli bótaskyldu sína. Hann var dæmdur til að bæta stúlkunni atvinnutjón, lækniskostnað, fataspjöll, þjáningar og lýti 327

Er kona var að stíga út úr strætisvagni, féll hún á götuna og fótbrotnaði. Hún taldi strætisvagninn hafa ekið af stað, meðan hún var að fara út úr honum, en framburður vitna benti til, að hún hefði stigið út úr vagninum, áður en hann stöðvaðist. Var eigandi bifreiðarinnar dæmdur samkvæmt 34. gr. laga nr. 23/1941 til að bæta henni hálft tjón hennar 340

Amerísk herflugvél á vegum Bandaríkjahers rakst á bifreið A og olli spjöllum á henni. Ekki var upplýst, að vangæzlu A væri á nokkurn hátt til að dreifa. Ríkissjóði dæmt skylt að bæta A tjón hans samkvæmt lögum nr. 99/1943. A fékk bætur fyrir atvinnumissi svo og viðgerðarkostnað samkvæmt mati tveggja dómkvaddra manna 344

Þrír menn, er með sviksamlegu atferli höfðu fé af manni, dæmdir til að bæta honum tjón hans 392

Mál til heimtu skaðabóta vegna árekstrar skipa ómerkt í hæstarétti vegna rangrar málsmeðferðar 444

Skattar og gjöld.

a) Til bæjar- og sveitarfélaga.

Árið 1943 var lagt útsvar á A í Hafnarfirði. Hann taldi sig ekki eiga þar heimili, og neitaði að greiða útsvarið. Í lögtaksmáli til heimtu útsvarsins kom það fram, að A hafði haft íbúð á leigu í Hafnarfirði allt árið 1942 og fram til 14. maí 1943, og þar dvaldist kona hans þenna tíma. Var því talið, að heimili hans hefði verið í Hafnarfirði, þegar niðurjöfnun útsvara fór fram árið 1943. A átti síldarsöltunarstöð á Siglufirði og hafði þar síldarsöltun árið 1942. Bar honum að gjalda þar útsvar samkvæmt a-lið 8. gr. laga nr. 106/1936. Sagt, að sökum heimilisfestu hans í Hafnarfirði hafi mátt leggja þar á hann útsvar 1943 á tekjur, sem samsvöruðu hæfilegum framkvæmdastjóralaunum, en þær tekjur hefði átt að draga frá heildartekjum hans, áður en útsvar var lagt á þær á Siglufirði. Þessara reglna var ekki gætt við álagningu útsvars í Hafnarfirði, og útsvarið því lagt á rangan gjaldstofn. Var samkvæmt þessu synjað um framkvæmd lögtaksgerðar 110

Bls.

Lögtaksúrskurður í útsvarsmáli ómerktur vegna galla á málsmeðferð 130

H/f A, heimilisfast í Reykjavík, átti togarann S. Árið 1943 var lagt útsvar á félagið í Reykjavík. Ísafjarðarkaupstaður taldi h/f A hafa rekið atvinnu á Ísafirði árið 1942 og gerði í dómsmáli kröfu um, að Reykjavíkurbæ yrði dæmt skylt að þola skiptingu á útsvarinu milli nefndra bæjarfélaga. Í málinu kom fram, að h/f A hafði að vísu haft umboðsmann á Ísafirði árið 1942 og látið leggja þar á land kol, sem ætluð voru togara félagsins. En ekki var talið, að h/f A hefði með þessu rekið atvinnu á Ísafirði í merkingu a-liðs 1. tölul. 9. gr. laga nr. 106/1936. Var krafa Ísafjarðarkaupstaðar því ekki tekin til greina 255

Árið 1943 var S gert að greiða útsvar í Reykjavík. Hann neitaði að greiða útsvarið, með því að hann væri skráður heimilisfastur í Austur-Landeyjahreppi. S hafði flutzt til Reykjavíkur í júlí 1942 og ráðizt þar til fasts starfs hjá iðnaðarfyrirtæki, og stundaði hann það enn, er útsvar var á hann lagt 1943. Var hann því talinn útsvarsskyldur í Reykjavík samkvæmt 8. gr. laga nr. 106/1936, og heimilað að heimta útsvarið með lögtaksgerð 336

Vegna ágreinings um útsvarsskyldu J á Akureyri, gekk þar úrskurður lögreglustjóra um heimilisfang hans. Úrskurðinum var áfrýjað, en hann var ómerktur í hæstarétti vegna rangrar málsmeðferðar í héraði 370

Eftir að S hafði goldið útsvar sitt í Í-kaupstað fyrirvaralaust, lækkaði ríkisskattanefnd það samkvæmt kæru hans. Í-kaupstað dæmt skylt að endurgreiða S þann hluta, sem ofgoldinn var samkvæmt niðurfærslu ríkisskattanefndar, sbr. 1. mgr. 27. gr. laga nr. 106/1936 375

A hafði síðan á árinu 1939 verið búsettur í Reykjavík, haft þar íbúð á leigu, og þar dvöldust kona hans og börn. Þrátt fyrir heimilisfang hans í Reykjavík var ekki lagt útsvar á hann þar fyrr en árið 1943. Hins vegar hafði A goldið útsvar þessi ár í B-hreppi, þar sem hann hafði skráð sig á manntalsskýrslur. A galt í B-hreppi útsvar, er þar var lagt á hann 1943, enda tjáði oddviti honum, að útsvar hans í Reykjavík mundi verða fellt niður, er hann sýndi skilríki fyrir greiðslu útsvars í B-hreppi. A krafðist síðar endurgreiðslu útsvarsins af B-hreppi, með því að hann varð að greiða útsvar í Reykjavík. Endurgreiðslukrafan tekin til greina vegna fyrrnefndrar staðhæfingar oddvita B-hrepps 377

V, er heimilisfastur var í Reykjavík árin 1941—1944, skráði sig samt til heimilis á Akranesi og galt þar útsvör, er á hann voru lögð árin 1942 og 1943. Þessi sömu ár voru

Bls.

lögð á V útsvör í Reykjavík, er hann varð að greiða. Krafðist hann þá endurgreiðslu af Akranesskaupstað á útsvörunum 1942 og 1943. Krafan ekki tekin til greina, þar sem V hafði skráð sig heimilisfastan á Akranesi, talið þar fram til skatts og greitt útsvör sín fyrirvaralaust 400

b) Skattar til ríkissjóðs o. fl.

Lögtaksúrskurður í máli til heimtu tekjuskatts o. fl. ómerktur vegna rangrar málsmeðferðar 106

Árið 1942 flutti H ísvarinn fisk til Englands og seldi hann þar á markaði. Hann galt af fiskinum útflutningsgjöld samkvæmt lögum nr. 63/1935 og nr. 98/1941, fiskveiðasjóðsgjald samkvæmt lögum nr. 47/1930, fiskimálasjóðsgjald samkvæmt lögum nr. 75/1937, útflutningsnefndargjald, sbr. lög nr. 11/1940 og viðskiptanefndargjald, er H hafði gengizt undir að greiða. Gjöldin voru reiknuð af söluverði fisksins erlendis að frádregnum kostnaði þeim, er í lögum nr. 63/1935 greinir. H taldi hins vegar, að miða bæri gjöldin við „fob" verð fisksins samkvæmt samningi ríkisstjórnar við tiltekna erlenda aðilja. Krafðist hann af þeim sökum endurgreiðslu úr ríkissjóði á nokkrum hluta gjaldanna, en með því að gjöld þau, sem tekin höfðu verið, þóttu rétt ákveðin, var krafa hans ekki tekin til greina 161

Firmað A gerði út togara árin 1931—1939, og varð á þeim árum mikið tap á útgerðinni. A rak þessi sömu ár verzlun og fleiri atvinnugreinar, er það hagnaðist á. Á skattaframtali árið 1941 dró A allt útgerðartapið á árunum 1931—1939 frá tekjum ársins 1940, sbr. j-lið 4. gr. laga nr. 9/1941. Þetta þótti ekki heimilt. Rétt var talið að beita nefndu lagaákvæði þannig, að sá hluti útgerðartaps A, sem féllst árin 1931—1939 í faðma við hagnað af öðrum atvinnugreinum þess en útgerð og olli með þeim hætti því, að skattur var ekki greiddur af þeim hagnaði greind ár, yrði ekki aftur dreginn frá tekjum A á árinu 1940, áður en skattur væri á þær lagður. Varakrafa A um, að því yrði heimilað að leggja meira fé af tekjum 1940 í Nýbyggingarsjóð en gert var, ekki heldur tekin til greina, þar sem firmað hafði ekki gert í tæka tíð þær ráðstafanir, er til þess þurfti 188

Samkvæmt ákvæðum gjafabréfs og staðfestrar skipulagsskrár Bjóhallarinnar á Akranesi skyldi hreinum arði af rekstri hennar varið til stuðnings mannúðar- og menningarmálum á Akranesi. Þrátt fyrir þetta þótti stofnunin ekki eiga rétt til undanþágu á greiðslu skemmtanaskatts samkvæmt b-lið laga nr. 56/1927, þar sem heimild fyrirsvarsmanna

Bls.

hennar til ráðstöfunar á arði var ekki bundin við glöggt afmörkuð verkefni 197
Ekki talið heimilt að ákveða skatt af samanlögðum tekjum hjóna, er þau hvort í sínu lagi öfluðu fyrir stofnun hjúskapar á því ári, er þau gengu að eigast, þar eð til þess skorti örugga heimild, sbr. 11. gr. laga nr. 6/1935. Reglug. nr. 133/1936, 18. gr., ekki talin raska þessu 372

Skilorðsbundnir dómar.

Maður, er sekur hafði gerzt um gripdeild, dæmdur skilorðsbundnum refsidómi 132

Skip. Sjá björgun, fiskveiðabrot, sjóveð, skuldamál, stríðstryggingar.

Skipti.

Hjón, sem höfðu áformað að skilja að borði og sæng, greindi á um skiptingu eigna. Konan krafðist þess að fá húseign sem séreign í sinn hluta. Húseign þessi hafði hvorki verið fengin fyrir séreign hennar, svo að sannað væri, né gerð að séreign hennar með kaupmála. Var eign þessi því talin eiga að koma til jafnra skipta milli aðilja. Gildir voru metnir kaupmálar, er hjónin höfðu gert með sér. Fékk konan þá muni, sem með kaupmálunum höfðu verið gerðir séreign hennar, þar á meðal áletraða silfurmuni, sem eiginmaðurinn hafði á sínum tíma fengið sem heiðursverðlaun. Húsmunir, er ekki voru taldir í kaupmála, skyldu koma til jafnra skipta 388

Skjalafals.

Þrátt fyrir neitun sakbornings þótti sannað með skýrslum vitna, skoðunargerð dómkvaddra manna og fleiri líkum, að hann hefði falsað efni kvittunar, er annar maður hafði undirritað 52
Í einkamáli taldi A, að skjal, er hann hafði undirritað og lagt var fram af gagnaðilja hans, hefði verið falsað. Ekki var tekið mark á staðhæfingu þessari, þar sem hvorki útlit skjalsins né annað studdi hana 220
A falsaði kvittanir fyrir peningagreiðslum með því að skrifa tilbúin nöfn undir þær. Hann sætti refsingu samkvæmt 155. gr. laga nr. 19/1940. Maður, sem tók þátt í brotinu með A, dæmdur samkvæmt sömu gr., sbr. 22. gr. sömu laga 392

Skjöl. Sbr. skjalafals.

Í einkamáli var ekki tekið mark á staðhæfingu annars aðilja um fölsun á skjali, er gagnaðili hans lagði fram, þar sem

Bls.
ekkert kom fram, er gerði skjalið tortryggilegt 220
Þess var krafizt í einkamáli, að forstöðumaður Rannsóknarstofu háskólans yrði skyldaður til að afhenda til afnota í málinu skýrslu um krufningu á líki tiltekins manns, er forstöðumaðurinn hafði framkvæmt 315

Skuldamál. Sbr. bjarglaun, endurgreiðsla, kaup og sala, skaðabætur, umboð.

A taldi sig hafa selt skip B samkvæmt umboði frá honum og gerði kröfu á hendur honum til umboðslauna. Gegn andmælum B þótti ekki sannað, að hann hefði falið A umboð til sölu skipsins. Hins vegar kom það fram, að A hafði komið á sambandi milli B og kaupanda skipsins, er síðan leiddi til samninga. Var því A dæmd þóknun fyrir milligönguna, en ekki full umboðslaun 76
Af hálfu geðveikrahælis var hreppsfélagið H krafið um greiðslu vistgjalds sjúklingsins B á hælinu. Með því að ágreiningur var milli H og hreppsfélagsins F um framfærsluskyldu B, er yfirvöld höfðu ekki lagt úrskurð á samkvæmt 81. gr. laga nr. 52/1940, var A sýknað að svo stöddu 126
A, er gert hafði við skip B, krafði hann greiðslu á viðgerðarkostnaði. Ekki sinnt frávísunarkröfu B, sem á því var reist, að reikningar A væru ekki nægilega sundurliðaðir. Krafa B um bætur úr hendi A vegna dráttar á viðgerðinni, er kæmu til skuldajafnaðar við kröfu A, ekki heldur tekin til greina. Var því B dæmt að greiða viðgerðarkostnaðinn .. 135
Bátur A var settur upp á skipasmíðastöð B til viðgerðar. Seinna var ákveðið, að ekki yrði gert við bátinn, en hann var þó um alllangan tíma eftir það kyrr á skipasmíðastöðinni. B talinn eiga kröfu til hæfilegrar þóknunar úr hendi A fyrir geymslu bátsins 157
Stýrimaður á skipi, er sagt var upp starfi fyrirvaralaust, fær dæmd laun úr hendi útgerðarmanns í einn mánuð samkvæmt 13. gr. laga nr. 41/1930 207
A, er fengið hafði einkaleyfi á uppgötvun varðandi múrhúðun, krafði B, er hann taldi hafa notfært sér uppgötvunina, um þóknun fyrir notin. Talið, að ekki hafi verið fyrir hendi skilyrði til veitingar einkaleyfis. Var B því sýknaður af kröfu A 269
Stjórnarnefnd ríkisspítalanna (A) krafði Sjúkrasamlag Reykjavíkur (B) um svonefnd fæðingarstofugjöld vegna sjúklinga á vegum B í Landsspítalanum árin 1940—1942. Samkvæmt samkomulagi A og B árið 1936 skyldu fæðingarstofugjöld vera innifalin í almennum daggjöldum, en samkomulagi þessu sagði A upp í bréfi til B 20. febr. 1940 og lýsti

Bls.

því, að greiða bæri fæðingarstofugjöldin auk daggjalda. Uppsögn þessi var af dómstólum ekki talin eiga að koma til framkvæmdar fyrr en frá árslokum 1940. Staðhæfing B um, að ráðherra hafi eftir þetta ákveðið munnlega, að B skyldi ekki krafinn um fæðingarstofugjaldið, ekki talin skipta máli. Samkvæmt þessu var B dæmt að greiða A oftnefnd gjöld fyrir árin 1941 og 1942 298

A hæstaréttarlögmaður krefur B um greiðslu á ómakslaunum og útlögðum kostnaði vegna fjárnáms og uppboðs á skipi, er B hafði beðið hann um að láta framkvæma. B synjaði greiðslu með þeim rökum, að A hefði með vanrækslu í sambandi við gerðir þessar valdið honum tjóni. Þetta tókst B þó ekki að sanna, og var honum dæmt að greiða kröfu A 303

Leigutaki húsnæðis fær dæmda endurgreiðslu úr hendi leigusala á ofgreiddri húsaleigu samkvæmt 13. gr. laga nr. 39/1943 316

Togaraháseta, sem fór í land meðan togarinn sigldi til útlanda með aflann, dæmd laun og fæðispeningar, meðan skipið var í þeirri för, samkvæmt ákvæðum kjarasamnings 456

Stefna. Sjá málshöfðun.

Stéttarfélög. Sbr. verðlag.

Ákvæði í 6. gr. samnings frá 1. sept. 1942 um kaup og kjör á togurum milli stéttarfélaga sjómanna og togaraeigenda var skýrt á þá leið, að sjómenn, er væru á togara á veiðum, en færu í land, er togarinn sigldi til útlanda með aflann, nytu réttar til launa og fæðispeninga, meðan skipið væri í þeirri för 456

Stjórnsýsla. Stjórnsýslumenn. Stjórnarfar. Sbr. lögreglumenn.

Viðskiptaráð hefur ekki heimild til að ákveða taxta fyrir verk, sem stéttarfélag (þ. e. félag vinnuseljenda) hefur samið um greiðslu fyrir við einstaka vinnukaupendur 18

Í útsvarsmáli var synjað um framkvæmd lögtaksgerðar, með því að niðurjöfnunarnefnd hafði lagt útsvar á rangan gjaldstofn 110

A reisti hús á lóð í Reykjavík án leyfis byggingarnefndar. Húsið var síðar selt á nauðungaruppboði, og keypti Reykjavíkurbær það. A keypti húsið aftur af bænum og seldi B það. Áður en bærinn eignaðist húsið, hafði borgarstjóri látið þinglýsa athugasemd um, að fjarlægja ætti húsið af lóðinni. B höfðaði mál gegn bænum og krafðist þess, að honum yrði dæmt skylt að fella athugasemdina niður og aflýsa

Bls.

henni. Réttur bæjarins til að láta fjarlægja húsið talinn vera enn fyrir hendi, þar sem þeir starfsmenn bæjarins, er gáfu út afsal til handa A eftir nauðungaruppboðið, höfðu ekki getað firrt stjórnvöld bæjarins áðurnefndri heimild, sem stoð átti í lögum. Var bærinn því sýknaður af kröfu B 113

Sjúkrasamlag, er krafið var um tiltekin gjöld vegna dvalar samlagsmanna á Landsspítalanum, bar það fyrir sig, að fyrrverandi félagsmálaráðherra hefði lofað því, að gjöldin skyldu falla niður. Vottaði hinn fyrrverandi ráðherra, að rétt væri frá þessu skýrt. Loforð þetta virðist hvorki hafa verið staðfest bréflega né neitt um það skráð. Var nefnd yfirlýsing því ekki talin geta ráðið neinu um úrslit málsins 298

A og B, er stóðu saman að vörukaupum frá Bandaríkjunum fyrir milligöngu viðskiptanefndar, kröfðust fébóta úr ríkissjóði vegna þess, að varan reyndist dýrari en sams konar vara, er aðrir aðiljar fengu fyrir milligöngu nefndarinnar á sama tíma. Af hálfu ríkissjóðs var viðurkennd ábyrgð hans á gerðum viðskiptanefndar, en synjað um bætur, af því að það hefðu verið yfirvöld í Bandaríkjunum, en ekki nefndin, sem réðu því, hvaðan hver einstök pöntun var afgreidd. Hafi verð á einstökum vörusendingum orðið misjafnt eftir því, hversu mikill flutningskostnaður hafi orðið. Var krafa þeirra A og B ekki tekin til greina 361

A hafði fengið án athugasemdar leyfi byggingarnefndar Reykjavíkur til að reisa hús við götu í Reykjavík samkvæmt teikningu, er umsókn hans fylgdi og sýndi dýpt fyrirhugaðs kjallara. Það kom í ljós, að ekki var unnt að tengja skolprör úr kjallaranum við holræsi í götunni utan við húsið, og olli þetta auknum byggingarkostnaði. Í fébótamáli A á hendur Reykjavíkurbæ var bærinn sýknaður, með því að honum bæri ekki skylda til að hafa holræsi í götum, og byggingarnefnd hefði ekki bakað honum bótaskyldu með því að leyfa A þá dýpt á kjallara, er hann sjálfur vildi hafa 421

Stríðstryggingar.

Í febr. 1943 tók hásetann A út af skipi í ofviðri, og varð honum ekki bjargað. Samtímis losnaði björgunarfleki skipsins og fór í sjóinn. Einn skipverja bar það, að björgunarflekinn hefði lent á A og valdið því, að hann tók út. Aðstandendur A höfðuðu mál gegn Stríðstryggingafélagi íslenzkra skipshafna og kröfðust dánarbóta og fjár til kaupa lífeyris. Töldu þeir slysið hafa orðið beinlínis af völdum styrjaldar, þar sem björgunarflekinn hefði valdið dauða A, en

Bls.

flekinn væri eingöngu hafður með skipinu til verndar þeim sérstöku hættum, er af styrjöldinni stöfuðu. Stríðstryggingafélagið var sýknað þegar af þeirri ástæðu, að ekki væri sannað gegn mótmælum þess, að björgunarflekinn hefði valdið dauða A 338

Sveitarfélög.

Hús hafði verið reist á lóð í Reykjavík án leyfis byggingarnefndar. Bærinn hafði síðar keypt húsið á nauðungaruppboði og selt það aftur. Heimild bæjarins til að láta fjarlægja húsið samt sem áður talin hafa haldizt, þar sem þeir starfsmenn bæjarins, er að sölunni stóðu, gátu ekki að lögum firrt bæinn þeirri heimild 113

Stjórnarnefnd ríkisspítalanna krafði hreppsfélagið H um greiðslu vistgjalds sjúklings á geðveikrahæli. Ágreiningur var um það milli H og hreppsfélagsins F, hvoru þeirra bæri samkvæmt ákvæðum framfærslulaga að greiða vistgjaldið. Þar sem stjórnvöld þau, sem getur í 81. gr. laga nr. 52/1940, höfðu ekki lagt úrskurð á þenna ágreining hreppsfélaganna um framfærsluskyldu, var H sýknað að svo stöddu 126

Sveitarfélagið A krafðist þess, að sveitarfélaginu B yrði dæmt skylt að þola skiptingu á útsvari h/f D milli aðilja. Með því að skilyrði til skiptingar samkvæmt 9. gr. laga nr. 106/1936 voru ekki fyrir hendi, var B sýknað 255

A var heimilisfastur í Reykjavík, en skráði sjálfur heimili sitt í B-hreppi. Árið 1943 var lagt útsvar á hann á báðum stöðunum. Er A var krafinn um greiðslu í B-hreppi, benti hann á, að einnig hefði verið lagt á sig útsvar í Reykjavík, en oddviti taldi, að það útsvar mundi verða niður fellt, er A sýndi skilríki fyrir útsvarsgreiðslu í B-hreppi. Galt hann þá útsvarið. Er hann samt sem áður varð að greiða útsvar í Reykjavík, höfðaði hann endurgreiðslumál gegn Borgarnesshreppi. Krafa hans tekin til greina vegna nefndrar yfirlýsingar oddvita 377

Reykjavíkurbæ ekki talið skylt samkvæmt lögum nr. 42/1911, lögum nr. 15/1923 eða öðrum réttarreglum að leggja holræsi í götur, þar sem þau eru ekki fyrir, né til að leggja ný og fullkomnari holræsi í sambandi við auknar þarfir 421

Svipting réttinda. Sjá atvinnuréttindi, bifreiðar, borgaraleg réttindi, refsingar.

Bls.

Sönnun. Sönnunarbyrði. Sbr. aðiljaskýrslur, blóðrannsókn, mat og skoðun, vitni.

a) Einkamál.

Tvær bifreiðar kræktust saman, er þær voru í akstri, og skemmdist önnur þeirra. Talið sannað með framburði vitna, hvernig atvik hefðu verið að því, að svo fór, þótt bifreiðaeftirlitsmaður teldi vafasamt, að það hefði gerzt á þann hátt 13

Ekki talið sannað, að bifreiðarstjórinn á þeirri bifreiðinni, sem skemmdist, hefði átt neina sök á því, hvernig fór .. 13

Staðhæfing G fyrir dómi, studd af framburði eins vitnis, um að G hefði gert bindandi samning um kaup á íbúð fyrir gildistöku laga nr. 39/1943, þótt skriflegur kaupsamningur væri ekki gerður fyrr en eftir þann tíma, ekki tekin til greina gegn mótmælum gagnaðilja hans 22

A, eigandi dráttarbrautar, gerði við skip B. Hann krafði B um bætur vegna þess, að tæki dráttarbrautarinnar hefðu laskazt, er skip B var tekið þar upp. A tókst ekki að sanna ábyrgð B gegn mótmælum hans 135

Í ofangreindu máli krafðist B frádráttar frá kröfu A vegna þess, að handrið af skipinu hefði glatazt í vörzlum A. Gegn neitun A tókst B ekki að sanna þetta 135

Bifreiðarstjóri var með dómi hæstaréttar dæmdur til refsingar fyrir að hafa valdið dauða K með óvarkárum akstri. Eftir það gekk dómur í hæstarétti í máli föður K gegn eigendum bifreiðarinnar, þar sem krafizt var dánarbóta. Í þeim dómi var um sönnun fyrir ábyrgð eiganda bifreiðarinnar vísað til dómsins í refsimálinu 139

A, er var mjög ölvaður, kom inn í hús til hjóna og dvaldist þar um stund. Er húsráðandi mæltist til þess, að A færi, reiddist A, og varð úr þessu handalögmál milli hans og húsráðanda. Er kona húsráðanda ætlaði að ganga í milli, fékk hún svo mikið högg á höfuðið, að hún kjálkabrotnaði. Í skaðabótamáli gegn A neitaði hann því eindregið, að hann hafi greitt höggið. Kvað hann konuna hafa orðið fyrir höggi eiginmanns síns, er A var ætlað. Eitt vitni staðhæfði það og vann að því eið, að A hafi greitt höggið. Sama staðhæfðu bæði hjónin í aðiljaskýrslu. Með þessum gögnum og hliðsjón af öllum atvikum þótti það nægilega ljóst gert, að A hefði bakað sér bótaábyrgð á slysinu 147

A, útgerðarmaður á Akranesi, seldi skip sitt til Ísafjarðar. Um sama leyti og hann afhenti skipið, lét hann skrá B stýrimann úr skiprúmi. B taldi sig eiga rétt til mánaðarkaups vegna lögmælts uppsagnarfrests. Í máli til heimtu kaupsins staðhæfði A, að hann hafi sagt B upp með meira en

Bls.

mánaðar fyrirvara, enda hafi B þá verið salan kunn, þar sem um hana hafi verið getið í blöðum og útvarpi. Gegn neitun B gat A þó ekki fært sönnur á þessar staðhæfingar sínar 207

Umboðsmann og umbjóðanda greindi á um tiltekið atriði varðandi efni umboðs. Umbjóðandinn þótti hafa fært þær líkur fyrir staðhæfingu sinni, að umboðsmaðurinn varð að bíða hallann af því, að honum tókst ekki að sanna staðhæfingu sína 287

Í skaðabótamáli út af bifreiðarslysi, var ekki í ljós leitt, að ökumaður hafi sýnt fulla aðgæzlu og varkárni 309, 340

Er brotsjór reið yfir skip, tók skipverjann A út af skipinu, og drukknaði hann. Á sama tíma losnaði björgunarfleki skipsins. Eitt vitni bar það, að björgunarflekinn hafi lent á A, og kvaðst vitnið hyggja, að hann hefði ekki tekið út að öðrum kosti. Ekki þótti samt sannað, að flekinn hafi valdið dauða A 338

Er búskipti hjóna fóru fram, tókst konunni ekki að sanna þá staðhæfingu sína, að tiltekin húseign hafi verið keypt fyrir séreign hennar 388

Ágreiningur varð milli húseiganda og leigutaka hans um það, hvort tiltekinn geymsluskápur fylgdi leiguíbúðinni. Það kom fram, að leigutakinn hafði notað skápinn frá því, að hann kom í íbúðina, um 3 ára skeið, og allan þann tíma haft lykil geymslunnar í sínum vörzlum. Þótti þetta veita svo miklar líkur fyrir staðhæfingu hans, að sönnunarbyrðin fyrir hinu gagnstæða ætti að hvíla á húseiganda 418

Leigutaki húsnæðis krafðist þess, að fá aðgang að heitavatnsstillum hússins. Með því að hann leiddi ekki sönnur að því, að húseigandi léti honum í té of lítinn hita, var krafa hans ekki tekin til greina 434

b) Opinber mál.

Talið sannað með vætti vitna og rannsókn á nákvæmni hraðamælis bifreiðar, hver hraði hennar hafði verið, rétt áður en slys varð 4

Atvik að líkamsárás sönnuð með vætti vitna 9

Eitt vitni hafði talið, að A, er veitti B líkamsáverka og reiddi til höggs við hann áfengisflösku, hefði verið með áhrifum áfengis. Þetta ekki talið nægjanlega sannað gegn eindreginni neitun A 9

G, sem sakaður var um landráð út af grein, sem birtist í brezku blaði, játaði að hafa skrifað greinina og sent hana blaðinu. Að efni til kvað hann greinina óbreytta, en nokkur orða-

Bls.

munur væri frá handriti sínu. Þetta var lagt til grundvallar í málinu, enda í samræmi við aðrar upplýsingar 26

A stefndi stjúpsyni B til greiðslu skuldar. Í því máli var lögð fram kvittun, er A hafði undirritað, fyrir 1600 kr. greiðslu B til A. Þessa kvittun taldi A falsaða. Kvað hann kvittunina hafa verið fyrir 600 kr. Í sakamáli, er höfðað var gegn B, vann A eið að þessum framburði sínum. Í því máli komu og fram vitni, sem kváðu A hafa á sínum tíma skýrt sér frá því, að B hafi greitt honum 600 kr. af skuldinni. Dómkvaddir menn, er athuguðu skriftina á kvittuninni, töldu öll líkindi til þess, að hún væri fölsuð. B hafði áður verið dæmdur fyrir skjalafals, þjófnað og fleiri glæpi. Þrátt fyrir neitun hans þótti sannað, að hann hefði falsað kvittunina 52

A hafði áverka á höfði. Lýsti hann B valdan að þeim, kvað hann hafa greitt sér höfuðhögg. Eitt vitni kvaðst hafa séð B slá A í höfuðið. B neitaði því að hafa slegið A, en kvaðst hafa stjakað við honum, og hafi hann þá fallið á götuna. B talinn hafa unnið til refsingar samkvæmt 218. gr. laga nr. 19/1940 92

Áfengismagn í blóði bifreiðarstjóra, er lenti í bifreiðarslysi, reyndist vera 1,15‰. Þótti blóðrannsóknin ekki veita næga sönnun fyrir því, að hann hafi verið með áhrifum áfengis, er slysið varð 320

Veiði togara innan landhelgi sönnuð með mælingum yfirmanna varðskips 415, 424

A bifreiðarstjóri ók af óvarkárni út af vegi. Blóð hans var rannsakað, og reyndist áfengismagn í því 1,56‰. A kvaðst ekki hafa neytt áfengis þá um daginn, fyrr en eftir að slysið var orðið, en þá hafi hann drukkið brennivín, er hann hafði meðferðis í bifreiðinni. Hann hafði þó áður synjað þess fyrir lögreglumönnum, að hann hefði neytt nokkurs áfengis slysdaginn. Farþegar höfðu ekki orðið þess varir, að A neytti áfengis eftir slysið. Frásögn A ekki tekin trúanleg, en lagt til grundvallar, að hann hafi neytt áfengis, áður en slysið varð. Hins vegar þótti ekki fullyrðandi, að hann hafi verið undir áhrifum áfengis svo að varðaði við 1. mgr. 23. gr. laga nr. 23/1941, þar sem samferðamenn og lögreglumenn kváðust ekki hafa séð vínáhrif á honum 428

Tollög. Sjá lög.

Tryggingar. Sjá sjúkrasamlög, stríðstryggingar.

Bls.

Umboð. Umboðslaun.

A, sem taldi sig hafa selt skip B samkvæmt umboði frá honum, krafðist sölulauna úr hendi B. Gegn mótmælum B þótti ekki sannað, að hann hafi gefið A umboð til sölu skipsins. Hins vegar kom það fram, að A hafði komið á sambandi milli B og kaupenda skipsins, er leiddi til samningsgerðar. Fékk A dæmda þóknun úr hendi B fyrir þetta starf sitt 76

A fól B umboð til þess að gera tímabundinn farmsamning við D um skip A. Eftir að samningur var gerður, greindi A og B á um efni umboðsins. A kvað það hafa verið skilyrði af sinni hálfu, að samningur yrði gerður til 12 mánaða án heimildar D til uppsagnar á þeim tíma. Þessu neitaði B, enda hafði hann samið þannig, að D væri heimil uppsögn með 30 daga fyrirvara. Í máli, er af þessu reis, leiddi A svo sterkar líkur að staðhæfingu sinni, að sönnunarbyrði fyrir því, að heimilt hefði verið að setja ákvæði í samninginn um uppsögn með 30 daga fyrirvara, var talin hvíla á B. Og þar sem hann sannaði ekki heimild sína til þess, var honum dæmt að bæta A tjón hans vegna þessa ósamræmis milli umboðs og samnings 287

A og B, sameigendur að húsi, höfðu samið með sér, að A skyldi fá til afnota og umráða þann hluta af kjallara hússins, er D hafði á leigu. Talið, að með þessu hafi A fengið heimild frá B til þess að koma einn fram gagnvart þriðja manni, þar á meðal D, um notkun þessa hluta hússins .. 406

Umferðarlög. Sbr. bifreiðar, hjólreiðar.

Árekstur varð á götu milli A, sem var á reiðhjóli, og B, sem var fótgangandi. Hvorugur talinn hafa gætt nægilega umferðarreglna. Var tjóni af slysinu skipt milli aðilja 79

Uppboð. Sbr. fasteign.

Fasteign var seld nauðungarsölu í Reykjavík, og var bæjarsjóður Reykjavíkur einn uppboðsbeiðandi. A, sem átti skuldabréf með 2. veðrétti í eigninni, varð hæstbjóðandi. Bauð hann upp í veðrétt sinn, en ekki upp úr honum. Krafa A um útlagningu var ekki tekin til greina, með því að hann hafði ekki krafizt uppboðs til lúkningar veðskuld sinni 168

Upptaka eigna.

Upptaka dæmd á afla og veiðarfærum togara, er var að óleyfilegum veiðum í landhelgi 415, 424

Úrskurðir.

Einkamáli frestað ex officio í hæstarétti og lagt fyrir héraðsdómara samkvæmt analogiu 120. gr. laga nr. 85/1936 að

Bls.
veita aðiljum kost á öflun framhaldsgagna .. 171, 215, 295
Úrskurðir um framhaldsrannsókn í opinberu máli 244, 297
Kærumáli frestað í hæstarétti til öflunar rækilegri sakargagna samkvæmt 199. gr. laga nr. 85/1936 315
Opinberu máli frestað í því skyni að afla umsagnar læknaráðs samkvæmt 2. gr. laga nr. 14/1942 441

Útburðargerðir. Sbr. húsaleiga.

G, sem bjó í Vestmannaeyjum, leitaði snemma árs 1943 eftir kaupum á íbúð í húsi, sem þá var í smíðum í Reykjavík. Þann 20. júlí s. á. var gerður skriflegur samningur um íbúðarkaupin. G sótti um leyfi húsaleigunefndar Reykjavíkur til þess að flytja í íbúðina, en var synjað. Þrátt fyrir það flutti hann búferlum til Reykjavíkur og í húsnæði þetta í september 1943. Í maí 1944 krafðist húsaleigunefndin í Reykjavík þess, að G yrði borinn út úr húsnæðinu. Með skírskotun til 3. mgr. 3. gr. laga nr. 39/1943 var krafan tekin til greina 22
Dráttur af hendi leigutaka á greiðslu húsaleigu var talinn hafa stafað aðallega af tregðu leigusala á viðtöku, en hvorki átt rót sína í vanvilja né vangetu leigutaka til að inna leigugreiðslur réttilega af hendi. Þótti það því ekki geta varðað útburði, þó að leigutaki gætti ekki fyllilega réttra reglna um greiðslu leigu síðustu mánuðina, áður en útburðar var krafizt 86
Leigusali, A, krafðist útburðar á leigutaka, B, vegna dráttar á greiðslu húsaleigu í fjóra mánuði. Taldi A skuld B nema kr. 750.46. A og B höfðu átt verzlunarviðskipti saman, og kom fram í málinu, að skuld A við B út af þeim viðskiptum, sem fallin var í gjalddaga, nam kr. 942.00. A hafði eitt sinn lánað B 2000 kr. í peningum. Þegar hann krafðist útburðar, hafði hann ekki enn krafið B um greiðslu á því láni né yfirleitt farið fram á, að þeir framkvæmdu reikningsskil sín á milli. Þótti A bresta rök fyrir því, að B hefði vegna vanskila fyrirgert leigurétti sínum 173
A kaupmaður hafði húsnæði á leigu í húsi B. Notaði hann húsnæðið bæði til íbúðar og verzlunarrekstrar. Eftir að A var látinn, töldu erfingjar hans, að leiguréttur að húsnæðinu hafi fallið til þeirra. B taldi leiguréttinn hins vegar hafa fallið niður við lát A og krafðist þess, að húsnæðið yrði rýmt. Var krafa hans tekin til greina, enda höfðu erfingjarnir fengið nægilegan tíma til að ráðstafa eignum þeim, er í húsnæðinu voru 258
Kona, A, bjó ásamt börnum sínum í leiguíbúð í húsi B. Er A andaðist, krafðist B þess, að börn hennar yrðu borin út úr

Bls.

íbúðinni, með því að leigurétturinn væri niður fallinn. Fógeti tók kröfu B til greina, en hæstiréttur felldi úrskurð hans úr gildi, með því að börnin ættu rétt á 3 mánaða uppsagnarfresti til næsta flutningsdags 292
Árið 1942 hlaut A hálfa húseign í Reykjavík að erfðum eftir móður sína. Móðir A hafði orðið eigandi að húseigninni fyrir 9. sept. 1941. A og sameigandi hennar kröfðust útburðar á B úr leiguhúsnæði hans í húsinu, með því að sonur A hefði brýna þörf fyrir það. Krafan þótti hafa við rök að styðjast að því er varðaði húsnæðisþörf sonar A. Svo var og talið, að A hefði heimild til þess að fá húsnæðið handa syni sínum samkvæmt lögjöfnun frá 1. mgr. 1. gr. laga nr. 39/1943 437

Útivist aðilja.

Áfrýjandi sótti ekki dómþing. Útivistardómur 25, 26, 30, 83, 84, 129, 130, 173, 315, 365, 387, 433
Útivist stefnda. Mál flutt skriflega samkvæmt 1. tölul. 38. gr. laga nr. 112/1935 303

Útsvör. Sjá skattar og gjöld.

Valdmörk stjórnvalda. Sbr. stjórnsýsla.

Ákvarðanir um gjaldskrá leigubifreiða taldar vera innan valdsviðs viðskiptaráðs samkvæmt 1. gr. laga nr. 3/1943 74
Hreppsfélagið H var krafið um greiðslu vistgjalds sjúklings á geðveikrahæli. Ágreiningur var milli H og hreppsins F um það, hvernig skýra skyldi ákvæði 13. gr. laga nr. 52/1940, en á því valt, hvort framfærsluskyldan hvíldi á H eða F. Þar sem hér var um ágreining að ræða milli sveitarfélaga um framfærsluskyldu, er stjórnvöld þau, sem greinir í 81. gr. laga nr. 52/1940, höfðu enn ekki lagt úrskurð á, þá var H sýknað að svo stöddu af kröfunni 126

Valdstjórn. Sjá lögreglumenn.

Vangeymsla. Sjá aðgerðaleysisverkanir.

Varnarþing.

Samkomulag um flutning máls fyrir bæjarþingi Reykjavíkur 188, 375
Refsimál á hendur togaraskipstjóra vegna fiskveiðabrots rekið á þeim stað, er togarinn hafði verið fluttur til 415, 424

Bls.

Veð. Sbr. sjóveðréttur.

Fasteign var seld á nauðungaruppboði samkvæmt kröfu A. Hæstbjóðandi varð B, er átti 2. veðrétt í eigninni. Var boð hans innan takmarka veðréttar hans. Kröfu B um útlagningu var synjað, með því að hann var ekki uppboðsbeiðandi 168

Veitingahús.

Menn sæta refsingu samkvæmt 17. sbr. 37. gr. laga nr. 33/1935 fyrir neyzlu áfengis í veitingastofum 226, 392

A var kærður til sakar fyrir að hafa brotið fyrirmæli 71. gr. lögreglusamþykktar Siglufjarðar nr. 82/1929 með því að fara inn í veitingahús eftir lokunartíma þess. Á þeim tíma, er A fór inn í húsið, var haldinn þar dansleikur. Varð ekki séð, að veitingamaður eða þeir, er að dansleiknum stóðu, hefðu amazt við komu A né veru hans þar. Þótti því bresta heimild til að refsa A fyrir brot á ákvæðum nefndrar lagagreinar 226

Verðlag. Verðlagsmál.

Seint í júlímánuði 1943 ákvað viðskiptaráð, að grunntaxti múrara fyrir ákvæðisvinnu skyldi lækka um tiltekinn hundraðshluta. Þann 28. ágúst s. á. var á fundi Múrarafélags Reykjavíkur, sem er stéttarfélag múrarasveina, samþykktur nýr taxti um kaup fyrir ákvæðisvinnu múrara, og var hann hærri en taxti sá, sem viðskiptaráð hafði ákveðið. Múrarafélagið samdi síðan við nokkra einstaklinga um greiðslur fyrir tiltekin verk samkv. taxta þeim, sem félagið hafði auglýst. Talið var, að ákvörðun viðskiptaráðs tæki ekki til samninga þessara, sem gerðir voru af stéttarfélagi múrarasveina við tiltekna vinnukaupendur, sbr. niðurlag 1. gr. laga nr. 3/1943 18

Bifreiðarstjórafélagið H hækkaði gjaldskrá sína án leyfis verðlagsyfirvalda samkvæmt 7. gr. laga nr. 3/1943. Einn félagsmanna, A, er tók gjald af farþegum samkvæmt nýju gjaldskránni, var sóttur til saka fyrir brot á verðlagslöggjöfinni. Hann bar það fyrir sig, að vald viðskiptaráðs samkvæmt 1. gr. nefndra laga næði ekki til ákvarðana um ökugjald. Í öðru lagi taldi hann stjórn H, en ekki sig, eiga að svara til sakar út af gjaldskránni, sbr. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 80/1938. Á hvoruga þessa ástæðu var fallizt, en A dæmt að greiða sekt samkvæmt 9. sbr. 7. gr. laga nr. 3/1943 76

Vextir.

Einungis krafizt 5% vaxta og þeir því dæmdir 139, 147, 157, 207, 265, 298, 316, 340, 456

Bls.

Krafizt 6% ársvaxta og þeir dæmdir 13, 67, 79, 98, 135, 188, 303, 309, 327, 344, 377, 452

Vextir dæmdir frá útgáfudegi sáttakæru eða héraðsstefnu samkvæmt kröfu þar um 67, 79, 98, 135, 139, 147, 157, 207, 265, 309, 316, 327, 340, 375, 377, 452

Vextir dæmdir aðeins frá útgáfudegi stefnu, þó að þeirra væri krafizt frá fyrri tíma 188, 265, 344, 456

Vextir af skuld sjúkrasamlags við sjúkrahús dæmdir frá næstu áramótum eftir stofnun hennar 298

Krafizt var 6% vaxta í héraði, en einungis 5% dæmdir. Héraðsdómur staðfestur í hæstarétti, enda ekki áfrýjað af hálfu kröfueiganda 375

Viðskiptatilkynningar. Sjá aðgerðaleysisverkanir.

Vinnusamningar.

A var ráðinn stýrimaður á skip B. Er B seldi skipið, var A skráður úr skiprúmi. A krafðist af B eins mánaðar launa samkvæmt 13. gr. laga nr. 41/1930, með því að hann hefði verið látinn víkja af skipi fyrirvaralaust. B taldi sig hafa sagt A upp starfi með meira en mánaðar fyrirvara, en tókst ekki að færa sönnur á þá staðhæfingu sína. Var krafa A því tekin til greina 207

Útgerðarfélag dæmt til að greiða háseta á togara eftirstöðvar kaups hans í samræmi við ákvæði kjarasamnings stéttarfélaga sjómanna og útgerðarmanna 456

Vitni.

Þjófnaðarsök A ekki talin sönnuð gegn neitun hans, þrátt fyrir sterkar líkur, er fram komu í skýrslum vitna 52

Eiginkona manns, er grunaður var um þjófnað, ber vitni honum í hag 52

A talinn sannur að því að hafa falsað skjal samkvæmt framburði vitna og skoðunargerð á skjalinu 52

Vitni talið óskylt að svara spurningum, er það hafði áður svarað í skýrslu og staðfest fyrir dómi 117

A þrætti fyrir að hafa barið konu í höfuðið. Með framburði eins eiðfests vitnis og skýrslum konunnar og eiginmanns hennar þótti sök hans sönnuð 147

Drengur, 12 ára gamall, gefur skýrslu um bifreiðarslys, er hann var sjónarvottur að 199

Um meðferð landamerkjamáls var það talið aðfinnsluvert, að vitni voru ekki prófuð á vettvangi 216

Sá galli var á meðferð máls, að sakborningi voru ekki kynntar vitnaskýrslur, er mál hans vörðuðu 226, 333

Í máli á hendur hlutafélagi var verkfræðingi, sem starfaði hjá

Bls.

félaginu, heimilað að staðfesta framburð sinn með eiði eða drengskaparheiti þrátt fyrir andmæli gagnaðilja 263
Skýrsla eins vitnis, sem ekki var ótvíræð, þótti ekki veita nægа vissu um atvik að því, er mann tók út af skipi 338
Það þótti athugavert, að í opinberu máli voru vitni eiðfest, áður en séð var, hvaða afstöðu þau höfðu til sakarinnar 350
Ekki talið sannað, að bifreiðarstjóri, er hafði 1.56‰ áfengismagn í blóði sínu, hefði verið undir áhrifum áfengis, enda báru samferðamenn hans og lögreglumenn, að þeir hefðu ekki séð vínáhrif á honum 428
Vitni skylduð til að svara spurningum, með því að ekki varð talið, að svör við þeim væru sýnilega þýðingarlaus fyrir málið 442
Framburður eins vitnis, er bar í hag aðilja, sem hann var starfsmaður hjá, ekki talinn veita sönnun fyrir tilteknu málsatriði 456

Yfirvöld. Sjá dómarar, lögreglumenn, stjórnsýslumenn.

Þjóðjarðir.

A hafði selt Jarðakaupasjóði ríkisins ábúðarjörð sína, en haldið samt ábúð á henni til dánardags. Eftir lát A krafðist sonur hans, B, í máli gegn landbúnaðarráðherra f. h. Jarðakaupasjóðs, að viðurkenndur yrði réttur hans og niðja hans til erfðaleiguábúðar á jörðinni. Krafan var ekki tekin til greina, með því að A hafði ekki, er hann andaðist, tekið jörðina á erfðaleigu samkvæmt lögum nr. 8/1936 193

Þjófnaður.

Aðili sýknaður af ákærum um þjófnað, þrátt fyrir það, að sterkar líkur þóttu fram komnar fyrir sök hans 52
Maður stelur frakka, er hékk inni í veitingahúsi 392

Ærumeiðingar.

Menn sæta refsingu samkvæmt 108. gr. laga nr. 19/1940 vegna móðgandi ummæla við lögreglumenn 226
Réttarfarssekt dæmd vegna meiðyrða í sóknarskjali eða varnar 226, 444

Ölvun. Sjá áfengislagabrot, bifreiðar.

Öryggisráðstafanir.

Manni, er í ölæði hafði gerzt sekur um brennu, dæmt óheimilt að kaupa eða neyta áfengis í 5 ár frá því, að úttekt refsingar hans er lokið 183

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstiréttur.

XXVI. árgangur. 1945.

Miðvikudaginn 10. janúar 1945.

Nr. 72/1944. **Réttvísin og valdstjórnin** (Jón Ásbjörnsson)
gegn
Magnúsi Magnússyni
(Guðmundur Í. Guðmundsson).

Bifreiðalagabrot. Manndráp af gáleysi.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóm hefur upp kveðið Guðmundur Hannesson, bæjarfógeti á Siglufirði.

Ákærða verður að vísu ekki lagt það til lasts, þó að hann, eins og á stóð, gætti ekki sérstaklega að því, hvort nokkuð væri að athuga við útbúnað bifreiðarinnar, er hann tók við akstri hennar. Hins vegar þykir sýnt, að honum hafi fatazt stjórn bifreiðarinnar, er hurð hennar rakst í vírnetið. Hefur ákærði því unnið til refsingar samkvæmt 27. gr. sbr. 38. gr. laga nr. 23/1941 og 215. gr. laga nr. 19/1940. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 800 króna sekt til ríkissjóðs, og komi í stað hennar 20 daga varðhald, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum ber ákærða að greiða allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 450.00 til hvors.

Rannsókn máls þessa hefur í ýmsum atriðum verið slæleg, og ber sérstaklega að átelja það, að rannsókn var ekki hafin þegar í stað, er lögreglustjórn Siglufjarðar barst vitneskja um slysið, og þá þegar gerður uppdráttur af slysstaðnum.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Magnús Magnússon, greiði 800 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 20 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Svo greiði hann og allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Jóns Ásbjörnssonar og Guðmundar Í. Guðmundssonar, kr. 450.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Siglufjarðar 14. marz 1944.

Mál þetta er höfðað af hálfu valdstjórnarinnar og réttvísinnar samkvæmt stefnu útgefinni 11. marz 1944 gegn Magnúsi Magnússyni íshússtjóra, Siglufirði, fyrir brot á bifreiðalögunum og XXIII. kafla hegningarlaganna, eftir að hæstiréttur hafði vísað málinu heim til nýrrar rannsóknar.

Málavextir eru þeir, er nú greinir. Kærður hefur skírteini fyrir að mega aka flutningsbifreiðum. 19. sept. 1942 fékk hann leyfi bifreiðarstjóra, sem var að aka flutningabifreið, til þess að taka við stjórn bifreiðarinnar og aka henni. en hinn ráðni bifreiðarstjóri sat við hliðina á kærðum í flutningabifreiðinni, en kærður sat í bifreiðarstjórasætinu. Var nú ekið frá gatnamótum Aðalgötu og Vetrarbrautar og ætlað suður undir Hafnarbakka. Þegar kærður hafði ekið upp Gránugötu og upp á Suðurgötu, en nokkur halli er þar á götunni og bugða kröpp, þar sem Suðurgata og Gránugata mætast, en austurkantur Suðurgötu sunnan þessara gatnamóta er upphlaðinn um og yfir 3 metra hár bakki. Þegar þessum gatnamótum sleppir og nokkra faðma er komið upp á Suðurgötuna og bifreiðin er nokkurn veginn komin upp úr hallanum, þá opnast hurð stýrishúss bifreiðarinnar og handfang hurðarinnar festist í vírnetsgirðingu, sem var á austurkanti Suðurgötu. Svo hægt var ekið, að bifreiðin stöðvaðist, eftir að hafa slitið nokkra möskva í vírnetinu og rekizt á einn girðingarstaur. En við það, að hurðarhandfangið varð fast í vírnetsgirðingunni, kipptist bifreiðin til hliðar til vinstri til austurs til vegkantsins, sem þarna er 3,45 m hár, en austurkanturinn er grasbrekka, 5,40 m há, með skálínu eftir grassverðinum, og má af því marka halla brekkunnar, og lenti á girðingarstaur í austurkanti vegarins. Staurinn lét undan, og bifreiðin seig hægt og hægt niður, unz hún valt eina veltu niður.

Þeir, sem í bifreiðinni voru og á palli hennar, meiddust lítið sem ekkert, nema Guðmundur Jónsson. Var hann á palli bifreiðarinnar ásamt 2 öðrum og á milli þeirra, en þegar bifreiðin tók að hallast, stukku þeir af bifreiðinni niður á Suðurgötu, nema Guðmundur Jónsson, sem átti þó hægra um vik að stökkva af bifreiðinni en sá, sem stóð á pallinum fyrir austan hann, stökk ekki af bifreiðinni, heldur virðist hafa slöngvazt af bifreiðinni, er hún valt, og varð eitthvað undir henni, og meiddist hann svo mjög, að hann dó af meiðslunum 3 dögum síðar. Þeir, sem voru á bifreiðinni eða í og náðst hefur í, hafa borið, að bifreiðin hafi ekið mjög hægt, er handfangið á bifreiðarhurðinni hafi orðið fast í vírnetsgirðingunni, en að bifreiðin hafi við það kippzt út á götukantinn til vinstri, lent á girðingarstaur, sem hafi látið undan, en við það hafi bifreiðin farið að síga með hægð fram af götunni, niður grasbrekkuna, er fyrr getur, og þá verið auðvelt og alls ekki hættulegt að stökkva af bifreiðinni niður á Suðurgötuna. Aðalorsökin til þess, að mannsbani hlauzt af, verður að telja, að Guðmundur Jónsson stökk ekki niður af bifreiðinni, sem rannsókn málsins leiðir í ljós, að hafi verið alveg hættulaust og svo sjálfsagt sem verða mátti, en þótt áreksturinn við staurinn hafi verið hægur og nokkur aðdragandi orðið að því, að bifreiðin valt, þar sem hún fyrst, að vitnisburði vettvangsvotta, seig niður hægt og hægt, hefur hinum slasaða á einhvern hátt fipazt eða fatazt svo að gera það, sem sjálfsagt var, að meiðsl hlutust af, er leiddu hann til dauða. Hins vegar verður að telja framferði kærðs meðorsök til slyssins.

Að vísu eru gallar sjálfrar flutningabifreiðarinnar meðorsök til slyssins, en það er þó in casu óaðgæzla kærðs sjálfs að aka bifreið, sem hann þekkir ekki galla á (að stýrishurðin var kviklæst), og það því fremur, sem honum bar engin nauðsyn til þess. En það dregur úr sök hans, að bifreiðarstjóri sá, er lofaði honum að aka bifreiðinni, sagði honum ekki frá því, að hurðin væri kviklæst. Þótt sannað sé í málinu, að akstur hans á bifreiðinni hafi verið óaðfinnanlegur almennt álitið, þá hafi hann ekki verið það eins og á stóð. Kærður hafi því — með því að taka við stjórn gallaðrar bifreiðar og gera eigi við aksturinn þær ráðstafanir, er fyrirbyggðu afleiðingar ágalla bifreiðarinnar — eigi sýnt þá „nauðsynlegu" aðgæzlu, sem eftir bifreiðalögunum á að gera kröfu til, sbr. 27. gr. laga 23/1941, til bifreiðastjóra, og með því orðið meðorsök í slysi því, er leiddi til mannsbana.

Kærðan ber því að dæma til refsingar eftir bifreiðalögunum 27. gr. laga 23/1941 og XXIII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 215. gr., en með tilliti til þess, að óeðlilegt virðist, að mannsbani skyldi af hljótast, þar sem að bifreiðin fyrst seig niður með hægð, og sjónarvottar telja með öllu hafa verið hættulaust að stökkva af bifreiðinni niður á Suðurgötuna, verður að telja hæfi-

legt, að sök kærðs varði 400 kr. sekt, er renni í ríkissjóð, en til vara komi 20 daga varðhald, ef sektin verði eigi greidd innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa. Svo greiði kærður allan kostnað sakarinnar.

Jóni Jóhannessyni, málflutningsmanni, Siglufirði, og umboðsmanni móður þess, er dó af slysinu, hafði verið tilkynnt af dómaranum, að móðirin ætti þess kost að koma að skaðabótamáli gegn kærðum í máli þessu, en hann lét dómarann vita, að þess væri ekki óskað.

Á máli þessu hefur enginn óþarfur dráttur orðið.

Því dæmist rétt vera:

Kærður, Magnús Magnússon íshússtjóri, Siglufirði, greiði 400 kr. sekt í ríkissjóð, en sæti til vara 20 daga varðhaldi, ef sektin greiðist ekki innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa.

Svo greiði kærður allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 12. janúar 1945.

Nr. 56/1944. **Réttvísin og valdstjórnin**
(Sigurgeir Sigurjónsson)
gegn
Friðriki Guðmanni Sigurðssyni
(Gústaf A. Sveinsson).

Bifreiðalagabrot. Manndráp af gáleysi.

Dómur hæstaréttar.

Fallast má á atvikalýsingu hins áfrýjaða dóms, ástæður þær, sem færðar eru þar fyrir sakfellingu ákærða, og heimfærslu brots hans undir refsiákvæði að öðru en því, að brotið varðar einnig við 38. gr. laga nr. 23/1941. Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 3 mánaða varðhald, svo ber og að svipta ákærða leyfi til að aka bifreið um 3 ár frá uppsögu dóms hæstaréttar.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 450.00 til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Friðrik Guðmann Sigurðsson, sæti varðhaldi 3 mánuði.

Hann skal sviptur ökuleyfi 3 ár frá uppsögu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Sigurgeirs Sigurjónssonar og Gústafs A. Sveinssonar, kr. 450.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Skagafjarðarsýslu 28. desember 1943.

Ár 1943, þriðjudaginn 28. desember, var í aukarétti Skagafjarðarsýslu, sem haldinn var í sýsluskrifstofunni á Sauðárkróki af hinum reglulega dómara Sigurði Sigurðssyni sýslumanni, kveðinn upp svo hljóðandi dómur í málinu:

Réttvísin og valdstjórnin gegn Friðriki Guðmanni Sigurðssyni.

Mál þetta er höfðað gegn ákærða, Friðriki Guðmanni Sigurðssyni bifreiðarstjóra, til heimilis á Sauðárkróki, fyrir brot gegn 23. kafla hinna almennu hegningarlaga nr. 19/1940, bifreiðalögum nr. 23/1941 og lögreglusamþykkt fyrir Skagafjarðarsýslu nr. 71/1937, og var málið dómtekið 6. þessa mánaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna. Hann er fæddur 22. maí 1917 að Steiná í Bólstaðarhlíðarhreppi í Húnavatnssýslu. Hann hefur aldrei sætt refsingu.

Hinn 12. janúar síðastliðinn um það bil kl. 3 síðdegis ók ákærði vörubifreiðinni K 2 frá kolaporti í miðju kauptúninu hér á Sauðárkróki norður aðalgötu kauptúnsins. Hafði hann tekið í bifreiðina 500 kg af kolum, sem hann ætlaði að flytja út að bænum Innstalandi á Reykjaströnd. Tveir menn sátu hjá honum frammi í bifreiðinni, þeir Otto Geir Þorvaldsson og Björgvin Brynjólfsson, verkamenn á Sauðárkróki. Vegurinn frá Sauðárkróki út á Reykjaströnd liggur norður aðalgötu kauptúnsins, unz hann beygist í norðvestur í nokkuð krappri beygju milli húsanna Villa Nova að sunnan og svokallaðs Þverhúss að norðan. Er Þverhús þvert fyrir norðurenda aðalgötunnar áður en hún beygist vestur í sundið milli nefndra húsa.

Þegar ákærði ók norður götuna, eins og áður er getið, voru undir suðurhlið Þverhúss þrír drengir héðan úr kauptúninu, þeir Helgi Jósefsson, 14 ára gamall, Gísli Lárusson Blöndal, 7 ára gamall, og Haukur Þorsteinsson, fastnær 11 ára. Var Helgi vestastur þeirra drengjanna og sat á trékassa-kassabíl, sem smádrengir hér í kauptúninu hafa að leikfangi, en næstur honum að austan var Gísli Blöndal, en Haukur Þorsteinsson austastur. Drengirnir voru saman svo að segja í röð hver við annars hlið fast upp við húsvegginn.

Þegar ákærði kom að því að beygja í vestur á milli húsanna, náði hann ekki götubeygjunni, og rann bifreiðin nær því beint á suðurvegg hússins, þar sem framannefndir drengir voru fyrir. Urðu þeir Helgi Jósefsson og Gísli Blöndal báðir fyrir bifreiðinni. Beið Helgi þegar bana, og Gísli meiddist nokkuð, en Haukur fékk vikið sér svo mikið til austurs, að hann komst naumlega hjá, að hægra framhjól bifreiðarinnar snerti hann, og slapp því ómeiddur og áverkalaus.

Lík Helga heitins Jósefssonar var skoðað af héraðslækninum Torfa Bjarnasyni, sem undireins eftir slysið var kvaddur til þess af lögreglustjóra að lýsa dánarorsök. Lýsti læknir svo, að drengurinn hefði dáið nær samstundis og hann varð fyrir bifreiðinni. „Hafði hann meðal annars opið brot á höfuðkúpu, brot á hryggjarliðum, liðhlaup í mjöðm og að líkindum fleiri áverka, er ekki verða greindir án krufningar.“ Lögreglan athugaði bifreiðina eftir slysið, og reyndust hemlar hennar vera í góðu lagi og bifreiðin að öllu leyti í góðu lagi. Lögreglan gerði þá og undireins eftir slysið allar þær athuganir á vettvangi, sem að hennar dómi varð viðkomið, og var gerður afstöðuuppdráttur af vettvangi, sem lagður hefur verið fram í málinu. Bjart var af degi, þegar slysið varð, og hálka á götunni, sem ekið var eftir.

Ákærði kveðst hafa ekið bifreiðinni með 15—20 kílómetra hraða, þar til hann kom að því að beygja til vinstri handar vestur í sundið á milli framangreindra húsa. Hann kveðst raunar hafa dregið nokkuð úr þessum hraða, rétt áður en hann kom að beygjunni, en ekki beitt fóthemlinum að fullu og öllu, fyrr en hann fann, að bifreiðin lét ekki að stjórn hans, þá er hann vildi víkja henni til vinstri handar vestur eftir vegarbeygjunni, til þess að komast fram hjá Þverhúsi. En honum tókst ekki að snúa bifreiðinni að nokkru ráði upp og vestur í götusundið, heldur rann hún, að hans eigin frásögn, nær því beint á húsvegginn, þar sem drengirnir voru fyrir. Segir hann, að hæg ferð hafi verið á bifreiðinni, þegar hún kom að húshliðinni, og kveðst hyggja, að hún hafi aldrei snert sjálfan húsvegginn, en lent á „kassa-bílnum“ og drengjunum tveimur, sem urðu fyrir henni. Telur hann, að orsökin til þess, að bifreiðin lét ekki að stjórn, hafi verið í því fólgin, hve hált var á götunni. Keðjur voru á báðum afturhjólum

bifreiðarinnar, og kveðst ákærði ekki hafa fundið nokkurn hlut í ólagi í búnaði hennar, þegar slysið varð, heldur hafi hún verið í bezta lagi að öllu leyti. Ákærði hefur játað, að þeir Otto Geir Þorvaldsson og Björgvin Brynjólfsson hafi báðir setið hjá honum á bekk bifreiðarstjórans, enda þótt þar sé ekki sæti fyrir nema einn mann. Hann kveðst ekki hafa litið á hraðamæli bifreiðarinnar áður en slysið bar að höndum, en framburður hans um hraðann sé byggður á ágizkun hans og hraðinn miðaður við, að mælirinn sé merktur fyrir kílómetra. Hann kveðst ekki hafa gefið hljóðmerki áður en bifreiðin rann að húsveggnum.

Framangreindir menn, sem voru í bifreiðinni hjá ákærða, hafa báðir borið vitni í málinu. Hefur vitnið Otto Geir Þorvaldsson, sem sat við hlið ákærða, borið undir eiðstilboð, að hann hafi litið á hraðamæli bifreiðarinnar, þegar hún kom til móts við símastaura, sem eru sinn hvoru megin við götuna, rétt sunnan við Villa Nova, og stóð mælirinn þá á 20. Símastaurinn vestanvert við götuna er merktur 1) á framangreindum vettvangsuppdrætti í málinu, og er hann í 37,5 metra fjarlægð í beinni línu frá suðurvegg Þverhúss, þar sem bifreiðin lenti. Skýrir vitnið svo frá, að þegar komið var þar að, sem gatan beygir til vesturs upp á milli Villa Nova og Þverhúss, sá vitnið, að ákærði sneri stýrinu til vinstri og steig jafnframt á fóthemilinn, en snúningur stýrisins virtist ekki verka, því bifreiðin rann eftir sem áður beint áfram. Aftur á móti segist vitnið hafa skynjað, að hemlarnir verkuðu, svo að hraði bifreiðarinnar dvínaði undireins, og staðhæfir vitnið, að bifreiðin hafi verið að fullu stöðvuð, áður en hún kom alveg að húsveggnum, svo að hún snerti hann aldrei. Vitnið kom fyrstur manna að drengjunum, undireins þegar bifreiðin var stöðvuð. Lá Gísli Blöndal fyrir hægra hjóli bifreiðarinnar, og var ekkert ofan á honum. Greip vitnið drenginn og fékk hann í hendur konu, sem í sömu andránni kom út úr Þverhúsi. Vék vitnið þá undireins að Helga heitnum. Lá hann alveg fast upp við húsvegginn, beint framan við bifreiðina. Tók vitnið hann í fang sér og bar hann inn í húsið. Gaf drengurinn þá hljóð frá sér, en þegar vitnið lagði hann á legubekk inni í húsinu, virtist því hann gefa upp öndina. Varð vitnið blóðugt á höndum við það að snerta drenginn.

Framburður vitnisins Björgvins Brynjólfssonar er samhljóða vitnisburði Ottos Geirs Þorvaldssonar í öllum atriðum, sem skipta máli. Vitnið segir, að bifreiðinni hafi verið ekið með meðalhraða, eftir því sem gerist á götum kauptúnsins, en talsvert minni hraða en á vegum utan þess. Þegar komið var móts við suðurenda hússins Villa Nova, virtist vitninu vera dregið úr ökuhraðanum. En þegar vegurinn tók að beygja upp og til vesturs á milli Villa Nova og Þverhúss, sá vitnið, að ákærði sneri stýrishjólinu, en það virtist engan árangur bera svo, að bifreiðin breytti stefnu. En þá tók

ákærði til að bremsa. Virtist vitninu hemlarnir vinna svo, að bifreiðin var nær því stöðvuð, þegar hún kom að húsveggnum, og stöðvaðist alveg, er hún kom fast að húshliðinni. Stukku þeir Otto Geir þá undireins út úr bifreiðinni til drengjanna, sem urðu fyrir henni. Var fyrst, að því er virtist, lífsmark að sjá með Helga heitnum, en hann mun hafa dáið bráðlega í þessum svifum.

Drengurinn Haukur Þorsteinsson ber í málinu, að hann hafi ekki séð, að bifreiðin snerti sjálfan húsvegginn, en honum virtist, að höfuð Helga heitins hafi orðið á milli framvara bifreiðarinnar og veggjarins. Drengnum virtist bifreiðin fara mjög hart, þegar hann sá hana koma sunnan götuna. Og ekki höfðu þeir drengirnir neitt ráðrúm til að forða sér, enda virtist svo sem bifreiðin myndi ná beygjunni upp og vestur á milli húsanna.

Við athugun lögreglunnar á vettvangi mátti sjá 9 metra löng hemlaför bifreiðarinnar, þar af ca. 2,15 m á ísaðri götunni, en ca. 6,8 m í snjónum milli götunnar og Þverhúss. Má af þessu marka, að bifreiðin hefur runnið á hálkunni út af götunni og að húsveggnum án þess að breyta stefnu að nokkru ráði, þrátt fyrir að stýri og hemlum var beitt.

Með því að ekki þótti fullvíst um, fyrir hvaða vegalengdir hraðamælir bifreiðarinnar væri merktur, var þetta atriði sérstaklega tekið til rannsóknar af bifreiðaeftirliti ríkisins í Reykjavík, eftir að bifreiðin var flutt þangað. Leiddi rannsókn þessi í ljós, að hraðamælirinn telur í kílómetrum, en vegna breytinga, sem gerðar höfðu verið á afturhjólum bifreiðarinnar, áður en hún var seld hingað, sýndi mælirinn 14% minni hraða og vegalengd en rétt var.

Jafnskjótt og lögreglan fékk vitneskju um slysið, hlutaðist hún til um, að læknir rannsakaði ástand ákærða, sérstaklega að því leyti, hvort hann væri undir áhrifum áfengis. Fann læknirinn engin deili til þess, að svo hefði verið, og kemur þetta heim við vitnisburð vitnisins Otto Geirs Þorvaldssonar, sem hafði verið með ákærðum áður um daginn, enda vitanlegt, að ákærði neytir ekki áfengis.

Með tilvísun til frásagnarinnar hér að framan þykir mega telja það nægilega upplýst, að ákærður hefur ekið bifreiðinni með nær því 23 kílómetra hraða, þá er hann átti ekki lengri vegalengd eftir að framangreindri götubeygju sunnan slysstaðarins en ca. 25 metra og tæpa 40 metra að húshliðinni, þar sem drengirnir voru. Og þegar þess er gætt, að gatan var ísi lögð og mjög hál samkvæmt eigin játningu ákærða, er það að réttarins áliti engum vafa bundið, að orsökin til slyssins er skortur ákærða á nauðsynlegri og skyldri aðgæzlu og varfærni við aksturinn, sem verður að gefa honum að sök í máli þessu. Þykir brot hans varða við 215. gr. hinna almennu hegningarlaga, 14. gr. og 26. gr. bifreiðalaganna og 35. gr. framan-

greindrar lögreglusamþykktar fyrir Skagafjarðarsýslu, og þykir refsing hans með hliðsjón af 77. gr. hinna almennu hegningarlaga hæfilega ákveðin varðhald í 30 daga. En með tilliti til hins unga aldurs ákærða og þess, að hann hefur ekki áður gerzt sekur um nokkurt lagabrot, þykir mega ákveða refsinguna skilorðsbundna, þannig að henni sé frestað og hún falli niður eftir 3 ár frá uppsögn dóms þessa, ef skilorð 6. kafla hegningarlaganna eru haldin.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns hans hér fyrir réttinum, Péturs Hannessonar sparisjóðsstjóra, er ákveðast kr. 80.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Friðrik Guðmann Sigurðsson, sæti 30 daga varðhaldi.

Refsingunni skal frestað og hún falla niður eftir 3 ár frá uppsögn dóms þessa, ef haldin eru skilorð 6. kafla hinna almennu hegningarlaga.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns hans, Péturs Hannessonar sparisjóðsstjóra, kr. 80.00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 17. janúar 1945.

Nr. 138/1944. **Réttvísin og valdstjórnin**
(Guttormur Erlendsson)
gegn
Gísla Helgasyni. (Theodór B. Lindal).

Líkamsárás.

Dómur hæstaréttar.

Með skírskotun til sakarlýsingar í héraðsdómi þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin samkvæmt þar greindum refsiákvæðum varðhald 15 daga. Ákvæði héraðsdóms um greiðslu bóta og sakarkostnaðar ber að staðfesta.

Eftir þessum úrslitum ber ákærða að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 450.00 til hvors.

Það athugast, að ákærði hefur ekki verið saksóttur fyrir brot, er 106. og 108. gr. laga nr. 19/1940 taka til, og þar sem honum hefur ekki veitzt efni til að koma fram vörn að því leyti, verður brot hans ekki heimfært undir nefnd ákvæði.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Gísli Helgason, sæti varðhaldi 15 daga.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu bóta og sakarkostnaðar eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Guttorms Erlendssonar og Theodórs B. Lindals, kr. 450.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Ísafjarðarkaupstaðar 9. júní 1944.

Ár 1944 föstudaginn 9. júní var í aukarétti Ísafjarðarkaupstaðar, sem haldinn var í bæjarfógetaskrifstofunni af hinum reglulega dómara Jóh. Gunnari Ólafssyni bæjarfógeta, kveðinn upp dómur í ofangreindu máli, sem dómtekið var 3. júní s. l.

Mál þetta er höfðað af hálfu réttvísinnar og valdstjórnarinnar gegn Gísla Helgasyni, sjómanni, til heimilis í Fjarðarstræti 14, Ísafirði, fyrir brot gegn 23. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940, áfengislögum nr. 33/1935 og lögreglusamþykkt Ísafjarðarkaupstaðar.

Ákærður er fæddur 12. febrúar 1898 og er því kominn yfir lögaldur sakamanna. Hann hefur hvorki sætt ákæru né refsingu áður, svo vitað sé.

Málavextir eru sem hér segir:

Miðvikudaginn 22. marz s. l. mætti ákærður, Gísli Helgason, Gunnari Bjarnasyni, innheimtumanni Rafveitu Ísafjarðar, á Silfurgötu hér í bænum. Gaf ákærði sig á tal við Gunnar, og barst tal þeirra að rafmagnseyðslu Daða Kristjánssonar í Fjarðarstræti 14. Hafði ákærður orð á því, að slæmt væri að fá ekki rafmagnsreikninga svo fljótt sem hægt væri, þar sem verð á rafmagni væri svo hátt og því nauðsynlegt að geta fylgzt með eyðslunni. Er þeir komu móts við smíðaverkstæði Jóns Ísaks Magnússonar, kveðst Gunnar hafa sagt við Gísla, að ástæðulaust væri að tala við sig um þetta, og sýnt á sér fararsnið. En þá hafi Gísli tekið í aðra öxl

sér. Gunnar kveðst þá hafa lagt höndina á öxl Gísla um leið og hann sagði, að hann vildi ekkert við hann tala. Hafi hann í sömu andránni ekki fyrr vitað til en Gísli greiddi honum allmikið högg á hægri kinn. Við höggið hafi kinnin marizt nokkuð, og úr munni hans hafi brotnað tvær tennur. Er hann hafi ætlað að búast til varnar, hafi Gísli reitt til höggs áfengisflösku, er hann var með, og hafi sér virzt, að hann ætlaði að slá sig í höfuðið með henni. Þá kveðst hann hafa forðað sér í burtu.

Hins vegar heldur Gísli því fram, að Gunnar hafi barið sig að fyrra bragði með krepptum hnefa á hægri öxlina. Kveðst hann þá hafa tekið í hálsmálið á jakka Gunnars og varpað honum niður í götuna. Telur hann sig hafa átt hendur sínar að verja.

Ákærður, Gísli Helgason, hefur viðurkennt, að hann hafi, er Gunnar reis á fætur, reitt til höggs óátekna áfengisflösku, sem hann var með, og hafi hann gert það í þeim tilgangi að hræða Gunnar, svo að hann réðist ekki á sig aftur. Segir hann þá Gunnar hafa lagt á flótta niður Silfurgötu, og hafi hann fylgt á eftir með flöskuna í hendinni, en mótmælir því, að hann hafi þá haft flöskuna reidda til höggs.

Við vitnaleiðslu í málinu hefur þetta upplýstst:

Vitnið Ágúst Elíasson hefur skýrt frá því, að miðvikudaginn 22. marz s. l. kl. ca. 4½ e. h. hafi hann verið staddur í Silfurgötu og þá séð þá Gísla Helgason og Gunnar Bjarnason í háværum samræðum hjá húsi Jóns Í. Magnússonar. Rétt í því er vitnið veitti þeim Gísla og Gunnari athygli, kveðst hann hafa séð Gísla greiða Gunnari hnefahögg í andlitið. Nálega samstundis hafi Gísli reitt til höggs flösku, sem hann var með, eins og til þess að slá Gunnar með henni, og sagt um leið: „Hún fylgir nú eftir þessi." Tók Gunnar þá á rás niður Silfurgötu og Gísli á eftir með reidda flöskuna, og elti hann Gunnar að verzluninni Bræðraborg í Aðalstræti. Þenna framburð sinn hefur vitnið staðfest með eiði.

Vitnið Sigurður Guðm. Líkafrónsson hefur borið það, að hann hafi séð þá Gunnar og Gísla á gangi saman í Silfurgötu, og hafi þeir virzt vera í áköfum samræðum. Fyrir framan hús Jóns Í. Magnússonar hafi hann séð Gísla berja Gunnar að fyrra bragði. Hins vegar kvaðst vitnið ekki hafa séð Gunnar blaka neitt við Gísla. Vitnið kvaðst hafa séð ákærða reiða brennivínsflösku til höggs, er hann hafi verið með. Framburð sinn hefur vitnið staðfest með eiði.

Þá hefur vitnið Jóhannes Jónsson borið það, að hann hafi séð Gísla greiða Gunnari hnefahögg í andlitið og að Gísli hafi svo reitt til höggs flösku, er hann var með, og að Gunnar hafi þá lagt á flótta.

Vitnið kvaðst ekki hafa séð Gunnar berja ákærðan. Þá telur vitnið, að ákærður hafi verið undir áhrifum áfengis.

Vitnið hefur staðfest þennan framburð sinn með eiði.

Jón Á. Jóhannsson yfirlögregluþjónn hefur og borið það fyrir rétti, að miðvikudaginn 22. marz s. l. hafi Gunnar Bjarnason komið inn á lögreglustöðina og tilkynnt, að Gísli Helgason hafi barið sig nokkru áður. Gunnar hafi þá verið með bólgna hægri kinnina og brotnar tvær tennur, er virtust vera nýlega brotnar.

Með framangreindum vitnaframburðum verður að telja nægilega sannað, að ákærður hafi þann 22. marz s. l. greitt Gunnari Bjarnasyni hnefahögg á andlitið með þeim afleiðingum, að hægri kinn hans hafi bólgnað og brotnað úr honum tvær tennur.

Með þessu atferli sínu hefur ákærður gerzt brotlegur gegn 217. grein alm. hegningarlaga og gegn 1. grein lögreglusamþykktar Ísafjarðarkaupstaðar. Hins vegar verður ekki talið nægilega sannað gegn eindregnum mótmælum ákærðs, að hann hafi verið áberandi ölvaður í umrætt skipti, og verður því að sýkna hann af ákæru valdstjórnarinnar um brot gegn áfengislögum nr. 33/1935.

Undir rannsókn málsins hefur Gunnar Bjarnason gert þær réttarkröfur, að ákærður verði dæmdur til að greiða honum kostnað þann, er leiðir af viðgerð hinna brotnu tanna, svo og 300 krónur í miskabætur. Ekkert læknisvottorð liggur fyrir frá þeim degi, er árásin átti sér stað. En í réttarhaldi 21. apríl s. l. lagði Gunnar Bjarnason fram vottorð frá Baarregaard tannlækni, þar sem kostnaður við tannviðgerðina er áætlaður 250 krónur.

Þar sem ekki verður talið, að sú upphæð sé óeðlilega há, verður að taka þessa kröfu Gunnars Bjarnasonar til greina.

Enn fremur ber ákærða að greiða Gunnari Bjarnasyni 10 krónur fyrir vottorð tannlæknisins. Þar sem telja verður, að áverki sá, er Gunnar hlaut af hnefahöggi því, er ákærði veitti honum, hafi valdið honum allverulegum sársauka og óþægindum, ber einnig að taka kröfur Gunnars Bjarnasonar um miskabætur til greina, og þar sem kröfuupphæðin virðist ekki óeðlilega há, verður hún tekin til greina að öllu leyti.

Refsing sú, er ákærði hefur unnið til, þykir hæfilega ákveðin 300 króna sekt til ríkissjóðs fyrir brot gegn 217. grein hinna alm. hegningarlaga nr. 19/1940 og 50 króna sekt til bæjarsjóðs Ísafjarðar fyrir brot gegn 1. grein lögreglusamþykktar Ísafjarðar. Þá ber og að dæma ákærðan til þess að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun, 100 krónur, til skipaðs verjanda síns, Jóns Grímssonar kaupm.

Rekstur málsins hefur verið vitalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærður, Gísli Helgason, greiði 300 króna sekt til ríkissjóðs. Sektin greiðist innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með varðhaldi í 15 daga. Hann greiði einnig 50

króna sekt til bæjarsjóðs Ísafjarðar innan sama tíma, en afplánist ella með 3 daga varðhaldi. Þá greiði ákærði til Gunnars Bjarnasonar 235 krónur í læknishjálp og kostnað og 300 krónur í miskabætur, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Ákærður greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun, 100 krónur, til skipaðs verjanda síns, Jóns Grímssonar kaupm.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 19. janúar 1945.

Nr. 39/1944. **Elías Hannesson** (Theódór B. Lindal)
gegn
Jóni V. Jónssyni og gagnsök
(Sveinbjörn Jónsson).

Skaðabótamál vegna árekstrar bifreiða.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 11. apríl f. á., hefur *aðallega* krafizt þess, að hann verði algerlega sýknaður af kröfum gagnáfrýjanda og að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar. En til vara krefst aðaláfrýjandi þess, að tjóninu verði skipt til helminga milli aðilja og að málskostnaður fyrir báðum dómum verði látinn falla niður.

Gagnáfrýjandi, sem skotið hefur málinu til hæstaréttar með stefnu 11. maí f. á., hefur krafizt þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 10797.48 með 6% ársvöxtum frá 10. marz 1943 til greiðsludags og málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Eins og segir í héraðsdóminum, sýndi ökumaður á bifreið R 1633 mikla óvarkárni, er hann ók fram hjá bifreið G 397. Hins vegar þykir ekki vera fram komin sönnun fyrir því, að ökumaður á bifreið G 397 hafi orðið meðvaldur að slysinu með þeim hætti, að firrt geti gagnáfrýjanda að

nokkru leyti rétti til bóta. Verður krafa aðaláfrýjanda um skiptingu tjónsins milli aðilja því ekki tekin til greina.

Um einstaka kröfuliði athugast:

1. liðinn, viðgerðarkostnað kr. 5465.84, þykir rétt að taka til greina af ástæðum þeim, er í héraðsdómi segir.

2. liður. Með það fyrir augum, að bifreið G 397 var orðin gömul og úr sér gengin og eigandi hennar, sem og ók henni, var heilsuveill og því alls ólíklegt, að bifreiðin hefði verið í notkun alla daga 2½ mánuð, sem krafan er miðuð við í málflutningi gagnáfrýjanda fyrir hæstarétti, þykja bætur fyrir atvinnutjón gagnáfrýjanda hæfilega metnar kr. 3500.00.

3. liður, matskostnaður, kr. 81.64, er viðurkenndur.

Ber því að dæma aðaláfrýjanda að greiða gagnáfrýjanda kr. 5465.84 + 3500.00 + kr. 81.64, samtals kr. 9047.48, með 6% ársvöxtum frá 10. marz 1943 til greiðsludags.

Eftir þessum málalokum þykir rétt að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir báðum dómum, er þykir hæfilega ákveðinn samtals kr. 2000.00.

Því dæmist rétt vera:

Aðaláfrýjandi, Elías Hannesson, greiði gagnáfrýjanda, Jóni V. Jónssyni, kr. 9047.48 með 6% ársvöxtum frá 10. marz 1943 til greiðsludags og kr. 2000.00 í málskostnað fyrir báðum dómum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. febrúar 1944.

Mál þetta, sem dómtekið var 15. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 15. desember s. l. af Jóni V. Jónssyni, Norðurbraut 19, Hafnarfirði, gegn Elíasi Hannessyni, Njarðargötu 33, hér í bæ, til greiðslu skaðabóta vegna bifreiðaárekstrar, þ. e. viðgerðarkostnaðar kr. 5465.84, atvinnutjónsbóta kr. 70 á dag frá 18. október 1942 til 20. marz 1943, eða til vara að mati dómarans, 6% ársvaxta af upphæðum þessum frá 10. marz 1943 til greiðsludags, kr. 81.64 í matskostnað og málskostnaðar að mati dómarans.

Þá hefur og Sjóvátryggingarfélagi Íslands h.f., verið stefnt til réttargæzlu, en bifreið stefnds, R. 1633, er tryggð hjá því félagi.

Stefndur hefur *aðallega* krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar sér til handa að mati dómarans, en *til vara* lækkunar á kröfum stefnanda og að tjóni aðilja verði skipt í hlutfalli við sök þeirra á síðargreindum árekstri, enda séu þá og taldar með í tjóninu kr. 450.00, er stefndur hefur greitt fyrir yfirmat. Verði varakrafan tekin til greina, krefst stefndur þess, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Málavextir eru þeir, að aðfaranótt þess 18. október 1942 ók stefnandi fólksflutningsbifreið sinni G 397 frá Reykjavík áleiðis til Hafnarfjarðar, og voru í bifreiðinni 3 farþegar. Er komið var á Kópavogshálsinn, hitti hann þar bifreiðina R 1633, sem er fólksflutningsbifreið og eign stefnds, og átti tal við bifreiðarstjóra þann, er ók þeirri bifreið, en hann var einnig á leið til Hafnarfjarðar. Er bifreiðinni G 397 var ekið af stað aftur, lét stefnandi af stjórn hennar, en við tók Bragi Jensson, en hann var farþegi í bifreiðinni. Ók hann síðan sem leið liggur niður hálsinn með 40—50 km hraða á klukkustund, að því er telja verður, en hraðamælirinn á bifreiðinni var í ólagi. Skýrir Bragi svo frá, að er hann átti um 20—30 metra ófarna að brúnni í Kópavogi, hafi hann orðið var við, að bifreiðin R 1633 var rétt á eftir og henni ekið þétt fram með bifreiðinni G 397. Kveðst hann hafa ekið á vinstri vegarbrún, en vegurinn er þarna um 7 m breiður og um tveggja mannhæða hár. Kveðst hann þó hafa hemlað sem snöggvast, en við það muni bifreiðin hafa færzt eitthvað til vinstri að framan, og sé líklegt, að hann hafi þá lagt snögglega á stýrið til hægri, til þess að forðast þá hættu að fara út af veginum, en bifreiðin R 1633 muni, er þetta skeði, hafa verið komin hálf fram fyrir bifreiðina G 397. Í þessum svifum hafi vinstra horn afturvara bifreiðarinnar R 1633 kræzt í hægra horn framvara bifreiðarinnar G 397 og dregið hana með sér um 2—3 bifreiðarlengdir á vegarbrúninni, enda hafi hún færzt 3—4 fet til vinstri við þetta, en bifreiðarstjórinn kveðst ekki hafa þorað að hemla eða beygja til vinstri, heldur sveigt til hægri. Bifreiðin G 397 rakst síðan á handriðastólpa brúarinnar og losnaði úr tengslum við bifreiðina R 1633 milli 1. og 2 stólpa. Stöðvaðist hún síðan á miðri brúnni. Skemmdist bifreiðin G 397 allmjög á vinstri hlið við árekstur inn á brúna, en bifreið stefnds sakaði ekki. Árekstur inn var þegar tilkynntur lögreglunni í Hafnarfirði kl. 1.20 um nóttina, og fór lögreglan þegar á staðinn.

Telur stefnandi, að bifreiðarstjórinn á bifreið stefnds eigi alla sök á árekstrinum, þar sem henni hafi verið ekið óhóflega hratt og of nærri bifreiðinni G 397, auk þess sem bifreiðarstjórinn hafi ekki gefið neitt hljóðmerki. Beri stefndum því að bæta sér allt tjón, er af árekstrinum hafi hlotizt.

Bifreiðarstjórinn á bifreið stefnds, R 1633, Steingrímur Nikulásson, hefur skýrt svo frá, að hann hafi umrædda nótt verið á leið til Hafnarfjarðar með 4 farþega. Hafi hann hitt bifreiðina G 397 á Kópavogshálsi, stöðvað aðeins þar, og síðan hafi bifreið stefnanda ekið niður hálsinn á undan sér. Hafi hann ekið á eftir og ætlað sér að aka fram úr bifreiðinni G 397 nokkru áður en komið væri að brúnni í Kópavogi. Hafi hann ekið með á að gizka 35—40 km hraða á klukkustund, en hraðamælir bifreiðarinnar var í ólagi. Kveðst hann hafa ekið á vinstri vegarbrún, en er hann var um 2—3 bifreiðalengdir fyrir aftan bifreið stefnanda, hafi hann beygt til hægri til þess að fara fram úr henni og hert á hraðanum um leið, en ekki hafi hann gefið hljóðmerki. Í því að hann hafi ekið fram úr bifreiðinni G 397, muni bifreiðarnar hafa krækzt svo saman, eins og áður greinir.

Þegar hann hafi orðið var við þetta, hafi hann ekki þorað að hemla af ótta við, að bifreiðin G 397 rynni aftan á sína bifreið, og því hafi hann haldið áfram og sveigt til hægri. Er yfir á brúna kom, hafi bifreiðarnar síðan losnað í sundur.

Sýknukröfu sína byggir stefndur á því, að umgetið tjón á bifreið stefnanda hafi ekki getað orðið með þeim hætti, er ökumenn bifreiðanna hafa haldið fram. Því til stuðnings hefur stefndur skírskotað til álitsgerðar Jóns Ólafssonar bifreiðaeftirlitsmanns, en Jón telur vafasamt, að samakstur þessi hafi orðið með framangreindum hætti. Einnig telur stefndur, að stjórnandi bifreiðar stefnanda hafi ekið svo ógætilega, að stefnandi eigi sjálfur að bera allt sitt tjón.

Farþegar þeir, er í bifreiðunum voru, hafa samhljóða borið fyrir dómi, að bifreiðarnar hafi krækzt saman, svo sem bifreiðarstjórarnir hafa haldið fram, og hafi það orðið til þess, að bifreiðin G 397 rakst á handriðsstólpa brúarinnar, eins og áður er lýst. Þykir ekki verða hjá því komizt að leggja framburði þessa til grundvallar, og verður því að telja, að tjónið á bifreið stefnanda hafi orðið með framangreindum hætti. Það er sýnt, að bifreiðinni R 1633 var ekið fram hjá bifreið stefnanda með allmiklum hraða og án þess að hljóðmerki væri gefið. Enn fremur er ljóst, að bifreiðinni R 1633 hefur verið ekið mjög nálægt bifreiðinni G 397, án þess að ástæða væri til. Með þessu hefur bifreiðarstjórinn á bifreið stefnds brotið hér að lútandi ákvæði 3. mgr. 28. gr. bifreiðalaganna nr. 23 frá 1941, og verður því að telja, að hann eigi slíka sök á umræddum árekstri, að sýknukrafa stefnda geti ekki orðið tekin til greina.

Varakröfu sína byggir stefndur á því, að bifreiðarstjórinn á bifreið stefndanda eigi og nokkra sök á árekstrinum, og þá sérstaklega með því að sveigja til hægri, er bifreið stefnds var ekið framhjá.

Það þykir mega fallast á það með stefndum, að ökumaður bifreiðarinnar G 397 hafi ekki sýnt fyllstu aðgæzlu um aksturinn, er hann snögghemlaði og sveigði til hægri, eins og hann hefur lýst. Þykir hann því einnig eiga nokkra sök á því, hvernig fór.

Þar sem sökin telst þannig beggja megin, ber samkvæmt 4. málsgr. 34. gr. bifreiðalaganna nr. 23 frá 1941 að skipta tjóninu að tiltölu við sök hvors aðilja. Með tilliti til þess, hvernig atvikum að árekstrinum var háttað, þykir rétt, að stefndur bæti tjón stefnanda að ¾ hlutum, en stefnandi beri ¼ hluta sjálfur.

Kemur þá skaðabótakrafa stefnanda til athugunar, en hún sundurliðast þannig:

1. Viðgerðarkostnaður ..... kr. 5465.84
2. Bætur vegna atvinnutjóns kr. 70 á dag frá 18. okt. 1942 til 20. marz 1943.
3. Matskostnaður (kr. 81.64 + 450.00) ..... — 531.64

Um 1. Viðgerðarkostnaðurinn er byggður á mati þriggja dómkvaddra yfirmatsmanna, en mat þetta fór fram 15. maí 1943. Stefndur hefur talið matsupphæðina of háa, þar sem taka verður tillit til þess, að nýtt komi í stað gamals, enda hafi og matsmennirnir talið bifreiðina, áður en tjónið varð, 6500.00 króna virði, en 2500.00 króna virði, er matið fór fram.

Eftir öllum atvikum þykir þó rétt að leggja matsgerðina til grundvallar að þessu leyti, og verður því þessi liður tekinn til greina óbreyttur.

Um 2. Atvinnutjónskröfu sína byggir stefnandi á því, að „netto"-hagnaður sinn af akstri bifreiðarinnar mundi hafa numið kr. 70.00 á dag. Hann heldur því og fram, að eftir tilmælum vátryggingafélags þess, er bifreiðin R 1633 er tryggð hjá, hafi hann látið bifreiðina standa óhreyfða frá því að áreksturinn varð og þar til lögreglurannsókn var lokið þann 5. janúar 1943. Hinir dómkvöddu undirmatsmenn hafi talið, að viðgerðin tæki 2½ mánuð, og sé því miðað við fyrrgreindan tíma.

Stefndur hefur mótmælt því, að stefnandi hafi beðið nokkurt atvinnutjón, þar sem hann hafi ætlað að selja bifreiðina um það leyti, er áreksturinn varð. Ekki þykja þó þau gögn færð fyrir þessari staðhæfingu, að bótakröfunni verði hrundið af þeim sökum.

Stefndur hefur og mótmælt kröfunni sem allt of hárri, þar sem hagnaður hefði ekki getað orðið svo mikill, sem stefnandi telur, enda sé stefnandi mjög heilsuveill og ólíklegt, að hann hefði getað stundað akstur hvern dag. Bendir hann í því sambandi á, að vinnudagar bifreiðarinnar hafi frá því í byrjun maímánaðar 1942 þar til 18. október s. á., aðeins verið 51. Enn fremur hefur stefndur mótmælt því, að viðgerðin hefði tekið 2½ mánuð, enda telja yfirmatsmennirnir, að viðgerðin taki ekki nema 371 vinnustund.

Gegn mótmælum stefnds er ekki unnt að taka til greina þá staðhæfingu stefnanda, að bifreiðin hafi að tilhlutun vátryggingarfélagsins, staðið óhreyfð til 5. janúar 1943, og verður því einungis tekið tillit til þeirra tekna, er ætla má, að stefnandi hefði haft þann tíma, er viðgerðin telst að hafa tekið, eftir því sem ráða má af yfirmatsgerðinni. Þess ber þó að gæta, að stefnandi var maður heilsuveill og bifreið hans gömul, þannig að gera má ráð fyrir nokkrum frátöfum af þeim sökum. Með tilliti til þessa, svo og annars þess, sem fram er komið í málinu um atvinnutekjur bifreiðarstjóra, þykja bætur fyrir atvinnutjón stefnanda af árekstrinum hæfilega ákveðnar kr. 1800.00.

Um 3. Þar sem aðiljar hafa fallizt á, að þessi kostnaður verði talinn með í tjóni af árekstrinum, verður að taka þenna lið til greina.

Úrslit málsins verða því þau, að stefndur verður dæmdur til að greiða ¾ hluta af kr. 7797.48 (5465.84 + 1800.00 + 81.64 + 450.00) að frádregnum yfirmatskostnaðinum kr. 450.00, er stefnandi hefur greitt, eða kr. 5398.11 ásamt 5% ársvöxtum af kr. 5316.45 frá 10. marz 1943 til greiðsludags, en vaxta hefur ekki verið krafizt af undirmatskostnaðinum, kr. 81.64, er stefnandi hefur innt af hendi.

Eftir þessum málsúrslitum þykir rétt, að stefndur greiði stefnandanum málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 600.00.

Árni Tryggvason settur borgardómari hefur kveðið upp dóm þenna.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Elías Hannesson, greiði stefnandanum, Jóni V. Jónssyni, kr. 5398.11 með 5% ársvöxtum af kr. 5316.45 frá 10. marz 1943 til greiðsludags og kr. 600.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 26. janúar 1945.

Nr. 16/1944. **Valdstjórnin** (Kristján Guðlaugsson)
gegn
Vilberg Sigurjóni Hermannssyni
(Ólafur Þorgrímsson).

Kært fyrir brot á verðlagsákvæðum.

Dómur hæstaréttar.

Í máli þessu hefur Múrarafélag Reykjavíkur, sem er stéttarfélag múrarasveina, samið við tiltekinn vinnukaup-

anda um ákveðna múrsmíði samkvæmt verkkauptaxta, er félagið hefur áður sett. Orðið stéttarfélag í lögum nr. 80/1938 táknar einungis félagsskap vinnuseljanda sbr. einkum 1., 5., 6., 9. og 10. gr. þeirra laga og athugasemdir um 1. gr. frumvarps þeirra, sjá Alþt. 1938 A bls. 354. Verður að ætla, að orðið stéttarfélag merki hið sama í niðurlagi 1. gr. laga nr. 3/1943, en af því leiðir aftur, að ákvæði greinarinnar um afskipti verðlagsyfirvalda taka ekki yfir samning þann, er í máli þessu greinir. Ber því með þessari athugasemd að staðfesta héraðsdóm.

Eftir þessum úrslitum ber að leggja allan áfrýjunarkostnað sakarinnar á ríkissjóð, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 500.00 til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna, Kristjáns Guðlaugssonar og Ólafs Þorgrímssonar, kr. 500.00 til hvors.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 23. október 1943.

Ár 1943, laugardaginn 23. október, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í Pósthússtræti 3 af fulltrúa sakadómara, Einari Arnalds, uppkveðinn dómur í málinu nr. 2523/1943: Valdstjórnin gegn Vilbergi Sigurjóni Hermannssyni, sem tekið var til dóms 9. sama mánaðar.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Vilbergi Sigurjóni Hermannssyni múrara, til heimilis Hávallagötu 7 hér í bæ, fyrir brot gegn lögum um verðlag nr. 3, 13. febrúar 1943, sbr. tilkynningu verðlagsstjóra frá 28. júlí 1943 um lækkun á grunntaxta múrara fyrir ákvæðisvinnu.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefur sætt eftirtöldum refsingum:

1930 $1\frac{1}{10}$ Sætt, 10 kr. sekt fyrir að tvímenna á reiðhjóli.
1931 $1\frac{1}{7}$ Sætt, 10 kr. sekt fyrir brot á umferðarreglum.
1940 $1\frac{1}{5}$ Undir rannsókn út af ökuóhappi. Ekki talin ástæða til málssóknar.

1941 % Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 200 kr. sekt fyrir brot á 1. gr. bráðab.laga nr. 1 1941.

Tildrög máls þessa eru þau, að hinn 28. júlí 1943 gaf verðlagsstjórinn út svo hljóðandi tilkynningu:

„Viðskiptaráðið hefur ákveðið, að núgildandi grunntaxti múrara fyrir ákvæðisvinnu (sbr. verðskrá Múrarafélags Reykjavíkur, dags. 22. marz, og auglýsingu félagsins, dags. 15. júlí 1943) skuli lækka sem hér segir:

Í múrvinnu utanhúss ..... um 30 %
Í múrvinnu innanhúss ..... — 20 —

Hinn lækkaði taxti felur í sér greiðslu fyrir handlöngun. Ef verksali leggur til handlöngun við grófhúðun, lækkar taxtinn enn um 20%, en við fínhúðun, flíslögn og aðra fínvinnu um 5%.

Múrurum er óheimilt að taka hærri greiðslu fyrir ákvæðisvinnu en samkvæmt því, sem að ofan greinir.

Ákvæði tilkynningar þessarar koma til framkvæmda á alla vinnu, sem innt er af hendi frá og með 3. ágúst 1943."

Þegar tilkynning þessi gekk í gildi, var kærði að vinna við múrhúðun á húsinu nr. 33 við Laugaveg og vann það í ákvæðisvinnu. Lagði hann þá niður vinnu þessa, þótt verkinu væri ekki lokið. Ástæðan til þess var sú, að kærði var félagsmaður í Múrarafélagi Reykjavíkur og almennt samkomulag var í félaginu að vinna ekki eftir þeim taxta, er ákveðinn var í fyrrgreindri tilkynningu verðlagsstjóra.

Þann 28. ágúst var á félagsfundi Múrarafélags Reykjavíkur samþykktur taxti um kaup fyrir ákvæðisvinnu. Á sama fundi var samþykkt að hækka grunntímakaup úr kr. 3.00 pr. klst. í kr. 3,35, en opinber auglýsing um þessa hækkun á timakaupi hefur ekki verið gefin út, heldur hefur vinnukaupendum verið tilkynnt þetta í hvert sinn og samningar um múrvinnu hafa verið gerðir.

Hinn 31. ágúst hóf kærði aftur múrhúðun á húsinu nr. 33 við Laugaveg, þar sem vinnukaupandinn hafði þá gert samning við Múrarafélag Reykjavíkur um, að vinnulaunin fyrir verk það, er eftir var að inna af hendi, skyldi reiknað út og greitt samkvæmt ákvæðisvinnusamþykkt Múrarafélags Reykjavíkur frá 28. ágúst 1943. Lauk kærði við verk þetta þann 9. eða 10. september s. l. Lét hann mæla verkið upp, og eru vinnulaunin þar reiknuð út samkvæmt ákvæðisvinnusamþykkt Múrarafélags Reykjavíkur frá 28. ágúst 1943 fyrir verk það, er kærði innti af hendi eftir 31. ágúst. Kveðst kærði ekki enn hafa innheimt kröfu þessa, en ætla að gera það.

Kærði hefur viðurkennt, að honum hafi verið ljóst, að taxtinn samkvæmt ákvæðisvinnusamþykkt Múrarafélags Reykjavíkur frá 28. ágúst 1943 sé hærri en taxti sá, er verðlagsstjóri auglýsti þann 28. júlí. Reiknað hefur verið út, hvað verk það, er kærði innti af

hendi eftir 31. ágúst s. l., mætti kosta samkvæmt tilkynningu verðlagsstjóra frá 28. júlí, og samkvæmt þeim útreikningi, sem kærði hefur viðurkennt að væri réttur, hefur kærði áskilið sér kr. 523.06 hærri laun fyrir verkið en tilkynningin heimilar. Hins vegar heldur kærði því fram, að hann hafi ekkert af sér brotið, þar sem verðlagsstjóra og viðskiptaráð skorti heimild til að ákveða hámarksverð á ákvæðisvinnu.

Í 1. gr. laga um verðlag nr. 3 13. febrúar 1943 er svo ákveðið, að valdsvið viðskiptaráðs til að ákveða hámarksverð nái ekki til launa fyrir verk, sem ákveðin hafa verið með samningum stéttarfélaga.

Múrarafélag Reykjavíkur er stéttarfélag múrarasveina í Reykjavík. Var samningurinn um múrvinnu við húsið nr. 33 við Laugaveg gerður milli þess og vinnukaupandans, en ekki við kærðan. Jafnframt gerði Múrarafélag Reykjavíkur sams konar samning við ýmsa aðra einstaklinga, sem þurftu að láta inna af hendi múrvinnu, og var það ákveðið, að vinnulaun fyrir ákvæðisvinnu skyldu greidd samkvæmt ákvæðisvinnusamþykkt félagsins frá 28. ágúst 1943. Hefur nú slíkur samningur verið gerður við 34 einstaklinga og við Múrarafélag Reykjavíkur.

Hér er því frá upphafi um kollektivan samning að ræða. Í samningi þessum er eigi samið um annað eða meira en greiðslur fyrir unnin verk, þ. e. a. s. múrararnir leggja eingöngu til vinnu sína, en ekki efni, handlöngun o. s. frv., en eigi skiptir hér máli, hvort laun fyrir verk eru miðuð við vinnustundir eða við ákveðin afköst, og þar sem viðskiptaráð brestur heimild til að ákveða laun fyrir verk, sem ákveðin hafa verið með samningum stéttarfélaga, verður að sýkna kærðan af kæru valdstjórnarinnar í máli þessu.

Eftir þessum málalokum ber að greiða allan sakarkostnað úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda kærðs, Ólafs Þorgrímssonar hrl., kr. 350.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Vilberg Sigurjón Hermannsson, á að vera sýkn af kæru valdstjórnarinnar í máli þessu. Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda kærðs, hrl. Ólafs Þorgrímssonar, kr. 350.00.

Mánudaginn 29. janúar 1945.

Nr. 108/1944. **Guðlaugur Brynjólfsson**
(Guttormur Erlendsson)
gegn
Húsaleigunefnd Reykjavíkur
(Magnús Thorlacius).

Útburðarmál.

Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða úrskurð hefur upp kveðið Kristján Kristjánsson borgarfógeti.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 4. sept. 1944 og krafizt þess, að fógetaúrskurðurinn verði úr gildi felldur og að synjað verði um framkvæmd útburðar. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefndu fyrir fógetarétti og hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Það verður ekki talið sannað gegn mótmælum stefnda, að kaupsamningur milli áfrýjanda og h/f Goða um íbúð í húsinu nr. 209 við Hringbraut hafi verið á kominn áður en lög nr. 39/1943 komu til framkvæmdar. Stefndu varð kunnugt um það ekki síðar en 15. des. 1943, að áfrýjandi hafði flutzt í íbúðina, en ekki hófst hún handa um útburð fyrr en 2. maí 1944. Enda þótt stefnda hafi þannig dregið um skör fram aðgerðir í málinu, verður hún samt ekki talin hafa firrt sig rétti til þess að fá áfrýjanda skyldaðan til að rýma íbúðina samkvæmt 3. mgr. 3. gr. laga nr. 39/1943. En þar sem aðgerðum stefndu gegn áfrýjanda var beitt svo síðla sem áður segir, þykir útburður ekki eiga að fara fram fyrir næsta almennan flutningsdag, 14. maí 1945.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefndu málskostnað fyrir hæstarétti, kr. 500.00.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður, þó svo, að útburður fari ekki fram fyrir 14. maí 1945.

Áfrýjandi, Guðlaugur Brynjólfsson, greiði stefndu, húsaleigunefnd Reykjavíkur, kr. 500.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 22. júní 1944.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 8. þ. m., hefur gerðarbeiðandi, húsaleigunefnd Reykjavíkur, krafizt þess, að gerðarþoli, Guðlaugur Brynjólfsson, verði borinn út úr íbúð þeirri, er hann nú býr í í húsinu nr. 209 við Hringbraut hér í bænum. Gerðarþoli hefur mótmælt framgangi hinnar umbeðnu gerðar, og lögðu aðiljar málið undir úrskurð fógetaréttarins.

Hvor aðili um sig hefur krafizt málskostnaðar.

Málavextir eru þeir, að á útmánuðum, að því er virðist í janúar eða febrúar, s. l. ár átti gerðarþoli, sem þá bjó í Vestmannaeyjum, tal við framkvæmdarstjóra h/f Goða hér í bænum, Guðlaug Þorlákssson, og óskaði að fá keypta 3ja herbergja íbúð í húsi, sem félag þetta hafði þá í smíðum. Spurðist hann fyrir um verð á þessum íbúðum og fékk þau svör, að ekki væri fyllilega hægt að segja fyrir um verðið að svo komnu, en fékk að vita, hvað sambærilegar íbúðir hefðu kostað í húsum, sem sama félag hafði látið byggja árið áður, og myndi verðið á þeim íbúðum, sem þá væru í smíðum, verða svipað, en þó nokkru hærra. Er ekki ljóst, hvenær gerðarþoli fékk endanlega að vita um verð íbúðarinnar, en hann telur það muni hafa verið í marz eða apríl 1943. Einhvern tíma um vorið 1943 kveðst gerðarþoli hafa komið á skrifstofu h/f Goða hér í bænum í því skyni að ganga endanlega frá kaupsamningi um íbúðina og tryggja rétt sinn til hennar. Hafi Guðlaugur Þorlákssson, sem annaðist sölu á húsum félagsins, þá ekki verið í bænum, og hafi þess verið óskað af hálfu félagsins, að samningsgerð yrði látin bíða þar til hann kæmi heim. Hinn 20. júlí 1943 gerir svo gerðarþoli skriflegan kaupsamning um efstu hæð hússins nr. 209 við Hringbraut, og eru það tvær íbúðir, önnur 3ja herbergja, sem gerðarþoli býr í sjálfur ásamt ráðskonu sinni, og hin 2ja herbergja, sem hann leigir út frá sér. Við undirskrift samningsins virðist fyrsta greiðsla upp í húsverðið hafa verið innt af hendi. Hinn 20. okt. s. l. fær gerðarþoli heimildarbréf fyrir hæðinni, sem hann lætur svo þinglýsa á sitt nafn. Hinn 13. júlí s. l. skrifaði gerðarþoli húsaleigunefnd bréf og óskar, að nefndin veiti samþykki sitt til, að hann megi taka sér bólfestu hér í bænum í húsnæði, sem hann „mundi kaupa". Umsókn þessari svarar húsaleigunefnd synjandi með bréfi dags. 19. júlí. Með bréfi til húsa-

leigunefndar dags. 7. ágúst s. l. endurnýjar gerðarbeiðandi fyrri umsókn sína um að mega flytja í bæinn og fær aftur synjandi svar í bréfi húsaleigunefndar dags. 31. ágúst s. l., og kveðst gerðarþoli hafa veitt því móttöku í Vestmannaeyjum 12. sept. s. l., en þá hafi hann verið kominn á flugstig með að flytja hingað til bæjarins og ekki látið bréf þetta aftra sér, og kveðst hann hafa komið hingað alkominn 14. sept. s. l. og virðist þá þegar hafa flutzt inn í hina umdeildu íbúð.

Gerðarbeiðandi byggir kröfur sínar á því, að gerðarþola hafi verið óheimilt að flytjast hingað til bæjarins án leyfis húsaleigunefndar, sbr. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 39 frá 1943, enda hafi kaup á íbúðinni ekki farið fram fyrr en eftir 7. apríl 1943, en það er gildistökudagur nefndra laga. Heldur hann því fram, að ekki sé hægt að telja, að „kaup" í merkingu áðurnefndrar lagagreinar hafi átt sér stað, fyrr en í fyrsta lagi þegar skriflegi kaupsamningurinn var undirritaður, enda sé ósannað, hvað þeim gerðarþola og framkvæmdarstjóra Goða h/f fór á milli s. l. vetur, en þó víst, að íbúð sú, sem gerðarþoli telur sig hafa keypt þá, hafi ekki verið sérgreind fyrr en einhvern tíma síðar, að forstjóri h/f Goða ákvað einhliða, hverja af íbúðum hússins gerðarþoli skyldi fá. Auk þess hafi kaupverð ekki verið ákveðið fyrr en síðar, og algerlega óvíst, hvenær það hafi verið. Þá hefur gerðarbeiðandi bent á, að umsóknir gerðarþola til húsaleigunefndar um dvalarleyfi hér í bænum hefðu verið óþarfar, ef kaup á íbúðinni hefðu farið fram á þeim tíma, er gerðarþoli heldur fram, og að í fyrri umsókn sinni, sem dagsett er 13. júlí s. l., talar gerðarþoli um, að hann óski að fá að flytja í íbúð, sem hann „mundi kaupa", og að á fundi húsaleigunefndar 15. des. s. l. er bókað eftir gerðarþola, að hann hafi „talað um kaup á íbúðinni" í febrúar eða marz 1943.

Gerðarþoli byggir mótmæli sín gegn framgangi gerðarinnar í *fyrsta lagi* á því, að bindandi samningur um kaup á íbúðinni hafi verið gerður í janúar eða febrúar s. l., og styður þá fullyrðingu við framburð gerðarþola og forstjóra h/f Goða hér í réttinum, en þeir telja báðir, að bindandi samningar hafi verið gerðir um þetta leyti, þótt ekki hafi verið gengið fyllilega frá ákvörðun kaupverðs né íbúðin sérgreind fyrr en nokkru síðar. Telur gerðarþoli sönnunarbyrðina um, að kaup hafi ekki farið fram á þessum tíma, hvíla á gerðarbeiðanda. Í *öðru lagi* byggir gerðarþoli mótmæli sín á því, að húsaleigunefnd hafi látið dragast óhæfilega lengi að vísa gerðarþola á bug úr húsnæðinu, ef svo yrði litið á, að hann hafi ekki átt rétt til dvalar í því frá byrjun. Telur hann, að húsaleigunefnd muni hafa fengið vitneskju um dvöl gerðarþola í bænum, skömmu eftir að hann tilkynnti manntalsskrifstofunni dvöl sína hér, en það var 8. september s. l., en þrátt fyrir það hafi húsaleigunefnd ekkert gert í málinu, fyrr en hún sendi beiðni um gerð

þessa til fógetaréttarins 2. maí s. l. Bendir gerðarþoli á, að hann sé nú talinn skattskyldur hér í bænum og sé hér á kjörskrá og af þessu leiði það e. t. v., að hann teljist nú ekki lengur heimilisfastur í fyrri heimkynnum sínum, Vestmannaeyjum, og sé óvíst, hvort hann fái að setjast þar að aftur.

Gegn mótmælum gerðarbeiðanda hefur gerðarþola ekki tekizt að sanna, að hann hafi keypt íbúð þá, er hann nú býr í, fyrir 7. apríl 1943, enda upplýst, að hvorki var endanlega gengið frá kaupverði né sérgreiningu íbúðarinnar, er hann upphaflega átti tal um kaup á henni í janúar eða febrúar s, l., og óvíst, hvenær það var gert.

Ekki verður fallizt á þá mótbáru gerðarþola, að hann hafi fyrir aðgerðarleysi gerðarbeiðanda öðlazt rétt til að sitja framvegis í hinni umdeildu íbúð, enda var gerðarþola það í upphafi kunnugt, að hann fluttist í íbúðina gegn endurtekinni synjun gerðarbeiðanda um dvalarleyfi hér í bænum, og skiptir ekki máli, þótt bæjaryfirvöldin hafi í vissum samböndum talið hann bólfastan hér í bænum.

Verður af framangreindum ástæðum að leyfa framgang hinnar umbeðnu gerðar á ábyrgð gerðarbeiðanda, húsaleigunefndarinnar í Reykjavík.

Rétt þykir, að gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda kr. 130.00 í málskostnað. Sökum sérstakra anna í fógetaréttinum svo og nýafstaðinna þjóðhátíðarhalda hefur dráttur orðið á uppkvaðningu úrskurðar þessa.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna útburðargerð skal fram fara á ábyrgð gerðarbeiðanda. Gerðarþoli, Guðlaugur Brynjólfsson, greiði gerðarbeiðanda, húsaleigunefnd Reykjavíkur, kr. 130.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 31. janúar 1945.

Nr. 130/1944. Seyðisfjarðarkaupstaður
gegn
Sigurði Tryggvasyni.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Seyðisfjarðarkaupstaður. er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 31. janúar 1945.

Nr. 141/1944. **Guðlaugur Gíslason**
gegn
Hannesi Hanssyni.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Guðlaugur Gíslason, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 2. febrúar 1945.

Nr. 8/1944. **Réttvísin** (Jón Ásbjörnsson)
gegn
Andreas Júlíus Godtfredsen (Lárus Fjeldsted).

Setudómarar próf. Ísleifur Árnason og borgarfógeti Kristján Kristjánsson í stað hrd. Einars Arnórssonar og Þórðar Eyjólfssonar.

Landráð.

Dómur hæstaréttar.

Í grein ákærða, sem birtist í víðlesnu brezku blaði, voru Íslendingar sakaðir ranglega um spellvirkjahátt og aðrar mótgerðir gegn Bretum, er eiga í styrjöld, og þeir hvattir til þess að beita Íslendinga harðræðum. Var greinin því líkleg til þess að valda hættu á sérstakri íhlutun erlends ríkis um málefni íslenzka ríkisins. Samkvæmt þessu varðar atferli ákærða við 88. gr. hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. gr. laga nr. 47/1941, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi 7 mánuði, en gæzluvarðhald hans frá 6. apríl til 4. ágúst 1943 skal koma til frádráttar refsingunni.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu réttinda og málskostnað staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 550.00 til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Andreas Júlíus Godtfredsen, sæti fangelsi 7 mánuði, en gæzluvarðhald hans frá 6. apríl til 4. ágúst 1943 komi til frádráttar refsingunni.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu réttinda og greiðslu málskostnaðar í héraði staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Jóns Ásbjörnssonar og Lárusar Fjeldsteds, kr. 550.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 3. september 1943.

Ár 1943, föstudaginn 3. september, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af sakadómara Jónatan Hallvarðssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 2068/1943: Réttvísin gegn Andreas Julius Godtfredsen.

Mál þetta er samkvæmt fyrirskipun dómsmálaráðherra höfðað gegn Andreas Julius Godtfredsen, útgerðarmanni til heimilis í Hótel Ísland hér í bænum, fyrir brot gegn X. kafla hegningarlaga nr. 19 1940, sbr. lög nr. 47 1941. Málið var tekið til dóms hinn 1. þ. m.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 22. febrúar 1891 í Kaupmannahöfn. Hann hefur aldrei áður, svo kunnugt sé, sætt ákæru eða refsingu. Ákærði er danskur ríkisborgari, en hefur dvalizt hér búsettur og rekið hér atvinnu um alllangt skeið.

Hinn 20. febrúar s. l. birtist í blaðinu „The Fishing News", sem gefið er út í Aberdeen, grein, er hljóðar svo í íslenzkri þýðingu löggilts dómtúlks:

„Íslenzkir fiskimenn

Háttvirti herra.

Hjálagt sendi ég yður Morgunblaðið frá 19. þ. m. þar sem skipstjóri einn, Sig. Sigurðsson, hefur ritað allar raunir sínar yfir því, að íslenzkir togarar geti ekki „látið klárinn ganga sér til húðar" og sogið síðasta blóðdropann úr hinum stríðandi þjóðum.

Allur þorri íslenzkra togara er nú í Reykjavík „til viðgerðar", sem er eins konar spellvirkjaháttur. Að því er tekjur snertir, getur enginn skilið, hvers vegna þeir hafa ekki misst skip líkt og Færeyingar, eða hvaðan eru komnir allir bílarnir, loðkápurnar, hús-

gögnin, húsin o. s. frv., o. s. frv., sömuleiðis, hvers vegna þeir hafa frá £3000 til £5000 hreinan ágóða í hverri ferð. Hvers vegna skipstjórarnir hafa í tekjur 7000 til 8000 krónur fyrir hverja ferð og óbreyttir sjómenn 4000 og 5000 krónur.

Eru líf Íslendinga meira virði en líf annarra? Eru íslenzk skip meira virði? Það virðist svo, en minnizt þess, að 1914 og 1938 voru þeir gjaldþrota á Íslandi, „Kveldúlfur" einn með um 16 milljónir króna. Nú er þessu snúið við, og er það sökum þess, að fiskveiðarnar hafi verið vangoldnar?

Það er eins og Íslendingar geti ekki komizt af án styrjaldar, og hvenær sem þeir fá tækifæri til að auðgast á annarra fornum, fá þeir aldrei nóg. Þeir segjast ekki geta að því gert, að nú er styrjöld, og ekki sé það þeim að kenna, en þó að styrjöld sé, eiga Íslendingar ekki þar fyrir að vera eina þjóðin í heiminum, sem hagnast, einkum þar sem þeir hugsa um það eitt að hagnast, og munu án efa berja sér, þegar styrjöldin er hjá liðin. Hvað ætli að hefði gerzt, ef Þjóðverjar hefðu hersett þenna stað? Það er öllum ljóst, nema Íslendingum: hér hefði orðið hungursneyð, enginn innflutningur, enginn útflutningur — ekkert.

Í stuttu máli:

Svo að allt sé sagt í stuttu máli, þá er það þannig, að íslenzkur fiskur hefur verið ofborgaður um að minnsta kosti 60—70 af hundraði, og sama er að segja um verkamenn og vinnuafl hér. Hvers vegna heimtið þið ekki sama verð fyrir kol, olíu, eldsneyti og salt eins og þeir heimta fyrir sinn meira og minna góða og slæma fisk, og hvers vegna skyldu Íslendingar fyrirskipa um það á Englandi, á hvaða stað þeir hyggist að selja fisk sinn?

Fyrir stríðið voru allar íslenzkar hafnir lokaðar útlendingum. Hér var allt og er allt einokað. Þetta land gerði aldrei annað en ómjúkar (?) kröfur (ekki vel ljóst, við hvað höfundurinn á með „rough demands". *Þýðarinn),* og börnin fengu oft það, sem þau vildu fá, vegna þess að „landið var svo lítið".

En ef Íslendingar vilja ekki sigla og taka áhættuna eins og allir aðrir fiskimenn og sjómenn, er berjast gegn nazistum og nazistabófum, ja, þá er bezt að þeir eti sjálfir fisk sinn. Meðan skip þeirra eru hér í höfn og ekkert kemur fyrir, má vera, að það sé yður að engu gagni, en þá skuluð þið líka aftur á móti segja Íslendingum að sækja sjálfir kol sín, salt, olíu, eldsneyti o. s. frv.

Hvers vegna ættu aðrir sjómenn að hætta lífi sínu og skipum til þess að birgja þetta fólk upp að bílum? Íslendingar verða sjálfir að taka á sig áhættuna ásamt með öðrum þjóðum eða svelta eins og aðrar þjóðir.

Virðingarfyllst
Politicus."

Ákærði hefur játað, að hann hafi skrifað grein þessa og sent hana blaðinu. Ósamræmi kveður hann þó e. t. v. nokkuð að því er orðalag snertir milli handrits síns og hinnar prentuðu greinar, en að efni til sé greinin óbreytt frá því, sem hann gekk frá henni. Er þetta í samræmi við aðrar upplýsingar, sem liggja fyrir í málinu, en frumrit greinarinnar liggur ekki fyrir.

Ákærði heldur því m. a. fram í grein sinni, að allur þorri togaraflotans íslenzka sé í höfn undir yfirskyni viðgerðar, en raunverulega sé þetta spellvirkjaháttur. Með tilliti til styrjaldarástandsins gátu slíkar fullyrðingar, ef mark hefði verið á þeim tekið, valdið hættu á því, að stjórnir erlendra ríkja hlutuðust til um siglingar til landsins á þann veg, að orðið hefði þjóðinni til tjóns. Síðar í greininni mælir ákærði með því, að Íslendingar séu sjálfir látnir sækja til útlanda vissar vörutegundir og að þeir séu þannig sviptir skipsrúmi, sem viðskiptaþjóðir þeirra höfðu látið þeim í té. Þá fullyrðir ákærði, að fiskverðið hafi verið 60—70% of hátt, og ráðleggur Bretum, að vísu í spurnarformi, að heimta sama verð fyrir kol og fleiri vörur, sem Íslendingar kaupa af þeim. Að öðru leyti og almennt er efni greinarinnar þannig, að hún er til þess fallin að vekja óréttmæta andúð í garð íslenzku þjóðarinnar, sem orðið gæti henni til tjóns í viðskiptum við erlend stjórnarvöld.

Þykir ákærði með framangreindri háttsemi hafa brotið gegn 88. gr. hegningarlaga nr. 19 1940, sbr. 1. gr. laga nr. 47 1941.

Ákærði sat í gæzluvarðhaldi frá 23. marz til 4. f. m., en mestan hluta þess tímabils, eða frá 24. apríl, dvaldist hann í sjúkrahúsinu að Kleppi vegna rannsóknar, er yfirlæknir dr. med. Helgi Tómasson gerði á andlegri heilbrigði hans að tilhlutun réttarins. Niðurstaða þeirrar rannsóknar yfirlæknisins var sú, að ákærði væri andlega fullþroska og hvorki geðveikur né geðveill.

Að þessu athuguðu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 6 mánuði. Samkvæmt 76. gr. hegningarlaganna þykir rétt að ákveða, að gæzluvarðhald ákærða frá 6. apríl—4. ágúst s. l. skuli koma til frádráttar refsingunni.

Samkvæmt 68. gr., 3. mgr. hegningarlaganna ber að svipta ákærða frá birtingu dóms þessa kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og til annarra almennra kosninga.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Lárusar Fjeldsteds, kr. 700.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Andreas Julius Godtfredsen, sæti fangelsi í 6 mánuði. Gæzluvarðhald hans frá 6. apríl til 4. ágúst s. l. komi til frádráttar refsingunni.

Ákærði er frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarétti og kjörgengi til opinberra starfa og til annarra almennra kosninga.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Lárusar Fjeldsteds, kr. 700.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 2. febrúar 1945.

Nr. 72/1943. **Þorleifur Jón Björnsson**
gegn
Sigurgeiri Guðbjarnasyni.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Þorleifur Jón Björnsson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Með hliðsjón af því, að mál þetta hefur verið tekið 8 sinnum fyrir í hæstarétti og undirbúið af hálfu stefnda til munnlegs málflutnings, ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda, sem krafizt hefur ómaksbóta, 500 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 9. febrúar 1945.

Nr. 73/1944. **Réttvísin og valdstjórnin**
(cand. jur. Tómas Jónsson).
gegn
Guðna Hirti Guðnasyni, Guðna Einarssyni og Halldóri Elíasi Halldórssyni.
(Gunnar J. Möller).

Manndráp og líkamsáverkar af gáleysi.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefur upp kveðið Sigfús Johnsen, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum.

Með því að telja verður, að tunnur þær, er hinir ákærðu Guðni Hjörtur og Halldór Elías fundu á reki í hafi úti, hafi verið eigandalausar, verður að sýkna þá af ákæru eftir 26. kafla almennra hegningarlaga. Eigi verður heldur talið, að ákvæði tolllaga taki til áðurnefndra hluta, er skipverjarnir 3 á v/b Stakksárfossi fluttu í land og í máli þessu greinir. Verður því að sýkna hina ákærðu Guðna Hjört og Halldór Elías af kæru fyrir brot á ákvæðum tolllaga. Verður ákærði Halldór Elías Halldórsson því með öllu dæmdur sýkn í máli þessu. Brot ákærða Guðna Hjartar Guðnasonar varða við 215. og 219. gr. almennra hegningarlaga og brot ákærða Guðna Einarssonar við sömu greinar og að auki við 6. gr. sbr. 30. gr. áfengislaga nr. 33/1935. Þykir refsing Guðna Hjartar Guðnasonar hæfilega ákveðin 12 mánaða fangelsi og refsing Guðna Einarssonar 6 mánaða fangelsi.

Samkvæmt úrslitum málsins verður að dæma hina ákærðu Guðna Hjört og Guðna Einarsson til að greiða in solidum allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda í héraði, kr. 750.00, og málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 1500.00 til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Halldór Elías Halldórsson á að vera sýkn af ákærum réttvísinnar og valdstjórnarinnar í máli þessu. Ákærði Guðni Hjörtur Guðnason sæti 12 mánaða og ákærði Guðni Einarsson 6 mánaða fangelsi.

Hinir ákærðu Guðni Hjörtur Guðnason og Guðni Einarsson greiði in solidum allan sakarkostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málsvarnarlaun talsmanns síns í héraði, Friðþjófs Johnsens héraðsdómslögmanns, kr. 750.00, og málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, Tómasar Jónssonar borgarritara og Gunnars Möllers hæstaréttarlögmanns, kr. 1500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Vestmannaeyja 3. marz 1944.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 10. jan. s. l., er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Guðna Hirti Guðnasyni, sjómanni, Ásgarði, Vestmannaeyjum, fyrir meint brot gegn XXIII. og XXVI. kafla almennra hegningarlaga og lögum um tollheimtu og tolleftirlit nr. 63 frá 31. desember 1937, sbr. reglugerð nr. 123 frá 1938, til refsingar og greiðslu sakarkostnaðar, og gegn Guðna Einarssyni, verkamanni, Brekastíg 4, Vestmannaeyjum, fyrir meint brot gegn XXIII. og XXVI. kafla almennra hegningarlaga, lögum um tollheimtu og tolleftirlit nr. 63 frá 1937, sbr. reglugerð nr. 123 1938, og áfengislögum nr. 33 frá 9. janúar 1935 til refsingar og greiðslu sakarkostnaðar, og gegn Halldóri Elíasi Halldórssyni, sjómanni, Helgafellsbraut 23, Vestmannaeyjum, fyrir meint brot gegn XXVI. kafla almennra hegningarlaga og lögum um tollheimtu og tolleftirlit nr. 63 1937, sbr. reglugerð nr. 123 1938, einnig til refsingar og greiðslu sakarkostnaðar.

Ákærður Guðni Hjörtur Guðnason er fæddur 7. júlí 1922 að Barðsnesi við Norðfjörð og hefur, svo kunnugt sé, hvorki sætt ákæru né refsingu fyrir nokkurt brot.

Ákærður Guðni Einarsson er fæddur 26. apríl 1915 að Galtarholti á Rangárvöllum og hefur ekki sætt, svo kunnugt sé, ákæru eða refsingu fyrir nokkurt lagabrot.

Ákærður Halldór Elías Halldórsson er fæddur 23. júlí 1902 á Stokkseyri og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirgreindum kærum og refsingum.

Með dómi lögregluréttar Vestmannaeyja, uppkveðnum 22. nóv. 1929, var ákærður sýknaður af kæru valdstjórnarinnar fyrir brot á lögum um eftirlit með skipum og öryggi þeirra frá 19. júní 1922. En með hæstaréttardómi, uppkv. 14. marz 1930, var undirréttardóminum breytt og kærður dæmdur í 200 kr. sekt fyrir brot gegn 3. grein nefndra laga.

Hinn 23. febr. 1937 undirgekkst kærður í lögregluréttí Vestmannaeyja að greiða kr. 25 í sekt fyrir brot á fiskveiðasamþykkt Vestmannaeyja.

Öðrum kærum og refsingum hefur hann ekki sætt, svo kunnugt sé.

Dagana 6.—8. ágúst s. l. fóru fram í Vestmannaeyjum hátíðahöld, sem haldin eru þar árlega og nefnd eru Þjóðhátíð Vestmannaeyja. Daginn eftir, þann 9. ágúst, og næstu daga komu fyrir víðtæk og alvarleg veikindatilfelli, sem samkvæmt samhljóða áliti lækna á staðnum stöfuðu af metanolneyzlu. Veiktust 20 menn alvarlega. Af þeim dóu níu, en hinir komust að mestu til fullrar heilsu aftur að einum undanskildum. Byrjaði þetta þannig:

Um hádegið á mánudag var læknis vitjað til Guðmundar Páls-

sonar frá Eyrarbakka, sem dvalizt hafði í Vestmannaeyjum, meðan þjóðhátíðin stóð yfir. Við læknisskoðun reyndist Guðmundur hafa glögg einkenni metanoleitrunar. Guðmundur var þá fluttur á spítala, og lá hann þar um skeið, en náði sér síðan að mestu.

Upp úr hádegi sama dag andaðist Daníel Loftsson á heimili sínu, Kirkjuveg 9 í Vestmannaeyjum. Stóð citronflaska með bláleitum vökva hjá rúmi hans, og reyndist metanolblanda á flöskunni við rannsókn, er síðar fór fram. Klukkan um 3 e. h. sama dag fannst Þorlákur Sverrisson kaupmaður dáinn í búð sinni, Söluturninum. Hafði Þorlákur verið við vin dagana áður, og vakti það athygli á mánudag, að búð hans var lokuð. Var búðin þá brotin upp, og var þá Þorlákur dáinn og stirðnaður á loftinu í búðinni. Hjá honum stóðu tvær citrónflöskur með slatta af vökva í. Við rannsókn reyndist metanolblanda vera á báðum flöskunum. Samkvæmt áliti lækna var metanoleitrun dánarorsök beggja þessara manna, þeirra Daníels og Þorláks.

Sama dag um eftirmiðdaginn voru þeir Guðmundur Guðmundsson stýrimaður, Eyri, og Jón Gestsson slippstjóri, Heimagötu 26, fluttir á sjúkrahús, báðir veikir vegna metanoleitrunar. Guðmundur andaðist um kvöldið um 8 leytið, en Jón lézt kl. 1 um nóttina.

Sama dag var Ingvi Sveinbjörnsson frá Akureyri fluttur á sjúkrahús, einnig veikur vegna metanoleitrunar. Hafði hann dvalizt í Vestmannaeyjum meðan þjóðhátíðin stóð yfir. Um kvöldið taldi hann sig alheilbrigðan og fór af spítalanum til frændfólks síns, sem býr í næsta húsi við sjúkrahúsið. Um nóttina versnaði honum aftur, og andaðist hann um morguninn eftir, þ. 10. ágúst, kl. 9 f. h.

Aðfaranótt þess 10. ágúst var læknis vitjað til Sveinjóns Ingvarssonar húsvarðar, Hringbraut 146, Reykjavík. Hafði hann komið til Vestmannaeyja dagana fyrir þjóðhátíðina og bjó hjá mági sínum, Jónasi Sigurðssyni, Hlaðbæ. Er læknirinn kom, var Sveinjón með glögg einkenni metanoleitrunar, og var von bráðar fluttur á sjúkrahús. Þar andaðist hann um hádegið sama dag.

Um líkt leyti andaðist Þórarinn Bernótusson í Hvammi. Hafði læknis verið vitjað til hans kvöldið áður, og var hann þá með einkenni metanoleitrunar. Um nóttina snögg-versnaði honum, og andaðist hann rétt upp úr hádegi þann 10. ágúst.

Skömmu eftir hádegi sama dag andaðist frú Árný Guðjónsdóttir á Sandfelli. Kvöldið áður var hún orðin veik vegna metanoleitrunar, og var flutt á sjúkrahús morguninn eftir og andaðist þar eftir fáa tíma.

Aðfaranótt þess 10. ágúst undir morguninn var læknis vitjað til Ólafs Davíðssonar formanns, Minnanúpi. Þá var hann veikur með glögg einkenni metanoleitrunar. Daginn eftir var hann fluttur á sjúkrahús, og andaðist hann þar um lágnættið, aðfaranótt þess 11. ágústs.

Auk þeirra, sem nú hafa verið greindir, veiktust eftirfarandi menn af metanoleitrun:

Guðjón Jónsson, Hlíðardal,
Jón Ingvi Jónsson, Sætúni,
Óskar Jónsson frá Múlakoti,
Haukur Johnsen, Görðum,
Jónas Sigurðsson, Hlaðbæ,
Anton Guðjónsson, Vestmannabraut 71,
Guðni Einarsson, Brekastíg 4,
Hjörtur Guðnason, Ásgarði,
Gústaf Adolf Runólfsson, Birtingaholti,
Andrés Gestsson, Brekastíg 15 c,
Guðmundur Pálsson, sem fyrr getur.

Allir þessir menn náðu sér aftur eftir nokkurn tíma án alvarlegra meina, nema Andrés Gestsson, hann missti sjón á báðum augum að mestu eða öllu leyti.

Smá einkenna metanoleitrunar varð vart hjá ýmsum öðrum, án þess að um nein veruleg veikindi væri að ræða.

Strax og veikindanna varð fyrst vart, komst málið í hendur lögreglunnar. Varð unnt að hafa tal af Guðmundi Pálssyni á mánudag, og kvaðst hann hafa neytt víns, er ákærður Guðni Einarsson hefði útvegað honum. Gerði Guðmundur ráð fyrir, að þetta hefði verið tréspíritus. Guðni Einarsson var þá kallaður fyrir, og gaf hann það upp, að hann hefði keypt vínið hjá ákærðum Guðna Hirti Guðnasyni. Er Hjörtur var síðar kallaður fyrir, skýrði hann svo frá, að hann og ákærður Halldór Elías Halldórsson og Ólafur Davíðsson á Minnanúpi hefðu undir höndum vín, er þeir höfðu fundið í tunnu úti á sjó þá fyrir nokkru. Var þegar hafizt handa á mánudag og vínið tekið úr vörzlum þeirra. Skiluðu þeir af sér eftirfarandi magni:

Halldór Elías Halldórsson	52½	lítra
Guðni Hjörtur Guðnason	26	lítrum
Ólafur Davíðsson	17¾	—

Síðar var skilað frá Ólafi 6 lítrum, eða alls frá honum 23¾ lítrum.

Við efnagreiningu, er síðar var látin fara fram, reyndist vín þetta eingöngu óblandað tekniskt metanol eða tréspíritus (metylalkohol). Um nánari atvik að fundinum og um meðferð þeirra á honum hefur eftirfarandi upplýstst við rannsókn málsins.

I.

Hinn 21. júlí s. l., eða öllu heldur 24. júlí, fór m/b Stakksárfoss V.E. 245 í róður frá Vestmannaeyjum. Formaður var Ólafur Davíðsson á Minnanúpi, en hásetar á bátnum voru þeir ákærðu, Guðni Hjörtur Guðnason og Halldór E. Halldórsson. Þeir réru vestur fyrir Eyjar. Um 1½ til 2 sjómílur fyrir vestan Þrídranga fundu þeir

tunnu á reki, og tóku þeir tunnuna upp í bátinn. Þeir opnuðu hana og fundu, að vínlykt var af innihaldinu. Ekki neyttu þeir þó neins af innihaldinu þá þegar, enda gerðu þeir ráð fyrir, að varhugavert væri að nota það til drykkjar. Ákváðu þeir þegar að fara með tunnuna í land og bundu fastmælum að fara dult með hana og láta rannsaka innihaldið í kyrrþey. Tunnan var úr járni og var mikið beygluð og ryðguð, og loddu svokallaðir „helsingjar" víða utan á henni. Þeir fóru með tunnuna í land og komu henni fyrir í kjallaranum á Geirseyri, en formaðurinn hafði þá nokkru áður fengið lykil að kjallaranum. Fundinn tilkynntu þeir ekki, hvorki lögreglu- né tollyfirvöldunum á staðnum. Í sama róðri fundu þeir einnig smurolíutunnu og höfðu í land með sér. Ekki tilkynntu þeir þá tunnu heldur, en hins vegar virðist ekki hafa verið ætlun þeirra að fara með hana með neinni sérstakri launung.

Skömmu eftir að þeir höfðu fundið víntunnuna, tóku þeir sýnishorn af innihaldinu á citrónflösku, og fór ákærður Halldór Elías Halldórsson með flöskuna upp í Apotek og beiddi Jóhannes Sigfússon lyfsala að rannsaka það. Jóhannes var í önnum, er Halldór kom, og beiddi hann að koma síðar. Halldór skildi flöskuna eftir, en kom svo aftur eftir einn eða tvo daga. Jóhannes hafði þá athugað innihaldið lauslega og kvaðst ekki geta sagt um, hvaða vökvi þetta væri, þar sem hann hefði ekki tæki til efnagreiningar. Hins vegar varaði hann við að nota vökvann til drykkjar. Fór þá Halldór til þeirra Hjartar og Ólafs og sagði þeim frá umsögn lyfsalans. Þeim Hirti og Halldóri ber ekki alls kostar saman um það, hvernig Halldór skýrði frá þessu. Kveðst Halldór hafa skýrt þeim frá umsögn lyfsalans í samræmi við ofanritað og auk þess, að lyfsalinn hafi ekki getað fundið neitt eitur í vökvanum. Hjörtur segir hins vegar, að Halldór hafi aðeins sagt þeim, að lyfsalinn gæti ekki sagt þeim, hvaða vökvi þetta væri, en hann hefði ekkert eitur fundið í honum. Aftur á móti hefði hann ekki haft eftir lyfsalanum, að varhugavert væri að nota hann til drykkjar. Segir Hjörtur, að þetta hafi styrkt sig í þeirri trú, að hér væri um venjulegan spíritus (etylalkohol) að ræða.

Frekari tilraunir til þess að láta rannsaka vökvann gerðu þeir ekki í bili. Eftir því sem Hjörtur skýrir frá, barst það í tal milli hans og Ólafs Davíðssonar að senda sýnishorn til Reykjavíkur til rannsóknar, en Ólafur dró frekar úr því, vegna þess að þá væri hætta á, að það síaðist út, að þeir hefðu vökvann undir höndum.

Hinn 26. júlí s. l. komu þeir allir saman, Ólafur, Hjörtur og Halldór. Ákvað þá Ólafur sem formaður bátsins, að þeir skyldu skipta innihaldinu úr tunnunni á milli sín. Féllust hinir á það. Í því skyni keyptu þeir þá þegar sinn brúsann hver, alla af sömu stærð, 10½ lítra brúsa. Fóru þeir með brúsana niður í Geirseyri og töppuðu á brúsana úr tunnunni. Síðan fór hver þeirra með sinn

brúsa heim til sín og helltu úr þeim á flöskur, stórar og smáar. Þar næst fóru þeir aftur niður í Geirseyri og tóku á brúsana og fluttu heim. Þrjár ferðir fóru þeir þann dag. Voru þeir jafnan saman, er tappað var á brúsana, enda hafði einungis formaðurinn lykil að kjallaranum, þar sem tunnan var geymd. Fáum dögum síðar komu þeir aftur saman og fluttu þá heim til sín einn brúsa hver. Og nokkru seinna sóttu þeir á einn brúsa hver í viðbót. Það var laust fyrir þjóðhátíðina. Hafði hver þeirra þá fengið fimm brúsa af víninu, eða alls 52½ lítra. Þá var enn eftir talsverður slatti í tunnunni, og var tilætlunin að skipta því einnig, en það fórst fyrir. Er lögreglan tók tunnuna í sínar hendur, voru í henni 27 lítrar af óblönduðu metanol. Samkvæmt mælingum, er þá voru gerðar, tók tunnan um 190 lítra.

Er innihaldi tunnunnar hafði verið skipt og flutt heim, eins og nú hefur verið greint, var afskiptum Halldórs E. Halldórssonar lokið. Um þetta leyti réðst hann á annan bát og virðist ekkert hafa umgengizt þá Hjört eða Ólaf eftir þetta. Stundaði hann sjóróðra fram að þjóðhátíð og fram yfir hana, er veður leyfði. Lét hann ekkert af sínum skammti af hendi og neytti þess ekki heldur. Þó kveðst hann hafa haldið, að þetta væri vínandi. En hann hafði ásett sér, enda fastmælum bundið milli þeirra allra, hans, Hjartar og Ólafs, að láta það ekki til eins eða neins og ekki notfæra sér það á nokkurn hátt, fyrr en það hefði verið rannsakað. Er lögreglan kom heim til hans á mánudag, 9. ágúst, var allt það magn, 52½ líter, er hann hafði veitt móttöku, til staðar, og afhenti kona hans það lögreglunni, þar sem hann var þá sjálfur í róðri.

II.

Hjörtur Guðnason lét sinn hluta af innihaldi tunnunnar á flöskur af ýmsum stærðum. Lét hann einnig á citronflösku og hafði hana uppi við. Kveðst hann hafa dreypt á henni öðru hverju. Nokkru fyrir þjóðhátíðina kom Ólafur Sigurðsson á Kalmanstjörn heim til hans. Hjörtur bauð honum kaffi og þáði Ólafur það. Er kaffið kom, tók Hjörtur fram citronflöskuna, og hellti út í bollann hjá Ólafi. Ólafur spurði þá Hjört, hvaða vín þetta væri, og sagði Hjörtur, að þetta væri „spíri". Ólafur spurði þá, hvar hann hefði fengið hann, og kvaðst Hjörtur hafa fengið hann í Apotekinu. Drakk Ólafur síðan kaffið. Ekki neytti Hjörtur neins úr flöskunni, meðan Ólafur var við. Ólafi varð ekki meint af þessu. Ólafur var fyrsti maður, sem Hjörtur gaf af rekavíninu, eftir því sem Hjörtur skýrir frá.

Tveim dögum fyrir þjóðhátíð kveðst Hjörtur hafa komið í Söluturninn og átt tal við Þorlák Sverrisson kaupmann. Spurði Hjörtur Þorlák, hvort hann þekkti Ólaf Lárusson héraðslækni, og kvaðst Þorlákur vera kunnugur honum. Kveðst Hjörtur þá hafa

sagt Þorláki, að þeir á Stakksárfossi hefðu fundið tunnu með vínanda, sem þeir vissu ekki hvað væri. Spurði hann Þorlák jafnframt að því, hvort hann mundi þekkja vínandann. Taldi Þorlákur það ekki óhugsandi. Fór Hjörtur þá heim til sín og sótti eina þriggja pela flösku af vínandanum óblönduðum. Þorlákur smakkaði á vínandanum og lét orð falla í þá átt, að þetta væri venjulegur spíritus. Tók hann fram 3ja pela flösku, sem hann sagði, að tréspíritus væri á, og væri hann allt öðruvísi en vínandinn, sem Hjörtur væri með. Dreypti Hjörtur á flösku Þorláks, og fannst honum bragð og lykt annað en af sínum vínanda. Samt kveðst Hjörtur hafa varað Þorlák við að drekka vínandann og beiddi hann að fara með flöskuna til Ólafs Lárussonar héraðslæknis og láta hann athuga innihaldið. Skildi Hjörtur síðan flöskuna eftir og fór burtu.

Sama dag hitti Hjörtur Ólaf Davíðsson og sagði honum frá því, að hann hefði látið Þorlák fá eina flösku af víninu. Ólafur lét þá þegar orð falla á þá leið, að Þorlákur myndi drekka vínið. Fór Hjörtur þá til Þorláks um kvöldið, og kvaðst Þorlákur hafa drukkið um pela úr flöskunni og fullyrti, að þetta væri ekta spíritus. Ólafi Lárussyni hafði hann aftur á móti ekki sýnt flöskuna, enda hefði hann ekki getað náð til hans.

Tveim dögum síðar fór Hjörtur aftur niður í Turn og hitti Þorlák. Þorlákur var þá undir áhrifum víns og það mikið. Kvaðst Þorlákur vera búinn að drekka upp úr flöskunni og hefði honum ekki orðið meint af. Kvaðst Þorlákur þess fullviss, að vínið væri ósaknæmt. Beiddi hann Hjört að láta sig hafa einn pela af víninu í viðbót. Fór Hjörtur þá heim og sótti einn whiskypela af víninu óblönduðu og fór með pelann niður í Turn og afhenti Þorláki. Þorlákur vildi greiða honum 70 krónur fyrir pelann, en Hjörtur kveðst ekki hafa viljað taka við því og gefið honum pelann. Sagðist hann hafa sagt um leið, að fyrst þetta væri hreinn vínandi, þá ætti hann það mikið heima, að hægt yrði að fá mikið fé fyrir það. Þetta var seint um kvöld. Fór Hjörtur síðan burtu.

Um þessi viðskipti þeirra Þorláks er Hjörtur einn til frásagnar, því Þorlákur var látinn, er rannsókn hófst, eins og áður getur. Og þar sem öðrum upplýsingum er ekki til að dreifa, verður að leggja frásögn Hjartar til grundvallar, eins og hún er. Og að nokkru styður það frásögn hans, að eftir andlát Þorláks fannst í Sóluturninum 3ja pela flaska, sem á stóð: Tréspíritus banvænt, og er sennilegt, að það hafi verið flaskan, sem Þorlákur sýndi Hirti. Eins fannst í Sóluturninum whiskypeli, fullur af tærum vökva, sem virtist vera tréspíritus, og kveðst Hjörtur halda, er honum var sýndur pelinn, að þetta væri sá sami og hann lét Þorlák fá.

Upplýst er, að Þorlákur var mikið drukkinn á áliðnum miðvikudegi 4. ágúst, eða á öðrum degi fyrir þjóðhátíðina. Hann var einnig

drukkinn á fimmtudag og alla þjóðhátíðardagana, meira og minna, fram á sunnudagskvöld. Nóttina eftir andaðist hann, eins og fyrr getur.

Umsögn Þorláks um vínið og sérstaklega það, að Þorlák virtist ekki saka, þó hann neytti þess, styrkti Hjört þeirri trú, að um spíritus væri að ræða. Og fyrir þjóðhátíðina blandaði hann úr tveimur þriggja pela flöskum af rekavíninu á sex eða sjö þriggja pela flöskur. Þetta ætlaði hann til neyzlu á þjóðhátíðinni og til sölu. Gekk það allt upp. Blandaði hann þá að nýju, að því er hann minnti úr þrem flöskum af því óblönduðu.

Á föstudag, fyrsta dag þjóðhátíðarinnar, fór Hjörtur inn í Herjólfsdal, þar sem hátíðarhöldin fóru fram. Jón Gestsson slippstjóri hafði tjald inni í dalnum og léði Hirti afnot af því. Hjörtur hafði meðferðis pela af óblönduðu rekavíninu. Gaf hann Jóni að smakka á innihaldinu og kveðst hafa skýrt honum frá, að þetta vín hefðu þeir Stakksárfossmenn fundið úti á sjó. Kvaðst hann hafa sagt honum allt af létta um vínið. Neyttu þeir báðir lítils háttar af víninu, þeir voru inni í tjaldinu, er þetta var. Síðan fóru þeir út, og skildi Hjörtur pelann eftir í tjaldinu.

Alllöngu síðar um kvöldið sama dag kom Hjörtur í tjaldið, og var pelinn þá tómur. Kvaðst Jón þá hafa drukkið úr pelanum og gefið öðrum með sér. Annan pela hafði Hjörtur með sér inni í Dal þenna dag með blönduðum rekaspíritus. Neytti hann þess sjálfur og gaf ýmsum með sér. Kvaðst hann halda, að hann hafi sjálfur drukkið allt að því einn pela af víninu blönduðu þá um daginn.

Aðfaranótt laugardagsins gerði afspyrnurok í Vestmannaeyjum og hélzt fram á laugardag. Féllu hátíðahöldin í dalnum niður þann dag. Hjörtur var niðri í bænum um daginn og venjulega heima.

Að áliðnum degi kveðst Hjörtur hafa farið heiman að frá sér og upp að Stakkagerði. Ætlaði hann að hitta móðurbróður sinn, sem var úr Reykjavík, en dvaldi í Stakkagerði, meðan þjóðhátíðin stóð yfir. Hafði Hjörtur þriggja pela flösku af rekaspíritusinum óblönduðum með sér. Kvaðst Hjörtur hafa ætlað sér að biðja móðurbróður sinn fyrir flösku til Reykjavíkur og láta rannsaka innihaldið þar. Er Hjörtur kom að Stakkagerði, var móðurbróðir hans ekki við, svo ekkert varð úr þessu. Fór móðurbróðir hans síðan úr bænum, áður en Hjörtur gæti náð til hans.

Á leiðinni heim frá Stakkagerði í umrætt skipti hitti Hjörtur Odd Sigurðsson frá Skuld. Áttu þeir tal saman, og spurði Oddur, hvort hann ætti nokkuð. Hjörtur tók þá fram 3ja pela flöskuna og gaf Oddi að súpa á. Oddur tók vænan snaps og renndi niður. Þótti honum vínið frekar gott. Oddur spurði þá Hjört, hvaða vín þetta væri, og sagði Hjörtur, að þetta væri spíritus, sem hann hefði fundið í kút úti á sjó. Oddur spurði þá Hjört, hvort búið væri

að rannsaka vínið, og sagði Hjörtur, að svo væri, apotekarinn væri búinn að rannsaka það. Jafnframt spurði Oddur, hvort vínið hefði ekki verið á tunnu, og svaraði Hjörtur því neitandi, vínið hefði verið á kút. Fór Oddur þá fram á, að Hjörtur léti hann hafa eitthvað af flöskunni, þar sem hann væri svona birgur, og kvaðst Hjörtur skyldu gera það. Fengu þeir þá lánaða bjórflösku hjá Ólafi á Kalmanstjörn. Hellti Hjörtur úr þriggja pela flöskunni á bjórflöskuna og gaf Oddi. Skildu þeir síðan. Oddur drakk ekkert úr bjórflöskunni um daginn, en á sunnudag drakk hann úr henni hálfri og gaf öðrum lítils háttar með sér. Á mánudag var flaskan um það bil hálf, og hellti hann því niður, sem eftir var. Ekkert varð honum meint af þessu.

Um kvöldið á laugardag kveðst Hjörtur hafa farið heim til ákærðs Guðna Einarssonar og hafði meðferðis 3ja pela flösku. Var rekaspíritus á flöskunni að ⅓, en vatn að ⅔. Þeir Guðni drukku dálítið úr flöskunni, og fór Hjörtur síðan heim til sín. Hann kveðst þá hafa verið talsvert undir áhrifum víns. Á sunnudag, er hann vaknaði og þann dag allan, kveðst hann hafa verið ringlaður og utan við sig. Var þá sjón hans óskýr, og gat hann t. d. ekki greint Bjarnarey heiman að frá sér. Allt að einu, segir hann, að sér hafi ekki dottið í hug, að þetta stafaði af víninu. Klukkan 4 um daginn fór Hjörtur ásamt konu sinni inn í Herjólfsdal, en hátíðahöldin héldu þá áfram. Heldur Hjörtur, að þá hafi hann farið með einn pela af blönduðum rekaspíritus, og hafi þeir Jón Gestsson drukkið úr honum ásamt fleirum. Annars er framburður Hjartar um þetta óljós, eins og um fleiri atriði málsins. Kvaðst hann muna allt óljóst, sem gerðist þjóðhátíðardagana.

Sunnudagskvöldið kom Ingvi Sveinbjörnsson frá Akureyri heim til Hjartar. Þeir voru kunningjar og náskyldir, systrasynir. Nokkru síðar kom Jón Gestsson og bróðir hans, Andrés Gestsson. Hjörtur þekkti Andrés í sjón, en ekkert voru þeir kunnugir. Hjörtur tók þá fram pela með dálitilli lögg af rekaspíritus og gaf þeim. Drukku þeir þetta í heitu vatni og með sykri. Er það var búið, tók Hjörtur fram 3ja pela flösku fulla, og var á henni blandaður rekaspíritus. Drukku þeir allir úr flöskunni nema Hjörtur, hann drakk ekkert. Er flaskan var hálf, fóru þeir Jón og Andrés burtu, en áður en þeir fóru, hellti Jón því, sem eftir var, á pela og hafði burt með sér. Segir Hjörtur, að Jón hafi farið fram á, að fá einn pela af víninu óblönduðu, en Hjörtur kvaðst hafa neitað því, vegna þess að þá hafi hann verið búinn að ákveða að láta engan fá rekaspíritus óblandaðan, því hann áleit, að þá yrði spíritusinn síður að meini, ef einhver skaðleg efni kynnu að vera í honum. Ekki greiddi Jón neitt fyrir pelann, sem hann fékk, enda vildi Hjörtur ekki taka neitt fyrir hann. Er þeir Jón og Andrés fóru, kvaðst Andrés hafa

verið farinn að finna á sér af víninu, en hann hafði ekki neytt neins víns um daginn að því undanskildu, að hann hafði þegið einn snaps rétt eftir hádegið.

Eftir að þeir Jón voru farnir, lét Hjörtur Ingva fá 3ja pela flösku af rekaspíritus. Var blandað á flöskuna og hún full upp í axlir. Kvaðst Hjörtur hafa drukkið lítilsháttar úr flöskunni, áður en Ingvi fór. Ingvi vildi greiða fyrir flöskuna, en ekki kvaðst Hjörtur hafa viljað taka við borgun. Hjörtur kvaðst hafa sagt Ingva allt af létta um vínið.

Jón Gestsson fór inn í Dal um kvöldið svo og Andrés bróðir hans. Jón hafði pelann meðferðis. Þeir voru báðir í Dalnum fram eftir nóttunni. Kvaðst Andrés hafa þáð snaps hjá bróður sínum einu sinni eða tvisvar um nóttina. Undir kl. 12 um kvöldið hitti Jón Gestsson frú Árnýju Guðjónsdóttur á Sandfelli og systur hennar. Jón beiddi Árnýju að koma með sér niður í bæ til þess að sækja konu sína, er var heima. Fór Árný svo með honum. Er þangað kom, gat kona Jóns ekki farið frá heimilinu, vegna þess að hún hafði engan til að hugsa um börnin á meðan. Þau Jón og Árný námu staðar dálitla stund. Fengu þau heitt vatn og helltu víni úr pelanum út í og drukku. Síðan fóru þau aftur inn í Dal. Árný varð brátt veik, er þangað kom, og fékk uppköst. Fór hún þá von bráðar niður í bæ og heim. Daginn eftir var Árný við rúmið. Er á daginn leið, versnaði henni, og var þá vitjað læknis. Þá var hún með einkenni metanoleitrunar. Sagði hún lækninum, að hún hefði neytt víns með Jóni Gestssyni kvöldið áður. Á briðjudag andaðist hún, eins og fyrr er sagt. Ekki er kunnugt, að Árný hafi neytt meira af rekavíninu en ofan er greint.

Þeir Jón Gestsson og Andrés bróðir hans fóru úr Dalnum um 4-leytið aðfaranótt mánudagsins. Jón var þá dálítið undir áhrifum, en Andrés ekki, enda hafði Andrés neytt lítils víns um nóttina. Morguninn eftir, er Jón vaknaði, hafði hann orð á því við konu sína, að sér fyndist, að nú væri að svífa á sig. Nokkru síðar varð hann veikur og mjög þjáður, er á daginn leið. Hann andaðist á sjúkrahúsinu kl. 1 um nóttina.

Er Andrés vaknaði á mánudagsmorgni, var hann með uppköstum og leið illa. Þá hafði hann fulla sjón. Er á daginn leið, dapraðist sjónin, og um kvöldið sá hann allt í þoku. Á þriðjudagsmorgni var hann fluttur á sjúkrahús. Vissi hann þá lítið af sér. Man hann síðan ekkert eftir sér fyrr en um kvöldið sama dag. Var þá sem hann vaknaði af svefni. Fannst honum þá, að hann væri alheilbrigður, en ekki sá hann neitt. Lá hann síðan lengi á sjúkrahúsinu og fór batnandi, nema sjónin var biluð. Samkvæmt áliti læknis er ekki útlit fyrir, að hann fái sjónina aftur.

Andrés kvaðst hafa álitið, að það vín, sem hann neytti hjá Hirti

og bróður sínum, hefði verið brennivín. Hvorki Hjörtur né Jón sögðu honum frá því, að þetta væri fundið vín.

Ingvi Sveinbjörnsson varð veikur á mánudag og andaðist á þriðjudagsmorgni, eins og fyrr getur.

III.

Ákærður Guðni Einarsson var leigjandi hjá Ólafi Davíðssyni, er þetta var. Bjó Guðni niðri í húsinu, en Ólafur bjó sjálfur uppi. Kveðst Guðni hafa komið inn til Ólafs rétt fyrir þjóðhátíðina. Sagðist Ólafur þá eiga dálitla lögg af víni, er hann hafði fundið úti á sjó. Tók hann fram bjórflösku með víninu á og gaf Guðna að smakka. Guðni kveðst hafa spurt Ólaf, hvort þetta myndi ekki vera tréspíritus. Það kvaðst Ólafur ekki vita, þar sem ekki væri búið að rannsaka það. Þó kvaðst Ólafur frekar halda, að þetta væri venjulegur spíritus. Áttu þeir svo ekki frekar tal um þetta.

Rétt á eftir að þetta var, hitti Guðni Hjört úti á götu. Þeir voru kunningjar síðan á vetrarvertíðinni, en þá höfðu þeir verið hásetar á sama bátnum. Áttu þeir nokkurt tal saman, og sagði Hjörtur meðal annars, að hann hefði undir höndum fundið vín. Segir Hjörtur, að Guðni hafi haft orð á því, hvort hann mætti snúa sér til hans, ef hann myndi vanhaga um vín á þjóðhátíðinni, og kveðst Hjörtur hafa játað því. Guðni kvaðst hins vegar ekki minnast þess, að hann hafi í umrætt skipti farið fram á að fá vín hjá Hirti.

Fyrsta dag þjóðhátíðarinnar, 6. ágúst, hittust þeir aftur inni í Herjólfsdal. Guðni kveðst þá hafa verið kenndur af víni úr áfengisverzlun ríkisins. Hjörtur bauð honum snaps, og var það rekaspíritusinn. Segir Guðni, að sér hafi þótt vínið gott. Annað hvort þá eða daginn eftir sagði Hjörtur Guðna frá því, að hann hefði sjálfur neytt vínsins og ekki kennt sér meins og að Þorlákur Sverrisson væri búinn að vera drukkinn af víninu í þrjá daga og væri enn í fullu fjöri. Vegna þessa taldi Hjörtur, að vínið mundi vera ósaknæmt og ekki myndi saka, þó þess væri neytt. Kveðst Guðni þá hafa farið þess á leit við Hjört, að hann léti sig fá eitthvað af því, og samsinnti Hjörtur því.

Daginn eftir, á laugardag, fór Guðni síðan heim til Hjartar og fékk hjá honum vín. Kveðst Guðni hafa fengið einn pela af víninu blönduðu, en Hjörtur kveðst hafa látið hann hafa 3ja pela flösku, og er það öllu sennilegra. Þetta var fyrri hluta dagsins. Ekki greiddi Guðni neitt fyrir vínið, enda kveðst Hjörtur hafa gefið honum það, en Guðni kveðst hafa fengið það lánað.

Kvöldið áður hafði Guðni hitt inni í Herjólfsdal þá Guðmund Pálsson frá Sandvík á Eyrarbakka og Reyni Böðvarsson, Einarshöfn, s. st. Guðmundur Pálsson þekkti Guðna síðan á vetrarvertíðinni 1939, en þá voru þeir báðir hásetar á m/b Olgu, sem gerð

var út frá Vestmannaeyjum, og bjuggu í sama herbergi. Hittust þeir í Dalnum, er rokið var að byrja um kvöldið. Guðni átti tjald í Dalnum, og fóru þeir að hjálpa honum við að taka það saman. Er það var búið, bauð Guðni þeim heim til sín og þáðu þeir það. Gaf Guðni þeim vín, og var það brennivín úr „ríkinu" og átti hann hátt í flösku. Drukku þeir talsvert úr flöskunni og fóru síðan inn í Dal aftur.

Um hádegið daginn eftir fóru þeir Guðmundur og Reynir heim til Guðna og báðu hann um snaps. Guðni gaf þeim báðum snaps, og fóru þeir síðan heim að Hamri, en þar bjuggu þeir, meðan þeir dvöldust í Vestmannaeyjum. Klukkan að ganga 3 um daginn kom Guðni þangað til þeirra og bauð þeim aftur heim, og fóru þeir með honum. Tók þá Guðni fram 3ja pela flösku með víni, og var þetta vínið, sem hann hafði fengið hjá Hirti fyrr um daginn. Guðni sagði þeim, að þetta væri rekaspíritus, en apotekarinn væri búinn að rannsaka það og fyndi ekkert skaðlegt í honum. Svo sagði hann þeim, að Þorlákur Sverrisson væri búinn að vera drukkinn af þessu víni í þrjá daga og sæi ekkert á honum. Einnig minntist Guðni á annan mann, sem hefði neytt vínsins, sem hann vissi ekki, hvernig hefði reitt af. Guðmundur Pálsson kveðst hafa gleymt nafni þess manns. Guðni sjálfur kveðst ekki minnast þess, að hann hafi skýrt þeim frá öðrum en Þorláki og Hirti.

Síðan drukku þeir allir saman úr flöskunni í heitu vatni og með sykri. Drakk hver þeirra um 2 til 3 glös. Síðan fóru þeir Guðmundur og Reynir, og var þá allmikið eftir í flöskunni. Báðum fannst vínið bragðlítið.

Undir kvöldið ætluðu þeir Guðmundur og Reynir á dansleik í Samkomuhúsinu. Fóru þeir þá heim til Guðna og báðu hann að útvega sér vín. Guðni kvaðst skyldi reyna það og sagði þeim, að flaskan myndi kosta 60 kr., eða fyrir það verð gæti hann fengið hana vegna kunningsskapar, en annars væri verðið kr. 70. Fór Guðni svo heim til Hjartar og fékk hjá honum 3ja pela flösku af blönduðum rekaspíritus. Flöskuna afhenti hann síðan þeim Guðmundi, og greiddu þeir honum 60 kr. fyrir hana. Peningana kveðst Guðni hafa afhent Hirti.

Guðmundur og Reynir fóru þar næst á dansleikinn og höfðu flöskuna meðferðis. Á dansleiknum drukku þeir úr flöskunni niður í hana hálfa ásamt tveimur kunningjum sínum. Helltu þeir þá því, sem eftir var, á pela, og hafði Guðmundur pelann undir höndum. Drukku þeir svo öðru hverju úr pelanum. Klukkan að ganga 4 um nóttina fór Guðmundur burt af dansleiknum og hafði pelann meðferðis. Var þá talsverður slatti á honum. Daginn eftir svaf Guðmundur mest-allan daginn, en dreypti öðru hverju á pelanum. Á mánudagsmorgni, er hann vaknaði, var hann all-mátt-farinn og sjón hans farin að óskýrast. Gerði hann ráð fyrir, að

þetta væri af völdum vínsins og hellti niður þeirri lögg, sem eftir var í pelanum. Er á daginn leið, ágerðist lasleiki hans, og var hann fluttur í sjúkrahúsið á áliðnum degi. Lá hann þar um skeið, en fór batnandi. Fór hann af sjúkrahúsinu eftir rúma viku og var þá nokkurn veginn jafngóður. Reynir veiktist ekki, svo kunnugt sé.

Upp úr hádeginu á laugardag, 7. ágúst, hitti Guðni Einarsson þá Jón Inga Jónsson í Sætúni og Óskar Jónsson frá Múlakoti. Guðni var kunnugur þeim báðum og bauð þeim heim til sín um kvöldið. Þá þáðu þeir það, og á níunda tímanum komu þeir heim til Guðna. Guðni tók fram brennivínsflösku úr áfengisverzluninni með slatta á og gaf þeim snaps. Drukku þeir það í kaffi. Er búið var úr flöskunni, hafði Guðni orð á því, að leitt væri að hafa ekki meira, og svöruðu hinir því, að það gerði ekkert til. Áttu þeir nokkurt tal um þetta. En allt í einu stóð Guðni upp og gekk út í horn á herberginu og tók þar fram fulla vermútsflösku. Spurðu þeir Guðna, hvaða vín þetta væri, en Guðni svaraði einhverju til í þá átt, að þeim skildist, að þetta væri landi. Fengu þeir báðir einn snaps hvor úr flöskunni og fóru síðan. Vínið á flöskunni var blandaður rekaspíritus, og virðist svo, sem þetta hafi verið sama vínið, sem Guðni fékk hjá Hirti um morguninn og fyrr getur, og sama vínið, er hann gaf þeim Guðmundi Pálssyni og Reyni af kl. að ganga 3 um daginn.

Er Jón Ingi og Óskar fóru, gekk Guðni með þeim niður í bæ. Á Vestmannabrautinni hittu þeir Guðmund Ágústsson frá Aðalbóli ásamt þremur mönnum öðrum. Þeir kváðust ætla á dansleikinn um kvöldið, en því miður hefðu þeir ekkert vín. Guðni kvaðst skyldi ráða bót á því. Fengu þeir honum 100 kr. til þess að kaupa vín fyrir. Guðni fór beina leið til Hjartar með peningana og fékk fyrir þá 3ja pela flösku og eina bjórflösku með blönduðum rekaspíritus. Fór Guðni svo með flöskuna til Guðmundar og félaga hans. Þeir buðu honum snaps með sér, en hann þáði það ekki og fór burtu. Ekki hafði hann orð á því, hvaða vín þetta væri. Hinir settust þegar að drykkju og drukku þeir vínið í vatni. Óskar Jónsson og Jón Ingi voru með þeim. Sátu þeir um stund heima hjá Guðmundi og drukku. Jón Ingi fór von bráðar, en hinir sátu eftir, og fóru síðan allir á dansleikinn og höfðu það, sem eftir var af víninu, með sér.

Daginn eftir upp úr hádeginu fóru þeir Jón Ingi og Óskar inn í Botn til þess að horfa á knattspyrnu, er þar fór fram. Kenndu þeir sér þá ekki meins. Hittu þeir Guðna Einarsson þar, og bauð hann þeim snaps. Þá var hann með slatta á pela. Hafði hann farið til Hjartar um morguninn og fengið hjá honum hálfflösku af rekavíninu blönduðu. Jón Ingi og Óskar þáðu um tvo snapsa hvor hjá Guðna og skildu síðan við hann. Ekki sagði Guðni þeim, hvaða vín þetta væri.

Á mánudag lá Óskar í rúminu, og varð hann máttfarinn, er á daginn leið, og sjón hans óskýr. Lá hann um tíma, en fór fljótt batnandi, og eftir viku fór hann á fætur.

Á áliðnum mánudegi fékk Jón Ingi óeðlilegan drunga yfir höfuðið, en að öðru leyti fann hann ekkert til. Hann lagðist í rúmið á þriðjudag samkvæmt læknisráði og lá til föstudagskvölds. Þá fór hann á fætur og var þá búinn að ná sér að mestu.

Guðmund Ágústsson sakaði ekki af því, er hann drakk, og sama var um félaga hans, að því er vitað er.

Á sunnudag 8. ágúst fyrir hádegið hittust þeir Guðni Einarsson og Anton Guðjónsson, Vestmannabraut 71, úti á götu í Vestmannaeyjum. Anton er mágur Guðna. Áttu þeir tal saman, og barst meðal annars vín í tal. Guðni kvaðst geta útvegað honum vín, ef hann þyrfti. Anton óskaði þá eftir því, og sagði Guðni honum að koma heim til sín upp úr hádeginu. Fór Guðni síðan til Hjartar og fékk hjá honum 2 3ja pela flöskur af rekavininu blönduðu. Einnig fékk hann hálfflösku fyrir sig sjálfan, eins og áður getur. Fyrir hálfu flöskuna og aðra heilflöskuna kveðst Guðni hafa greitt 70—80 kr., en hina heilflöskuna fékk hann lánaða. Eftir hádegið kom Anton heim til Guðna. Lét Guðni hann fá aðra 3ja pela flöskuna, og greiddi Anton 50 kr. fyrir hana. Síðan fóru þeir út báðir saman, og hafði Anton flöskuna með sér, en Guðni hellti úr hálfflöskunni á pela og hafði pelann meðferðis. Fóru þeir fyrst inn í Botn til þess að horfa á knattspyrnu. Hittu þeir þar ýmsa, sem þeir þekktu, og gáfu þeim snaps af víninu. Meðal þeirra var Jónas Sigurðsson í Hlaðbæ. Svo og Jón Ingi í Sætúni og Óskar Jónsson, eins og fyrr getur. Jónas í Hlaðbæ var þá dálitla stund með þeim Guðna og Antoni, og kveðst Jónas halda, að hann hafi drukkið sem svarar 3 snöpsum. Honum þótti vínið fullsterkt, en að öðru leyti ekkert athugavert við það. Enginn minntist á, hvaða vín þetta væri. Guðni og Anton fóru síðan niður í bæ og skildu þar. Er þeir skildu, var flaska Antons um það bil hálf. Eftir kaffitíma fór Anton inn í Dal og hafði flöskuna meðferðis. Þar var hann fram eftir deginum og drakk upp úr flöskunni þar inn frá og gaf ýmsum með sér. Undir kl. 7 hitti hann Jónas Sigurðsson, og urðu þeir samferða í bæinn. Er þeir komu að heimili Antons, námu þeir staðar, og fór Anton þar inn og sótti whiskyflösku, er hann átti, og var hálf af hreinu whisky. Fóru þeir síðan heim til Jónasar að Hlaðbæ, og hafði Anton whiskyflöskuna með sér. Á leiðinni komu þeir við að Ásum, þar sem Sveinjón Ingvarsson, mágur Jónasar, var staddur, og tóku hann með sér. Í Hlaðbæ borðuðu þeir allir og sátu síðan góða stund yfir whiskyflöskunni, þangað til hún var tóm. Klukkan að ganga 11 um kvöldið fóru þeir ásamt fleirum áleiðis inn í Dal. Í miðbænum skildi Anton við þá og fór heim til sín. Hinir héldu áfram inn í Dal.

Þangað kom Anton skömmu síðar. Hittust þeir þar aftur, hann, Jónas og Sveinjón. Þá átti enginn þeirra vín. Talaðist svo til milli þeirra, að Anton skyldi reyna að útvega það, en andvirðið skyldu þeir greiða allir í sameiningu. Anton fór þá að leita að Guðna og snerist góða stund í Dalnum, en fann hann ekki. Þá fór hann heim til hans, og var Guðni þar. Beiddi Anton hann um flösku, og tók Guðni þá fram hina 3ja pela flöskuna, er hann hafði fengið hjá Hirti um morguninn, og afhenti Antoni. Er Anton ætlaði að borga hana, sagði Guðni, að þeir gætu gert það upp seinna, en annars væri verðið kr. 70.00. Guðni kveðst hafa haldið, að Anton ætlaði flöskuna handa sjálfum sér, og kveðst hafa haft orð á, að þeir hefðu hana saman, og færzt undan að taka við greiðslu, enda hafi hann ekki sjálfur verið búinn að greiða hana.

Anton fór þar næst inn í Dal, og varð Guðni honum samferða. Þar skildu þeir og virðast ekki hafa hitzt aftur um nóttina, þótt þeir væru þar báðir nokkuð fram eftir nóttunni.

Eftir að Anton kom í Dalinn aftur, hitti hann Sveinjón Ingvarsson og afhenti honum flöskuna og sagði honum verðið. Sveinjón greiddi honum kr. 50.00 fyrir hlut þeirra Jónasar í henni. Fóru þeir þegar að gera sér gott af innihaldi flöskunnar og neyttu af því og skildu síðan, og geymdi Sveinjón flöskuna. Jónas hitti hann von bráðar. Jónas fékk sér tvo snapsa úr flöskunni, en þótti vínið svo sterkt og vont, að hann vildi ekki meira af því. Ekki drakk Jónas heldur meira úr flöskunni um nóttina. Hins vegar þáði hann meðal annars snaps hjá Jóni Gestssyni, kveðst hann hafa drukkið einn eða tvo snapsa úr pela, sem Jón var með, og fannst það ekki vont vín. Þeir Anton og Sveinjón hittust öðru hverju um nóttina og fengu sér snaps úr flöskunni. Anton varð allmikið drukkinn, en ekki eingöngu af þessu víni, því hann þáði einnig vín hjá hinum og þessum kunningjum sínum, er voru í Dalnum. Hann fór nokkru á undan þeim Jónasi og Sveinjóni niður í bæinn.

Klukkan að ganga fimm um nóttina fóru þeir Jónas og Sveinjón úr Dalnum og heim að Hlaðbæ. Var þá Sveinjón talsvert undir áhrifum, en Jónas lítið sem ekkert. Hvorugur þeirra mun hafa vitað, hvaða vín það var, er Anton hafði útvegað. Anton kveðst sjálfur ekki hafa haft grun um að neitt væri athugavert við vínið. Hann kveðst ekki hafa spurt Guðna um, hvaða vín þetta væri, og Guðni ekki sagt honum það heldur. Jónas kveðst hafa haldið, að þetta væri „landi".

Er þeir Jónas og Sveinjón vöknuðu morguninn eftir um kl. 11 f. h., kenndu þeir sér ekki meins, en báðum fannst, að þeir væru undir sömu áhrifum og um nóttina, er þeir fóru að sofa. Eftir hádegismat fóru þeir báðir að sofa. Sveinjón hafði litla matarlyst, en Jónas var eins og venjulega. Þeir vöknuðu aftur um 4 leytið, og var Jónas þá með uppköstum og báðir undir sömu

áhrifum og áður, að þeim fannst. Um þetta leyti fréttu þeir um lát Þorláks Sverrissonar og Daníels Loftssonar. Datt þeim þá í hug, að ekki væri allt með felldu. Um 6 leytið fór Jónas til læknis til þess að leita ráða vegna Sveinjóns, þar sem líðan hans breyttist ekki. Læknirinn lét Jónas hafa meðöl handa Sveinjóni, en þau höfðu engin áhrif. Ástand hans hélzt óbreytt fram eftir kvöldinu. Um nóttina var hann alltaf öðru hverju með uppköstum. Um 3 leytið um nóttina var sent eftir lækni, og kom hann skömmu síðar. Var Sveinjón þá með glögg einkenni metanoleitrunar. Hann var fluttur á sjúkrahús klukkan að ganga 9 um morguninn, þriðjudaginn 10. ágúst. Þá sá hann lítið sem ekkert, hafði sjónin förlazt á örstuttum tíma. Hann andaðist á sjúkrahúsinu sama dag kl. um 1 e. h.

Á þriðjudagsmorgni ágerðist slappleiki Jónasar. Jafnframt dapraðist sjónin. Hann var fluttur á sjúkrahús klukkan að ganga 10 um morguninn. Þá sá hann ekki Heimaklett eða fjöllin umhverfis kaupstaðinn, og húsin í bænum sá hann í þoku. Hann lá í viku á sjúkrahúsinu og var þá búinn að ná sér að mestu.

Er Anton Guðjónsson vaknaði á mánudagsmorgni, var mikill drungi yfir honum og þá líkast sem hann væri undir áhrifum. Fór hann á fætur um hádegið og var á fótum fram eftir deginum. Versnaði honum, er á daginn leið, þyngdist í höfðinu og varð slæmur í augum og sjónin óskýrðist. Um kvöldið fór hann til læknis, og var hann þá með einkenni metanoleitrunar. Lagðist hann þá í rúmið og lá í rúminu til laugardags og var þá orðinn mikið til jafngóður.

Guðni Einarsson neytti sjálfur, eins og fyrr getur, talsvert af hálfflöskunni, er hann fékk hjá Hirti á sunnudagsmorgni, og gaf öðrum með sér. Eins og áður segir, hellti hann úr flöskunni á pela. Um kvöldið var ekki búið úr pelanum, og hafði hann pelann með sér inn í Dal. Þar drakk hann lítið sem ekkert úr honum, og að lokum hellti hann því niður, sem eftir var. Kveðst hann þá hafa verið orðinn hálf hræddur við að neyta þess, vegna þess að honum hafi fundizt áhrifin öðruvísi en vera ætti.

Á mánudag var hann slappur og lasinn og var við rúmið mikið af deginum. Lá hann á þriðjudag, og var hann þá slæmur í augum og máttfarinn og með einkenni metanoleitrunar, en ekki alvarleg. Hann fór á fætur í vikulokin og var þá búinn að ná sér.

IV.

Samkvæmt því, er hér á undan hefur verið tekið fram, fékk Guðni samtals hjá Hirti 5½ eða 6 flöskur af blönduðu metanol. Þar af var ein flaska eða 1½ handa Guðna sjálfum, en hitt handa öðrum, sem Guðni útvegaði vín. Fyrir alls 4 flöskur greiddi Guðni Hirti 230 eða 240 kr., en af þeirri upphæð hafði Guðni

fengið afhentar kr. 210 hjá þeim, er hann hafði útvegað vín. Þær 50 kr., er Sveinjón Ingvarsson afhenti Antoni Guðjónssyni, virðast ekki hafa komið í hendur Guðna og því síður til Hjartar. Engan hagnað virðist Guðni hafa haft af þessum viðskiptum, að því undanskildu, að Hjörtur lét hann hafa dálítið af metanol endurgjaldslaust til eigin neyzlu. Báðir, Guðni og Hjörtur, eru sammála um, að Guðni hafi ekki fengið meira, og hér sé allt það vín (metanol) talið, sem hann fékk hjá Hirti. Hefur ekkert komið fram, sem gæfi sérstaka ástæðu til að draga þetta í efa. Hins vegar var framburður þeirra beggja nokkuð á reiki varðandi þessi viðskipti þeirra, bæði hvað snertir magn og verð, og ekki skýrðu þeir frá hverri einstakri sölu að fyrra bragði, heldur fyrst, er nokkur gögn lágu fyrir við rannsókn málsins.

Það metanol, er Hjörtur lét af hendi til annarra en Guðna eða neytti sjálfur, er tilgreint hér að framan undir II. Eins og þar er tekið fram, kveðst Hjörtur ekkert endurgjald hafa tekið fyrir það, og kom ekkert fram við rannsókn málsins, er benti til þess. Annars var ekki unnt, eins og fyrr getur, að taka skýrslur af sumum, er hlut áttu að máli, vegna þess að dauða þeirra bar svo fljótt að höndum.

Hjörtur hefur fullyrt, að samkvæmt því, sem að ofan er ritað, hafi hann að fullu eða minnsta kosti svo, að ekki skeiki neinu verulegu, gert grein fyrir því metanol, er hann lét af hendi til annarra eða neytti. Virðist það alls hafa numið um 5—6 lítrum eða tæplega það. Er þá gert ráð fyrir, að það sem hann lét af hendi blandað, hafi verið blandað nálægt hlutföllunum 1 á móti 2. Nákvæmlega er ekki unnt að ákveða þetta.

Eins og fyrr segir, veitti Hjörtur upphaflega móttöku 52½ lítra, en á mánudag 9. ágúst skilaði hann aðeins 26 lítrum. Vantaði því 26½ lítra. Er það er dregið frá, er hann lét til annarra eða neytti, vantar enn 20½ lítra — 21½ lítra. Gaf Hjörtur þá skýringu á þessari vöntun, að kona sín hefði hellt niður allmiklu af metanolinu, meðan hann var undir yfirheyrslu á mánudag 9. ágúst. Þetta staðfesti kona hans. Kvaðst hún hafa hellt niður úr stórri flösku, er var næstum full, og sýndi hún flöskuna, og tók hún tæpa 15 lítra. Svo kvaðst hún einnig hafa hellt niður úr mörgum 3ja pela flöskum, og gizkaði hún á, að þær hefðu verið 15. Jafnframt sýndi hún 15 tómar 3ja pela flöskur. Ekki er sérstök ástæða til að rengja þessa frásögn í aðalatriðum. Sennilegt er, að á sumum 3ja pela flöskunum hafi verið blandað metanol, sbr. framburð Hjartar hér að framan, enda yrði metanolmagnið eða hlutur Hjartar meiri að öðrum kosti en vera ætti. Hjörtur kveðst ekki hafa beðið konu sína að hella metanolinu niður. Kvaðst hún hafa gert þetta vegna þess, að hún hafi orðið svo hrædd, er Hjörtur var kallaður fyrir. En annað virðist einnig hafa komið til. Hjörtur skýrir svo frá, að

Ólafur Davíðsson hafi tvisvar komið heim til sín upp úr hádeginu á mánudag 9. ágúst, og í fyrra skiptið átt tal við konu Hjartar, en í síðara skiptið við Hjört sjálfan. Sagði Ólafur, að nú væri ekki gott í efni, Daníel Loftsson væri látinn af völdum fundna vínsins og hann sjálfur hefði ekki til staðar það magn, er hann hafði upphaflega tekið við, vegna þess að hann hafi hellt nokkru af því niður. Kvað Ólafur fyrirsjáanlegt, að mál þetta myndi verða rannsakað, og þá væri nauðsynlegt, að allir hefðu jafnt til þess að fyrirbyggja grunsemdir. Lagði hann til, að þeir allir helltu niður nokkru af fundna víninu og hefðu allir til staðar sömu pottatölu, er hann tiltók, en Hjörtur hafði gleymt, hver var. Halldór Halldórsson var á sjó, er þetta var, og hafði Ólafur orð á, að slæmt væri að ná ekki til hans. Kona Hjartar vissi um erindi Ólafs, og áleit hann, að þetta hefði orðið til þess, að konan hellti nokkru af metanolinu niður, og er það ekki ósennilegt.

Eins og fyrr getur, neytti Hjörtur nokkurs af metanolinu tvo fyrri daga þjóðhátíðarinnar og eitthvað lítilsháttar fyrir hana. Annars neytir hann lítils víns. Hann kveðst hafa fundið til áhrifa á laugardag, og var hann lasinn og ringlaður daginn eftir, sunnudaginn 8. ágúst. Þann dag neytti hann einskis af metanolinu eða lítils sem einskis. Á mánudag var hann við rúmið öðru hverju. Hann lá í rúminu á þriðjudag og vikuna út og til næsta miðvikudags, en þá fór hann á fætur og var þá búinn að ná sér að mestu leyti. Hann fékk einkenni metanoleitrunar, en varð aldrei alvarlega veikur.

V.

Allmikið vantaði á, að því metanolmagni væri skilað, er Ólafur Davíðsson tók í sinn hlut. Hann hafði, eins og hinir, fengið 52½ lítra, en af því var skilað 23¾ lítrum. Vantaði því 28¾ lítra. Ekki hefur verið unnt að fá viðunandi upplýsingar um, af hverju þessi mikla vöntun stafaði, enda lézt Ólafur áður en tök voru á að taka af honum réttarskýrslu. Hér að ofan er skýrt frá því, að Hjörtur hafi það eftir Ólafi, að hann hafi sjálfur hellt nokkru af metanolinu niður, og kona Ólafs bar það fyrir rétti, að hún hafi á áliðnum mánudegi 9. ágúst hellt niður nokkrum lítrum, er voru í fötu í geymsluherbergi í kjallara hússins, er þau bjuggu í.

Upplýst má telja, að Ólafur Davíðsson neytti sjálfur af metanolinu, er hann hafði undir höndum, og að það hafi valdið dauða hans. Upplýst er einnig, að hann lét metanol af hendi til neyzlu, en hve mikið, hefur ekki verið unnt að upplýsa. Ólafur lét Guðjón Jónsson í Hlíðardal fá 3ja pela flösku af blönduðu metanol á sunnudag 8. ágúst. Tók Ólafur ekkert fyrir flöskuna, enda voru þeir Guðjón kunningjar. Guðjón neytti innihaldsins úr flöskunni ásamt öðrum á sunnudagskvöldið. Daginn eftir var hann lasinn og vitj-

aði læknis um kvöldið, og var þá með einkenni metanoleitrunar, en frekar væg. Þá lagðist hann í rúmið og lá til laugardags. Á sunnudagskvöldið (8. ágúst) útvegaði Ólafur Hermanni Hjartarsyni vélstjóra eina 3ja pela flösku af áfengi og tók 100 krónur fyrir. Sagði Ólafur, að þetta væri landi, og hefði hann sjálfur gefið 100 kr. fyrir flöskuna. Eftir að þeir skildu, saup Hermann á flöskunni, og þótti honum vínið svo vont á bragðið, að hann kastaði upp samstundis. Hellti hann þá niður úr flöskunni, þar sem hann áleit ekki óhætt að drekka þetta. Hermann áleit eftir á, að þetta mundi vera tréspíritus, og er það sennilegt. Daníel Loftsson og Ólafur Davíðsson umgengust talsvert, svo vitað er, þjóðhátíðardagana og voru saman við drykkju. Daníel hafði undir höndum þessa daga allmikið af metanol, sem hann sjálfur neytti, veitti öðrum og gaf. Er sennilegt, að það hafi verið frá Ólafi. Daníel lézt af völdum þess um hádegi 9. ágúst, eins og fyrr greinir. Daníel Loftsson veitti Þórarni Bernótussyni í Hvammi vín síðustu daga þjóðhátíðarinnar, og andaðist Þórarinn af völdum þess um hádegi þriðjudag 10. ágúst. Daníel veitti einnig Hauk Johnsen í Görðum vín á sunnudag og gaf honum að skilnaði slatta á flösku. Drakk Haukur úr flöskunni um kvöldið. Sama dag gaf Daníel Júlíusi Sölva Snorrasyni, Skólaveg 3, vín á bjórflösku. Júlíusi þótti vínið svo vont, að hann hafði ekki lyst á því, og gaf hann Hauk Johnsen flöskuna. Drakk Haukur það einnig um kvöldið. Bæði Júlíus og Haukur spurðu Daníel, hvor í sínu lagi, hvaða vín þetta væri, er hann var með, og vildi Daníel ekkert gefa út á það. Þó skildist Júlíusi á honum, að þetta væri landi. Haukur veiktist mánudag undir kvöldið, og á þriðjudag fór hann að verða slæmur í augum, og er á daginn leið daprðist sjónin, svo að hann sá lítið sem ekkert, er hann leit út. Þá var hann fluttur á sjúkrahús. Þar lá hann í viku og var þá orðinn nokkurn veginn jafngóður.

Ekki er kunnugt um, hvaðan Guðmundur Guðmundsson á Eyri fékk það metanol, er varð honum að bana. Bæði Hjörtur og Guðni fullyrtu, að þeir hefðu ekki látið hann fá vín. Guðmundur var við vín á laugardag (7. ágúst) og drakk þá vín úr áfengisverzluninni. Gústaf Adolf Runólfsson, Birtingaholti, hitti hann um kvöldið og var Guðmundur þá drukkinn, en vínlaus. Kvöldið eftir, á sunnudag, hitti Gústaf Adolf hann aftur, og var Guðmundur þá með 3ja pela flösku, sem hátt var í. Guðmundur bauð honum snaps, og þáði Gústaf það. Drukku þeir saman um tíma, og hélt Gústaf, að hann hefði sjálfur drukkið upp undir pela. Gústaf þótti vínið vont, og hélt að það væri landi, en ekki spurði hann Guðmund að því, hvaða vín þetta væri, og Guðmundur minntist ekkert á það heldur. Er þetta var, átti Gústaf til heima vín úr áfengisverzluninni, og bauð Guðmundi að láta hann fá það, en Guðmundur kvaðst ekki

þurfa þess, því hann gæti fengið nóg vín. Gústaf Adolf varð veikur, en ekki alvarlega, af þessu víni, er hann þáði hjá Guðmundi, og fékk væg einkenni metanoleitrunar. Lagðist hann í rúmið samkvæmt læknisráði á miðvikudag og lá fram á sunnudag.

VI.

Á mánudaginn 9. ágúst, er veikindin hófust, var gerð rannsókn í íbúð ákærðs Guðna Einarssonar til þess að ganga úr skugga um, hvort tréspíritus væri þar geymdur. Enginn tréspíritus fannst þar. Hins vegar fannst þar eimingarrör, sem sterk áfengislykt var af. Guðni gaf þá skýringu á þessu, að sumarið áður hafi honum verið gefin bruggunartæki og þar á meðal eimingarrörið af manni, sem var að flytja búferlum frá Vestmannaeyjum. Kvaðst ákærður hafa notað tækið um haustið lítils háttar. Lagði hann þá í brugg og notaði baunir, sykur og vatn. Var það um 10 pottar. Rétt fyrir jólin kvaðst hann hafa eimt bruggið, og var hann að þessu í skúr niður við höfn. Þar hafði hann einnig geymt bruggið. Við eiminguna kveðst hann hafa fengið 1½ flösku úr brugginu. Drakk hann þetta sjálfur og lét ekkert af hendi til annarra. Hann kveðst hafa gert þetta af „fikti“ og aðeins til eigin neyzlu, en alls ekki í því skyni að nota það til sölu. Eftir þetta kveðst kærður ekki hafa notað tækin.

VII.

Samkvæmt því, er að framan er tekið fram, virðist mega telja upplýst, að Þorlákur Sverrisson, Ingvi Sveinbjörnsson, Jón Gestsson og Árný Guðjónsdóttir hafi látizt af völdum metanolsins, er ákærður Guðni Hjörtur Guðnason lét þeim í té. Sömuleiðis er upplýst, að veikindi Andrésar Gestssonar stöfuðu af völdum metanols frá Hirti. Fyrir milligöngu ákærðs Guðna Einarssonar lézt Sveinjón Ingvarsson af metanol frá Hirti, og veikindi þeirra Jónasar Sigurðssonar, Antons Guðjónssonar, Guðmundar Pálssonar, Óskars Jónssonar og Jóns Inga Jónssonar stöfuðu einnig af metanol frá Hirti, er Guðni Einarsson hafði útvegað.

Meðferð þeirra beggja, Hjartar og Guðna, á metanolinu var allathugaverð. Báðir gerðu þeir raunar ráð fyrir, að þetta væri drykkjarhæfur vínandi, en hins vegar var þeim báðum ljóst, að alger óvissa var um þetta, og vel kynni svo að vera, að alvarleg hætta stafaði af neyzlu vökvans. Eins og fyrr segir, kveðst Hjörtur hafa gefið Þorláki Sverrissyni, Ingva Sveinbjörnssyni og Jóni Gestssyni þær upplýsingar um vökvann, er hann sjálfur vissi. Hins vegar gaf hann Andrési Gestssyni engar upplýsingar og enn öðrum, er hann veitti, gaf hann alrangar upplýsingar eða villandi (Ólafi Sigurðssyni, Oddi Sigurðssyni). Ákærður Guðni Einarsson

gaf sumum, er hann veitti eða útvegaði metanólið, réttar upplýsingar, eða þær, er hann bezt vissi, en sumum hins vegar engar. Þykir verða að líta svo á, að þeir hafi báðir sýnt vítavert gáleysi við afhendingu metanolsins og að þeir hafi þess vegna orðið valdir að dauða og veikindum ofangreindra manna. Hafa þeir með þessu brotið gegn 215. og 219. gr. almennra hegningarlaga.

Þá hefur ákærður Guðni Hjörtur svo og ákærður Halldór Elías Halldórsson með því að kasta eign sinni á metanólið í kyrrþey, eins og fyrr getur, án þess að tilkynna fundinn eða auglýsa eftir eiganda og án þess að framvísa honum fyrir tolleftirlitsmönnum gerzt brotlegir við 246. gr. almennra hegningarlaga og lög um tollheimtu og tolleftirlit nr. 63 frá 31. desember 1937, 22. gr., en ákærður Guðni Einarsson hefur með þátttöku sinni í dreifingu metanólsins, sem hann vissi að flutt hafði verið í land í laumi og farið dult með, gerzt brotlegur við 254. gr. almennra hegningarlaga og lög um tollheimtu og tolleftirlit nr. 63 frá 1937, 37. gr., 2. mgr. Þá hefur og ákærður Guðni Einarsson með þeim verknaði, sem lýst er undir VI. hér að framan, gerzt brotlegur við áfengislög nr. 33 frá 1935, 6. grein.

Refsing ákærðs Guðna Hjartar Guðnasonar fyrir framangreind brot hans þykja hæfilega ákveðin samkv. 215., 219., og 246. gr. almennra hegningarlaga og 36. grein laga nr. 63 frá 31. desember 1937, fimmtán mánaða fangelsi. Hann er og samkvæmt 68. grein almennra hegningarlaga sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og til annarra almennra kosninga.

Refsing Guðna Einarssonar þykir samkvæmt 215., 219. og 254. grein almennra hegningarlaga og 37. gr., 2. mgr., l. nr. 63 frá 31. desember 1937 og 30. grein áfengislaga nr. 33 frá 9. janúar 1935 hæfilega ákveðin 8 mánaða fangelsi.

Refsing ákærða Halldórs Elíasar Halldórssonar þykir samkvæmt 246. grein almennra hegningarlaga og 36. grein laga nr. 63 frá 31. desember 1937 hæfilega ákveðin 800 króna sekt í ríkissjóð, er ákærðum ber að greiða innan fjögra vikna frá lögbirtingu dóms þessa, og komi í stað sektarinnar 40 daga varðhald, verði hún ekki greidd fyrir nefndan tíma.

Hinir ákærðu greiði skipuðum verjanda sínum, Friðþjófi G. Johnsen, héraðsdómslögmanni, kr. 750.00 í málsvarnarlaun að ⅛ hluta hver. Allan annan sakarkostnað greiði ákærður Guðni Hjörtur Guðnason að ⅝ hlutum, ákærður Guðni Einarsson að ⅛, en ákærður Halldór Elías Halldórsson að ⅝ hlutum.

Nokkur dráttur hefur orðið á uppkvaðningu dóms þessa, sem stafar af miklum önnum hjá embættinu í sambandi við yfirstandandi vertíð o. fl.

Því dæmist rétt vera:

Ákærður Guðni Hjörtur Guðnason sæti 15 mánaða fangelsi. Hann er og sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og til annarra almennra kosninga.

Ákærður Guðni Einarsson sæti 8 mánaða fangelsi.

Ákærður Halldór Elías Halldórsson greiði kr. 800.00 í sekt í ríkissjóð innan fjögra vikna frá lögbirtingu dóms þessa, og komi í stað sektarinnar 40 daga varðhald, verði hún ekki greidd fyrir nefndan tíma.

Hinir ákærðu greiði skipuðum verjanda sínum, Friðþjófi G. Johnsen héraðsdómslögmanni, kr. 750.00 í málsvarnarlaun, að ⅓ hluta hver. Allan annan sakarkostnað greiði ákærður Guðni Hjörtur Guðnason að 4/9 hlutum, ákærður Guðni Einarsson að ⅓ og ákærður Halldór Elías Halldórsson að 2/9 hlutum.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 12. febrúar 1945.

Nr. 81/1944. **Réttvísin og valdstjórnin**
(cand. jur. Hermann Jónasson)
gegn
Þorvaldi Jónassyni (Garðar Þorsteinsson).

Skjalafals. Þjófnaðarákæra. Brot gegn húsaleigulögum.

Dómur hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Samkvæmt þessum málalokum ber ákærða að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 1800.00 til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Þorvaldur Jónasson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun

skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, fyrrverandi forsætisráðherra Hermanns Jónassonar og hæstaréttarlögmanns Garðars Þorsteinssonar, kr. 1800.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 24. maí 1944.

Ár 1944, miðvikudaginn 24. maí, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Jónatan Hallvarðssyni sakadómara, uppkveðinn dómur í málinu nr. 1118/1944: Réttvísin og valdstjórnin gegn Þorvaldi Jónassyni, sem tekið var til dóms hinn 16. sama mánaðar.

Mál þetta er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Þorvaldi Jónassyni verkamanni til heimilis í Hátúni 9 hér í bæ, fyrir brot gegn XVII. og XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, húsaleigulögum nr. 106 8. september 1941 með viðaukum og húsaleigulögum nr. 39 7. apríl 1943.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 26. október 1906 að Hlíð í Kirkjuhvammshreppi. Hefur hann, svo kunnugt sé, sætt þessum kærum og refsingum:

1924 $^{2}/_{7}$ Dómur aukaréttar Húnavatnssýslu, 40 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, skilorðsbundið, fyrir brot gegn 250. gr. hegningarlaganna.

1926 $^{1}/_{6}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 3×5 daga fangelsi við vatn og brauð fyrir brot gegn 230. gr. hegningarlaganna.

1931 $^{2}/_{3}$ Sátt í Reykjavík, 20. kr. sekt fyrir brot gegn bifreiðalögunum.

1931 $^{1}/_{8}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 125 kr. sekt og sviptur ökuréttindum í 6 mánuði fyrir brot gegn bifreiðalögunum og áfengislögunum.

1932 $^{1}/_{6}$ Sátt í Reykjavík, 600 króna sekt fyrir ólöglega áfengissölu.

1935 $^{1}/_{10}$ Dómur í Hafnarfirði, 90 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, 20 kr. skaðabætur og svipting ökuskírteinis ævilangt fyrir brot gegn 231. gr., 4. lið, hegningarlaganna, sbr. 8. gr. laga nr. 51 1928 og 4. og 5. gr. laga nr. 70 1931, sbr. 21. gr. laga nr. 33 1935.

1936 $^{1}/_{6}$ Dómur í Hafnarfirði, 800 kr. sekt fyrir brot gegn 15. sbr. 33. gr. áfengislaganna. Staðfest í hæstarétti $^{14}/_{12}$ 1936.

1938 $^{2}/_{6}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 1 árs betrunarhússvinna fyrir brot gegn 271. gr. sbr. 46. gr. hegningarlaganna.

Með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur, uppkveðnum 19. maí 1943, var bú ákærða tekið til skiptameðferðar sem gjaldþrota.

Sökum þess að eigi var vitað nema samkomulag næðist um niðurfellingu gjaldþrotaskipta, að því er skilja verður af bréfi skiptaráðanda, dróst að senda lögregluréttinum skiptaúrskurðinn þar til 15. nóv. s. l. Hinn 9. febrúar s. l. hófst hin lögboðna lögregluréttarrannsókn um gjaldþrotið. Eigi er upplýst, að ákærði hafi gerzt sekur um sviksamlegt atferli í sambandi við gjaldþrotið. Inn í gjaldþrotarannsóknina hafa dregizt rannsóknir um nokkur atriði, þar sem ákærði var hafður fyrir sökum um refsiverða verknaði. Verða nú atriði þessi rakin hvert fyrir sig.

I.

Mánudaginn 17. ágúst 1942 kærði Kristján Sigurmundsson kaupmaður, Grundarstíg 11, yfir því, að þann dag frá kl. 10—15 hefði verið stolið 2150 krónum úr íbúð sinni. Hóf rannsóknarlögreglan þegar rannsókn málsins, og beindist strax grunur að ákærða um að vera valdur að þjófnaðinum. Réttarrannsókn hófst 19. s. m., og var ákærði í gæzluvarðhaldi vegna rannsóknarinnar frá þeim degi til 8. september s. á. Kristján skýrði svo frá, að hann hefði verið að spila aðfaranótt 17. ágústs og ekkert sofið, og um morguninn hefði hann verið undir áhrifum áfengis. Þegar hann kom heim um morguninn, lét hann 2000 kr. í 100 króna seðlum í skúffu í stofuskáp sínum og læsti honum síðan og lét lykilinn í vasa sinn. Nú komu til hans stúlkur úr brjóstsykurgerð, er hann á, til að fá hjá honum lykla, en ekki komu þær inn í íbúðina. Kristján fór út með þeim og gaf þeim kaffi, en læsti íbúðinni á meðan. Í þessari ferð hitti hann ákærða, og fóru þeir saman heim til Kristjáns. Ákærði bað Kristján að lána sér 500 krónur til gólfdúkakaupa, og gerði Kristján það. Kristján gaf ákærða að bragða áfengi. Áður en ákærði fór, lét Kristján veski sitt inn í sama skápinn og 2000 krónurnar voru í, og telur hann ákærða hafa séð það, en hann telur ákærða ekki hafa séð 2000 krónurnar, því að þær voru geymdar í sérstakri smáskúffu. Kristján man, að í veskinu voru þrír 50 króna seðlar, en kveður jafnframt, að vera kunni, að í veskinu hafi verið meiri peningar, jafnvel nokkur hundruð krónur.

Þegar þeir höfðu talað saman, bað Kristján ákærða að fara, því að hann ætlaði að leggja sig. Ákærði gerði það, en snéri við og sagði Kristjáni að loka vel hjá sér, því að hann (ákærði) vissi, að Kristján ætlaði að fara að sofa. Síðan fór ákærði. Kristján læsti nú stofunni og lét lykilinn standa í að innan. Síðan aðgætti hann, hvort eldhúsdyrnar væru læstar, og var svo, en lykill var þar ekki í skránni. Inn í íbúðina lágu eigi fleiri dyr, en svefnherbergi Kristjáns var á milli eldhússins og stofunnar. Þurfti því að ganga gegnum það til að komast úr eldhúsinu í stofuna. Kristján háttaði nú og lagði föt sín á borð í herberginu. Síðan sofnaði hann og vaknaði eigi fyrr en klukkan um 15. Þá ætlaði hann að grípa

til peninganna, en þeir voru þá horfnir, bæði 2000 krónurnar og a. m. k. 150 krónur úr veskinu. Eigi verður annað séð af rannsókn málsins en að lykillinn að skápnum, sem peningarnir voru geymdir í, hafi verið í fötum Kristjáns. Segir Kristján hann hafa verið kyrran í veski sínu, þegar hann vaknaði, og hlýtur það að hafa verið annað veski en það, sem peningarnir voru í og læst var inni í skápnum, sem lykillinn gekk að. Þegar hann vaknaði, voru eldhúsdyrnar opnar. Ákærði hefur eindregið neitað að hafa tekið peningana. Aðfaranótt mánudagsins spilaði hann peningaspil á Laugavegi 11, og klukkan að ganga 9 um morguninn voru þeir þrír eftir við spilin, ákærði, Bjarni Bjarnason, sjómaður, og Franz Benediktsson, veitingamaður. Þá var ákærði orðinn peningalaus og fór niður í bæ og ætlaði að hætta að spila. Þar hitti hann Kristján Sigurmundsson og fór með honum heim til hans og fékk hjá honum að láni 500 krónur til gólfdúkakaupanna og einnig veitti Kristján honum vínlögg í glasi. Peningana tók Kristján úr veski sínu, og sá ákærði, að hann átti a. m. k. annað eins eftir í því af peningum. Síðan kveðst hann hafa farið frá Kristjáni án þess að sjá, hvað hann gerði af veskinu, og án þess að tala við hann um lokun íbúðarinnar. Hefði Kristján þá verið byrjaður að afklæðast og sagzt ætla að fara að sofa.

Ákærði fór nú með 500 krónurnar á Laugaveg 11 og hélt áfram að spila við þá Bjarna og Franz, en tapaði þeim öllum og auk þess 125 krónum, og skuldaði bankanum þær. Franz hélt bankann og lofaði að bíða, meðan ákærði sækti meiri peninga. Ákærði fór þá heim til Kristjáns í þeim tilgangi að fá hjá honum peningalán til spilanna. Hann bankaði þar á stofuhurðina, en eigi var anzað. Fór þá ákærði við svo búið, án þess að hafa komið að eldhúsdyrunum. Kveðst ákærði nú hafa farið heim til sín og tekið þær 800 krónur, sem kona hans geymdi, og sem voru allir þeir peningar, er þau áttu, og farið með þær á Laugaveg 11. Greiddi hann þá í bankann þær 125 krónur, er hann skuldaði. Síðan græddi hann 75 kr., að hann telur. Bauð hann svo í allan bankann eftir að hafa talið, að í honum voru 725 eða 740 krónur, og lagði á borðið nákvæmlega sömu upphæð og var í bankanum og átti þá eftir 15 krónur. Þetta spil vann ákærði. Síðan var haldið áfram að spila, og átti ákærði um 800 kr., þegar hætt var. Kveðst hann hafa fengið konu sinni 200 kr. af þeim peningum, þegar hann kom heim.

Vitnin Bjarni og Franz bera hið sama og ákærði um spilamennskuna fram að því, að hann greiddi 125 króna skuldina við bankann. Bjarna minnir, að 400 krónur væru í bankanum, eftir að ákærði greiddi þessa skuld sína. Síðan kveður hann nokkur spil hafa verið spiluð, þar til 740 krónur voru í bankanum. Bauð ákærði þá í allt, sem í bankanum var, og taldi fram á borðið nákvæmlega 800 kr., að mestu í stórum seðlum, og er Bjarni alveg

viss um upphæðina. Hann sat hjá ákærða og sá í veski hans, að hann átti þar eftir nokkra 100 kr. seðla. Vann ákærði spilið og þar með allt, sem í bankanum var. Þar sem Franz hélt bankann, var það fé, sem bættist í bankann frá því ákærði greiddi skuld sína og þar til í hann voru komnar 740 krónur, frá þeim ákærða og Bjarna, en Bjarni ber, að hann telji, að ekki hafi verið nema lítill hluti þess frá sér.

Franz skýrir svo frá, að eftir að ákærði greiddi bankanum 125 króna skuldina, hafi þeir spilað um stund, og hafi ákærði og Bjarni tapað, þar til komnar voru rúmar 700 kr. í bankann. Þá taldi ákærði fram á borðið nákvæmlega 800 krónur og bauð í það, sem í bankanum var, og vann það. Eftir það spiluðu þeir um stund, og valt á ýmsu.

Eiginkona ákærða hefur borið, að þau hjón hafi átt 800 krónur geymdar í skáp heima á þessum tíma og að ákærði hafi komið snöggvast heim fyrir hádegi þenna mánudag. Ekki vissi hún, hvort hann tók peningana, en þeir voru ekki í skápnum, er rannsóknarlögreglan aðgætti það þriðjudaginn 18. ágúst 1942. Eiginkona ákærða ber, að hann hafi, er hann kom á mánudagskvöldið eða næsta morgun, afhent sér 50 krónur, en eigi 200 eins og ákærði ber.

Kristján Sigurmundsson telur, að tekin hafi verið frá sér að ófrjálsu whiskyflaska um sama leyti og peningarnir. Hún var læst inni í skáp, en lykill að honum var læstur í sömu hirzlu og peningarnir voru í. Upplýst er, að ákærði kom með áfengi á Laugaveg 11. þegar hann greiddi 125 króna skuldina, en hann kveður það hafa verið koníak í venjulegri hálfflösku, sem hann hafi átt heima hjá sér. Franz sá hann ekki með áfengi, en Bjarni bragðaði á því og sá, að það var í pela. Fann hann, að það var sterkt vín, en getur ekki fullyrt, hvort það var whisky eða einhver önnur tegund.

Allir höfðu þeir, ákærði, Bjarni og Franz, neytt áfengis um nóttina.

Framburðir þeirra Bjarna og Franz um peningaeign ákærða, er hann kom á Laugaveg 11 og greiddi 125 króna skuldina, eru mjög ákveðnir og samhljóða um, að hann hafi þá verið með mun meiri peninga en ákærði hefur fullyrt, að hann hafi haft. Eins skapar framburður Kristjáns, ferð ákærða heim til hans, þegar hann hitti þar engan, og fleiri málsatvik líkur gegn ákærða. Þó þykja líkur þessar eigi nógu sterkar til sakfellingar, og verður því niðurstaðan sú um þenna lið málsins, að ákærði verður sýknaður af að hafa framið þjófnaðinn.

II.

Þriðjudaginn 1. júní 1943 tilkynnti Einar Eiríksson, veitingamaður í veitingastofunni Hvoll hér í bæ, rannsóknarlögreglunni, að framinn hefði verið þjófnaður í veitingastofunni þá fyrir nokk-

urri stundu. Veitingastofa þessi er í húsinu Hafnarstræti 15, og er aðalinngangurinn í hana úr Hafnarstræti. Bakdyrainngangur er norðan í húsið, og ganga gestir að einhverju leyti þar um. Inn úr bakdyraforstofunni er lítið skrifstofuherbergi, sem veitingamaðurinn notar.

Þenna morgun kom Einar veitingamaður um kl. 7 í veitingastofuna. Hann þurfti að greiða starfsfólki sínu kaup þenna dag og bjóst við að þurfa að greiða ýmsa reikninga, sem bærust, og þess vegna hafði hann með sér um 10 þúsund krónur. Peninga þessa geymdi hann í veski, sem hann hafði í skjalatösku, sem var smellt aftur og auðvelt að opna. Töskuna hengdi hann á nagla á skrifstofuþilinu. Auk hinna innlendu peninga, sem voru í veskinu, voru þar um 20 enskir pundsseðlar, nokkrir bandarískir dollaraseðlar og þrjár tékkávísanir. Einar var ýmist í skrifstofunni eða veitingastofunni frá því hann kom um morguninn og þar til þjófnaðurinn var framinn. Hann skýrir svo frá, að enginn hafi komið til sín í skrifstofuna þenna morgun nema ákærði, og hefur ekkert komið fram, er hnekki þeim framburði. Það er ágreiningslaust, að ákærði kom inn í skrifstofuna til Einars þenna morgun, dvaldi þar stundarkorn hjá honum, og var erindi hans þangað að greiða 50 króna skuld, er hann stóð í við Einar, og gerði hann það. Kveðst Einar hafa tekið upp veskið úr töskunni og látið 50 króna seðilinn, sem ákærði greiddi honum, niður í það. Lét hann síðan veskið aftur í töskuna og smellti henni aftur. Kveður Einar auðséð hafa verið, að miklir peningar voru í veskinu, og einnig segir hann ákærða hafa séð það opið. Ákærði minnist þess ekki að hafa séð Einar með veskið, en minnir, að Einar legði 50 króna seðilinn á borð í skrifstofunni, en á því hafi verið miklir peningar, bæði seðlar og mynt. Ákærði og Einar eru ekki á sama máli um, hvenær um morguninn ákærði kom til Einars. Einar telur klukkuna hafa verið langt gengna 10 eða nálægt því, og hafi hann því verið farinn úr skrifstofunni nokkrum tíma áður en Einar fór að síma, sem brátt verður frá skýrt. Ákærði kveðst aftur á móti hafa farið rakleitt úr skrifstofunni inn í veitingasalinn til að síma, og var hann að tala í símann, þegar Einar kom þar að honum. Einar mun hafa farið að símanum klukkan á seinni tímanum í eitt, og kemur það ekki vel heim við eina skýrslu ákærða um, að hann hafi komið til Einars fyrir hádegi. En hvernig sem þessu hefur verið háttað, er það víst, að ákærði notaði símann, sem er við austurvegg veitingasalsins, í hádegismatartímanum, meðan fullt var af gestum í salnum og útvarp þar í fullum gangi. Meðan ákærði var að nota símann, kom Einar þar að honum og þurfti sjálfur að nota símann. Hann beið, meðan ákærði lauk við að nota símann. Hefur Einar borið, að hann hafi farið að síma, strax og ákærði hætti að nota símann, og hafi hann (Einar) verið að síma í ca 4—5 mín-

útur. Hann man, að ákærði gekk frá honum, og minnir fastlega, að hann hafi gengið frá sér, þegar hann hafði náð sambandi í símann. Horfði Einar á hann ganga áleiðis til norðurdyranna, þar til hann hvarf honum. Ákærði kveðst hins vegar hafa staðið hjá Einari nokkra stund, meðan hann talaði í símann, en þá gengið frá honum rakleitt út um suðurdyr veitingastofunnar út í Hafnarstræti. Rekast þessir framburðir mjög á, því að frá símanum séð, getur engum vafa verið bundið, hvort maður fer út um suðurdyr eða áleiðis til norðurdyranna. Engin vitni önnur en Einar hafa komið fram um þetta atriði. Strax og Einar hafði lokið að síma, gekk hann til skrifstofunnar. Sá hann þá, að brotizt hafði verið inn í skrifstofuna, sem var læst með smekklás, þannig að brotin hafði verið frá fjöl, sem var lauslega negld á hurðina, og síðan seilzt gegnum opið til smekklássins og hann opnaður. Þegar í skrifstofuna kom, sá hann að veskið, sem í töskunni var, var horfið með öllu, sem í því var. Tilkynnti hann þá rannsóknarlögreglunni, hvernig komið var.

Ákærði heldur því fram, að hann hafi, þegar hann fór út úr veitingastofunni, farið í búðir og keypt nokkurn varning, farið síðan með hann inn í veitingastofuna og keypt sér mat. Hafi hann þá verið einn og dvalizt skamma stund inni. Vitnið Þorbjörg Samsonardóttir, sem var frammistöðustúlka í veitingahúsinu í þessum miðdagstíma og fram til klukkan 3 um daginn, hefur borið, að henni sé ákærði, sem hún kannaðist við, minnisstæður í sambandi við þjófnað þenna, því að Einar hafi sagt henni samdægurs, að hann grunaði hann. Kveðst hún telja sér óhætt að fullyrða, að ákærði hafi ekki borðað í veitingastofunni þar til hún hætti þar vinnu þenna dag. Vitnaskýrsla var tekin af Þorbjörgu hinn 17. apríl s. l., eða tæpum 11 mánuðum eftir atburðinn, og hlýtur það að veikja gildi vitnisburðarins. Sama er að nokkru leyti að segja um framburð Einars, hvað ákærða snertir. Skýrsla hans varðandi ákærða kemur fyrst fram í rétti 20. marz s. l.

Skömmu eftir að þjófnaðurinn var framinn, spilaði ákærði peningaspil við nokkra menn hér í bænum. Hafa sumir þeirra borið, að þeir hafi við spilin séð ákærða með mikla peninga, svo þúsundum króna skipti.

Ákærði, sem ætíð hefur neitað að hafa framið þjófnaðinn, hefur haldið því fram, að hann hafi um þetta leyti haft undir höndum talsverðar fjárhæðir, er voru greidd húsaleiga frá Hátúni 9, og getur sú staðhæfing haft við rök að styðjast. Í spilamennsku þessari hafði ákærði nokkra pundsseðla og dollaraseðla. Ákærði hefur gert þá grein fyrir peningum þessum, að hann hafi fengið 7 dollara (5 í öðrum framburði) hjá vélstjóra eða stýrimanni á erlendu skipi, sem hann vann í fyrir vélsmiðjuna Hamar. Tvo dollara fékk hann hjá manni einum hér í bænum, og er það staðfest af mann-

inum. 12 sterlingspund kveðst hann hafa keypt á benzínsöluplani hér í bænum af þremur sér með öllu óþekktum enskum sjómönnum, en 2 pund kveðst hann hafa átt fyrir. Kveðst ákærði hafa keypt pundin til þess að hafa þau með sér, ef hann sigldi til Englands, en þangað ætlaði hann sér. Í hinni upphaflegu skýrslu sinni um þetta segir ákærði, að sjómennirnir hafi beðið sig að kaupa pundin, því að bifreiðarstjórinn, sem þeir voru að reyna að kaupa áfengi af, vildi ekki selja áfengi nema fyrir íslenzka peninga. Í síðari skýrslu kveðst ákærði ekki vita, hvort sjómennirnir hefðu falað áfengi af bifreiðarstjóranum, en þeir hafi spurt sig, hvort hann gæti ekki útvegað þeim áfengi, en hann sagzt ekki geta það. Ákærði kveðst hafa verið að koma frá vinnu sinni, þegar hann hitti sjómenn þessa af tilviljun á planinu. Auk þess sem ákærði er eigi sjálfum sér samkvæmur um þetta atriði, eru skýrslur hans um, hvernig hann hafi komizt yfir hina erlendu peninga, tortryggilegar og ósannaðar og a. m. k. skýrslan um pundin ósannanleg, þar sem ákærði greinir engin deili á viðkomandi manni.

Um það leyti, er þjófnaðurinn var framinn, var verið að byggja Hátún 9. Sú bygging er á nafni Guðmundar Rafnars Einarssonar, 18 ára gamals stjúpsonar ákærða, en ákærði sá mjög um fjárreiður byggingarinnar. Má telja upplýst, að ákærða hafi verið knýjandi fjárþörf til byggingarinnar, þegar þjófnaðurinn var framinn.

Eins og málavextir þeir, er nú hafa verið raktir, sýna, eru verulegar líkur til þess, að ákærði hafi framið þjófnaðinn. Þó þykja þær eigi svo óyggjandi, að unnt sé að byggja sakfellingardóm á þeim gegn eindreginni neitun ákærða. Verður því að sýkna hann af þessum þætti ákærunnar.

III.

Mánudagskvöldið 10. nóvember s. l. fór Kristján Gíslason, sjómaður, Lindargötu 26, ölvaður heim til ákærða og var með áfengi með sér, og í vasa innan á jakkanum hafði hann sjóferðabók og í henni ca 640 krónur í peningum. Heima hjá ákærða drukku þeir ákærði og Kristján nokkuð af áfenginu, og þar gaf Kristján barni ákærða 15 krónur. Þegar Kristján kom heim um kvöldið, var sjóferðabókin með peningunum horfin úr vasa hans. Hann veit ekki, hvernig hann hefur misst hana, en grunar ákærða um töku hennar. Þessu hefur ákærði eindregið neitað, og er alls ósannað, að hann sé sekur um þetta. Án þess að þörf þyki að rekja málavexti nánar um þetta atriði ákærunnar, ber að sýkna ákærða af því.

IV.

Síðara hluta árs 1942 vann Pétur Hjartarson, Háteigsvegi 15, að múrhúðun hússins Hátún 9, og höfðu ákærði og kona hans

ráðið hann til þess verks. Hann hætti við verk þetta áður en það var fullgert og kveðst hafa gert það sökum vanskila á greiðslu verkalaunanna. Af hálfu Sveinasambands byggingamanna var vinna Péturs við húsið metin á kr. 1868.37. Pétur heldur því fram, að hann hafi fengið greiddar kr. 600.00 upp í kaup sitt 21. október 1942, en meira ekki, og að hann hafi undirritað kvittun fyrir þessari upphæð. Ákærði heldur því hins vegar fram, að hann hafi greitt Pétri kr. 1600.00 nefndan dag og Pétur kvittað fyrir þeirri upphæð. Pétur reyndi að innheimta eftirstöðvar vinnulaunanna hjá ákærða, en þegar þær tilraunir reyndust árangurslausar, fól hann Ólafi Þorgrímssyni hæstaréttarlögmanni innheimtuna. Hefur hæstaréttarlögmaðurinn borið sem vitni, að Pétur hafi sagt sér, að hann hefði með herkjubrögðum fengið greiddar kr. 600.00 af skuldinni og alls ekki meira. Hæstaréttarlögmaðurinn stefndi nú til greiðslu skuldarinnar fjárhaldsmanni Guðmundar Rafnars Einarssonar, stjúpsonar ákærða, en stjúpsonurinn er talinn eigandi hússins. Í því dómsmáli var lögð fram af stefnds hálfu kvittun fyrir kr. 1600.00, undirrituð af Pétri, og er í henni upphæðin 1600.00 bæði í tölustöfum og bókstöfum. Er skjal þetta merkt réttarskjal nr. 10 í prófum málsins. Heldur Pétur því fram, að skjalinu hafi verið breytt frá því hann undirritaði það, þannig, að úr 600 hafi verið gerð 1600 bæði í tölustöfum og bókstöfum, en þessu neitar ákærði eindregið og fullyrðir, að Pétur hafi undirritað skjalið eins og það sé, enda hafi hann fengið greiddar kr. 1600.00.

Pétur skýrir svo frá, að hann hafi nokkru fyrir 21. október 1942 krafið ákærða um 600 krónur af kaupi sínu. Dráttur varð á greiðslunni, og bar ákærði fyrir sig, að hann hefði eigi komizt í banka og annað þess háttar. Morguninn 21. október hittust þeir, og greiddi ákærði Pétri þar í herbergi einu kr. 500.00 í hundraðkrónaseðlum, en sagðist ætla að fá kr. 100.00 hjá stjúpsyni sínum til að greiða Pétri til viðbótar. Þegar ákærði hafði greitt 500 krónurnar, ritaði hann kvittunina, rskj. nr. 10, og hljóðaði hún um 600 krónur bæði í bókstöfum og tölustöfum, og ritaði Pétur nafn sitt undir skjalið. Ákærði hélt skjalinu, og sá Pétur það eigi fyrr en eftir að það hafði verið lagt fram í dómsmálinu. Rétt áður en Pétur hætti vinnu þennan sama dag, voru honum greiddar í kjallara hússins 100 krónur. Hann man ekki, hvort ákærði eða stjúpsonur hans gerði það, en minnir þó frekar, að það væri hinn síðarnefndi.

Eftir að ákærði hafði neitað að hafa breytt skjalinu og sagt sína sögu um tilorðningu þess, sem brátt verður rakin, og hann og Pétur höfðu verið samprófaðir um málið, án þess að neitt samræmi næðist um það, sem á milli bar, staðfesti Pétur framburð sinn með eiði.

Ákærði skýrir svo frá, að hann hafi ritað kvittunina, rskj. nr. 10, í eldhúsinu á Hátúni 9, eins og hún nú sé. Hann hafi ætlað að greiða Pétri 1600 krónur og enga upphæð aðra og ritað kvittunina viðstöðulaust og án nokkurra leiðréttinga eða lagfæringa. Örfáum mínútum eftir að hann hafði ritað kvittunina, kom Pétur í eldhúsið, og taldi ákærði honum þá út 1600 krónur í 100 króna seðlum, og undirritaði Pétur þá kvittunina. Hélt síðan ákærði kvittuninni, þar til hann afhenti fjárráðamanni stjúpsonar síns hana í þeim tilgangi að nota hana í dómsmálinu út af skuldakröfu Péturs. Ákærði hefur borið, að hann hafi aldrei beðið stjúpson sinn að færa Pétri eða greiða honum 100 krónur eða neina aðra fjárhæð og kveðst vera öldungis viss um þetta. Um þetta hefur stjúpsonurinn verið leiddur sem vitni, og ber hann, að ákærði hafi eitt sinn, meðan Pétur var að vinna við húsið, beðið sig að færa honum 100 krónur. Sagði hann, að þessa peninga þyrfti að greiða Pétri, og ætlaði stjúpsonurinn að taka þá af sínum peningum, en af þessu varð þó aldrei og greiddi hann Pétri aldrei neina peninga né neinum öðrum, í því skyni að greiðslan gengi til Péturs. Ákærði hefur borið, að eiginkona sín, Svanhildur Sigurðardóttir, hafi verið nærstödd, er greiðslan til Péturs fór fram, og hefur hún því verið leidd sem vitni. Fyrst var hún leidd sem vitni sama dag og ákærði var úrskurðaður í gæzluvarðhald vegna rannsóknarinnar og eftir úrskurðinn. Bar hún þá, að hún gæti ekkert um það sagt, hvaða greiðslu Pétur hafi fengið, en hún hafi einu sinni séð ákærða og Pétur með peninga milli sín, annaðhvort í stofunni eða eldhúsinu, en ekki sé henni ljóst, hve miklir þeir voru. Ekki kveðst hún þó muna eftir neinni kvittun eða skriftum í sambandi við þetta. Um viku síðar óskar konan að mæta í málinu, og ber hún þá, að eitt sinn hafi hún verið á stjái heima hjá sér, þegar ákærði og Pétur voru þar staddir saman í eldhúsinu, að hún telur sér óhætt að fullyrða. Hún heyrði ekki, hvað þeirra fór á milli, en áleit, að ákærði væri að greiða Pétri peninga, og sá, að ákærði var með mikla peninga í hundraðkrónaseðlum og taldi seðla fram á borðið. Ekki getur hún um það sagt, hvort hann taldi alla seðlana út. Síðan fór Pétur. Þegar hann var að fara og hafði lagt aftur hurðina milli ytri og innri forstofunnar, sýndi ákærði henni skjal með nafni Péturs undir. Sá hún á því greindar með tölustöfum kr. 1600.00 og minnir, að sú tala væri einnig rituð bókstöfum, en er ekki eins viss um það og tölustafina. Þegar henni var sýnt rskj. nr. 10, kvaðst hún ekki betur sjá en að það væri sama skjalið og kvaðst þekkja töluna 1600 á því.

Pétur Hjartarson leigði húsnæði hjá Snorra Laxdal lögregluþjóni í á annað ár fram til 18. okt. s. l. Þeir þekktust nokkuð og töluðust oft við, meðal annars um viðskipti Péturs og ákærða. Hefur Snorri borið, að Pétur hafi látið illa af innheimtu kaups síns. Í fyrra-

vetur, öðru hvoru megin við jólin, að hann minnir, sagði Pétur honum, að hann hefði fengið 600 krónur hjá ákærða af kaupinu og hrósaði hann happi yfir að hafa þó fengið þá upphæð greidda. Hefur hann sagt Snorra, að hann hafi eigi fengið meira greitt hjá ákærða. Að þessu hefur Snorri unnið eið.

Pétur er kunnugur hjónunum Ágústu Jónasdóttur og Guðmundi Gíslasyni sjómanni, Bræðraborgarstíg 14, og hefur oft heimsótt þau og bjó hjá þeim um tíma í haust. Hafa þau bæði borið, að Pétur hafi sagt þeim frá vinnu sinni hjá ákærða og að sér gengi illa að fá kaup sitt greitt, en að hann hefði þó fengið greiddar kr. 600.00 af því. Ber Guðmundur, að hann hafi sagt þetta einhverntíma fyrir nýliðinn vetur, en Ágústu minnir, að hann hafi sagt þetta s. l. sumar eða haust. Guðmundur ber, að innheimta þessi hafi oft borizt í tal milli sín og Péturs, og hafi Pétur aldrei sagzt hafa fengið meira greitt af kaupi sínu en 600 krónurnar. Þenna framburð sinn hefur Guðmundur staðfest með eiði.

Undir rannsókn málsins voru Guðmundur Í. Guðjónsson, skriftarkennari við Hinn almenna menntaskóla, Kennaraskólann og Miðbæjarbarnaskólann, og Helgi Hjörvar, skrifstofustjóri útvarpsráðs, útnefndir til að athuga rskj. nr. 10 og láta uppi álit sitt um, hvort þeir teldu skjalinu hafa verið breytt frá hinni upphaflegu ritun, sérstaklega peningaupphæðinni, bæði í tölustöfum og bókstöfum, og ef þeir telja svo vera, þá hvort breytingin sé gerð með annarri rithönd en upphaflega var á skjalinu. Skoðunarmenn þessir hafa látið uppi skriflega álitsgerð um skjalið og staðfest hana, og er hún á þessa leið: „Sakadómari hefur útnefnt okkur undirritaða til þess að athuga kvittun, skrifaða á reikningseyðublað til handa Þorvaldi Jónassyni frá Pétri Hjartarsyni, dags. 21. okt. 1942. Skjalið er merkt sem réttarskjal nr. 10 í lögregluréttí Reykjavíkur, 15. febrúar þ. á. Okkur er falið að láta uppi álit okkar um það, hvort skjali þessu hafi verið breytt frá hinni upphaflegu ritun, sérstaklega peningaupphæðinni.

Við höfum athugað skjal þettá eftir beztu getu, rithöndina á því og skriftina yfirleitt frá hverju því sjónarmiði, sem þýðingu virðist geta haft, þar á meðal vandlega í smásjá í ýmsum stækkunum, og er álit okkar það, sem hér segir:

Ein og sama rithönd virðist vera á allri kvittuninni, nema undirskriftinni, hún virðist öll skrifuð með sama bleki og sama penna. Hafi henni verið breytt, virðist það helzt hafa verið gert þegar eftir að hún var skrifuð, eða um leið, og með sama penna og sama bleki. Við höfum ekki getað séð nein merki þess á pappírnum, að skafið hafi verið út né pappírinn orðið fyrir sérstökum áhrifum af kemiskum efnum.

Með því að okkur er kunnugt, að sá einn grunur sé um breytingu á skjali þessu, að „600“ (í tölustöfum) og „sex hundruð“ (í

bókstöfum) hafi verið breytt í „1600“ og „sextánhundruð“, þá höfum við einskorðað athugun okkar við þetta.

Tölustafurinn „1“ í 1600 virðist sitja eðlilega og hafa eðlilega afstöðu til hinna stafanna í tölunni. Nokkur munur virðist á blekstyrkleika í þeim staf og hinum, sem á eftir koma, en svipaður munur kemur víðar fyrir, með því að blekið virðist hafa verið korgað og eitthvað í því af anilíni. Þessi tölustafur virðist okkur enga bendingu gefa til né frá um það, hvort þessari tölu hafi verið breytt eða ekki breytt.

Talan „sextánhundruð“ í bókstöfum virðist hins vegar athugaverð, og kemur þá þetta til greina:

Bil á milli orða í þessari skrift eru yfirleitt löng, og þó regluleg í samanburði við aðra festu í rithöndinni. Sé litið svo á, að fyrst hafi verið skrifað „sex hundruð“, í tveimur orðum, verður bilið mjög líkt því, sem annars staðar er í skriftinni. Hér er þó þess að gæta, að erfitt er að segja, hversu eðlilega „x“ er skrifað, þar sem við höfum engan samanburð um þann staf né afstöðu hans til annarra stafa í þessari rithönd. Enn fremur getum við þess, að við höfum ekki fengið næg sýnishorn til þess að komast að raun um, hvort þeim manni, sem þessa rithönd á, er það yfirleitt tamt að rita „tvö hundruð“, „þrjú hundruð“ o. s. frv. í tveimur orðum, en þau sýnishorn, sem við höfum fengið, benda þó fremur til þess.

Orðhlutinn „tán“ situr óeðlilega þröngt og brýtur, að því er virðist, í bág við rithöndina að öðru leyti, þó að hún sé ekki föst og beri yfirleitt vott um litla æfingu; risið á þessum stöfum, einkum „n“ gæti bent til, að þessi orðhluti væri skrifaður sérstaklega; líka það, hve þröngt er um stafina, en það er ólíkt því, sem rithöndin er annars; einkum kemur þetta fram á „n“ og stöðu þess.

„Stafurinn „h“ í ..*h*undrað virðist nær efalaust vera dreginn sem fyrsti stafur í sjálfstæðu orði; aðdráttur þessa stafs (h) er mjög sérkennilegur fyrir rithöndina; stafurinn, og einkum aðdrátturinn (byrjunardrátturinn), virðist gerður hiklaust og án umhugsunar; það er talsvert ólíklegt, að þessi dráttur hefði verið dreginn svona frjálst og hiklaust, ef „n“-ið hefði þá verið á pappírnum, og drátturinn þá dreginn ofan í það; svipaður samdráttur á stöfum kemur hvergi fyrir annars í þeim sýnishornum rithandarinnar, sem við höfum séð.

Það virðist okkur höfuðatriði í þessu efni, hvernig þessir stafir (n og h) koma saman; höfum við því athugað þetta sem bezt við kunnum og einkum beint smásjárathugunum að þessum stað. Virðist okkur, og teljum það nær efalaust, að „n“ hafi ekki verið skrifað fyrr en á eftir „h“ og eftir að aðdráttarleggurinn á „h“ var orðinn þurr eða farinn að þorna; virðist „n“ hafa verið

skrifað hægt; blekið er í mesta lagi, og svo bendir form stafsins á hið sama; lögunin bendir og til þess, að stafurinn sé skrifaður í þröng, sem ritarinn gerir sér grein fyrir, og kemur fram glöggur rismunur á þessum staf og öðrum sambærilegum stöfum (n og m) annars staðar í skjalinu og þeim sýnishornum af rithöndinni, sem við höfum séð. Við teljum nær útilokað, að þess sæjust ekki merki í smásjá, að penninn hefði tekið með sér upp á við ofurlítið af bleki úr hinum feita boga á „n", ef hann hefði verið dreginn yfir stafinn blautan eins hiklaust upp á við og aðdrátturinn á „h" virðist dreginn.

Kemur þá til álita, hvort talan kunni að hafa verið leiðrétt um leið og skrifað var, þannig að „n" hefði fyrst fallið úr, en síðan verið bætt við samstundis. Móti því mælir það, að við höfum ekki getað séð í smásjá nein merki þess að „n" sé skrifað út af fyrir sig, heldur virðist okkur með engu móti verða annað séð en að „á" og „n" séu dregin í einu og hafi þornað jafnt; svo verða og ekki greind nein samskeyti milli „t" og „á". Hins vegar eru engin samtengsl „x" og „t", og óeðlileg tengsl, eins og lýst hefur verið, milli „n" og „h".

Við viljum geta þess sérstaklega, að okkur hefur borið algerlega saman um hvert atriði í þessari athugun og ekki greint á um neitt. Álit þetta höfum við gert eftir beztu vitund, og erum að sjálfsögðu viðbúnir að staðfesta það með eiði."

Hafa nú verið raktir málavextir varðandi ákæruna um, að ákærði hafi falsað kvittunina, rskj. nr. 10. Segja má, að neitun ákærða um að hafa framið verknað þenna, hljóti nokkurn stuðning í framburði eiginkonu hans, en bæði er sá framburður í sjálfu sér veigalítill og að nokkru leyti innbyrðis ósamhljóða, og eins rýra hin nánu tengsl konunnar og ákærða mjög gildi hans. Hins vegar eru hinir eiðfestu framburðir vitnanna, Péturs, Snorra og Guðmundar, og framburður Ágústu, og loks rskj. nr. 10 sjálft og álitsgerð skoðunarmanna, sem eigi þykir ástæða til að rekja hér í einstökum atriðum, þar sem hún er greind hér að framan í heild og er hin gleggsta. Af öllu þessu og með hliðsjón af fyrri brotaferli ákærða þykir nægilega sannað, að hann hafi falsað rskj. nr. 10 þannig, að hann hafi breytt tölunni „600.00" í „1600.00" og orðunum „sex hundruð" í „sextánhundruð". Með því að afhenda skjalið þannig breytt í þeim tilgangi að það yrði notað sem sönnunargagn í dómsmáli, hefur ákærði brotið 155. gr., 1. mgr., almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940.

V.

Á árinu 1941 var byrjað að reisa húsið Hátún 9, sem áðurnefndur stjúpsonur ákærða er talinn eigandi að. Nokkuð af húsi þessu hefur verið leigt, og hefur ákærði séð um leiguna. Einn

þeirra, er leigt hafa í húsi þessu, Bogi Gísli Ísleifur Einarsson, stýrimaður, hefur kært yfir þeim viðskiptum sínum við ákærða. Viðskipti þessi voru þannig, að Bogi samdi við ákærða um að taka á leigu íbúð, 2 herbergi og eldhús, í kjallara hússins til tveggja ára frá 10. júní 1943 til jafnlengdar 1945 og greiða alla leiguna fyrirfram. Segja Bogi og kona hans, að umsamin leiga hafi verið kr. 425 á mánuði eða kr. 10200.00 fyrir 2 árin, og að ekki hafi verið á það minnzt, þegar samið var um leiguna, að gjald þetta væri annað en leiga. Um þetta var gerður skriflegur samningur, sem Bogi undirritaði og fjárráðamaður stjúpsonar ákærða, og er leigan þar talin kr. 200.00 á mánuði, en ákærði gaf Boga kvittun fyrir kr. 5400.00 af hinni umsömdu og greiddu heildarupphæð, og var sú greiðsla talin vera upp í gamla skuld, en það átti sér enga stoð í veruleikanum. Bogi heldur því fram, að ákærði hafi sagzt ekki mega hafa leiguupphæðina hærri en kr. 200.00 á mánuði í samningnum, en sökum þess, að Bogi krafðist kvittunar fyrir hinum hluta upphæðarinnar, hafi þeim komið saman um að telja hann greiðslu gamallar skuldar.

Ákærði viðurkennir, að Bogi hafi greitt alls kr. 10200.00 vegna húsnæðisins, en þar af hafi einungis kr. 4800 verið leiga, þ. e. a. s. kr. 200.00 á mánuði í 2 ár, hitt, kr. 5400.00, hafi verið þóknun til sín fyrir að útvega húsnæðið. Eigi verður þó festur trúnaður á þessari staðhæfingu ákærða gegn framburðum Boga og konu hans, og verður að ganga út frá, að öll greiðsla Boga hafi verið leiga. Leigumáli þessi var ekki lagður fyrir húsaleigunefnd, og mat hefur eigi farið fram á hinu leigða húsnæði. Hefur ákærði, sem raunverulega sá um leigu húsnæðisins, brotið 11. sbr. 17. gr. laga um húsaleigu nr. 39 7. apríl 1943.

Með samningi, dagsettum 6. október 1942, tók Þórður Matthías Hjartarson verkamaður á leigu húsnæði, eina stofu, eldunarpláss og geymslu, allt í kjallara, í Hátúni 9 og samdi við ákærða um það, og kom ákærði fram gagnvart honum sem umráðamaður hússins. Það var þó stjúpsonur ákærða, sem undirritaði samninginn sem leigusali. Leigutíminn var 19½ mánuður, þ. e. a. s. frá 1. október 1942 til 14. maí 1944. Fullyrðir Þórður, að umsamin leiga hafi verið kr. 200.00 á mánuði, og greiddi hann alla leiguna fyrirfram, alls kr. 3900.00. Í samningnum er leigan talin kr. 100.00 á mánuði og sögð greidd fyrirfram fyrir leigutímann, og ber Þórður, að ákærði hafi sagzt ekki geta kvittað fyrir hærri leigu. Aftur á móti er sérkvittun fyrir húsaleigu, kr. 1950.00, er Þórður hafi greitt ákærða 7. október 1942.

Ákærði ber, að leigan hafi einungis verið kr. 100.00 á mánuði, en hin upphæðin, kr. 1950.00, hafi verið þóknun til sín fyrir að útvega húsnæðið. Um þetta er hið sama að segja og um húsaleigu Boga. Verður að telja leigu Þórðar hafa verið kr. 200.00 á mánuði

og frásögn ákærða um þóknunina til sín vífilengjur einar. Leigumáli þessi var eigi lagður fyrir húsaleigunefnd. Þórður fluttist brátt úr húsnæðinu, og tók þá við því Skarphéðinn Kristjánsson. Hinn 25. september s. l. mat húsaleigunefnd hæfilega grunnleigu húsnæðisins kr. 70.00 á mánuði.

Með skiptum sínum við Þórð hefur ákærði brotið 6. sbr. 11. gr. laga um húsaleigu, nr. 106 8. september 1941, sbr. nú 11. sbr. 17. gr. húsaleigulaga nr. 39 7. apríl 1943.

Skömmu fyrir 14. maí 1943 sömdu ákærði og Helgi Vigfússon blikksmiður, Leifsgötu 18, um að ákærði leigði syni Helga íbúð, 2 herbergi og eldhús, á hæðinni í Hátúni 9. Ákærði sagði Helga, að stjúpsonur sinn ætti húsið, og fjárhaldsmaður hans undirritaði samninginn um húsnæðið, en ákærði samdi um leiguna, tók við henni og endurgreiddi hana síðar, eins og brátt verður að vikið. Heldur Helgi því fram, að samið hafi verið til hálfs annars árs og leiga ákveðin kr. 450.00 á mánuði, og hann greiddi ákærða í fyrirframleigu kr. 8000.00. Ákærða minnir, að samið væri til tveggja ára og þessi leiguupphæð væri fyrir þann tíma, en getur þó ekki fullyrt þetta. Eigi varð úr því, að sonur Helga flyttist í húsnæðið, og gengu samningar þessir til baka og ákærði endurgreiddi alla leiguupphæðina. Leigumálinn var eigi lagður fyrir húsaleigunefnd, og hvort sem frásögn Helga eða ákærða um leigutímann er rétt, hefur ákærði í þessu tilfelli brotið 11. sbr. 17. gr. húsaleigulaga nr. 39 7. apríl 1943.

VI.

Er nú sú niðurstaða fengin, að ákærði hafi gerzt brotlegur við 155. gr., 1. mgr., hegningarlaganna og áðurnefndar greinar húsaleigulöggjafarinnar. Með hliðsjón af 77. gr. hegningarlaganna og fyrri brotaferli ákærða þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 2 ár.

Samkvæmt 68. gr., 3. mgr., hegningarlaganna ber að svipta hann kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa.

Ákærði sat í gæzluvarðhaldi vegna rannsóknar máls þessa frá 15. febrúar til 19. apríl s. l., en skilyrði eru eigi fyrir því, að láta það koma til frádráttar refsingunni samkvæmt 76. gr. hegningarlaganna.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Garðars Þorsteinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 400.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Þorvaldur Jónasson, sæti fangelsi í 2 ár.

Ákærði er frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Garðars Þorsteinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 400.00.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 15. febrúar 1945.

Nr. 37/1944. **Strætisvagnar Reykjavíkur h/f**
(Theódór B. Lindal)
gegn
Ágústi Eiríkssyni og gagnsök
(Magnús Thorlacius).

Skaðabótamál vegna líkamsmeiðsla.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 11. apríl 1944. Krefst hann aðallega algerrar sýknu og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins, en til vara, að dæmd fjárhæð verði lækkuð eftir mati dómsins og málskostnaður látinn falla niður fyrir báðum dómum.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 21. apríl 1944. Krefst hann þess, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum kr. 37343.54 með 6% ársvöxtum frá 20. apríl 1942 til greiðsludags svo og málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Samkvæmt rökum þeim, er í héraðsdómi greinir, má á það fallast, að aðaláfrýjanda beri að bæta gagnáfrýjanda tjón hans af slysi því, er í málinu getur. Rétt þykir að hækka 2. kröfulið, atvinnutjónið, í kr. 8000.00 og 4. kröfulið, þjáningabætur o. fl., í kr. 4000.00. Hækkar þannig fjár-

hæð sú, er aðaláfrýjanda ber að greiða gagnáfrýjanda, í kr. 19097.00, er greiðist ásamt 6% ársvöxtum frá 25. apríl 1942 til greiðsludags.

Svo þykir og rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti, samtals kr. 3000.00.

Því dæmist rétt vera:

Aðaláfrýjandi, Strætisvagnar Reykjavíkur h/f, greiði gagnáfrýjanda, Ágústi Eiríkssyni, kr. 19097.00 með 6% ársvöxtum frá 25. apríl 1942 til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti, samtals kr. 3000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 9. febrúar 1944.

Mál þetta, sem dómtekið var 1. þ. m., hefur Ágúst skósmiður Eiríksson, hér í bænum, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 29. nóv. f. á. gegn stjórnendum Strætisvagna Reykjavíkur h.f., hér í bæ, f. h. félagsins til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 37343.54 ásamt 6% ársvöxtum frá 20. apríl 1942 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndur hefur krafizt sýknu og málskostnaðar, en *til vara* lækkunar á kröfum stefnanda og niðurfalls málskostnaðar.

Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f hefur verið stefnt til réttargæzlu í málinu.

Málsatvik eru þau, að hinn 28. september 1941 tók stefnandi sér far ásamt konu sinni með strætisvagni R 970, eign stefnda, og var ferðinni heitið að Rafmagnsstöðinni við Elliðaárnar. Var vagninum ekið efri veginn í Sogamýrinni og af honum fram með Skeiðvellinum og yfir gömlu brúna (vestri) yfir Elliðaárnar og upp á þjóðveginn milli brúa. Akvegurinn með Skeiðvellinum var ósléttur og holóttur, og þegar bifreiðin var á móts við miðjan völlinn, kastaðist hún svo til, að stefnandi tókst á loft úr sæti sínu, en það var eitt sætanna á aftasta bekknum. Kom stefnandi illa niður og varð þegar var mikilla kvala í baki. Harkaði hann þó af sér, þar til að Rafmagnsstöðinni kom, en þá var útveguð bifreið til þess að flytja hann heim aftur. Lá hann þar rúmfastur í 4 vikur, áður en læknir hans taldi ráðlegt að rannsaka meiðsl hans með röntgen-skoðun, en við hana kom í ljós, að stefnandi var hryggbrotinn (þriðji lendaliður brotinn og þjappaður saman). Lá

stefnandi rúmfastur um missiristíma, en í júlíbyrjun 1942 var hann talinn fær til þess að taka upp vinnu sína á ný. Telur stefnandi, að bifreiðarstjórinn á R 970 hafi verið valdur að slysi þessu með ógætilega hröðum akstri á hinum ósléttа vegi, og beri stefndum því að bæta að fullu tjón það, er af hlauzt, og hefur hann því höfðað mál þetta.

Stefndur hefur stutt sýknukröfu sína við það, að ekki sé sannað í máli þessu, að ökuhraði hafi verið óeðlilega mikill og auk þess hafi það verið á vitorði farþega, hve ósléttur og holóttur vegurinn var, og hafi því borið að sýna sérstaka aðgæzlu. Einkum hafi verið svo ástatt um stefnanda, sem er fatlaður, haltur, vegna þess að vinstri fótur er 5 cm styttri en hægri. Honum hafi því borið að velja sér sæti af varúð og stilla svo til, að hann gæti haldið sér föstum, er hnykkur kæmi á vagninn.

Nákvæmar skýrslur hafa ekki fram komið í málinu um hraða bifreiðarinnar, er slys þetta vildi til. Stefnandi og kona hans hafa borið það fyrir lögreglurétti, að hraðinn hafi verið mikill, og eitt vitni enn, Sigurður Guðmundsson, er sat við hlið stefnanda í vagninum, hefur talið, að bifreiðinni hafi verið ekið „á nokkrum hraða, en þó ekki mjög hart". Bifreiðarstjórinn hefur komið fyrir dóm, en kvaðst ekki geta sagt um hraðann, þar eð hraðamælir var ekki í lagi. Hins vegar kom í ljós af framburði hans, að hann var kunnugur veginum og vissi, að bifreiðinni hætti til að hossast mikið, er henni var ekið eftir ósléttum vegi. Þykir af þessum skýrslum ljóst, að bifreiðarstjórinn hefur ekki gætt þeirrar varúðar, sem skyldi, sbr. 26. og 27. gr. bifreiðalaga nr. 23 frá 1941, og verður stefndur því tvímælalaust talinn bera bótaábyrgð á tjóni því, er stefnandi varð fyrir, samkvæmt 34. og 35. gr. bifreiðalaganna.

Kemur þá til athugunar fjárhæð bótanna.

Stefnandi hefur sundurliðað dómkröfur sínar svo:

1. Útlögð gjöld	kr.	97.00
2. Atvinnutjón í 9 mánuði	—	8274.49
3. Örorka	—	13972.50
4. Fégjöld fyrir þjáningar og óþægindi	—	15000.00
	Kr.	37343.99

1. liðnum hefur stefndur ekki mótmælt, og verður hann því tekinn til greina.

2. liður er þannig útreiknaður, að á vinnustofu Lárusar G. Lúðvígssonar hafa skósmiðir haft kaup í samræmi við fjárhæð þá, er stefnandi krefst, þann tíma, sem hann var frá vinnu af völdum slyss þessa. Stefnandi virðist hafa unnið á greindri vinnustofu, a. m. k. síðan á árinu 1939, og hefur ómótmælt haldið því

fram, að hann hafi ávallt átt þar vísa atvinnu. Stefndur hefur krafizt lækkunar þessa liðs, a. m. k. sem svari sumarleyfi og veikindadögum, og muni það sízt vera of mikið að draga frá sem svarar 1/12 hluta, ekki sízt, er tillit er tekið til aldurs stefnanda; hann var rúmra 63 ára, er hann slasaðist.

Með tilliti til framanritaðs og annars þess, er upp hefur komið í málinu, þykja þessar bætur til stefnanda hæfilega ákveðnar kr. 7000.00.

3. lið hefur stefnandi reiknað þannig, að hann hefur tekið meðaltal árstekna sinna árin 1939—1941, að báðum meðtöldum. Útkomuna hefur hann síðan þrefaldað, þar eð hann telur kaupgjald hafa hækkað, sem því nemur. Loks miðar hann við mat Jóhanns Sæmundssonar, tryggingayfirlæknis, á örorku, en læknirinn telur varanlega örorku hæfilega metna 10—15%. Með því að nota hærri töluna og miða við, að stefnandi gæti haldið vinnuþreki sínu í 6 ár, eða til sjötugs, kemur út dómkrafan.

Stefndur hefur krafizt lækkunar þessa liðs og hefur einkum bent á það, að þreföldun tekna sé ekki heimil í þessu sambandi, þar eð sjá megi af skjölum málsins, að tekjur þær, er stefnandi hafi mátt búast við, hafa aðeins tvöfaldazt. Þá krefst hann og þess, að tillit sé tekið til sumarleyfa og veikinda, sem við 2. lið, og enn, að ráð sé gert fyrir lækkun örorkubóta, vegna þess að þær eru skattfrjálsar, en það valdi allt að 10% mismun.

Með tilliti til þessa svo og annars þess, sem leitt er í ljós um vinnuskilyrði stefnanda og önnur kjör, er hér skipta máli, þykja örorkubæturnar hæfilega ákveðnar kr. 7000.00.

Um 4. lið: Stefnandi lá, eins og áður segir, rúmfastur í á að gizka 6 mánuði, og samkvæmt vottorði læknis hans, var það samfelld lega á bakinu og án hreyfingar. Þá er það ljóst af vottorðum lækna, að stefnandi er enn haldinn þreytuverkjum og stirðleika í baki, og telja þeir hann verða að búa við það framvegis. Samkvæmt þessu þykja bæturnar til stefnanda samkvæmt þessum lið hæfilega metnar kr. 2500.00.

Málalok verða því þau, að stefndur verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 97.00 + kr. 7000.00 + kr. 7000.00 + kr. 2500.00, eða samtals kr. 16597.00 með 5% ársvöxtum frá 25. apríl 1942 til greiðsludags, en þann dag var stefna fyrst gefin út í máli, er reis af slysi þessu. Það mál var hafið í nóvembermánuði s. l. með samkomulagi aðilja og dómara, vegna formgalla á meðferð þess. Þá ber stefndum og að greiða stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 1150.00.

Árni Tryggvason settur borgardómari hefur kveðið upp dóm þenna.

Því dæmist rétt vera:

Stefndir, Strætisvagnar Reykjavíkur h/f, greiði stefnanda, Ágúst Eiríkssyni, kr. 16597.00 með 5% ársvöxtum frá 25. apríl 1942 til greiðsludags og kr. 1150.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 21. febrúar 1945.

Nr. 122/1944. **Daníel Ólafsson f. h. erfingja Jóns Daníelssonar** (Theódór B. Lindal)

gegn

Thorvaldsensfélaginu og gagnsök (Sveinbjörn Jónsson).

Útburðarmál. Ómerking vegna galla á málsmeðferð.

Dómur hæstaréttar.

Unnsteinn Beck, fulltrúi borgarfógeta, hefur farið með mál þetta.

Hinn 13. júní f. á. var krafizt útburðar á hendur gerðarþolanda í máli þessu. Var hvorki þá né á dómþingum 18. júlí, 4., 11. og 18. ágúst lögð fyrir dóm nokkur greinargerð um málið. Á dómþingi 25. ágúst kom fram fyrst greinargerð af hendi gerðarþolanda, síðan sókn frá gerðarbeiðanda, þá enn önnur greinargerð gerðarþolanda, og því næst fékk gerðarbeiðandi á sama dómþingi skráð svar sitt í þingbók við síðari greinargerð gerðarþolanda, og loks er skráð andsvar gerðarþolanda. Eftir þetta var málinu frestað til 30. ágúst. Lét gerðarþolandi þá enn skrá athugasemdir sínar í þingbók, og þar voru því næst skráðar athugasemdir gerðarbeiðanda. Að því loknu var málið tekið til úrskurðar.

Öll meðferð málsins er með þeim hætti, sem tíðkaðist, áður en lög nr. 85/1936 komu til framkvæmdar. Greinargerðir voru ekki lagðar fram á fyrstu dómþingum, svo sem boðið er í 105. og 106. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 223. gr. sömu laga. Undan var fellt að kveða á um munnlegan eða skriflegan málflutning, sbr. 109. gr. sömu laga. Er þessi

meðferð svo andstæð nefndum lögum, að orka verður ómerkingu málsins frá því að útburðarbeiðnin var lögð fyrir fógetadóminn, og verður að vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður og öll meðferð málsins fyrir fógetadómi skal vera ómerk frá því að útburðarbeiðni var lögð fyrir dóm, og vísast málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 30. september 1944.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 30. f. m., hefur gerðarbeiðandi, stjórn Thorvaldsensfélagsins f. h. þess félags, krafizt þess, að gerðarþolar, erfingjar Jóns kaupmanns Daníelssonar, verði með beinni fógetagerð sviptir umráðum húsnæðis þess, er verzlunin Havana hefur aðsetur í í húsinu nr. 4 við Austurstræti hér í bænum, og munir þeirra bornir út úr húsnæðinu, en umráð þess fengin gerðarbeiðanda í hendur. Erfingjar Jóns Daníelssonar eru taldir vera: dr. Ólafur Daníelsson, Laugavegi 40, Kristín Daníelsdóttir, Tjarnargötu 10, bæði hér í bænum, og 3 börn Sigrúnar Daníelsdóttur, sem nú er látin, þau Daníel Hannesson, Jóhanna Hannesdóttir og Ellen Hannesdóttir, öll búsett í Ameríku.

Gerðarþolar hafa mótmælt framgangi hinnar umbeðnu gerðar, og lögðu aðiljar málið undir úrskurð fógetaréttarins.

Hvor aðilja um sig hefur krafizt málskostnaðar.

Jón Daníelsson mun hafa eignazt verzlunina Havana árið 1932 og rekið hana frá þeim tíma til dánardags, 21. marz s. l., sem fullábyrgur einkaeigandi. Mun verzlunin allan þann tíma hafa verið rekin í hinu umdeilda húsnæði. Gerðarþolar hafa haldið því fram, að gerður muni hafa verið skriflegur leigusamningur um húsnæðið, sem m. a. áskildi 4 mánaða uppsagnarfrest miðað við 20. eða 22. apríl. Fyrirsvarsmenn gerðarbeiðanda kveða sér ekki kunnugt um, að slíkur samningur hafi verið gerður.

Eftir lát Jóns Daníelssonar, tók skiptaréttur Reykjavíkur bú hans til meðferðar. Var búið skrifað upp og virt, og venjuleg innköllun gefin út til erfingja og skuldheimtumanna. Var innköllunin seinast birt 26. apríl s. l.

Með bréfi til skiptaráðandans í Reykjavík, dags. 4. apríl s. l., tilkynnti gerðarbeiðandi, að hann teldi leigumálanum um hið umdeilda húsnæði slitið og krafðist, að það yrði rýmt. Á skiptafundi 7. júní s. l. óskuðu erfingjarnir, sem gengizt höfðu við arfi og skuldum, að fá búið framselt til einkaskipta. Kröfulýsingarfrestur var þá ekki liðinn, og taldi skiptaráðandi því ekki rétt að verða við þessari ósk þeirra að svo stöddu, en gaf hins vegar tveimur umboðsmönnum erfingjanna, sem mættu á skiptafundinum, fullt umboð til að ráðstafa vörubirgðum búsins, áhöldum og innanstokksmunum. Munir þessir voru geymdir í hinu umdeilda húsnæði, og fengu umboðsmenn erfingjanna lykla þess í hendur. Mun það hafa verið skömmu eftir skiptafund þann, er áður getur, að verzlunin Havana var opnuð að nýju í sínum fyrri húsakynnum fyrir forgöngu erfingjanna eða umboðsmanna þeirra. Gerðarbeiðendur telja, að erfingjunum hafi verið óheimilt að taka húsnæði það, er arfláti hafði haft á leigu, til afnota án samþykkis leigusala og óskuðu því útburðar á þeim með beiðni um gerð þessa, dagsettri 13. júní s. l.

Gerðarbeiðandi byggir kröfur sínar á því, að við fráfall leigutaka, Jóns Daníelssonar, hafi leigumálinn um hið umdeilda húsnæði fallið niður, og sé sér óskylt að framlengja hann við erfingjana. Telur gerðarbeiðandi, að leigumálinn hafi verið gerður við Jón Daníelsson persónulega, en ekki verzlunina Havana sem firma, enda hafi firmað verið einkaeign Jóns. Hefur gerðarbeiðandi þessu til stuðnings einnig bent á, að kvittanir fyrir leigugreiðslum hafi ávallt verið gefnar út á nafn Jóns Daníelssonar, en ekki verzlunarinnar Havana.

Gerðarþolar byggja mótmæli sín gegn framgangi gerðarinnar á því fyrst og fremst, að verzlunin Havana sé leigutaki hins umdeilda húsnæðis, en hún hafi við fráfall eigandans orðið eign erfingja hans með öllum þeim réttindum, sem henni til heyrðu, og þá m. a. leiguréttindunum að hinni umdeildu íbúð. Enn fremur telja gerðarþolar, að þeim beri undir öllum kringumstæðum uppsagnarfrestur á hinu umdeilda húsnæði, og telja sig sem erfingja ekki eiga að vera verr setta en bú gjaldþrota manns er samkvæmt 18. grein gjaldþrotaskiptalaganna. Halda gerðarþolar því fram, að samið hafi verið um 4 mánaða uppsagnarfrest á hinu umdeilda húsnæði, miðað við 20. eða 22. apríl, og telja gerðarbeiðanda bundinn af því ákvæði gagnvart sér.

Hinn 7. þ. m., eftir að mál þetta var tekið til úrskurðar, var skiptum í dánarbúi Jóns Daníelssonar lokið að fullu í skiptarétti Reykjavíkur og arfahlutar greiddir út.

Þar sem verzlunin Havana var einkaeign Jóns Daníelssonar og hann bar fulla ábyrgð á skuldbindingum hennar, verður ekki annað séð en að afstaða hans gagnvart leigusala viðvíkjandi húsnæði

verzlunarinnar sé sú sama og verið hefði um hvert annað húsnæði, sem hann hefði haft á leigu til eigin afnota, enda mun hann hafa búið í nokkrum hluta hins umdeilda húsnæðis. Afnotarétt sinn af leiguhúsnæði getur leigutaki jafnaðarlega ekki fengið öðrum í hendur án samþykkis leigusala, og verður samkvæmt því að líta svo á, að leigusala sé heldur ekki skylt að hlíta því, að erfingjar, sem ekki hafa áður haft nein afnot hins leigða húsnæðis, gangi inn í leigumála arfláta í hans stað. Verður af þessum ástæðum að líta svo á, að gerðarþolar máls þessa hafi ekki leigurétt að hinu umdeilda húsnæði, og ber því að leyfa framgang hinnar umbeðnu gerðar.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dráttur sá, sem orðið hefur á uppkvaðningu úrskurðar þessa, stafar af miklum önnum í fógetaréttinum í sambandi við útburðarmál nú í kringum flutningsdag á hausti.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna gerð skal fara fram á ábyrgð gerðarbeiðanda. Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 23. febrúar 1945.

Nr. 12/1945. **Valdstjórnin** (Egill Sigurgeirsson)
gegn
Konráði Guðmundssyni (Ólafur Þorgrímsson).

Brot á reglum um verðlag.

Dómur hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma kærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 450.00 til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Kærði, Konráð Guðmundsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Egils Sigurgeirssonar og Ólafs Þorgrímssonar, kr. 450.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 17. janúar 1945.

Ár 1945, miðvikudaginn 17. janúar, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu sakadómara af fulltrúa hans, Valdimar Stefánssyni, uppkveðinn dómur í málinu nr. 145/1945: Valdstjórnin gegn Konráði Guðmundssyni, sem tekið var til dóms 15. sama mánaðar.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Konráði Guðmundssyni bifreiðarstjóra, til heimilis á Njálsgötu 8 B hér í bæ, fyrir brot gegn verðlagslöggjöfinni. Kærður er kominn yfir lögaldur sakamanna. Hinn 10. nóvember 1937 var hann kærður fyrir vanskil yfirsængur, en henni var skilað og féll þá málið niður. Hinn 19. febrúar 1944 var hann dæmdur í 10 daga varðhald og sviptur ökuréttindum í 3 mánuði fyrir ölvun við bifreiðaakstur.

Bifreiðarstjórafélagið Hreyfill ákvað á s. l. hausti, að hinn 17. desember 1944 skyldi ganga í gildi hér í bæ ný gjaldskrá fyrir leigubifreiðar til mannflutninga, allmiklu hærri en sú gjaldskrá, sem í gildi hafði verið frá því á árinu 1942. Var hin nýja gjaldskrá gefin út og afhent bifreiðarstjórum á bifreiðastöð samvinnufélagsins Hreyfils, þar á meðal kærðum, en þaðan ekur hann leigubifreiðinni R 453. Hinn 18. f. m. ók kærður í nefndri bifreið tvær ferðir innanbæjar, og kostaði önnur kr. 5.00, en hin kr. 8.00. Er viðurkennt, að eftir gjaldskránni frá 1942 hafi ferðir þessar átt að kosta kr. 3.00 sú fyrrnefnda, en kr. 6.00 sú síðarnefnda. Yfir þessari verðlagningu ferðanna kærði verðlagsstjóri hinn 21. f. m. Telur hann hækkun gjaldskrárinnar án samþykkis Viðskiptaráðs brjóta í bág við 7. gr. verðlagslaganna nr. 3 13. febrúar 1943. Af hálfu kærðs er krafizt sýknu, í fyrsta lagi sökum þess, að hann sé hér eigi réttur aðili, heldur stjórn bifreiðarstjórafélagsins Hreyfils, sbr. 3. gr., 1. mgr., laga nr. 80 11. júní 1938, og í öðru lagi af því

að ákvarðanir bifreiðarstjórafélagsins um ökugjaldskrána sé undanþegin valdi Viðskiptaráðs samkvæmt niðurlagi 1. gr. verðlagslaganna. Á þessar sýknuástæður þykir eigi verða fallizt. Verður að líta svo á, að ákvarðanir um gjaldskrá leigubifreiða sé innan valdsviðs Viðskiptaráðs, samkvæmt 1. gr. verðlagslaganna, og hafi því nýja gjaldskráin verið ólöglega sett, þar sem hún var eigi samþykkt af Viðskiptaráði. Með því að fara eftir þessari nýju, ólögmætu hækkuðu gjaldskrá í áðurnefndum ferðum hefur kærður brotið 7. gr. verðlagslaganna. Þykir refsing hans samkvæmt 9. gr., 2. mgr., sömu laga eftir atvikum hæfilega ákveðin kr. 100.00 til ríkissjóðs, og komi 5 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærðan ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Ólafs Þorgrímssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 300.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Kærður, Konráð Guðmundsson, greiði 100 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 5 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærður greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ólafs Þorgrímssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 300.00.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 26. febrúar 1945.

Nr. 91/1944. **Leifur Böðvarsson** (Einar B. Guðmundsson)
gegn
Ólafi Pálssyni (Egill Sigurgeirsson).

Þóknun fyrir milligöngu við sölu skips.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefndu 10. júlí 1944, hefur aðallega krafizt algerrar sýknu af kröfum stefnda, en til vara, að honum verði dæmt að greiða stefnda aðeins 2000.00 kr. vaxtalaust. Svo krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar, hvernig sem málalok verði.

Stefndi krefst staðfestingar á héraðsdóminum og málskostnaðar fyrir hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Með því að fallast má á forsendur og niðurstöðu héraðsdóms, ber að staðfesta hann.

Samkvæmt þessum málalokum verður að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir hæstarétti, er þykir hæfilega ákveðinn 800 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Leifur Böðvarsson, greiði stefnda, Ólafi Pálssyni, 800 kr. í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. júní 1944.

Mál þetta, sem dómtekið var 24. f. m., hefur Ólafur Pálsson, fyrrum framkvæmdarstjóri hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu eftir árangurslausa sáttaumleitun með stefnu útgefinni 13. marz s. l. gegn Leifi útgerðarmanni Böðvarssyni á Akranesi og krafizt þess, að stefndur verði dæmdur til greiðslu kr. 7000.00, eða annarrar lægri fjárhæðar, auk 6% ársvaxta frá 17. september 1942 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndur hefur krafizt sýknu og málskostnaðar að mati dómara.

Málavexti kveður stefnandi þessa:

Hinn 8. ágúst 1942 voru aðiljar staddir í skrifstofu kunningja síns, og hafði stefndur þá orð á því, að hann vildi selja skip sitt Fagranes. Var honum þá gefið í skyn, að Djúpbátsfélag Ísfirðinga vantaði skip, og sagði stefndur þá, að stefnandi skyldi selja félaginu skipið, og er stefnandi spurði, hvað það ætti að kosta, svaraði stefndur, að hann skyldi láta kaupendurna bjóða. Skildi stefnandi þetta svo, að sér væri falin sala skipsins, þótt hann teldi eigi líkur til, að það tækist.

Samdægurs reyndi stefnandi að ná tali af Torfa Hjartarsyni, þá bæjarfógeta á Ísafirði, en ekki varð af því árangur fyrr en tveim dögum síðar. Sagði stefnandi bæjarfógetanum þá, að skip stefnds væri falt og að sér hefði verið falin sala þess. Sagði stefnandi stefndum, er þeir hittust næst, að kaup á skipinu væri til athugunar vestra. Í ágústlok átti stefnandi enn tal við Torfa og gekk eftir svörum af hálfu hinna væntanlegu kaupenda, og varð það til

þess, að Torfi kom hingað til bæjarins við annan mann í umboði Djúpbátsfélagsins til samningaumleitana. Hinn 3. september komu aðiljar og umboðsmenn kaupenda á fund saman í gistihúsherbergi stefnanda. Bauð Torfi stefndum kr. 300000.00 fyrir skipið, en stefndur lét það falt fyrir 350 þús. Féllst stefndur á það, að tilboð þetta mætti standa í 14 daga. Eftir það ræddust menn við um fylgifé skipsins. Áður hafði fram farið skoðun á skipinu, og framkvæmdi hana Pálmi Loftsson forstjóri að beiðni umboðsmanna Djúpbátsins. Að viðræðum loknum samdi stefnandi frumdrætti að kaupsamningi í samráði við umboðsmenn kaupanda og bar þá síðan undir stefndan, er gerði sínar athugasemdir og breytingartillögur, m. a. um söluástand skipsins og greiðsluskilmála kaupverðsins. Er leið að lokum tilboðsfrestsins, gekk stefnandi frá hreinritun samningsins og skrám um fylgifé skipsins, og var samningurinn síðan undirritaður af stefndum og umboðsmönnum kaupenda í herbergi stefnanda hinn 16. sept. 1942.

Fyrir milligöngu sína telur stefnandi sig eiga rétt til sölulauna úr hendi stefnds. Kveður hann kröfu sinni um 2% af söluverði skipsins mjög í hóf stillt, þar eð venja sé, að laun fyrir skipasölu nemi 3—5% af söluverði. Hins vegar hafi stefndur reynzt ófáanlegur til að greiða nokkur sölulaun fyrst í stað, en hafi þó síðar boðizt til að greiða kr. 2000.00, en því boði vildi stefnandi eigi una og höfðaði því mál þetta.

Stefndur byggir sýknukröfu sína á því, að hann hafi aldrei falið stefnanda sölu skipsins. Skýrir hann svo frá, að kaupendum skipsins hafi staðið skipið til boða frá því á árinu 1935, svo fremi viðunandi tilboð kæmi frá þeim. Síðari hluta ágústmánaðar 1942 hafi Pálmi Loftsson komið til sín í umboði Djúpbátsfélagsins, skoðað skipið ásamt sér hér í höfninni, látið í ljósi það álit sitt, að kaupendum myndi reynast vel skipið, og innt hann eftir söluverði. Hafi hann þá færzt undan að taka til nokkurt verð og talið það hlutverk kaupanda að gera kauptilboð. Í septemberbyrjun hafi samningamenn kaupenda komið í bæinn, og hafi þeir svo átt fund saman hjá stefnanda, en stefndur kveðst hafa talið hann eins konar aðstoðarmann kaupanda, enda hafi hann áður haft á hendi afgreiðslustörf fyrir þá. Auk þess telur stefndur, að stefnandi hafi ekki komið fram gagnvart kaupendum sem umboðsmaður sinn, enda hafi honum verið alls ókunnugt um mikilvægustu atriði, er kaupin varðaði, svo sem söluverð, greiðsluskilmála, söluástand skipsins og fylgifé. Þá hefur stefndur og bent á, að stefnandi hefur eigi löggildingu til fasteignasölu og eigi hann því eigi kröfu til hámarkslauna (2%), hvernig sem annars yrði litið á rétt hans. Loks kveðst stefndur eigi hafa boðið stefnanda fyrrgreindar kr. 2000.00 sem viðurkenningu á rétti hans til sölulauna, heldur einungis til að losna við frekara þref.

Gegn eindregnum andmælum stefnds er ekki sönnuð sú staðhæfing stefnanda, að honum hafi verið falið umboð til sölu skipsins, enda hefur maður sá, er viðstaddur var samtal aðiljanna, borið hér fyrir dómi, að hann muni ekkert um efni þeirra umræðna, er þá fóru fram. Hins vegar þykir nægilega ljóst af því, sem fram hefur komið í málinu, þar á meðal vottorðum umboðsmanna kaupenda, að stefnandi hefur komið á sambandi því með kaupendum og seljanda skipsins, sem síðan leiddi til samninga. Þá er og eigi annað í ljós leitt en að stefndum hafi í upphafi verið ljóst þetta starf stefnanda, án þess að gera við það athugasemdir eða amast við því. Með tilliti til þessa þykir stefnandi eiga rétt til nokkurrar þóknunar úr hendi stefnds fyrir þessi störf sín, og þykir hún með hliðsjón af öllu framanrituðu hæfilega ákveðin kr. 4000.00.

Málalok verða því þau, að stefndum verður gert að greiða stefnanda kr. 4000.00 með 5% ársvöxtum frá sáttakærudegi, 24. marz 1943, til greiðsludags og málskostnað, sem ákveðst kr. 500.00.

Árni Tryggvason, settur borgardómari, kvað upp dóm þenna, en uppsaga hans hefur dregizt nokkuð af völdum mikilla embættisanna dómara.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Leifur Böðvarsson, greiði stefnanda, Ólafi Pálssyni, kr. 4000.00 með 5% ársvöxtum frá 24. marz 1943 til greiðsludags og kr. 500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 28. febrúar 1945.

Nr. 118/1944. **Jón Lýðsson** (Einar B. Guðmundsson)
gegn
Lofti Sigurðssyni og gagnsök
(Sveinbjörn Jónsson).

Skaðabótamál vegna umferðarslyss.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 3. okt. 1944. Krefst hann aðallega algerrar sýknu af kröfum gagnáfrýjanda, en til vara, að fjárhæð sú, er honum var dæmt að greiða með héraðsdómi, verði lækkuð til muna eftir mati hæstaréttar. Svo krefst hann og málskostn-

aðar úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi, sem skotið hefur málinu til hæstaréttar með stefnu 14. okt. 1944, krefst þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 33633.00 með 6% ársvöxtum frá 29. febr. 1944 til greiðsludags svo og málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann, þó svo, að vaxtahæðin verði 6%.

Eftir atvikum þykir rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda kr. 800.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að vaxtahæðin verði 6%.

Aðaláfrýjandi, Jón Lýðsson, greiði gagnáfrýjanda, Lofti Sigurðssyni, kr. 800.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 19. september 1944.

Mál þetta, sem dómtekið var 15. þ. m., hefur Loftur Sigurðsson húsgagnasmiður hér í bæ höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 20. marz s. l. gegn Jóni Lýðssyni kaupmanni, Grettisgötu 73 hér í bænum, *aðallega* til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 33633.00 ásamt 6% ársvöxtum frá sáttakærudegi, 29. febrúar 1944, til greiðsludags og málskostnaðar að mati dómarans, til *vara* hefur stefnandi krafizt skaðabóta að mati dómarans.

Stefndur hefur *aðallega* krafizt sýknu af kröfum stefnanda, en *til vara* að kröfur hans yrðu lækkaðar og að sök á síðargreindu slysi yrði skipt milli aðilja. Þá hefur stefndur krafizt málskostnaðar sér til handa að mati dómarans.

Málavextir eru þeir, að því er stefnandi skýrir frá, að um morguninn þann 8. janúar 1942, þegar hann kom til vinnu sinnar að Vatnsstíg 3 hér í bænum, varð hann þess var, að hann hafði týnt nestisböggli sínum á leiðinni. Fór stefnandi þá að leita að bögglinum og gekk niður Laugaveg á hægri gangstétt. Er hann kom á móts við húsið nr. 29 við Laugaveg (Verzlunina Brynju), sá hann

böggulinn liggja á götunni rúman meter frá gangstéttinni. Gekk stefnandi þá út á götuna til þess að ná í böggulinn, en í því að hann beygði sig niður til þess að taka hann upp, kom stefndur á reiðhjóli niður Laugaveg og rakst á stefnanda, er féll á götuna, og brotnaði við þetta hægri lærleggsháls hans. Mun klukkan hafa verið um 7.50, þegar slysið varð. Stefnandi var þegar fluttur á sjúkrahús, og lá hann þar til 15. marz s. á. að hann fór heim og lá þar til 15. apríl s. á., en þá fór hann að klæðast og mun hafa litils háttar byrjað að vinna í byrjun september s. á. Telur stefnandi, að stefndur eigi alla sök á slysi þessu, þar sem hann hafi hjólað á hægri vegarhelmingi og auk þess hafi hann haft nægilegt svigrúm til að víkja til hliðar, áður en áreksturinn varð, en engin umferð hafi verið á götunni um þetta leyti. Þá hefur stefnandi talið, að stefndur hafi hjólað óhæfilega hratt og ekki hringt bjöllu reiðhjólsins, er hann nálgaðist. Þar sem stefndur eigi þannig alla sök á, hvernig fór, beri honum því að bæta allt það tjón, er af hlauzt.

Stefndur hefur skýrt svo frá atburðum þessum, að um kl. 7.40 þann 8. janúar 1942 hafi hann farið á reiðhjóli sínu niður Laugaveg. Veður hafi verið þurrt, engin hálka og bjart af tunglskini. Kveðst stefndur hafa hjólað á vinstri vegarhelmingi. Er hann var kominn á móts við húsið nr. 29 við Laugaveg, kveðst hann hafa séð mann ganga af hægri gangstétt út á götuna og hafi hann gengið hratt 3—4 skref. Kveðst stefndur hafa haldið, að hann ætlaði yfir götuna, og þess vegna vikið til hægri til þess að fara fyrir aftan hann og forðast þannig árekstur. Í því hafi maðurinn staðnæmzt skyndilega og beygt sig niður, og hafi þá reiðhjólið rekizt í hann, enda enginn tími til að víkja eða stöðva hjólið. Hafi stefnandi þá fallið í götuna og meiðzt, svo sem áður greinir.

Sýknukröfu sína byggir stefndur á því, að hann eigi enga sök á, hvernig fór, heldur hafi áreksturinn orsakazt af ógætni stefnanda sjálfs, þar sem hann hafi gengið án athugunar út á götuna og staðnæmzt á henni miðri, en þarna sé einstefnuakstur, auk þess sem gatan hafi þarna aðeins verið 5,75 m á breidd, þar sem vinstra megin við hana hafi verið hús í byggingu og þar reistur garður úr timbri út á götuna. Kröfu sína um, að sök verði skipt, byggir stefnandi á því, að báðir aðiljar eigi nokkra sök á árekstrinum.

Svo sem að framan greinir varð nefndur árekstur á allbreiðri götu, þar sem engin önnur umferð var í þetta sinn. Stefndur hefur viðurkennt að hafa séð stefnanda ganga út á götuna nokkru áður en áreksturinn varð, og bar honum þá að draga úr hraða hjólsins, svo að hann gæti stöðvað það þegar í stað, ef ástæða yrði til (sbr. 4. gr. umferðalaga nr. 24 1941). Þá gaf stefndur ekki hljóðmerki, svo sem honum þó bar samkvæmt ákvæðum b-liðs 50. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur (sbr. og 11. gr. umferðarlaganna). Með

tilliti til þess verður að telja, að stefndur eigi sök á árekstrinum, og verður því sýknukrafa hans ekki tekin til greina.

Hins vegar verður að telja, að stefnandi hafi heldur eigi hagað sér svo sem honum bar, þar sem hann fór út á götu, þar sem vænta má mikillar umferðar, án þess að gæta vel að farartækjum, og auk þess staðnæmdist á götunni, sem honum bar þó sérstaklega að varast, sbr. ákvæði 2. mgr. 29. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur (sbr. og 13. gr. umferðarlaganna).

Með tilvísun til alls þessa þykja báðir aðiljar eiga sök á nefndu slysi, og þykir rétt að skipta sök þannig, að stefnandi teljist eiga að bera ⅓ hluta sakarinnar, en stefndur ⅔. Ber því stefndum að bæta stefnanda ⅔ hluta þess tjóns, er hann hefur hlotið.

Skaðabótakröfu sína sundurliðar stefnandi þannig:

1.	Kaup í 6 mánuði, kr. 1200.00 á mánuði	kr.	7200.00
2.	Kaup í 2 mánuði, kr. 960.00 á mánuði	—	1920.00
3.	Kaup í 2 mánuði, kr. 720.00	—	1440.00
4.	Örorkubætur	—	20000.00
5.	Nuddaðgerðir	—	500.00
6.	Akstur að og frá sjúkrahúsi	—	13.00
7.	Myndataka	—	20.00
8.	Læknisskoðun	—	40.00
9.	Tap á verzlun	—	2500.00
		Alls kr.	33633.00

Um 1—3. Svo sem að framan greinir, lá stefnandi rúmfastur þar til nálægt 15. apríl 1942 og hóf vinnu í september s. á. Vann hann þá 3—4 klukkustundir á dag. Fyrsta október s. á. hóf stefnandi vinnu fyrir alvöru og vann þá 7—8 tíma á dag, og í nóvember s. á. vann hann um 9 tíma á dag.

Þann 11. október 1942 skoðaði Jóhann Sæmundsson tryggingaryfirlæknir stefnanda og mat örorku hans þannig: í 6 mánuði frá slysinu 100% örorku, í næstu 2 mánuði 80% örorku, í næstu 2 mánuði 60% örorku, en úr því 10% varanlega örorku.

Stefnandi er húsgagnasmiður, sem var 67 ára að aldri, er slysið varð, og þá, að því er virðist, heilsuhraustur. Hafði stefnandi vinnu hjá fyrirtæki einu hér í bænum, og virðist kaup hans á árinu 1942 mundu hafa numið um 14000.00 krónum, ef ekkert hefði komið fyrir. Þar sem stefnandi er gamall maður, þykir þó verða að gera ráð fyrir nokkrum fjarvistardögum frá vinnu, og verður tekið tillit til þess við ákvörðun bótanna.

Með tilliti til þessa svo og annarra atriða, er þýðingu hafa að þessu leyti, þykja bætur samkvæmt þessum liðum hæfilega ákveðnar kr. 8000.00, og ber stefndum að greiða ⅔ hluta þar af, eða kr. 5333.33.

Um 4. Svo sem að framan greinir, hefur varanleg örorka stefn-

anda verið metin 10%, enda er hann nokkuð haltur vegna meiðslanna. Með tilvísun til þess, er áður greinir um aldur og hagi stefnanda, þá þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega metnar kr. 6000.00, og eru þar með taldar þjáningarbætur. Samkvæmt áður rituðu ber stefndum að greiða ⅔ hluta af þeirri fjárhæð, eða kr. 4000.00.

Um 5., 6., 7. og 8. Liðir þessir eru viðurkenndir, og ber stefndum þá að greiða ⅔ hluta þeirra, eða kr. 382.00.

Um 9. Stefnandi kveðst hafa verzlað að undanförnu með harðvið. Hafi hann, er slysið varð, verið nýbúinn að fá viðarsendingu, en vegna veikinda sinna hafi hann neyðzt til að selja hana á innkaupsverði og þannig misst af hagnaði, er hafi numið um kr. 1500.00. Þá kveðst stefnandi hafa tapað um kr. 500.00 á því að hafa ekki getað annazt viðskipti sem þessi, meðan hann lá veikur, auk 500 króna tjóns vegna eyðileggingar á tilteknum smíðisgripum.

Stefndur hefur mótmælt þessum kröfulið sem röngum og sér óviðkomandi.

Þar sem eigi hafa verið færð fram nægileg gögn fyrir þessum kröfulið af hálfu stefnanda, verður hann eigi tekinn til greina gegn mótmælum stefnds.

Málalok verða því þau, að stefndur verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 9715.33 (5333.33 + 4000.00 + 382.00) með vöxtum, er ákveðast 5% p. a. og reiknast frá sáttakærudegi.

Þá þykir og rétt, að stefndur greiði stefnanda málskostnað, er ákveðst kr. 800.00.

Árni Tryggvason borgardómari kvað upp dóm þenna.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Jón Lýðsson, greiði stefnanda, Lofti Sigurðssyni, kr. 9715.33 með 5% ársvöxtum frá 29. febrúar 1944 til greiðsludags og kr. 800.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 28. febrúar 1945.

Nr. 147/1944. **Gísli Indriðason**
gegn
Bæjarsjóði Ísafjarðar.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Gísli Indriðason, er eigi mætir í málinu, greiði

50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Bæjarsjóði Ísafjarðar, sem hefur látið mæta í málinu og krafizt ómaksbóta, kr. 40.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 28. febrúar 1945.

Nr. 10/1945. **Óskar Petersen**
gegn
Páli Þorleifssyni.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Óskar Petersen, sem eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 2. marz 1945.

Kærumálið nr. 1/1945. **Hrafn Jónsson**
gegn
Valdimar Þorsteinssyni.

Ákvörðun um, hvort mál skuli flytja munnlega eða skriflega.

Dómur hæstaréttar.

Með kæru 10. febr. 1945, hingað kominni 20. s. m., hefur sóknaraðili kært úrskurð borgardómara, uppkveðinn 10. s. m., þar sem varnaraðilja var leyfður skriflegur flutningur máls milli aðilja fyrir bæjarþingi Reykjavíkur. Sakaratvik eru þau, að varnaraðili var með dómi bæjarþings Reykjavíkur 7. júní 1944 dæmdur til að greiða sóknaraðilja kr. 934.50 með vöxtum og kr. 275.00 í málskostnað. Síðan galt varnaraðili dómkröfuna að málskostnaði undanteknum, er

umboðsmaður sóknaraðilja tjáir sig hafa gleymt. Og höfðaði sóknaraðili með stefnu 20. jan. 1945 mál fyrir bæjarþinginu til viðurkenningar á því, að honum sé heimilt að gera fjárnám til tryggingar nefndum kr. 275.00, enda þótt umboðsmaður hans hafi kvittað fyrirvaralaust fyrir greiðslu dómkröfunnar með vöxtum og kostnaði af fógetagerð. Hefur sóknaraðili krafizt ógildingar á hinum kærða úrskurði og að munnlegur málflutningur verði ákveðinn og að varnaraðilja verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti. Af hendi varnaraðilja hefur hæstarétti engin greinargerð borizt.

Sakaratriði virðast vera svo ljós og óbrotin, að varnaraðilja, þótt ólöglærður sé, hlýtur að vera auðvelt að gera dómara skiljanlegt sjónarmið sitt og kröfur sínar í máli þessu, og þykir því ástæðulaust að leyfa skriflegan flutning þess. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

Eftir þessum málalokum þykir rétt að dæma varnaraðilja til þess að greiða sóknaraðilja málskostnað fyrir hæstarétti, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 150.00.

Því dæmist rétt vera:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

Varnaraðili, Valdimar Þorsteinsson, greiði sóknaraðilja, Hrafni Jónssyni, 150.00 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 10. febrúar 1945.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 8. þ. m., hefur Hrafn Jónsson bifvélavirki, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu að undangenginni árangurslausri sáttaumleitun gegn Valdimar Þorsteinssyni múrarameistara, Barónsstíg 41 hér í bænum.

Hefur stefnandi gert þær dómkröfur, *að* viðurkennt verði, að honum sé heimilt að gera fjárnám fyrir málskostnaði að fjárhæð kr. 275.00, þrátt fyrir kvittun umboðsmanns síns, dags. 2. nóvember 1944, og *að* stefndur verði dæmdur til að greiða málskostnað að skaðlausu.

Stefndur hefur krafizt sýknu og málskostnaðar sér til handa.

Mál þetta var þingfest þann 25. janúar s. l., og sótti þá héraðsdómslögmaður þing af hálfu stefnds og fékk 14 daga frest til að

rita greinargerð í málinu. Þegar mál þetta kom fyrir á bæjarþinginu þann 8. þ. m., sótti stefndur sjálfur þing, lagði fram greinargerð með nokkrum gögnum og óskaði þess, að málið yrði skriflega flutt, enda mundi hann sjálfur fara með málið.

Umboðsmaður stefnanda krafðist þess hins vegar, að málið yrði flutt munnlega, og benti á, að héraðsdómslögmaður hefði sótt þing, þegar málið var þingfest, og undirbúningur málsins af hálfu stefnds bæri þess vitni, að löglærður maður hefði um það fjallað.

Þar sem stefndur, sem er ólöglærður maður og hefur ekki atvinnu af málflutningi, hefur lýst því yfir, að hann ætli að flytja mál þetta sjálfur, þykir með skírskotun til ákvæða 2. tl. 2. mgr. 109. gr. laga nr. 85 frá 1936 rétt að leyfa skriflegan málflutning í máli þessu.

Benedikt Sigurjónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Mál þetta skal skriflega flutt.

Mánudaginn 5. marz 1945.

Nr. 97/1944. **Ragnar Guðmundsson** (Eggert Claessen)
gegn
Vigfúsi Pálmasyni (Gunnar Þorsteinsson).

Útburðarmál.

Dómur hæstaréttar.

Unnsteinn Beck, fulltrúi borgarfógeta, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 14. ágúst f. á., krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað bæði fyrir fógetadómi og hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi krefst staðfestingar á úrskurðinum og málskostnaðar fyrir hæstarétti.

Áfrýjandi hafði verið leigutaki í húsinu nr. 32 við Baldursgötu frá því 1924 og verið skilamaður um greiðslu húsaleigu. Árið 1941 varð stefndi eigandi hússins. Urðu brátt ýmsar greinir með aðiljum um leigumálann, og gerði stefndi ítrekaðar, en árangurslausar tilraunir til að fá ákvörðun

húsaleigunefndar og héraðsdóms um brottvikning áfrýjanda úr húsnæðinu vegna brýnnar þarfar stefnda til þess. Því næst tók stefndi að gera áfrýjanda erfitt fyrir um greiðslu húsaleigu, sem ákveðin var af húsaleigunefnd. Áfrýjandi, sem fjarverandi var við starfa sinn, fól Pétri Jakobssyni að annast greiðslu húsaleigunnar. Pétur tilkynnti stefnda, að hann myndi vegna tregðu stefnda um viðtöku leigugjaldsins greiða það með póstávísunum, og gæti stefndi vitjað leigugjaldsins til sín, Péturs, ef stefndi vildi ekki sætta sig við þessa meðferð. Stefndi tók við póstávísunum fyrir leigu mánaðanna nóvember og desember 1943 og janúar 1944, en neitaði síðar að taka við póstávísunum fyrir leigu febrúar og marz 1944 og krafðist greiðslu beint til sín. Varð af þessu dráttur á greiðslu húsaleigu næstu mánuði. Þann 16. maí lét stefndi nafngreindan mann krefja konu áfrýjanda um húsaleiguna fyrir mánuðina febrúar—maí 1944, en vitjaði ekki greiðslu úr hendi Péturs Jakobssonar, er tjáð hafði sig reiðubúinn til að greiða fyrir áfrýjanda. Er kona áfrýjanda greiddi ekki leiguna, krafðist stefndi útburðar á hendur áfrýjanda hinn 16. maí 1944. Þegar málið kom fyrir fógetadóm 31. maí, bauð Pétur fram leigugreiðslu til maíloka, og tók stefndi við leigunni að áskildum rétti til útburðar. Þegar virtir eru málavextir, verður að ætla, að dráttur sá á leigugreiðslu, sem útburðarbeiðnin var studd við, hafi stafað aðallega af tregðu stefnda, en hvorki átt rót sína í vanvilja né vangetu áfrýjanda til að inna leigugreiðslur réttilega af hendi, og getur það því ekki varðað útburði eins og á stóð, þótt ekki væri gætt fyllilega réttra aðferða um greiðslu leigu síðustu mánuðina. Verður samkvæmt þessu að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 650.00.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur.

Stefndi, Vigfús Pálmason, greiði áfrýjanda, Ragnari

Guðmundssyni, samtals kr. 650.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 14. júlí 1944.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 26. f. m., hefur gerðarbeiðandi, Vigfús Pálmason, Baldursgötu 32 hér í bæ, krafizt þess, að gerðarþoli, Ragnar Guðmundsson, verði borinn út úr húsnæði því, er hann nú býr í í húsinu nr. 32 við Baldursgötu hér í bænum, vegna vanskila.

Gerðarþoli hefur mótmælt framgangi hinnar umbeðnu gerðar, og lögðu aðiljar málið undir úrskurð fógetaréttarins.

Málsaðiljar hafa báðir krafizt málskostnaðar.

Eftir því, sem fram hefur komið, eru málavextir þessir: Sumarið 1941 varð gerðarbeiðandi eigandi hússins nr. 32 við Baldursgötu. Var þá gerðarþoli þar leigjandi í hinni umdeildu íbúð, sem er tvö herbergi og eldhús, og hefur verið það síðan. Enginn skriflegur leigusamningur er um húsnæðið. Húsaleiga átti að greiðast mánaðarlega, og er svo að sjá sem venjan hafi verið, að hún væri greidd fyrirfram. Aðilja greinir þó á um, hvort bindandi venja hafi komizt á um þetta. Leigan mun jafnan hafa verið færð gerðarbeiðanda, þar til síðla sumars eða um haustið 1942, að hún var í einhver skipti greidd til Gunnars Þorsteinssonar hrl. á skrifstofu hans, og virðist þetta hafa stafað af neitun gerðarbeiðanda á að veita greiðslu móttöku. Um þetta leyti tók Pétur Jakobsson fasteignasali að sjá um greiðslu á húsaleigu fyrir gerðarþola, sem er sjómaður og því sjaldan heima sjálfur. Veturinn 1942—1943 fóru engar leigugreiðslur fram, og var leiga fyrir tímabilið 1. okt. 1942—31. maí 1943 ekki greidd fyrr en 5. júlí 1943. Virðist greiðsla hafa farið fram hjá gerðarbeiðanda sumarið 1943, en þá um haustið tekur gerðarþoli eða umboðsmaður hans að senda leiguna í póstávísunum og telur sig hafa gert það vegna þess, að gerðarbeiðandi hafi þá enn synjað að veita greiðslum móttöku. Tilkynnti umboðsmaður gerðarþola, Pétur Jakobsson, gerðarbeiðanda með bréfi dags. 6. nóv. s. l., að greiðslu mundi framvegis hagað á þenna hátt. Gerðarbeiðandi tók við póstávísunum þessum fram í janúar s. l., en 21. janúar ritar hann gerðarþola bréf, þar sem hann mótmælir þessum greiðslumáta og krefst þess, að framvegis verði húsaleiga greidd sér á heimili sínu á réttum gjalddögum, sem hann telur samkvæmt venju, að séu 1. hvers mánaðar og að greitt sé fyrirfram. Bréfi þessu svarar gerðarþoli með öðru bréfi dags. 1. febr. s. l. og gerir þar grein fyrir, að sökum endurtekinna synjana

gerðarbeiðanda á að veita greiðslum móttöku telji hann sig hafa rétt á að senda þær í póstávísun og tekur enn fremur fram, að þar sem enginn húsaleigusamningur sé á milli þeirra, telji hann sig ráða því, hvort hann greiði leiguna eftir á eða fyrirfram. Jafnframt þessu tekur gerðarþoli fram í bréfinu, að ef gerðarbeiðandi láti endursenda leiguna frá pósthúsinu, verði hún geymd hjá umboðsmanni sínum, Pétri Jakobssyni, og geti hann vitjað hennar þangað á skrifstofutíma hans. Þessu bréfi svarar gerðarbeiðandi aftur með bréfi dags. 14. febr. og endurtekur þar kröfu sína um, að sér sé færð leigan 1. hvers mánaðar fyrirfram og að hann telji annan greiðslumáta ófullnægjandi. Leiga fyrir mánuðina febrúar og marz var, þrátt fyrir þessi bréfaskipti, send gerðarbeiðanda í póstávísunum og var send fyrirfram í byrjun hvers mánaðar. Fyrir apríl var engin leiga send, og maíleigan hafði heldur ekki verið borin fram 12. maí s. l., en þá krafði gerðarbeiðandi konu gerðarþola um leiguna fyrir mánuðina janúar—maí s. l. og sendi með kvittun til hennar fyrir upphæðinni. Neitaði kona gerðarþola að greiða hina umkröfðu leigu og ber því við, að hún hafi aldrei haft með greiðslu á leigu að gera og því ekki vitað nema leiga sú, sem hún var krafin um, hafi þegar verið greidd.

Er mál þetta var fyrst tekið fyrir hér í réttinum 27. maí s. l., kom Pétur Jakobsson fasteignasali í réttinn og bauð fram leigu fyrir mánuðina janúar—maí s. l. Veitti umboðsmaður gerðarbeiðanda henni móttöku með fyrirvara um, að hann áskildi umbjóðanda sínum allan rétt vegna orðinna vanskila. Síðar kom í ljós, að leiga fyrir janúar hafði þegar verið innt af hendi, og var hún þá endurgreidd umboðsmanni gerðarþola.

Gerðarbeiðandi byggir útburðarkröfu sína á vanskilum gerðarþola og neitun konu hans á að greiða húsaleiguna, er hún var krafin um hana 12. maí s. l. Telur gerðarbeiðandi, að eftir að gerðarþoli fékk bréf það, er hann ritaði honum 21. jan. s. l. og áður getur, hafi gerðarþola skilyrðislaust borið að færa sér leiguna, svo sem áður hafði tíðkazt, og sé því ólöglegt greiðslutilboð af hans hálfu frá þeim tíma að senda hana í póstávísun eða vísa á hana hjá þriðja manni, enda mótmælt af hans hálfu sem ósönnuðu, að peningarnir hafi verið fyrir hendi hjá manni þeim, sem gerðarþoli hafði talið, að mundi sjá um greiðslu. Gerðarbeiðandi heldur því fram, að leiga hafi átt að greiðast fyrirfram, og telur því samkvæmt framansögðu, að gerðarþoli hafi verið í vanskilum með fjögra mánaða húsaleigu, er hann sendi beiðni um gerð þessa 16. þ. m.

Gerðarþoli byggir mótmæli sín á því, að samkvæmt því, sem á undan var gengið milli aðiljanna, hafi sér verið heimil sú aðferð, er hann beitti við framboð leigunnar. Mótmælir hann því, að sér hafi verið skylt að greiða fyrirfram, og telur því, að dráttur sá,

sem varð á að apríl-leigan var boðin fram, sé mun minni en gerðarbeiðandi telur. Greiðsluneitun konu sinnar telur gerðarþoli stafa af því, að hún hafi aldrei haft með greiðslu húsaleigunnar að gera og verið ókunnugt, hvernig sakir stóðu í þeim efnum, er hún var krafin, og því verið heimilt að neita að greiða.

Synjun gerðarbeiðanda á að veita póstávísunum, sem febrúar- og marz-leigan var send í, viðtöku firrti gerðarþola ekki þeirri skyldu að vera viðbúinn að greiða áfallna húsaleigu, er hennar var krafizt gegn fullgildri kvittun, og gaf honum heldur ekki rétt til að vísa gerðarbeiðanda á greiðslu hjá þriðja manni utan heimilis síns, enda ósannað, að leigufjárhæðin hafi legið fyrir til greiðslu hjá þeim manni.

Gerðarþoli er sjómaður, sem sjaldan er heima, og mun hending ein, ef hann er það á gjalddögum leigunnar. Þar sem gerðarbeiðandi hafði skýlaust neitað að samþykkja, að greiðslustaður leigunnar væri hjá manni þeim, er gerðarþoli hafði vísað á, og ekki er sýnt, að hægt hafi verið að ná til hans sjálfs, verður að telja, að gerðarbeiðanda hafi verið rétt að krefja konu hans um hina gjaldföllnu leigu, er hann óskaði, að hún yrði greidd, enda þótt hún hefði ekki undanfarið séð um greiðslu. Verður því að telja neitun konunnar á að greiða, er hún var krafin 12. maí s. l., hafa sama gildi og gerðarþoli hefði sjálfur verið þar að verki. Þrátt fyrir áðurgreinda kröfu gerðarbeiðanda, voru engar ráðstafanir gerðar til að koma hinni gjaldkræfu leigu til viðtakanda fyrr en 27. maí s. l. og þá hér í réttinum, eftir að útburðar hafði verið krafizt. Verður að meta þau vanskil, sem þá voru orðin, svo og tómlæti það, sem kröfu gerðarbeiðanda um greiðslu hafði verið sýnt, svo verulegar vanefndir af hálfu gerðarþola, að útburði varði, og samkvæmt því að leyfa framgang hinnar umbeðnu gerðar.

Í réttarhaldi í máli þessu 7. júní s. l. mætti af hálfu gerðarþola kona hans, Ólöf Sveinsdóttir, og lagði fram greinargerð (rskj. 8), sem hún hafði undirritað f. h. gerðarþola. Í greinargerð þessari eru nokkur ummæli, sem umboðsmaður gerðarbeiðanda telur móðgandi og meiðandi í garð umbjóðanda síns, og hefur hann krafizt, að þau verði ómerkt og gerðarþola eða konu hans gert að greiða réttarfarsekt þeirra vegna.

Ummæli þau, sem krafizt hefur verið ómerkingar á og refsingar fyrir, eru þessi:

„Strax og gerðarbeiðandi var orðinn eigandi og farinn að hefja húsaleiguna, fór hann að hafa uppi röfl um, að húsaleigan væri lítil“ ... „og viðhafði ókvæðisorð við mig og konu mína, er svo bar undir, og því varð við komið“ ... „Við þetta brá gerðarbeiðanda mikið, tók ógleði, var naumast mönnum sinnandi, fékk sér sjúkrahúsvistir og sýndi mörg einkenni hins sálarsjúka manns“ ... „Við þetta varð gerðarbeiðandi svo reiður, að hann sleppti allri

rósemi hins háttprúða manns, virtist lítið gæta að, hvar hann var staddur, en hellti hinum viðbjóðslegustu orðum yfir húsaleigunefndina og það í svo stórum stíl, að hún gat ekki leitt þau hjá sér, heldur tók þau undir votta í gerðarbókina og kærði gerðarbeiðanda fyrir sakadómara og mun hann vera búinn að fá réttlátan refsidóm fyrir þennan munnsöfnuð sinn" ... „gerðarbeiðandi væri með alls konar ruddaskap í orðum og viðmóti, og vildi hún því ekkert hafa með hann að gera" ... „Sumarið 1943 skikkjaðist gerðarbeiðandi við að taka við húsaleigunni, en þó með alls konar undanbrögðum, ónotum og kjánagangi, sem maður á ekki að venjast hjá siðmenntuðum mönnum" ... „gerðarbeiðandi hefur á allan hátt reynt að skaprauna mér með ósæmilegri framkomu síðan" ... „að hækka húsaleiguna eftir eigin vild út í okur og óleyfilegheit og hvernig hann hefur með lævísi og ósannindum reynt að blekkja húsaleigunefndina og villa henni sýn, til þess að fá hana til að dæma mig út úr íbúðinni, og er mér ekki kunnugt um, að nokkur húseigandi hafi lagzt svo lágt að narra lítilsigldu stúlku til þess, frammi fyrir dómstóli, að lýsa yfir trúlofun sinni við mann og væntanlegri giftingu, bara til að blekkja dómsvaldið og þannig koma ár sinni fyrir borð með ósannindum, en þetta hefur gerðarbeiðandi allt talið samboðið sinni miklu virðingu" ... „og segja má gerðarbeiðanda það til verðugs lofs, að ekki hefur hann verið svo ónærgætinn við þjóðfélagið að auka kyn sitt" ... „Hitt vakir að sjálfsögðu fyrir gerðarbeiðanda og hefur ávallt vakað fyrir honum, allan þann tíma, sem hann hefur stritazt við að koma mér út, að okra húsnæði þetta út við fólk, sem í húsnæðisvandræðum væri."

Í réttarhaldi 21. júní s. l. mætti gerðarþoli sjálfur og lagði framhaldsgreinargerð, er hann hafði undirritað sjálfur. Mótmælir hann þar ómerkingar- og refsikröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og leitast við að færa sönnur að nokkrum af ummælum þeim, sem meiðandi og móðgandi höfðu verið talin.

Greinargerðin á rskj. 8 var undirrituð og lögð fram af konu gerðarþola sem málflutningsumboðsmanni hans, og ósannað er, að hann hafi átt nokkurn þátt í samningu hennar eða verið efni hennar kunnugt í fyrstu.

Gerðarþoli hefur síðar í greinargerðinni á rskj. 12 tileinkað sér nokkur af hinum tilfærðu ummælum með því að reyna að sýna fram á rétmæti þeirra, en þar sem það virðist í þeim tilgangi einum gert að firra sjálfan hann eða konu hans réttarfarssekt þeirra vegna, verður þessi þátttaka hans í þeim ekki metin honum til sektar.

Þar sem fallast verður á, að hin tilfærðu ummæli séu mjög móðgandi og meiðandi í garð gerðarbeiðanda, og þau hafa ekki verið nægjanlega réttlætt og eru auk þess óviðkomandi því atriði,

er mál þetta byggist á, þykir verða að ómerkja þau og gera konu gerðarþola, sem telja verður að beri ábyrgð á þeim, að greiða sekt þeirra vegna, sem telst hæfilega metin kr. 50.00, og komi í staðinn 3 daga varðhald, ef sektin greiðist ekki.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna útburðargerð skal fram fara á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Kona gerðarþola, Ólöf Sveinsdóttir, Baldursgötu 32 hér í bænum, greiði 50 kr. sekt í ríkissjóð, og komi til vara 3 daga varðhald, ef sektin greiðist ekki innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa.

Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 7. marz 1945.

Nr. 4/1945. **Réttvísin** (Ólafur Þorgrímsson)
gegn
Kristjáni Helga Benjamínssyni
(Theódór B. Lindal).

Líkamsárás. Skaðabætur.

Dómur hæstaréttar.

Samkvæmt sakarlýsingu í héraðsdómi varðar brot ákærða við 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 3. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur nr. 2/1930. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin varðhald 15 daga.

Bótakröfu Bergs Pálssonar á hendur ákærða, kr. 1700.00, þykir í hóf stillt, og verður hún því tekin til greina að öllu leyti.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði ber að staðfesta.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma greiðslu áfrýjunarkostnaðar sakarinnar á hendur ákærða, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 500.00 til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Kristján Helgi Benjamínsson, sæti varðhaldi 15 daga.

Ákærði greiði Bergi Pálssyni bætur, kr. 1700.00.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Ólafs Þorgrímssonar og Theódórs B. Líndals, kr. 500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 28. júní 1944.

Ár 1944, miðvikudaginn 28. júní, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af sakadómara Jónatan Hallvarðssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1456/1944: Réttvísin gegn Kristjáni Helga Benjamínssyni.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 26. f. m., er að fyrirlagi dómsmálaráðuneytisins höfðað gegn Kristjáni Helga Benjamínssyni bifreiðarstjóra til heimilis að Meðalholti 4 hér í bæ fyrir brot gegn XXIII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 1940 og lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík nr. 2 1930. Það var tekið til dóms hinn 26. f. m.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 8. febrúar 1914 á Akureyri, og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1934 $^{2}/_{5}$ Sátt, 20 kr. sekt fyrir of hraðan akstur.
1934 $^{8}/_{10}$ Sátt, 20 kr. sekt fyrir of hraðan akstur.
1934 $^{27}/_{10}$ Sátt, 20 kr. sekt fyrir of hraðan akstur.
1934 $^{7}/_{11}$ Sátt, 10 kr. sekt fyrir afturljósleysi á bifreið.
1934 $^{23}/_{11}$ Kærður fyrir að aka bifreið á skíðasleða. Afgreitt með skaðabótum.
1937 $^{1}/_{2}$ Áminning fyrir bifreiðalagabrot.
1937 $^{11}/_{6}$ Kærður fyrir að aka bifreið á reiðhjól. Ekki talin ástæða til málssóknar.
1937 $^{2}/_{7}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir brot gegn bifreiðalögunum.
1937 $^{5}/_{9}$ Kærður fyrir ökuslys. Afgreitt til bæjarfógeta í Hafnarfirði.
1937 $^{9}/_{10}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir bifreiðalagabrot.

1938 $^{1}/_{9}$ Undir rannsókn út af ökuóhappi, ekki talin ástæða til málssóknar.
1938 $^{1}/_{9}$ Undir rannsókn út af ökuóhappi, ekki talin ástæða til málssóknar.
1938 $^{3}/_{9}$ Dómur lögregluréttar, 60 kr. sekt fyrir of hraðan bifreiðarakstur.
1939 $^{2}/_{9}$ Sátt, 10 kr. sekt fyrir brot gegn lögreglusamþykkt.
1939 $^{16}/_{10}$ Sátt, 20 kr. sekt fyrir brot gegn reglugerð $^{9}/_{9}$ 1939.
1939 $^{25}/_{11}$ Sátt, 10 kr. sekt fyrir of hraðan akstur.
1940 $^{4}/_{11}$ Áminning fyrir brot gegn umferðarreglum í Hafnarfirði.
1940 $^{6}/_{12}$ Undir rannsókn út af ökuóhappi. Ekki talin ástæða til málssóknar.
1943 $^{19}/_{7}$ Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun og ryskingar á almannafæri.

Aðfaranótt 3. október s. l. var Bergur Pálsson sjómaður til heimilis á Öldugötu 19 hér í bæ á dansleik að Hótel Borg með Ísleifi Annas Pálssyni skrifstofumanni til heimilis í Aðalstræti 12, Margréti Soffíu Halldórsdóttur til heimilis á Blómvallagötu 10 og Jónínu Sveinsdóttur til heimilis á Þverholti 7, öllum hér í bænum. Bergur neytti áfengis á dansleiknum, en þar voru vínveitingar, og fann hann vel til áhrifa af víninu. Laust fyrir klukkan 3 um nóttina fóru þau af dansleiknum og gengu vestur Kirkjustræti áleiðis vestur í bæ. Fyrir framan Hótel Skjaldbreið var bifreiðin R 1399 sunnan megin götunnar og snéri í austur. Í aftursæti bifreiðarinnar sátu ákærði og Ketill Eyjólfsson til heimilis á Laugavegi 68, en í framsæti var stjórnandi hennar, Óskar Arnar Lárusson til heimilis á Hringbraut 202 hér í bæ.

Bergur skýrir svo frá, að hann hafi gengið að bifreiðinni í því skyni að vita, hvort hann gæti fengið hana leigða, en samferðafólk hans hafi haldið áfram vestur strætið. Bergur kveðst hafa opnað aðra hurðina vinstra megin á bifreiðinni, en getur ekki sagt um, hvort það var fram- eða afturhurð. Hann kveðst hafa spurt að því, hvort bifreiðin væri til leigu, en ekki beðið eftir svari heldur lokað hurðinni strax aftur, er hann sá marga menn í bifreiðinni. Hann hafi gengið nokkur skref frá bifreiðinni, en þá hafi ákærði komið út úr henni, ráðizt á sig fyrirvaralaust án þess að segja orð og slegið sig að minnsta kosti tvisvar í andlitið, án þess að hann gæti komið nokkurri vörn við. Bergur kveðst hafa fallið í götuna, en staðið upp aftur, og hafi ákærði þá slegið sig aftur, svo að hann féll í annað sinn í götuna.

Samferðafók hans hafi nú komið að, og hafi þá ákærði hlaupið inn í bifreiðina, sem síðan var ekið rakleitt burtu. Bergur kveðst hafa fengið við högg ákærða áverka þá, er um ræðir í eftirfarandi læknisvottorðum.

Vottorð Karls Jónassonar læknis, dagsett 4. október s. l., hljóðar svo:

„Ég undirritaður athugaði í dag Berg Pálsson, Öldugötu 19, sem kvaðst hafa verið sleginn aðfaranótt s. l. sunnudags. Ég fann þetta: Hrufla á h. augabrún, blátt og bólgið kringum augað. Hægri kinn er bólgin. Innan á efri vör hægra megin er ca 3 sm langur óreglulegur skurður (vuln. contus.). Önnur framtönn hægra megin (dens incisiv. II d.) brotin sundur í miðju. Fyrsta framtönn og önnur framtönn v. megin (dens incisiv. I—II. sin.) höfðu verið með postulínskrónu, sem nú vantaði og að sögn brotnaði við höggið."

Vottorð Halls L. Hallssonar tannlæknis, dagsett 5. október s. l., er svo hljóðandi:

„Herra Bergur Pálsson þarf að fá 3 chacketkrónur á framtennur í efri góm, í stað 2 chacketkróna (postulínskróna), sem hann hafði, en nú eru eyðilagðar, og einnar framtannar (2 ÷), sem hefur brotnað. Chacketkróna kostar nú um kr. 300 stykkið."

Ákærði skýrir svo frá málsatvikum, að Bergur hafi stanzað við bifreiðina, opnað framhurð hennar og spurt, hvort bifreiðin væri upptekin, og hafi ákærði svarað, að svo væri. Bergur hafi þá þrifið í öxl hans og spennt upp vagnhurðina. Ákærði kveðst þá hafa farið út úr bifreiðinni og stjakað Bergi frá henni, en hann hafi ekki fallið í götuna við það. Ákærði kveðst svo hafa farið inn í bifreiðina, en heyrt rétt á eftir, að sparkað var í afturhluta hennar. Hann hafi þá farið út og séð, að dæld, sem sýnilega hafði verið eftir fót, var komin í kistulokið aftan á bifreiðinni. Bergur hafi staðið þarna rétt hjá og hafi ákærði ýtt honum frá bifreiðinni. Hafi Bergur fallið í götuna með höfuðið niður, en staðið svo á fætur.

Ákærði neitar því hins vegar að hafa slegið Berg eða að hafa reynt að slá hann. Í þessu hafi maður, sem hafði verið með Bergi, komið á vettvang og kastað flösku að ákærða, en hitti ekki. Ákærði kveðst síðan hafa haldið í burtu í bifreiðinni.

Bergur Pálsson neitar því að hafa þrifið í eða komið við ákærða um leið og hann opnaði vagnhurðina og spurði, hvort bifreiðin væri upptekin. Þá minnist Bergur þess ekki að hafa sparkað aftan í bifreiðina eða dældað hana, en hann kveðst hafa verið það ölvaður í þetta skipti að hann muni ekki vel eftir öllu, sem skeði..

Samferðafólk Bergs og menn þeir, sem voru í bifreiðinni með ákærða, hafa verið leiddir sem vitni í málinu.

Vitnið Margrét Soffía Halldórsdóttir hefur borið það, að er Bergur gekk að bifreiðinni, hafi það ásamt Jónínu og Ísleifi Annas gengið áfram vestur strætið. Er Bergur kom ekki strax aftur, leit vitnið við og sá þá, að Bergur var að tala við mann einn við bifreiðina. Vitnið og Jónína báðu nú Ísleif Annas að fara og reka á eftir Bergi, en þær gengu áfram vestur strætið. Rétt á eftir kveðst vitnið hafa litið við og séð, hvar Bergur lá í götunni. Vitnið og Jónína hafi hlaupið til hans, en þá hafi maður sá, sem hafi verið

að tala við Berg, farið rakleitt upp í bifreiðina, sem ekið var strax í burtu. Vitnið kveðst ekki hafa heyrt samtal Bergs og mannsins og veit því ekki, hvað þeim fór á milli.

Vitnið Jónína Sveinsdóttir skýrir eins frá og Margrét Soffía Halldórsdóttir. Segir vitnið, að í fyrra skiptið er það leit við, hafi Bergur verið að tala við einhvern mann við bifreiðina, en er það leit við í annað sinn, hafi Bergur legið í götunni, en maðurinn staðið yfir honum. Er vitnið hafi komið að þeim, hafi það heyrt manninn segja, að hann væri tilbúinn til að slá hann aftur.

Vitnið Ísleifur Annas Pálsson kveðst hafa haldið áfram vestur Kirkjustræti ásamt stúlkunum, er Bergur gekk að bifreiðinni til að vita, hvort hann gæti fengið hana leigða. Er Bergur kom ekki strax aftur, leit vitnið við og sá, að maður einn var að slá Berg skammt frá bifreiðinni hinum megin á götunni. Sló maðurinn Berg að minnsta kosti tvisvar sinnum í andlitið og féll Bergur í götuna. Vitnið hljóp til Bergs, sem var blóðugur í andliti, og hjálpaði honum á fætur. Reyndi þá maðurinn að slá vitnið, sem vék sér undan honum. Maðurinn snéri sér þá að Bergi, sem staðinn var upp, og sló hann aftur í andlitið, svo að hann féll aftur í götuna. Maðurinn hafði nú elt vitnið, en snúið síðan til bifreiðarinnar, og kveðst vitnið í bræði sinni hafa kastað flösku, sem það sá á götunni, á eftir honum. Ekki kveðst vitnið hafa séð Berg sparka í bifreiðina.

Vitnið Óskar Arnar Lárusson hefur borið það, að Bergur, sem hafi verið áberandi undir áhrifum áfengis, hafi reynt að opna framhurð bifreiðar hans, en er hann hafi fundið, að hún var lokuð, hafi hann opnað vinstri afturhurð og spurt, hvort bifreiðin væri laus. Ákærði svaraði því neitandi, en þá fálmaði Bergur í ölvun sinni í öxl ákærða, sem ýtti Bergi frá sér. Ákærði fór út úr bifreiðinni og sagði við Berg eitthvað á þá leið, að hann skyldi ekki vera að ryðjast upp í bíla hjá öðru fólki. Fóru síðan fram nokkur orðaskipti milli þeirra, sem vitnið treystir sér ekki til að greina frá í einstökum orðum, en allt í einu féll Bergur í götuna og lá þar augnablik. Segir vitnið, að ákærði hafi annað hvort hrint Bergi eða slegið hann, svo að hann féll í götuna. Ákærði fór síðan upp í bifreiðina, en þá heyrðist, að bifreiðin varð fyrir höggi. Vitnið getur ekki fullyrt, hvað olli þessu höggi, en telur líklegt, að Bergur hafi sparkað aftan í bifreiðina, þótt það hafi ekki séð hann gera það. Ákærði fór nú aftur út úr bifreiðinni og snéri sér að félaga Bergs, sem hafði reynt að kasta flösku í bifreiðina, en hann hljóp í burtu og náði ákærði honum ekki. Vitnið sá nú, að Bergur hafði staðið upp og gekk aftan að ákærða og reiddi hnefann til höggs og sló, en í því sneri ákærði sér við. Missti Bergur höggsins og var að falla á götuna af vindhögginu, er ákærði ýtti aftan á hann þannig, að Bergur stakkst á höfuðið á götuna. Vitnið

ók svo í burtu með ákærða og félaga hans. Vitnið segir, að fall Bergs í götuna í fyrra skiptið hafi verið lítilræði eitt borið saman við fall hans í seinna skiptið, og gerir vitnið þess vegna ráð fyrir, að áverkar Bergs stafi af því falli.

Vitnið Ketill Eyjólfsson hefur borið það, að maður einn hafi opnað afturhurð bifreiðarinnar, en ekki tók það eftir því, hvað maður þessi vildi. Einhver orðaskipti urðu milli manns þessa og ákærða, og fór ákærði út úr bifreiðinni. Ákærði kom svo aftur inn í bifreiðina eftir litla stund, en er þeir voru að leggja af stað, var sparkað í bifreiðina. Ákærði hljóp þá út úr bifreiðinni, og er vitnið fór að lengja eftir honum, fór það einnig út úr henni. Sá þá vitnið, hvar ákærði stóð hinum megin á gangstéttinni, en maður lá við fætur hans. Vitnið bað ákærða um að koma, og varð hann við því. Vitnið getur ekki sagt, hvað fram fór milli ákærða og manns þess, er í götunni lá. Vitnið segir, að ákærði hafi verið lítið eitt undir áhrifum áfengis í þetta skipti.

Samkvæmt því, er að framan greinir, bera Bergur og Ísleifur Annas það, að ákærði hafi slegið Berg að minnsta kosti tvisvar sinnum með þeim afleiðingum, að hann féll í götuna. En ákærði viðurkennir að hafa ýtt við Bergi, svo að hann féll með höfuðið niður í götuna, og er það í samræmi við framburð Óskars Arnars, sem bætir því við, að Bergur hafi þá einmitt verið að falla í götuna af misheppnuðu höggi, er hann hafi ætlað ákærða. Er þannig sannað, að ákærði hefur gerzt sekur um háttsemi, sem með tilliti til áverka þess, er af hlauzt, varðar við 218. grein almennra hegningarlaga nr. 19 1940, og 3. gr. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2 7. janúar 1930. En jafnframt þykir sannað, að Bergur hafi með ótilhlýðilegri framkomu sinni, er hann réðist að bifreiðinni, vakið að nokkru hjá ákærða reiði þá og geðshræringu, er hann framdi brotið í. Refsingu ákærða ber því að meta með hliðsjón af 4. tl. 74. greinar hegningarlaganna.

Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 300 kr. sekt til ríkissjóðs, en verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, sæti hann í stað hennar varðhaldi í 15 daga.

Bergur Pálsson hefur gert 1700 kr. bótakröfu á hendur ákærða í málinu, og sundurliðast hún þannig:

1) Kr. 900, kostnaður við að gera við eyðilagðar tennur.
2) Kr. 50, hreinsunarkostnaður á fötum vegna falls í götuna.
3) Kr. 750, fyrir óþægindi, þjáningar og álitshnekki vegna meiðslanna.

1. liður bótakröfunnar er samkvæmt áliti tannlæknis, sem á engan hátt hefur verið hnekkt. Ekki hafa verið lagðir fram reikningar fyrir 2. lið, en eftir atvikum þykir hann eigi ósanngjarn.

3. liður bótakröfunnar hefur eigi verið rökstuddur sérstaklega, og verður hann því ekki tekinn til greina.

Samkvæmt þessu verður ákærði dæmdur til að greiða Bergi samtals í skaðabætur 950 kr.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Theódórs B. Lindals hrl., kr. 200.00.

Málið hefur verið rekið vítalaust.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Kristján Helgi Benjamínsson, greiði 300 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 15 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Hann greiði Bergi Pálssyni kr. 950.00 innan 15 sólarhringa frá birtingu dóms þessa.

Hann greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Theódórs B. Lindals hæstaréttarlögmanns, kr. 200.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 9. marz 1945

Nr. 51/1944. **Guðmundur Jörundsson**
(Einar B. Guðmundsson)
gegn
Alfred Andersen skipstjóra f. h. eigenda og vátryggjenda e/s Rolf Jarl, skips og farms
(Sveinbjörn Jónsson).

Bjarglaun.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóm hefur upp kveðið Sigurður bæjarfógeti Eggerz ásamt sjó- og verzlunardómsmönnunum Benedikt Steingrímssyni og Jóhannesi Júlínussyni.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 24. apríl 1944. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 200000.00 með 6% ársvöxtum frá 7. apríl 1943 til greiðsludags svo og málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar. Þá krefst hann þess og, að viðurkenndur verði sjóveðréttur honum til handa í e/s Rolf Jarl fyrir dæmdum fjárhæðum.

Stefndi krefst þess aðallega, að héraðsdómur verði stað-

festur og honum dæmdur málskostnaður fyrir hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins. Til vara krefst stefndi þess, að krafa áfrýjanda verði færð niður til muna og málskostnaður fyrir hæstarétti þá látinn falla niður.

Telja verður, að e/s Rolf Jarl hafi verið í háska statt þann 30. marz 1943, eftir að stýri þess brotnaði og það tók að reka stjórnlaust fyrir sjó og vindi í dimmu hríðarveðri inni á þröngum firði. Samkvæmt skýrslu hafnsögumannsins í Hrísey, sem var þá á e/s Narfa, dró e/s Narfi e/s Rolf Jarl frá Hrísey suðaustur í álinn á meira dýpi. Eftir það hafði e/s Narfi skipið í eftirdragi ekki skemur en til kl. 9.30 síðdegis, og voru skipin þá komin nær því á móts við suðurenda Hríseyjar. Að sögn skipverja á e/s Rolf Jarl dró e/s Himba skipið síðan nokkurn spöl suður fyrir eyna, þar sem það varpaði akkerum eftir tilvísun áfrýjanda. Næstu daga tók svo e/s Narfi þátt í drætti skipsins til Akureyrar, svo sem lýst er í héraðsdómi. Verður að telja þessar athafnir e/s Narfa hluttöku í björgunarstarfi.

Dómkvaddir menn hafa virt verðmæti þau, er voru í hættu og bjargað var, þ. e. skip, farm, farmgjöld og kolaforða, samtals á kr. 3711711.90.

Þegar til þess er litið, að áfrýjandi lagði skip sitt og skipshöfn í hættu við björgunina, að útlagður kostnaður hans fyrir spjöll á munum og vegna matsgerðar nemur um 8000 krónum, svo og að verðmæti hins bjargaða er það, sem að framan greinir, þá þykir þóknun hans fyrir þátt hans í björgunarstarfinu hæfilega ákveðin kr. 85000.00. Ber stefnda að greiða þá fjárhæð ásamt 6% ársvöxtum frá 7. apríl 1943 til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum telst rétt, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti, samtals kr. 10000.00. Á áfrýjandi sjóveðrétt fyrir dæmdum fjárhæðum í e/s Rolf Jarl.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Alfred Andersen f. h. eigenda og vátryggjenda e/s Rolf jarl, skips og farms, greiði áfrýjanda,

Guðmundi Jörundssyni, kr. 85000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 7. apríl 1943 til greiðsludags og samtals kr. 10000.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti. Á áfrýjandi sjóveðrétt í e/s Rolf Jarl fyrir fjárhæðum þessum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Akureyrar 27. janúar 1944.

Mál þetta hefur höfðað Guðmundur Jörundsson í Hrísey, skipstjóri á Narfa, gegn Andersen skipstjóra á Rolf Jarl, stöddum í Akureyrarbæ, vegna eigenda og vátryggjenda skipsins Rolf Jarl fyrir sjó- og verzlunardómi Akureyrar til greiðslu á björgunarlaunum kr. 618618.00 ásamt vöxtum frá 7. apríl 1943 til greiðsludags og kr. 5000.00 fyrir matsgerð, er fór fram á skipinu. Til vara krefst hann björgunarlauna eftir mati dómarans. Til þrautavara er þess krafizt, ef dómarinn fellst ekki á, að hér sé um björgun að ræða, að stefnanda verði tildæmd rífleg þóknun fyrir aðstoð við Rolf Jarl og drátt samkvæmt mati dómenda og bætur fyrir beint tjón stefnanda. Þá er krafizt málskostnaðar. Samkvæmt framlögðum reikningi er málskostnaður gerður kr. 20519.14. Þá krefst stefnandinn, að sjódómurinn viðurkenni sjóveðrétt í Rolf Jarl fyrir kröfum þeim, sem kunna að verða tildæmdar.

Stefndur krefst sýknu í málinu vegna aðildarskorts stefnanda. Til vara krefst hann sýknu af því, að Narfi hafi eigi getað hjálpað skipinu, enda þá eigi í hættu. Ef rétturinn fellst eigi á þetta, krefst hann, að réttarkrafa sú, sem stefnandinn gerir, verði færð stórlega niður, enda gæti hér eigi verið um björgun að ræða, heldur aðstoð. Þá er matsgerð skipsins mótmælt og mótmælt, að hún verði lögð til grundvallar við ákvörðun þóknunar fyrir aðstoðina. Þá er matsgerðinni mótmælt sem óstaðfestri og óhæfilega hárri, en síðan hefur matsgerðin verið staðfest. Þá er matsgerðinni yfirhöfuð mótmælt, þar sem því er haldið fram, að þýðingarlaust hafi verið að láta matið fara fram. Þá krefst hann málskostnaðar.

Atvik málsins virðast þessi:

Þriðjudaginn 30. marz 1943 var eimskipið Rolf Jarl frá Trondheim utarlega á Eyjafirði á innsiglingu.

Um kl. 14.10, er skipið var nálægt Hrólfsskeri, brotnaði stýrið, og rak skipið um fjörðinn. Voru gefin neyðarmerki.

Um kl. 6.15 e. h. sá Súðin skipið, fór að því og bauð hjálp sína. Samband náðist við Súðina kl. 7.30. Taugin slitnaði 7.48, og varð

eigi frekar af drætti Súðarinnar, en atvik að því þykir ekki ástæða til að rekja hér. Hreinn Pálsson hafnsögumaður í Hrísey kom til skipstjórans á Narfa eftir beiðni ensks liðsforingja og bað hann að koma til hjálpar skipi, sem sendi frá sér neyðarmerki. Lagði hann af stað frá Hrísey í versta veðri um kl. 7 á þriðjudagskvöld. Hafði varðbáturinn við Hrísey, Himba, orðið að snúa við vegna veðurs. Sigldi Narfi fyrir suðurenda eyjarinnar og austur með henni og fann Rolf Jarl þar fyrir framan svokallaða Melaenda austanverðu á eynni. Eftir sögn skipstjórans á Narfa var norðaustan hríð og norðan sjór. Vindhraðinn 5. Virðist sem Súðin hafi verið að fara frá skipinu. Hefur umboðsmaður stefnanda í munnlega málflutningnum sagt, að Súðin og Narfi hafi talazt við. Dýpið var mælt með bergmálsdýptarmæli og reyndist 58 faðma. Var komið sambandi milli skipanna, 45 faðma keðja frá Narfa og svo trossa frá Rolf Jarl. Síðan var sett af stað frá eynni. Slitnaði þá keðjan, og var hún dregin inn. Var komið sambandi milli skipanna aftur, en hvað langt leið frá því slitnaði og þar til samband kom á aftur, er ekki upplýst. Var þá lögð til trossa og 120 faðma vír frá Rolf Jarl. Dýpið mælt með bergmálsdýptarmæli Narfa og reyndist þá 18 faðmar að sögn skipstjóra Narfa.

Var fyrst hugsað um að snúa skipinu (Rolf Jarl) undan vindi, en hætt við það af hræðslu við, að skipið mundi þá dragast of nærri landi. Skipið var aftur dregið austur í álinn á meira dýpi, svo skýrir skipstjórinn á Narfa frá. Kl. 10.30 slitnaði dráttartaugin, en skipunum ber ekki alveg saman um tímann. Dýpið var þá mælt og reyndist 55 faðmar. Telur nú skipstjórinn á Narfa, að skipið hafi verið komið úr aðalhættunni. Kallaði hann á skipstjórann á Rolf Jarl og ráðlagði honum að láta akkerið falla, þegar hann væri kominn á 20 faðma dýpi. Vindhraðinn var 4, er Narfi yfirgaf skipið. Segist hann að vísu hafa getað verið þarna lengur, en hann hafði engar dráttartaugar og gat því eigi haldið áfram að draga skipið. Áður en Narfi yfirgaf skipið Rolf Jarl, var Himba komin til aðstoðar Rolf Jarl.

Um ýmis veigamikil atriði er ágreiningur milli skipstjórans á Rolf Jarl og Narfa. Þannig segir skipstjórinn á Rolf Jarl, að áttin hafi verið NNV. Veðurathugunarstofan segir, að í Grímsey hafi þenna dag áttin verið NV, en vindurinn á Akureyri NNV um kl. 21. Skipstjórinn á Narfa segir, að áttin hafi verið NA, og sama segir skipstjórinn á Súðinni. Hafnsögumaðurinn segist gizka á, að áttin hafi verið NNA, er Narfi kom að Rolf Jarl. Skipstjórinn á Rolf Jarl styður mál sitt um áttina með því að segja, að hann hafi rekið áfram í sömu línu frá kl. 14.20 til 20. Og ef áttin hefði verið NA, þá segir hann, að þá hefði rekið fyrir vestan Hrísey. Það virðist samkomulag um, hvar skipið var kl. 8, en ósamkomulag um aðstöðuna á eftir. Skipstjórinn á Rolf Jarl segist hafa rekið

áfram eftir kl. 8 í sömu línu og er hann kom utan af firðinum, en skipstjórinn á Narfa dregur aftur línu, sem liggur nær landinu. Og Narfi virðist styðja sitt mál með dýptarmælingum, er sýndu 18 faðma, eftir að festum var komið á í seinna skiptið. Og þegar hann var aðspurður, hvernig það hefði mátt vera, að Rolf Jarl hafi færzt svo nálægt landinu, eftir að trossan slitnaði í fyrsta sinn, segir hann, að ekki aðeins vindurinn hafi orðið því valdandi heldur og straumur, sem sé þarna oft mikill.

Narfi segir, að þeir hafi verið svo sem ½ mílu frá landinu, er þeir voru næstir því. En þessu mótmælir skipstjórinn á Rolf Jarl, og segist hann hafa fylgzt með þessu, því hann hafi haft akkerin bæði tilbúin, ef honum hefði sýnzt þörf að varpa þeim fyrir borð.

Þá heldur skipstjórinn á Rolf því fast fram, að Narfi hafi eigi dregið Rolf Jarl, en rekið með honum inn fjörðinn. Og um þetta virðast þeir, sem yfirheyrðir voru af skipshöfn hans, hafa verið honum sammála. Segja þeir, að Narfi hafi verið svo léttur á sjónum. Þá er og vísað í, hve illa Narfa hafi dagana á eftir gengið að draga skipið til Akureyrar með aðstoð annarra skipa.

Samkvæmt dagbók Narfa fór drátturinn til Akureyrar fram þannig:

Hinn 31. marz byrjaði drátturinn til Akureyrar. Var Narfi þá bundinn við bakborðshlið skipsins. Á stjórnborðshlið skipsins lagðist togarinn Strathella, en m.s. Drífa á bakborð. Var sett á ferð, og skipið rann af stað austur í álinn, en sjógangur var þar svo mikill, að Drífa sleit dráttartaugarnar, og Strathella gat eigi haldizt við við síðu skipsins vegna sjógangs. Skipin fóru þá öll frá flutningaskipinu, en Strathella var svo fest í framenda þess, en sleit eftir litla stund. Narfi festi þá trossu í skipið og stímaði talsverðan tíma í austur, því skipið var komið nærri Hauganesi, en er það hafði gengið um hríð, sleit Narfi dráttartaugina. Dýpið var mælt með bergmálsdýptarmæli og reyndist vera 22 faðmar. Strathella var nú sett föst í framenda, en Narfi í afturenda til að stýra skipinu, sem leitaði ákaft á annað hvort borðið. Gekk þetta um tíma, skipinu miðaði alltaf áfram, unz komið var að Miðvík, en þá slitnaði dráttartaug Strathella, en Rolf Jarl var þá kominn upp á víkina og varpaði þar akkeri.

Narfi fór svo inn til Akureyrar, en kom svo aftur daginn eftir, og var skipið þá dregið inn til Akureyrar. Var þá Koralen með.

Segir skipstjórinn á Rolf Jarl, að þrátt fyrir það þó Narfi og Strathella drægi skipið bæði, þá megnuðu þau eigi að halda skipinu á miðjum firðinum, heldur rak það austur á við á grynningar og varð að leggjast þar.

Segir hann enn fremur, að Narfi hafi ekki haft neinn „Poulert" til að festa dráttartaugarnar í, og hafi því orðið að festa þær hingað og þangað í skipinu. Trossa Narfa, segir hann, að hafi nagazt

sundur á borðstokknum. Skipstjórinn á Narfa neitar, að trossan hafi nagazt sundur á borðstokknum.

Í réttinum hefur verið sýndur kaðall sá, sem bundinn var um mastrið á Narfa og slitnaði. Mæld var lengd Narfa frá stórmastri aftur á skut og eins lengd kaðalsins. Og er kaðlinum hafði verið brugðið yfir mastrið og hann verið borinn aftur á skipið, reyndist hann tæplega ná á öldustokkinn á skut skipsins. Stefnandinn hefur haldið því fram, að annarri trossu hafi verið vafið utan um kaðalinn, þar sem hann lá á öldustokknum, en þessu mótmælir umboðsmaður stefnda.

Skipstjórinn á Rolf Jarl hefur sagt það, að skemmdir hafi orðið á Rolf Jarl vegna árekstra á það, og einnig hafi orðið nokkrar skemmdir á hinum skipunum.

Skipstjórinn á Narfa hefur tekið fram, að keðja sú, sem hann tapaði, hafi verið 1200 kr. virði, og aðgerð sú, sem gerð var á afturenda skipsins, hafi kostað kr. 500.00, og enn er reikningur kr. 1360.00 frá vélsmiðjunni Atla.

Að því er fyrstu sýknukröfuna snertir, um það að stefnandinn eigi ekki aðild þessa máls, byggir stefndur hana á því, að Narfi hafi verið í þjónustu amerísku herstjórnarinnar, og að samkvæmt leigusamningi herstjórnarinnar séu leigjendur skipsins skyldir til að starfrækja skip sín eingöngu í þágu herstjórnarinnar í þeim ferðum, flutningum og tilgangi, sem herstjórnin kann að ákveða. Segir hann, að m.s. Narfi, er hann leitaðist við að veita e.s. Rolf Jarl aðstoð, hafi verið í þjónustu Bandaríkjastjórnar og farið eftir fyrirmælum og undir umsjón brezks liðsforingja. Aðstoðartilraunin, segir hann, að hafi farið fram að tilhlutun brezku aðflutningsskrifstofunnar á Akureyri, sem hafði samvinnu við sams konar skrifstofu ameríska setuliðsins. Segir hann, að þóknun skipstjórans á Narfa sé að sjálfsögðu fólgin í greiðslum herstjórnarinnar til hans fyrir skipið.

Á réttarskjali 3 skýrir stefnandinn svo frá, að hafnsögumaðurinn í Hrísey hafi komið með boð frá brezkum yfirmanni í Hrísey, þar sem hann fer þess á leit, að hann fari á Narfa til þess að veita aðstoð flutningaskipi, sem stöðugt sendi út neyðarmerki. Hins vegar hefur umboðsmaður stefnanda harðneitað því, að enski liðsforinginn, sem fór um borð í skipið, hafi haft þar nokkra stjórn með höndum. Alla stjórn hafði hann sjálfur. Þá hefur hann og upplýst, að skipið Rolf Jarl hafi komið með sementsfarm til Kaupfélags Eyfirðinga og ekki gegnt neinum hernaðarstörfum.

Daginn eftir, segir hann aftur, að ráðstafanir hafi verið gerðar til þess að fá samþykki amerísku herstjórnarinnar til þess, að Narfi mætti draga skipið inn fjörðinn, en það telur hann eigi neina björgunarstarfsemi.

Á réttarskjali 24 er samningurinn um leigu á Narfa milli eig-

enda hans og Ameríkumanna. Í samningnum er það hvergi tekið fram, að ameríska setuliðið eigi kröfu til björgunarlauna fyrir björgun þá, er Narfi kynni að framkvæma. Í því tilfelli, sem hér ræðir um, var Narfi inni á höfninni í Hrísey í vonzkuveðri, og því hefur ekki verið haldið fram, að á þeim tíma, sem björgunin fór fram, hafi hann átt að vinna ákveðið verk fyrir ameríska setuliðið, en þó enskur fyrirliði óskaði, að hann færi út, er neyðarmerkið var gefið, verður að telja líklegt, að sú ósk hefði komið fram til hvaða skips, sem legið hefði við Hrísey, hvort sem það var á leigu hjá ameríska setuliðinu eða eigi. En þar sem ábyrgð eigenda á mönnum og skipi samkvæmt 5. og 6. gr. leigusamningsins er svo víðtæk, og þar sem björgunarstarfsemi í byljum og vondum veðrum er samfara mikil hætta á skipi og mönnum, en sú áhætta hvílir á leiguseljanda, verður eigi séð, að leigutaki geti gert neinar kröfur til greiðslu fyrir slíka björgunarstarfsemi, enda er hún svo mjög bundin við persónur skipverja og fórnir þeirra. Það ber því að líta svo á, að skipstjórinn á Narfa sé hinn rétti aðili og það enda þótt á eftir kynni að vera að ræða um kröfur, sem leigutaki kynni að gera á leigusala. Til styrktar þessu má og geta þess, að samkvæmt samningum ber leigusali, en ekki leigutaki, kostnað við björgun, sem kynni að fara fram á Narfa.

Fyrsta sýknukrafa stefnanda verður því eigi tekin til greina.

Hins vegar fellst meiri hluti réttarins á, að skipið hafi eigi verið í yfirvofandi hættu og muni hafa bjargazt fram hjá eynni, þó hjálp hefði eigi komið. Lítur meiri hlutinn svo á, að hér hafi ekki verið um björgun að ræða, aðeins aðstoð, en þar sem Narfi fór út í hríðarbyl og gerði allt sem í hans valdi stóð til að aðstoða skipið og þar sem verðmæti Rolf Jarl er svo mikið, þá þykir mega ákveða 35 þús. kr. fyrir aðstoðina, og eru þá í þeirri upphæð faldar skemmdir þær, tap á keðju, sem gerðir hafa verið sérstakir reikningar fyrir, og öll vinna og aðstoð við Rolf Jarl.

Fyrir matsgerð þykir hæfilegt að greiða 2000 kr.

Málskostnað ber stefndum að greiða með kr. 2500.00 til stefnandans.

Þá ber að tildæma sjóveðrétt í skipinu Rolf Jarl fyrir greindum 35000.00 kr.

Formaður réttarins hefur sérstöðu í málinu, er rökstyðst þannig:

Um 8 leytið 30. marz berst Rolf Jarl stjórnlaus fyrir veðri og vindi. Fjarlægð skipsins frá eynni virðist vera um 1 sjómíla, en um þetta er þó eigi samkomulag. Um vindáttina segir skipstjórinn á Rolf Jarl, að hún hafi verið NV. Skipstjórinn á Narfa og Súðinni segja, að hún hafi verið NA. Veðurathugunarstofan segir, að 30. marz hafi veðuráttin á Akureyri verið N, en kl. 21 NV. Í Grímsey var áttin sama dag NV. Hafnsögumaður telur, að áttin hafi

verið NNA. Það er alkunnugt (notoriskt) að veðurathugunarstofan reiknar með réttvísandi átt. Virðist mega leggja athuganir hennar til grundvallar, en samkvæmt því hefur áttin legið milli N og NA. Ágreiningur er um hreyfingar skipsins eftir kl. 8. Stefndur segir, að skipið hafi rekið áfram í sömu stefnu og áður, en stefnandinn segir, að skipið hafi rekið í stefnu, sem hafi verið nær eynni, og styður það við mælingu sína meðal annars, sem sýndi 18 faðma dýpi. Línuritun hefur eigi verið sýnd, sem tryggi að mælingin sé rétt. Dýptarkörfurnar, sem sjást á kortinu, benda til, að Rolf Jarl hefði verið mjög nálægt landi, ef hann hefði verið á 18 faðma dýpi, en ekki er hægt að byggja á dýptarkörfum þessum, sem sýndar hafa verið á kortinu.

Hafnsögumaðurinn telur, að Rolf Jarl hafi færzt nær eyjunni, eftir að fyrsta sambandinu var slitið við Narfa, líkt því og skipstjórinn á Narfa segir. Enn telur hafnsögumaðurinn, að Narfi hafi hjálpað til að koma Rolf Jarl aftur út á meira dýpi. Skipstjórinn á Narfa segir, að þegar Rolf Jarl hafi verið næst landinu, þá hafi hann eigi verið meira en ½ mílu frá því. Þessu mótmælir skipstjórinn á Rolf Jarl. Segir hann, að skip sitt hafi aldrei verið svo nærri landi, segist hafa haft sérstakar gætur á fjarlægðinni til lands, því hann var reiðubúinn að varpa akkerum, ef þörf hefði verið á því. Í þessu sambandi er rétt að taka fram, að skipstjórinn á Narfa hefur haldið því fram, að haldbotn um þessar slóðir væri slæmur fyrir akkeri.

Stefnandinn segist eigi fullyrða, að skipið hefði farizt, þó það hefði eigi fengið hjálp Narfa, en hann telur, að því hafi verið hætta búin af Býðuskerjum og grynningum austur af Hrísey. Hafnsögumaðurinn álítur, að skipið hefði rekið fram hjá eynni, þó það hefði enga hjálp fengið, en álítur hins vegar, að hætta hefði verið á ferðum, ef veður hefði versnað.

Stefndur heldur því fast fram, að Narfi hafi verið svo léttur í sjóinn, að hann hafi eigi getað dregið skipið.

Það virðist nú ljóst, að stefndur taldi skipið í hættu, enda sendi það frá sér neyðarköll. Og þegar hann kemur sambandi á við Narfa, þá felst í því, að hann biður um hjálp þess. Þegar sambandið er slitið í fyrsta sinn, reynir hann enn og kemur sambandi við Narfa, og í því virðist felast það, að hann treystir skipinu til að hjálpa sér.

Rétturinn lítur svo á, að skip, sem er stýrislaust á reki fyrir framan klettótta strönd í byl og stormi og náttmyrkri hljóti að skoðast í hættu. Það virðist mega líta svo á, með tilliti meðal annars til vitnisburðar hafnsögumannsins, að eftir að sambandinu við Narfa var slitið í fyrsta sinn, þá hafi Rolf Jarl nálgazt eyjuna allmikið, og enn virðist einnig með hliðsjón af yfirlýsingu hafnsögumannsins mega líta svo á, að Narfi, eftir að hann aftur náði

sambandi við Rolf Jarl, hafi hjálpað skipinu frá eyjunni út á meira dýpi. Þrátt fyrir þetta má þó vera, að skipið hefði rekið fram hjá eyjunni, þó það hefði eigi fengið neina aðstoð. Þetta er eigi hægt að sanna og verður aldrei sannað, þar sem einnig hér gat verið um straum að ræða, er hefði dregið skipið nær ströndinni.

Aðstaða skipsins kl. 8, er Narfi kom að því, var tvísýn, og óverjandi hefði verið að leita ekki hjálpar til að bjarga skipinu úr þeirri tvísýnu.

Rétturinn lítur svo á, að skipið hafi verið í hættu og hér sé því rétt að tala um björgun. En þar sem ekki er vissa fyrir, að Rolf Jarl hafi verið kominn úr allri hættu, er Narfi yfirgaf það, en Himba var komin skipinu til aðstoðar, þykir, þó verðmæti Rolf Jarls sé mikið, hæfilegt að dæma stefnandanum kr. 100000.00 í björgunarlaun með 5% vöxtum frá 7. apríl 1943.

Í málskostnað greiði stefndur stefnandanum kr. 4400.00.

Stefnandinn fær sjóveðrétt fyrir hinum tildæmdu upphæðum í Rolf Jarl.

Það þykir athugavert, að hdl. Björn Halldórsson hefur skrifað 2 greinargerðir.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, skipstjóri Andersen á Rolf Jarl, Trondhjem, fyrir hönd eigenda Rolf Jarls og farms, skulu greiða stefnandanum, Guðmundi Jörundssyni skipstjóra á Narfa, 35000 kr. með 5% ársvöxtum frá 7. apríl 1943 til greiðsludags.

Fyrir matsgerð greiði stefndur kr. 2000.00.

Stefnandi fær sjóveðrétt í Rolf Jarl fyrir hinum tildæmdu upphæðum.

Í málskostnað greiði stefndur stefnanda kr. 2500.00.

Dóminum að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 12. marz 1945.

Nr. 134/1944. **Leifur Böðvarsson** (Sigurgeir Sigurjónsson)

gegn

Bæjarfógetanum á Akranesi f. h. ríkissjóðs (Kristján Guðlaugsson).

Skattkrafa. Ómerking og heimvísun.

Dómur hæstaréttar.

Álagning skatts þess, sem greinir í máli þessu, er reist á 3. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 219 frá 1939. Fyrir fógeta

varði gerðarþolandi sig með því, að ákvæði reglugerðarinnar sé án stoðar í lögum. Fógeti gekk fram hjá þessari varnarástæðu án rannsóknar, en vísar til úrskurðar ríkisskattanefndar, sem ekki hefur heldur greint ástæður fyrir lögmæti reglugerðarinnar að þessu leyti. Þessi meðferð fógeta er brýnt brot á 193. gr. laga nr. 85/1936.

Skattkrafa sú, sem mál þetta er risið af, var send sýslumanni í Gullbringu- og Kjósarsýslu frá bæjarfógetanum á Akranesi. Málið var dómfest í fógetadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu 4. marz 1944 og var þá frestað til 12. maí s. á., er gerðarþolandi lagði í dóm greinargerð með nokkrum fylgiskjölum, og var málið síðan tekið til úrskurðar, án þess að gerðarbeiðanda gæfist færi til að svara greinargerð gerðarþolanda. Þessi meðferð var, eins og á stóð, andstæð réttum reglum, þar sem fógeti hefði átt að veita gerðarbeiðanda kost á að tala máli sínu og láta síðan flytja málið samkvæmt IX. kafla sbr. 223. gr. laga nr. 85/1936.

Af þessum ástæðum verður að ómerkja hinn áfrýjaða úrskurð og meðferð málsins frá 12. maí 1944 og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu úrskurðar af nýju.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður og meðferð málsins frá 12. maí 1944 á að vera ómerk, og vísast málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu úrskurðar af nýju.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetaréttar Gullbringu- og Kjósarsýslu 25. september 1944.

Ár 1944, mánudaginn þann 25. september, var í fógetarétti Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem haldinn var í skrifstofu embættisins í forföllum hins reglulega fógeta af fulltrúa hans Oddgeiri Magnússyni, uppkveðinn úrskurður í lögtaksmálinu: Bæjarfógetinn á Akranesi f. h. ríkissjóðs gegn Leifi Böðvarssyni útgerðarmanni, Fögrubrekku í Seltjarnarneshreppi, en mál þetta var upptekið til úrskurðar hinn 12. maí s. l.

Málavextir eru þessir:

Með bréfi dags. 22. febrúar s. l. hefur gerðarbeiðandinn, bæjarfógetinn á Akranesi, að undangengnum úrskurði s. d. sent til innheimtu þinggjaldsseðil gerðarþola með gjalddaga 18. sept. 1943, að ógreiddum eftirstöðvum kr. 1980.00.

Einnig skattseðil sama með gjalddaga 31. des. 1943, sem sýnir ógreiddan viðbótar- tekju- og eignarskatt, lífeyrissjóðsgjald, stríðsgróðaskatt og verðlækkunarskatt sama (gj.þ.), samkvæmt úrskurði ríkisskattanefndar, uppkveðnum 25. nóvember 1943, alls kr. 12619.50.

Lætur gerðarbeiðandi þess getið í beiðninni, að gerðarþoli hafi tilkynnt sér, að skattar þessir yrðu ekki greiddir öðruvísi en með málssókn eða lögtaki.

Umboðsmaður gerðarþola, hrl. Sigurgeir Sigurjónsson, hefur gert þær réttarkröfur, að neitað verði um framgang gerðarinnar og að umbjóðanda hans verði tildæmdur málskostnaður að skaðlausu samkvæmt taxta M. F. Í.

Umboðsmaður gerðarþola hefur til rökstuðnings kröfum sínum bent á, að fyrir árið 1942 hafi umbjóðanda hans verið gert að greiða samtals í skatta kr. 14203.00, og hafi þá upphaflega verið miðað við framtal gerðarþola óbreytt.

Gerðarþoli greiddi þessa upphæð, en eftir að greiðslan átti sér stað, breytti yfirskattanefnd Akraneskaupstaðar framtali gerðarþola þannig, að hún neitaði að taka til greina fyrningu á m/s Fagranesi í 10 mánuði, til söludags á árinu 1942, kr. 4500.00, með þeirri röksemd, að þar sem skipið hafi verið selt á árinu fyrir miklu hærra verð en kaupverð þess nam upphaflega, þá geti ekki verið um fyrningu á því að ræða *á því ári,* og hækkaði nefndin þá skatta gerðarþola um samtals kr. 1980.00 upp í kr. 16183.00.

Við þetta vildi gerðarþoli eigi una og kærði til ríkisskattanefndar (með bréfi dags. 28. sept. 1943) og krafðist þess, að nefnd skattahækkun yrði felld niður með öllu.

Ríkisskattanefnd staðfesti síðan úrskurð yfirskattanefndar Akraneskaupstaðar, en hækkaði auk þess tekjur gerðarþola um kr. 26441.30, þ. e. leyfði ekki afskriftir þær, er farið höfðu fram á fyrri árum, þannig að tekjur gerðarþola voru hækkaðar samtals um kr. 30941.30.

Samkvæmt þessum úrskurði ákvað ríkisskattanefndin skatta gerðarþola samtals kr. 28802.50, sem að frádregnum kr. 14203.00, er greiddar hafa verið, nema kr. 14599.50, eða þeirri upphæð, sem lögtaks er krafizt fyrir.

Umboðsmaður gerðarþola hefur algerlega mótmælt réttmæti þessarar kröfu á þeim forsendum, að úrskurðir yfirskattanefndar Akraneskaupstaðar og ríkisskattanefndar séu ekki lögum samkvæmir. Telur umboðsmaður gerðarþola, að ríkisskattanefndin hafi

byggt þessa ákvörðun sína á 3. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar frá 1939, er hljóðar svo: „Ef hlutur er seldur hærra verði en hann er fyrndur niður í, skal mismunurinn á söluverði hans og eftirstöðvum af afskrift hans teljast skattskyldar tekjur. Þetta á þó ekki við um venjulega fyrningu á fasteignum."

Heldur umboðsmaður gerðarþola því fram, að þessi regla eigi ekki stoð í lögum þeim, er reglugerðin byggist á, en í öðru lagi, að þó svo væri, þá gildi reglan ekki hér, þar sem hér sé um skip að ræða, en um þau gildi sama regla og um fasteignir per analogiam, sbr. sömu málsgrein in fine.

Þá heldur umboðsmaður gerðarþola því fram, að umbjóðandi hans hafi samkvæmt 10. gr. tekjuskattslaganna nr. 6 frá 1935 haft heimild til að draga frá venjulega fyrningu, eða í þessu tilfelli 6% af vátryggingarverði m/s Fagraness, hvað hann hafi gert athugasemdalaust af skattanefndum öll þau ár, er hann átti skipið, og þar til skattanefndin svipti gerðarþola þeim rétti og það algerlega heimildarlaust, að hann telur.

Samkvæmt ákvæðum fyrrgreindrar reglugerðar nr. 219 frá 21. des. 1939 um breyting á reglugerð nr. 133 frá 28. des. 1936 um tekju- og eignarskatt, 3. mgr. 1. gr. in fine, sem er undantekningarregla, er nær til fasteigna, en tilgreinir eigi skip, enda þótt ný reglugerð um sama efni, nr. 57 frá 17. apríl s. l., nái til hvorttveggja, er fógetaréttur nú þeirrar skoðunar, að fallast beri á úrskurð ríkisskattanefndarinnar frá 20. nóv. 1943, er taldi þann hluta söluverðs skipsins, sem fyrr greinir um, skattskyldan sem tekjur.

Samkvæmt því ber að taka kröfur gerðarbeiðanda til greina og leyfa framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar til tryggingar framangreindum þinggjaldskröfum.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður, enda hefur hans ekki verið krafizt af gerðarbeiðanda hálfu.

Dráttur sá, er orðið hefur á uppkvaðningu úrskurðar þessa, stafar m. a. af því, að eftir að málið var tekið upp til úrskurðar, var það til athugunar um tíma í fjármálaráðuneytinu og ríkisskattanefnd, svo og vegna margháttaðra embættisanna dómarans og réttarfris og sumarfría á embættisskrifstofunni.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð skal ná fram að ganga.
Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 14. marz 1945.

Nr. 120/1944. **Bæjarstjóri Hafnarfjarðar f. h. bæjarsjóðs** (Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Jóni Hjaltalín (Guðmundur Í. Guðmundsson).

Útsvarsmál.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 6. okt. 1944 og krafizt þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og framkvæmd lögtaks heimiluð. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar af áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Útsvar það, sem í máli þessu greinir, var lagt á stefnda í Hafnarfirði árið 1943 á tekjur hans árið 1942 og eignir í árslok 1942.

Stefndi hafði heimilisfasta atvinnustofnun á Siglufirði árið 1942, og bar honum því að gjalda þar útsvar samkvæmt a-lið 8. gr. laga nr. 106/1936. Í Hafnarfirði hafði stefndi íbúð á leigu allt árið 1942 og fram til 14. maí 1943, þar sem hann hafði búföng sín, og þar dvaldist kona hans þenna tíma. Verður því að telja, að heimili hans hafi verið í Hafnarfirði, þegar niðurjöfnun útsvara fór fram árið 1943, og að þar hafi mátt leggja á hann útsvar það ár á tekjur, sem samsvöruðu hæfilegum framkvæmdastjóralaunum, en þær tekjur hefði átt að draga frá heildartekjum hans, áður útsvar væri lagt á hann þetta ár á Siglufirði. Nú er auðsætt, að niðurjöfnunarnefnd Hafnarfjarðar hefur ekki gætt þessara reglna og því lagt útsvarið á rangan gjaldstofn. Verður samkvæmt þessu að neita um framkvæmd lögtaksgerðarinnar, og ber því að staðfesta að þessu leyti fógetaúrskurðinn að niðurstöðu til.

Eftir þessum úrslitum ber áfrýjanda að greiða stefnda málskostnað fyrir báðum dómum, er þykir hæfilega ákveðinn samtals kr. 1500.00.

Því dæmist rétt vera:

Lögtaksgerð sú, sem krafizt er, skal eigi framkvæmd.

Áfrýjandi, bæjarstjóri Hafnarfjarðar f. h. bæjarsjóðs, greiði stefnda, Jóni Hjaltalín, samtals kr. 1500.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Gullbringu- og Kjósarsýslu 12. júlí 1944.

Ár 1944, miðvikudaginn þann 12. júlí, var í fógetarétti Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem haldinn var af Bergi Jónssyni sýslumanni, uppkveðinn úrskurður í fógetaréttarmálinu: Bæjarsjóður Hafnarfjarðar gegn Jóni Hjaltalín, sem tekið var til úrskurðar hinn 25. f. m.

Mál þetta var fyrir tekið í fógetarétti Gullbringu- og Kjósarsýslu föstudaginn 14. jan. s. l.

Í réttinum var þá mættur f. h. gerðarbeiðanda, bæjarsjóðs Hafnarfjarðar, hdl. Sigurður Guðjónsson, en af hálfu gerðarþola hrl. Guðmundur Í. Guðmundsson.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda krafðist þess þá, að lögtaksgerð yrði framkvæmd hjá gerðarþola fyrir 5/6 hlutum af útsvari hans að upphæð kr. 30000.00 samtals svo og til lúkningar dráttarvöxtum, kr. 900.00, svo og öllum kostnaði við lögtaksgerðina og eftirfarandi uppboð, ef til kæmi.

Getur gerðarbeiðandi þess í beiðninni, að útsvar þetta fyrir árið 1943 sé lagt á samkvæmt lögum nr. 106 frá 1936, 27. gr., sbr. l. nr. 23 frá 12. febrúar 1940, 1. gr. 1.

Umboðsmaður gerðarþola, sem mótmælti framgangi gerðarinnar, hefur hins vegar krafizt þess, að umbjóðandi hans yrði sýknaður af öllum kröfum lögtaksbeiðanda og að hann (gj.b.) verði úrskurðaður til að greiða umbjóðanda sínum hæfilegan málskostnað að mati réttarins.

Til vara hefur umboðsmaður gerðarþola krafizt verulegrar niðurfærslu á útsvarinu auk málskostnaðar.

Aðalkröfu sína byggir gerðarþoli á því, að hann hafi ekki átt lögheimili í Hafnarfirði á árinu 1942 eða 1943 og sé því ekki útsvarsskyldur í Hafnarfirði árið 1943.

Gerðarþoli telur sig hafa verið á árinu 1941 og fram í aprílmánuð 1942 búsettan í Hafnarfirði.

Í aprílmánuði 1942 hafi hann flutt búferlum frá Hafnarfirði til Siglufjarðar og tilkynnt þann flutning sinn til manntalsins bæði í Hafnarfirði og á Siglufirði.

Telur gerðarþoli, að sá brottflutningur hans úr Hafnarfirði hafi

staðið í sambandi við það, að atvinnurekstur sá, sem hann hafði haft í sambandi við Hafnarfjörð á árinu 1941, féll niður þá um haustið, og síðan hafi hann enga atvinnu eða atvinnurekstur haft í Hafnarfirði eða í sambandi við Hafnarfjörð á nokkurn hátt, enda sáralítið dvalið í Hafnarfirði á árinu 1942.

Gerðarþoli átti m/b Rafn, er var skrásettur á Siglufirði. Var báturinn á árinu 1941 í fiskflutningum í sambandi við Hafnarfjörð. Þessum flutningum lauk, að því er gerðarþoli telur, haustið 1941, og telur hann (gj.þ.), að m/b Rafn hafi eftir þann tíma annað hvort einu sinni eða aldrei til Hafnarfjarðar komið, og þá aðeins til að kasta í land smáræði af vörum.

Gerðarþoli kveðst eiga síldarsöltunarstöð á Siglufirði og hafa haft þar síldarsöltun sumarið 1942, en í sambandi við þessa stöð sé íveruhús fyrir starfsfólk, og þar hafi hann búið.

Telur gerðarþoli, að af framansögðu sé ljóst

að hann sé ekki útsvarsskyldur í Hafnarfirði samkvæmt útsvarslögum nr. 106 frá 1936, 8. gr.

að fella beri niður útsvar hans í Hafnarfirði samkvæmt d-lið 2. málsgr. 8. gr. l. nr. 106 frá 1936, enda sé það krafa sín, þar sem hann hafi greitt útsvar af öllum tekjum sínum og eignum til Siglufjarðarkaupstaðar, og

að yrði hann álitinn útsvarsskyldur í Hafnarfirði, þá bæri Hafnarfjarðarkaupstað að skila Siglufjarðarkaupstað öllu útsvarinu, þar eð tekna hans er að engu leyti aflað í Hafnarfirði heldur á Siglufirði.

Telur gerðarþoli kröfu gerðarbeiðanda því fjarstæðu og mótmælir loks málskostnaðarkröfu hans.

Gerðarbeiðandi heldur því fram, að gerðarþoli hafi verið heimilisfastur í Hafnarfirði 1942 og haft þar á leigu íbúð, þar sem kona hans bjó og hann stundum.

Jafnframt hefur hann lagt fram vottorð bæjarstjóra um, að gerðarþoli hafi verið tekinn í manntal hér 1942, en samkvæmt spjaldskrá lögreglunnar tilkynnir gerðarþoli flutning úr bænum hinn 13. júlí 1942 ásamt konu sinni og börnum.

Um haustið var hann aftur færður á spjaldskrána.

Gerðarþoli hefur ákveðið neitað að hafa sjálfur látið skrá lögheimili sitt í Hafnarfirði 1942 eða gefið leyfi til, að hann yrði talinn heimilisfastur þar, enda talið lögheimili sitt á Siglufirði og talið þar fram, og er það hvort tveggja upplýst með vottorðum hlutaðeigandi yfirvalda.

Það er upplýst í málinu, að gerðarþoli hefur eigi haft heimilisfasta atvinnustofnun í Hafnarfirði, ekki átt þar neinar eignir né heldur rekið þar neinn útsvarsskyldan rekstur á umræddu tímabili (sbr. 8. gr. l. 106/1936).

Hins vegar er gerðarþoli samkvæmt framlögðum vottorðum

bæjarfógeta og bæjarstjóra Siglufjarðar talinn heimilisfastur þar árið 1942 og hefur greitt þar alla skatta til ríkis og bæjar árið 1943 af tekjum ársins 1942, enda aflað þar allra sinna tekna, sem umræddir skattar og gjöld eru á lögð.

Með skírskotun til framanritaðs fellst rétturinn á þá skoðun gerðarþola, að hann hafi verið útsvarsskyldur á Siglufirði 1943 af tekjum sínum og eignum 1942, en eigi í Hafnarfirði, og ber því að neita um framgang gerðarinnar.

Eftir atvikum þykir hæfilegt að úrskurða gerðarbeiðanda til að greiða í málskostnað til gerðarþola kr. 1000.00.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð skal eigi ná fram að ganga.

Gerðarbeiðandi greiði gerðarþola kr. 1000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu úrskurðarins undir aðför að lögum.

Föstudaginn 16. marz 1945.

Nr. 79/1944. **Borgarstjóri Reykjavíkur f. h. bæjarins** (Einar B. Guðmundsson)
gegn
Oddi Kristjánssyni (Gunnar Þorsteinsson).

Um heimild manns til að hafa hús á lóð í Reykjavík, er þar var reist án leyfis byggingarnefndar.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 12. júní 1944, hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar. Stefndi hefur krafizt staðfestingar á héraðsdómi og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Júlíus Sveinsson, heimildarmaður stefnda, reisti í öndverðu hýsi það á Bergþórugötu 6 A, er í máli þessu greinir, án leyfis byggingarnefndar Reykjavíkur. Þess vegna gátu stjórnvöld bæjarins fjarlægt húsið, þegar þau vildu. Þau veittu Júlíusi 5 ára frest árið 1930 til þess að rífa húsið eða

flytja það af lóðinni, en að þeim fresti liðnum var réttur þeirra samur sem áður. Þeir starfsmenn bæjarins, er gáfu út afsal að eigninni til handa Júlíusi á árinu 1941, gátu ekki að lögum firrt stjórnvöld bæjarins áðurnefndri heimild, sem á stoð í stjórnsýslulögum. Réttur þessi stendur því enn óbreyttur, og verður því ekki veitt dómsorð um það í máli þessu, að athugasemdin um skyldu til að taka húsið af áðurtéðri lóð verði strikuð úr afsals- og veðmálabókum Reykjavíkur. Verður samkvæmt þessu að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, borgarstjóri Reykjavíkur f. h. bæjarins, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Odds Kristjánssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fyrir báðum dómur falli niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 30. marz 1944.

Mál þetta er að undangenginni árangurslausri sáttatilraun höfðað af Oddi Kristjánssyni, Bergþórugötu 6 A hér í bæ, með stefnu útgefinni 23. september f. á. gegn Bjarna Benediktssyni borgarstjóra Reykjavíkur f. h. bæjarstjórnar.

Með úrskurði uppkveðnum 3. nóvember f. á. vék hinn reglulegi dómari, Kristján Kristjánsson settur lögmaður, sæti í málinu, og hefur því verið með það farið af Th. B. Líndal hrl. sem setudómara samkvæmt skipunarbréfi dags. 12. febrúar þ. á. Málið var flutt og dómtekið þ. 7. marz s. l., tekið upp aftur til frekari gagnaöflunar með úrskurði 10. marz s. l., en flutt að nýju og dómtekið 29. þ. m.

Kröfur stefnanda eru, að stefndur verði að viðlögðum 200 kr. dagsektum dæmdur til þess að fella niður þá kvöð á fasteign stefnanda, Bergþórugötu 6 A, hér í bæ: „að skylt sé að rífa skúr á lóðinni innan 5 ára frá 21/10—1930“ og aflýsa henni af húseigninni. Þá krefst stefnandi og, að stefndur verði dæmdur til þess að greiða málskostnað samkvæmt reikningi eða mati réttarins.

Jafnframt áskilur hann sér, ef kröfur hans yrðu ekki teknar til greina, skaðabótarétt á hendur Júlíusi Sveinssyni, er seldi honum eignina, og hefur Júlíusi verið stefnt til þess að gæta réttar síns í málinu.

Af hálfu stefnds er krafizt algerðrar sýknu og málskostnaðar.

Tildrög málsins eru þau, að með afsali dags. 23. maí 1941 seldi Júlíus Sveinsson trésmiður stefnandanum, Oddi Kristjánssyni, húseignina nr. 6 A við Bergþórugötu hér í bæ ásamt „leigulóð og öllum mannvirkjum á lóðinni" fyrir kr. 8000.00. Er stefnandi kom með afsal sitt til þinglýsingar, fékkst það eigi þinglýst nema svo hljóðandi athugasemd væri á það rituð: „Sú kvöð hvílir á hinni seldu eign, að skylt er að rífa skúr á lóðinni innan fimm ára frá 21/10—1930".

Kvöð þessari hafði borgarstjóri látið þinglýsa. Kvöð þessari vildi stefnandi eigi hlíta og hefur því höfðað mál þetta og gert í því framangreindar kröfur.

Um atvik málsins er að öðru leyti upplýst með framlögðum skjölum, réttarskýrslum Júlíusar Sveinssonar og stefnanda svo og málflutningnum, það sem hér segir:

Á árinu 1920 fékk Júlíus Sveinsson heimildir hjá bæjarsjóði á lóðinni nr. 6 við Bergþórugötu hér í bæ, án þess þó að samningi um lóðina væri þinglýst, og eigi er hann lagður fram. Ganga verður þó út frá því, að um venjulegan leigulóðarsamning hafi verið að ræða. Nokkurn hluta lóðarinnar seldi Júlíus síðan, og varð þá sá hluti lóðarinnar, sem hann hafði eftir, nr. 6 A við Bergþórugötu. Júlíus var heilsulítill og illa staddur, þannig að hann hafði komizt í skuld við bæjarsjóð. Var nú bætt töluverðu við þá skuld til þess að hann gæti komið sér upp íbúðarskúr eða húsi á lóðinni, og var bygging þessi reist á árinu 1920. 15. janúar 1921 gefur hann út skuldabréf til Reykjavíkur að upphæð kr. 3000.00, tryggt með 2. veðrétti í eigninni ásamt lóðarréttindum næst eftir skuld á 1. veðrétti að upphæð kr. 500.00.

Er Júlíus ætlaði að breyta húsinu og stækka það eitthvað á árinu 1930, gerði byggingarfulltrúi þær athugasemdir, að húsið væri reist í leyfisleysi, og varð endirinn sá, að Júlíus samþykkti kvöð þá á eignina, er að framan getur. Á árinu 1939 urðu vanskil af hálfu Júlíusar á greiðslu opinberra gjalda af eigninni, og var hún þá sett á nauðungaruppboð 29. nóvember 1939. Bæjarsjóður bauð kr. 2000.00 og varð hæstbjóðandi. Þann 6. desember 1939 var eignin útlögð bæjarsjóði upp í veðkröfu hans, sem þá var komin á fyrsta veðrétt. Í útlagningarafsalinu, sem afhent var til þinglýsingar 1⅘ 1941 og þinglýst þann 15. maí s. á., er kvaðarinnar getið.

Þann 21. des. 1940 fer Júlíus fram á það við bæjarstjórn, að hann fái eignina aftur fyrir fasteignamat, og varð það úr, að hann fékk afsal fyrir henni 20. jan. 1941. Því afsali var þinglýst 17. apríl 1941. Kvaðarinnar var þar að engu getið, og afsalinu þinglýst athugasemdalaust. Þann 23. maí 1941 afsalaði síðan Júlíus stefnanda eigninni, eins og fyrr getur. Bæði Júlíus og stefnandi

hafa staðhæft fyrir réttinum, að ekkert hafi verið rætt um kvöðina, þegar kaupin gerðust. Júlíus kveður sig hafa álitið hana niður fallna, og stefnandi, að sér hafi verið alls ókunnugt um hana.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að þar sem Júlíus hafi, er kaupin gerðust, sýnt framlagt veðbókarvottorð, útg. 15/5 1941, þar sem hann er talinn eigandi samkvæmt heimildarbréfi 2/1 1941, og engra hafta eða kvaða getið, nema skuldar við bæjarsjóð kr. 2875.00, og stefnandi hafi verið alveg grandalaus, þá geti umrædd kvöð ekki haft gildi gagnvart honum.

Hann bendir og á, að í afsali bæjarins til Júlíusar hafi kvaðarinnar ekki verið getið, og verði því að telja, að hún hafi verið fallin niður, enda hafi engin gangskör verið að því gerð, að henni yrði fullnægt, þótt um 5½ ár væru liðin frá því að það skyldi gert.

Af hálfu stefnda er því mótmælt, að umrætt veðbókarvottorð geti valdið því, að kvöðin hafi fallið niður, og að þótt hennar hafi ekki verið getið í afsali bæjarins til Júlíusar, hafi það verið óþarfi, þar sem hún hafi enn staðið óaflýst og Júlíus ekki haft tilefni til að ætla, að frá henni væri fallið.

Fallast verður á þá skoðun stefnda, að veðbókarvottorðið út af fyrir sig sé ekki þannig lagað skjal, að það skapi stefnanda meiri rétt en Júlíus átti, enda er upplýst, að kvöðinni hafði verið löglega þinglýst og henni var ekki aflýst.

Hafi kvöðin verið löglega sett í upphafi, en um það verður ekki dæmt hér, þá féll hún því ekki niður fyrir traustnám stefnanda.

Á hinn bóginn verður að líta svo á, að er Júlíus Sveinsson seldi stefnanda eignina, hafi honum (Júlíusi) verið rétt að líta svo á, að kvöðin væri niður fallin, úr því að enginn fyrirvari var um hana gerður, er hann fékk afsalið 20. janúar 1941. Þá voru liðin um 5½ ár frá því, að henni skyldi fullnægt, og hennar var getið í útlagningarskjalinu til bæjarsjóðs. Því var tilefni til þess, að skýrt væri kveðið á um hana, ef hún átti að hafa gildi.

Eigi verður heldur séð, hvað Júlíus var að kaupa, ef skúrinn var lóðarréttindalaus. Hér var um leigulóð að ræða, en skúrinn ásamt lóðarréttindum metinn kr. 1900.00 að þágildandi fasteignamati. Kaupverðið á hinn bóginn kr. 2875.00.

Þá virðast og öll viðskipti bæjarins við Júlíus hafa verið á þann veg, að þau yrðu honum til framdráttar, en honum gat enginn greiði verið gerður með því að fá skúrinn lóðarréttindalausan fyrir hið umsamda verð.

Samkvæmt framansögðu ber að taka kröfur stefnanda til greina, þó þannig, að framangreind kvöð sé felld niður og að þinglýsa megi dómi þessum til þess að hún verði afmáð.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndur, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarstjórnar, greiði stefnanda málskostnað, er ákveðst kr. 300.00.

Því dæmist rétt vera:

Kvöð sú, þinglýst 21. október 1930, að skylt sé að rífa skúrbyggingu á lóðinni nr. 6 A við Bergþórugötu hér í bæ innan 5 ára frá $^{21}/_{10}$ 1930, er fallin niður. Má þinglýsa dómi þessum, þannig að hún verði afmáð úr veðmálabókum.

Stefndur, Bjarni Benediktsson borgarstjóri í Reykjavík f. h. bæjarstjórnar, greiði stefnandanum, Oddi Kristjánssyni, kr. 300.00 í málskostnað.

Dóminum að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 16. marz 1945.

Kærumálið nr. 2/1945. **H/f Fiskur og Ís**
gegn
Höjgaard & Schultz A/S.

Um vitnaleiðslu.

Dómur hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur með yfirlýsingu 27. febr. þ. á. kært til hæstaréttar úrskurð borgardómara sama dag, þar sem honum er synjað þess, að lagðar verði nokkrar vitnaspurningar fyrir vitnið Eric Viggo Lundgaard verkfræðing. Barst hæstarétti kæran 2. þ. m., og hafa báðir aðiljar sent dóminum greinargerð um kæruatriði.

Sóknaraðili krefst þess, að úrskurði bæjarþingsins verði hrundið og heimilað að leggja fyrir framangreint vitni að svara spurningum þeim, er í málinu greinir. Þá krefst hann og þess, að niður verði felld víti þau, er málflytjanda hans voru sett í úrskurðinum. Loks krefst hann málskostnaðar fyrir hæstarétti úr hendi varnaraðilja eftir mati dómsins.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og málskostnaðar af sóknaraðilja hér fyrir dómi eftir mati hæstaréttar.

Fallast verður á það, að spurningum þeim, er í málinu greinir, hafi vitnið Eric Viggo Lundgaard þegar svarað í skýrslu sinni, sem hann hefur staðfest fyrir dómi. Og ekk-

ert er upp komið, sem bendi til þess, að sóknaraðili hafi ekki átt þess kost að fá lagðar fyrir vitnið athugasemdir um einstök atriði í skýrslu þess. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna úrskurðarins ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðilja málskostnað fyrir hæstarétti, kr. 100.00.

Því dæmist rétt vera:

Framangreindur úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, h/f Fiskur og Ís, greiði varnaraðilja, Höjgaard & Schultz A/S., kr. 100.00 í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 27. febrúar 1945.

Mál þetta hefur h/f Fiskur & Ís í Vestmannaeyjum höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 25. júlí 1944 gegn Höjgaard & Schultz A/S, Miðstræti 12, hér í bænum. Gerir stefnandi þær dómkröfur, *aðallega*, að stefnda verði dæmt til þess að viðlögðum hæfilegum dagsektum að afhenda því 300 m^3 af góðu og ófúnu einangrunartorfi og til þess að greiða því kr. 50000.00 í skaðabætur vegna dráttar á afhendingu ásamt 6% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá 10. ágúst 1943 til greiðsludags, allt að frádregnum kr. 6000.00. *Til vara* krefst stefnandi, að stefnda verði dæmt til þess að greiða því kr. 56000.00 með 6% ársvöxtum frá 10. ágúst 1943 til greiðsludags. Í báðum tilvikum krefst stefnandi málskostnaðar að skaðlausu.

Stefnda krefst sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Hinn 23. febrúar s. l. kom Eric Viggo Lundgaard, verkfræðingur hjá stefnda, fyrir bæjarþingið sem vitni, en skýrsla hans um málsatvik hafði verið lögð fram í málinu (dómsskjal nr. 11). Í þinghaldi þessu staðfesti vitnið, að skýrsla þess væri sannleikanum samkvæm.

Umboðsmaður stefnanda óskaði, að eftirgreindar spurningar (dómsskjal nr. 12) yrðu lagðar fyrir vitnið:

1. Hvenær var torf það rist, sem var selt Fiskur & Ís h/f?
2. Sögðuð þér Magnúsi Guðbjartssyni, hvenær það var rist?
3. Tjáðuð þér honum, að það væri laust í sér?
4. Sögðuð þér Magnúsi, að torfið væri ekki þurrt?
5. Sögðuð þér Magnúsi, að torfið væri óhæft til að einangra aðallögn hitaveitunnar?

6. Tjáðuð þér honum, að þetta væri orsökin til þess, að Höjgaard & Schultz A/S vildi selja torfið?
7. Lofaði Magnús að taka torfið undir eins?
8. Létuð þér Magnús vita, að Höjgaard & Schultz A/S mundi þegar í stað rífa stakkana, sem torfið var í?
9. Tjáðuð þér Magnúsi, að Höjgaard & Schultz A/S ætlaði að taka frá fyrst handa sér það, sem nothæft væri fyrir hitaveituna?
10. Báðuð þér Magnús að líta á torfið, áður en samningar tækjust?
11. Báðuð þér hann síðar að fara að Minni-Borg til þess að líta á þetta?
12. Var nokkurt torf í stökkum eftir á Minni-Borg, þegar Páll Pálsson hafði tekið frá fyrir hitaveituna?

Umboðsmaður stefnda mótmælti því, að spurningar nr. 3—11 væru lagðar fyrir vitnið, og taldi spurningum þessum svarað í skýrslu vitnisins. Krafðist umboðsmaður stefnanda úrskurðar um þetta efni, og var það tekið til úrskurðar.

Það virðist ljóst við samanburð á framangreindri skýrslu vitnisins og framanskráðum vitnaspurningum, að vitnið hefur þegar greinilega í skýrslu sinni svarað spurningum nr. 3—7 og 10—11. Spurningar þessar eru því þýðingarlausar, og með tilvísun til 3. mgr. 133. gr. einkamálalaganna verða þær því ekki lagðar fyrir vitnið. Hins vegar er spurningum nr. 8 og 9 ekki svarað nægilega glöggt í skýrslu vitnisins, og þar sem þær kunna að hafa þýðingu í málinu, þykir rétt, að þær séu lagðar fyrir vitnið, enda að öðru leyti þess eðlis, að svo verði gert.

Í fyrrgreindu þinghaldi þann 23. þ. m. kom það fyrir, að löggiltur dómtúlkur, sem var að starfi í dóminum, sýndi fyrrnefndu vitni eftirrit hinna framlögðu vitnaspurninga um leið og fyrsta spurningin var lögð fyrir það. Umboðsmaður stefnanda, Magnús Thorlacius hrl., mótmælti því, að vitninu gæfist þannig kostur á að sjá allar vitnaspurningarnar, og tók dómtúlkurinn þá skjalið þegar til sín. Umboðsmaður stefnda rétti vitninu þá strax sitt eintak vitnaspurninganna, áður en dómari fengi að gert, en umboðsmaður stefnanda stóð þá jafnskjótt upp, gekk að vitninu og þreif af því framangreint skjal. Þessa óþinglegu framkomu af hálfu hæstaréttarlögmannsins, Magnúsar Thorlacius, verður að átelja harðlega.

Einar Arnalds, fulltrúi borgardómara, hefur kveðið upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Spurningar nr. 8 og 9 á dómsskjali nr. 12 skulu lagðar fyrir vitnið Eric Viggo Lundgaard.

Mánudaginn 19. marz 1945.

Nr. 1/1944. **Gunnar Ólafsson** (Kristján Guðlaugsson)
gegn
Bæjarstjórn Vestmannaeyja f. h. bæjarsjóðs (Sigurður Ólason).

Ómerking og vísun frá héraðsdómi vegna ófullnægjandi málsútlistunar.

Dómur hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, fulltrúi bæjarfógeta í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi flutti sjálfur mál sitt í héraði. Hann gerði þar kröfu um fébætur vegna verðrýrnunar og tjóns á húsi sínu Dagsbrún nr. 8 við Kirkjuveg í Vestmannaeyjum, er varð af breytingu á skipulagi kaupstaðar þessa. Nauðsyn var að láta fara fram matsgerð til að sannreyna tjón áfrýjanda, en slíkt mat hefur ekki verið framkvæmt, áður en málið var tekið endanlega til dóms í héraði sbr. 137. gr. laga nr. 85/1936. Héraðsdómari benti áfrýjanda á dómþingi 19. febrúar 1943 á þörf virðingar, en er áfrýjandi tók þá ábendingu ekki til greina, bar dómara að leiða athygli áfrýjanda að því, að vísa ætti málinu frá héraðsdómi, ef ekki væri farið að þessum leiðbeiningum. Þá var ekki lagður fram í héraði skipulagsuppdráttur né aðrir uppdrættir af afstöðu á svæði því, er í málinu greinir.

Þeir gallar aðrir eru og á meðferð málsins, að skriflegur málflutningur var ákveðinn, áður en greinargerð samkvæmt 106. gr. áðurnefndra laga var lögð fram, að ekki var veittur sameiginlegur frestur til gagnasöfnunar eftir 110. gr. laganna og að málflutningi er lokið með bókunum í þingbók eftir því sem tíðkaðist áður en lög nr. 85/1936 komu til framkvæmdar.

Samkvæmt þessu verður að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð og vísa málinu frá héraðsdómi.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur og meðferð málsins eiga að vera ómerk, og vísast málinu frá héraðsdómi.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Vestmannaeyja 13. maí 1943.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 15. þ. m., er höfðað af Gunnari Ólafssyni kaupmanni, Vík í Vestmannaeyjum, með stefnu útg. 14. nóv. 1942, birtri 17. s. m., á hendur bæjarstjórn Vestmannaeyja f. h. bæjarsjóðs, þeim Ástþór Matthíassyni, Sóla, Ársæli Sveinssyni, Fögrubrekku, Guðlaugi Gíslasyni, Skólaveg 21, Guðlaugi Hanssyni, Fögruvöllum, Ísleifi Högnasyni, Faxastig 5, Einari Sigurðssyni, Skólaveg 1, Sighvati Bjarnasyni, Ási, Sveini Guðmundssyni, Arnarstapa og Páli Þorbjarnarsyni, Bifröst, öllum hér í bæ, til þess að bæta það tjón, sem stefnandi kveðst hafa orðið fyrir við það að Kirkjuveginum hafi verið lokað fyrir allri umferð og húseign hans Dagsbrún gerð óhæf til verzlunarrekstrar og óaðgengilegri til íbúðar svo og til greiðslu málskostnaðar.

Gerir stefnandi þær réttarkröfur aðallega, að stefndur verði dæmdur til þess að flytja hús hans Dagsbrún, nr. 8 við Kirkjuveg, óskemmt að nýjum vegi fyrir norðan húsið, byggja þar kjallara undir húsið eigi verri en þann, sem húsið stendur nú á, og snúa húsinu þannig, að aðalhlið þess snúi að hinum nýja vegi, en til vara, að stefndur verði dæmdur til að greiða honum kostnað við væntanlegan flutning hússins í samræmi við aðalkröfuna með kr. 15000.00 — með því peningagildi, sem var í september 1941, en sem hann nú telur ekki minna en ca kr. 30000.00, auk 6% ársvaxta af þeirri upphæð frá sáttakærudegi 3. nóvember 1942 til greiðsludags.

Enn fremur krefst stefnandi þess, að stefndur verði dæmdur til að bæta við lóð Dagsbrúnar meðfram hinum nýja vegi af óbyggðri lóð milli Dagsbrúnar og hússins Þingvellir, þannig að stærð lóðarinnar verði 900 ferálnir, eins og hún hafi verið í upphafi.

Svo krefst stefnandi og málskostnaðar eftir mati réttarins.

Stefnandi gerir þá grein fyrir kröfum sínum, að bæjarstjórn Vestmannaeyja hafi breytt umhorfi húseignarinnar Dagsbrúnar og gert húsið lítt byggilegt móts við það, sem áður var. Hann segir, að lóðin, sem tilheyrir húsinu, hafi í upphafi verið byggð sem verzlunarlóð, og verzlun hafi einnig jafnan verið rekin í húsinu frá því það var byggt 1911, að ca einu ári undanteknu, þar til síðastliðið sumar, er kaupmaðurinn, sem þá rak verzlun þar, flutti burtu vegna lokunar Kirkjuvegarins. Lýsir stefnandi legu hússins þannig fyrir breytinguna, að það hafi staðið við elztu,

lengstu og fjölförnustu götu bæjarins. Kirkjuveginn, sem hafi legið frá kirkjunni alla leið niður að sjó, þar sem Bæjarbryggjan tekur við. Hafi aðalhlið hússins (austurhlið) með búðargluggum og búðardyrum snúið að Kirkjuveginum, en suðurendi þess snúið að Miðstræti, eins og enn er, og hafi því verið opin leið að húsinu á þrjá vegu, og hafi engum dottið í hug, að á þessu yrði gerð nein breyting. En fyrir nokkrum árum hafi rafstöðin, sem er nr. 10 við Kirkjuveg og stendur gegnt Dagsbrún hinum megin við Miðstræti, verið stækkuð austur á Kirkjuveginn, og hafi veginum þar með verið lokað fyrir allri umferð ökutækja, þótt hann hins vegar væri fær gangandi mönnum. Um leið og þetta var gert, hafði komið nýr vegur út úr vesturhlið Kirkjuvegarins með stefnu fyrir vestan rafstöðina og norðvestur á Miðstræti. Stefnandi kveðst ekki hafa fengizt um þessa breytingu Kirkjuvegarins, því eftir sem áður hafi verið allgreiður vegur fyrir gangandi fólk að húsi hans, Dagsbrún.

En árið 1940 lét bæjarstjórnin, eftir því sem stefndur heldur fram, flytja húsið Þingvelli þvert yfir Kirkjuveginn og upp að húsinu Þingholti, sem er nr. 5 við Kirkjuveg. Sé nú aðeins 2 metra breiður stígur milli nefndra húsa, en áður hafi Kirkjuvegurinn verið þarna 10 metrar á breidd. Telur stefnandi, að með þessum aðgerðum hafi Kirkjuveginum raunverulega verið lokað bæði fyrir ofan og neðan Dagsbrúnarhúsið.

Um leið og húsið Þingvellir var flutt, var nýr vegur lagður fyrir vestan húsið frá Miðstræti út á Heimatorg. Stendur Dagsbrún nokkra metra frá þessum nýja vegi og snýr bakhliðinni að honum, en aðalhlið og aðaldyr snúa að hinum aflagða Kirkjuvegi.

Heldur stefnandi því fram, að þessar breytingar á umhverfi Dagsbrúnar, er bæjarstjórn Vestmannaeyja hafi staðið fyrir, séu á margan hátt framkvæmdar í ósamræmi við fyrirmæli gildandi laga, og hafi Dagsbrún við þær verið gerð óhæf til verzlunarrekstrar og óaðgengilegri til íbúðar en áður var. Beri því bæjarsjóði Vestmannaeyja skylda til að bæta honum það tjón að fullu, er hann hafi beðið við þetta, en það tjón verði ekki bætt á annan hátt en þann, að kröfur hans í máli þessu nái fram að ganga.

Þá segir stefnandi, að bæjarstjórnin hafi tekið ólöglega hluta af Dagsbrúnarlóðinni undir nýjan veg vestan Þingvalla. Telur hann, að nauðsynlegt sé, að jafnstórri lóð verði bætt við Dagsbrúnarlóðina svo húseignin fái sama gildi og áður, og auk þess muni reynast erfitt að flytja húsið á réttan stað við nýja veginn, nema sömu lóðarstærð verði skilað aftur. Segir hann, að auðvelt sé fyrir stefnda að bæta úr þessu, því á milli Dagsbrúnarlóðarinnar og hússins Þingvalla sé nú óbyggð lóð, sem stefndur hafi umráð yfir.

Mætt hefur verið í málinu af hálfu stefnds og þær kröfur gerðar,

að stefndur yrði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefndum verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður.

Af hálfu stefnds er það viðurkennt, að bæjarstjórnin hafi hinn 23. nóv. 1940 látið taka eignarnámi 65,5 fermetra, eða ca 164 ferálnir, af Dagsbrúnarlóðinni undir götu í nýja veginn vestan Þingvalla. Dómkvaddir matsmenn hafi metið lóðina, og eigi stefnandi aðeins heimtingu á matsverðinu. Aðrar kröfur út af lóðartökunni eigi stefnandi ekki. Varðandi kröfu stefnanda um viðbótarlóð af lóð þeirri, sem nú er óbyggð milli Dagsbrúnar og Þingvalla, er bent á það af hálfu stefnds, að lóð þessi sé ekki eign bæjarsjóðs, heldur muni ríkissjóður vera eigandi hennar og sé því þessi krafa fjarstæða.

Þá neitar stefndur því, að stefnandi eigi nokkrar kröfur vegna þeirra breytinga, sem gerðar hafa verið á umhverfi Dagsbrúnar. Segir hann, að húsið hafi ekki rýrnað að verðmæti við breytingarnar frá því, sem áður var. Húsið sé eins vel hæft til verzlunar og íbúðar, enda búi sömu leigjendur enn í húsinu og við óbreytt leigukjör og enn sé rekin verzlun í húsinu og stefnandi fái sömu leigu fyrir verzlunarplássið og áður. Þá heldur stefndur því fram, að allar þær breytingar, sem gerðar hafa verið á umhverfi Dagsbrúnar séu framkvæmdar samkvæmt skipulagsuppdrætti, staðfestum af ráðuneytinu og að öllu leyti lögum samkvæmt. Sá skipulagsuppdráttur, sem farið hafi verið eftir, hafi legið frammi almenningi til sýnis fyrir rúmum 15 árum, og sem stefndur hafi jafnan átt kost á að kynna sér síðan, en hann aldrei gert neinar athugasemdir við í tilefni af Dagsbrúnareigninni fyrr en nokkru áður en mál þetta fór af stað. Sé stefnandi þar af leiðandi fyrir löngu búinn að fyrirgera rétti sínum til þess að gera gildandi kröfur til bóta, hafi hann einhverntíma átt slíkan rétt.

Auk þess hefur stefndur það að athuga við kröfur stefnanda, að ekki sé hægt að flytja húsið að hinum nýja vegi, nema því aðeins að húsið verði flutt á lóð þriðja aðilja, þar sem stefnandi eigi ekki nægjanlegt lóðarrými við hinn nýja veg fyrir grunn hússins. Svo bendir stefndur á það, að ef húsið yrði flutt að nýja veginum, yrði lega þess miklu betri en hún hefði nokkurn tíma verið og húsið þar af leiðandi verðmeira. Enn fremur bendir stefndur á, að það sé ekki á hans valdi að flytja húsið, þar sem byggingarleyfi þurfi að koma til, sem bæjarstjórn geti ekki veitt án samþykkis byggingarnefndar, en það sé ekki fyrir hendi. Af sömu ástæðum og nú hafa verið greindar, telur stefndur, að varakrafa stefnanda um að fá tildæmdan kostnað við flutning hússins geti ekki komið til greina. Sé hvorki heimilt né mögulegt að flytja húsið, geti aldrei stofnazt neinn kostnaður við flutning þess, og ekki verði menn dæmdir til að greiða kostnað, sem aldrei verður stofnað til.

Stefnandi hefur margt fært fram gegn þessum varnarástæðum stefnds. Varðandi lóðarkröfuna viðurkennir stefnandi raunar, að stefndur, bæjarsjóður Vestmannaeyja eða Vestmannaeyjabær, eigi ekki hina óbyggðu lóð milli Dagsbrúnar og Þingvalla, sem stefnandi krefst hluta af, en hann heldur því fram, að bæjarstjórn sé innanhandar að fá lóðina til umráða og bendir á í því sambandi, að samkvæmt samkomulagi milli ríkisstjórnarinnar og bæjarstjórnarinnar megi umboðsmaður þjóðjarða hér ekki byggja neinum manni landspildu eða byggingarlóð, nema með samþykki bæjarstjórnarinnar. Af þessu telur hann leiða, að bæjarstjórnin geti hvenær sem er fengið byggingarlóðir og landspildur til umráða eftir eigin vild.

Hann telur, að matið á hinni teknu lóð hafi ekki farið löglega fram, og neitar að hlíta því og hefur neitað að veita matsverðinu móttöku og telur sig eiga heimtingu á jafnstórri lóð í staðinn, með því að missir lóðarinnar rýri eignina, og sá missir verði ekki bættur, nema með afhendingu jafnstórrar aðliggjandi lóðar.

Þá fullyrðir stefnandi, að eignin hafi rýrnað mjög í verði vegna þeirrar breytingar, sem áður er getið. Hefur hann leitt nokkur vitni í málinu, sem töldu eignina óhæfa til samkeppnisverzlunar eftir breytingarnar og ónotalegri til íbúðar. Hann fullyrðir, að mögulegt sé að færa húsið til á þess eigin lóð, þannig að það standi við hinn nýja veg og snúi forhlið að honum. Hann heldur því einnig fram, að gildandi skipulagsuppdráttur leyfi, að húsið standi þar við hinn nýja veg.

Í málinu hefur enginn skipulagsuppdráttur verið lagður fram og engin afstöðumynd af húseigninni Dagsbrún eða lóð þess, og yfirleitt er málið illa upplýst, þrátt fyrir löng skrif og mörg af sækjanda og verjanda. Allt að einu telur dómarinn ekki ástæðu til að taka mál þetta upp að nýju til þess að fá fyllri upplýsingar. Kemur það til af því, hvernig kröfum stefnanda er háttað og sem hann bersýnilega vill ekki haga á annan veg. Í málinu má það telja upplýst, að stefndur er ekki eigandi að lóð þeirri, er stefnandi krefst að fá í stað þeirrar lóðar, sem tekin var undir götu, og er þegar af þeirri ástæðu ekki unnt að taka þá kröfu hans til greina.

En auk þess verður að líta svo á, að stefnandi geti ekki, eins og hann gerir, krafizt nýrrar lóðar í skaðabætur fyrir hina teknu lóð, heldur geti hann aðeins átt rétt til peningaupphæðar. Sama máli gegnir um frumkröfu málsins, kröfuna um að stefndur verði dæmdur til að flytja húsið, sem einnig er sett fram og rökstudd sem skaðabótakrafa. En varðandi þá kröfu kemur einnig til greina, að samkvæmt byggingarsamþykkt Vestmannaeyja er ekki heimilt að flytja húsið, nema samþykki byggingarnefndar komi til, en af

málflutningi aðilja þykir mega leiða, að það samþykki sé ekki fyrir hendi. Verður því einnig að sýkna stefnanda af þeirri kröfu.

Varakröfu stefnandans, að stefndur verði dæmdur til að greiða kostnað við flutning hússins, þykir ekki heldur unnt að taka til greina þegar af þeirri ástæðu að ganga verður út frá, eins og áður er getið, að flutningur hússins sé ekki heimill, að minnsta kosti ekki eins og sakir standa.

Samkvæmt því, er nú hefur verið tekið fram, verður niðurstaða málsins sú, að stefndur verður sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Umboðsmaður stefnds hefur krafizt þess, að eftirfarandi ummæli í sóknarskjölum stefnanda verði dæmd dauð og ómerk og stefnandi verði dæmdur í þá þyngstu refsingu, sem lög leyfa, fyrir þau:

„Enda hefur bæjarstjórn aldrei með þessu breytingabraski skeytt um fyrirmæli laga nr. 55 þann 27. júní 1921."

„Þetta, að svara ekki bréfum, er glögg spegilmynd af þeim slóðaskap og því kæruleysi og ábyrgðarleysi, sem einkennir alla meðferð bæjarstjórnarinnar á þeim málum, sem bæinn varða."

„Þetta er allt í samræmi hvað við annað gert til þess, að yfirgangssöm og ósanngjörn bæjar- eða sveitarstjórn geti ekki óátalið rænt borgara rétti til fullra bóta fyrir þann skaða og verðrýrnun eigna, er orsakast kann af hinum svonefndu „skipulagsbreytingum", sem að minnsta kosti hér í bæ eru oft gerðar af litilli ráðdeild og framúrskarandi vanhyggju."

„Álitur hann, að bæjarstjóri, löglærður eins og hann samkvæmt lögum á að vera og þar af leiðandi „menntaður maður", eins og það er kallað, standi vel og sómasamlega í stöðu sinni,

1. ef hann sýnir litla eða enga ábyrgðartilfinningu fyrir starfi sínu og vanrækir á flestan hátt þau störf, er honum ber að vinna,

2. ef hann sem bæjarstjóri beitir sér fyrir óþörfum og miður löglegum ágangi á réttindi einstakra bæjarbúa og með því neyðir menn til málssókna á hendur bæjarfélaginu, bæjarstjórninni til varanlegrar vanvirðu og bænum til fjártjóns."

Fallast verður á, að ummæli þessi séu stórlega meiðandi, og þar sem þau hafa ekki verið réttlætt og málflutningur stefnds hefur ekki gefið tilefni til þeirra, þykir bera að dæma þau dauð og ómerk og refsa stefnanda fyrir þau.

Þykir refsingin hæfilega ákveðin 100 króna sekt í ríkissjóð, er stefnanda ber að greiða innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, og komi í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd fyrir nefndan tíma, 5 daga varðhald.

Vegna anna dómarans og lasleika hans hefur dómur í máli þessu ekki verið uppkveðinn fyrr en nú.

Því dæmist rétt vera:

Framangreind ummæli skulu dauð og ómerk. Stefnd, bæjarstjórn Vestmannaeyja f. h. bæjarsjóðs, skal vera sýkn af kröfum stefnandans, Gunnars Ólafssonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Stefnandinn, Gunnar Ólafsson, greiði kr. 100.00 í sekt í ríkissjóð innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, og komi í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd, 5 daga varðhald.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 21. marz 1945.

Nr. 135/1944. **Stjórnarnefnd ríkisspítalanna** (Sigurður Ólason) gegn **Hvammshreppi** (Guðmundur Í. Guðmundsson).

Hreppsfélag krafið um greiðslu vistgjalds sjúklings á geðveikrahæli.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 6. nóv. 1944 og krafizt þess, að stefndi, Hvammshreppur í Dalasýslu, verði dæmdur til þess að greiða honum kr. 3937.80 með vöxtum eins og í héraðsdómi greinir svo og málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar. Stefndi, Hvammshreppur, hefur krafizt staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins. Þá hefur áfrýjandi og stefnt Fellsstrandarhreppi í Dalasýslu til réttargæzlu, en ekki gert neinar kröfur á hendur honum. Fyrirsvarsmaður Fellsstrandarhrepps hér fyrir dómi hefur krafizt málskostnaðar fyrir hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Stefndi, Hvammshreppur, ráðstafaði ekki sjúklingi þeim, er í málinu greinir, til dvalar á geðveikrahælinu á Kleppi, og ber hann því ekki af þeim sökum ábyrgð á greiðslu vistgjalds þess, sem í málinu er krafizt.

Fyrirsvarsmann Hvammshrepps annars vegar og fyrir-

svarsmann Fellsstrandarhrepps og áfrýjanda hins vegar greinir á um það, hvernig skýra skuli 13. gr. laga nr. 52/1940, en á því veltur, hvort skylda til meðlagsgreiðslu með sjúklingi þessum hvílir á Hvammshreppi eða Fellsstrandarhreppi. Þar sem hér er raunverulega ágreiningur milli hreppsfélaga um framfærsluskyldu, sem stjórnvöld þau, er greinir í 81. gr. laga nr. 52/1940 hafa enn ekki lagt úrskurð á, þá ber að sýkna stefnda, Hvammshrepp, að svo stöddu af gjaldkröfu áfrýjanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Hvammshreppur, á að vera sýkn að svo stöddu af gjaldkröfu áfrýjanda í máli þessu.

Málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 1. nóvember 1944.

Mál þetta, sem dómtekið var 25. f. m., hefur skrifstofa ríkisspítalanna, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 3. júní s. l. gegn hreppsnefnd Hvammshrepps í Dalasýslu vegna hreppsins til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 3937.80 ásamt 6% ársvöxtum af kr. 538.68 frá 1. janúar 1941, af kr. 874.59 frá 1. janúar 1942, af kr. 1125.32 frá 1. janúar 1943 og af kr. 1402.21 frá 1. janúar 1944, öllum til greiðsludags, svo og málskostnaðar að skaðlausu.

Hreppsnefnd Fellsstrandarhrepps í Dalasýslu hefur f. h. hreppsins verið stefnt til réttargæzlu í máli þessu.

Stefnd hefur krafizt sýknu og málskostnaðar.

Málsatvik eru þessi:

Árin 1910—1916 bjuggu hjónin Tryggvi Gunnarsson og Halldóra Einarsdóttir að Rauðbarðaholti í Hvammshreppi. Vorið 1916 brá Tryggvi búi vegna vanheilsu (geðveiki konu sinnar) og fluttist ásamt börnum sínum til Skoravíkur í Fellsstrandarhreppi, en kona hans var á ferðalagi fram eftir sumrinu, þar til hún settist að hjá foreldrum sínum, er voru þurrabúðarfólk í Bildsey á Breiðafirði, og um haustið ól hún þar dóttur, er nefnist Soffía. Hinn 5. marz 1933 ráðstafaði hreppsnefndin í Fellsstrandarhreppi Soffíu þessari á geðveikrahælið að Kleppi, og hefur hún dvalizt þar síðan. Hinn 28. marz 1934 kvað sýslumaðurinn í Dalasýslu upp úrskurð um sveitfesti Soffíu eftir kröfu oddvita Fellsstrandar-

hrepps, og var niðurstaða hans á þá leið, að Hvammshreppur var talinn framfærslusveit hennar, og byggðist það á því, að lögheimili móður hennar var síðast skráð í þeim hreppi, áður en Soffa fæddist. Var úrskurður þessi staðfestur af stjórnarráðinu hinn 11. marz 1935. Eftir að framfærslulögin nr. 135 frá 1935 tóku gildi, óskuðu oddvitar fyrrgreindra hreppa úrskurðar um sveitfesti Soffíu. Varð úrskurður sýslumannsins á þá leið, að Hvammshreppur skyldi eftir sem áður talinn framfærslusveit hennar, og staðfesti stjórnarráðið þann úrskurð hinn 27. maí 1937. Hinn 28. marz 1938 var þess enn farið á leit af hálfu Hvammshrepps, að málið yrði tekið upp af nýju, og lagði stjórnarráðið fyrir sýslumanninn með bréfi dags. 26. ágúst s. á. að úrskurða í málinu á ný. Með úrskurði sýslumanns, uppkveðnum hinn 15. apríl 1939, var framfærsluskylda í þessum efnum lögð á Fellsstrandarhrepp frá þeim degi, er stjórnarráðið lagði málið síðast fyrir sýslumann. Byggðist sá úrskurður á því, að talið var, að Hella í Fellsstrandarhreppi hefði verið lögheimili Soffíu og Fellsstrandarhreppur síðasta heimilissveit hennar, áður en sjúkrahússvist hennar hófst. Hinn 15. júlí s. á. skaut oddviti Hvammshrepps úrskurði þessum til stjórnarráðsins og krafðist þess, að Fellsstrandarhreppi yrði gert að endurgreiða framfærslukostnað sjúklingsins frá 1. janúar 1936, en þar eð áfrýjunarfrestur samkvæmt 78. gr. þágildandi framfærslulaga (6 vikur) var þá liðinn, var erindinu ekki sinnt. Hinn 12. febrúar 1940 gengu í gildi ný framfærslulög nr. 52 frá 1940, og taldi hreppsnefnd Fellsstrandarhrepps þau fella niður skyldu þess hrepps til framfærslu Soffíu og hætti því greiðslu vistgjalds fyrir hana. Stefnandi kveðst síðan árangurslaust hafa krafið báða hreppana um greiðslu, og telur nú að Hvammshreppi beri skylda til framfærslu sjúklingsins og hefur því stefnt honum í máli þessu.

Stefnandi styður dómkröfur sínar við það, að samkvæmt lögum nr. 135 hafi sú sveit, sem styrkþegi átti lögheimili í, er honum var ráðstafað í sjúkrahús, borið framfærsluskylduna, en með 13. gr. laga nr. 52 frá 1940 hafi þessu verið breytt í hið sama horf og áður var, þ. e. að framfærsluskyldan hvíldi á því sveitarfélagi, sem styrkþegi átti framfærslusveit í, er honum var ráðstafað, eins og fyrr greinir. Nú hafi Hvammshreppur verið framfærslusveit margnefndrar Soffíu, er þannig stóð á, samkvæmt úrskurðum þeim frá 1934 og 1935, er að framan greinir, og beri stefndri því að sjá um greiðslu vistgjaldsins frá gildistöku laganna nr. 52 frá 1940.

Stefnd byggir sýknukröfu sína á því, að samkvæmt 12. og 13. gr. framfærslulaga nr. 52 frá 1940 sé Fellsstrandarhreppur framfærslusveit nefndrar Soffíu, enda liggi fyrir um það lögmætur úrskurður, uppkveðinn af réttum aðilja, og þeim úrskurði hafi eigi verið áfrýjað, og er þar átt við fyrrgreindan úrskurð sýslumannsins í Dalasýslu, uppkveðinn 15. apríl 1939. Enn fremur hefur stefnd

haldið því fram, að samkvæmt 68. gr. sbr. 80. gr., 2. mgr., sömu laga eigi Fellsstrandarhreppur að kosta framfærslu Soffíu, þar eð sú sveit hafi ráðstafað henni til dvalar hér. Varði Hvammshrepp því mál þetta engu.

Af gögnum þeim, er fyrir liggja í málinu, þar á meðal hinum óhaggaða úrskurði sýslumannsins í Dalasýslu frá 15. apríl 1939, verður eigi annað séð en að fyrrnefnd Soffa hafi samkvæmt ákvæðum 12. sbr. 13. gr. framfærslulaganna nr. 52 1940, átt framfærslusveit í Fellsstrandarhreppi, er hún varð styrkþegi, og þykir því ekki að svo vöxnu máli unnt að taka dómkröfur stefnanda til greina gagnvart hinu stefnda hreppsfélagi.

Verður sýknukrafa stefnds því tekin til greina, en eftir atvikum þykir þó rétt, að málskostnaður falli niður.

Árni Tryggvason borgardómari kvað upp dóm þenna.

Því dæmist rétt vera:

Stefnd, Hreppsnefnd Hvammshrepps f. h. hreppsins, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, skrifstofu ríkisspítalanna, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 23. marz 1945.

Nr. 19/1945. **Hálfdán Magnússon**
gegn
Þorgerði Magnúsdóttur.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Hálfdán Magnússon, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 23. marz 1945.

Nr. 21/1945. **Skipaútgerð ríkisins**
gegn
Hreppsnefnd Flateyrarhrepps f. h. hreppsins.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Skipaútgerð ríkisins, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 23. marz 1945.

Nr. 22/1945. **Skipaútgerð ríkisins**
gegn
Hreppsnefnd Flateyrarhrepps f. h. hreppsins.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Skipaútgerð ríkisins, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 23. marz 1945.

Nr. 22/1944. **Pöntunarfélagið á Eyrarbakka**
(Kristján Guðlaugsson)
gegn
Eyrarbakkahreppi. (Einar B. Guðmundsson).

Útsvarsmál. Ómerking og heimvísun.

Dómur hæstaréttar.

Páll Hallgrímsson, sýslumaður í Árnessýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 29. febr. 1944 skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 4. marz s. á. og krafizt ómerkingar á hinum áfrýjaða úrskurði og málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Af hendi stefnda hefur málskostnaðarkröfu áfrýjanda verið mótmælt.

Samkvæmt 223. gr. laga nr. 85/1936 taka ákvæði IX. kafla téðra laga til málsmeðferðar fyrir fógetadómi. Mótmæli komu fram gegn lögtaksbeiðni stefnda, rökstudd með því, að áfrýjandi væri ekki útsvarsskyldur, þar sem pöntunarfélagið skipti aðeins við félagsmenn sína. Bar fógeta því að kveðja aðilja fyrir dóm og leiðbeina þeim samkvæmt 114. gr. áðurgreindra laga, svo að málið mætti verða skýrt nægilega. Fógeti hefur alls eigi gætt þessarar skyldu, og verður því að ómerkja hinn áfrýjaða úrskurð ex efficio og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og úrlausnar af nýju.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður skal vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og úrskurðar af nýju.

Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Úrskurður fógetaréttar Árnessýslu 27. nóvember 1943.

Gerðarþola í máli þessu, Pöntunarfélaginu á Eyrarbakka, var gert að greiða útsvar til Eyrarbakkahrepps á árinu 1942, að upphæð kr. 955.00. Þar sem það fékkst ekki greitt nema að hálfu leyti, baðst hreppsnefndin lögtaks með bréfi, dags. 23/9 1943. Var lögtaksúrskurður síðar uppkveðinn 17/8 s. á. og birtur gerðarþola 1/4 s. á. Hóf hreppstjórinn í Eyrarbakkahreppi síðan lögtaksgerð hjá gerðarþola þann 5. maí s. á., en frestaði gerðinni sakir mótmæla gerðarþola og kröfu um úrskurð í málinu.

Af hálfu Pöntunarfélagsins er þess krafizt, að synjað verði um framgang gerðarinnar, vegna þess að félagið sé ekki útsvarsskylt, og er það rökstutt með því, að það afgreiði aðeins nauðsynjavöru til félagsmanna og sé aðeins lagt á vöruna fyrir rekstrarkostnaði að viðbættum 2%, sem renni í varasjóð. Af hálfu gerðar-

beiðanda er hins vegar talið, að félagið selji vörur á svipaðan hátt og aðrar verzlanir og hljóti því að vera útsvarsskylt.

Pöntunarfélagið á Eyrarbakka er skráð í firmaskrá Árnessýslu 2/3 1937. Er markmið þess talið að útvega félagsmönnum alls konar vörur með pöntunarstarfsemi. Samkvæmt 9. gr. félagslaganna skal nota félagssjóð til rekstrar félagsins. Í hann skal leggja 2% af viðskiptaveltu, inngöngugjald nýrra félaga, sem nemur 5 krónum, svo og annað það fé, sem honum kann að áskotnast samkvæmt samþykktum félagsfunda eða á annan hátt. Í 11. gr. félagslaganna er fyrir mælt, að aðalfundur ákveði, hve mikill ársarður skuli greiddur svo og að arður, sem ekki er sóttur á því ári, sem hann fellur til útborgunar, renni í félagssjóð. Enn fremur er sagt, að sá hluti árságóðans, sem ekki er úthlutað sem ársarði, renni í félagssjóð.

Samkvæmt 6. gr. útsvarslaganna eru félög útsvarsskyld, önnur en þau, sem sérstaklega eru undanþegin útsvarsskyldu. Í lögum Pöntunarfélagsins er beinlínis fyrirskipuð sjóðsöfnun, og getur slík eignasöfnun orðið með ýmislegu móti. Fellur félagið því ekki undir undantekningarákvæði laganna um útsvarsskyldu, og verður rétturinn að líta svo á, að hið umbeðna lögtak eigi að fara fram.

Því úrskurðast:

Hið umbeðna lögtak á að ná fram að ganga á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Miðvikudaginn 11. apríl 1945.

Nr. 2/1944. **Réttvísin** (Lárus Fjeldsted)
gegn
Sigurjóni Óskari Gíslasyni (Eggert Claessen).

Gripdeild.

Dómur hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta ákvæði hans um refsingu, sviptingu réttinda og greiðslu sakarkostnaðar í héraði. Hæð bótakröfu Gunnars Sigurgeirssonar er reist á mati því, er framkvæmt var 19. og 22. júní 1943. Mati þessu hefur ákærði mótmælt sem óstaðfestu, og þegar af þeirri ástæðu, að matsmenn hafa ekki staðfest matið fyrir dómi, er ekki unnt að leggja það til grundvallar ákvörðun bótafjárhæðar. Og með því að gögn

skortir að öðru leyti til að meta tjón Gunnars Sigurgeirssonar til fjár, ber að vísa kröfu hans frá héraðsdómi.

Eftir þessum úrslitum ber ákærða að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 500.00 til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Skaðabótakröfu Gunnars Sigurgeirssonar vísast frá héraðsdómi. Að öðru leyti skal hinn áfrýjaði dómur vera óraskaður.

Ákærði, Sigurjón Óskar Gíslason, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Lárusar Fjeldsteds og Eggerts Claessens, kr. 500.00. til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 12. október 1943.

Ár 1943, þriðjudaginn 12. október, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Jónatan Hallvarðssyni sakadómara, uppkveðinn dómur í málinu nr. 2466/1943: Réttvísin gegn Sigurjóni Óskari Gíslasyni, sem dómtekið var 8. sama mánaðar.

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn Sigurjóni Óskari Gíslasyni, starfsmanni við vatnsveitu Reykjavíkur, til heimilis á Holtsgötu 13 hér í bæ, fyrir brot gegn XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 1940. Ákærður er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 22. ágúst 1910. Hinn 16. júní 1932 hefur hann sætt áminningu fyrir óspektir í veitingahúsi og hinn 20. júní sama ár áminningu fyrir áflog. Að öðru leyti hefur hann ekki svo kunnugt sé sætt ákæru né refsingu.

Í desember 1942 keypti Gunnar Sigurgeirsson verkamaður, Grjótagötu 4, tvær gamlar bifreiðar af Þorsteini Jónssyni, Framnesvegi 44 hér í bæ. Önnur þeirra stóð við lítið íbúðarhús eða íbúðarskúr nálægt Vatnsgeymi. Hún var óskráð og ónothæf og ætlaði Gunnar einungis að nota úr henni ýmsa hluti. Frá því í janúar og þar til 5. maí s. l. kom Gunnar ekki að bifreiðinni. Þegar hann gekk frá henni í janúar, var hún í mjög lélegu standi, hurðir bundnar aftur með vírspottum, allar rúður brotnar, upphalarar

og handföng farin af hurðunum og öll sæti farin nema bakið af framsætinu. Þegar Gunnar keypti bifreiðina kveður hann seljandann hafa sagt, að hún mætti standa þarna. Engan vörzlumann setti Gunnar yfir bifreiðina. Þegar hann kom að bifreiðinni 5. maí, hafði yfirbygging hennar verið logskorin sundur og framhluti hennar tekinn burt og auk þess hvalbakurinn og vélarhlífin. Ákærður hefur viðurkennt töku hluta þessara. Hann átti bifreið og vantaði á hana hús og vélarhlíf. Hann frétti, að tveir bifreiðargarmar væru í Hafnarfjarðarhrauni og þessi umræddi bifreiðargarmur við Vatnsgeymi. Hann leitaði bifreiðanna í Hafnarfjarðarhrauni, en fann þær ekki. Síðan fór hann að Vatnsgeymi, hitti konu, sem bjó í íbúðarhúsi því, sem bifreiðin stóð í grennd við, og spurði hana, hver mundi eiga bifreiðina. Hún kvaðst ekki vita það, en sagði oft koma þarna menn, sem þættust eiga hana og tækju ýmsa hluti úr henni. Segir ákærður hana hafa sagt sér nafn og heimilisfang eins þessara manna og sig hafa leitað hans, en eigi fundið, og síðar gleymt hvorutveggja. Nokkru eftir þetta, sennilega seint í febrúar, fór ákærður með mann með sér að bifreið Gunnars. Þeir skáru yfirbyggingu hennar sundur þvert yfir með logsuðutækjum og tóku framhluta hennar ásamt vélarhlífinni og hvalbaknum og höfðu á brott með sér og setti ákærður hluti þessa síðan á sína bifreið. Ákærður heldur því fram, að hann hafi talið bifreið þessa algerlega umhirðulausa og að eigandi hennar hefði fleygt henni eða mundi ekkert skeyta um hana og því telji hann sig ekki þjóf að hlutum þeim, er hann tók úr bifreiðinni. Maður sá, sem var með ákærðum við að losa hlutina frá bifreiðinni, hefur borið, að sitt álit hafi verið, að bifreiðin væri yfirgefin og umhirðulaus með öllu og ástand hennar eins og henni hefði verið fleygt. Ekki verður talið, að ákærðum hafi verið rétt að líta svo á, að bifreiðinni hefði verið fleygt. Bæði var hún á þeim stað, sem óeðlilegt var að hlutum sem þessum væri fleygt á, og verðmæti hennar töluvert. Hefur ákærður því með töku áðurnefndra hluta bifreiðarinnar með þeim hætti, sem að framan er lýst, brotið 245. gr. hegningarlaganna, og þykir refsing hans eftir atvikum hæfilega ákveðin 30 daga fangelsi. Rétt þykir að ákveða, að fullnustu refsingarinnar skuli fresta og hún niður falla að tveimur árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði skilorð VI. kafla hegningarlaganna haldin. Samkvæmt 68. gr., 3. mgr., hegningarlaganna ber að svipta ákærðan frá birtingu dóms þessa kosningarétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga. Gunnar Sigurgeirsson og ákærður hafa ekki orðið á eitt sáttir hvaða bætur sanngjarnt sé að komi fyrir hina stolnu muni. Skipaðir voru því tveir menn til að meta tjón það, er ákærður hafði bakað Gunnari með töku hlutanna, og mátu þeir skaðann á samtals kr. 2925.00. Hefur Gunnar miðað skaðabótakröfu sína við þessa

upphæð, og verður sú krafa tekin til greina þrátt fyrir mótmæli ákærðs.

Ákærðan ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, hdl. Gústafs Ólafssonar, kr. 200.00. Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærður, Sigurjón Óskar Gíslason, sæti fangelsi í 30 daga, en fullnustu refsingarinnar skal frestað og niður skal hún falla að tveimur árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði skilorð VI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 1940 haldin.

Ákærður er frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærður greiði Gunnari Sigurgeirssyni kr. 2925.00 innan 15 sólarhringa frá birtingu dóms þessa.

Ákærður greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hdl. Gústafs Ólafssonar, kr. 200.00.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 16. apríl 1945.

Nr. 131/1944. **Austri h/f** (Magnús Thorlacius)
gegn
Jens Árnasyni (Gunnar Þorsteinsson).

Skuldamál.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 16. okt. 1944, skotið með stefnu 20. okt. s. á. máli þessu til hæstaréttar og krafizt þess aðallega, að tilteknum kröfuliðum verði vísað frá dómi, en sýknað að öðru leyti, en til vara, að hann verði alsýknaður. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir báðum dómum úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms, að fráteknu ákvæði um sjóveðrétt, og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Reikningar stefnda virðast hafa verið svo sundurliðaðir, að áfrýjanda hafi verið unnt að bera fram gagnrýni á þeim, og verður frávísunarkrafa vegna ónógrar málsútlistunar því ekki tekin til greina.

Áfrýjandi hefur fyrst og fremst krafizt sýknu af greiðslu 4 kostnaðarliða.

Um 1. lið. Viðgerð á sliskju, kr. 32.00. Hér er um að tefla löskun á tæki dráttarbrautar, er skip áfrýjanda var tekið þar upp, en stefndi kveðst hafa framkvæmt viðgerð þessa.

Þar sem ekki er sannað gegn mótmælum áfrýjanda, að hann beri ábyrgð á þessum spjöllum, verður að sýkna hann af þessum kröfulið.

Um 2.—4. lið. Þessir kostnaðarliðir eru: 7 símtöl, kr. 12.70, keyptur bíll til Keflavíkur, kr. 15.00, og slípun á sveifarás, kr. 72.40.

Það þykir ekki véfengt með rökum, að stefndi hafi haft þenna kostnað í þarfir áfrýjanda, og verður sýknukrafa af þessari ástæðu því ekki tekin til greina.

Þá hefur áfrýjandi haldið því fram, að stefndi hafi bakað honum tjón með drætti á verkinu. Ekki er sannað, að áfrýjandi hafi kvartað um drátt, meðan á verkinu stóð, né heldur að hann hafi áskilið sér rétt til fébóta vegna dráttar, þegar hann tók við verkinu. Það var ekki fyrr en mál var risið vegna þessara skipta, að hann hafði uppi varnarástæðu um skuldajöfnuð. Þegar af þessum ástæðum verður þessi skuldajafnaðarkrafa ekki tekin til greina.

Loks krefst áfrýjandi 1500 króna frádráttar vegna þess, að handrið af bátnum hafi glatazt í vörzlum stefnda. Stefndi hefur andmælt því, að hann hafi tekið við handriðinu, og ábyrgð stefnda á því er ekki sönnuð gegn mótmælum hans.

Málalok verða því þau, að kröfu stefnda, kr. 8070.26, ber að taka til greina að frádregnum kr. 32.00, eða kr. 8038.26 með 6% vöxtum frá 10. janúar 1944 til greiðsludags.

Eftir atvikum þykir rétt að dæma áfrýjanda til að greiða málskostnað fyrir báðum dómum, er þykir hæfilega ákveðinn samtals kr. 2000.00.

Kröfur þessar eru ekki tryggðar að lögum með sjóveðrétti, og ber því að ónýta ákvæði héraðsdóms um sjóveð.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, h/f Austri, greiði stefnda, Jens Árnasyni, kr. 8038.26 ásamt 6% ársvöxtum frá 10. janúar 1944 til greiðsludags og samtals kr. 2000.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Hafnarfjarðar 1. apríl 1944.

Ár 1944, laugardaginn 1. apríl, var í sjó- og verzlunardómi Hafnarfjarðar, sem haldinn var í skrifstofu embættisins, Suðurgötu 8, af Bergi Jónssyni bæjarfógeta sem formanni sjó- og verzlunardómsins og sjó- og verzlunardómsmönnunum Magnúsi Bjarnasyni bryggjuverði og Sigurði Guðnasyni skipstjóra sem meðdómendum, kveðinn upp dómur í ofangreindu máli, sem dómtekið var 7. f. m.

Mál þetta, sem þingfest var hinn 11. febrúar s. l., er höfðað af stefnandanum, Jens Árnasyni, með stefnu útgefinni 10. janúar s. l. gegn stefndum, stjórn Austra h.f., þeim Birni Gottskálkssyni stjórnarformanni og framkvæmdarstjóra, Skálavík, Seltjarnarneshreppi, Guðjóni Vigfússyni, Bergþórugötu 35, og Halldóri Benediktssyni, Vesturgötu 58, báðum til heimilis í Reykjavík, til greiðslu á skuld fyrir viðgerð á vélbátnum „Austra" G.K. 410, eign stefnds hlutafélags, er stefnandi framkvæmdi og lét framkvæma á tímabilinu janúar til marz 1943, að upphæð kr. 8070,26 auk 6% vaxta frá stefnudegi til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar samkvæmt framlögðum reikningi eða mati réttarins. Þá hefur stefnandi einnig krafizt sér tildæmdan sjóveðrétt í vélbátnum „Austra" G.K. 410 til tryggingar öllum stefnukröfum sínum.

Stefndur hefur mótmælt kröfu stefnandans sem röngum og aðallega gert þær kröfur, að frávísað yrði ýmsum tilteknum liðum á skuldareikningi rskj. nr. 2 í málinu, sem hann hafði krafizt frekari sundurliðunar á, en til vara hefur hann krafizt þess að verða algerlega sýknaður með eða án skuldajafnaðar á gagnkröfu að upphæð kr. 19500.00, og enn fremur hefur hann krafizt sér tildæmdan málskostnað að skaðlausu, hvernig sem málið annars fari.

Málavextir eru þessir.

Í nóvembermánuði 1942 var vélbáturinn „Austri" G.K. 410, eign stefnds hlutafélags, settur upp í dráttarbraut í Njarðvíkum til viðgerðar. Stefnandi máls þessa, Jens Árnason, rak þar þá vélaviðgerðarverkstæði ásamt Skarphéðni Ágústssyni, og tóku þeir að sér viðgerð á vél bátsins.

Ekki stóð þó til að hefja viðgerðina fyrr en vélamaður bátsins kæmi suður, enda hafði framkvæmdarstjóri stefnds félags látið læsa vélarrúminu. Í janúarbyrjun kom vélstjórinn ásamt aðstoðarmanni, en vélarviðgerðin hófst þó ekki fyrr en seint í sama mánuði, en var lokið í marz. Viðgerð þessi, er stefnandinn gerði, var aðallega á vél bátsins, en auk þess nokkur viðgerð á togumbúnaði hans og sliskju, sem skemmdist, er báturinn var tekinn upp í slippinn. Viðgerðarreikningur stefnandans var kr. 8070.26, sem er stefnukrafa máls þessa. Er reikningurinn framlagður sem rjskj. 26 í málinu uppáritaður af vélstjóra bátsins, Gunnari Kr. Gunnarssyni: „Rétt viðvíkjandi spili og vél", og slippstjóranum Bjarna Einarssyni: „Rétt viðvíkjandi trawlútbúnaði", og hafa báðir staðfest þetta fyrir réttinum og gefið frekari vottorð og skýringar.

Stefndur hefur mótmælt reikningi stefnandans, krafizt sundurliðunar á ýmsum tilgreindum liðum og skorað á hann að leggja fram vinnuskýrslu og önnur frumgögn svo og bækur, sem honum sé skylt að halda samkvæmt lögum nr. 62. 1½ 1938 2. gr. 5. tölulið, eða sýna staðfest eftirrit úr þeim.

Stefnandinn hefur lagt fram í málinu sem rskj. nr. 2 sundurliðaðan reikning yfir viðgerðarkostnaðinn og gefið auk þess nokkru fyllri skýringar um flesta þá liði, sem sérstaklega er krafizt greinargerðar um af hálfu stefnds (rskj. 13). Hins vegar hefur stefnandinn engin frumgögn lagt fram, svo sem vinnuskýrslur eða eftirrit úr bókhaldi sínu, enda telur hann sig ekki hafa verið bókhaldsskyldan, sbr. l. 62/1938, 3. gr., 2. lið.

Í stað þess hefur hann lagt fram sem rskj. nr. 12 vottorð vélaeftirlitsmanns ríkisins í Keflavík, sem kveðst hafa fylgzt sérstaklega með viðgerð allri á vél bátsins og, eftir að hafa yfirfarið nákvæmlega reikninginn á rskj. 2, telur hann mjög sanngjarnan hvað snertir alla vinnu og efni í sambandi við viðgerð vélarinnar.

Rétturinn verður að fallast á, að reikningi stefnanda á rskj. 2 og 26 sé nokkuð ábótavant um sundurliðun og fleira, en telur, að úr því hafi verið bætt að verulegu leyti undir málflutningnum, auk þess sem fyrir liggja vottorð þeirra tveggja manna, sem virðast hafa haft umsjón með umræddri viðgerð af hálfu stefnds, og enn fremur vottorð vélaeftirlitsmanns ríkisins, sem öll hníga að því, að reikningurinn sé réttur.

Mótmæli stefnds gegn reikningnum og frávísunarkrafa á einstökum liðum hans verður því ekki tekin til greina.

Þá hefur stefndur haldið því fram, að stefnandinn hafi dregið viðgerðina á langinn með vilja og skaðað stefndan með því um 18000.00 kr., þar sem þeir hefðu misst af leigutilboði í bátinn vegna dráttarins.

Að dómi réttarins verður ekki talið sannað í máli þessu gegn mótmælum stefnandans, að hann hafi lofað að ljúka viðgerðinni

á neinum tilteknum tíma, né heldur, að hann hafi dregið verkið óeðlilega á langinn.

Krafa stefnds um 18000.00 kr. skaðabætur vegna dráttar á viðgerðinni verður því ekki tekin til greina.

Þá hefur stefndur og krafizt 1500 kr. bóta fyrir handrið af v/b Austra, sem stefnandanum hafi verið afhent til viðgerðar, en hann ekki skilað aftur.

Stefnandinn hefur neitað að hafa tekið við handriði þessu eða bera nokkra ábyrgð á geymslu þess, og þar sem ekki liggja fyrir um þetta fullnægjandi upplýsingar í málinu, verður sú krafa heldur ekki tekin til greina.

Með skirskotun til framanritaðs telur rétturinn, að taka beri til greina að öllu leyti kröfur stefnandans, einnig málskostnaðarkröfu hans samkvæmt framlögðum reikningi, kr. 746.35.

Þá ber einnig að tildæma stefnandanum sjóveðrétt í v/b Austra G.K. 410 fyrir kröfum þessum.

Því dæmist rétt vera:

Stefndu, Björn Gottskálksson, Guðjón Vigfússon og Halldór Benediktsson f. h. Austra h.f., greiði stefnandanum, Jens Árnasyni, kr. 8070.26 með 6% ársvöxtum frá 10. jan. 1944 til greiðsludags og málskostnað með kr. 746.35, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Stefnandi skal hafa sjóveðrétt í v/b Austra G.K. 410 fyrir hinum tildæmdu fjárhæðum.

Miðvikudaginn 18. apríl 1945.

Nr. 63/1944. **Db. Bolla Eggertssonar, Kristján Albertsson og Árni Friðriksson** (Theódór B. Lindal)

gegn

Antoni Ólafssyni Weywadt (Einar B. Guðmundsson).

Dánarbætur.

Setudómari próf. Ísleifur Árnason í forföllum hrd. Gizurar Bergsteinssonar.

Dómur hæstaréttar.

Máli þessu hefur verið skotið til hæstaréttar með stefnu 12. maí 1944 að fengnu áfrýjunarleyfi 9. s. m. Eftir að málinu hafði verið áfrýjað, lézt einn áfrýjenda, Bolli Eggerts-

son, og hefur dánarbú hans komið í hans stað. Áfrýjendur krefjast aðallega algerrar sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar. Til vara krefjast áfrýjendur lækkunar á fjárhæð þeirri, er stefnda var dæmd í héraði, og verði þá málskostnaður fyrir báðum dómum látinn falla niður. Stefndi, sem gjafvörn hefur fengið fyrir hæstarétti, krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál.

Með dómi hæstaréttar 19. júní 1942 var Bolli Eggertsson dæmdur til refsingar fyrir það, að hann hafi með óvarkárum akstri valdið slysi því, sem mál þetta er risið af. Ekkert er fram komið um það, að Konráð Antonsson hafi sýnt nokkra þá ógætni, er slysið varð, sem geti dregið úr bótarétti stefnda. Og með því að fallast má á rök héraðsdómara um bótakröfuna, sem virðist fullkomlega í hóf stillt, þykir mega staðfesta héraðsdóminn.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjendur greiði in solidum málflutningslaun skipaðs talsmanns stefnda fyrir hæstarétti, kr. 1600.00.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjendur, db. Bolla Eggertssonar, Kristján Albertsson og Árni Friðriksson, greiði in solidum stefnda, Antoni Ólafssyni Weywadt, kr. 15591.10 ásamt 5% ársvöxtum frá 4. marz 1941 til greiðsludags, kr. 1320.15 í málskostnað í héraði og málflutningslaun skipaðs talsmanns stefnda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmanns Einars B. Guðmundssonar, kr. 1600.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 4. desember 1943.

Mál þetta, sem dómtekið var 22. nóv. s. l. og dæmt er af setudómara Stefáni Stefánssyni, var eftir árangurslausa sáttatilraun höfðað fyrir bæjarþingi Akureyrar með stefnu útgefinni 7. marz

1941 af Antoni Ólafssyni Weywadt verkamanni, Hjalteyrargötu 1, Akureyri, gegn eigendum bifreiðarinnar A-61, þeim Bolla Eggertssyni verzlunarmanni, Strandgötu 21, Kristjáni Albertssyni verkstjóra, Eyrarlandsvegi 3, og Árna Friðrikssyni verkamanni, Oddeyrargötu 6, öllum á Akureyri, til að fá þá dæmda alla fyrir einn og einn fyrir alla til greiðslu á kr. 15591.10 auk 5% ársvaxta frá sáttakærudegi 4. marz 1941 til greiðsludags og málskostnaðar.

Var í stefnu krafizt málskostnaðar að skaðlausu eða mati réttarins, en við hinn munnlega flutning málsins var af hálfu stefnanda gerð krafa um kr. 2120.15 í málskostnað.

Stefndir krefjast aðallega algerðrar sýknu, en til vara, að krafan verði stórlega lækkuð frá því, sem krafizt er í stefnu málsins. Þá krefjast stefndir málskostnaðar samkvæmt taxta M.F.Í., kr. 950.00, eða eftir mati dómarans.

Í máli þessu hefur Guðmundi Péturssyni útgerðarmanni, umboðsmanni Sjóvátryggingarfélags Íslands h.f. á Akureyri, verið stefnt fyrir félagsins hönd til að gæta hagsmuna þess, en hjá því var bifreiðin A-61 vátryggð.

Milli kl. 23 og 24 hinn 30. nóv. 1940 ók stefndur Bolli Eggertsson vöruflutningabifreiðinni A-61, sem þá var félagseign hinna stefndu, suður Hafnarstræti á Akureyri, og voru ekki aðrir í bifreiðinni en hann og stúlkan Ingibjörg Björnsdóttir, þá 16 ára að aldri.

Í þann mund er hann kom að trjáviðarhúsi Kaupfélags Eyfirðinga, ganga 4 menn þar norður götuna, þrír saman, en einn örstutt á eftir. og var það Konráð Antonsson, sonur stefnanda þessa máls, tvítugur að aldri.

Allir ganga menn þessir á eystri vegarhelmingi, þ. e. a. s. hægri.

Rétt eftir að bifreiðin hafði ekið fram hjá þeim þremur, sem á undan voru, heyrðu þeir smell og litu við. Ók þá bifreiðin áfram suður götuna, en Konráð lá meðvitundarlaus á götunni, og vissi höfuð hans til austurs, eftir því sem næst verður komizt. Lögregluþjónn var strax kallaður til, og fór hann þegar á slysstaðinn. Var Konráð þegar fluttur í sjúkrahús, og hafði hann fengið hræðilegan áverka á höfuðið, og segir í vottorði sjúkrahússlæknisins, að áverkinn hafi verið því líkastur, að höfuðið hefði slegizt með miklu afli á einhvern tiltölulega sléttan flöt, t. d. malbikaða götu.

Gert var að sárum Konráðs eftir föngum, og lifði hann meðvitundarlaus í rúma 2 sólarhringa eftir slysið, en þá andaðist hann hinn 3. desember 1940 af völdum slyssins.

Enginn hinna þriggja manna, er gengu á undan Konráði, sáu þegar slysið gerðist og geta því eigi um það borið, hvernig það vildi til. Þeir urðu bifreiðarinnar varir, er hún ók framhjá. Virtist einum hún aka frekar hart, en annað getur hann eigi um hrað-

ann borið, öðrum virtist hún aka greitt, en eigi hart, og hinn þriðji getur ekki um það borið, hvort hún ók hægt eða hratt, en hann veitti því eigi eftirtekt að nokkuð óvenjulegt væri við akstur bifreiðarinnar.

Þegar bifreiðin ók áfram hjá þeim, var fjarlægðin milli þeirra og hennar sú, að þeir óttuðust ekki, að þeim stafaði nokkur hætta af henni, en þeir tóku ekki eftir, að bifreiðin sveigði inn á götuna frá þeim.

Bragi Guðjónsson, Hafnarstræti 77, sá út um glugga á heimili sínu, þegar slysið varð. Sá hann, er bifreiðin rakst á Konráð. Virtist honum hún aka með meðalhraða og Konráð vera eins og til hliðar við hana, en þetta segir hann þó vera ónákvæmt, því myrkur hafi verið. Þá virtist honum Konráð ganga vestast af þeim fjórum, er þarna voru á ferð norður götuna.

Hér skal þess getið, að slysstaðurinn er allangt frá götuljóskerum, og hefur því verið þarna um litla birtu að ræða, enda ber Bolli, að þarna hafi engin birta verið nema sú, er kom frá bifreiðaljósunum.

Í bifreiðinni er stýrið vinstra megin, og sat því unglingsstúlkan Ingibjörg Björnsdóttir hægra megin við Bolla. Þau voru á leið að Þverá í Öngulsstaðahreppi á dansleik, er þar var, og hefur Ingibjörg borið, að Bolli hafi veið undir áhrifum áfengis við akstur-inn. Verður nánar vikið að því atriði síðar.

Ingibjörg sá þrjá eða 4 menn koma sunnan götuna, og voru þeir allir á hægra götukanti, og telur hún einn þeirra hafa gengið eitthvað á eftir hinum. Ekki getur hún um það borið, hvort Bolli vék frá mönnum þessum, þegar hann mætti þeim, en hún bar, að mennirnir hafi ekki verið mjög nærri bifreiðinni, þegar hún ók fram hjá þeim, og ekki heldur mjög langt frá henni, nema sá, er fyrir slysinu varð.

Við lögregluyfirheyrslu daginn eftir slysið bar hún, að sér hefði fundizt bifreiðin koma við einn mannanna og að Bolli hafi sagt við sig lítið eitt innar á veginum, hvort það gæti verið, að hann hefði „stímað" á mann. Hafi hún þá sagt, að hún væri hrædd um það, en ekki væri að vita, að maðurinn hefði meiðzt. Um þetta hafi eigi meira verið talað, og Bolli ekið gætilega, það sem eftir var leiðarinnar að Þverá. Ökuhraðann telur hún hafa verið venjulegan. Í lögregluréttinum 2. desember bar hún, að hún hafi séð, að framskermurinn vinstra megin kom við hlið eða læri eins mannsins, en ekki hafði hún séð hann detta. Kveðst hún hafa sagt Bolla, að maður mundi hafa rekizt á bifreiðina. Heldur hún þá, að Bolli hafi ekki tekið eftir þessu. Þá segir hún, að Bolli hafi ekki ekið mjög hratt.

Í lögregluréttinum 28. desember bar Ingibjörg, að sér hafi virzt eins og sá maðurinn, er síðast fór, eins og slangra til að bílnum

og kvaðst þá eigi geta fullyrt, hvort bifreiðin hafi komið við hann. Hafi hún aldrei séð þenna mann eða hina út um hliðarrúðuna. Hún bar, að hana minni fastlega að hafa sagt við Bolla, að maður mundi hafa rekizt á bifreiðina, en telur líklegt, að hann hafi eigi tekið eftir því. Þá minnir hana, að Bolli hafi sagt við sig eitthvað á þá leið, hvort það gæti verið, að hann hefði rekizt á mann. Er framburður þessa vitnis nokkuð á reiki.

Önnur vitni en hér hafa verið talin koma eigi til greina um sjálft slysið.

Eftir er þá að rekja frásögn bifreiðarstjórans Bolla um slysið.

Í lögreglurétti daginn eftir slysið bar hann, að hann hafi ekið umræddri bifreið um götuna á nefndum tíma.

Hann varð var við mannaferð á götunni, þar sem slysið varð, en þar sem hann taldi sig aka nægilega innarlega á götunni, gaf hann mönnunum eigi mikinn gaum og man alls ekki að hafa látið í ljós, að hann væri hræddur um að hafa ekið á mann, og kveðst mundu hafa stöðvað bifreiðina strax, ef hann hefði haft grun um slíkt.

Hann tekur þá fram, að bifreiðin hafi verið tóm (ólestuð) og hafi því kastazt til á götunni við allar ójöfnur. Einnig hafi látið fremur hátt í vélinni, og hafi þetta hvorttveggja getað valdið því, að hann varð þess eigi var, að bifreiðin snerti manninn.

Við þessa yfirheyrslu neitar Bolli ekki að vera valdur að slysinu, en harðneitar að hafa haft grun um, að slys hefði hlotizt af akstrinum.

Kveðst hann vera fremur óvanur að aka bifreið og þessa nótt hafi verið dimmt. Hafi hann því ekið gætilega og haldið sig vel úti á vinstri vegarbrún.

Hann minnist þess ekki, að Ingibjörg segði við sig, að maður mundi hafa orðið fyrir bifreiðinni, og segir, að ef hún hafi látið falla einhver orð um slíkt, hljóti það að hafa verið á þá leið, að þau hafi ekki vakið hjá sér grun um slysið.

Í lögreglurétti 2. desember og undir allri rannsókn málsins heldur Bolli því fram, að hann hafi ekki orðið þess var, að bifreiðin rækist á nokkurn mann, né heldur að hafa orðið þess var, að Ingibjörg segði, að bifreiðin hefði rekizt á mann.

2. desember bar hann, að hann hafi séð 3 eða 4 menn á austurkanti vegarins, að hann hafi þótzt beygja nægilega mikið frá mönnunum til að forðast árekstur og að ökuhraðinn hafi verið 20 km miðað við klukkustund.

Í sama rétti, 28. desember, neitar hann að hafa séð þarna nema þrjá menn. Kveðst aldrei hafa séð fjórða manninn. Þá fullyrðir hann að hafa beygt inn á götuna, þegar hann sá manninn. Ekki kveðst hann hafa orðið var við nokkra óeðlilega hreyfingu á bifreiðinni.

Það er upplýst, að Bolli hafði bragðað áfengi þetta kvöld með hinum stefndu Kristjáni og Árna og fjórða manni, að nafni Stefán. Höfðu þeir um kl. 9 um kvöldið setzt að drykkju, en annað áfengi höfðu þeir ekki en um hálfa flösku af „gin". Úr henni luku þeir, og er óvíst, hversu mikið hver þeirra drakk, en sennilegt, að það hafi verið ámóta mikið.

Eftir þessa drykkju tók Bolli að aka bifreiðinni um götur bæjarins og síðan áleiðis að Þverá, eins og áður greinir, eftir að hafa tekið benzín á bifreiðina. Neitar hann að hafa fundið á sér áfengisáhrif, og eins kveðast þeir, er með honum drukku áfengi, ekki hafa séð á honum áfengisáhrif.

Hins vegar bera þau Ingibjörg Björnsdóttir, Alda Björnsdóttir, sem ók spölkorn í bifreiðinni með Bolla og Ingibjörgu, rétt áður en hann tók benzínið, og Svavar Jóhannsson bifreiðarstjóri, sem afhenti honum benzínið, að þeim hafi virzt hann vera undir áhrifum áfengis.

Þegar lögreglan, skömmu eftir slysið, náði í Bolla á dansleiknum á Þverá, var hann að hennar dómi undir áhrifum víns, en upplýst er, að hann hafði þá sopið tvisvar eða þrisvar á brennivínsfleyg hjá manni, sem hann hitti þar.

Þetta bar Bolli strax í fyrsta réttarhaldi í lögregluréttinum, en Snæbjörn Þorleifsson bifreiðaeftirlitsmaður á Akureyri, er fór með lögregluþjóninum að Þverá, hefur borið, að Bolli hafi þar sagt sér, að hann hefði ekki bragðað vín þenna dag fyrr en á Þverá, en þar hefði hann bragðað „Gin" hjá umgetnum manni.

Blóðsýnishorn var tekið úr Bolla eftir að lögreglan hafði flutt hann til Akureyrar, en það var aldrei rannsakað og verður því eigi til upplýsingar í málinu.

Af hálfu stefndra er því haldið fram sem sýknuástæðu, að Konráð heitinn hafi með stórkostlegri óvarkárni orðið slysinu valdandi. Hann hafi gengið hægra megin á veginum, þar sem dimmast var og engin gangstétt, en hinum megin hafi verið gangstétt vel upplýst. Það er óvéfengt, að hinum megin hafi verið gangstétt, en litlu betri lýsing mun þar hafa verið. Hann hafi ekki vikið út að vegarbrúninni eða út af henni, þó auðvelt væri, þegar hann mætti henni, en bifreiðin hafi ekið með löglegum hraða með logandi framljósum.

Þá er því haldið fram af stefnda hálfu, að Konráð heitinn hafi verið mjög sjóndapur og kunni það að hafa orðið meðorsök slyssins. Eru lögð fram vottorð lækna, er sanna allmikla sjóndepru Konráðs heitins.

Á því er enginn vafi, að Konráð heitinn beið bana af árekstri við nefnda bifreið. Hitt verður rétturinn að telja í nokkrum vafa, hvernig slysið vildi til.

Sú ógætni er að vísu sönnuð á Konráð heitinn, að hann gekk á

hægri vegarhelmingi. En í málinu er komið fram, að það sé altítt, að þarna sé gengið. Önnur óvarkárni er eigi sönnuð um hann.

Hins vegar hafði Bolli neytt áfengis og var að dómi þriggja vitna undir áhrifum þess, eins og áður segir. Bolli varð var við mannaferð á þessum stað, og var ljóst, að „koldimmt" var þarna, eins og hann kemst sjálfur að orði, fyrir utan þá birtu, sem kom af bifreiðarljóskerunum.

Átti þetta tvennt, mannaferðir og myrkur, að verða til þess, að hann sýndi sérstaka varkárni.

Af þeim málavöxtum, sem lýst hefur verið, er ljóst, að mjög miklar líkur eru til þess, að slysið hafi orðið vegna óvarkárni Bolla við aksturinn. En jafnvel þó þetta væri röng ályktun, er ekki fram komin nokkur sönnun fyrir því, að Konráð heitinn hafi orðið valdur að slysinu með óvarkárni sinni né að slysið hefði hlotið að vilja til, þó að einskis hefði verið á vant um aðgæzlu og varúð af hálfu Bolla.

Samkvæmt þessu ber samkvæmt 15. gr., 2. mgr., og 16. gr. þágildandi bifreiðalaga nr. 70 8. sept. 1931 að dæma hina stefndu eigendur bifreiðarinnar til bótagreiðslu.

Af hálfu stefndra er því haldið fram sem varasýknunarástæðu, að Konráð heitinn hafi verið svo miður sín vegna ólæknandi sjóndepru, að hann hefði í framtíðinni eigi getað aflað meiri tekna en nægðu til eigin framfærslu hans.

Jafnframt er á það bent af sömu hálfu og lögð á það rík áherzla við munnlegan flutning málsins, að stefnandi eigi nokkrar eignir og hafi haft allt eins miklar atvinnutekjur og Konráð heitinn, meðan þeir lifðu báðir, og allt frá dauða Konráðs hafi hann haft allverulegar atvinnutekjur og aukið eign sína.

Samkvæmt skattskrá Akureyrar hefur stefnandi haft skattárin 1939—1943 samtals kr. 14847.00 í nettótekjur samkvæmt eigin framtali, eða kr. 2969.40 á ári að meðaltali.

Að sjálfsögðu eru þetta nokkrar tekjur hjá heilsubiluðum eldra manni. En við munnlegan flutning málsins var af hálfu stefnanda lögð áherzla á, að þessar tekjur væru óverulegar þá miðað væri við tekjur fullvinnandi manns á sama tíma og einnig, að eignaaukning stefnanda byggðist að allverulegu leyti á hækkun fasteignamats á húseign hans.

Enn fremur var af hálfu stefnanda á það bent, að enda þótt stefnandi ætti nú skuldlaust kr. 12500.00, yrði slíkt að teljast smáræði eitt miðað við núverandi verðgildi peninga, og enda þótt stefnandi hefði haft nokkrar tekjur undanfarandi vegna mikillar eftirspurnar eftir vinnu, mætti gera ráð fyrir, að atvinnutekjur hans og annarra heilsubilaðra manna yrðu að engu, þá atvinna dragist saman.

Það er sannað með vottorðum lækna, að stefnandi, sem nú er

59 ára, hefur um mörg ár verið mjög heilsubilaður og með mjög skert vinnuþrek. Tvö síðustu árin fyrir slysið var hann alltaf öðru hvoru undir læknis hendi, og kveður hann Konráð heitinn að nokkru hafa orðið að sjá fyrir heimilinu, sérstaklega árið 1940.

Þó Konráð heitinn, sem var fastur vélstjóri, væri all sjóndapur, er ekki upplýst, að sjóndepran hlyti að hafa aukizt, og upplýst er, að hann vann ýmis verk, þar á meðal að vélstjórn á síldveiðaskipi.

Verður því að telja, þar sem ekki er upplýst, að heilsu hans hafi verið áfátt að nokkru leyti, að hann mundi í framtíðinni hafa getað unnið þau störf, er eigi þurfti nákvæma sjón til. Meðalnettótekjur Konráðs heitins voru árin 1938—1940 kr. 1057.17. Var atvinna þá rýr, enda hann þá unglingur. Tekjur hans á síldveiðiskipi árið 1940 námu brúttó kr. 3343.86 auk annarra tekna. Verður að ætla, að hefði Konráð heitinn lifað, þá hefðu tekjur hans farið ört vaxandi vegna stóraukins atvinnumöguleika.

Gera verður ráð fyrir, að stefnandi, maður hátt á sextugs aldri, heilsulítill og mjög farinn að vinnuþreki, geti þá og þegar misst vinnufærni sína svo, að hann verði ófær til að afla tekna, svo að nokkru nemi, og yrði hann þá að grípa til eigna sinna, sem ekki mundu endast lengi honum til framfæris. En að þeim eyddum, hlaut framfærsla hans að hvíla á skylduframfæranda hans, Konráði heitnum.

Getur rétturinn því ekki fallizt á, að þessi sýknuástæða stefnanda nái fram að ganga.

Þá er því haldið fram af stefnda hálfu, að stefnandi eigi son á lífi, þ. e. a. s. skylduframfæranda. Af stefnanda hálfu var því við hinn munnlega flutning málsins haldið fram, að þessi sonur stefnanda væri fátækur fjölskyldumaður og eigi aflögufær. Var á það bent, að þau gögn, er fyrir lægju í málinu, bæði um tekjur og útsvör hans til Vopnafjarðarhrepps, en þar er hann búsettur, bæru því ótvírætt vitni, að um framfærslu af hans hendi gæti eigi verið að ræða.

Verður rétturinn að telja, að af þeim gögnum, er fyrir liggja, verði eigi séð, að þessi sonur stefnanda sé fær til framfærslu á honum, og mundi hún því hafa hvílt á Konráði heitnum, þegar stefnandi yrði hennar þurfi.

Skaðabótakröfuna sundurliðar stefnandi þannig:

Kostnaður vegna fráfalls og jarðarfarar	kr.	591.10
Dánarbætur	—	15000.00
	Alls kr.	15591.10

Um fyrri liðinn er það að segja, að fram er lagður í málinu sundurliðaður reikningur yfir kostnað við jarðarför Konráðs heitins, er sýnir heildarupphæðina kr. 591.10, og er þeim reikningi út

af fyrir sig eigi mótmælt. Verður upphæð þessa kröfuliðs því tekin til greina.

Hinum kröfuliðnum er af stefndra hálfu mótmælt sem of háum sökum óvarkárni Konráðs heitins, er slysið varð, og framfærslusambands hans við stefnanda.

En eins og málum er háttað og eigi þykir ástæða til að fara nánar út í en gert hefur verið, og með tilliti til núverandi verðgildis peninga, þykir dánarbótakrafan eftir atvikum ekki of há, og þar sem ekki þykja standa efni til að skipta ábyrgðinni, þá verða kröfuliðir stefnanda báðir teknir til greina. Þá verða stefndir, einnig in solidum, dæmdir til greiðslu þeirra vaxta, sem krafizt hefur verið.

Í þinghaldi í málinu 20. sept. s. l. lagði stefnandi fram gjafsóknarleyfi í málinu sér til handa, útgefið 6. júní 1941.

Stefnandi hefur þó eigi á gjafsókn minnzt við munnlegan flutning málsins, og þar sem hann hefur greitt öll réttargjöld, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, verður málskostnaður tildæmdur eins og ekkert gjafsóknarleyfi lægi fyrir.

Eftir atvikum þykir rétt að taka málskostnaðarkröfu stefnanda samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi, kr. 1320.15, til greina og dæma stefndu in solidum til greiðslu hennar.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Bolli Eggertsson, Kristján Albertsson og Árni Friðriksson, greiði einn fyrir alla og allir fyrir einn stefnanda, Antoni Ólafssyni Weywadt, kr. 15591.10. með 5% ársvöxtum frá 4. marz 1941 til greiðsludags og kr. 1320.15 í málskostnað allt innan 15 sólarhringa frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 20. apríl 1945.

Nr. 41/1944. **Sigríður Kristjánsdóttir** (Garðar Þorsteinsson) gegn **Steingrími Bjarnasyni og gagnsök.** (Gunnar Þorsteinsson).

Skaðabætur vegna líkamsáverka. Refsikröfu vísað frá héraðsdómi.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 15. apríl 1944, hefur krafizt þess, að gagnáfrýj-

anda verði dæmd refsing eftir 217. gr. hegningarlaganna, honum dæmt að greiða aðaláfrýjanda kr. 7789.00 með 5% ársvöxtum frá 30. okt. 1943 til greiðsludags og að löghaldsgerð frá 7. sept. 1943 verði staðfest. Loks krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Gagnáfrýjandi, sem gagnáfrýjað hefur málinu með stefnu 3. maí 1944, hefur aðallega krafizt algerrar sýknu af öllum kröfum aðaláfrýjanda, en til vara, að þeir liðir kröfu aðaláfrýjanda, sem véfengdir hafa verið, yrðu lækkaðir að mati hæstaréttar. Svo krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar fyrir báðum dómum úr hendi aðaláfrýjanda eftir mati hæstaréttar.

Áverki sá, er aðaláfrýjandi varð fyrir og í héraðsdómi getur, virðist vera slíkur sem 218. gr. hegningarlaganna greinir. Á ríkisvaldið því að lögum sókn þeirrar sakar. Og þykir því rétt að vísa refsikröfu aðaláfrýjanda frá héraðsdómi að svo stöddu.

Einn sjónarvottur hefur staðhæft það og eiðfest, að gagnáfrýjandi hafi greitt aðaláfrýjanda högg það, er olli aðaláfrýjanda broti á kjálka vinstra megin. Í aðiljaskýrslu sinni hefur aðaláfrýjandi staðhæft hið sama, og eiginmaður hennar hefur og fullyrt, að gagnáfrýjandi hafi greitt höggið. Sjálfur virðist gagnáfrýjandi hafa munað mjög óljóst, hvað fram fór, enda þá ölvaður að marki.

Með gögnum þeim, er greind voru, og með hliðsjón af öllum atvikum, sem lýst er í héraðsdómi, þykir það nægilega ljóst gert, að gagnáfrýjandi hafi bakað sér fébótaábyrgð á slysi því, er aðaláfrýjandi varð fyrir og að framan getur. Og koma þá einstakir liðir fébótakröfu aðaláfrýjanda til athugunar.

Um 1., 2. og 3.a lið. Þessir liðir eru viðurkenndir réttir.

Um 3.b—6. lið. Þessir liðir sýnast allir greina eðlileg útgjöld vegna farar aðaláfrýjanda til Reykjavíkur, og kröfum svo í hóf stillt, að niðurfærsla á þeim þykir ekki hafa við rök að styðjast.

Um 7. og 8. lið. Telja má sannað með vottorði héraðslæknis, að aðaláfrýjandi hafi hlotið varanleg andlitslýti af

kjálkabrotinu, og þjáningar hennar vegna þess verða eigi í efa dregnar. Þykja kröfur aðaláfrýjanda um þessa liði einnig hóflegar.

Um 9. lið. Þenna lið hefur aðaláfrýjandi fellt niður.

Um 10. lið. Sannað er, að aðaláfrýjandi hefur greitt kr. 115.00 vegna dvalar barns utan heimilis í fjarvist hennar vegna meiðslanna.

Um 11. lið. Þenna lið ber að taka til greina samkvæmt því, er í héraðsdómi segir.

Samkvæmt framansögðu ber að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda kr. 7789.00. Vexti þykir mega dæma samkvæmt kröfu aðaláfrýjanda, með því að krafa um 5% ársvöxtu frá 30. okt. 1943 var gerð, er gengið var frá aðalkröfunni.

Ákvæði héraðsdóms um niðurfall löghaldsgerðar ber að staðfesta af ástæðum þeim, er þar greinir.

Eftir þessum málalokum þykir rétt að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda í málskostnað fyrir báðum dómum samtals kr. 2000.00.

Því dæmist rétt vera:

Refsikröfunni er vísað frá héraðsdómi.

Gagnáfrýjandi, Steingrímur Bjarnason, greiði aðaláfrýjanda, Sigríði Kristjánsdóttur, kr. 7789.00 með 5% ársvöxtum frá 30. okt. 1943 til greiðsludags og samtals kr. 2000.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Ákvæði héraðsdóms um niðurfall löghaldsgerðar eru staðfest.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. apríl 1944.

Mál þetta, sem dómtekið var 29. f. m., hefur Garðar hrm. Þorsteinsson hér í bæ f. h. Sigríðar Kristjánsdóttur í Neskaupstað höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 30. október f. á. gegn Steingrími stýrimanni Bjarnasyni, Hrísateig 10 hér í bænum, og haft uppi þær kröfur, *að* stefndur verði dæmdur til lögmæltrar

refsingar fyrir brot á 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940, *að* stefndur verði dæmdur til að greiða stefnanda hæfilegar skaðabætur að mati dómara fyrir tjón það, er hún hefur orðið fyrir af meiðslum þeim, sem hún telur stefndan hafa valdið, *að* staðfest verði með dómi bæjarþingsins löghaldsgerð, er framkvæmd var í fógetarétti Neskaupstaðar hinn 7. september f. á til tryggingar kröfu stefnanda *að* hluta, og loks að stefndur verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar. Síðar í flutningi málsins hefur stefnandi tiltekið fjárhæð skaðabótakröfu sinnar kr. 8994.00 og auk þess krafizt 5% ársvaxta frá stefnubirtingardegi 30. okt. f. á. til greiðsludags. *Til vara* krefst stefnandi þess, að úrslit málsins verði látin koma undir eiði hennar.

Stefndur hefur *aðallega* krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar; *til vara*, að úrslit málsins verði látin velta á eiði hans, og til *þrautavara*, að skaðabótakrafa stefnandi verði lækkuð verulega og málskostnaður þá látinn falla niður.

Málavextir eru þessir:

Hinn 24. júní f. á. voru þrjár konur og maður einnar þeirra gestir stefnandi og eiginmanns hennar að heimili þeirra í Neskaupstað. Komu gestir þessir til hjónanna milli kl. 9 og 10 um kvöldið, og var þeim veitt áfengi. Á að gizka klukkustund síðar kom stefndur, sem var vel kunnugur báðum hjónunum, heim til þeirra, en óljóst er, hvort hann kom boðinn eða óboðinn, en honum var síðan veitt með gestunum. Um miðnætti fóru tveir gestanna, en um tvöleytið, er hinir tveir bjuggust til brottferðar, mæltist húsráðandi til þess við stefndan, að hann færi, svo að hjónin gætu tekið á sig náðir. Reiddist stefndur þessu, er hann skildi sem brottrekstur, og varð úr nokkurt handalögmál með þeim. Er stefnandi reyndi að ganga á milli og stilla til friðar, varð hún fyrir höfuðhöggi svo miklu, að neðri kjálki hennar brotnaði vinstra megin, og féll hún í ómegin við höggið. Kveður stefnandi stefndan hafa veitt sér högg þetta, og hefur hún því höfðað mál þetta, sem áður segir.

Stefndur hefur eindregið mótmælt því, að hann hafi veitt stefnanda högg, og heldur því fram, að hún hafi orðið fyrir höggi, er eiginmaður hennar ætlaði stefndum. Kveðst hann hafa komið til þeirra hjónanna daginn eftir, og hafi þau þá ekki sagzt vita, af hvers völdum slys þetta hefði orðið. Hins vegar hafi sér þótt sanngjarnt að taka þátt í kostnaði þeim, er af slysinu hlauzt, og hafi hann þá þegar boðizt til þess, en hjónin hafi hafnað því boði.

Þrátt fyrir framburð annarra gesta þeirra, er viðstaddir voru viðureignina, um að stefndur hafi greitt stefnandi högg það, er olli meiðslum hennar, þykir eigi, gegn mótmælum stefnds, talið nægjanlega sannað, að svo hafi verið, og með því að eigi þykir rétt að láta mál sem þetta velta á aðildareiði, verður að sýkna

stefndan af refsikröfu stefnandi. Hins vegar þykir framferði stefnds hafa verið slíkt, að með þátttöku sinni í barsmíðum þeim, er leiddu til meiðsla stefnandi, hafi hann gerzt meðvaldur að slysi þessu, svo að rétt þykir að telja hann bera ábyrgð á tjóni stefnandi að hálfu.

Kemur þá til athugunar fjárhæð bótanna.

Stefnandi hefur sundurliðað kröfu sína svo:

1.	Sjúkrahúsvist	kr.	514.00
2.	Lækniskostnaður	—	116.80
3.a	Ferðakostnaður til Reykjavíkur	—	300.00
3.b	Ferðakostnaður til Neskaupstaðar	—	202.00
4.	Símakostnaður	—	151.20
5.	Útbúnaður til ferðarinnar	—	140.00
6.	Ýmis kostnaður í Reykjavík	—	200.00
7.	Bætur fyrir andlitslýti	—	3500.00
8.	Bætur fyrir þjáningar	—	2500.00
9.	Kaupverð gerfitanna og lagfæring á þeim (óframkvæmt)	—	1200.00
10.	Kostnaður við að koma börnum fyrir	—	120.00
11.	Viðbótarkaup stúlku	—	50.00
		Samtals kr.	8994.00

Stefndur hefur viðurkennt 1., 2. og 3. lið, þó þannig, að hann samþykkir ekki hærri fjárhæð en kr. 136.00 fyrir 3b. Þykir verða að taka þá kröfu til greina, enda hefur stefnandi ekki lagt fram gögn um greiðslu sína samkvæmt þeim lið.

Um 4—6. Stefndur hefur eindregið mótmælt þessum liðum, og hefur stefnandi að vísu ekki fært fyrir þeim fullgild gögn, en með því að telja verður, að hún hafi orðið fyrir nokkrum kostnaði að þessu leyti, þykir rétt að ákveða henni sem hæfilegar bætur þess kostnaðar kr. 200.00.

Um 7—8. Samkvæmt vottorði héraðslæknisins í Norðfirði, dags. 15. nóv. f. á., er nokkur skekkja á brotstöðvunum, og segir svo meðal annars í vottorðinu: „Vinstra megin finnst brotið ca 2,5 cm framan við kjálkahorn, og standast endarnir ekki á, þannig að fremra brotið (Fragmen) liggur utar og neðar en það aftara. Finnst þar og sést greinilegur gúll á kjálkaröndinni. Hægra megin finnst brotið ca 1,5 cm framan við kjálkahorn, en ber ekki eins mikið á, að brotin fari afvega (deviatio). Þá sést, að kjálkinn er þar fyrirferðarmeiri, og þar sem þetta er aftar en hinum megin, þá eykur það sjáanlega skekkju og lýti.“ Ekki hefur verið sýnt fram á, að missmíði þessi hverfi, er fram líður, en stefnandi er nú 26 ára gömul.

Tveimur dögum eftir áverkann fór stefnandi til Reykjavíkur og var í sjúkrahúsi tæpan mánuð. Allan þann tíma hafði hún verki

í kjálkanum, og eftir að heim kom hefur hún samkvæmt áðurgreindu vottorði héraðslæknisins í Norðfirði haft verki frá kjálka upp í höfuð, og telur læknirinn þá stafa frá brotinu. Með hliðsjón af framanrituðu þykja bæturnar fyrir þjáningar og lýti hæfilega ákveðnar í heild kr. 3000.00.

*9. lið*ur var ekki afleiðing slyssins, þar eð stefnandi var tannlaus áður, og virðist hún hafa fallið frá honum í flutningi málsins.

10. lið er ekki unnt að taka til greina gegn andmælum stefnds, þar eð engin gögn eru fyrir hendi um þann kostnað.

Um 11. lið. Stefnandi hefur lagt fram yfirlýsingu stúlku þeirrar, er hún greiddi fjárhæð þessa, og þykir bera að taka þenna lið til greina, þrátt fyrir andmæli stefnds, enda virðist greiðslunni í hóf stillt, en ljóst þykir, að verk stúlkunnar hafi orðið erfiðari við fjarveru stefnandi.

Málalok verða því þau, að bætur fyrir tjón stefnandi ákveðast samkvæmt framanrituðu kr. 4316.80, og verður stefndur dæmdur til greiðslu þeirra að hálfu, eða kr. 2158.40, svo og málskostnaðar, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 350.00.

Vaxta var ekki krafizt í stefnu, og verður vaxtakröfu stefnandi því ekki sinnt, enda verður að telja henni nægilega mótmælt af hálfu stefnds.

Krafa stefnandi um staðfestingu löghalds þess, er um ræðir í málinu, verður og ekki tekin til greina, þar eð því hefur ekki verið haldið nægilega fljótt til laga, og verður það því fellt úr gildi.

Fjárhæð, sem stefndur telur sig eiga hjá eiginmanni stefnandi. kemur að sjálfsögðu ekki til frádráttar dómkröfum hennar í máli þessu gegn mótmælum hennar.

Árni Tryggvason settur borgardómari kvað upp dóm þenna, en dómsuppsaga hefur tafizt nokkuð sakir páskaleyfis og vegna mikilla embættisanna.

Því dæmist rétt vera:

Framangreind löghaldsgerð er úr gildi felld.

Stefndur, Steingrímur Bjarnason, skal vera sýkn af refsikröfunni í máli þessu, en greiði stefnandi, Sigríði Kristjánsdóttur, kr. 2158.40 og kr. 350.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 23. apríl 1945.

Nr. 14/1945. **Réttvísin og valdstjórnin**
(Kristján Guðlaugsson)
gegn
Snorra Sturlusyni (Ragnar Ólafsson).

Líkamsárás. Skaðabætur.

Dómur hæstaréttar.

Með því að fallast má á forsendur hins áfrýjaða dóms, þykir mega staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 400.00 til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Snorri Sturluson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Kristjáns Guðlaugssonar og Ragnars Ólafssonar, kr. 400.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 30. október 1944.

Ár 1944, mánudaginn 30. október, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af sakadómara Jónatan Hallvarðssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 2553/1944: Réttvísin og valdstjórnin gegn Snorra Sturlusyni.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 16. þ. m., er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Snorra Sturlusyni verkamanni til heimilis í bragga nr. 61 á Skólavörðuholti hér í bæ fyrir brot gegn 23. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 1940, áfengislögum nr. 33 1935 og lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík nr. 2 1930.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 10. febr. 1921 í Reykjavík, og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1934 ⅘ Áminning fyrir spellvirki á húsi.

1934 $^{15}/_{1}$ Kærður fyrir ófrjálsa töku á reiðhjóli. Afgreitt til barnaverndarnefndar.
1935 $^{23}/_{10}$ Kærður fyrir þjófnað á reiðhjólahlutum. Sama afgreiðsla.
1936 $^{20}/_{7}$ Kærður fyrir þjófnað á 10 krónum. Sama afgreiðsla.
1937 $^{5}/_{1}$ Kærður fyrir þjófnað. Sama afgreiðsla.
1941 $^{11}/_{1}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1941 $^{10}/_{2}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1941 $^{26}/_{6}$ Sátt, 10 kr. sekt fyrir brot gegn 3. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.
1941 $^{4}/_{7}$ 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1941 $^{12}/_{12}$ Sátt, 100 kr. sekt, kr. 269,50 skaðabætur, fyrir ölvun og óspektir.
1943 $^{29}/_{6}$ Dómur lögregluréttar, 250 kr. sekt og sviptur ökuskírteini í 3 mánuði fyrir að neyta áfengis við bifreiðarakstur.
1944 $^{1}/_{3}$ Dómur aukaréttar, 30 daga fangelsi skilorðsbundið, sviptur kosningarrétti og kjörgengi, fyrir brot gegn 248. gr. hegningarlaganna og 17. gr. áfengislaganna.
1944 $^{26}/_{9}$ Sátt, 75 kr. sekt fyrir að aka bifreið með lélega hemla og ófullnægjandi ljós.

Málavextir eru þessir:

Nokkru eftir miðnætti 19. ágúst síðastliðinn ók Jón Pétursson Einarsson bifreiðarstjóri, Skothúsvegi 7, með ákærða og Gústaf Ófeigsson bifreiðarstjóra, Laugaveg 86, í bifreið sinni, R 2550, um bæinn. Við bifreiðarstöð Íslands tóku þeir Jóstein Magnússon bifreiðarstjóra, Ingólfsstræti 21 B, í bifreiðina. Kærði átti eina flösku af whisky, og drukku farþegarnir þrír úr henni, Jósteinn þó aðeins lítið eitt. Ákærði og Gústaf urðu brátt ölvaðir, og vildi þá Jón Pétursson losna við þá úr bifreiðinni. Stöðvaði hann bifreiðina í því skyni á Bergþórugötu fyrir norðan Sundhöllina.

Er þetta skeði, voru blaðamennirnir Jón Helgason, Valdimar Jóhannsson og Helgi Sæmundsson og Leifur Haraldsson skrifari að koma úr kunningjahópi í Norðurmýri og gengu vestur Njálsgötu. Leifur var drukkinn, og bar Jón hann að nokkru. Jón dróst því dálítið aftur úr hinum félögum sínum. Er Jón var kominn að opna svæðinu fyrir norðan Sundhöllina, en austan við Barónsstíg, lagði hann Leif frá sér á gangstéttina.

Jón segir, að þrír menn hafi þá komið hlaupandi sunnan opna svæðið fyrir norðan Sundhöllina og ráðist umsvifalaust á hann, án þess að nokkur orðaskipti ættu sér stað á milli hans og þeirra. Tveir þeirra hafi slegið hann mörg högg í höfuðið. Valdimar Jóhannson hafi svo komið á vettvang, og þeir þá ráðizt á hann, svo að hann hafi dottið, og hafi annar árásarmannanna barið hann í höfuðið upp við steinvegg. Jón kveðst hafa hrakizt upp á gangstéttarhornið við Barónsstíg að austanverðu, en komizt síðan heim til sín. Hann kveðst ekki þekkja árásarmennina, en segir,

eftir að hafa séð Jóstein Magnússon í réttarhöldunum, að hann hafi verið annar aðalárásarmannanna.

Valdimar Jóhannsson, sem gekk dálítið á undan Jóni, kveðst hafa séð þrjá menn hlaupa til Jóns, og hafi hann þá gengið í áttina til Jóns, en búið hafi verið að slá Jón, er hann hafi komið til hans. Hann kveðst ekki hafa séð, hver sló Jón, en tveir menn, sem hann þekkir ekki, hafi staðið hjá honum. Annar mannanna hafi svo reitt hnefann til að slá Jón, en þá kveðst Valdimar hafa náð í handlegg mannsins og spurt, hvað hér væri um að vera. Hafi þá maðurinn ráðizt að honum án þess að svara honum og barið hann í andlitið nokkur högg, svo að hann missti meðvitund örlitla stund og féll í götuna. Fólk hafi svo komið þarna að, og hafi þeim Jóni tekizt að komast heim til Jóns.

Helgi Sæmundsson kvaðst ekki geta sagt um, hver hafi slegið Jón og Valdimar, eða hvort sami maðurinn hafi gert það.

Ákærði og félagar hans hafa borið það, að er þeir voru staddir fyrir norðan Sundhöllina, hafi þeim allt í einu orðið litið norður á Njálsgötu og séð þar nokkra menn, þeir hafi talið, að þarna væri eitthvað um að vera, og því hlaupið þangað. Lítill maður hafi legið þar í götunni og menn staðið þar hjá honum.

Ákærði kveðst hafa haldið, að maðurinn, sem lá í götunni, hefði verið sleginn, og því hafi hann snúið sér að mönnum þeim, er stóðu hjá honum, en þeir þá sagt, að ákærða kæmi þetta ekkert við. Segir ákærði, að til ryskinga hafi svo komið milli hans og tveggja af mönnum þessum. Hafi hann komið höggi á mennina og annar fallið í götuna. Ryskingunum hafi linnt, er mennirnir hafi haldið niður Barónsstíg.

Jón Pétursson Einarsson kveðst hafa séð ákærða slá tvo menn, og hafi annar fallið á gangstéttina, en kveðst ekki vita, hvers vegna ákærði sló þá eða hvað þeim hafi farið áður á milli. Jón kveðst hafa reynt að stilla ákærða, er hann hafi ætlað að slá mennina í annað sinn, og getað komið honum burt í bifreið sinni.

Jósteinn Magnússon kveðst hafa komið seinastur félaga sinna norður á Njálsgötu, og hafi þá verið komið þar til ryskinga. Hafi hann séð ákærða, sem verið hafi alveg trylltur, slá tvo menn mörg högg í andlitið, og hafi annar fallið í gangstéttina.

Gústaf Ófeigsson kveðst hafa stutt manninn, sem lá í götunni, á fætur, og hafi hann því ekki tekið vel eftir öðru, sem skeði á meðan. Hann kveðst þó hafa tekið eftir því, að ákærði lenti í áflogum. Hafi hann séð mann detta af völdum ákærða, því að hann hafi slegið frá sér, er maðurinn datt.

Jóni Péturssyni Einarssyni, Jósteini Magnússyni og Gústafi Ófeigssyni ber öllum saman um, að þeir hafi ekki tekið þátt í ryskingunum.

Svo hljóðandi vottorð, dags. 19. ágúst s. l., frá H. Stefánssyni

lækni um meiðsli Jóns Helgasonar og Valdimars Jóhannssonar hafa verið lögð fram í málinu:

„Jón Helgason, Grettisgötu 60, hefur orðið fyrir árás, á hægra augnaloki er 2 cm langur skurður, er sauma þarf saman, jafnlangur fyrir ofan augabrún, það er sprungið fyrir á neðri vör, hann kvartar einnig talsvert um svima."

Valdimar Jóhannsson, Garðastræti 39, hefur orðið fyrir árás, á hægri kinn hans, rétt fyrir neðan augað, er ca 2 cm langur skurður, er sauma þarf saman, hann hefur einnig þrota (mar) á neðri vör."

Enn fremur svo hljóðandi vottorð dags. 19. ágúst s. l., frá K. Jónssyni lækni um meiðsli Valdimars:

„Herra Valdimar Jóhannsson, Garðastr. 39, kom til mín að morgni þess 1⅞ og kvaðst hafa orðið fyrir árás þá um nóttina. Við rannsókn kom í ljós ca 2 cm langur skurður neðan við h. auga og talsverð blárauð bólga í kring. Enn fremur var neðri vörin stokkbólgin vinstra megin og á henni alldjúpur skurður að innanverðu, sem hafði sprungið fyrir á 2 tönnum."

Með framburðum þeim, er nú hafa verið raktir, er sannað, að ákærði hefur gerzt sekur um líkamsárás, sem með tilliti til áverka þeirra, er af hlutust, varðar við 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940. Þá þykir ákærði enn fremur hafa brotið gegn 18. gr. sbr. 38. gr. áfengislaga nr. 33 9. janúar 1935 og 3. og 7. gr. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2 7. janúar 1930. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 30 daga fangelsi.

Jón Helgason og Valdimar Jóhannsson hafa gert bótakröfur á hendur ákærða út af árásinni. Kröfur Jóns eru þessar: 1. Fyrir þjáningar, vanlíðan og líkamslýti, kr. 1500.00; 2. fyrir vinnutap í þrjá daga, kr. 300.00; 3. Skemmdir á fötum, kr. 250.00; 4. Skemmdir á úri, kr. 100.00; 5. Fyrir læknisaðgerð og vottorð, kr. 20.00. Samtals kr. 2170.00.

Kröfur Valdimars eru þessar: 1. Fyrir þjáningar, vanlíðan og líkamslýti, kr. 1500.00; 2. Fyrir vinnutap í 3 daga, kr. 300.00; 3. Skemmdir á hatti, kr. 50.00; 4. Fyrir læknisaðgerð og vottorð, kr. 23.00. Samtals kr. 1873.00.

Ákærði hefur mótmælt bótakröfum þessum. 3.—5. kröfuliðir Jóns Helgasonar og 3.—4. kröfuliðir Valdimars Jóhannssonar eru nægilega rökstuddir og verða því teknir til greina. Bætur fyrir þjáningar, vanlíðan, líkamslýti og vinnutap þykja eftir atvikum hæfilega ákveðnar kr. 800.00 til hvors um sig. Samkvæmt þessu ber ákærða að greiða Jóni Helgasyni kr. 1170.00 og Valdimar Jóhannsyni kr. 873.00 í skaðabætur, og skulu þær greiddar innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls kostnaðar sakarinnar,

þar á meðal kr. 250.00 til skipaðs verjanda síns í málinu, Áka Jakobssonar lögfræðings.

Málið hefur verið rekið vítalaust.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Snorri Sturluson, sæti fangelsi í 30 daga.

Hann greiði Jóni Helgasyni kr. 1170.00 og Valdimar Jóhannssyni kr. 873.00 innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði allan kostnað sakarinnar, þar á meðal kr. 250.00 til skipaðs verjanda síns í málinu, Áka Jakobssonar lögfræðings.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 23. apríl 1945.

Nr. 95/1944. **Sigurður Berndsen** (Gunnar J. Möller)
gegn
Pétri Ottasyni (Gunnar Þorsteinsson).

Þóknun fyrir geymslu báts á skipasmíðastöð.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 10. ágúst 1944, hefur gert þá aðalkröfu, að honum verði dæmt að greiða stefnda kr. 558.09, en til vara kr. 1030.32, og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað að skaðlausu fyrir báðum dómum. Stefndi hefur krafizt staðfestingar á héraðsdómi og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda eftir mati hæstaréttar.

Komið er fram í flutningi málsins, að áfrýjandi greiddi stefnda kr. 500.00 fyrir tímabilið 11. nóv. 1941 til 30. júní 1942, og svarar það til ca kr. 2.16 dag hvern, og gerir það kr. 1030.32, sem varakrafan er miðuð við. Aðalkrafan er hins vegar miðuð við það, að í áðurnefndum kr. 500.00 séu faldar kr. 228.00 fyrir uppsátur, og því hafi áfrýjandi raunverulega aðeins greitt fyrir geymslu bátsins kr. 272.00, er svari til ca kr. 1.17 hvern dag, og verði það kr. 558.09. Hið

lága gjald fyrir tímann frá 11. nóv. 1941 til 30. júní 1942 verður að telja miðað við það, að stefndi gerði við bátinn og hefði ágóða þar af. En 1. júlí 1942, verður að ætla, að einráðið hafi verið, að ekki skyldi við bátinn gert. Áfrýjandi mátti þá gera ráð fyrir því, að hann yrði framvegis að greiða sanngjarna þóknun fyrir geymslu bátsins, og verður þá ekki miðað við gjald það, sem áfrýjandi greiddi fyrir tímann 11. nóv. 1941 til 30. júní 1942. Og eigi verður heldur miðað við 15 króna gjald það, sem í héraðsdómi er lagt til grundvallar, með því að stefndi gerði áfrýjanda eigi viðvart um það, að hann mundi krefjast slíks gjalds, eða að áfrýjandi yrði að hirða bátinn annars kostar. Eigi er því haldið fram, að báturinn hafi verið verulega fyrir stefnda í starfi hans, en hann hlaut þó að bera ábyrgð geymslumanns á bátnum, og þykir hann því eiga sanngjarna þóknun fyrir geymslu bátsins tímabilið frá 1. júlí 1942 til 20. okt. 1943, og þykir hún hæfilega ákveðin kr. 2500.00 með 5% ársvöxtum frá 11. marz 1943 til greiðsludags.

Eftir þessum málalokum þykir rétt að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda í málskostnað fyrir báðum dómum samtals kr. 1000.00.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, Sigurður Berndsen, greiði stefnda, Pétri Ottasyni, kr. 2500.00 með 5% ársvöxtum frá 11. marz 1944 til greiðsludags og kr. 1000.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. júní 1944.

Mál þetta, sem dómtekið var 14. þ. m., er að undangenginni árangurslausri sáttaumleitan höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 14. marz s. l. af Pétri Ottasyni skipasmið, Stýrimannastíg 2 hér í bæ, gegn þeim Sigurði Berndsen, Grettisgötu 71, og Snorra Jónssyni, Nönnugötu 8, báðum hér í bæ, til greiðslu in solidum á skuld vegna skipsgeymslu að fjárhæð kr. 9120.00 með 5% ársvöxtum frá 11. marz 1944 til greiðsludags og málskostnaðar að mati dómarans. Þá krafðist stefnandi, að viðurkenndur yrði með dómi haldsréttur hans í v/b France R.E. 150 vegna skuldar

þessarar. Í þinghaldi þann 30. marz s. l. lýsti stefnandi yfir því, að hann félli frá öllum kröfum á hendur stefndum Snorra, en hann hafði hvorki sótt né látið sækja þing. Við hinn munnlega málflutning breytti stefnandi kröfum sínum á þá leið, að stefndur Sigurður yrði dæmdur til að greiða kr. 7155.00 með 5% ársvöxtum frá 11. marz 1944 til greiðsludags og málskostnað að mati dómarans. Þá krafðist stefnandi enn, að viðurkenndur yrði með dómi haldsréttur hans í v/b France R.E. 150 fyrir kröfum þessum.

Stefndur hefur við hinn munnlega málflutning gert þær dómkröfur, að honum verði aðeins gert að greiða skipsgeymslugjald hlutfallslega jafnhátt og hann hafði áður greitt fyrir geymslu sama skips fyrir tímabilið frá 11. nóv. 1941 til 30. júní 1942.

Þá hefur stefndur krafizt málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Málavextir eru þeir, að því er stefnandi skýrir frá, að þann 11. nóvember 1941 var v/b France R.E. 150, þá eign stefnda, dreginn á land í dráttarbraut stefnanda hér í bænum. Kveðst stefnandi hafa gert ráð fyrir, að honum yrði falið að gera við bátinn, sem muni hafa verið all-lélegur. Með tilliti til þessa, kveður stefnandi, að samið hafi verið um, að stefndur greiddi fyrir uppsátur og geymslu bátsins til 1. júlí 1942 kr. 500.00, enda gert ráð fyrir að viðgerð yrði lokið þá. Fé þetta greiddi síðan stefndur stefnanda þann 15. marz 1942. Aldrei var byrjað á hinni fyrirhuguðu viðgerð, enda telur stefnandi, að stefndur hafi ekki beðið sig að byrja viðgerðina og ekki komið með efni, er hann hafi sagzt ætla að leggja til. Hafi því báturinn legið áfram hjá sér, án þess að samið væri um leigu eða hún greidd, og liggi þar enn óviðgerður. Bátinn hafi stefndur síðan selt Snorra Jónssyni þann 20. október 1943, og hafi Snorri greitt slippleigu og geymslugjaldið frá þeim tíma.

Dómkröfur sínar byggir stefnandi á því, að báturinn hafi verið í dráttarbraut sinni, án þess að greitt hafi verið fyrir hann, tímabilið frá 1. júlí 1942 til 20. nóv. 1943, eða samtals 477 daga. Leiguna telur stefnandi kr. 15.00 á dag, en það sé slippleiga sú, er ákveðin hafi verið fyrir þessa stærð báta af verðlagsstjóra með auglýsingu birtri 29. marz 1943.

Stefndur hefur hins vegar haldið því fram, að fljótlega eftir að báturinn var dreginn í land hafi hann verið skoðaður og þá strax horfið frá því að gera við hann. Hins vegar hafi samizt svo um með aðiljum, að báturinn fengi að standa þar sem hann var fram á sumarið 1942 fyrir gjald, er hafi verið af stefnanda ákveðið kr. 500.00 og hafi í þeirri greiðslu verið innifalið gjald fyrir uppsátur bátsins. Með tilliti til þess krefst stefndur, að reiknað verði sama gjald fyrir bátinn fyrir dag hvern eftir 30. júní 1942 og hafi verið talið í upphaflega samningi aðilja fyrir tímabilið frá 11. nóv. 1941 til 1. júlí 1942. Þá hefur stefndur bent á, að á öllu þessu tímabili

hafi stefnandi hvorki krafizt þess, að báturinn yrði tekinn, né krafið sig um greiðslu geymslukostnaðar.

Af því, sem að framan greinir, er ljóst, að ekki hefur verið samið um leigugjald eftir 30. júní 1942, en til þess tíma virðist stefndur hafa greitt leigu. Verður því að telja, að stefndum beri frá þeim tíma að greiða stefnanda geymslugjald fyrir nefndan bát, eins og krafið er, nema það geti talizt bersýnilega ósanngjarnt.

Nú er gjald það, sem stefnandi hefur krafið, í samræmi við ákvæði þau, er verðlagsstjóri hefur sett um slíka leigu, og þykir þá verða að leggja það til grundvallar.

Með tilliti til þessa, og þar sem tímalengd þeirri, er báturinn var í dráttarbrautinni, hefur ekki verið mótmælt, verða kröfur stefnanda teknar til greina að þessu leyti.

Að því er snertir kröfu stefnanda um viðurkenningu á haldsrétti í v/b France R.E. 150, þá verður ekki annað séð en nefndur bátur sé nú eyðilagður af völdum bruna. Þykir því ekki tilefni til að taka til greina framangreinda kröfu stefnanda um viðurkenningu á haldsrétti.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að stefndur greiði stefnanda málskostnað, er ákveðst hæfilegur kr. 600.00.

Árni Tryggvason settur borgardómari kvað upp dóm þenna.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Sigurður Berndsen, greiði stefnanda, Pétri Ottasyni, kr. 7155.00 með 5% ársvöxtum frá 11. marz 1944 til greiðsludags og kr. 600.00 í málskostnað, en sé að öðru leyti sýkn af kröfum stefnanda.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 23. apríl 1945.

Kærumálið nr. 3/1945. **Óli J. Ólason**
gegn
borgarfógetanum í Reykjavík.

Dómur hæstaréttar.

Með kæru 28. marz þ. á., er hingað barst með bréfi borgardómara 11. apríl þ. á., kærir sóknaraðili málskostnaðarákvæði dóms bæjarþings Reykjavíkur 26. marz þ. á. í máli sóknaraðilja gegn varnaraðilja.

Varnaraðili hefur skotið framangreindu máli til hæstaréttar með stefnu 20. þ. m. til þingfestingar í júnímánuði n. k. Þykir því rétt samkvæmt analogíu 2. mgr. 117. gr. laga nr. 85/1936 að fresta kærumálinu ex officio, unz séð er, hvort áðurnefnt áfrýjunarmál verður lagt í dóm.

Því úrskurðast:

Máli þessu er frestað ex officio samkvæmt framanskráðu.

Miðvikudaginn 25. apríl 1945.

Nr. 82/1944. **H/f Hængur** (Jón Ásbjörnsson)
gegn
Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Einar B. Guðmundsson).

Mál til endurheimtu ofgreiddra útflutningsgjalda af fiski.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 22. júní 1944. Krefst hann þess, að það sakarefni, sem hér liggur fyrir, verði svo dæmt, að frá 1. janúar til 30. júní 1942 hafi borið að miða gjöld þau, sem um er deilt, við „fob" verð hins útflutta fisks b/v Baldurs, eins og það var samkvæmt samningi ríkisstjórnarinnar við matvælaráðuneytið brezka gerðum 5. ágúst 1941, en frá 1. júlí 1942 til loka sama árs hafi borið að miða gjöld þessi við „fob" verð í samningi ríkisstjórnarinnar við sölustjórn landbúnaðarafurða Bandaríkja Norður-Ameríku gerðum 27. júní 1942. Svo krefst aðaláfrýjandi og málskostnaðar fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Gagnáfrýjandi, sem skotið hefur málinu til hæstaréttar af sinni hálfu með stefnu 3. okt. 1944 að fengnu áfrýjunarleyfi 27. sept. sama ár, krefst algerrar sýknu af kröfum aðaláfrýjanda í þessum þætti málsins og málskostnaðar fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Fyrir hæstarétti er það komið fram, að aðaláfrýjandi hafi þann 15. febr. 1940 gengizt undir að greiða viðskiptanefndargjald það, er greinir í VI. lið hins áfrýjaða dóms, og sé gjaldið heimt á sama hátt og útflutnings- og innflutningsgjöld.

Lög þau og reglugerðir, sem heimila gjöld þau, er í máli þessu getur, verða ekki skilin öðruvísi en svo, að þegar útflytjandi selur vöru á erlendum sölustað, beri að reikna gjöldin af söluverði vörunnar þar að frádregnum kostnaði þeim, er í lögum nr. 63/1935 greinir.

Samkvæmt framanskráðu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdómsins þykir bera að taka til greina sýknukröfu gagnáfrýjanda að því er varðar þenna þátt málsins.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma aðaláfrýjanda til þess að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir báðum dómum, er þykir hæfilega ákveðinn samtals kr. 5000.00.

Því dæmist rétt vera:

Gagnáfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, á að vera sýkn af kröfum aðaláfrýjanda, h/f Hængs, í þeim þætti málsins, sem í héraðsdómi greinir.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda samtals kr. 5000.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. júní 1944.

Mál þetta, sem dómtekið var 1. þ. m., hefur Gísli Jónsson forstjóri hér í bæ f. h. fiskiveiðahlutafélagsins Hængs á Bíldudal höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 23. nóv. f. á. gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Samkvæmt stefnu og greinargerð eru dómkröfur stefnanda þær, að stefndur verði dæmdur til að endurgreiða stefnanda kr. 50726.93, en *til vara* kr. 21386.67, ásamt 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags auk málskostnaðar eftir mati dómarans.

Í greinargerð sinni hefur stefndur *aðallega* krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar sér til handa, en *til vara*, að dómkrafa stefnanda verði lækkuð um 25%.

Eftir ósk aðilja og samkvæmt heimild í 5. málsgr. 71. gr. einka-

málalaganna nr. 85 1936 hefur dómarinn fallizt á, að málflutningurinn snúist að svo stöddu um tiltekið sakarefni varðandi *aðalkröfu stefnanda*, og hefur munnlegur málflutningur farið fram samkvæmt því.

Gerir stefnandi þá þær dómkröfur í þessum hluta málsins, að því verði slegið föstu, að borið hafi að miða síðargreind gjöld til ríkissjóðs og annarra opinberra sjóða (I—IV) við „fob"-verð hinnar útfluttu vöru samkvæmt tilvitnuðum viðskiptasamningum Íslendinga við Breta og Bandaríkjamenn (dags. 5. ágúst 1941 og 27. júní 1942), svo og aðallega, að umrædd útflutningsnefndar- og viðskiptanefndargjöld (V og VI) hafi verið á lögð án heimildar, en *til vara*, að miða hafi átt þau gjöld við sömu verðmæti og segir um I—IV. Einnig krefst stefnandi málskostnaðar eftir mati dómarans fyrir þenna hluta málsins.

Stefndur krefst sýknu og málskostnaðar sér til handa í þessum hluta málsins.

Málsatvik eru þau, að á árinu 1942 flutti stefnandi ísvarinn fisk með b/v „Baldri" til Englands til sölu á markaði þar. Mun fiskur þessi hafa verið eiginn afli togarans. Af hálfu ríkisvaldsins var stefnandi krafinn ýmissa gjalda (sbr. I—VI hér á eftir) vegna þessa útflutningsverðmætis, og hefur stefnandi greitt þau gjöld, eins og þau voru krafin. Stefnandi hefur þó talið sig hafa ofgreitt gjöld þessi, er nemi fjárhæðum þeim, sem áður greinir, og hefur krafið stefndan um endurgreiðslu þegar í bréfi dags. 22. des. 1942, en án árangurs. Hefur stefnandi því höfðað mál þetta gegn stefndum og gert í því framangreindar dómkröfur.

Gjöld þau, sem um ræðir í málinu, eru þessi:

I. Útflutningsgjald skv. lögum nr. 63/1935.
II. Útflutningsgjald skv. lögum nr. 98/1941.
III. Fiskiveiðasjóðsgjald skv. lögum nr. 47/1930.
IV. Fiskimálasjóðsgjald skv. lögum nr. 75/1937.
V. Útlutningsnefndargjald.
VI. Viðskiptanefndargjald.

Þykir hentast að taka hvert þessara gjalda til athugunar fyrir sig svo og málsástæður aðilja varðandi hvert þeirra.

Um I.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 63 1935, um útflutningsgjald, skal greiða slíkt gjald í ríkissjóð af afurðum eins og þeim, er stefnandi flutti út árið 1942 og áður getur. Skal gjald þetta nema 1½% af verði afurðanna. Um nánari ákvörðun gjaldsins segir síðan í 3. gr.: „Gjald það, er ræðir um í 1. gr., skal miða við söluverð afurðanna með umbúðum fluttra um borð í skip (fob) á þeirri höfn, er þær fyrst fara frá, eða söluverð erlendis (cif), að frádregnu flutnings- og ábyrgðargjaldi til útlanda og miðilsgjaldi.

Ef afurðir eru sendar óseldar, skal lögreglustjóri ákveða gjaldið eftir því, sem ætla má, að verðar séu með umbúðum, fluttar um borð ...“

Gjald þetta greiddi stefnandi þannig reiknað, að miðað var við söluverð aflans á erlendum markaði að frádregnum áætluðum beinum kostnaði við flutninginn, en gjald sem þetta virðist hafa verið reiknað þannig af hálfu ríkisvaldsins, alla tíð frá því að lög voru sett um slík gjöld, eða frá því á árinu 1915.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að útflutningsgjaldið samkvæmt lögum nr. 63 1935 hafi ekki mátt reikna á þenna hátt frá því á árinu 1942, þótt svo hafi verið gert áður, er ekkert fast „fob“-verð á fiski hafi verið til. Það sé ótvírætt, að áður tilvitnað lagaákvæði geri ráð fyrir því, að útflutningsgjaldið sé miðað við „fob“-verð, og jafnskjótt sem slíkt verð hafi verið fyrir hendi, hafi því borið að miða við það verð. Grundvöllur fyrir slíkum reikningi hafi fyrst orðið til með viðskiptasamningum Íslendinga við Breta (dags. 5. ágúst 1941) og síðar Bandaríkjamenn (dags. 27. júní 1942), og frá þeim tíma hafi þannig verið unnt og skylt að miða útflutningsgjaldið við „fob“-verð afurðanna.

Sýknukröfu sína að þessu leyti byggir stefndur á því, að lögreglustjóri sá, sem ákveðið hafi umrætt útflutningsgjald, hafi reiknað það í fullu samræmi við gildandi lög og áratuga venju, sem þannig hljóti að teljast réttarvenja, og hafi hinir tilvitnuðu viðskiptasamningar við Breta og Bandaríkjamenn engu breytt í þessu efni.

Í fyrrgreindu ákvæði laganna um útflutningsgjald (3. gr.) segir að vísu, að lögreglustjóri skuli, ef afurðir eru sendar óseldar, ákveða gjaldið eftir því, sem ætla má, að verðar séu með umbúðum, fluttar um borð. Þess er þó að gæta, að ekki virðist unnt að ákveða „fob“-verð slíkra afurða með neinu öryggi, þegar um er að ræða eigin afla skipanna, er flytja hann út. Því hefur útflutningsgjald þetta verið reiknað á þann hátt, sem að framan er lýst, og verður ekki séð, að viðkomandi yfirvald hafi í þessu mati sínu, sem helgast af margra ára venju, gengið lengra en lög heimila, en hin áður tilvitnaða lagagrein ber með sér, að yfirvaldinu er veitt matsheimild í þessum efnum. Ekki þykir verða staðhæft, að áðurnefndir viðskiptasamningar Íslendinga við Breta og Bandaríkjamenn fjalli um verðlag afurða í tilviki eins og því, er hér um ræðir, og geta þeir samningar, þegar af þeirri ástæðu, ekki talizt skipta hér máli.

Af framangreindu leiðir, að dómkrafa stefnanda varðandi útflutningsgjald þetta telst ekki hafa við þau rök að styðjast, að hún geti orðið tekin til greina, og ber því að sýkna stefndan að þessu leyti.

Um II.

Í 5. gr. laga nr. 98 1941 um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna segir, að ríkisstjórninni sé heimilt með reglugerð að leggja sérstakt útflutningsgjald á íslenzkar afurðir, sem fluttar eru út úr landinu. Þar segir og, að gjaldið skuli vera ákveðinn hundraðshluti af fob-verði afurðanna, þó ekki hærri en 10 af hundraði, en ríkisstjórninni sé heimilt að ákveða á mismunandi hátt gjald af hinum ýmsu útflutningsvörum, miðað við framleiðslukostnað og söluverð. Reglugerðin um útflutningsgjald þetta er nr. 142 frá 31. júlí 1942, og segir svo í 1. gr. reglugerðarinnar, að greiða skuli í ríkissjóð, auk útflutningsgjalds samkvæmt lögunum nr. 63 1935, 10% af verði ísfisks þess, sem fluttur verði til útlanda eftir gildistöku reglugerðarinnar. Samkvæmt 2. gr. reglugerðarinnar skulu um gjald þetta gilda, eftir því sem við getur átt, ákvæði laganna nr. 63 1935 um útflutningsgjald.

Stefnanda var gert að greiða gjald þetta á árinu 1942, og var það reiknað á sama hátt og segir í I hér að framan, þ. e. miðað við söluverð aflans á erlendum markaði að frádregnum kostnaði, eins og þar greinir.

Stefnandi heldur því hins vegar fram og byggir dómkröfu sína að þessu leyti á því, að við annað verð eigi að miða, þ. e. „fob"-verð samkvæmt áðurnefndum viðskiptasamningum, en stefndur neitar þeirri kröfu með sömu rökum og greinir í I að framan.

Með reglugerðinni nr. 142 frá 1942 verður að telja, að viðkomandi yfirvald hafi fengið sams konar heimild til ákvörðunar á útflutningsgjaldi samkvæmt lögunum nr. 98 1941 sem segir í 3. gr. laga nr. 63 1935. Samkvæmt því, sem segir í I hér að framan um þessa matsheimild yfirvaldsins eftir hinum síðasttöldu lögum svo og um ákvæði fyrrgreindra viðskiptasamninga, þykir eigi heldur unnt að taka hér að lútandi dómkröfur stefnanda til greina. Verður stefndur því einnig sýknaður af þessari kröfu.

Um III.

Ákvæðin um fiskiveiðasjóðsgjald, ⅛% af verði útfluttra afurða, eru í lögum nr. 47 1930. Reglur þeirra laga um ákvörðun gjaldsins eru samhljóða áðurnefndum ákvæðum laga nr. 63 1935 um útflutningsgjald. Stefnandi hefur verið látinn greiða gjald þetta reiknað á sama hátt og segir í I hér að framan. Dómkröfu sína varðandi þetta gjald byggir stefnandi á sömu málsástæðum og greinir í I, og stefndur reisir sýknukröfu á sömu rökum og þar greinir.

Með skírskotun til þess, er segir í I að framan, getur þessi dómkrafa stefnanda ekki heldur orðið tekin til greina, og ber því einnig að sýkna stefndan að þessu leyti.

Um IV.

Ákvæði um fiskimálasjóðsgjaldið er í 13. gr. laga nr. 75 1937 um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl. Samkvæmt þeirri lagagrein fær fiskimálasjóður m. a. tekjur af gjaldi, sem greitt skal af útfluttum fiski og fiskiafurðum, þó ekki síldarafurðum. Skal gjaldið nema ½% af verðmæti afurðanna „miðað við fob.-verð". Ríkisstjórnin getur þó ákveðið að undanskilja fisk og fiskafurðir, sem sendar eru til útlanda í tilraunaskyni.

Stefnandi hefur verið látinn greiða gjald þetta, reiknað á sama hátt og segir í I hér að framan, og hér að lútandi dómkröfur aðiljanna byggjast á sams konar rökum og þar greinir.

Með því að ekki verður talið, að nokkur skilyrði hafi verið fyrir hendi til að ákveða gjald þetta með öðrum hætti en gert hefur verið, svo og að öðru leyti með skírskotun til þess, er segir í I að framan, að breyttu breytanda, þykir ekki, þrátt fyrir orðalagið á 13. gr. laganna nr. 75 1937, unnt að telja gjald þetta reiknað á ólöglegan hátt, og verður stefndur því einnig sýknaður af þessari kröfu stefnanda.

Um V.

Með bráðabirgðalögum nr. 49 frá 12. sept. 1939 um sölu og útflutning á vörum var ríkisstjórninni veitt heimild til að láta sérstaka nefnd (útflutningsnefnd) fara með það vald, er stjórninni var veitt samkvæmt lögunum. Í 5. gr. bráðabirgðalaganna var svo ákveðið, að ríkisstjórnin gæti með reglugerð skipað nánar um allt, er snerti framkvæmd laganna, „þar á meðal um greiðslu kostnaðar við framkvæmdina". Umrædd reglugerð var gefin út sama dag (nr. 168 1939), og segir svo í 4. gr. hennar: „Til þess að standast kostnað við störf útflutningsnefndar og annan kostnað af framkvæmd þessarar reglugerðar skulu allir þeir, sem flytja vörur út úr landinu, greiða ½‰ af útflutningsverðmætinu, þó eigi minna en 2 kr. fyrir hvert einstakt leyfi, og greiðist gjald þetta til lögreglustjóra á útflutningsstað." Viðbót, sem ekki skiptir hér máli, var síðan gerð við grein þessa í reglugerð nr. 212 frá 24. nóv. 1939. Áðurnefnd bráðabirgðalög voru síðan staðfest með lögum nr. 11 frá 12. febrúar 1940 um sölu og útflutning á vörum.

Stefnandi hefur verið látinn greiða gjald þetta, reiknað með sama hætti og segir í I hér að framan.

Aðalkröfu sína varðandi þetta gjald byggir stefnandi á því, að ekki sé fullgild lagaheimild fyrir hendi til að krefja gjald þetta, þar sem ákvæði áðurnefndra laga, er fyrrgreind reglugerð styðst við, séu ekki nógu greinileg að þessu leyti.

Eftir atvikum verður þó að telja, að lagaheimildin sé nægi lega skýr um þetta efni, og verður þessi krafa stefnanda því ekki tekin til greina.

Vara-kröfu sína um þetta efni byggir stefnandi á sömu málsástæðum og greinir í I hér að framan, og stefndur byggir sýknukröfu sína á sömu rökum og þar greinir.

Í framangreindri reglugerð er sagt, að miða beri umrætt gjald við útflutningsverðmæti vörunnar. Með skírskotun til þess, er segir í I og IV hér að framan, verður ekki talið, að annar útreikningur en sá, sem viðhafður hefur verið, komi hér til greina, og þykir því einnig bera að sýkna stefndan af þessari kröfu stefnanda.

Um VI.

Viðskiptanefndargjaldið (½‰ af verðmæti útfluttra vara) styðst ekki við neina heimild í lögum. Stefndur heldur því hins vegar fram, að það byggist á samkomulagi milli viðskiptanefndar annars vegar og útflytjenda og skipafélaganna hins vegar. Er í þessu sambandi skírskotað til bréfs fjármálaráðuneytisins til lögreglustjóra og tollstjórans í Reykjavík (dags. 2. apríl 1940), þar sem sagt er, að viðskiptanefndin hafi samið svo við fyrrgreinda aðilja, að engar vörur verði fluttar út, „nema greitt sé ½‰ af verðmæti varanna, þó ekki lægra gjald en kr. 0.50, til þess að standast kostnað af störfum nefndarinnar." Jafnframt er þar tekið fram, að gjaldið beri að miða við verð, sem útflutningsgjald er miðað við, sbr. 3. gr. laga nr. 63 28. jan. 1935.

Aðalkröfu sína varðandi þetta gjald byggir stefnandi á því, að það eigi enga stoð í lögum og þess vegna hafi verið óheimilt að leggja það á, enda mótmælir stefnandi því, að nokkurt samkomulag, sem hann sé bundinn við, sé til um þetta efni.

Þar sem þessi mótmæli liggja fyrir af hálfu stefnanda, verður að telja, að stefndum hafi borið að leiða sönnur að framangreindri staðhæfingu sinni, til þess að hún gæti orðið tekin til greina, en með því að svo hefur ekki verið gert, þykir bera að viðurkenna *aðalkröfu* stefnanda varðandi þetta gjald, þ. e. að umrætt viðskiptagjald hafi verið lagt á án heimildar.

Eins og að framan er lýst, þykir hins vegar verða að sýkna stefndan af öðrum dómkröfum stefnanda, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður, að því er snertir þenna hluta málsins.

Árni Tryggvason settur borgardómari kvað upp dóm þenna, en dómsuppsaga hefur dregizt nokkuð umfram venju vegna mjög mikilla anna við borgardómaraembættið.

Því dæmist rétt vera:

Áðurnefnt viðskiptanefndargjald telst á lagt án heimildar. Að öðru leyti skal stefndur, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, vera sýkn af framangreindum dómkröfum stefnanda, fiskiveiðahlutafélagsins Hængs.

Málskostnaður falli niður í þessum hluta málsins.

Miðvikudaginn 25. apríl 1945.

Nr. 7/1945. **Borgarfógetinn í Reykjavík og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs** (Einar B. Guðmundsson)
gegn
Garðari Þorsteinssyni (sjálfur).

Setudómari prófessor Gunnar Thoroddsen í stað hrd. Þórðar Eyjólfssonar.

Krafa veðhafa um útlagningu fasteignar, er seld var nauðungarsölu.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjendur, sem skotið hafa máli þessu til hæstaréttar með stefnu 9. janúar þ. á., hafa krafizt þess, að hinn áfrýjaði úrskurður yrði úr gildi felldur og að stefnda verði dæmt að greiða þeim málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar. Stefndi hefur krafizt staðfestingar á úrskurðinum og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Með bréfi, dagsettu 21. júlí 1942, setti Guðmundur H. Þórðarson stefnda húseign sína Mánagötu 22 með 2. veðrétti „til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu“ á 150 þús. króna eigin víxli þeim, er í málinu greinir. Þrátt fyrir yfirlýsingar stefnda lengstum í málflutningnum, sem telja verður stafa af misskilningi á raunverulegum lögskiptum þeirra Guðmundar að þessu leyti, verður að telja, að stefndi hafi með bréfi þessu öðlazt venjulegt sjálfsvörzluveð í téðri fasteign með þeim réttindum, sem slíkri veðsetningu fylgja að lögum.

Samkvæmt uppboðsgerð, er fram fór 13. apríl 1943 til nauðungarsölu á eigninni Mánagötu 22, var bæjarsjóður Reykjavíkur einn uppboðsbeiðandi. Stefndi bauð upp fyrir kröfu bæjarsjóðs, og varð uppboðið því með fullum árangri, að því er uppboðsbeiðanda varðaði. Stefndi, er eigi hafði krafizt uppboðs til lúkningar 150 þús. króna veðskuldinni og bauð upp í hana, átti ekki að gildandi lögum heimtingu á útlagningu sér til handa samkvæmt 39. gr. laga nr. 27/1921.

Samkvæmt þessu verður að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi.

Eftir þessum málsúrslitum þykir rétt, að stefndi greiði áfrýjendum málskostnað fyrir báðum dómum, samtals kr. 1500.00.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur.

Stefndi, Garðar Þorsteinsson, greiði áfrýjendum, borgarfógetanum í Reykjavík og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, kr. 1500.00 í málskostnað fyrir báðum dómum að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður uppboðsréttar Reykjavíkur 22. desember 1944.

Ár 1944, föstudaginn 22. desember, var í uppboðsrétti Reykjavíkur, sem haldinn var á Fríkirkjuvegi 11 af Valdimar Stefánssyni, settum uppboðshaldara, uppkveðinn úrskurður í málinu: Garðar Þorsteinsson gegn lögmanninum í Reykjavík og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, sem tekið var til úrskurðar 15. s. m.

Eftir kröfu bæjargjaldkerans í Reykjavík var húseignin Mánagata 22, þinglesin eign Guðmundar H. Þórðarsonar, boðin upp á nauðungaruppboði, sem haldið var á eigninni sjálfri 13. apríl 1943, til lúkningar opinberum gjöldum.

Á eigninni hvíldu þessi veðbönd: I. veðréttur kr. 39000.00 til Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis samkvæmt veðbréfi dagsettu 20. júní 1941, II. veðréttur kr. 150000.00 til handhafa víxils samkvæmt veðbréfi dagsettu 21. júlí 1942. Á uppboðinu mætti sóknaraðili þessa máls, Garðar Þorsteinsson hæstaréttarlögmaður, sem kvaðst hafa að handveði annars-veðréttarvíxilinn ásamt meðfylgjandi tryggingarbréfi í eigninni og lýsti yfir því, að auk aðalupphæðarinnar væru áfallnir vextir af víxlum frá 1. september 1942, og hefði hann einnig við fyrir þeirri upphæð, og er því eigi mótmælt. Uppboðið fór þannig fram, að hæstbjóðandi varð hrl. Garðar Þorsteinsson, er bauð kr. 155000.00 og krafðist þess, að sér yrði lögð eignin út sem ófullnægðum veðhafa, en til vara, að hún yrði seld sér sem kaupanda. Hinn 20. s. m. var málið tekið fyrir í skiptarétti, og lýsir skiptaráðandi þá yfir, að hann ákveði að veita útlagningarbeiðanda uppboðsafsal fyrir eigninni, þar sem hann sjái ekki, að skilyrði séu til útlagningar, eins og málið liggi fyrir. Lýsti þá útlagningarbeiðandi því yfir, að hann mundi áfrýja þessari ákvörðun skiptaráðanda og að hann áskildi sér rétt til að krefjast endurgreiðslu á því, sem hann greiði fyrir uppboðsafsal

meira en fyrir útlagningu. Greiddi hann síðan allan uppboðskostnað með þessum fyrirvara og opinber gjöld og tók að sér að greiða I. veðréttarskuldina, sem var kr. 41025.00, og fékk síðan uppboðsafsal fyrir eigninni. Þessari ákvörðun skiptaréttarins áfrýjaði útlagningarbeiðandi, og var hún ómerkt í hæstarétti 18. febrúar s. l. og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu úrskurðar um þá kröfu útlagningarbeiðanda, að honum yrði útlögð eignin sem ófullnægðum veðhafa. Í uppboðsrétti Reykjavíkur 12. maí s. l. var málið tekið fyrir, og eftir kröfu útlagningarbeiðanda vék þá hinn reglulegi uppboðshaldari sæti.

Hinn 6. júlí var sá, er nú fer með málið, settur til að fara með það, og kvað hann upp úrskurð í því 21. s. m., en hann sætti ómerkingu í hæstarétti 21. f. m., og var málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og úrskurðar að nýju.

Óumdeild er skýrsla útlagningarbeiðanda um stofnun þess réttar, er hann krafðist fullnægingar á á uppboðinu. Er hún á þá leið, að í júlí 1942 hafi Guðmundur H. Þórðarson, fyrrverandi kaupmaður, skuldað sér um 300 þúsund krónur, og var hann þá orðinn í vanskilum með ýmsa víxla, sem hann hafði gefið út, en aðrir samþykkt, og gekk útlagningarbeiðandi hart að honum um tryggingu fyrir skuldum þessum. 21. júlí gaf Guðmundur út tvo eigin víxla, annan að upphæð 80 þúsund krónur, tryggðan með veðrétti í Þverholti 7, en hinn að upphæð 150 þúsund krónur, tryggðan með II. veðrétti í Mánagötu 22, þ. e. a. s. þann víxil, sem hér um ræðir. Þessi víxill féll í gjalddaga 1. september 1942. Gegn afhendingu víxilsins og tryggingarbréfsins afhenti útlagningarbeiðandi Guðmundi enga víxla eða skuldbindingarskjöl, og hefðu víxlar þeir, sem víxillinn og tryggingarbréfið voru sett til tryggingar fyrir, verið greiddir, kveðst útlagningarbeiðandi að sjálfsögðu hafa afhent Guðmundi víxilinn og tryggingarbréfið. Kveður útlagningarbeiðandi þá báða hafa litið á þetta sem veðsetningu, en ekkert var tekið fram um, hvers konar veðsetning þetta væri. Leit útlagningarbeiðandi á þetta sem handveðsetningu, og í málflutningnum fyrir úrskurðinn 21. júlí s. l. voru aðiljar sammála um, að um handveð væri að ræða. Nú heldur útlagningarbeiðandi því hins vegar fram, að við afhendingu Guðmundar á tryggingarbréfinu til sín hafi stofnazt sér til handa beinn veðréttur í húseigninni, og eigi hann því kröfu til útlagningar, en hið sama telur hann mundu hafa gilt, hefði hann verið handveðshafi.

Varnaraðili mótmælir því, að útlagningarbeiðandi hafi öðlazt beinan veðrétt í eigninni, heldur hafi hann annað hvort fengið tryggingarbréfið og víxilinn að handveði, eða að hann hafi fengið haldsrétt í þeim. Telur hann e. t. v. eðlilegast að telja, að um haldsrétt sé að ræða, en hvort heldur sem væri, mótmælir hann því, að útlagningarbeiðandi eigi rétt til útlagningar.

Á það verður eigi fallizt, að hér sé um haldsrétt að ræða, og krafa varnaraðilja eigi tekin til greina af þeirri ástæðu. Ljóst er, að hafi útlagningarbeiðandi öðlazt beinan veðrétt í eigninni við afhendingu víxilsins og tryggingarbréfsins, ætti hann rétt til útlagningar sem ófullnægður veðhafi. Kemur þá til álita, hvort útlagningarbeiðandi gæti, ef um handveð væri að ræða, fengið útlagningu. Um þetta efni eru engin bein ákvæði í lögum né réttarvenja, svo vitað sé, og þykir þetta því eiga að fara eftir því, sem eðli málsins er samkvæmast. Verður að líta svo á, að hafi verið um handveð að ræða, hafi útlagningarbeiðandi í raun og veru átt veðrétt í eigninni sjálfri og hin eðlilega leið hans hafi verið sú, er hann fór, að mæta á uppboðinu og bjóða í eignina, en boð hans fór ekki, eins og áður segir, upp úr veðkröfu hans. Þykir eigi verða séð ástæða til, að útlagningarbeiðandi sem handveðshafi ætti að vera verr settur en þó að hann hefði haft beinan veðrétt í eigninni, og ætti hann samkvæmt því rétt til útlagningar sem ófullnægður veðhafi.

Það leiðir því til sömu niðurstöðu, hvort útlagningarbeiðandi var handveðshafi víxilsins og tryggingarbréfsins eða hafði beinan veðrétt í eigninni, og verður því krafa hans um útlagningu sem ófullnægður veðhafi tekin til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Húseignin Mánagata 22 skal lögð Garðari Þorsteinssyni hæstaréttarlögmanni út sem ófullnægðum veðhafa.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 30. apríl 1945.

Nr. 60/1945. **Magnús Guðmundsson**
gegn
Guðjóni Samúelssyni.

Úrskurður hæstaréttar.

Áður mál þetta er dæmt í hæstarétti, þykir rétt samkvæmt analógíu 120. gr. laga nr. 85/1936 að veita aðiljum kost á því að afla skýrslna um atriði þau, er nú verða greind.

1. Ástæða er til að taka skýrslu af nýju annars vegar af stefnda og Korneliusi Sigmundssyni og hins vegar af múrurunum þremur, Gísla Þorleifssyni, Ólafi Pálssyni

og Maris Guðmundssyni. Kornelíus skal nánar spurður um það, hvaða fyrirmælum hann hafi tekið á móti hjá stefnda um vinnuaðferð við múrhúðun Þjóðleikhússins og Fiskifélagshússins og hvaða fyrirskipanir hann hafi gefið múrurunum, m. a. um notkun múrskeiðar eða handfjalar til að þrýsta steinkornunum inn í múrhúðina. Þörf er að inna hina þrjá múrara eftir sömu atriðum. Rétt er og að samspyrja greinda menn um það, sem á milli ber í frásögnum þeirra.

2. Með sama hætti ber að spyrja menn þessa um framkvæmd á mulningu steinkorna þeirra, sem notuð voru við múrhúðun Þjóðleikhússins og Fiskifélagshússins, hver hafi útvegað mulningarvél og ráðið um mulninguna og stærð steinkornanna.
3. Þá er ástæða til að yfirheyra nefnda menn um það, hvort stefndi hafi boðið Kornelíusi og múrurunum að gæta leyndar um vinnuaðferð við múrhúðun þessa og hlutfallið milli þykktar múrhúðarinnar og stærðar steinkornanna. Þeir skulu og spurðir, hvort stefndi hafi bannað þeim að múrhúða með greindum hætti önnur hús án síns leyfis.
4. Þörf er á að leiða skýrar í ljós, hverjir stóðu að múrhúðun húsanna nr. 4 og 6 við Eiríksgötu, nr. 86 við Bergstaðastræti og nr. 16 við Öldugötu svo og um framkvæmd sams konar múrhúðunar og í málinu greinir árin 1935 til 1939.
5. Enn er rétt að fá skýrslu um mulningu steinkorna bæði áður og eftir að stefndi lét múrhúða Þjóðleikhúsið og Fiskifélagshúsið, og skulu skýrar sagnir hafðar af því, hvort tilraunir við hús þessi hafi leitt til þess, að aðrir menn hafi tekið að framleiða steinkorn af öðrum stærðum en áður, og ef svo er, þá hvenær.

Loks ber að afla þeirra frekari skýrslna, er öflun framangreindra gagna veitir efni til.

Því úrskurðast:

Aðiljum veitist kostur á því að afla ofangreindra skýrslna.

Mánudaginn 30. apríl 1945.

Nr. 33/1944. **Kaupfélag Reykjavíkur og nágrennis**
gegn
Engilbert Guðmundssyni.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Kaupfélag Reykjavíkur og nágrennis, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 4. maí 1945.

Nr. 129/1944. **Erlendur Blandon & Co. h/f**
(Gunnar J. Möller)
gegn
Ullariðjunni og gagnsök
(Magnús Thorlacius).

Útburðarmál.

Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða úrskurð hefur upp kveðið Unnsteinn Beck, fulltrúi borgarfógeta í Reykjavík.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 16. okt. 1944. Krefst hann staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar. Gagnáfrýjandi hefur af sinni hálfu skotið málinu til hæstaréttar með stefnu 25. okt. 1944. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og að synjað verði um framkvæmd útburðargerðar. Svo krefst hann og málskostnaðar af aðaláfrýjanda fyrir fógetarétti og hæstarétti eftir mati dómsins.

Um mánaðamótin febrúar—marz 1944 stóðu sakir þannig með aðiljum, að aðaláfrýjandi skuldaði gagnáfrýjanda samkvæmt sjálfs sín reikningi kr. 942.00. Hins vegar var þá

fallin í gjalddaga húsaleiga gagnáfrýjanda fyrir febrúarmánuð sama ár ásamt greiðslu fyrir hita og stigaþvott í janúar sama ár. Þann 2. marz lánaði aðaláfrýjandi gagnáfrýjanda kr. 2000.00, sem að sögn aðaláfrýjanda skyldi endurgreiðast, er vörubirgðum gagnáfrýjanda hefði verið komið í peninga, en ekki sést, að aðiljar hafi þá minnzt á skipti sín varðandi húsaleiguna. Fyrri hluta marzmánaðar var komin upp misklíð milli aðilja um verzlunarskiptin, sem lyktaði þannig, að aðiljar urðu ásáttir um, að aðaláfrýjandi hætti að selja vörur gagnáfrýjanda, en ekki framkvæmdu þeir þá nein reikningsskil. Þann 8. maí 1944 sendi gagnáfrýjandi aðaláfrýjanda kr. 400.00 í peningabréfi til greiðslu á húsaleigu, en aðaláfrýjandi neitaði að taka við því bréfi. Þann 22. maí 1944 krefst aðaláfrýjandi útburðar á gagnáfrýjanda vegna vanskila á húsaleigu mánuðina febrúar til maí að báðum meðtöldum ásamt greiðslum fyrir hita og stigaþvott mánuðina janúar til apríl. Nam skuld þessi að reikningi aðaláfrýjanda alls kr. 750.46. Þegar þessi beiðni kom fram, hafði aðaláfrýjandi ekki krafið gagnáfrýjanda um greiðslu á fyrrnefndu 2000 króna láni, sem óvíst er um, hvenær greiðast skyldi, né yfirleitt farið fram á, að aðiljar framkvæmdu reikningsskil sín á milli. Þegar virt eru greind atriði og þess er gætt, að áfallin húsaleiga og annar kostnaður vegna húsnæðisins til aprílloka nam ekki þeirri fjárhæð, kr. 942.00, er gagnáfrýjandi átti hjá aðaláfrýjanda vegna verzlunarskipta þeirra og fallnar voru í gjalddaga, þá brestur aðaláfrýjanda rök fyrir því, að gagnáfrýjandi hafi vegna vanskila fyrirgert leigurétti sínum. Verður því að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og synja um framkvæmd útburðargerðarinnar.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur.

Málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 19. ágúst 1944.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 17. f. m., hefur gerðarbeiðandi, Erlendur Blandon & Co. h/f, krafizt þess, að gerðarþoli, f.a. Ullariðjan, verði borin út úr húsnæði því, er hún hefur á leigu í húsi h/f Hamars við Tryggvagötu hér í bæ, vegna vanskila.

Gerðarþoli mótmælti framgangi hinnar umbeðnu gerðar, og lögðu aðiljar málið undir úrskurð fógetaréttarins.

Hvor aðili um sig hefur krafizt málskostnaðar.

Eftir því sem fram er komið í málinu, eru málavextir þessir: Í ágústmánuði 1943 tókust samningar með aðiljum máls þessa á þá leið, að gerðarbeiðandi framleigði gerðarþola eitt af herbergjum þeim, sem hann hefur á leigu í húsi h/f Hamars við Tryggvagötu. Var herbergið leigt fyrir sama verð og gerðarbeiðandi greiddi húseiganda fyrir það, en það er kr. 104.00 í grunnleigu á mánuði. Jafnframt greiddi gerðarþoli hita og ræstingu á göngum samkvæmt reikningi hverju sinni. Er engin deila um upphæðir þessar. Samtímis samdist svo um, að gerðarbeiðandi fékk einka-söluumboð fyrir framleiðsluvörur gerðarþola, sem eru ýmiss konar prjónavörur, og átti gerðarþoli að haga framleiðslu sinni eftir getu samkvæmt óskum gerðarbeiðanda, enda var honum óheimilt að selja hana öðrum. Gerðarbeiðandi átti í upphafi að fá þær vörur, er hann veitti móttöku, gegn 3 mánaða víxli, en því ákvæði virðist aldrei hafa verið beitt, og greiddi gerðarbeiðandi vörurnar venjulega um svipað leyti og hann tók við þeim. Aðilja greinir í ýmsum atriðum á um efni leigumálans. Telur gerðarbeiðandi, að leigumálinn sé óháður öðrum atriðum í viðskiptasamningum aðiljanna og að húsaleigan eigi að greiðast fyrirfram mánaðarlega og í peningum. Telur hann samkvæmt þessu, að gerðarþoli hafi verið í vanskilum með húsaleigu fyrir mánuðina febrúar— maí s. l. og hafa átt ógreitt fyrir hita og ræstingu fyrir mánuðina janúar— apríl, þegar beðið var um gerð þessa 22. maí s. l.

Gerðarþoli telur hins vegar, að leiga hafi átt að greiðast í vörum og gerast upp eftir á um leið og önnur viðskipti aðiljanna. Í reyndinni var húsaleiga fyrir mánuðina september til janúar s. l. gerð upp ásamt öðrum viðskiptum aðiljanna, en ekki beint svarað út í peningum af gerðarþola, og virðist hún hafa verið gerð upp mánaðarlega ýmist fyrirfram eða eftir á. Þessa greiðsluaðferð telur gerðarbeiðandi stafa af því, að jafnan hafi verið innstæða á reikningi gerðarþola hjá sér á þessum tíma.

Í byrjun marzmánaðar s. l. virðist gerðarþoli hafa haft eitthvað af vörum fyrirliggjandi, sem gerðarbeiðandi ekki vildi veita móttöku, því 5. marz ritar gerðarþoli gerðarbeiðanda bréf og óskar svars hans um það, hvort hann vilji veita vörum þessum móttöku. Skorar hann á gerðarbeiðanda að hafa tekið við vörunum

og greitt þær fyrir 10. marz, en ella telji hann sig óbundinn af samningnum frá í ágúst f. á. og að sér sé heimilt að selja vörurnar öðrum.

Bréfi þessu svaraði gerðarbeiðandi með bréfi dagsettu 13. marz, þar sem hann telur sig hafa sagt upp söluumboðinu fyrir gerðarþola þegar 15. febr. s. l., og að frá þeim degi hafi því gerðarþola verið heimilt að selja öðrum framleiðslu sína. Hinn 28. marz svarar gerðarþoli þessu bréfi aftur skriflega og mótmælir þar, að gerðarbeiðandi hafi sagt upp söluumboðinu fyrr en með bréfinu 13. marz.

Gerðarbeiðandi telur sig seinast hafa fengið vörur frá gerðarþola 10. febrúar s. l. og þá fyrir kr. 906.00, og kveðst hann upp frá því ekki hafa haft önnur viðskipti við gerðarþola en þau að lána honum 2000.00 kr., að því er virðist til óákveðins tíma, 2. marz s. l. Á kvittun fyrir peningum þessum eru þeir taldir lán, en gerðarþoli telur þá raunverulega hafa verið fyrirframgreiðslu á vörum, sem þegar hafi verið búið að panta hjá sér og hafi ekki átt að endurgreiðast fyrr en búið var að selja þær vörur.

Þá telur gerðarþoli, að gerðarbeiðandi, eða öllu heldur sölumaður hans fyrir hans hönd, hafi veitt móttöku vörum hjá sér í marzmánuði s. l. fyrir kr. 540.00. Gerðarbeiðandi hefur synjað fyrir að hafa fengið vörur þessar, og þáverandi sölumaður hans hefur unnið eið að því hér fyrir réttinum, að hann hafi ekki veitt þeim móttöku. Telja þeir, að hér sé um að ræða tvöfalda færslu á vörum, sem teknar hafi verið út 10. febrúar. Ekki var kvittað fyrir móttöku á vörum þessum, eins og þó virðist hafa verið venja í viðskiptum aðiljanna, en gerðarþoli gefur þá skýringu á þessu, að hann hafi verið fjarverandi, er vörurnar voru teknar, og hafi því ekki verið skrifuð nóta yfir þær fyrr en síðar, en starfsstúlka á verkstæði sínu hafi aðeins skrifað úttekt þessa í minnisbók til að byrja með. Var bók þessi sýnd í réttinum, og var aðeins fært í hana vörumagnið 128 vesti, án nokkurrar frekari skýringar og án dagsetningar. Gerðarþoli hefur ekki heldur getað gefið nánari upplýsingar um dagsetningu á vöruúttekt þessari en að hún hafi farið fram í marzmánuði, og þrjár starfstúlkur, sem unnu á verkstæði hans, hafa borið, að þær hafi verið viðstaddar, er sölumaður gerðarbeiðanda veitti áðurgreindu vörumagni móttöku, en gátu enga dagsetningu tilgreint.

Báðir málsaðiljar hafa lagt fram í réttinum reikningsyfirlit sín frá því viðskipti þeirra hófust. Eru þau all-ósamhljóða að upphæð, sem m. a. virðist stafa af mismunandi færslukerfum í bókhaldinu. Bæði bera þau þó með sér, að allt frá 2. marz s. l. á gerðarbeiðandi til skuldar að telja hjá gerðarþola, og það þótt honum séu reiknaðar til tekna vörur þær, er hann telur gerðarbeiðanda hafa fengið í marz s. l. og áður getur, og ekki sé reiknuð með til útgjalda húsaleiga sú, sem mál þetta er risið út af.

Seinasta kvittun fyrir húsaleigu er dags. 16. febr. s. l., og er þá greitt fyrir janúarmánuð. Upp frá því hefur gerðarþoli ekki, svo sannanlegt sé, boðið fram húsaleigu fyrr en 8. maí s. l., að hann sendi kr. 400.00 í peningabréfi til gerðarbeiðanda, en bréfi þessu var neitað viðtöku.

Gerðarbeiðandi byggir kröfur sínar á vanskilum gerðarþola. Telur hann húsaleigugreiðslur óháðar öðrum viðskiptasamningum aðiljanna og að húsaleiga hafi átt að greiðast fyrirfram mánaðarlega í peningum, en hiti og ræsting mánaðarlega eftir á. Hafi því húsaleiga fyrir mánuðina febrúar til maí s. l. og hita- og ræstingarkostnaður fyrir mánuðina janúar til apríl verið í vanskilum, er beðið var um gerð þessa.

Gerðarþoli byggir mótmæli sín gegn framgangi gerðarinnar á því, að ekki sé um vanskil hjá sér að ræða, þegar af þeirri ástæðu, að húsaleiga hafi ekki átt að greiðast mánaðarlega fyrirfram, heldur átt að gerast upp eftir atvikum um leið og önnur viðskipti aðiljanna, enda hafi leigan átt að greiðast í vörum, en ekki peningum. Samkvæmt þessu telur gerðarþoli sig ekki hafa verið í vanskilum með leigu, er beðið var um gerð þessa. Telur hann, að 16. febr. s. l., er seinast var kvittað fyrir húsaleigu, hafa verið uppgerð að fullu og reikningar jafnir. Síðan hafi komið til reiknings vöruúttekt gerðarbeiðanda frá 10. febr. fyrir kr. 906.00 og vörur þær, er hann telur hafa verið teknar út í marz fyrir kr. 540.00. Peninga þá, sem hann fékk hjá gerðarbeiðanda 2. marz s. l., telur hann vera fyrirframgreiðslu á vörum og eiga eigi að endurgreiðast fyrr en síðar. Telur gerðarþoli sér því hafa verið heimilt að skuldajafna endurgreiðslunni fyrir vörur þær, sem getur hér á undan, við húsaleiguna, og þótt jafnvel ekki væri tekin til greina nema sú upphæðin af þessum tveimur, sem viðurkennd er af gerðarbeiðanda, þá nægi hún til að vega upp á móti leigugreiðslunum ásamt endurgjaldi fyrir hita og ræstingu fyrir þann tíma, sem gerðarbeiðandi telur ógreitt fyrir.

Húsaleiga og endurgjald fyrir ljós og hita hefur jafnan verið gert upp milli aðiljanna mánaðarlega, og gerðarbeiðandi hefur gefið sérstakar kvittanir fyrir þessum greiðslum, en ekki látið nægja að færa þær í vöruskiptareikning gerðarþola eingöngu. Þegar litið er til þessa, verður að telja, að gerðarþola hafi ekki tekizt að sanna, að svo óvenjulega hafi verið um samið, að húsaleiga ætti að greiðast í vörum og á óákveðnum tíma, enda ósennilegt, að slíkur samningur hefði verið látinn standa óbreyttur, eftir að einkaumboðssamningi aðiljanna lauk, sem var eigi síðar en 13. marz s. l. Verður því að telja, að hér gildi sú almenna venja í leigumálum um húsnæði, að leiga hafi átt að greiðast mánaðarlega í peningum. Er þá næst að athuga, hvort viðskiptum aðiljanna hafi verið svo háttað, að gerðarþola sá heimill skuldajöfn-

uður á húsaleigunni og kröfum á hendur gerðarbeiðanda. Þótt gerðarþola hefði verið heimilt að skuldajafna vöruúttekt gerðarbeiðanda við hina vangoldnu húsaleigu, var honum skylt, ef hann vildi notfæra sér þá heimild, að gera gerðarbeiðanda aðvart um það á réttum gjalddögum leigunnar, en ekki verður séð, að hann hafi gert það, heldur býður hann fram leigu í peningum 8. mai s. l., en henni var neitað móttöku vegna orðins greiðsludráttar. Verður samkvæmt þessu að telja, að skuldajafnaðarkrafa gerðarþola sé of seint fram komin, og verður hún þegar af þeirri ástæðu ekki tekin til greina hér.

Þar sem fallast verður á, að vanskil þau, sem gerðarþoli var í, er hann bauð fram leiguna 8. marz s. l., séu svo veruleg, að útburði varði, hvort sem svo verður litið á, að leiga hafi átt að greiðast fyrir fram eða eftir á, verður að leyfa framgang hinnar umbeðnu gerðar á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dráttur sá, sem orðið hefur á uppkvaðningu úrskurðar þessa, stafar af embættisönnum, m. a. vegna sumarleyfa.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna útburðargerð skal fram fara á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 9. maí 1945.

Nr. 35/1944. **Grímur h/f** (Einar B. Guðmundsson)
gegn
Ólafi Sigurðssyni (Ragnar Ólafsson).

Setudómari prof. Ísleifur Árnason í stað hrd. Þórðar Eyjólfssonar.

Ómerking og heimvísun vegna gallaðrar meðferðar máls í héraði.

Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaði dómur er kveðinn upp af Jóni sýslumanni Steingrímssyni.

Mál þetta var upphaflega flutt í héraði án þess að gætt væri nægilega reglna IX. kafla laga nr. 85/1936. Varð þetta til þess, að aðiljar æsktu þess í bréfi til dómara 25. janúar

1944, að málið yrði hafið, en ekki sést, hvort eða hvenær dómari hefur orðið við þeim tilmælum. Næst gerist það í málinu, að aðiljar mæltust til þess á dómþingi 7. febrúar 1944, að málið yrði skriflega flutt. Samþykkti dómari það. Að því búnu lögðu aðiljar fram sáttakæru, dags. 11. marz 1943, og stefnu, dags. 7. febrúar 1944, svo og hvor sína greinargerð, er þeir höfðu áður lagt fram í málinu, og önnur skjöl, er áður höfðu verið lögð fram. Var málið síðan lagt í dóm og dómtekið. Þessi meðferð er andstæð 106. gr., 108. gr., 109. gr. og 110. gr. laga nr. 85/1936. Aðiljar eru ólögfróðir menn, og hefur dómari því vanrækt leiðbeiningarskyldu þá, sem á hann er lögð með 114. gr. sömu laga.

Samningu hins áfrýjaða dóms er áfátt í ýmsum greinum. Dómari hefur látið undir höfuð leggjast að greina í upphafi dómsins nöfn aðilja og heimilisfang.

Í kröfugerð krafðist stefnandi í héraði þess m. a., að stefndi í héraði yrði dæmdur til að afhenda sér endurgjaldslaust 2 hlutabréf í h/f Grími, hvort að nafnverði eitt þúsund krónur, með arðmiðum frá stofnun félagsins, en til vara jafngildi þeirra í peningum samkvæmt mati óvilhallra manna. Bar dómara að leggja fyrst dóm á aðalkröfuna, og ef hún var ekki tekin til greina, þá að taka afstöðu til varakröfunnar. Í þess stað hefur dómari látið sér nægja í forsendum dómsins að lýsa því, að hann tæki dómkröfu stefnanda til greina, en í niðurlagsorðum dómsins er m. a. svo kveðið á, að stefndur í héraði skuli afhenda stefnandanum endurgjaldslaust þar greind *hlutabréf eða jafngildi þeirra í peningum*. Framangreind meðferð er brýnt brot á 1. og 4. mgr. 193. gr. laga nr. 85/1936. Loks hefur dómari í dómsorðinu vísað dómsatriði til matsgerðar, er síðar skyldi fram fara. Þessi háttur er andstæður 2. mgr. 137. gr. laga nr. 85/1936. Vegna framangreindra megingalla verður að ómerkja meðferð máls þessa frá þingfestingu þess og vísa því heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Meðferð máls þessa í héraði frá þingfestingu og héraðsdómur skulu ómerk vera, og vísast málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsuppsögu af nýju.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Dómur aukaréttar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 18. marz 1944.

Mál þetta er höfðað með stefnu útg. 7. f. m. og þingfest og dómtekið sama dag.

Stefnandinn krefst þess, að stefndur verði dæmdur til að greiða sér kr. 5430.00 með 5% ársvöxtum frá $^{1}/_{11}$ 1942 að telja til greiðsludags svo og til að afhenda sér endurgjaldslaust 2 1000 kr. hlutabréf í h/f Grímur með arðmiðum frá stofnun félagsins eða til vara jafngildi þeirra í peningum samkvæmt mati óvilhallra manna. Enn fremur krefst hann málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt reikningi eða eftir mati réttarins.

Stefndur krefst þess, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og honum tildæmdur málskostnaður eftir mati réttarins.

Stefnandi byggir dómkröfu sína á því, að í marzmánuði 1941 hafi hann sótt um inngöngu í félagið Samvinnuútgerðin Grímur í Borgarnesi, er hann telur hafa verið samvinnufélag. Var inntökubeiðni hans að tilhlutun stjórnar félagsins borin upp á aðalfundi 26. marz og þar fellt að taka hann í félagið. Voru um þetta leyti uppi miklar deilur í félaginu um greiðslur til félagsmanna úr sjóði félagsins, og samþykkti framhaldsaðalfundur, er haldinn var 16. apríl s. á., að víkja 3 aðalstjórnarnefndarmönnunum og einum varastjórnarnefndarmanni úr stjórninni, en áður en þessir stjórnarnefndarmenn skiluðu af sér í hendur félagsfundar, samþykktu þeir á fundi 19. apríl að taka stefnanda inn í félagið, þrátt fyrir ályktun félagsfundarins 26. marz. En stjórn sú, er þá tók við völdum í félaginu, hefur ætíð síðan neitað að viðurkenna hann sem löglegan félagsmann, og hefur hann því eigi fengið að njóta félagsréttinda. Stefnandi virðist hafa sent áskilin félagsgjöld við inngöngu með inntökubeiðni sinni, en þau voru endurgreidd honum eftir fundinn 26. marz, en er fráfarandi félagsstjórn samþykkti að taka hann í félagið, virðist hann eigi hafa greitt nein félagsgjöld.

Telur stefnandi, að óheimilt hafi verið að neita sér um inngöngu í samvinnufélagið Samvinnuútgerðin Grímur í Borgarnesi, þar sem hann hafi uppfyllt öll þau skilyrði, sem í 3. gr. félagslaganna eru sett fyrir inngöngu í félagið. Og af því telur hann hljóta að leiða, að greiða eigi honum þær bætur, er geri hann jafnvel

settan fjárhagslega og þá menn, er á fundinum 26. marz voru samhliða því, að honum var synjað um inngöngu í félagið, teknir inn í það, en þá kveður hann hafa fengið, er samvinnufélaginu Grímur var slitið og breytt í hlutafélag, greiddar í peningum kr. 5430.00 og auk þess 2 1000 kr. hlutabréf í h/f Grímur. Loks telur hann, að h/f Grímur eigi að greiða honum skaðabætur þessar, þar sem í stofnsamningi félags þessa segir, að það taki við eignum og skuldum Samvinnuútgerðarinnar Grímur í Borgarnesi.

Stefndur byggir sýknukröfu sína á því, að stefnandi hafi aldrei orðið löglegur félagsmaður í félaginu Samvinnuútgerðin Grímur, því samþykkt fráfarandi félagsstjórnar um að taka hann í félagið 19. apríl 1941 hafi verið markleysa ein, því sú stjórn hafi verið svipt öllu umboði til að stjórna málefnum félagsins á fundi 16. s. m.

Þá telur hann, að Samvinnuútgerðin Grímur hafi eigi verið samvinnufélag, og bendir á í því sambandi dóm hæstaréttar genginn 20. maí 1942 í málinu: Réttvísin og valdstjórnin gegn Friðrik Þórðarsyni o. fl.

Loks telur hann, að stefnandi hafi eigi getað byggt neinar kröfur um að vera tekinn inn í félagið Samvinnuútgerðin Grímur á ákvæðum 3. gr. félagslaganna.

Að réttarins áliti kemur hér fyrst og fremst til álita, hvort Samvinnuútgerðin Grímur í Borgarnesi hefur verið samvinnufélag eða eigi, og ef svo verður litið á, að félagið hafi verið samvinnufélag, þá hvort af því leiði, að þeir, er inngöngu beiddust í félagið og tvímælalaust uppfylltu inngönguskilyrði þau, er sett voru í félagslögunum, hafi átt ótvíræðan rétt á að gerast félagsmenn.

Er athuguð eru lög félagsins, kemur glögglega í ljós, að tilgangur stofnenda þess hefur verið að stofna samvinnufélag. Auk þess sem heiti félagsins ber það með sér, eru ákvæði 3. gr. um inngöngu í félagið, 10. gr. um félagsgjöld, 12. og 13. gr. um skiptingu á hagnaði og 14. gr. um sjóðseignir með þeim hætti, að eigi dylst, að ætlunin er að stofna samvinnufélag. Þá eru í 19.—21. gr. ákvæði, þar sem beint er sagt, að um ábyrgð félagsmanna, er gangi úr félaginu, um félagsslit og um ráðstöfun sjóðeigna fari eftir samvinnulögum. Engin ákvæði eru í félagslögunum, er eigi virðast samræmanleg samvinnulögunum. Þá hefur félagið verið athugasemdalaust skráð í samvinnufélagaskrá Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.

Í hæstaréttardómi gengnum 2/5 1942 í opinberu máli gegn stjórn félagsins er kveðið svo að orði, „að félagið virðist hafa verið rekið allmörg undanfarin ár, þar á meðal allt árið 1940, utan verksviðs þess, er samvinnufélögum er sett í 2. gr. laga um samvinnufélög nr. 46 1937, án þess þó, að félaginu hafi verið komið í annað lögmætt horf, sbr. 39. gr. nefndra laga.“ Og hefur hæstiréttur með tilvísun til þess eigi talið refsiverða arðgreiðslu

úr sjóði félagsins, er alls eigi er samræmanleg ákvæðum samvinnulaga. En af þessu verður á engan hátt ráðið, að hæstiréttur slái því föstu, að félagið sé eigi samvinnufélag, enda segir hann, að stjórn félagsins hafi borið, er henni var ljóst, að félagið var rekið utan verksviðs þess, sem samvinnufélögum er sett, að gera gangskör að félagsslitum.

Verður samkvæmt framansögðu að líta svo á, að félagið Samvinnuútgerðin Grímur í Borgarnesi hafi verið samvinnufélag, er stefnandi sótti um inntöku í það í marzmánuði 1941.

Í 3. gr. samvinnulaganna nr. 46 frá 1936 er gerð grein fyrir því, hver eru aðaleinkenni á skipulagi samvinnufélaga, og er þar í fyrsta tölulið tilgreint, að aðgangur sé frjáls fyrir alla, er fullnægja ákveðnum skilyrðum. Mun þetta og almennt viðurkennt, enda í alla staði eðlilegt, að félög þessi séu opin til inngöngu fyrir alla, er á félagssvæðinu búa og eigi stunda sams konar atvinnurekstur og félagið rekur, þar sem þeim í samvinnulögunum og öðrum lögum eru veittar mikils verðar ívilnanir um skattagreiðslur til ríkis og sveitarfélaga, fram yfir önnur félög. Þá sýnir ákvæði 9. töluliðs 3. gr. samvinnulaganna um ráðstöfun sjóðeigna samvinnufélaga við félagsslit, að löggjafinn hefur eigi skoðað félagseignina sem einkaeign þeirra, er á þeim tíma eru félagsmenn, því samkvæmt því ákvæði eiga sjóðeignir þessar að hverfa undir umsjón hlutaðeigandi héraðsstjórnar og af henni að afhendast nýju samvinnufélagi, er kann að verða myndað á sama félagssvæði, og geta að sjálfsögðu staðið að myndun þess félags menn, er eigi voru í hinu eldra félagi.

Í 3. gr. félagslaga fyrir Samvinnuútgerðina Grímur í Borgarnesi eru tilgreind skilyrði fyrir inngöngu í það félag. Verður eigi annað séð en stefnandinn hafi uppfyllt eða verið reiðubúinn til að uppfylla öll þau skilyrði. Hins vegar hefur stjórn félagsins haft þá óvenjulegu aðferð við afgreiðslu umsókna þeirra, er henni bárust í marzmánuði 1941, að taka eigi afstöðu til þeirra heldur að leggja þær fyrir félagsfund til samþykktar eða synjunar, og varð það til þess, að sumir af umsækjendum fengu inngöngu í félagið, en öðrum, og þar á meðal stefnanda, var vísað frá, án þess að færð væru fram nokkur rök fyrir því, að þeir eigi uppfylltu inntökuskilyrðin.

Verður rétturinn samkvæmt framansögðu að líta svo á, að stefnandi máls þessa hafi átt rétt á að fá inngöngu í samvinnufélagið Samvinnuútgerðin Grímur í Borgarnesi, er hann sótti um inngöngu í það í marzmánuði 1941. Þann skaða, er hann varð fyrir við það, að félagsfundur neitaði að taka hann inn í félagið, verður félagið að bæta honum, og þar sem h/f Grímur tók við stofnun þess félags við öllum eignum og skuldum Samvinnuútgerðarinnar Grímur, yfirfærist sú bótaskylda á það félag.

Stefndur hefur eigi véfengt, að bótakrafa stefnanda sé rétt talin. Ber því að taka dómkröfu stefnanda til greina. Eftir atvikum virðist rétt að dæma stefnda til að greiða stefnandanum 300 kr. í málskostnað.

Þess skal getið, að síðan mál þetta var tekið til dóms, hefur dómarinn farið tvær vikuferðir til Reykjavíkur í erindum héraðsins, og hefur því dómur eigi verið fyrr uppkveðinn.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur í máli þessu, h/f Grímur í Borgarnesi, greiði stefnandanum, Ólafi Sigurðssyni verkamanni í Borgarnesi, 5430.00 — fimm þúsund fjögur hundruð og þrjátíu — krónur með 5% ársvöxtum frá $^{8}/_{11}$ 1942 að telja til greiðsludags. Þá afhendi stefndur stefnandanum endurgjaldslaust 2 — tvö — hlutabréf í h/f Grímur, hvort að nafnverði 1000 — eitt þúsund — krónur með arðmiðum frá stofnun félagsins, eða jafngildi þeirra í peningum samkvæmt mati óvilhallra manna. Loks greiði stefndur stefnandanum 300 — þrjú hundruð — krónur í málskostnað.

Dóminum á að fullnægja innan 14 daga frá löglegri birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 9. maí 1945.

Nr. 20/1945. **Réttvísin** (Magnús Thorlacius)
gegn
Björgólfi Sigurðssyni. (Garðar Þorsteinsson).

Setudómari hrl. Sveinbjörn Jónsson í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Brenna.

Dómur hæstaréttar.

Það athugast, að samkvæmt skýrslu lögreglumanna virðist aðeins annar skúr ákærða, þ. e. íbúðarskúrinn, hafa brunnið.

Ákærði virðist hafa verið haldinn þunglyndi og með sjúklegum áhrifum áfengis, er hann framdi brot sitt. Ekki verður fullyrt, að honum hafi fyrir fram verið það ljóst, að áfengisneyzla hans mundi trufla svo geðsmuni hans sem hér varð raun á, og þykir því rétt að ákveða refsinguna með hliðsjón af 75. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þegar þessa er gætt og hins vegar litið til undanfarandi hegðunar ákærða, telst refsing hans hæfilega ákveðin 4 mánaða fangelsi. Að öðru leyti á hinn áfrýjaði dómur að vera óraskaður.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 400.00 til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Björgólfur Sigurðsson, sæti fangelsi 4 mánuði. Að öðru leyti á hinn áfrýjaði dómur að vera óraskaður.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Magnúsar Thorlacius og Garðars Þorsteinssonar, kr. 400.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 19. desember 1944.

Ár 1944, þriðjudaginn 19. desember, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Jónatan Hallvarðssyni sakadómara, uppkveðinn dómur í málinu nr. 2630/1944: Réttvísin gegn Björgólfi Sigurðssyni, sem tekið var til dóms hinn 12. sama mánaðar.

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn Björgólfi Sigurðssyni vélstjóra, til heimilis í Selsvör hér í bænum, fyrir brot gegn XVIII. og XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940.

Ákærður er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 5. apríl 1907, og hefur sætt þessum kærum og refsingum:

Í Reykjavík:

1939 $^{27}/_{12}$ Kærður fyrir ölvun í heimahúsum. Fellt niður.

1940 $^{2}/_{3}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1941 $^{2}/_{4}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun og 15 kr. skaðabætur fyrir skemmdir í varðhaldsklefa.

1943 $^{8}/_{9}$ Sátt, 300 kr. sekt fyrir viðskipti við setuliðsmenn.

1943 $^{22}/_{10}$ Dómur aukaréttar, 30 daga fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi fyrir brot gegn 247. gr., 1. mgr., sbr. 22. gr. hegningarlaganna og 1. gr. laga nr. 13 1941.

1944 $^{2}/_{6}$ Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
1944 $^{25}/_{9}$ Sátt, 50 kr. sekt og 40 kr. skaðabætur fyrir ölvun og rúðubrot.

Í Þingeyjarsýslu:

1935 $^{1}/_{9}$ Dómur, 500 kr. sekt og 8 daga skilorðsbundið fangelsi fyrir brot gegn 6. gr. laga nr. 33 1935.

Á síðastliðnu vori byggði ákærður sér tvo áfasta timburskúra við Selsvör. Báðir voru þeir klæddir innan með trétexi. Sá skúrinn, sem ákærður notaði til íbúðar, var pappaklæddur, en hinn, sem notaður var sem smíðavinnustofa, var óklæddur. Laugardaginn 28. október s. l. átti ákærður enn báða skúrana, og var dót hans í íbúðarskúrnum, en ýmiss konar húsgagnaefni í báðum skúrunum. Meðan verið var að reisa íbúðarskúrinn, eða nánar tiltekið á tímabilinu 21. ágúst til 21. október 1944, var hann vátryggður í Almennum tryggingum h/f fyrir kr. 15000.00. Eftir þetta tímabil var skúrinn óvátryggður, og hinn 28. október s. l. voru báðir skúrarnir og allar eigur ákærðs, sem í þeim voru, óvátryggðar, og var ákærðum það ljóst. Skúrarnir höfðu aldrei verið metnir til verðs, og er því óvíst, hvers virði þeir voru, og enn fremur óvíst, hvers virði lausafé ákærðs í þeim var. Ákærður hefur gizkað á, að skúrarnir með öllu, sem í þeim var, hafi þenna dag verið um 70 þúsund króna virði, en óvíst er, hvort sú ágizkun er á rökum reist. Í skúrunum var hvorki raflögn né vatnsleiðsla.

Eins og uppdrátturinn, lögregluréttarskjal nr. 4, sýnir, voru skúrar þessir frammi á sjávarbakka, vestastir í timburskúraklasa. Sambyggður þeim var einn skúr, en milli hans og næsta skúrs fyrir austan var örmjótt sund með timburbraki og járnrusli. Austan þessa sunds voru fjórir skúrar sambyggðir. Sá austasti var íbúðarskúr, en hinir bílskúrar. Frá suðausturhorni austasta skúrsins var mjög skammt að bátaklasa, sem náði svo að segja fast að öðrum timburskúraklasa, og var einn þeirra skúra notaður til íbúðar. Laugardaginn 28. október s. l. vann ákærður að legubekkjasmíði heima hjá sér með Hermanni Gunnarssyni, Hringbraut 209, 17 ára pilti. Þegar leið á daginn, fór Hermann heim til sín, en ákærður tók að neyta áfengis. Klukkan að ganga sex um daginn kom ákærður heim til Hermanns og dvaldist þar til klukkan rúmlega sex. Þá var ákærður orðinn mjög ölvaður, sagðist vera orðinn leiður á lífinu og talaði um að fyrirfara sér. Þegar ákærður fór heiman að frá Hermanni, gekk Hermann með honum beint heim til ákærðs og inn í íveruskúrinn. Þar tók ákærður 4 lítra olíubrúsa og skvetti úr honum olíu um herbergið, meðal annars í rúmföt sín. Kveikti hann síðan með eldspýtu í teppinu í rúminu og sagðist ætla að brenna sig inni. Hermann ætlaði strax að slökkva eldinn, er ákærður hafði kveikt, en ákærður aftraði honum þess. Lokaði þá Hermann skúrnum og sagði ákærðum,

að bezt væri að lofa honum að brenna inni, en þá varð ákærður hræddur og hljóp út. Hermann greip þá rúmföt ákærðs, sem voru töluvert brunnin, og fór með þau út og slökkti í þeim. Nokkur eldur var og kominn í þilið fyrir ofan rúmið og svartan frakka, sem þar hékk, en Hermann slökkti einnig í þessu hvorutveggja. Enga aðstoð veitti ákærður Hermanni við að slökkva. Ekkert vatn var í skúrnum, og kæfði Hermann eldinn inni með því að traðka á honum og með teppi. Hermann taldi sig slökkva þarna allan eld, en aðgætti þó ekki áður en hann yfirgaf skúrinn, hvort nokkurs staðar leyndist neisti í honum. Að þessu afstöðnu fóru Hermann og ákærður frá skúrnum, og virtist Hermanni nokkuð renna af ákærðum við hræðsluna, er greip hann, þegar Hermann hótaði honum að loka hann inni, eftir að ákærður hafði kveikt í. Þeir urðu samferða upp á Framnesveg, en skildu þar, og fór Hermann heim til sín, en ákærður niður í bæinn.

Frá þessu og fram að bruna skúranna er ákærður að heita má einn til frásagnar um feril sinn, og þar sem ákærður var á þessum tíma mjög ölvaður, ber að taka skýrslu hans um það, sem á þessum tíma gerðist með varúð. Atburðalýsing sú, er rakin hefur verið, er aðallega samkvæmt skýrslu Hermanns, er ákærður kveðst muna, að sé rétt.

Ákærður kveðst eftir að hann skildi við Hermann, hafa farið niður í bæ til að fá sér kaffi eða aðra hressingu, en sér hafi verið neitað um afgreiðslu á veitingastofu, er hann fór inn í. Síðan urðu á vegi hans nokkrir piltar, og í viðskiptum við þá fékk hann högg á hægra gagnaugað. Síðan fór hann heim til Hermanns, en dvaldist þar mjög skamma stund. Er þetta staðfest af Hermanni, sem segir ákærðan í þetta sinn hafa haft orð á, að nú mundi allt vera brunnið heima hjá sér. Eftir þetta minnir ákærðan, að hann gengi heim í skúr sinn og inn í hann. Var skúrinn þá fullur af reyk, en er ákærður opnaði skúrinn, svifaði reyknum frá, en eldur, sem þá var í legubekk ákærðs og í vegg við olíuvél, sem hann segir þá hafa lifað á, æstist svo mjög, að ákærðum var ekki vært inni. Þreif hann þá nokkuð af fötum sínum og fór út með þau og setti þau undir bát, þar sem þau síðan fundust. Er það álit ákærðs, að eldur eftir íkveikju sína hafi leynzt í legubekknum, þó að Hermann teldi sig hafa slökkt í honum, og hafi sá eldur síðan magnazt. Þegar ákærður hafði komið fötunum fyrir, ætlaði hann að brunaboða og kalla slökkviliðið, en hann fann ekki brunaboða, og meðan hann leitaði hans, kom slökkviliðið, og slökkti það eldinu, eftir að skúrar ákærðs voru að mestu brunnir og það sem í þeim var. Skýrsla ákærðs um feril sinn, eftir að hann skildi við Hermann á Framnesvegi, er að vísu óábyggileg, þar sem hann var mjög ölvaður og einn síns liðs, en ekki virðist hún ósennileg. Undir rannsókn málsins var dr. med. Helga Tómassyni yfirlækni

falið að rannsaka geðheilbrigði ákærðs. Álit yfirlæknisins á ákærðum er þetta: „Maðurinn er alkoholisti, sem a. m. k. í þetta skiptið reageraði áberandi sjúklega í fylliríi. Fyrir manninn er ekkert læknislega að gera, nema banna honum algerlega að bragða nokkurn drykk, sem áfengi er í, því hann gæti, hve nær sem væri, fundið upp á að reagera á svipaðan hátt, en með enn alvarlegri afleiðingum fyrir sjálfan hann og aðra."

Þar sem skúrar ákærðs og lausafé hans í þeim var allt óvátryggt og enginn auðgunartilgangur lá því til grundvallar íkveikjunni, hefur ákærður ekki með henni gerzt brotlegur við XXVI. kafla hegningarlaganna, og ber því að sýkna hann af ákærunni að þessu leyti.

Víst má telja, að skúraklasi sá, er skúrar ákærðs voru í, hefði brunnið, ef slökkviliðsráðstafanir hefðu eigi verið gerðar, og jafnvel þó að austlægur vindur, fremur hægur, væri á, var hætta á, að hefði allur þessi skúraklasi brunnið, hefði eldur getað læstst í bátana og þaðan í hinn skúraklasann. Þar sem hætta var á þessum afleiðingum íkveikjunnar, ber að heimfæra verknað ákærðs undir 164. gr., 1. mgr., almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940. Með tilliti til allra aðstæðna, sérstaklega þess, að ákærður hefur beðið mjög tilfinnanlegt tjón af brunanum, þykir refsing hans hæfilega ákveðin lágmarksrefsing samkvæmt nefndri grein, fangelsi í 6 mánuði.

Ákærður sat í gæzluvarðhaldi vegna rannsóknar málsins dagana 29. október til 3. f. m., eða 5 daga alls. Samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga ber að ákveða, að gæzluvarðhald komi með fullri dagatölu til frádráttar refsingunni.

Þar sem ákærður var undir áfengisáhrifum, er hann framdi brotið, og með tilliti til framangreinds álits dr. med. Helga Tómassonar yfirlæknis þykir rétt samkvæmt 64. gr. almennra hegningarlaga að leggja fyrir ákærðan, að hann hvorki kaupi né neyti áfengis um 5 ára skeið frá því hann hefur lokið úttekt refsingarinnar. Samkvæmt 68. gr., 3. mgr., almennra hegningarlaga ber að svipta ákærðan frá birtingu dóms þessa kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærðan ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Garðars Þorsteinssonar, kr. 250.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærður, Björgólfur Sigurðsson, sæti fangelsi í 6 mánuði.

Gæzluvarðhald hans komi með fullri dagatölu til frádráttar refsingunni.

Ákærðum skal óheimilt að kaupa eða neyta áfengis í 5 ár frá því úttekt refsingarinnar er lokið.

Ákærður skal sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærður greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Garðars Þorsteinssonar, kr. 250.00.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 11. maí 1945.

Nr. 85/1944. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**
(Lárus Jóhannesson)
gegn
Firmanu Ó. Jóhannesson
(Sveinbjörn Jónsson).

Setudómarar próf. Ísleifur Árnason, borgarfógeti Kristján Kristjánsson og hrl. Einar B. Guðmundsson í stað hrd. Árna Tryggvasonar, hrd. Jóns Ásbjörnssonar og hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Ákvörðun skatta til ríkissjóðs.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 26. júní 1944, krefst þess aðallega, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 157789.10 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. maí 1942 til greiðsludags, en til vara kr. 62288.65 ásamt 6% ársvöxtum af kr. 55423.55 frá 1. janúar 1937 til 1. maí 1942 og af kr. 62288.65 frá þeim degi til greiðsludags. Svo krefst áfrýjandi og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar, en til vara, að sér verði dæmt að greiða áfrýjanda kr. 49998.30 og til þrautavara kr. 96418.60. Hann mótmælir, að sér verði dæmt að greiða vexti frá fyrri tíma en stefnudegi 26. maí 1943. Loks

krefst hann málskostnaðar fyrir hæstarétti úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Samkvæmt j-lið 4. gr. laga nr. 9/1941 á útgerðarfyrirtæki rétt á því, að dregið sé frá tekjum þess 1940, áður en skattur er á þær lagður, tap, sem orðið hefur á rekstri útgerðar þess frá 1. jan. 1931 til 31. des. 1939. Eftir orðum sínum tekur ákvæði þetta ekki beint yfir önnur fyrirtæki en þau, er einungis reka útgerð. Um fyrirtæki slík sem það, er í máli þessu greinir, verður að beita ákvæðinu þannig, að sá hluti útgerðartapsins, sem féllst árin 1931—1939 í faðma við hagnað af öðrum atvinnugreinum aðilja en útgerð og olli með þeim hætti því, að skattur var ekki greiddur af þeim hagnaði greind ár, verður ekki aftur dreginn frá tekjum aðilja á árinu 1940, áður en skattur er á þær lagður. Stefndi rak árin 1931—1939 verzlun og fleiri atvinnugreinar ásamt útgerðinni. Á þessum árum varð tap á útgerðinni kr. 341605.51. Stefndi taldi fram í einu lagi þessi ár tekjur og tap af öllum atvinnugreinum sínum. Kr. 184382.08 af útgerðartapinu komu á móti hagnaði af öðrum rekstri hans, og varð útkoman sú, að stefndi greiddi engan skatt nefnd ár nema 1931. Verða því samkvæmt greindri lagaskýringu og fjártölum máls þessa einungis kr. 157223.43 dregnar frá tekjum stefnda árið 1940, áður en skattur er á þær lagður. Þrautavarakrafa stefnda, sem á því er reist, að honum verði heimilað að leggja meira fé af tekjum sínum 1940 en gert var í Nýbyggingarsjóð, verður ekki tekin til greina, þar sem stefndi gerði ekki í tæka tíð þær ráðstafanir, sem til þess þurfti. Þetta leiðir til þess, að ógreiddar eftirstöðvar skatta stefnda nema kr. 152764.10, er honum ber að greiða ásamt 6% ársvöxtum frá 26. maí 1943.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, firmað Ó. Jóhannesson, greiði áfrýjanda, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, kr. 152764.10 ásamt 6% ársvöxtum frá 26. maí 1943 til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 21. apríl 1944.

Mál þetta hefur verið flutt skriflega og var dómtekið 27. jan. s. l. Er það höfðað hér fyrir dómi með samkomulagi um varnarþing af fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs gegn firmanu Ó. Jóhannesson, Patreksfirði, og er stefna útgefin 27. jan. s. l. Dómkröfur stefnanda eru þær *aðallega*, að stefnda verði dæmt til greiðslu á kr. 157789.10 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. maí 1942 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu, *til vara*, að stefnda verði dæmt til að greiða kr. 63263.65 með 6% ársvöxtum af kr. 56398.55 frá 1. jan. 1937 til 1. maí 1942 og af kr. 63263.65 frá 2. maí 1942 til greiðsludags, svo og málskostnað eftir mati dómarans.

Stefnda krefst þess *aðallega*, að það verði einungis dæmt til að greiða stefnanda kr. 6865.10, *til vara* kr. 50973.30 og *til þrautavara* kr. 97393.60. Einnig krefst stefnda málskostnaðar úr hendi stefnanda eftir mati dómarans.

Málavextir eru þessir:

Með bréfi dags. 5. marz 1942 gerði ríkisskattanefnd hinu stefnda firma aðvart um, að hún gæti ekki fallizt á réttmæti framtals firmans fyrir árið 1940 og það mætti því vænta hækkunar á sköttum til ríkissjóðs. Jafnframt sendi nefndin firmanu skýrslu Stefáns J. Björnssonar skrifstofustjóra (dags. 28. febrúar 1942), en honum hafði verið falið mál þetta til athugunar. Eftir að nefndinni höfðu borizt athugasemdir firmans við skýrsluna (dags. 14. marz 1942), kvað ríkisskattanefnd upp svofelldan úrskurð, er tilkynntur var stefnda í bréfi dags. 8. apríl 1942:

„Hreinar tekjur félagsins samkvæmt rekstrarreikningi 1940 nema kr. 674725.93. Frá tekjum þessum leyfist til frádráttar mismunur á tapi og gróða félagsins árin 1931 til 1939 incl. *kr. 150530.03*, sbr. 4. gr. j. laga nr. 9 5. maí 1941 um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt nr. 6 9. jan. 1935. Til viðbótar tapsfrádrætti þessum færist vantilfærð afskrift af b/v Verði 1938, kr. 16612.50, og vantilfærð afskrift af b/v Leikni 1936, kr. 5600.00. Til frádráttar á tapsfrádrætti kemur hins vegar útborguð aflatrygging b/v Leiknis 1936, kr. 14737.30. Þá hefur félagið lagt í nýbyggingarsjóð kr. 316268.12, og er 40% af því skattfrjálst, eða kr. 126507.25. Skattskyldar tekjur verða samkvæmt þessu kr. 390213.45. Samkvæmt efnahagsreikningi félagsins 1940 er skuldlaus eign kr. 714587.62, sem lækkar um vanreiknaða afskrift af b/v Verði kr. 5537.50. Skattskyld eign verður því kr. 709050.12.

Samkvæmt ofanrituðu verður tekjuskattur kr. 151060.00 í stað kr. 70880.00. Eignaskattur verður kr. 5321.00 í stað kr. 5370.50. Stríðsgróðaskattur verður kr. 92570.00 í stað kr. 22925.00."

Hinu stefnda firma var síðan sendur framhaldsgjaldseðill um hækkun á tekju- og eignarskatti 1941, kr. 88144.10, og hækkun á stríðsgróðaskatti 1941, kr. 69645.00, samtals *kr. 157789.10*, eins og stefnukrafan í máli þessu hljóðar um. Stefnda neitaði greiðslu á mestum hluta skattaaukningarinnar, og þann 11. júní 1942 var úrskurðað, að lögtak skyldi fram fara fyrir fjárhæðinni. Var lögtak þetta síðan framkvæmt í fógetarétti Barðastrandarsýslu þann 26. júní 1942, þrátt fyrir mótmæli stefnda. Stefnda áfrýjaði lögtaksgerð þessari til hæstaréttar með stefnu útgefinni 17. ágúst 1942. Málið var síðan flutt í hæstarétti þann 22. febrúar 1943, og lauk því með dómi réttarins, uppkveðnum 24. s. m. Var hinn áfrýjaði úrskurður ómerktur svo og meðferð málsins fyrir fógetarétti og eftirfarandi lögtaksgerð og málinu vísað heim til löglegrar meðferðar, en fógetinn var talinn hafa vanrækt leiðbeiningarskyldu sína, þar sem ólöglærður maður hafði sótt þing af hálfu stefnda.

Síðan hefur það orðið að samkomulagi með málsaðiljum, að mál út af skattgreiðslum þessum sé flutt hér fyrir dómi í stað þess að taka það upp í fógetarétti Barðastrandarsýslu, og eru dómkröfur þær, sem áður greinir.

Um hina tölulegu hlið málsins er enginn ágreiningur, og stefnda viðurkennir að eiga ógreiddar til stefnanda kr. 6865.10, sem er sú fjárhæð, er leiðir af því, að stefnda fellst á úrskurð ríkisskattanefndar að því er snertir vanfærða fyrningu og útborgun á aflatryggingu. Mismunur sá, sem um er deilt, nemur því kr. 150924.00, og fjallar ágreiningur aðilja um það, hvernig skilja beri 4. gr. j.-lið, (64. gr.) laga nr. 9 5. maí 1941 um breytingu á lögum nr. 6 9. jan. 1935, en upphaf lagaákvæðis þessa er svo hljóðandi:

„Útgerðarfyrirtækjum íslenzkra botnvörpuskipa, línubáta og vélbáta er heimilt að draga frá tekjum sínum árið 1940, áður en skattur er á þær lagður, tap, sem orðið hefur á rekstri útgerðarinnar á tímabilinu frá 1. jan. 1931 til 31. des. 1939 ..."

Heldur stefnandi því fram og byggir aðalkröfu sína á því, að skilja beri ákvæði þetta þannig, að frá útgerðartapinu beri að draga tekjur af öðrum skattskyldum rekstri sama fyrirtækis, þannig að taka verði tekjur og gjöld fyrirtækisins sem heild umrædd ár, þegar til frádráttar kemur. Á þessum skilningi byggir og ríkisskattanefnd úrskurð sinn. Telur stefnandi, að eigi sé heimilt að skýra nefnt lagaákvæði rýmra en brýna nauðsyn beri til, þar sem hér sé um hreint undantekningarákvæði frá skattskyldu að ræða, enda mundi og annar skilningur en sá, sem stefnandi heldur fram, leiða til meira óréttlætis gagnvart öllum skattþegnum en nauð-

syn beri til. Bendir stefnandi á, að stefnda hafi eigi greitt neinn tekjuskatt skattárin 1932—1939 (incl.), vegna þess að það hafi dregið hagnað sinn af annarri starfsemi en útgerðarstarfsemi frá útgerðartapi sínu umrædd ár, þrátt fyrir það, að tekjur stefnda af öðrum rekstri en útgerð hafi numið umrædd ár kr. 191075.48.

Aðalkröfu sína byggir stefnda hins vegar á því, að nefnd lagagrein veiti firmanu heimild til að draga allt útgerðartap sitt á tímabilinu frá 1. jan. 1931 til ársloka 1939 frá tekjum ársins 1940, án tillits til tekna firmans af öðrum þáttum rekstrarins á nefndu tímabili. Telur stefnda fyrst og fremst, að orðalag j.-liðs 4. gr. laganna nr. 9 1941 styðji ótvírætt þenna skilning, auk þess sem hann sé í samræmi við anda laganna og ástæðurnar fyrir þeim, þ. e. að létta undir með þessum tiltekna atvinnurekstri landsmanna.

Á þenna skilning stefnda þykir verða að fallast, bæði með tilliti til hins skýra orðalags lagagreinarinnar svo og þess, er ráða má um tilgang löggjafans að þessu leyti, þar sem ekki verður annað séð en að tilætlunin hafi verið sú að heimila óskoraðan frádrátt vegna taps á rekstri útgerðar á umræddu tímabili. *Aðalkrafa* stefnanda þykir því ekki á þeim rökum reist, að unnt sé að taka hana til greina.

Varakrafa stefnanda byggist á því, að stefnda eigi a. m. k. að greiða þá fjárhæð í skatt, sem það hefði orðið að greiða, ef það hefði eigi fengizt við annað en útgerð umrædd ár, en sú fjárhæð nemi kr. 56398.55, að viðbættum þeim kr. 6865.10, sem stefnda hefur viðurkennt að skulda að þessu leyti. — Gegn mótmælum stefnda verður þessi *varakrafa* þó eigi tekin til greina, þar sem ekki verður séð, að nú sé heimilt að krefja stefndan um nefnda fjárhæð (kr. 56398.55) í skatt fyrir umrædd ár.

Málalok verða því þau, að stefnda verður aðeins dæmt til að greiða stefnanda þá fjárhæð, kr. 6865.10, sem það hefur viðurkennt, ásamt 6% ársvöxtum, þar sem fjárhæð vaxtanna hefur eigi verið sérstaklega mótmælt, en hins vegar teljast vextirnir ekki gegn mótmælum stefnda frá fyrri tíma en stefnudegi í fyrra máli milli sömu aðilja um sama sakarefni (26. maí f. á.), en það mál var síðan hafið með samkomulagi aðilja og dómara, vegna óformlegrar meðferðar. — Eftir öllum atvikum þykir þó rétt, að málskostnaður falli niður.

Dráttur sá, sem orðið hefur á dómsuppkvaðningu, stafar af mjög miklum önnum við borgaradómaraembættið, sérstaklega vegna dómsuppsögu í fjölda munnlega fluttra mála.

Árni Tryggvason settur borgardómari kvað upp dóm þenna.

Því dæmist rétt vera:

Stefnda, firmað Ó. Jóhannesson, greiði stefnanda, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, kr. 6865.10, ásamt 6% ársvöxtum frá 26. maí 1943 til greiðsludags.

Málskostnaður falli niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 14. maí 1945.

Nr. 74/1944. **Þórður Halldórsson** (Einar B. Guðmundsson)
gegn
Landbúnaðarráðherra f. h. Jarðakaupasjóðs ríkisins
og
Hagbart Edwald (Gunnar Þorsteinsson).

Setudómarar próf. Ísleifur Árnason og borgarfógeti Kristján Kristjánsson í stað hrd. Árna Tryggvasonar og hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Um rétt til erfðaleiguábúðar á þjóðjörð.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu útgefinni 5. júní 1944. Krefst hann þess, að viðurkenndur verði með dómi réttur hans og niðja hans til erfðaleiguábúðar á jörðinni Rauðamýri í Nauteyrarhreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu samkvæmt lögum nr. 8/1936, sbr. nú l. nr. 116/1943, og að ógilt verði byggingarbréf það, er núverandi ábúandi nefndrar jarðar, Hagbart Edwald, hefur fengið fyrir jörðinni. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir báðum réttum.

Stefndi krefst staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Halldór Jónsson, faðir áfrýjanda, var ábúandi á Rauðamýri, er hann seldi Jarðakaupasjóði jörð þessa. Átti hann því rétt til að fá jörðina á erfðaleigu. Hann hafði þó ekki,

er hann andaðist, tekið jörðina á erfðaleigu vegna ágreinings um leiguskilmála. Stofnaðist erfðaleiguréttur á jörðinni því aldrei honum til handa, og getur slíkur réttur því eigi gengið í erfð til niðja hans.

Með þessum athugasemdum ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 17. apríl 1944.

Mál þetta, sem dómtekið var 12. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 8. desember s. l. af Þórði Halldórssyni, Laugalandi, Nauteyrarhreppi, Norður-Ísafjarðarsýslu, gegn landbúnaðarráðherra f. h. Jarðakaupasjóðs ríkisins. Hefur stefnandi gert þær dómkröfur: *að* viðurkenndur verði með dómi óskertur réttur hans og niðja hans til ábúðar á jörðinni Rauðamýri í Nauteyrarhreppi, Norður-Ísafjarðarsýslu, samkvæmt lögum um erfðaábúð og óðalsrétt nr. 8 frá 1936 og *að* ógilt verði með dómi byggingarbréf það, er núverandi ábúandi Rauðamýrar, Hagbart Edwald, hefur fengið fyrir jörðinni. Þá krefst stefnandi og málskostnaðar að skaðlausu.

Enn fremur hefur nefndum ábúanda á Rauðamýri, Hagbart Edwald, verið stefnt til réttargæzlu í málinu.

Stefndur hefur krafizt sýknu og málskostnaðar sér til handa að mati dómarans.

Málavextir eru þeir, að á árinu 1938 seldi faðir stefnanda, Halldór Jónsson bóndi á Rauðamýri, Jarðakaupasjóði ríkisins eignar- og ábýlisjörð sína Rauðamýri. Halldór bjó síðan áfram á jörðinni, og virðist hann hafa gert ráð fyrir, að hann fengi jörðina til erfðaábúðar. Snemma á árinu 1939 sendi sýslumaðurinn í Norður-Ísafjarðarsýslu Halldóri byggingarbréf fyrir jörðinni til undirritunar, en með bréfi þessu skyldi Halldóri byggð jörðin til ábúðar og erfðaleigu samkvæmt lögunum nr. 8 1936 með nánar tilteknum skilyrðum, og skyldi eftirgjald fyrir jörðina vera kr. 640.00 á ári. Bréfið undirritað af sýslumanninum 9. marz 1939. Byggingarbréf þetta neitaði Halldór að samþykkja og undirritaði það aldrei. Taldi hann þar ýmis ólögleg og óviðunandi skilyrði og afgjaldið of hátt reiknað. Tjáði hann sýslumanni þetta

með bréfi dags. 6. ágúst 1939 og sendi jafnframt það afgjald, er hann taldi, að sér bæri að greiða. Með bréfi dags. 26. september 1939 tjáði sýslumaðurinn Halldóri, að fé það, er hann hefði sent, fullnægði eigi í afgjaldið og krafðist greiðslu á eftirstöðvunum. Einnig segir sýslumaður í lok bréfsins: „þá er þess óskað að þér skrifið án frekari dráttar undir byggingarbréf fyrir jörðinni hjá hreppstjóra, því ella megið þér búast við, að jörðin verði byggð öðrum." Halldór mótmælti þessu bréfi með öðru dags. 9. október 1939 og hélt fast við fyrri synjun sína. Synir Halldórs virðast síðan hafa greitt það, er talið var á skorta um jarðarafgjaldið. Bjó Halldór síðan áfram á Rauðamýri, án þess að frekar væri aðhafzt, en þó undirritaði hann aldrei byggingarbréf, og var svo, þar til Halldór andaðist um sumarið 1941. Skömmu seinna virðist stefnandi hafa krafizt þess, að sér yrði byggð jörðin samkvæmt erfðaábúðarlögunum, en hann var næst-elzti sonur Halldórs, elzti sonur hans gerði ekki kröfur í því sambandi. Stefnanda var þó ekki byggð jörðin, heldur var hún byggð fóstursyni Halldórs, Hagbart Edwald, með byggingarbréfi dags. 20. febrúar 1942 og staðfestu af landbúnaðarráðherra 31. marz s. á.

Dómkröfur sínar byggir stefnandi á því, að faðir hans, Halldór Jónsson, hafi öðlazt erfðaábúðarrétt á jörðinni, sem síðan eigi að ganga til sín eftir andlát hans samkvæmt reglum laga um erfðaábúð og óðalsrétt nr. 8 frá 1936. Heldur stefnandi því fram, að réttur þessi hafi stofnazt þegar við afsal jarðarinnar til Jarðakaupasjóðs, enda sé það tilgangur laga um jarðakaup ríkissjóðs nr. 92 frá 1936, að þeir, er selji Jarðakaupasjóði ríkisins jarðir sínar, fái þær á erfðaleigu. Engin skylda hafi hvílt á Halldóri að undirrita byggingarbréfið, þar sem það sé ekki skilyrði þess, að erfðaábúðin stofnist, heldur hreint formsatriði. Þó verið geti, að Halldór hafi lent í undandrætti með greiðslu afgjalds af jörðinni, þá geti það ekki haft áhrif að því er snertir niðurfall erfðaábúðarréttarins, þar sem stefndur hafi tekið við fullri greiðslu frá öðrum og ekki hreyft athugasemdum við því, auk þess sem réttinn ætti þá samkvæmt erfðaábúðarlögum að bera undir niðja Halldórs, ef hann missti hann. Þá hefur stefnandi bent á, að samkvæmt b-lið 1. mgr. 4. gr. laga nr. 92 frá 1936 um jarðakaup ríkisins megi ríkið því aðeins kaupa jarðir, að m. a. sé tryggt, að jarðirnar byggist eftir lögum nr. 8 1936. Jarðakaupasjóður hefði því átt að rifta sölu jarðarinnar, þegar Halldór neitaði að undirrita byggingarbréfið, ef fyrirsvarsmenn sjóðsins töldu, að erfðaábúðarrétturinn hefði eigi stofnazt áður. Stefndur byggir sýknukröfu sína á því, að Halldór Jónsson hafi aldrei öðlazt erfðaábúðarrétt á jörðinni og eigi því stefnandi ekki rétt til ábúðar á henni nú. Þar sem Halldór hafi að ástæðulausu neitað að undirrita byggingarbréfið, hafi hann misst rétt sinn til að fá jörðina til erfða-

ábúðar, en hins vegar hafi honum verið leyfð ábúð hennar sem venjulegum ábúanda, og geti stefnandi ekki leitt neinn rétt af því. Heldur stefndur því fram, að erfðaábúðarrétturinn stofnist fyrst þegar þar að lútandi byggingarbréf sé undirritað, en afsal jarðarinnar til Jarðakaupasjóðs hafi þar engin áhrif, enda sé það ekki skilyrði, að seljandinn fái erfðaábúðina.

Jarðakaupasjóður ríkisins er stofnaður með lögum nr. 92 frá 1936 um jarðakaup ríkisins. Í lögum þessum er það að vísu eitt skilyrðanna fyrir því, að jörð sé keypt af ríkinu, að tryggt sé, að hún byggist samkvæmt lögum nr. 8 frá 1936 um erfðaábúð og óðalsrétt. Það kemur hvergi fram í lögunum, að sá, er selur Jarðakaupasjóði jörð sína, skuli fá á henni erfðaábúð, og ekki verður séð af umræðum þeim, er fram fóru á Alþingi um frumvarp að lögum þessum, að sú hafi verið tilætlun löggjafans. Samkvæmt þessu verður því að telja, að sérstakan löggerning þurfi til að stofna erfðaábúðarréttinn, jafnvel þótt um fyrri eiganda sé að ræða.

Það er að vísu ekki tekið fram í lögunum um erfðaábúð og óðalsrétt, að gera skuli skriflegan samning um erfðaábúðina, en í 2. gr. laga um umboð þjóðjarða nr. 30 frá 1913 segir, að eigi sé bygging þjóðjarða fullgild, fyrr en sýslumaður hafi ritað samþykki sitt á byggingarbréfið, og verður að líta svo á, að hér sé um þá undantekningu frá venjulegum reglum að ræða, að það sé skilyrði fyrir stofnun ábúðarsamnings, að byggingarbréf sé gert.

Jörð sú, er mál þetta snýst um, verður að teljast þjóðjörð, og með því að framangreindu formskilyrði var ekki fullnægt vegna aðgerða Halldórs heit. Jónssonar, verður eigi talið, að stofnazt hafi erfðaábúðarréttur honum til handa samkvæmt lögum nr. 8 frá 1936. Ekki verður heldur talið, að Halldór hafi öðlazt neinn rétt vegna aðgerðarleysis stefnda, þar sem honum mátti vera ljóst af orðalagi áðurgreinds bréfs frá sýslumanninum í Norður-Ísafjarðarsýslu, að hann sem umboðsmaður þjóðjarða taldi, að Halldór öðlaðist ekki erfðaábúðarréttinn, nema hann undirritaði byggingarbréfið. Samkvæmt þessu verður því að telja, að ábúð Halldórs Jónssonar á Rauðamýri á framangreindu tímabili hafi aðeins verið venjuleg ábúð, er farið hafi eftir reglum hinna almennu ábúðarlaga. Getur því stefnandi ekki byggt dómkröfur sínar á þessari ábúð, og verður því að sýkna stefnda af öllum kröfum hans.

Eftir öllum atvikum þykir þó rétt, að málskostnaður falli niður.

Dráttur sá, er orðið hefur á munnlegum flutningi máls þessa, stafar af því, að eftir að gagnasöfnun var talið lokið, fengu umboðsmenn aðilja frest til öflunar frekari gagna.

Árni Tryggvason settur borgardómari kvað upp dóm þenna.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, landbúnaðarráðherra f. h. Jarðakaupasjóðs ríkisins, skal vera sýkn af kröfum stefnanda. Þórðar Halldórssonar, í máli þessu, en málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 16. mai 1945.

Nr. 2/1945. **Bæjarfógeti Akraneskaupstaðar f. h. ríkissjóðs** (Lárus Jóhannesson)

gegn

Bíóhöllinni á Akranesi (Sveinbjörn Jónsson).

Setudómari próf. Ísleifur Árnason í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Um skyldu til greiðslu skemmtanaskatts.

Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða úrskurð hefur upp kveðið Þórhallur bæjarfógeti Sæmundsson.

Áfrýjandi hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 21. des. 1944 skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 5. jan. þ. á. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir fógeta að framkvæma lögtakið. Einnig hefur hann krafizt málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt staðfestingar á hinum áfrýjaða úrskurði og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Samkvæmt ákvæðum gjafabréfs og skipulagsskrár Bíóhallarinnar á Akranesi skal hreinum arði af rekstri hennar varið til stuðnings mannúðar- og menningarmálum á Akranesi, og er stuðningur við stofnun og rekstur gamalmennahælis og sjúkrahúss einungis nefndur sem dæmi. Eftir þessu er heimild fyrirsvarsmanna Bíóhallarinnar til ráðstöfunar á arðinum ekki bundin við glöggt afmörkuð verkefni, heldur lagt á vald þeirra að meta hverju sinni, hvað

teljast skuli til mannúðar- og menningarmála. Að svo vöxnu máli þykir stefndi ekki eiga rétt til undanþágu á greiðslu skemmtanaskatts samkvæmt b-lið 3. gr. laga nr. 56 frá 1927. Ber því að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og leggja fyrir fógeta að framkvæma lögtaksgerðina.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði áfrýjanda kr. 800.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Fógeti hefur, andstætt ákvæðum 3. málsgr. 185. gr. laga nr. 85 frá 1936, látið ódæmda málskostnaðarkröfu stefnda. Verður að víta þetta.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur, og er lagt fyrir fógeta að framkvæma lögtaksgerð þá, er í málinu greinir.

Stefndi, Bióhöllin á Akranesi, greiði áfrýjanda, bæjarfógeta Akraneskaupstaðar f. h. ríkissjóðs, kr. 800.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Akraneskaupstaðar 21. ágúst 1944.

Í máli þessu er af hálfu ríkissjóðs Íslands krafizt lögtaks til tryggingar greiðslu á ógoldnum skemmtanaskatti samkvæmt lögum nr. 56 frá 31/5 1927 af kvikmyndasýningum stofnunarinnar Bióhöllin í Akraneskaupstað mánuðina febrúar, marz, apríl, maí og júní 1944, og nemur upphæð hins umkrafða skemmtanaskatts fyrir áðurgreint tímabil krónum 17141.84 samkvæmt framlögðum reikningum í máli þessu, en upphæðinni sem slíkri hefur gerðarþoli ekki mótmælt eða vefengt útreikning skemmtanaskattsins.

Hins vegar hefur gerðarþoli mótmælt því, að kvikmyndasýningar Bióhallarinnar séu skemmtanaskattsskyldar samkvæmt lögum nr. 56 frá 31/5 1927, og neitar af þeim ástæðum að greiða hinn umkrafða skatt. Hefur gerðarþoli lagt fram í málinu afrit af gjafabréfi hjónanna Haralds Böðvarssonar og Ingunnar Sveinsdóttur á Akranesi fyrir kvikmyndahúsinu „Bióhöllin", stílað til bæjarstjórnar Akraneskaupstaðar, og enn fremur afrit af skipulagsskrá stofnunarinnar „Bióhöllin" með staðfestingu ríkisstjóra Íslands, dagsettri 24. maí 1944.

Í skipulagsskránni og gjafabréfinu er kveðið á um það, hvernig

rekstrarafgangi stofnunarinnar skuli varið. Í gjafabréfinu segir, að þeim skuli, að frádregnum viðhalds- og umbótakostnaði, varið „fyrst og fremst til mannúðar- og menningarmálefna á Akranesi". Í skipulagsskránni segir, að öllum arði af rekstri Bióhallarinnar skuli varið til að styðja mannúðar- og menningarmál innan Akraneskaupstaðar. Í 6. gr. skipulagsskrárinnar eru svo sérstaklega talin upp nokkur þeirra málefna, sem hér á að styðja, en þau eru bygging og rekstur gamalmennahælis og sjúkrahúss í kaupstaðnum og kaup lækningatækja og annars útbúnaðar til þessara stofnana.

Í lögum nr. 56 31/5 1927 segir í b-lið 3. gr., að skemmtanir, sem haldnar séu í góðgerðaskyni eða til styrktar málefnum, sem miða að almenningsheill, séu undanþegnar skemmtanaskatti samkvæmt þeim sömu lögum.

Að áliti réttarins verður varla um það deilt, að arðinum af rekstri Bióhallarinnar verði samkvæmt ákvæðum skipulagsskrárinnar varið „til styrktar málefnum, sem miða að almenningsheill", eftir þeim skilningi, sem almennt er lagður í þau orð. Það þykir því ekki verða komizt hjá því að synja um framgang lögtaksgerðar þessarar.

Gerðarþoli hefur krafizt málskostnaðar úr hendi gerðarbeiðanda eftir mati réttarins. Fógetarétturinn er ekki bær um að úrskurða hér greinda kröfu gerðarþola, og verður hún því ekki tekin til greina.

Því úrskurðast:

Hið umbeðna lögtak á ekki að hafa framgang.

Föstudaginn 18. maí 1945.

Nr. 142/1944. **Réttvísin og valdstjórnin**
(Stefán Jóh. Stefánsson)
gegn
Júlíusi Sigurðssyni Júlíussyni
(Eggert Claessen).

Setudómari próf. Ísleifur Árnason í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Svipting ökuleyfis.

Dómur hæstaréttar.

Máli þessu hefur verið skotið til hæstaréttar einungis um ökuleyfissviptingu ákærða, en hann hefur verið náðaður af varðhaldsrefsingunni.

Eftir atvikum málsins, sem lýst er í héraðsdómi, þykir mega staðfesta ákvæði hans um sviptingu ökuleyfis.

Eftir þessum úrslitum ber ákærða að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, kr. 550.00 til hvors.

Það er mjög aðfinnsluvert, að lögreglumaður sá, er eftir varð á slysstaðnum, markaði ekki þá þegar á uppdrátt stað bifreiðarinnar og vegsummerki, athugaði ekkert um hemlaför og lét ekki þegar fara fram athugun á bifreiðinni.

Í þinghaldi 10. maí 1944 er lögð fram skrifleg skýrsla ákærða um aðdraganda slyssins, sem fer mjög í bága við frásögn hans í fyrri þinghöldum málsins. Var því full þörf að prófa hann nánar um þessi atriði og samprófa hann við vitni um þau, eftir því sem efni voru til. Þetta hefur ekki verið gert, heldur er ákærði aðeins látinn staðfesta hina nýju skýrslu sína án frekari skýringa. Það athugast og, að samkvæmt gögnum málsins virðist ákærði hafa brotið ákvæði 6. mgr. 20. gr. laga nr. 23/1941, en rannsókn málsins hefur ekki að því beinzt. Verður að átelja þessa galla á meðferð málsins.

Því dæmist rétt vera:

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sviptingu ökuleyfis ákærða, Júlíusar Sigurðssonar Júlíussonar, á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Stefáns Jóh. Stefánssonar og Eggerts Claessens, kr. 550.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 10. maí 1944.

Ár 1944, miðvikudaginn 10. maí, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Jónatan Hallvarðssyni sakadómara, uppkveðinn dómur í málinu nr. 528/1944: Réttvísin

og valdstjórnin gegn Júlíusi Sigurðssyni Júlíussyni, sem tekið var til dóms 28. apríl sama ár.

Mál þetta er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Júlíusi Sigurðssyni Júlíussyni bifreiðarstjóra til heimilis á Hrísateig 25 hér í bæ fyrir brot gegn XXIII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940 og bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 20. marz 1920, og hefur sætt þessum kærum og refsingum:

1935 $^{5}/_{11}$ Kærður fyrir þjófnað.
1935 $^{11}/_{12}$ Sátt, 10 kr. sekt fyrir akstur á ljóslausu reiðhjóli.
1940 $^{7}/_{8}$ Sátt, 25 gr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1943 $^{9}/_{10}$ Sátt, 30 kr. sekt fyrir brot á umferðarreglum.

Hinn 26. nóvember síðastliðinn um kl. 16,15 ók ákærður fólksflutningsbifreið sinni R 2192 norður Laufásveg. Ákærður var allsgáður og hvorki þreyttur né á annan hátt illa fyrir kallaður. Eftir slys það, sem varð í akstri þessum, var eigi framkvæmd skoðun á bifreiðinni af opinberri hálfu, en samkvæmt frásögn ákærðs var hún í sæmilegu ástandi að öðru leyti en því, að hraðamælir hennar var í ólagi. Hemlar hennar voru sæmilegir, bæði fóthemlar og handhemlar. Þar sem slysið varð, var gatan malbikuð og auð, en blaut. Súldarveður var og nokkur stormur og allrokkið, enda dimmt uppi yfir. Framrúða bifreiðarinnar var hrein, en utan á henni var rigningarbleyta, nema þar sem þurrkarinn náði til. Hann var vinstra megin á rúðunni, framundan sæti ákærðs. Undir rannsókn málsins skýrði ákærði svo frá, að hann hefði ekið sunnan Laufásveg með á að gizka 20 km hraða miðað við klukkustund eða ríflega það, þar til hann blindaðist af skærum ljósum bifreiðar, er á móti kom, en þá hafi hann minnkað hraðann niður í á að gizka 15 km miðað við klukkustund. Ákærður kveður bifreið þá, sem á móti kom og hafði hin skæru ljós, hafa verið fólksflutningabifreið af venjulegri stærð, en aðrar upplýsingar hefur hann eigi um hana getað gefið. Bifreið þessa segir hann hafa ekið réttu megin á götunni, og hann hyggur, að hin skæru ljós hafi hætt að skína framan í sig og blinda sig á norðurmörkum móta Bragagötu og Laufásvegar. Meðan hann þannig var blindaður, ók hann áfram með um 15 km hraða miðað við klukkustund mjög nærri gangstéttinni, og á þessum hraða telur hann sig hafa ekið, þar til hann hemlaði rétt í því að slysið varð. Allt í einu sá ákærður mann á götunni fram undan bifreiðinni, og var bifreiðin þá komin svo að segja fast að honum, og gerðist það nú á augabragði, að ákærður beygði bifreiðina til vinstri og hemlaði hana svo sem unnt var með fóthemlunum, svo að hún nam staðar svo að segja um leið. Honum tókst þó ekki að afstýra slysi, því að hægra frambretti bifreiðarinnar rakst í manninn, svo að hann féll við og kastaðist frá bif-

reiðinni til hægri. Ákærðum virtist maðurinn vera á leið vestur yfir götuna, og gerir ráð fyrir, að hann hafi verið kominn út á hana miðja, þegar bifreiðin með skæru ljósunum ók framhjá bifreið ákærðs. Ákærður sá manninn líta til bifreiðarinnar í sömu andránni og slysið varð, og hann hefur á tilfinningunni, að maðurinn hafi numið staðar og ætlað að snúa við í því er slysið varð, en ekki getur ákærður gert sér fulla grein fyrir, hvort þessu var raunverulega svo háttað. Ákærður getur ekki gert sér grein fyrir, hvort maðurinn gekk þvert yfir götuna eða á ská, en álítur, að hann hafi gengið þvert yfir götuna. Ákærður gaf ekki hljóðmerki og sökum þess, hve slysið gerðist í skjótri svipan, kom honum ekki í hug að neyta handhemlanna. Um leið og bifreiðin hafði numið staðar, fóru ákærður og farþeginn út úr henni, og kveður ákærður manninn þá hafa legið á móts við hægra frambretti bifreiðarinnar. Hann var þá meðvitundarlaus. Ákærður ber, að slysið hafi orðið sem næst beint fram undan nyrðra garðhliðinu framan við Laufásveg 46, þó fremur sunnan þess en norðan. Farþeginn fór strax í sölubúð á Laufásvegi 41 og tilkynnti lögreglunni í síma um slysið. Ákærður breiddi teppi yfir manninn, en brátt kom lögreglan á staðinn og færði manninn, sem þá var kominn til meðvitundar, á brott.

Vegna máls þessa hafa Ingólfur Þorsteinsson, varðstjóri í rannsóknarlögreglunni, og Jón Ólafsson, bifreiðaeftirlitsmaður, athugað, undir mjög ámóta kringumstæðum að veðri og götu og voru, þegar slysið gerðist, hvort ljós bifreiðar, sem ekið er suður Laufásveg, geta, áður en sú bifreið er komin á gatnamót Baldursgötu, blindað eða haft truflandi áhrif á útsýn bifreiðarstjóra, sem ekur bifreið norður Laufásveg og er staddur á gatnamótum Bragagötu, eða á móts við Laufásveg 46.

Komust þeir að þeirri niðurstöðu, að mjög sterk ljós gætu algerlega blindað í þessu tilfelli og að bifreiðaljós, sem ekki er greindur styrkleiki á, gætu haft allmikil truflandi áhrif.

Eftir að ákærðum varð þessi álitsgerð kunn og verjandi hans hafði farið með honum gegnum próf málsins, hefur hann skýrt svo frá, að það sé sannfæring sín, að bifreið sú, er var með hin sterku ljós, sem blinduðu hann rétt áður en slysið varð, hafi ekki mætt sér heldur ekið norðan Laufásveg og beygt síðan upp í Baldursgötu, og að ljós hennar hafi kastazt á sig, þegar hún var að beygja frá Laufásvegi. Kveður hann fyrri framburð sinn um, að bifreið þessi hafi farið fram hjá sér á Laufásveginum, hafa stafað af því, að svo ríkt hafi verið í huga sér, að svo hlyti að hafa verið, og að þegar hann lýsti bifreiðinni, hafi hann sagt það, er sér þótti sennilegast. Tekur hann fram í þessari síðustu skýrslu sinni, að hann sé ávallt vanur að hægja ferðina við gatnamót og að það hafi hann einnig gert við mót Laufásvegar og Bragagötu rétt áður

en slysið varð, aðeins vegna gatnamótanna. Einnig tekur hann fram, að það hafi allt skeð í sömu andránni, *að* ljósin skinu framan í hann, *að* hann hemlaði sem unnt var, *að* hann sá manninn fram undan, *að* hann snéri bifreiðinni til vinstri og *að* maðurinn varð fyrir bifreiðinni.

Maður sá, er fyrir bifreiðinni varð, var Jakob Jónsson frá Galtafelli til heimilis á Sjafnargötu 4 hér í bæ, 77 ára að aldri. Hlaut hann þann áverka við slysið, að hann andaðist daginn eftir. Hann var krufinn af dr. med. Júlíusi Sigurjónssyni, og er ályktun dr. Júlíusar um dánarorsök þessi:

„Við áverkann, sem maðurinn hefur fengið á höfuðið hægra megin, hefur komið sprunga í höfuðkúpuna sömu megin, en jafnframt hefur gagnaugadeild heilans (lobus temporalis) hinum megin marizt og æðar þar sprungið. Af þessu hefur hlotizt allmikil blæðing í og utan heila, sennilega hægt og hægt, sem hefur leitt til dauða."

Sonur Jakobs heitins, Stefán múrarameistari, Mánagötu 18, hefur upplýst, að faðir sinn hafi í umrætt sinn farið heiman að án þess að láta heimilisfólkið vita. Hann var færður heim eftir slysið, og var hann þá með meðvitund í 15—20 mínútur, og sagði hann þá, að hann hefði ætlað að Galtafelli, Laufásvegi 46, til að finna Bjarna framkvæmdastjóra þar, bróður sinn. Einnig sagðist hann hafa ætlað, eftir að hafa hitt Bjarna, til Margrétar tengdadóttur sinnar á Laufásveg 9. Á því tímabili, sem Jakob heitinn hafði meðvitund, sagði hann ekki frá neinu, er upplýst geti, hvernig slysið varð. Hann var fatlaður á fæti og gekk nokkuð haltur. Sjón hafði hann góða. Hins vegar segir Stefán sér hafa virzt hann vera farinn að sljóvgast og telur þess vegna vera mega, að hann hafi ekki gætt bifreiðaumferðarinnar sem skyldi.

Farþegi sá, er í bifreiðinni var, er slysið gerðist, Magnús Kjartan Hannesson verkamaður, Reykholum í Hveragerði, hefur borið vitni í málinu. Vitnið sat hægra megin í aftursæti bifreiðarinnar og veitti umferðinni enga sérstaka athygli fyrr en slysið varð. Það kveður bifreiðina hafa ekið með ljósum rétt úti við vinstri gangstétt á um 20 km hraða miðað við klst. Þegar ekið var yfir Bragagötu, var hraðinn minnkaður niður í 15—20 km miðað við klst., og hélzt sá hraði þar til slysið varð. Á gatnamótunum sá vitnið mjög sterkan ljósgeisla beinast framan að bifreiðinni. Vitnið taldi víst, að þetta væri bifreiðarljós, en skynjaði aldrei sjálfa bifreiðina. Það segir ekki vera á því nokkurn vafa, að ljós þetta hafi verið þarna um það bil, er slysið varð, en það þorir ekki að fullyrða, hvað af því var orðið á sjálfu slysaugnablikinu. Í þessum svifum sá vitnið mann framan við bifreiðina, og um leið varð hann fyrir hægra frambretti bifreiðarinnar og kastaðist á götuna. Bifreiðinni hafði verið hemlað, og stöðvaðist hún svo að

segja um leið og hún rakst á manninn. Vitnið og ákærður fóru þá strax út úr bifreiðinni, og lá þá maðurinn við hægri hlið hennar um 30—50 cm frá henni. Hann lá langsum eftir götunni með höfuð til suðurs, og var það á móts við hægra afturhjól bifreiðarinnar. Vitnið símaði nú til lögreglunnar, sem kom brátt á slysstaðinn og færði manninn brott. Að þessum framburði hefur vitnið unnið eið. Þegar slysið gerðist, voru feðgarnir Guðlaugur Guðjónsson sjómaður og sonur hans Guðjón Magnús sjómaður, báðir til heimilis í Hópi í Grindavík, á gangi norður Laufásveg og voru að sögn Guðjóns Magnúsar staddir á norðurgangstéttinni sunnan Bragagötu, þó rétt við gatnamótin. Guðlaugur gerir sér ekki grein fyrir, hvort þeir voru sunnan Bragagötu eða ekki, en hann hyggur, að þeir hafi verið um 8—10 faðma frá slysstaðnum. Þeir sáu báðir bifreiðina aka með ljósum á um 15—20 km hraða miðað við klukkustund norður götuna úti við vinstri gangstétt, en þeir sáu enga aðra bifreið aka þarna um á þessum tíma. Fullyrðir Guðlaugur, að frá því bifreiðin hafi farið fram hjá þeim og þar til slysið varð hafi engin bifreið ekið suður eða norður fram hjá þeim feðgum. Báðum virtist þeim Jakob heitinn vera á leið austur yfir götuna mikið til vinstri á götunni. Svo að segja á sama augabragði og þeir sáu Jakob heitinn, rakst hægra framhorn bifreiðarinnar á hann, og nam hún þá strax staðar. Segir Guðjón Magnús slysið hafa gerzt á móts við norðurhorn Laufásvegar 46. Ekki tóku þeir eftir, að bifreiðin breytti um stefnu í því er slysið varð. Bæði þessi vitni hafa eiðfest framburði sína.

Rétt áður en slysið varð, kom Ottó Malmberg, 12 ára gamall, út á tröppurnar norðan við Laufásveg 47, sem stendur gegnt Laufásveg 46. Hann sá þá bæði bifreiðina og Jakob heitinn. Bifreiðin var þá komin yfir Bragagötu og var á móts við götuhornið hjá Laufásvegi 46, en Jakob heitinn var á gangi vestur yfir götuna nokkuð á ská og stefndi á nyrðra garðhliðið við Laufásveg 46. Vitnið hélt, að Jakob sæi bifreiðina og bifreiðarstjórinn Jakob, en þegar það sá, að bifreiðin hægði ekki ferðina og Jakob ekki heldur, ætlaði það að kalla, en alveg í því varð slysið. Meðan þetta gerðist, tók vitnið ekki eftir, að neinar aðrar bifreiðir væru þarna á götunni. Segir vitnið slysið hafa gerzt fram undan norðanverðu húsinu Laufásvegur 46. Vitnið sá, að bifreiðinni var ekið með ljósum á vesturkanti götunnar og á meðalhraða, Það sá, að slysið varð þannig, að hægra framhorn bifreiðarinnar rakst í vinstra læri Jakobs heitins svo að hann tókst á loft og féll svo á grúfu við hægri hlið bifreiðarinnar, sem strax staðnæmdist. Vitnið Halldór Sigurðsson úrsmiður, Laufásvegi 47, var heima, er slysið varð. Það heyrði ungan dreng í húsinu kalla, að slys hefði orðið fram undan Galtafelli. Það hljóp þá út og sá þá Jakob heitinn liggja vestan til á akbrautinni sunnan vert við nyrðra

garðshliðið við Laufásveg 46. Bifreið stóð fast upp við vesturgangstéttina samsíða Jakob heitnum. Vitnið kveður gluggann á ibúð sinni hafa vitað út að slysstaðnum. Vitnið Agnar Júlíusson Guðmundsson stýrimaður, Karlagötu 18, kom á slysstaðinn rétt eftir að slysið varð. Hefur vitnið borið, að bifreiðin hafi staðið við vesturgangstéttina og snúið til norðurs og hafi verið um þrír metrar frá nyrðra garðshliðinu við Laufásveg 46 suður að framenda bifreiðarinnar. Langs með hægri hlið bifreiðarinnar lá Jakob heitinn. Vissi höfuð hans til suðurs.

Þegar vitnið Magnús Kjartan Hannesson tilkynnti slysið á lögreglustöðina, voru lögregluþjónarnir Guðmundur Jónsson, Ásgeir Kröyer og Vernharður Kristjánsson sendir í lögreglubifreið á slysstaðinn. Þeir settu Jakob heitinn strax á sjúkrabörur, og óku síðan Guðmundur og Vernharður með hann á Landsspítalann, en að lokinni aðgerð þar, fluttu þeir hann heim til hans. Ásgeir Kröyer varð eftir á slysstaðnum til að athuga málavexti slyssins. Lögregluþjónarnir eru allir sammála um, að Jakob heitinn hafi verið á götunni skáhallt suður frá suðurhorni hússins Laufásvegar 44, þegar þeir komu á vettvang. Lögregluþjónarnir Guðmundur og Vernharður taka þó fram, að þeir hafi í skyndingu sett Jakob heitinn inn í bifreiðina og ekið brott og að þarna hafi verið skuggsýnt. Kann þetta að valda því, að þeir hafi ekki tekið rétt eftir staðnum. Framburður Ásgeirs Kröyers um, hvar Jakob heitinn hafi verið, þegar lögreglan kom til hans, er eigi nákvæmlega hinn sami í þau tvö skipti, sem hann ber vitni í málinu.

Ekkert hefur komið fram um, að bifreiðin og Jakob heitinn hafi verið færð norður götuna frá því er slysið varð og þar til lögreglan kom. Þvert á móti hafa ákærður og vitni fullyrt, að svo hafi ekki verið. Af öllu því, sem rakið hefur verið varðandi slysstaðinn, verður að telja, að hann hafi verið sem næst framundan nyrðra garðshliðinu við Laufásveg 46, þó að öllum líkindum fremur sunnan þess en norðan, og kemur það alveg heim við frásögn ákærðs um slysstaðinn. Eigi þykir unnt að slá föstu, hvort bifreið sú, er hafði hin skæru ljós, er ákærður kveðst hafa blindazt af, fór fram hjá honum eða fór upp Baldursgötu, en ganga ber út frá því samkvæmt framburði ákærðs og vitnisins Magnúsar Kjartans Hannessonar, að bifreiðarljós hafi blindað ákærðan um stund.

Eigi er sannað, að neinu hafi verið ábótavant við bifreiðina, nema hraðamælinum. Með því að aka bifreiðinni án virks hraðamælis hefur ákærður brotið 9. gr. bifreiðalaganna.

Ákærðum var skylt að hemla bifreið sína, þegar er hann blindaðist af ljósunum, er á móti skinu, og sá ekki veginn fram undan. Hafi hann blindazt lengur en rétt í sjálfu slysaugnablikinu, hefur hann með því að vanrækja að hemla strax brotið 26. gr., 4. mgr.,

bifreiðalaganna. Hafi hann aftur á móti ekki blindazt fyrr en í sjálfu slysaugnablikinu, eins og hann telur í síðustu skýrslu sinni, hlaut hann að hafa séð Jakob heitinn áður á götunni, ef hann hefði sýnt nauðsynlega aðgæzlu við aksturinn, og átti því að gera ráð fyrir honum framundan. Nú er fullyrt af ákærðum, að hann hafi ekki séð Jakob heitinn fyrr en rétt í því, er slysið varð, og skal það ekki véfengt, en hafi hann eigi blindazt nema augabragð, hefur hann með aðgæzluleysi sínu brotið 27. gr., 1. mgr., bifreiðalaganna.

Hvort heldur sem hefur verið, hefur ákærður ekið gálauslega og með hinum gálauslega akstri valdið dauða Jakobs heitins Jónssonar að verulegu leyti.

Framangreind brot ber að heimfæra ákærðum til refsingar undir 38. gr. bifreiðalaganna nr. 23 1941 og 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 1940.

Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 60 daga varðhald. Svo ber og samkvæmt 39. gr. bifreiðalaganna að svipta ákærðan ökuleyfi í þrjú ár.

Ákærðan ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Eggerts Claessens hæstaréttarlögmanns, kr. 300.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærður, Júlíus Sigurðsson Júlíusson, sæti 60 daga varðhaldi og skal sviptur ökuleyfi í þrjú ár frá birtingu dóms þessa.

Ákærður greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Eggerts Claessens hæstaréttarlögmanns, kr. 300.00.

Dómi þessum skal fullnægt að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 18. maí 1945.

Nr. 54/1944. **Leifur Böðvarsson** (Einar B. Guðmundsson)
gegn
Árna Sigurðssyni (Egill Sigurgeirsson).

Setudómari prof. Ísleifur Árnason í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Um uppsagnarfrest á ráðningarsamningi stýrimanns á skipi.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 25. apríl f. á., krefst þess, að hann verði sýknaður af kröfum stefnda í málinu og honum dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt staðfestingar héraðsdómsins og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til þess að greiða stefnda málskostnað fyrir hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 700 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Leifur Böðvarsson, greiði stefnda, Árna Sigurðssyni, kr. 700.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 6. marz 1944.

Mál þetta, sem dómtekið var 1. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 26. f. m. af Árna Sigurðssyni stýrimanni, Akranesi, gegn Leifi Böðvarssyni útgerðarmanni, Hólavallagötu 5 hér í bæ, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 1874.60 ásamt 5% ársvöxtum frá 3. maí 1943 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt framlögðum reikningi eða eftir mati dómarans.

Stefndur hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar sér til handa að mati dómarans.

Stefnandi sundurliðar kröfur sínar þannig:

1.	Mánaðarkaup fyrir nóvember 1942 að viðbættri dýrtíðaruppbót samkvæmt vísitölu 260	kr. 1224.60
	Fæði fyrir sama tíma	— 350.00
2.	Bætur fyrir fatnað hans og Vigdísar dóttur hans, er brann í v/s Fagranesi vorið 1942	— 300.00
	Samtals	kr. 1874.60

Um 1. Málavextir eru þeir, að stefnandi var um alllangt skeið stýrimaður á v/s Fagranesi, sem var eign stefnda, en skip þetta var lengi í flutningum milli Reykjavíkur og Akraness. Kaup fékk stefnandi greitt samkvæmt samningi, dags. 10. janúar 1942, og voru launin ákveðin kr. 471.00 á mánuði að viðbættri dýrtíðaruppbót samkvæmt verðlagsvísitölu hvers tíma svo og ókeypis fæði. Mánuðina janúar til maí 1942 greiddi stefndur stefnanda kaup samkvæmt þessu, mánuðina júní og júlí greiddi hann honum kr. 1000.00 á mánuði, en mánuðina ágúst, september og október greiddi hann kr. 1300.00 á mánuði. Þann 1. nóvember 1942 var stefnandi skráður fyrirvaralaust úr skiprúmi á Akranesi, og áskildi hann sér þá uppsagnarfrest samkvæmt lögum. Stefndur hafði um þetta leyti selt skipið til Ísafjarðar, og veittu hinir nýju eigendur skipinu móttöku þann 1. eða 2. nóv. 1942. Stefnandi vann við skipið fyrir hina nýju eigendur, meðan það var í viðgerð hér, eða næstu þrjá daga. Nýju skipseigendurnir virðast hafa farið þess á leit við stefnanda, að hann sigldi með skipið vestur sem skipstjóri eða stýrimaður, en hann mun hafa færzt undan því.

Kröfur sínar samkvæmt þessum lið byggir stefnandi á því, að stefndur hafi ekki sagt sér upp starfanum með mánaðar fyrirvara, sem honum hafi þó borið samkvæmt 13. gr. sjómannalaganna nr. 41 frá 1930, heldur látið skrá sig úr skiprúmi fyrirvaralaust. Beri honum því að greiða sér eins mánaðar kaup, eða kr. 1224.60 að viðbættu fé fyrir fæði, kr. 350.00.

Sýknukröfu sína byggir stefndur í *fyrsta* lagi á því, að hann hafi sagt stefnanda upp starfanum með nægilegum fyrirvara. Skýrir hann svo frá, að þann 16. september 1942 hafi hann tilkynnt allri skipshöfninni sölu skipsins og að afhending myndi fara fram í októberlok s. á., er áætlun þess gengi úr gildi, og hafi um leið sagt skipshöfninni upp starfanum frá 1. nóv. að telja. Þá hefur stefndur bent á, að frá sölu skipsins hafi verið sagt bæði í blöðum og útvarpi, og hljóti hún því að hafa verið stefnanda kunn. Stefnandi hefur algerlega mótmælt því, að nokkur uppsögn hafi átt sér stað eða að honum hafi verið kunnugt um fyrirhugaða sölu, og gegn þeim mótmælum hans hefur stefndur ekki fært

þær sönnur fyrir þessum staðhæfingum sínum, að þær geti orðið teknar til greina.

Í öðru lagi byggir stefndur sýknukröfu sína á því, að stefnandi hafi ekki orðið fyrir neinu tjóni af því að vera skráður úr skiprúmi, þar sem hann sumpart hafi haft vinnu eða staðið til boða næg vinna allan nóvembermánuð, þannig hafi hann unnið við skipið hér í þrjá daga og fengið greiddar fyrir það kr. 120.00, en honum hafi einnig staðið til boða 12 daga vinna við skipið hér og síðan að sigla því til Ísafjarðar sem skipstjóri eða stýrimaður.

Stefnandi hefur viðurkennt að hafa unnið 3 daga hér við skipið hjá hinum nýju eigendum þess, og hafi honum verið greiddar fyrir það kr. 120.00. Hins vegar hefur hann neitað því, að sér hafi verið boðin frekari vinna við það hér, en aftur á móti hafi verið á það minnzt, hvort hann vildi ekki fara með skipið vestur. Þá segir stefnandi, að lítið hafi verið um vinnu um þessar mundir á Akranesi, og hafi hann því verið atvinnulaus til 10. janúar 1943.

Það er ósannað gegn mótmælum stefnanda, að honum hafi staðið til boða frekari vinna við skipið hér. Þá þykir honum ekki verða gefið að sök, þó að hann neitaði að fara með skipið til Ísafjarðar, þar sem það var ekki sambærileg vinna við þá, sem hann hafði haft, enda hafði í för með sér fjarvistir frá heimilisstað hans. Hins vegar þykir rétt að draga frá kröfu stefnanda þær kr. 120.00, er hann vann sér inn við skipið hér.

Með tilliti til þessa, og þar sem stefndur hefur ekki getað sannað, að stefnandi hafi á þessu tímabili átt kost á annarri vinnu við sitt hæfi, verður sýknukrafa stefnds ekki byggð á þessu, enda getur 40. gr. sjómannalaganna, sem stefndur hefur vitnað í, ekki talizt skipta hér máli.

Í *þriðja lagi* byggir stefndur sýknukröfu sína á því, að stefnandi hafi í raun réttri fengið greitt kaup fyrir nóvembermánuð, þar sem honum áður á árinu hafi verið greitt kaup frekar en samningar stóðu til, þannig að eiginlega eigi stefndur fé inni hjá stefnanda af þessum sökum.

Stefnandi hefur hins vegar haldið því fram, að stefndur hafi sjálfur boðið sér þessa kauphækkun, er hann greiddi honum kaupið þann 1. sept. 1942, enda hafi þá verið búið að hækka kaup annarra skipverja, og kveðst stefnandi hafa tekið þessu boði. Samkvæmt framlögðum útdrætti úr kaupgjaldsbók stefnds hefur hann greitt stefnanda reglulega mánaðarkaup hans þann síðasta hvers mánaðar, og hefur stefnandi kvittað fyrir það, og hið sama átti sér stað þann 31. okt. 1942, daginn áður en stefnandi var afskráður. Með tilliti til þessa og framlagðs vottorðs annarra skipverja um kauphækkun þeirra verður að telja, að hér hafi verið um raunverulega kaupgreiðslu að ræða fyrir hvern mánuð, þannig að fé það, er stefnandi fékk greitt um hver mánaðamót, hafi aðeins

verið laun fyrir þann mánuð, er þau voru greidd, en ekki hafi verið um fyrirframgreiðslu að ræða. Verður þessi sýknuástæða því ekki tekin til greina.

Samkvæmt framansögðu ber því að dæma stefndan til að greiða stefnanda þenna kröfulið með kr. 1454.60 (1224.60 + 350.00 ÷ 120.00).

Um 2. Gegn mótmælum stefnds verður þessi kröfuliður ekki tekinn til greina, þar sem ekki eru færð gögn fyrir honum af hálfu stefnanda.

Málalok verða því þau, að stefndur verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 1454.60 með 5% ársvöxtum frá 3. maí 1943, en þann dag var mál út af þessum skiptum aðiljanna upphaflega höfðað.

Þá þykir rétt, að stefndur greiði stefnanda kr. 275.00 í málskostnað.

Árni Tryggvason settur borgardómari kvað upp dóm þenna.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Leifur Böðvarsson, greiði stefnandanum, Árna Sigurðssyni, kr. 1454.60 með 5% ársvöxtum frá 3. maí 1943 til greiðsludags og kr. 275.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 23. maí 1945.

Nr. 157/1944. **Anna Einarsson** (Gunnar Þorsteinsson)
gegn
Sútunarverksmiðjunni h/f og gagnsök
(Einar B. Guðmundsson).

Setudómarar próf. Ísleifur Árnason og hrl. Theódór B. Líndal í stað hrd. Árna Tryggvasonar og hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Um uppsögn á samningi um húsaleigu.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 29. des. 1944, krefst þess, að hann verði sýknaður af kröfum gagnáfrýjanda í málinu og sér dæmdur málskostnaður úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi, sem áfrýjað hefur málinu með stefnu 9.

janúar 1945, krefst þess aðallega, að sér verði dæmt óskylt að rýma húsnæði það, sem í málinu greinir, en til vara, að sér verði dæmt óskylt að rýma nema þau tvö herbergi, sem í héraðsdómi greinir. Loks krefst hann málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Dóttir aðaláfrýjanda gekk í hjónaband þann 5. jan. þ. á. Hefst hún og maður hennar við í íbúð aðaláfrýjanda, og er konan samkvæmt vottorði læknis nú barnshafandi. Þar sem svo stendur á, er dóttur aðaláfrýjanda og manni hennar nauðsyn þess að fá sérstaka íbúð handa sér. Íbúð aðaláfrýjanda á efri hæð hússins nr. 9 við Veghúsastíg er þannig háttað, að ekki verða úr henni gerðar tvær íbúðir svo að fullum notum komi. Er því fjölskyldu dóttur aðaláfrýjanda brýn þörf á íbúð á neðri hæð hússins. Það verður ekki talið, að fjölskylda þessi geti hagnýtt sér hluta af neðri hæð hússins til íbúðar í sambýli við atvinnurekstur gagnáfrýjanda. Verður því að taka sýknukröfu aðaláfrýjanda til greina, en ekki þykir rétt, að gagnáfrýjandi sé sviptur afnotum húsnæðisins fyrir 15. júlí næstkomandi, þar sem hann þarfnast nokkurs ráðrúms til flutnings atvinnurekstrar síns.

Það athugast, að héraðsdómari hefur kveðið upp aðfararhæfan dóm til handa aðaláfrýjanda, en til þess var ekki heimild, þar sem aðaláfrýjandi höfðaði ekki gagnsök í héraði til að öðlast slíkan dóm.

Eftir atvikum þykir rétt, að gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda kr. 700.00 í málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Aðaláfrýjandi, Anna Einarsson, á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Sútunarverksmiðjunnar h/f, þó svo, að gagnáfrýjanda er ekki skylt að rýma neðri hæð hússins nr. 9 við Veghúsastíg fyrir 15. júlí 1945. Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda kr. 700.00 í málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. desember 1944.

Mál þetta, sem dómtekið var 24. f. m., hefur stjórn Sútunarverksmiðjunnar h/f, hér í bæ, f. h. félagsins höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 2. október s. l. gegn Önnu Einarsson, Veghúsastíg 9 hér í bænum, og haft uppi þær dómkröfur, *að* hrundið verði síðar greindum úrskurði húsaleigunefndar Reykjavíkur, uppkveðnum 20. september s. l., *að* sér verði dæmt óskylt að rýma þar greint húsnæði, og *að* stefnd verði dæmd til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu.

Stefnd hefur krafizt staðfestingar umrædds úrskurðar og málskostnaðar að mati dómara.

Málavextir eru þessir:

Með samningi, dagsettum 2. október 1942, seldi stefnd stefnanda á leigu húsnæði í húsi sínu nr. 9 við Veghúsastíg, sem þá nefndist Vatnsstígur 7. Hið leigða húsnæði var neðri hæð íbúðarhússins og að mestu útihús öll, en í öllu húsnæðinu hafði verið rekin sútunarstarfsemi áður. Með bréfi, dagsettu 26. ágúst s. l., sagði stefnd stefnanda upp leigumála þessum með 3 mánaða fyrirvara samkvæmt ákvæðum samningsins og miðast uppsögnin við 1. des. þ. á. Uppsögn þessi var borin undir húsaleigunefnd Reykjavíkur, og færði stefnd þau rök fyrir henni, að hún hefði brýna þörf neðri hæðar íbúðarhússins handa dóttur sinni, er hefði í hyggju að ganga í hjónaband og þyrfti því íbúðar við. Húsaleigunefnd kvað upp úrskurð sinn hinn 20. september s. l., sem fyrr segir, og mat uppsögn stefndrar gilda að því er varðaði neðri hæð íbúðarhússins og taldi stefnanda skylt að rýma hana hinn 1. desember 1944. Stefnandi vildi eigi una úrskurði þessum og hefur því skotið honum til bæjarþingsins.

Byggir stefnandi dómkröfur sínar á því, að stefnd hafi þegar til umráða svo rúmt húsnæði, að eigi sé unnt að telja hana hafa brýna þörf aukningar. Hún búi nú með tveim dætrum sínum á allri efri hæð íbúðarhússins, en íbúð sú sé fimm herbergi auk eldhúss (um 106 m^2), og þar eð ganga megi inn í íbúðina á tveimur stöðum, hljóti að vera auðvelt að skipta henni. Hins vegar hagi svo til um húsnæði sitt, að eigi sé unnt að stunda saumaskap og sölu sútaðra skinna í útihúsunum vegna þakleka og kulda, og verði sér því nauðugur einn kostur að leggja niður starfrækslu, ef hlíta verði fyrrgreindum úrskurði.

Stefnd heldur því fram, að brýn þörf sé neðri hæðar íbúðarhússins handa dóttur sinni og mannsefni hennar, enda hagi svo til herbergjaskipun á efri hæðinni, að eigi sé unnt að skipta henni í tvær íbúðir. Auk þess hefur hún bent á það, að í íbúðarhúsinu er aðeins um einn fjórði hluti húsnæðis þess, er stefnandi tók á leigu, og loks sé hér um að ræða raunverulega aukningu íbúðar-

húsnæðis í bænum, þar eð þetta húsnæði hafi frá upphafi verið notað til iðnaðar.

Hið fyrirhugaða hjónaband dóttur stefndrar hefur eigi verið véfengt, og af skoðun dómarans á húsnæði stefndrar er ljóst, að illkleift er að gera úr því tvær íbúðir. Verður því að telja, að stefndri sé brýn þörf aukins húsnæðis fyrir dóttur sína í merkingu 1. gr. laga nr. 39 frá 1943, og verður uppsögn hennar því metin gild að hluta samkvæmt 5. mgr. 1. gr., sbr. 10. gr., sömu laga, þ. e. þannig, að annars vegar með hliðsjón af því mikla húsrými, er stefnd ræður þegar yfir, svo og hins vegar með tilliti til herbergjaskipunar á neðri hæð hússins verður stefnanda gert að rýma þegar í stað tvö eystri herbergin í suðurhlið hússins. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Árni Tryggvason borgardómari kvað upp dóm þenna.

Því dæmist rétt vera:

Stefnanda, Sútunarverksmiðjunni h/f, skal skylt að rýma eystri herbergin tvö í suðurhlið neðri hæðar íbúðarhússins að Veghúsastíg 9, eign stefndrar, Önnu Einarsson, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 23. maí 1945.

Kærumálið nr. 4/1945. **Jón Jóhannesson f. h. ríkissjóðs**
gegn
Tunnuverksmiðju Siglufjarðar s/f.

Frestveiting.

Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaði úrskurður er kveðinn upp af Hannesi Guðmundssyni, fulltrúa bæjarfógetans á Siglufirði.

Í kærumáli þessu, sem hæstarétti hefur verið sent með bréfi bæjarfógeta Siglufjarðar, dags. 5. maí 1945 og hingað komnu 11. s. m., hefur sóknaraðili kært úrskurð, kveðinn upp á bæjarþingi Siglufjarðar 2. maí þ. á., þar sem varnaraðilja er veittur 7 vikna frestur að því er virðist til samningar greinargerðar og öflunar gagna í því sambandi, sbr. 2. mgr. 105. gr. og 106. gr. laga nr. 85/1936.

Hæstarétti hafa ekki borizt neinar kröfur frá sóknaraðilja, en ætla verður, að hann áfrýi úrskurðinum í því skyni að fá frestinn styttan.

Varnaraðili hefur ekki sent hæstarétti kröfur né greinargerð.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar þykir mega staðfesta hann.

Þar sem hvorugur aðilja hefur krafizt málskostnaðar, fellur hann niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Úrskurður bæjarþings Siglufjarðar 2. maí 1945.

Mál þetta hefur Jón Jóhannesson málflutningsmaður, Siglufirði, höfðað fyrir hönd ríkissjóðs fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 20. apríl gegn Tunnuverksmiðju Siglufjarðar s/f hér í bæ.

Gerir stefnandi þær dómkröfur, að stefnt samvinnufélag verði dæmt til þess að greiða sér f. h. ríkissjóðs kr. 267638.34 með 6% vöxtum af kr. 152735.25 frá 1⅔ 1944, af 4835.57 frá 3⅓ 1944 og af 110067.52 frá 2% 1944, allt til greiðsludags, og málskostnað eftir framlögðum reikningi, til vara eftir mati réttarins.

Hið stefnda samvinnufélag krefst sýknu og málskostnaðar.

Við þingfestingu málsins 26. f. m. óskuðu umboðsmenn stefnds eftir 4 mánaða fresti til þess að útvega skilríki og gögn frá Svíþjóð, en þar dvelur nú framkvæmdarstjóri fyrirtækisins, Þorkell Clementz, og töldu umboðsmenn stefnds hann væntanlegan hingað í sumar.

Umboðsmenn stefnds kváðust aðeins hafa hér á landi bókfærslu yfir rekstur fyrirtækisins hér á landi, en fyrirtækið hafi í stríðsbyrjun átt efnisbirgðir úti í Svíþjóð, en hve miklar, sé óvitað um, auk þess hafi framkvæmdarstjórinn fengið peningasendingar héðan frá fyrirtækinu.

Töldu umboðsmenn stefnds nauðsynlegt að fá tækifæri til þess að upplýsa, hvernig eignum þessum hafi verið ráðstafað og þá hvort ríkissjóði hafi verið greitt af því fé meir en stefnandi taldi.

Stefnandi mótmælti umbeðnum fresti og benti á, að af umstefndri upphæð væru 152000.00 kr. víxilskuld.

Báðir aðiljar kröfðust úrskurðar.

Það virðist ljóst, að það getur skipt miklu fyrir mál þetta, ef stefndum tækist að fá upplýsingar frá framkvæmdarstjóra sínum um meiri greiðslur til ríkissjóðs en stefnandi telur greitt.

Með sérstöku tilliti til þess, að nú eru líkur til þess, að póst- og viðskiptasamband milli Svíþjóðar og Íslands opnist bráðlega, þykir rétt, að stefnt samvinnufélag eigi kröfu á nokkrum fresti.

Hins vegar verður að telja 4 mánaða frest of langan til upplýsingar þessum atriðum, og þykir eftir atvikum sjö vikna frestur nægjanlegur.

Fyrir því úrskurðast:

Umbeðinn frestur skal aðeins veittur til 21. júní n. k. kl. 13.

Föstudaginn 25. maí 1945.

Nr. 152/1944. **Sigurður Sigmundsson** (Magnús Thorlacius)
gegn
Vigfúsi Einarssyni (Sigurður Ólason).

Öflun framhaldsskýrslna.

Úrskurður hæstaréttar.

Áður en mál þetta verður dæmt í hæstarétti, þykir rétt samkvæmt lögjöfnun frá 120. gr. laga nr. 85/1936 að leggja fyrir fógeta að kveðja aðilja fyrir dóm og beina til þeirra spurningum um þau atriði, sem nú verða greind.

1. Rétt er að spyrja aðilja hvorn í sínu lagi, hver annist ræstingu á herbergi stefnda og hvenær dags sú ræsting sé framkvæmd. Þá skulu aðiljar inntir eftir því, hvernig vatnsnotkun stefnda hefur verið háttað og hvenær dags hann hafi aðallega aflað sér vatns svo og hvort hann eigi þess kost að afla sér vatns annars staðar í húsinu en í eldhúsinu.
2. Spyrja ber áfrýjanda um það, hvenær hann hafi fyrst orðið var við farir stefnda í eldhúsið eftir að áfrýjandi og kona hans voru gengin til náða og hvenær hann hafi fyrst borið fram kvartanir út af því.
3. Svo ber og að spyrja áfrýjanda um það, hvort hann hafi annazt um, að vatn væri látið inn til stefnda á kvöldin, eftir að áfrýjandi fór að loka eldhúsinu kl. 10 að kvöldi.
4. Loks skulu aðiljar samspurðir um þau atriði, er þá greinir á um, og þeim gefinn kostur á að afla þeirra gagna og skýrslna, sem efni verða til.

Því úrskurðast:

Fógeti skal veita aðiljum kost á að gefa greindar skýrslur og afla gagna eins og að framan segir.

Föstudaginn 25. maí 1945.

Nr. 111/1944. **Kristján Guðmundsson** (Magnús Thorlacius)
gegn
Sigurlaugu Kristjánsdóttur, Sigurði Björnssyni, Sigurbirni Björnssyni, Árna Björnssyni og Örlygi Björnssyni
(Garðar Þorsteinsson).

Landamerkjamál.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 15. sept. 1944 og gert þær kröfur, að hinn áfrýjaði dómur verði felldur úr gildi og málinu vísað heim í hérað til dómsálagningar af nýju. Svo krefst hann og þess, að hin stefndu verði dæmd in solidum til að greiða honum málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Stefndu krefjast staðfestingar héraðsdómsins og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Áfrýjandi hefur ekki fært sönnur á það fyrir hæstarétti, að rétti hans hafi verið hallað með því að ákveða landamerki milli Hvammkots og Örlygsstaða eins og héraðsdómurinn hefur gert. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefndu 500 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Meðferð máls þessa í héraði er ábótavant í mörgum greinum. Ekki sést, að samdómsmenn hafi verið látnir vinna heit, áður en þeir tóku til starfa. Á fyrsta dómþingi, 13. sept. 1941, var aðiljum ekki bent á að leggja fram greinargerðir samkvæmt 105. og 106. sbr. 221. gr. laga nr. 85/1936. Ekki var heldur ákveðinn þingdagur samkvæmt 10. gr. laga nr. 41/1919 til merkjagöngu og annarra dómstarfa, er þar

greinir. Í stað þess er málið rekið fyrir landamerkjadóminum veturinn 1941—1942 með frestveitingum á víxl til framlagningar sóknarskjala og varnar og öflunar gagna. Vitni voru ekki prófuð á vettvangi, og ekki létu dómendur gera uppdrátt af þrætulandinu, enda þótt aðiljar mótmæltu hvor annars uppdráttum. Mjög er áfátt lýsingu í dómi á kennileitum og umhverfi þeirra. Loks hefur aðfararfrestur verið ákveðinn 3 sólarhringar. Verður að víta galla þessa.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Kristján Guðmundsson, greiði stefndu, Sigurlaugu Kristjánsdóttur, Sigurði Björnssyni, Sigurbirni Björnssyni, Árna Björnssyni og Örlygi Björnssyni, kr. 500.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur landamerkjadóms Húnavatnssýslu 13. júní 1942.

Mál þetta er höfðað 13. september 1941, að undangenginni árangurslausri sáttatilraun þann sama dag, af Kristjáni Guðmundssyni, eiganda og ábúanda Hvammkots, gegn eigendum Örlygsstaða, en þeir eru ekkja Sigurlaug Kristjánsdóttir og synir hennar 4, Sigurður, Sigurbjörn, Árni og Örlygur Björnssynir, öll búsett að Örlygsstöðum í Skagahreppi.

Af 4 mönnum útnefndum í landamerkjadóm ruddu aðiljar sínum manninum hvor, en eftir urðu og tóku sæti í dóminum ásamt dómsformanni, sýslumanni Guðbrandi Ísberg, þeir Jónatan J. Líndal hreppstjóri, Holtastöðum, og Hermann Þórarinsson, lögregluþjónn á Blönduósi.

Ákveðinn var skriflegur málflutningur.

Sóknaraðili gerði kröfu til þess, að landamerki milli Hvammkots og Örlygsstaða yrðu ákveðin þannig:

„Frá vörðu á Brekkunni, sem nú er merkjavarða milli Hofs og Örlygsstaða, bein lína yfir Gunnumó og Reyrlág og svonefnda Hornvörðu, norðan við Hvammkotstún. Þaðan, eins og landamerkjaskrá Hvammkots segir, í Sölvavörðu og þaðan sömu stefnu yfir Hestás í Lómatjarnir, sem eru vestan undir norðari Mosásenda, og þaðan sömu stefnulínu yfir flá fyrir norðan Mosás að vörðu við Fjallsland.“

Varnaraðili hefur hins vegar gert þá kröfu, að landamerkin yrðu ákveðin samkvæmt landamerkjaskrá Örlygsstaða þannig:

„Frá vörðunni á melnum fyrir utan Stórhól yfir Gunnumó og Reyrlág í Hornvörðu; þaðan í Sölvavörðu um Hestás og Lómatjarnir í vörðu á norðari Mosásenda."

Enginn ágreiningur er um örnefnin „Hornvörðu" og „Sölvavörðu" né það, að bein lína þar á milli ráði merkjum. Hins vegar var ágreiningur bæði um merkin frá Sölvavörðu til „Fjallslands" að ofan (norðaustan) og frá Hornvörðu til „Hofslands" að neðan (suðvestan). Um hin efri merki milli Sölvavörðu og Fjallslands náðist sátt í áreið, er ákveðin var til frekari glöggvunar á merkjum, um leið og málið að öðru leyti var tekið undir dóm. Heyrir því aðeins undir dóminn að fjalla um og ákveða hin neðri merki frá Hornvörðu að Hofslandi.

Í landamerkjaskrá fyrir jörðina Hvammkot frá 1886, þinglesinni 1889, eru þessi merki ákveðin þannig: „Að vestan og norðan frá vörðu á brekkunni fyrir utan Stórhól um Gunnumó og Reyrlág til vörðu á melnum utan og vestan til við túnið og nefnd er Hornvarða ..." Í merkjaskrá Örlygsstaða frá 1890, þinglesinni sama ár, segir svo: „... frá henni sömu línu í Hornvörðu og svo frá henni til útsuðurs yfir Reyrlág og Gunnumó sömu stefnu í vörðuna á melnum fyrir utan Stórhól ..."

Hér ber það eitt á milli, að merkin við Hofsland eru í Hvammkotsbréfinu talin „varða á brekkunni fyrir utan Stórhól" en í Örlygsstaðabréfinu „varða á melnum fyrir utan Stórhól". Um legu Stórhóls er enginn ágreiningur.

Um merkjavörðuna fyrir utan Stórhól virðist enginn ágreiningur hafa verið milli eigenda Hvammkots og Örlygsstaða fram að árinu 1922. Og ekkert hefur komið fram í málinu, er bendi til þess, að í núlifandi manna minnum hafi um nokkra aðra vörðu verið að ræða fram að 1922 en vörðuna á melnum fyrir utan Stórhól, er eigendur Örlygsstaða miða við. En nefnt ár gekk landamerkjadómur í máli milli umboðsmanns Hofs annars vegar og eigenda Hvammkots og Örlygsstaða hins vegar (rskj. nr. 5), og voru merkin þá færð frá vörðunni á melnum fyrir utan Stórhól í svo kallað vörðustæði á grjótrana rétt sunnan við Brekknabrekkuhorn. Byggði dómurinn á því, að hlutaðeigandi landamerkjaskrár hefðu eigi verið undirritaðar af umboðsmanni með löglegu umboði og væru því ekki bindandi gagnvart eiganda Hofs. Í téðu máli stóðu eigendur Hvammkots og Örlygsstaða saman um þá kröfu, að merkin yrðu áfram talin í vörðuna á melnum fyrir utan Stórhól. En nú gerir eigandi Hvammkots kröfu til þess, að niðurstaða merkjadóms frá 1922 verði einnig látin hafa áhrif á merkin milli Örlygsstaða og Hvammkots, sem þá var enginn ágreiningur um, þann veg að merkjalínan verði talin liggja frá hinni nýju

vörðu sunnan við Brekknabrekkuhorn til Hornvörðu. Styður hann kröfu sína með því, að bein lína milli þessara örnefna liggi um Gunnumó og Reyrlág, en hin austari lína frá Hornvörðu í vörðuna á melnum fyrir utan Stórhól liggi austan við Gunnumó. Hefur dómurinn gengið úr skugga um með miðunum, að hvorttveggja þetta er rétt. Ekkert hinna efri örnefna sést frá hinni nýju merkjavörðu sunnan við Brekknabrekkuhorn. Frá vörðunni á melnum fyrir utan Stórhól sést aftur á móti Gunnumór og Reyrlág, Gunnumór þó mjög óljóst. Hornvarða sést ekki. Meðal annars með hliðsjón af því, að Hornvarða og varðan fyrir utan Stórhól verða ekki miðaðar saman tækjalaust, þykir ekki skipta máli, þótt línan milli þeirra brotni lítið eitt um Gunnumó. Hið sama á sér stað um hin efri merki. Línan frá Hornvörðu um Sölvavörðu brotnar talsvert áberandi um þá vörðu, en þó virðist gert ráð fyrir henni beinni. Vel má þó vera, að endur fyrir löngu hafi varða á grjótrananum sunnan við Brekknabrekkuhorn verið merkjavarða milli Örlygsstaða og Hvammkots. En hafi svo verið, þá hafa verið ákveðin ný merki síðan með löglega gerðum og löglega þinglesnum merkjaskrám frá 1886 og 1890. Og um hin umþrættu merki er, eins og áður segir, enginn ágreiningur fram að 1922. Það er fyrst eftir þann tíma, að eigandi Hvammkots kemst á þá skoðun, að hin nýja merkjavarða við Brekknabrekkuhorn gildi einnig sem merkjavarða milli Hvammkots og Örlygsstaða, og út frá því sjónarmiði er mál þetta flutt. En þessa skoðun eiganda Hvammkots getur merkjadómurinn ekki aðhyllzt, þar sem hann telur áður löglega og ótvírætt frá merkjum gengið milli nefndra jarða að því er aðalmiðin snertir á þessu svæði, Hornvörðu og vörðuna fyrir utan Stórhól, og telur sig því bresta heimild til að breyta þeim miðum gegn mótmælum annars aðiljans. En að því er Gunnumó snertir, sem merkjalínan á að liggja um, þykir rétt að ákveða, að hún skuli liggja frá Hornvörðu um hann miðjan og þaðan í vörðuna á melnum fyrir utan Stórhól. Í Gunnumó eru 4 stórir, jarðfastir steinar, 2 í vesturjaðri og 2 í austurjaðri hans. Þykir rétt að ákveða miðdepil Gunnumós þannig, að hann sé á miðri línu, sem dregin sé þvert yfir móinn milli þeirra steinana tveggja, sem nær eru brekkunni og aðiljum voru sýndir í hinni síðari áreið. Þykir rétt að skylda aðilja til að gera merkjavörðu þar fyrir næstu áramót. Liggi svo merkin þaðan í stefnu á vörðuna á melnum fyrir utan Stórhól allt að Hofslandi, eins og norðurmerki Hofs voru ákveðin með dóminum frá 1922. Skulu aðiljar einnig á þessu ári setja upp glöggt merki í skurðardepil greindra merkjalína að tilkvöddum eiganda Hofs.

Málskostnaður, sem eigi þegar hefur verið greiddur, þ. e. þóknun til dómenda, kr. 150.00 til hvers, og ferðakostnaður, kr. 90.00, samtals kr. 540.00, þykir eftir atvikum rétt að greiðist að jöfnu

af hvorum aðilja, af eiganda Hvammkots, Kristjáni Guðmundssyni, kr. 270.00, og af eigendum Örlygsstaða kr. 270.00.

Því dæmist rétt vera:

Hin umþrættu merki milli jarðanna Hvammkots og Örlygsstaða ákveðast þannig:

Frá Hornvörðu í miðjan Gunnumó og þaðan beina stefnu á vörðuna á melnum fyrir utan Stórhól allt að Hofslandi.

Innan loka yfirstandandi árs skulu aðiljar í félagi reisa merki í Gunnumó, mitt á milli jarðfastra steina í vestur- og austurjaðri hans, næst brekkunni. Svo geri þeir og á sama hátt og innan sama tíma að tilkvöddum eiganda Hofs annað merki, þar sem bein lína úr merkinu í Gunnumó í vörðuna á melnum fyrir utan Stórhól sker norðurlandamerkjalínu „Hofs", eins og hún er ákveðin í dóminum frá 1922.

Þóknun til dómenda, kr. 150.00 til hvers, og ferðakostnað, kr. 90.00, samtals kr. 540.00, greiði aðiljar að jöfnum hlutum, sækjandinn, Kristján Guðmundsson, kr. 270.00, og verjandinn, eigendur Örlygsstaða, kr. 270.00.

Dóminum að fullnægja innan 3ja sólarhringa frá löglegri birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 28. maí 1945.

Nr. 69/1944. **Kristján Guðmundsson** (Egill Sigurgeirsson)
gegn
Þórhalli Arnórssyni og gagnsök
(Gústaf A. Sveinsson).

Setudómari próf. Ísleifur Árnason í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Mál til riftunar kaupum á bifreið og endurgreiðslu þegar goldins kaupverðs.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 24. maí 1944. Krefst hann þess, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum kr. 19000.00 eða aðra lægri fjárhæð eftir mati hæstaréttar ásamt 6% ársvöxtum frá 31. marz 1943 til greiðsludags. Enn fremur krefst hann málskostnaðar að skaðlausu fyrir báðum dómum úr

hendi gagnáfrýjanda. Gagnáfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 12. júní 1944, krefst þess, að hann verði sýknaður af öllum kröfum aðaláfrýjanda í máli þessu og að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi aðaláfrýjanda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi seldi aðaláfrýjanda bifreiðina R 2156 hinn 30. janúar 1943. Hafði hann átt bifreiðina einungis í 3 daga, og er ekkert komið upp, er bendi til þess, að honum hafi þá verið kunnugt um galla á henni. Aðaláfrýjandi skoðaði bifreiðina, áður en hann keypti hana, og ók henni síðan í rúman mánuð. Það er ekki sannað, að hann hafi kvartað undan göllum á bifreiðinni fyrr en fyrst í marz 1943, er hann var krafinn um afborgun af söluverði bifreiðarinnar. Hinn 27. marz s. á. afhenti hann gagnáfrýjanda síðan bifreiðina, og var honum þá skilað aftur víxlum þeim, sem ógreiddir voru. Er sannað, að bifreiðin var þá í mun lakara ásigkomulagi en er hann fékk hana.

Samkvæmt því, er nú hefur verið rakið, og með vísun til 52. gr. laga nr. 39/1922 á aðaláfrýjandi ekki rétt á að rifta kaupið og krefjast endurgreiðslu þess hluta kaupverðs, er hann þegar hafði greitt, sbr. 57. gr. nefndra laga. Eigi er heldur unnt að dæma honum endurgreiðslu kaupverðs samkvæmt 36. gr. laga nr. 7/1936, þar sem hann skilaði bifreiðinni í lakara ásigkomulagi en hún var í, er hann fékk hana.

Er aðaláfrýjandi hinn 27. marz fékk gagnáfrýjanda bifreiðina í hendur, undirritaði hann yfirlýsingu, þar sem hann m. a. tók fram, að hann eigi enga frekari kröfu á hendur gagnáfrýjanda um greiðslu kaupverðs fyrir bifreiðina. Kveðst nafngreindur hæstaréttarlögmaður hafa samið yfirlýsingu þessa, og tjáir hann aðaláfrýjanda hafa undirritað hana í sinni viðurvist. Hvorki útlit skjalsins né annað bendir til þess, að staðhæfing aðaláfrýjanda um fölsun þess sé á rökum reist. Verður því ekki tekið mark á þeirri staðhæfingu hans, að yfirlýsingunni hafi verið breytt, eftir að hún var undirrituð.

Það leiðir þegar af þessari yfirlýsingu, að aðaláfrýjandi

getur ekki krafið gagnáfrýjanda um neinn hluta andvirðis þess, er gagnáfrýjandi fékk fyrir bifreiðina, eftir að aðaláfrýjandi hafði fengið honum hana í hendur.

Verður því að sýkna gagnáfrýjanda af kröfum aðaláfrýjanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Gagnáfrýjandi, Þórhallur Arnórsson, á að vera sýkn af kröfum aðaláfrýjanda, Kristjáns Guðmundssonar, í máli þessu.

Málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 1. apríl 1944.

Mál þetta, sem dómtekið var 20. f. m. hefur Kristján Guðmundsson, Ránargötu 44 hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 26. janúar þ. á. gegn Þórhalli heildsala Arnórssyni, Eiríksgötu 17 hér í bænum, til greiðslu á kr. 19000.00 eða annarri lægri fjárhæð að mati dómara, ásamt 6% ársvöxtum frá 31. marz 1943 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu.

Stefndur hefur krafizt sýknu og málskostnaðar.

Baldri Guðjónssyni, bifreiðarstjóra á Akureyri, hefur verið stefnt til réttargæzlu í máli þessu.

Málavextir eru þessir:

Með kaupsamningi, dags. 30. janúar f. á., seldi stefndur stefnanda fólksflutningsbifreiðina R 2156. Í samningi þessum var ekki skýrt kveðið á um kaupverðið, en aðiljar eru á einu máli um það, að verðið hafi numið kr. 31000.00 og að stefnandi hafi greitt kr. 18000.00 við afhendingu bifreiðarinnar. Eftirstöðvarnar, kr. 13000.00 auk vaxta skyldi greiða með 7 víxlum, en víxlar þessir voru þó eigi fullnaðargreiðsla, heldur var stefndum áskilinn eignarréttur að bifreiðinni, unz víxlarnir væru að fullu greiddir. Hinn 1. marz f. á. greiddi stefnandi kr. 1000.00 af fyrsta víxlinum, en gat eigi staðið í skilum um frekari greiðslur, og lauk skiptum aðiljanna með því hinn 27. s. m., að stefnandi „afsalaði" stefndum bifreiðinni gegn afhendingu víxla þeirra, er þá voru ógreiddir.

Yfirlýsing stefnanda um þetta var skráð á kaupsamninginn og hljóðar svo: „Ég, Kristján Guðmundsson bílstjóri, Ránargötu 44 í Reykjavík, lýsi hér með yfir því, að ég hér með afsala til Þórhalls

Arnórssonar, Eiríksgötu 17 í Reykjavík, ofangreindri fólksbifreið R 2156, gegn afhendingu víxla þeirra, er ég á nú ógreidda af kaupverðinu, enda hef ég í dag fengið þá víxla afhenta. Ég á enga frekari kröfu á hendur Þórhalli um greiðslu kaupverðs fyrir bifreiðina. Reykjavík, 27. marz 1943."

Stefnandi heldur því fram, að þegar hann afhenti stefndum bifreiðina, hafi hann krafizt þess, að sér yrði endurgreidd fjárhæð sú, er hann hafði þegar goldið af kaupverðinu. Hafi stefndur talið það sjálfsagt, en óskað þess, að skorið yrði úr því atriði með dómi, til þess að stefndur gæti síðan krafizt endurgreiðslu af fyrrnefndum Baldri, er seldi honum bifreiðina hinn 27. jan. f. á. Kveðst stefnandi hafa orðið við þessum tilmælum stefnds, enda hafi hann skilið stefndan svo, að hin væntanlegu málaferli væri aðeins formsatriði og því óhætt að undirrita áðurgreinda yfirlýsingu, en í henni hafi síðari setningin ekki verið, er yfirlýsingin var undirrituð. Litur hann svo á, að stefndur hafi fallizt á, að kaupin gengju til baka, og sé því skyldur til endurgreiðslu þess hluta kaupverðsins, er hann hafi veitt viðtöku, auk þess sem hann skírskotar í því sambandi til 35. og 36. gr. laga nr. 7 1936.

Í annan stað byggir stefnandi kröfur sínar á því, að bifreiðin hafi verið haldin leyndum göllum svo verulegum, að hann hafi haft heimild til riftunar kaupanna og kröfu til endurgreiðslu kaupverðsins, eða a. m. k. afsláttar, er næmi þeirri fjárhæð, er hann hafði þegar greitt. Byggir stefnandi þessa staðhæfingu á vottorðum bifreiðaviðgerðarmanna, er önnuðust fyrir hann aðgerðir á bifreiðinni. Til aukins stuðnings hefur stefnandi og aflað sér vottorða samverkamanna sinna í bifreiðastöðinni Geysi og stöðvarstjórans um það, að þeir hafi orðið þess varir, að mjög illa gekk að koma bifreiðinni af stað, einkum að morgni dags, og að jafnaðarlega hafi þurft að veita stefnanda aðstoð með því að draga hana í gang.

Stefndur hefur eindregið mótmælt því, að nokkrir þeir gallar hafi verið á umræddri bifreið, er rökstutt geti dómkröfur stefnanda, og byggir hann sýknukröfu sína í fyrsta lagi á því.

Af vottorðum bifvélavirkja þeirra, er áður getur, er ljóst, að bifreiðin var mjög skemmd, er stefnandi lét hana af hendi. Grind hennar var sprungin á þrem eða fleiri stöðum, og hreyfillinn svo mjög brotinn og skemmdur, að vafasamt þótti, hvort hægt væri að gera við hann. Hins vegar er ekki nægjanlega sannað gegn eindregnum andmælum stefnds, að skemmdir þessar hafi orðið á bifreiðinni, áður en stefnandi tók hana til afnota, enda þykja skýrslur um ástand hennar fyrir þann tíma ekki til þess fallnar að styðja þá staðhæfingu stefnanda. Stefnandi, sem hefur meira bifreiðarstjórapróf, hefur í kaupsamningi þeim, er áður greinir, lýst yfir því, að hann hafi kynnt sér ástand bifreiðarinnar og

kaupi hana í því, og gegn mótmælum stefnds hefur honum ekki tekizt að sanna, að hann hafi hreyft athugasemdum út af ástandi bifreiðarinnar, fyrr en stefndur hófst handa um að taka hana aftur. Verður því ekki talið, að unnt sé að taka kröfur stefnanda til greina á þessum grundvelli.

Þá hefur stefndur og haldið því fram, að skipti aðiljanna hinn 27. marz f. á. hafi alls ekki verið byggð á því, að kaupin gengju til baka, þannig að hann hafi samþykkt að endurgreiða stefnanda afborganir hans af kaupverðinu. Kveður stefndur hina réttu sögu málsins þá, að er stefnandi komst í vanskil, hafi hann kosið að fara eftir því ákvæði kaupsamningsins, er heimilaði honum, er hann hefði látið taka bifreiðina af stefnanda, að halda henni sem greiðslu eftirstöðvanna. Samkomulag aðiljanna hafi verið valið sem fljótari og kostnaðarminni leið en bein fógetagerð til vörzluskiptanna. Samkvæmt ákvæðum kaupsamningsins eigi stefnandi því engan endurheimturétt kaupverðsins, enda hafi hann undirritað yfirlýsingu þá, er áður getur, og hefur að geyma skýlaust afsal á frekari kröfum af hans hálfu á hendur stefndum um greiðslu kaupverðsins, enda sé það með öllu rangt, að umræddri setningu hafi verið bætt við eftir undirskrift yfirlýsingarinnar. Hins vegar hafi stefnanda að sjálfsögðu verið geymdur réttur til bóta úr hendi stefnds, ef það sannaðist, að hinn seldi hlutur hafi verið haldinn leyndum göllum, er salan til stefnanda fór fram.

Í 35. gr. laga nr. 7 frá 1936 segir svo: „Hafi maður lofað að greiða peninga eða annað í féviti, ef hann efnir eigi skuldbindingu, sem á honum hvílir, eða ef hann að öðru leyti vinnur eða lætur ógert eitthvert verk, þá má lækka það féviti, ef telja verður bersýnilega ósanngjarnt, að það verði greitt að fullu. Skal þá eigi aðeins taka tillit til þess tjóns, sem sá maður bíður, sem rétt á samkvæmt loforði þessu, heldur og til þeirra hagsmuna, sem hann að öðru leyti hefur af því, að verkið sé unnið eða látið ógert, og til annarra atvika málsins. Nú hefur slíkt féviti verið greitt fyrirvaralaust, eftir að það var áfallið, og verður það þá eigi aftur heimt samkvæmt þessari grein.“ Samkvæmt 36. gr. sömu laga skal beita ákvæðum 35. gr. eftir því, sem við á, ef svo hefur verið kveðið á í samningi, að verði samningnum rift vegna vanefnda annars aðilja, þá skuli hann hafa glatað rétti sínum til að heimta aftur það, sem hann hefur þegar greitt, eða hann skuli, þrátt fyrir riftun samningsins, inna af hendi greiðslu sína samkvæmt honum.

Eins og áður er lýst, var hið umsamda kaupverð bifreiðar þeirrar, er hér um ræðir, 31 þús. kr., og er ekki annað komið upp í málinu en að sú fjárhæð sé í samræmi við gangverð bifreiða á þessum tíma, í því ástandi, sem telja verður að bifreiðin hafi verið í samkvæmt framansögðu. Stefnandi hefur, eins og fyrr segir, greitt stefndum 19 þús. kr. upp í andvirði bifreiðarinnar,

en jafnframt er það staðhæft af stefnanda, án þess að því hafi verið nægjanlega mótmælt, að stefndur hafi selt bifreiðina, eins og hún var, er hann tók við henni af stefnanda, fyrir 15 þús. kr., þannig að hann hefur alls fengið kr. 34000.00 fyrir bifreiðina. Greiðslur þær, er stefnandi innti af hendi til stefnds samkvæmt framansögðu, fóru fram áður en þau atvik gerðust, er heimiluðu stefndum riftun samningsins, og þykir lokaákvæði 35. gr. laga nr. 7 frá 1936 því ekki eiga hér við. Með tilliti til framanritaðs getur það aftur á móti ekki talizt sanngjarnt, að stefndur fái andvirði bifreiðarinnar greitt með öllu því fé, sem áður segir, þannig að telja verður rétt að nota fyrrnefnda lagaheimild til endurheimtu kaupverðsins að hluta, og þykir þá eftir öllum atvikum rétt, að endurgreiðslan nemi kr. 3000.00. Endurgreiðsla fjár þessa þykir þó því aðeins eiga að koma til greina, að stefnandi synji fyrir það með eiði á lögmætan hátt, að setningin: „Á ég enga frekari kröfu á hendur Þórhalli um greiðslu kaupverðs fyrir bifreiðina", hafi verið í fyrrgreindri yfirlýsingu, er hann undirritaði hana, (sbr. 1. mgr. 163. gr. laga nr. 85 frá 1936). Vinni stefnandi þann eið, ber stefndum að greiða honum fyrrnefnda fjárhæð, kr. 3000.00, ásamt 5% ársvöxtum frá 31. marz 1943 til greiðsludags svo og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 450.00. Verði stefnanda hins vegar eiðfall, þykir bera að sýkna stefndan af öllum kröfum hans, en málskostnaður falli þá niður.

Árni Tryggvason settur borgardómari kvað upp dóm þenna. Nokkur dráttur hefur orðið á uppsögn hans og stafar af embættisönnum.

Því dæmist rétt vera:

Ef stefnandi, Kristján Guðmundsson, synjar þess með eiði á varnarþingi sínu eftir löglegan undirbúning innan aðfararfrests í máli þessu, að fyrrnefnd setning hafi verið í framangreindri yfirlýsingu, er hann undirritaði hana, þá greiði stefndur, Þórhallur Arnórsson, stefnanda kr. 3000.00 með 5% ársvöxtum frá 31. marz 1943 til greiðsludags og kr. 450.00 í málskostnað.

Verði stefnanda hins vegar eiðfall, skal stefndur vera sýkn af öllum kröfum hans, en málskostnaður falli niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 30. maí 1945.

Nr. 149/1944. **Réttvísin og valdstjórnin** (Guðmundur Í. Guðmundsson)
gegn
Jóni Gunnarssyni (Einar B. Guðmundsson)
og
Sveini Benediktssyni (Guttormur Erlendsson).

Refsað fyrir meinyrði um lögreglumenn og óheimila veitingu og neyzlu áfengis í veitingahúsi.

Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða dóm hefur upp kveðið Guðmundur Hannesson, bæjarfógeti á Siglufirði.

I. Ákærði Jón Gunnarsson.

Að kvöldi þess 26. ágúst 1944 og þá fram eftir nóttu var ákærði staddur ásamt nokkrum gestum sínum í veitingahúsinu Hótel Hvanneyri á Siglufirði. Hefur ákærði kannazt við, að hann hafi þá, án þess að hafa aflað sér vínveitingaleyfis, neytt sjálfur áfengis og veitt öðrum áfengi í veitingasalnum. Varðar þessi verknaður við 17. gr. laga nr. 33/1935.

Inni í veitingasalnum veittist drukkinn maður að ákærða og laust hann andlitshögg. Er ákærði nokkru síðar var á förum heim til sín, varð hinn drukkni maður á vegi hans í gangi veitingahússins og gerði sig þá líklegan að ráðast að ákærða á ný og hafði í frammi illyrði um hann. Þrír lögreglumenn voru þarna nærstaddir án þess að skerast í leikinn honum til verndar. Átöldu menn, er þarna voru viðstaddir, þetta aðgerðaleysi lögreglumannanna. Lét ákærði þá orð þau falla, sem hann er sóttur til refsingar fyrir. Þó að svo væri ástatt, sem hér var lýst, réttlætir það ekki ummælin að fullu, og verður ákærði að sæta refsingu fyrir þau eftir 108. gr. laga nr. 19/1940. Hins vegar þykir hann ekki hafa unnið til refsingar samkvæmt 70. gr. lögreglusamþykktar Siglufjarðar nr. 82/1929. Telst refsing ákærða samkvæmt 37. gr. laga nr. 33/1935 og 108. gr. laga nr. 19/1940 sbr. 77. gr. sömu laga hæfilega ákveðin 300 króna sekt til

ríkissjóðs, og komi í stað hennar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, varðhald 10 daga.

II. Ákærði Sveinn Benediktsson.

1. Honum er í fyrsta lagi gefið það að sök, að hann hafi farið inn í veitingahús á Siglufirði eftir lokunartíma þess aðfaranótt 20. ágúst 1944 og með því gerzt sekur við ákvæði 71. gr. lögreglusamþykktar Siglufjarðar nr. 82/1929. Fór þar þá fram dansleikur, og verður ekki séð, að veitingamaður né þeir, sem stóðu að dansleiknum, hafi amazt við komu hans né veru hans þar. Þykir því bresta heimild til að refsa ákærða fyrir brot á ákvæðum nefndrar greinar.

2. Er ákærði Jón Gunnarsson hafði mælt þau orð í garð lögreglumannanna, sem í héraðsdómi greinir, greip Þórður Ásgeirsson lögreglumaður í hægri öxl Jóns og ýtti honum eða hratt niður í stigann. Kveður ákærði Sveinn, að sér hafi þá virzt Þórður vera að henda Jóni niður stigann. Kveðst hann þá hafa gripið báðum höndum um Þórð, til þess að draga úr sveiflunni. Hvorki urðu Þórður né hinir lögreglumennirnir varir við þetta tak Sveins og telja það ólíklegt, en tvö vitni kveðast hafa séð það, og styðja þau þá frásögn Sveins, að hann hafi gripið um Þórð til að afstýra því, að Jón hrasaði niður stigann. Verður ekki talið, að ákærði hafi með þessu gerzt sekur við ákvæði 106. gr. laga nr. 19/1940.

3. Þá er ákærða Sveini gefið það að sök, að hann hafi í framhaldi af ofangreindum skiptum þeirra Þórðar farið á eftir honum niður stigann ásamt tveimur nafngreindum mönnum í því skyni að ráðast á Þórð. En ekki eru með skýrslum þeim, sem fram eru komnar í málinu, leiddar sönnur að því, að ákærði hafi gert nokkra tilraun til slíkrar árásar, og verður því að sýkna hann af þessum kærulið.

4. Næst verður það, að ákærði Sveinn, er hann var á útleið neðst í stiganum, hefur þau orð við Þórð, að framferði hans muni verða kært, og tjá vitni, að Sveinn hafi þá sagt, að þetta skyldi verða hans „banabiti". Ákærði segir, að verið geti, að hann hafi viðhaft þetta orð, en þá auðvitað átt við það, að Þórður yrði rekinn úr lögreglustarfi sínu. Verður og orðið, eins og á stóð, ekki skilið á annan veg.

Framferði Þórðar þykir ekki hafa verið með þeim hætti, að það réttlæti að fullu þessi ummæli ákærða, sem varða við 108. gr. laga nr. 19/1940.

5. Á dómþingi 9. september 1944 var lesinn upp framburður Friðriks Sveinssonar lögreglumanns, og lýsti Sveinn hann ósannan og barði um leið í borðið. Kvaðst Friðrik þá geta unnið eið að honum, en ákærði svaraði því til, að vitnið færi þá til helvítis. Eru þetta meinyrði, sem ákærði hafði ekki ástæðu til að viðhafa, og varða þau við 108. gr. laga nr. 19/1940. En högg það í borðið, er að framan greinir, varðar ekki við almenn hegningarlög. Þykir refsing ákærða eftir málavöxtum hæfilega ákveðin 100 króna sekt í ríkissjóð, og komi 5 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Um greiðslu sakarkostnaðar athugast, að rannsókn málsins og meðferð þess í héraði hefur orðið að miklum mun víðtækari og umfangsmeiri en smábrot þau, sem ákærðu eru sakaðir um, gáfu efni til. Þykja ákærðu því ekki eiga að bera annan sakarkostnað en hér segir. Ákærði Jón Gunnarsson greiði ⅓ hluta launa skipaðs talsmanns síns í héraði, er ákveðast kr. 300.00, og ⅓ hluta málflutningslauna skipaðs verjanda síns í hæstarétti, er ákveðast kr. 1200.00. Ákærði Sveinn Benediktsson greiði ⅓ hluta þóknunar talsmanns síns í héraði, er ákveðst kr. 300.00, og ⅓ hluta málflutningslauna skipaðs verjanda síns í hæstarétti, er ákveðast kr. 1200.00. Allur annar kostnaður sakarinnar í héraði og fyrir hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda fyrir hæstarétti, kr. 1500.00.

Ákvæði héraðsdóms um sekt á hendur talsmanni ákærða Sveins Benediktssonar í héraði staðfestast.

Rannsókn máls þessa í héraði hefur orðið miklu umfangsmeiri en efni stóð til, og ýmsum atriðum, sem ekki vörðuðu málið, blandað inn í hana. Dómari hefur og haft þann óhæfilega hátt á rannsókninni að bóka eftir vitnum sóknarræður í stað þess að yfirheyra þau um þau atriði, er máli skiptu. Þá hefur og dómarinn lagt fram skjöl og haldið próf, er talsmanni ákærða Sveins Benediktssonar var ekki gefinn kostur á að sjá. En ekki þykir ástæða til að ómerkja

héraðsdóminn vegna þessa, þar eð skjöl þessi og próf ráða engu um úrslit málsins. Loks setti og dómari heimildarlaus skilyrði fyrir því, að máli ákærða Jóns Gunnarssonar yrði lokið með réttarsætt. Verður að víta þetta.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Jón Gunnarsson greiði 300 króna sekt í ríkissjóð, en sæti varðhaldi 10 daga, ef sektin er ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Sveinn Benediktsson greiði 100 króna sekt í ríkissjóð, en sæti varðhaldi 5 daga, ef sektin er ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sekt talsmanns ákærða Sveins Benediktssonar í héraði, hæstaréttarlögmanns Gottorms Erlendssonar, á að vera óraskað, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Málsvarnarlaun skipaðs talsmanns ákærða Jóns Gunnarssonar í héraði, Jóns Jóhannessonar, ákveðast kr. 300.00, og málflutningslaun skipaðs verjanda hans í hæstarétti, hæstaréttarlögmanns Einars B. Guðmundssonar, ákveðast kr. 1200.00. Af þessum fjárhæðum greiði ákærði Jón Gunnarsson ⅓ hluta, kr. 500.00.

Málsvarnarlaun skipaðs talsmanns ákærða Sveins Benediktssonar, Guttorms Erlendssonar hæstaréttarlögmanns, ákveðast í héraði kr. 300.00 og í hæstarétti kr. 1200.00. Af þessum fjárhæðum greiði ákærði Sveinn Benediktsson ⅓ hluta, kr. 500.00. Allur annar kostnaður sakarinnar bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmanns Guðmundar Í. Guðmundssonar, kr. 1500.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Siglufjarðar 28. október 1944.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar og réttvísinnar hálfu höfðað gegn Jóni Gunnarssyni framkvæmdarstjóra, Siglufirði, fyrir að hafa aðfaranóttina 27. ágúst s. l. neytt áfengis og veitt án vinveitingaleyfis í veitingastofu í Hótel Hvanneyri, Siglufirði, og með því gerzt brotlegur gegn 17. gr. áfengislaganna.

Þá er og mál þetta höfðað gegn fyrrgreindum kærðum fyrir að hafa haft þau skammaryrði við lögregluna: „lögregla Siglufjarðar hefur verið einkisvirði og er það enn", og að kærður með því hafi gerzt sekur um ofsalegt atferli og hávaða samkvæmt 70. gr. lögreglusamþykktar Siglufjarðar og 108. gr. hegningarlaganna.

Með sömu stefnu er af valdstjórnarinnar og réttvísinnar hálfu höfðað mál gegn Sveini Benediktssyni, formanni stjórnar Síldarverksmiðja ríkisins, til heimilis í Reykjavík, fyrir að hafa aðfaranótt 20. ágúst s. l. í óleyfi farið inn á dansleik í Hótel Hvanneyri eftir lokunartíma og fyrir að hafa með því gerzt brotlegur gegn 71. gr. lögreglusamþykktar Siglufjarðarkaupstaðar og fyrir að hafa nóttina þ. 27. ágúst s. l. gert tilraun til þess að hindra Þórð Ásgeirsson lögregluþjón í starfi og í áheyrn fjölda fólks haft í frammi við Þórð Ásgeirsson ofsalegt framferði og hávaða, er greindur lögregluþjónn var að vinna störf sín, og með því virzt hafa gerzt brotlegur gegn 106. gr. og 108. gr. hegningarlaga, og fyrir í lögreglurétti Siglufjarðar að hafa haft við lögregluþjón Friðrik Sveinsson, er lýst hafði yfir því, að hann vildi sverja framburð sinn, þau skammaryrði, að vitnið færi til helvítis, ef það særi framburð sinn, og í því sambandi haft í frammi ofsalegt og móðgandi framferði í réttinum með því að berja bylmingshögg í borðið, sem dómarinn sat við, og líka með þessu hafa gerzt brotlegur við 108. gr. hegningarlaganna.

Þá er og báðum kærðum stefnt til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Kærður Jón Gunnarsson hefur krafizt, að dómarinn víki sæti.

Í fyrsta lagi af því, að sami maður sem sé dómari hafi ráðið Þórð Ásgeirsson sem lögregluþjón, en Þórður hafi bíðdóm og hafi hrint sér niður stiga á Hótel Hvanneyri. Dómarinn hafi því eigi óvilhalla afstöðu til þess að dæma verk slíks lögregluþjóns, heldur sé ástæða til þess að ætla, að dómarinn haldi hans taum.

Í öðru lagi af því, að eftir framburði eins vitnis hafi áfengisneyzla farið fram í danssal, þar sem dómarinn hafi verið viðstaddur „við og við", en hann „látið afskiptalaust".

Um útnefningu Þórðar ber að líta á, að biðdómur Þórðar var eldri en 5 ára, er hann var ráðinn lögregluþjónn, og hafði, áður en hann var ráðinn í sumar, verið lögregluþjónn hjá 2 lögreglustjórum og hjá þeim getið sér hinn bezta orðstír. En jafnvel þótt aðfinnsluvert hefði þótt, að dómarinn hefði ráðið Þórð sem lög-

regluþjón, þá væri þar fyrir engin skynsamleg ástæða fyrir dómara að halda taum lögregluþjóns, er líkt stæði á fyrir, heldur jafnvel þvert á móti.

Að því er snertir vitnisburð eins vitnis um, að áfengisneyzla hafi átt sér stað í danssal, þar sem dómarinn hafi verið viðstaddur „við og við", en hann „látið áfengisneyzluna afskiptalausa", þá virðist tilvísun til þess ekkert samband geta átt við viðhorf dómarans til þessa máls.

Það, að dómari, sem er að skemmta sér við spil utan danssals, komi í danssalinn, — jafnvel „við og við" — og verði ekki var við áfengisneyzlu í danssalnum — frekar en ýmsir aðrir, sem voru alltaf í danssalnum og hafa borið, að þeir hafi ekki orðið varir áfengisneyzlu í danssalnum, ætti torveldlega að geta haft áhrif á viðhorf dómarans til áfengisneyzlu kærðs í veitingasal, sem bæði hefur verið kært yfir og játuð af sakborning sjálfum. Verður því að telja, að engin ástæða sé fyrir dómarann að víkja sæti fyrir kröfur kærðs Jóns Gunnarssonar og talsmanns hans.

Talsmaður kærðs Sveins Benediktssonar gerir kröfur til þess, að málshöfðun verði látin niður falla, en því næst, að „dómarinn eigi að víkja sæti í málinu".

Fyrir þessari kröfu sinni tilfærir hann sem ástæður:

1. Að í málinu hafa ekki verið leidd sem vitni kona Jóns Gunnarssonar, Njáll Þórðarson, skipstjóri á m/b Fylki, og Júlíus Þórðarson. Júlíus Þórðarson er af 3 lögregluþjónum, þar á meðal 2 eiðfestum, talinn hafa verið áberandi ölvaður. Framburður hans er því þýðingarlaus fyrir kærða. Auk þess er Júlíus kærður.

   Njál Þórðarson vill talsmaður láta bera um þá sök kærðs, að hann hafi án leyfis farið inn á dansleik eftir lokunartíma. Sú sök er fullsönnuð í málinu, svo sem sýnt mun verða, og þessi maður meðsekur kærðum um það. Konu Jóns Gunnarssonar vildu kærður Jón Gunnarsson og Sveinn Benediktsson ekki leiða, er dómarinn spurði þá að því, en taldi framburð hennar ósennilegan til þess að geta haft þýðingu fyrir málið, að ástæða væri til þess, að dómarinn léti leiða hana gegn vilja manns hennar.
2. Þórði lögregluþjóni sé „gefið tækifæri til þess að kynna sér réttarbókina utan réttar". Þetta er alveg tilhæfulaus fullyrðing. Dómarinn ætlaði að láta Þórð bera fyrir sig bókina og ætlaði að verða samferða niður á varðstofu frá Hótel Hvanneyri. Í rannsókninni hefur verið upplýst, að Þórður bar bókina aldrei lengra en niður stigann á Hótel Hvanneyri og út fyrir dyrnar, þar sem dómarinn tók við bókinni, og var í samfylgd með dómaranum þenna spöl og fékk ekkert tækifæri til að kynna sér réttarbókina.

3. Yfirheyrslurnar á lögregluþjónunum séu lögleysur. Þeir séu látnir koma fyrir lögregluréttinn hvað eftir annað og ekki aðeins gefa skýrslur um málsatvik, heldur látnir koma fram með sóknarræður, og dómarinn láti hafa sig til þess að bóka þær. Það ætti nú út af fyrir sig ekki að teljast lögleysa, er varðaði ógildingu málshöfðunar, þótt lögregluþjónarnir væru „hvað eftir annað látnir koma fyrir rétt, en auk þess mun með hverju móti þeirra eitthvert málsatvik hafa skýrzt betur en áður. Það er kærður Sveinn Benediktsson, sem með árás sinni á vitnið Friðrik Sveinsson í réttarhaldinu 9. september gefur tilefni til þess, að vitnið Friðrik Sveinsson fær bókað, og líka sú fullyrðing kærðs í réttarhaldinu 12. sept., að sú hætta sé á, að vitnið Friðrik Sveinsson beri í brjósti óvild til sín og meðkærðs (Jóns Gunnarssonar) vegna þess að bróður vitnisins hafi verið vikið úr starfi við SR. vegna drykkjuskapar hans. Bókun vitnisins Friðriks Sveinssonar snýst um, að hann beri enga óvild til hinna kærðu útaf brottvikningu bróður hans, sem vitnið telur sjálfsagða, þótt fyrr hefði verið, og fer ýtarlega út í það atriði og út í ummæli kærðs í réttarhaldinu 9. sept. s. l. um að vitnið færi til helvítis, ef það særi. Þar sem þessi árás kærðs var líka persónuleg árás á vitnið, verður að telja það enga „lögleysu", þótt vitnið fái bókun út af þessari árás og sé leyft í réttinum að krefjast þess, „að tekið verði fyrir í opinberu máli", „hvort eigi beri að sekta Svein Benediktsson fyrir framkomu sína", o. fl. þessu viðvíkjandi. Þetta kallar talsmaðurinn „sóknarræður" vitna, sem leiða eigi til ógildingar málsins. Verður eigi séð, að slík krafa sé að nokkrum rökum hjá talsmanninum. Nú verður það að teljast æskileg upplýsing í málinu og því alls ekki óviðkomandi, bæði hvernig vitnið tekur því, að gefið sé í skyn, að hann kynni að vera óvildarmaður hinna kærðu, og hvernig hann tekur árás kærðs 9. sept. á vitnið.

Það getur ekki talizt sóknarræða, þótt viðhorf vitnisins til brottrekstrar bróður vitnisins upplýsist, og það virðist ekkert við opinberan rekstur máls að athuga, þótt vitni fái að lýsa aðstöðu sinni til brottrekstrar bróður síns og þeirra manna, sem gefið er í skyn, að vitnið kunni að vera óvildarmaður.

Þótt það að vísu hafi engin áhrif á spurninguna, hvort framkoma kærðs (S. B.) 9. sept. sé saknæm eða ekki, þá hefur það jafnan nokkur áhrif á sektarupphæðina, hvernig sá, sem sérstaklega er misgert við, tekur afbrotinu, hvort hann vill fyrirgefa það og láta sinn rétt niður falla eða hvort hann krefst refsingar að lögum, þótt viðhorf vitnisins til þessa sakaratriðis kærðs engin áhrif geti haft á sjálft refsinæmi framferðis kærðs, hlaut það ekki að vera þýðingarlaust fyrir refsihæðina. Bókun

vitnisins út af þessum atriðum er því ekki eins óviðkomandi málinu, eins og talsmaður vill vera láta, og engan veginn það „einsdæmi", er leiða ætti til ógildingar málsins, jafnvel þótt bókunin hefði verið óþörf, sem nú virðist ekki vera.

4. Lögregluþjónn Jóhannes Þórðarson og Friðrik Sveinsson séu vilhöll vitni, og sé þá sönnun fyrir broti kærðra ekki fyrir hendi og eigi málssóknin því að falla niður. Jóhannes sé bróðir Davíðs Þórðarsonar, er slegið hafi til Jóns Gunnarssonar inni í danssal. Eigi verður séð, hvers vegna Jóhannes af þeim atburði á að vera óbær að vitna um aðra atburði, sem Davíð bróðir hans á enga hlutdeild í eða verður gefið að sök. Um vitnið Friðrik Sveinsson er áður rætt. Að hann sé óvildarmaður kærðra af því að þeir hafi látið reka bróður hans frá starfi vegna drykkjuskapar hans verður af engu ráðið. Vitnið telur frávikningu bróður síns sjálfsagða. Það verður því eigi talið, að umrædd vitni séu ekki fullgild, og álízt því rétt, að málshöfðun geti því eigi fallið niður vegna þess, að eigi megi á framburði þeirra byggja.
5. Hlutdrægnin í meðferð málsins ætti að leiða til þess að áliti talsmanns kærðs Sveins Benediktssonar, að málssókn félli niður eða dómarinn víki sæti. Þetta er auðvitað sjálfsagt, ef um hlutdrægni er að ræða. Talsmaðurinn segir: „Þeir, sem telja sig hafa ákæruvaldið á Siglufirði, eru mjög hlutdrægir." Það er eigi vitað fyrir víst, hvort talsmaðurinn með þessu á við lögregluna eða dómarann, nema hvorttveggja sé, sem dæmin helzt benda til.

„*Ákæruvaldið*" virðist ekki vera nema hjá dómaranum, er getur ákveðið, hvort höfða eigi opinber mál, en lögreglan hefur ekkert ákæru„*vald*". Hún getur kært hvern mann, er hún telur brotlegan, eins og hver borgari getur gert.

Þessu til sönnunar tilfærir svo talsmaðurinn eftirfarandi dæmi:

a. *Júlíus Þórðarson* hafi eftir framburði lögreglunnar tekið utan um lögregluþjón Þórð Ásgeirsson og verið ölvaður eftir framburði lögreglunnar. Hvers vegna sé hann ekki kærður. Dómarinn getur þess, að lögreglan hefur kært mann þenna, en er dómarinn ætlaði að fá hann í rétt, var hann veikur talinn, og er dómarinn ætlaði litlu síðar að ná í hann, var hann farinn úr lögsagnarumdæminu. Dómarinn taldi þá bezt að ljúka máli þessu áður en hann framsendi kæruna ásamt útskrift úr þessu máli, er máli skipti fyrir Júlíus Þórðarson.
b. Talsmaður kærðs spyr um, hvers vegna Björn Gottskálksson sé ekki kærður.

Björn Gottskálksson ætlaði dómarinn að hafa í fram-

haldsrannsókn, en hann fór héðan áður en það færi fram, og hætti dómarinn þá við að láta þessa málshöfðun ná til hans, heldur höfða sérstakt mál gegn honum, eins og Júlíusi Þórðarsyni.

c. Talsmaður kærðs spyr um, hvers vegna Davíð Þórðarson, sem hafi slegið til Jóns Gunnarssonar, hafi ekki verið kærður. Rannsókn málsins ber það með sér, að lögreglan vissi ekkert um það fyrr en eftir að kærðir höfðu borið það fyrir rétti. Síðan hefur dómarinn yfirheyrt Davíð Þórðarson og sektað án kæru. Þá spyr talsmaður kærðs, hvers vegna að

d. *Njáll Þórðarson*, skipstjóri á Fylki, sem fór í óleyfi með kærðum Sveini Benediktssyni inn á dansleik eftir lokunartíma, hafi ekki verið kærður. Kærandinn telur, að það hafi verið bæði af því, að hann vissi ekki, hvað maðurinn hét, en auk þess hafi Njáll þá legið veikur á Húsavík.

Þá spyr talsmaðurinn, hvers vegna dómarinn

e. leitaði upplýsinga hjá lögreglustjóra í Keflavík og Akranesi, en ekki í Rvk. Hvers vegna sé dómarinn „að reyna að breiða yfir", að Þórður hafi hlotið biðdóm í Rvk vegna afbrota sinna, sem dómaranum muni kunnugt um. 13. sept. sendir dómarinn símskeyti til Rvk um að fá afrit af biðdómi Þórðar lögregluþjóns, fær afritið, sem lagt er fram í þessu máli. Að vísu vissi talsmaðurinn ekki um, að dómarinn hefði reynt 13. sept, s. l. að afla afrits af biðdómnum, en talsmanni heimilar það ekki að bera dómara á brýn, að hann sé „að reyna að breiða yfir þetta", því að með þeim orðum er dómara borin hlutdrægni á brýn. Þótt afrit af dómnum hefði ekki verið lagt fram í málinu, hefði það getað stafað af allt öðrum ástæðum en að dómarinn vildi „reyna að breiða yfir þetta."

Svo klykkir talsmaðurinn út á eftir dæmum sínum og segir: „Allt þetta sýnir, að ákæruvaldinu er beitt með dæmafárri hlutdrægni", „kærurnar einungis bornar fram í því skyni að draga athyglina frá afglöpum lögreglunnar". Dómarinn lítur svo á, að hin tilvitnuðu ummæli talsmannsins um hlutdrægni sé ósæmilegur málflutningur, er varði talsmanninn, hrm. Guttorm Erlendsson, sekt, er álízt hæfileg 60 kr., er greiðist í ríkissjóð, til vara sæti talsmaðurinn, hrm. Guttormur Erlendsson, 2ja daga varðhaldi, ef sektin er eigi greidd innan mánaðar frá lögbirtingu dómsins.

Hins vegar virðist dómaranum það áfátt hjá lögreglunni, að hún skyldi ekki hefja rannsókn um allan danssalinn eftir tómum vínflöskum, er hún tók og taldi flöskurnar undan borði Jóns Gunnarssonar, þótt hótelstjóri gæfi lögreglunni sérstakt tilefni til athugunar þess borðs, eins og rannsókn málsins greinir. En

þar fyrir þarf það ekki að stafa af hlutdrægni, eins og talsmaðurinn vill vera láta, en að þetta gefi heldur ekki tilefni til þess að láta málshöfðun niður falla.

6. Kærðir séu sóttir til sakar eftir ákveðnum *lagagreinum* hegningarlaganna, en ekki eftir ákveðnum *köflum* hegningarlaganna, eins og venja sé til. Telur talsmaðurinn eftir lagaskýring sinni það vera aðfinnsluvert, sem eftir framsetningu hans að dæma virðist eiga að styðja þá kröfu hans, að málshöfðun eigi að falla niður og þá helzt fyrir, að hún sé ólögleg. Við a. m. k. 3 norræna háskóla er þeirri kenning haldið á lopti, að réttara sé að tilgreina sök kærðs svo greinilega sem frekast er unnt, svo að taki til ákveðinna lagagreina, en láta sér ekki nægja að vísa til kafla laganna eingöngu. Við þetta embætti hefur þessari reglu, að vísa til ákveðinna lagagreina, ávallt verið fylgt í opinberum stefnum og hæstiréttur aldrei fundið að, og henni mun víða fylgt við héraðsdómana í landinu, þótt dómsmálaráðuneytið hafi almennt fylgt hinni reglunni — þó ekki alltaf — og fyrir 1904 var lagagreinareglunni jafnan fylgt af háyfirvöldunum á Íslandi þá. Lagagreinareglan er í þágu þeirra sakbornu, kaflareglan fremur þeim kærðu í óhag, en dómaranum til hagræðis, enda tekin upp sem hagræðisstefna fyrir ákæruvaldið. Það, að sök kærðra væri — eftir ætlun talsmannsins óþarflega — greinilega ákveðin til lagagreiningar, gæti að eðlilegum rökum torveldlega leitt til frávísunar máls eða niðurfellingu sakar, nema að því leyti, að hinir kærðu kynnu að verða fremur sýknaðir, sem sé ef hinn endanlegi dómur slægi föstu, að sökin heyrði ekki til hinna ákveðnu lagagreina, þótt hún heyrði undir aðrar lagagreinar sama kafla.

Dómarinn lítur því svo á, að ekki geti komið til mála, að fullyrðing talsmannsins um þetta efni eigi að hafa í för með sér, að málshöfðun falli niður.

Eru málavextir þeir, er nú skal greina:

A: Hjá Jóni Gunnarssyni:

Aðfaranótt 27. ágúst s. l. fer Jón Gunnarsson, framkvæmdarstjóri Síldarverksmiðja ríkisins, Siglufirði, inn á hótel Hvanneyri með 20 gesti og neytir þar 8 fleyga af whisky með 16 gestanna, án vínveitingaleyfis. Er hann hefur verið um stund, fer hann að dansa, en á meðan kemur einn maður, Davíð Þórðarson, sem átt hafði áður í útistöðum við Jón, að borði hans og til eins gestanna, er hann þekkti vel, og fór að tala við gestinn án þess þó að setjast hjá honum. Hefur Davíð Þórðarson síðar sagt, að hann hefði vegna fyrri deilna þeirra á milli, kærðs og hans, ekki komið að borðinu, ef hann hefði vitað, að það væri borð Jóns Gunnarssonar, en hafi engan séð við borðið nema mann þann, er hann gaf sig á tal við. Nú kemur kærður frá dansinum og að borðinu og segir

við gest sinn, er maðurinn var að tala við á þá leið, að hann óskaði, að maðurinn færi frá borðinu, en er kærður segir þetta, fær hann frá Davíð Þórðarsyni högg á ennið, og kenndi hann til. án þess að bólgnaði eða blóð kæmi. Gengu nú margir á milli, og varð ekki meira að áverkum. Kærður snýr sér þá til hótelstjóra og vill fá Davíð rekinn út úr danssalnum. En fær ekki aðgert. Hótelstjórinn segir kærðum, að þar sem hann hafi ekki verið sjónarvottur að viðureigninni, geti hann ekki látið reka manninn út, og virtist kærðum hafa gramizt þetta, svo sem og eðlilegt var. En við lögregluna, sem hafði vörð fyrir utan danssalinn, minntist hvorki kærður né nokkur annar á þetta. Dómarinn hefur við rannsókn máls þessa yfirheyrt manninn, er veitti kærðum ennishöggið, og sektað fyrir.

Kærður hefur sjálfur viðurkennt að hafa neytt áfengis inni í danssalnum, veitingasalnum, og veitt áfengi án vínveitingaleyfis úr 8 whiskíflevgum 16 gesta sinna. Hafi því alls í hóp þessum 17 manns, að meðtöldum kærðum, neytt áfengis ólöglega. Nú hefur kærður neitað að gefa upp nöfn gesta sinna, og þótt það sé að einu leyti mjög skiljanlegt, þá eykur það refsingu kærðs. Lágmarksrefsing þeirra, er neyta víns ólöglega í veitingasal — án þess að fyrir liggi vínveitingaleyfi — er 25 kr. samkvæmt 37. gr. áfengislaganna. Verður að telja, að miða verði sekt kærða við lágmarkssektir 16 neytenda, sem hann vill ekki nafngreina og með því torveldar því opinbera að hafa upp á og jafnvel útilokar að nokkru leyti. En telja verður, að sök þess, er bæði veitir og neytir áfengis, sé meiri en þess, er aðeins neytir. Og að veita 16 mönnum áfengi í veitingasal sé allmikið brot. Er hæfilegt að telja, að sekt sú, sem kærður með þessu athæfi sínu hafi unnið til, sé hæfilega ákveðin 500 kr. í Menningarsjóð, til vara skuli hann sæta 16 daga varðhaldi, ef sektin er eigi greidd innan mánaðar frá lögbirtingu dómsins.

Að lokum heldur kærður út úr danssalnum og ætlar af skemmtuninni og er nálægt stigaopinu, þar sem Þórður Ásgeirsson lögregluþjónn heldur vörzlu. Segir hann þá til Þórðar eða við Þórð, um leið og hann er kominn að því að stíga niður í stigann: „Lögregla Siglufjarðar hefur verið einskis virði og er það enn". Þegar hér er komið, er sakarferill kærðs úti, og hann gerir ekki meira af sér, en frá því, sem gerist næst þessu, verður sagt er greint verður frá málavöxtum hins sökunautsins, kærðs Sveins Benediktssonar. Þórður Ásgeirsson lögregluþjónn var þarna að gegna skyldustarfi sínu, lögregluvörzlu, og þótt útidyravarzlan, sem jafnframt er lögregluvarzla, væri ekki talin skyldustarf, sem þó er rétt að telja, þá eru ummæli kærðs Jóns Gunnarssonar *líka* skammaryrði *útaf* starfi lögreglunnar hér, sem er saknæmt eftir 108. gr. hegningarlaganna. Hér var fjöldi fólks samankomið, nokkrir, ef ekki

margir, undir áhrifum víns, þótt varla virðist hafa verið ölvaðir nema 2 þeirra.

Svona ögrun og aðkast til lögreglunnar er lagið til þess að æsa samkomugestina upp gegn lögreglunni, enda þótt full ástæða sé til þess að ætla, að þau séu ekki sögð í því skyni, heldur vegna gremju útaf óverðskuldaðri árás, er kærður varð fyrir inni í veitingasal og sett hefur kærðan útaf jafnvæginu. Kærðum átti samt að vera ljóst, að orð hans gátu haft allt önnur áhrif á fjöldann en hann ætlaðist til. Honum mátti og ljóst vera, að þau voru mjög ómakleg í garð lögreglunnar, ef þau voru útaf gremju vegna árásarinnar á kærðan í veitingasalnum, sem kærðum átti af viðtali við veitingastjóra að vera ljóst, að lögreglan vissi ekkert um eða a. m. k., að mjög ólíklegt væri, að hún vissi nokkuð um.

Kærður, sem kominn er á lögaldur sakamanna, hefur áður engri refsingu sætt.

Verður að telja, að refsing sú, sem kærður með þessu hafi unnið til, sé hæfilega ákveðin 400 kr. sekt í ríkissjóð, til vara 13 daga varðhald, ef sektin eigi er greidd innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærður hefur með miklum ákafa heimtað og sett í gang rannsókn um áfengisneyzlu í veitingasölum veitingahúsa í bænum. Þótt nokkurs áróðrar kenni við vottorðasmölun í þessu efni, hafa þó upp úr þessari rannsókn fengizt sannanir fyrir, að áfengisneyzla í pukri eigi sér stað í veitingasölum meira og minna. En þótt svo sé, hlýtur öllum, sem áfengis neyta í veitingasal, að vera ljóst, að hér sé um brot á áfengislögum að ræða, enda nokkrum sinnum á undanförnum árum sektað fyrir slíkt brot.

Brot kærðs verður ekkert minna fyrir það, þótt aðrir brjóti líka. Er það misskilningur einn, að slíkt geti leitt til sýknu kærðs, eins og hann og talsmaður hans virðist ganga út frá, þótt aðrir fremji líkt lagabrot. Virðist þó veiting áfengis hjá kærðum í veitingasal í svo stórum stil, er raun á varð, taka fram öðrum brotum, sem upplýst er orðið um við rannsóknina.

B: Hjá Sveini Benediktssyni:

1. *Eftir framsetningu kærðs sjálfs:*

a: Hann hafði aðfaranótt 20. ágúst s. l. farið inn á dansleik á Hótel Hvanneyri með mann og eftir lokunartíma án leyfis lögreglunnar, en með leyfi hótelstjórans. Við framhaldsrannsókn í málinu hefur hótelstjórinn neitað því að hafa leyft honum inngöngu, og kærður að mestu fallið frá þeirri staðhæfingu. Lögreglan hafi hleypt honum inn um útidyr hótelsins, enda geti verið, að hann hafi sagt við lögregluna, sem hafði vörð við útidyrnar: „við búum hér", eins og lögreglan, sem hélt vörð við útidyrnar, heldur fram. Talsmaður kærðs heldur fram, að lögreglan viðurkenni að hafa

leyft honum að fara inn á dansleikinn, en það á enga stoð í rannsókn málsins.

b: Þegar kærður Jón Gunnarsson gengur að stigaopinu og segir hjá Þórði Ásgeirssyni hin fyrrgreindu orð undir A: „Lögregla Siglufjarðar hefur verið einskis virði og er það enn", þá þrífi Þórður Ásgeirsson lögregluþjónn í Jón Gunnarsson um leið og hann kalli: „Út og niður með hann", og hafi kærðum virzt, að Þórður lögregluþjónn væri að hrinda Jóni niður stigann, en þá grípi kærður, sem var þá í 1. og 2. þrepi stigans — að hann fullyrðir, en kemur í bág við framburð 2ja eiðfestra lögregluþjóna — *báðum höndum utan um Þórð lögregluþjón,* undir hendur honum, og stöðvist þá að mestu leyti „sveiflan, sem Þórður setti á Jón, er hann var að hrinda honum niður stigann, svo að Jón staðnæmdist í beygju, sem er um miðjan stigann." Kærður og Þórður lögregluþjónn hafi dregizt niður stigann um 2—3 þrep „við það að kærður" „tekur utan um Þórð", en þá sleppi kærður „takinu á Þórði". „En þegar niður í beygju stigans kemur, snéri Þórður sér við, tekur upp kylfuna og ætlar að berja Jón og Svein með kylfunni."

„Ekki tæki" kærður „eftir því, að Þórður segði þá neitt". Kærður gangi svo niður stigann og segi við Þórð lögregluþjón, „að þetta framferði hans myndi verða kært" og myndi kosta það, að hann yrði rekinn úr lögreglunni, en kærður muni ekki til að hafa viðhaft þau orð, er kæran greini, en þó geti verið, að hann hafi viðhaft orðið „banabiti", og þá átt við í lögreglustarfi Þórðar.

Kærður kveðst hafa gripið utan um Þórð lögregluþjón til þess að verja Jón Gunnarsson falli og þannig fyrirbyggja slys.

d: *Þá viðurkennir mættur* í réttarhaldi 9. sept. við rannsókn málsins að hafa *barið bylmingshögg í borðið, sem dómarinn sat við, og sagt, að vitnið færi til helvítis, ef það særi framburð sinn.*

2. *Eftir framburði lögregluþjónanna:*

a: Samkvæmt kæru lögregluþjóns Jóhannesar Þórðarsonar hefur kærður aðfaranótt 20. ágúst s. l. farið inn á dansleik eftir lokunartíma og í óleyfi (og virðist heldur ekki hafa greitt aðgangseyri). Hann bjó ekki á hótelinu eða maðurinn, sem með honum var, en lögreglan hleypti honum inn um ytri dyr hótelsins (— ekki inn í danssalinn —) af því að hann sagði: við búum hér. Kærður viðurkennir, að vel geti verið, að hann hafi viðhaft þessi orð, — en að visu segir hann — til þess að lægja óánægju þeirra, er fyrir utan voru og vildu komast inn. Verður því að telja sennilegt, að þessi

orð hafi fallið, en hvað sem þeim líður, er það a. m. k. óyggjanlegt, að kærður hafi eftir lokunartíma farið í óleyfi inn á dansleik (og það, sem hann ekki er sóttur til sakar fyrir: án þess að greiða inngangseyri) og með því gerzt brotlegur gegn 71. gr. lögreglusamþykktar bæjarins. Að vísu segir talsmaður kærðs, að lögregluþjónninn (J. Þ.) hafi leyft honum inngöngu í danssalinn, en það er misskilningur. Hann leyfði honum inngöngu í hótelið (af því að hann gekk út frá, að kærður byggi á hótelinu, eins og hann upplýsti við lögregluþjóninn). En hann varð þess ekki var fyrr en síðar, að kærður væri kominn inn á dansleikinn, en gat þá ekki snúizt við að láta hann fara út vegna annarra mikilvægra lögreglustarfa.

Kærður hefur fyrir 5 árum, 26. ágúst 1939, sætt ákæru fyrir sams konar brot, en þá verið sleppt með áminningu. Verður að telja rétt með tilliti til þess, að hér sé um ítrekað brot að ræða, að dæma kærðan til þess að greiða 30 kr. sekt í bæjarsjóð, til vara sæta 2ja daga varðhaldi, ef eigi greitt innan mánaðar frá birtingu dóms þessa.

b: *Eftir framburði Þórðar Ásgeirssonar lögregluþjóns* eru málavextir þessir: Þegar Jón Gunnarsson á loptsskörinni hafði við Þórð mælt hin tilvitnuðu skammaryrði í garð lögreglunnar („lögregla Siglufjarðar hefur verið einskis virði og er það enn") grípi hann vinstri hendi í hægri öxl Jóns Gunnarssonar og færi hann, ýti honum, niður í stigann og sleppi takinu, en hann (Jón Gunnarsson) snúi sér við í 3. eða 4. þrepi stigans, og af því megi sjá, að honum hafi ekki verið ýtt með miklu afli, því síður hrint. Hafi hann um leið og hann greip í Jón sagt honum, að hann skuli fara út. Ætlar svo lögregluþjónn Þórður að fara niður stigann til þess að opna útihurðina og loka á eftir, en þá grípi Júlíus Þórðarson utan um handlegg sér aftan frá (að baki sér), en hann rífi sig af honum og haldi niður stigann, en þá kæmi þeir Sveinn Benediktsson, Björn Gottskálksson og Júlíus Þórðarson á eftir honum með miklum hávaða og, að því er lögregluþjóninum virtist, í árásarhug. Lögregluþjónninn snýr sér þá við í stiganum, tekur til kylfunnar og snýr sér gegn þeim, er að baki hans voru og hann taldi af aðförum þeirra vera í árásarhug á sig, reiðir upp gegn þeim kylfuna og segir á þá leið, að þeir tækju afleiðingunum, ef þeir höguðu sér ekki eins og menn, en þá námu þeir staðar og stilltust, en lögregluþjónninn snýr aftur við til þess að fylgja Jóni Gunnarssyni að dyrunum. Lögregluþjónninn heldur fast fram, að það hafi verið Júlíus Þórðarson, sem hafi tekið utan um handleggi sér og hann slitið sig af, en ekki hafi

hann fundið, að kærður Sveinn Benediktsson hafi tekið utan um sig, undir hendur sér. Hann vilji ekki fortaka, að Sveinn Benediktsson hafi eitthvað tekið á sér, en hann ekki orðið þess var. Þarna voru á verði líka lögregluþjónarnir Friðrik Sveinsson og Jóhannes Þórðarson, og ber framburður þeirra í öllu, er máli skiptir, nákvæmlega saman. Hefur framburður lögregluþjónanna Friðriks og Jóhannesar verið eiðfestur.

c: Framburður Jóhannesar Þórðarsonar lögregluþjóns:

Hann hafi staðið rétt hjá Þórði Ásgeirssyni lögregluþjóni, er Jón Gunnarsson kom að Þórði og staðnæmdist lítið eitt á loftskörinni og sagði margtilvitnuð orð. Þá gripi Þórður vinstri hendi í hægri öxl Jóns og segir: „Þér skuluð fara út", og ýti Þórður með hægð Jóni niður stigann, en hrindi ekki. Þegar Þórður sé að sleppa vinstra handartakinu — hann geti ekki fullyrt, hvort hann hafi sleppt því — ræðst Júlíus Þórðarson aftan að Þórði og tekur að baki Þórðar utan um handleggi Þórðar, en Þórður snýr sér við og slítur sig af Júlíusi en snýr sér aftur við og heldur niður stigann á eftir Jóni (til þess að opna og loka útihurðinni). Þegar Þórður er kominn niður í stigann, ryðjast þeir Júlíus Þórðarson, Björn Gottskálksson og Sveinn Benediktsson með hávaða niður stigann að Þórði, snýr Þórður þá sér við að þeim, er þeir eru komnir fast aftan að honum, tekur upp kylfuna og segir við þá á þá leið, að þeir taki afleiðingunum, ef þeir hagi sér ekki eins og menn. Þeir stöðvast og stillast, er Þórður segir þessi orð, en Þórður stingur kylfunni aftur í vasann um leið og hann snýr sér við til þess að fara aftur á eftir Jóni. Jóhannesi virtist Þórður haga sér kurteislega, en ákveðið, við Jón og félaga hans.

d: Framburður lögregluþjóns Friðriks Sveinssonar er á þessa leið:

Þegar Jón Gunnarsson kemur til Þórðar lögregluþjóns og segir við hann hin tilvitnuðu skammaryrði í garð lögreglunnar, tekur Þórður vinstri hendi í hægri öxl Jóns og ýtir honum niður í stigann, svo að hann fer 3—4 þrep niður í stigann. En um leið og Þórður færir Jón þessi þrep niður í stigann, ryðjast þeir Sveinn Benediktsson, Björn Gottskálksson og Júlíus Þórðarson að Þórði, og Júlíus tekur utan um handleggi Þórðar, en Þórður slítur sig af honum og heldur niður stigann eftir Jóni. En Sveinn Benediktsson, Júlíus Þórðarson og Björn Gottskálksson halda á eftir Þórði með miklum hávaða. Í stiganum snéri hann við gegn þeim og hóf upp kylfuna og sagði á þá leið: „að hann myndi nota kylfuna, ef þeir höguðu sér ekki skikkanlega". Hugði Frið-

rik, að þeir myndu rjúka í Þórð. Friðrik var þarna nærstaddur og talaði til þeirra eitthvað á þá leið: „eru þetta siðaðir menn", og bæði við aðfarir Þórðar og ávarp Friðriks virtust menn þessir stillast. Friðrik telur ekkert athugavert við framkomu Þórðar og telur hafa verið réttmætt, þótt Jón Gunnarsson hefði verið látinn út af hótelinu vegna ummæla sinna, er vel gátu æst mannfjöldann upp gegn lögreglunni. Átti lögreglan þarna fullt í fangi með að halda þarna reglu, þótt ekki bættist við ögrun sú gegn lögreglunni, sem orðin gátu leitt til. Þórður hafi snúið baki við Jóni Gunnarssyni, er hann tók til kylfunnar, og því með kylfunni ætlað að slá, Svein, Björn og Júlíus — ef á hefði þurft að halda — en ekki „Jón og Svein", eins og kærðir haldi fram. Jón hafi í stiganum ekki sýnt sig í nokkrum mótþróa gegn lögreglunni, og því ekki ástæða til að beita kylfu gegn honum, enda hafi Þórður ekki gert sig líklegan til þess.

Þrátt fyrir margendurteknar yfirheyrslur kærðs og lögregluþjónanna, ber mikið á milli.

Það er rétt hjá kærðum Sveini Benediktssyni, að *ef* hefði legið við slysi á Jóni Gunnarssyni af taki Þórðar á honum, hefði honum og félögum hans verið heimilt að rísa gegn lögregluþjónunum, sem væri að valda slysinu, og hafa slíkar málsbætur sem ástæðu fyrir sýknu. En til þess að slíkar málsbætur nægðu þeim til sýknu, hefðu þeir orðið að sanna eða a. m. k. færa miklar líkur fyrir, að afleiðingar taksins yrði að slysi fyrir Jón Gunnarsson, ef ekkert væri gert því til hindrunar.

Nú hefur kærður ekki einu sinni reynt að færa líkur fyrir slíku, heldur eru í framburði lögregluþjónanna miklar líkur fyrir því, að Þórður hafi annað hvort verið búinn að sleppa taki sínu á Jóni eða verið alveg að sleppa takinu, þegar kærður og félagar hans veitast að Þórði lögregluþjóni, enda hefur tak Þórðar á Jóni eftir framburði 2ja lögregluþjóna ekki verið þesslegt, að líklegt væri, að slysi ylli á Jóni Gunnarssyni.

Framburður kærðs er og um sumt mjög ósennilegur. T. d. kveðst kærður ekkert hafa veitt því eftirtekt, að Júlíus Þórðarson hafi tekið utan um Þórð lögregluþjón, utan um handleggi hans aftan frá.

Slíkt verður þó að telja sannað með samhljóða vitnisburði 3ja lögregluþjóna og eiðfest af tveim. Sjálfur segist kærður hafa tekið utan um Þórð lögregluþjón, undir hendur hans, en samt fer það fram hjá kærðum, að annar félagi hans tekur samtímis, eða svo að segja, höndum utan um sama manninn. Virðist þetta benda til þess, að æsing — eins og í réttarhaldinu 9. sept. s. l. — eða þá eitthvað annað hafi truflað eftirtekt kærðs á því, er fram fór, eins og t. d., er hann segist ekki

heldur hafa tekið eftir orðum Þórðar lögregluþjóns til hans og félaga hans í stiganum, er Þórður snýr sér við í stiganum, og — eftir framburði (3ja lögregluþjóna) 2ja eiðfestra — hefur kylfuna á lopt gegn þeim félögum og segir á þá leið: að hann láti kylfuna ganga á þá, ef þeir stillist ekki, en Þórður hélt þá ætla að „leggja í sig", og það héldu hinir 2 lögregluþjónar, en Sveinn og félagar hans stilltust við, og hefði kærður átt að taka eftir því. Allir 3 lögregluþjónar herma þessi orð, þar af tveir eiðfestir. Kærður er þarna alveg hjá Þórði, en samt kveðst hann ekki hafa heyrt, hvað hann sagði, en þó stillist hann við framkomu Þórðar lögregluþjóns.

Hvort sem það er rétt hjá kærðum Sveini Benediktssyni — er lögregluþjónarnir telja ólíklegt — að hann hafi tekið utan um Þórð — en tekið svo laust, að Þórður hafi ekki fundið — eða að hann hafi eitthvað tekið í Þórð, en sleppt svo fljótt, að Þórður yrði ekki taksins var, eða alls ekki náð að taka höndum á Þórði, þá virðist aðfarir kærðs gegn Þórði lögregluþjóni eftir framburði 2ja eiðfestra lögregluþjóna hafa verið slíkar, að hafi verið tilraun til þess að hindra Þórð lögregluþjón í starfi hans. Með aðförum sínum gegn Þórði lögregluþjóni hafa þeir (sic) gert tilraun og sýnt sig líklega til þess að vilja hindra starf hans, og að aðfarir þeirra hafi verið ofsalegt framferði gegn lögregluþjóninum og með hávaða sýnir eiðfestur framburður lögregluþjónanna Friðriks Sveinssonar og Jóhannesar Þórðarsonar. Hið ofsalega framferði þeirra og tilburðir til þess að taka á Þórði lögregluþjóni, elting á honum niður stigann í sýnilegum árásarhug, að því er eiðfestur framburður téðra 2ja lögregluþjóna hermir, fellur beint undir 106. gr. og 108. gr. hegningarlaganna, og hávaðinn sem móðgun undir 108 gr., er kærður Sveinn Benediktsson verður að teljast sekur um. Árásartilraun kærðs niðri í stiganum verður eigi varin með því, að þeir hafi viljað losa tak Þórðar á Jóni Gunnarssyni. Þarna var Þórður lögregluþjónn að fara niður til þess að loka hurðinni eftir Jóni Gunnarssyni og hindra, að aðrir kæmu inn um leið. Það sem Þórður lögregluþjónn segir og lyftir kylfunni sýnir (sic), að hann hefur búizt við árás, en það er útilokað, að hann hefði búizt við árás, nema kærður (og félagar hans) hefðu sýnt sig líklega til árásar, og það virðist hinum lögregluþjónunum.

Kærður og talsmaður hans virðast ganga út frá, að lögregluþjónarnir fari ekki með staðreyndir, heldur séu að skrökva þessu öllu upp á kærðan. Dómarinn getur ekki fundið nokkra ástæðu til þess að ætla megi lögregluþjónunum slíkt. Framburður lögregluþjónanna, að þeir telji ólíklegt, að þeir hefðu ekki orðið varir við, ef kærður hefði tekið utan um Þórð lög-

regluþjón, virðist hins vegar benda til þess, að þeir vilji ekki gera sök hans meiri en þeir telji rétt vera.

3. *Að berja* í réttarhaldi bylmingshögg *í borð*, sem *dómarinn situr við* og segja skammaryrði við vitni fyrir rétti, eins og bókun réttarins ber með sér, er móðgun gegn réttinum, er fellur undir 108. gr. hegningarlaganna eins og kærður Sveinn Benediktsson gerði í réttarhaldinu 9. sept. s. l. Talsmaður kærðs telur höggið ekki meint sem móðgun við réttinn. Samt segir kærður um dómarann í réttarhaldinu, að yfirheyrsla dómarans sé skrípaleikur, ummæli sem dómarinn hefur talið rétt, að væru eigi dregin inn í þessa málsmeðferð. Hins vegar er dómarinn þeirrar skoðunar, *að bylmingshögg í borðið sé vansæmandi fyrir réttinn*, jafnvel þótt eingöngu hefði verið meint til vitnisins.

Að segja við lögregluþjón, sem er að bera vitni um það sem gerist, meðan hann var að gegna skyldustarfi sínu og eftir að dómarinn rækilega hafði minnt vitnið á að segja satt og eftir að lögregluþjónninn hafði lýst yfir, að hann gæti svarið framburð sinn, að *hann færi til helvítis* er freklegt *móðgunaryrði* gegn *opinberum starfsmanni, lögregluþjóni og auk þess móðgun gegn réttinum að segja það í rétti*, og fellur hvorttveggja undir 108. gr. hegningarlaganna.

Kærður Sveinn Benediktsson, sem kominn er á lögaldur sakamanna, hefur áður eigi sætt refsingu nema 20 kr. sekt fyrir refsivert framferði á götu og áminningu fyrir að fara inn á dansleik eftir lokunartíma án leyfis lögreglunnar og án þess að greiða aðgöngueyri.

Verknaður kærðs Sveins Benediktssonar, sem nú hefur verið lýst, fellur undir 106. og 108. gr. hegningarlaganna nr. 19/1940, og álízt refsingin hæfilega ákveðin 400 kr. sekt í ríkissjóð, til vara sæti hann 13 daga varðhaldi, ef sektin er ekki greidd innan mánaðar frá lögbirtingu dómsins.

Á máli þessu hefur enginn óþarfur dráttur verið.

Fyrir því dæmist rétt vera:

Jón Gunnarsson framkvæmdarstjóri greiði 500 kr. sekt í Menningarsjóð, til vara sæti hann 16 daga varðhaldi, ef sektin er ekki greidd innan mánaðar frá lögbirtingu dómsins, og 400 kr. sekt í ríkissjóð, til vara sæti 13 daga varðhaldi, ef sektin er ekki greidd innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa.

Sveinn Benediktsson, Reykjavík, formaður stjórnar Síldarverksmiðja ríkisins, greiði 400 kr. sekt í ríkissjóð, til vara sæti 13 daga varðhaldi, ef sektin verður eigi greidd innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, og 30 kr. í bæjarsjóð, til

vara sæti 2ja daga varðhaldi, ef sektin verður eigi greidd innan mánaðar frá lögbirtingu dómsins.

Kærður Jón Gunnarsson greiði 60 kr. í málsvarnarlaun til talsmanns síns, Jóns Jóhannessonar málflm., Siglufirði, og kærður Sveinn Benediktsson greiði í málsvarnarlaun 60 kr. til talsmanns síns, hrm. Guttorms Erlendssonar, Rvk. Svo greiði og báðir allan kostnað sakarinnar.

Þá greiði talsmaður kærðs Sveins Benediktssonar, hrm. Guttormur Erlendsson, 60 kr. sekt í ríkissjóð fyrir ósæmilegan ritháttí vörn sinni, til vara sæti 3ja daga varðhaldi, ef sektin er eigi greidd innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa.

Dómi þessum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 4. júní 1935.

Nr. 31/1945. **Valdstjórnin** (Gunnar Þorsteinsson)
gegn
Rögnu Sigurðardóttur
(Sigurgeir Sigurjónsson).

Setudómari hrl. Sveinbjörn Jónsson í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Öflun frekari skýrslna í refsimáli.

Úrskurður hæstaréttar.

Rannsókn máls þessa er í ýmsum greinum áfátt. Áður en dómur er kveðinn upp í hæstarétti, þykir nauðsyn til bera að framhaldsrannsókn sé framkvæmd um þau atriði, sem nú verða greind.

1. Afla skal frumreikninga yfir greni það, sem í málinu greinir, og fá vitneskju um, hvaða skýrslur um verð grenisins lágu fyrir verðlagsyfirvöldum, er þau ákváðu verð á því.
2. Rannsóknardómari skal gera ráðstafanir til að skoðaðar séu sjóðbækur og aðrar verzlunarbækur kærðu á þeim tíma, er hér skiptir máli, í því skyni að leiða í ljós söluhagnað kærðu á greninu. Þá skal og gerð gangskör að því að athuga bankareikninga kærðu frá miðjum desember 1944 til loka febrúar 1945. Er rétt að fela

löggiltum endurskoðanda að yfirskoða nefndar verzlunarbækur og reikninga og gera, eftir því sem unnt er, grein fyrir því, hversu mikill hagnaður hennar hefur verið af grenisölunni.

3. Starfsfólk kærðu skal yfirheyrt mjög nákvæmlega um sölu grenisins og hagnað kærðu af því. Sérstaklega skal Helga Pálsdóttir, sem gefið hefur skýrslu um sölu grenisins, prófuð ýtarlega og henni bent á, að ástæða sé til að ætla, að söluhagnaður af greninu sé mun meiri en í vottorði hennar og vætti greinir. Ber að sýna starfsfólkinu „kladda" þann, sem lagður hefur verið fram í málinu, og gengið skal á það um, hvenær og í hvaða skyni skráð hafi verið í hann svo og hvers vegna blöð hafi verið skorin úr honum.
4. Kærða skal yfirheyrð um atriði málsins, henni skulu kynntir framburðir vitna, en á því hefur verið misbrestur, og ber að samprófa hana og vitni, eftir því sem ástæða verður til. Loks skal rannsaka öll þau atriði, sem framhaldsrannsóknin veitir efni til.

Því úrskurðast:

Héraðsdómara ber að framkvæma rannsókn um þau atriði, sem að framan greinir.

Mánudaginn 4. júní 1945.

Nr. 9/1945. **Alfreð Þórðarson** (Theódór B. Lindal)
gegn
Sigurði Magnússyni (Gústaf A. Sveinsson)

Setudómari hrl. Sveinbjörn Jónsson í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Krafa um útburð manns úr leiguhúsnæði.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 12. janúar 1945. Krefst hann þess, að hinum áfrýjaða

dómi verði hrundið og breytt þannig, að uppsögn hans frá 29. júní 1944 á húsnæði stefnda, er í héraðsdómi greinir, verði dæmd gild og stefndi skyldaður til að víkja úr húsnæðinu. Hann krefst og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti. Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins úr hendi áfrýjanda.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. nóvember 1944.

Mál þetta, sem dómtekið var 11. þ. m., hefur Alfreð Þórðarson, Grjótagötu 14 B hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu 16. f. m. gegn Sigurði Magnússyni, sama stað. Hefur stefnandi gert þær dómkröfur, að siðarnefnd uppsögn hans á leigumála um húsnæði stefnds að Grjótagötu 14 B verði metin gild og stefndum verði gert að rýma húsnæðið nú þegar. Einnig hefur stefnandi krafizt málskostnaðar að mati dómarans.

Stefndur hefur krafizt sýknu og málskostnaðar að mati dómarans.

Málavextir eru þeir, að á neðri hæð húss stefnanda nr. 14 B við Grjótagötu, hér í bæ, hefur stefndur í máli þessu haft íbúð á leigu um nokkurra ára skeið. Íbáð þessi er tvö lítil herbergi og eldhús, og býr stefndur þar með konu sinni og fimm börnum, öllum ungum. Leigumálinn mun vera til óákveðins tíma og með venjulegum kjörum. Með bréfi, dagsettu 29. júní s. l., sagði stefnandi stefndum upp leigunni á íbúð þesari til brottflutnings 1. október s. l. og færði fram þær ástæður, að hann þyrfti nauðsynlega á húsnæði þessu að halda til eiginna afnota. Gildi uppsagnar þessarar var borið undir húsaleigunefnd Reykjavíkur, og með úrskurði, uppkveðnum 9. f. m., mat nefndin uppsögnina ógilda. Íbúð stefnanda er á stofuhæð hússins, og er hún þrjú herbergi, öll frekar lítil, svo og eldhús, en í fjölskyldunni eru auk hans kona hans og fimm börn, 3, 7, 8, 13 og 14 ára að aldri. Dómkröfur sínar byggir stefnandi í fyrsta lagi á því, að íbúð sín sé svo lítil, um 56 m^3, fyrir fjölskyldu sína, að heilsuspillandi sé bæði and-

lega og líkamlega, og hefur stefnandi þessu til sönnunar lagt fram vottorð frá héraðslækninum í Reykjavík, dags. 21. sept. s. l. Í öðru lagi byggir stefnandi kröfur sínar á því, að tvö elztu börn hans þurfi að stunda nám í vetur, en til þess að slíkt sé mögulegt, þurfi þau sérherbergi. Í þriðja lagi hefur stefnandi fært það fram, að kona sín sé heilsuveil og henni því nauðsyn að fá sér þjónustustúlku til aðstoðar við heimilisstörf, en slíkt sé ekki unnt, nema stúlku þessari yrði látið í té sérstakt herbergi. Með tilliti til alls þessa telur stefnandi, að hann hafi brýna nauðsyn fyrir aukið húsnæði samkvæmt ákvæðum 1. gr. laga nr. 39 frá 1943, og beri því að taka dómkröfur sínar til greina.

Stefndur hefur mótmælt því, að stefnandi hafi brýna þörf fyrir aukið húsnæði í skilningi ákvæða 1. gr. húsaleigulaganna. Hefur hann mótmælt því, að börn stefnanda þyrftu á sérstöku herbergi að halda til lestrar, þar sem þau stundi ekki það nám, að slíks sé þörf. Þá hefur stefndur mótmælt því, að stefnandi hafi brýna þörf fyrir þjónustustúlku. Stefndur hefur enn fremur bent á, að íbúð sín mundi verða mjög óhentug fyrir stefnanda, þar sem ekki sé gengt innan húss milli íbúðanna, en á rishæð hússins sé bæði íbúð og herbergi, er leigt sé einhleypum, er séu hagkvæmari stefnanda, ef hann þyrfti á húsnæðisaukningu að halda, en því húsnæði hafi hann ekki hirt um að segja upp. Þá hefur stefndur haldið því fram, að íbúðarhúsnæði hafi verið aukið í húsinu á síðastliðnu sumri, en því húsnæði hafi verið ráðstafað til fólks óviðkomandi húseiganda.

Stefnandi hefur skýrt svo frá húsnæðisaukningu þessari, að fyrir um það bil tveimur árum hafi maður nokkur falazt eftir að fá leigt geymsluherbergi, er stefnandi hafði á neðri hæð hússins, til þess að búa þar út íbúðarherbergi. Þar sem þetta hafi verið einasta geymsla sín, hafi hann ekki getað þetta, en síðar hafi orðið að samkomulagi við mann þenna, að hann gerði við gamalt útiþvottahús, er þar var á lóðinni, og byggði við geymslu, en fengi síðan geymsluherbergið í húsinu á leigu og mætti búa það til íbúðar. Þetta allt skyldi leigutakinn gera á eiginn kostnað, en þó skyldi stefnandi leggja til mest efni. Hafi verk þetta síðan verið framkvæmt, og í júní s. l. sumar hafi herbergið verið tilbúið. Hafi þá unnusta manns þessa flutt í það og sé þar enn. Herbergi þetta sé 6 m^2 að stærð og mjög slæmt til íbúðar vegna raka.

Samkvæmt því, sem upp er komið í málinu, þá verður ekki annað séð, en að íbúð stefnanda sé sæmileg að öðru leyti en því, að húsrými er lítið. Það hefur enn fremur komið upp í málinu, að aðeins eitt barn stefnanda stundar nám í kvöldskóla, tvær stundir á kvöldi, fimm kvöld í viku, en ósannað er gegn mótmælum stefnds, að hin önnur börn hans stundi annað nám en venjulegt barnaskólanám. Að því er snertir sjúkleika konu stefnanda,

þá hefur læknir hennar vottað, að hún hafi ilsig á háu stigi og þurfi því að hlífa sér við áreynslu á fæturna, en um annan sjúkleika virðist ekki vera að ræða.

Það er að vísu ljóst af því, sem upp hefur komið í málinu, að húsnæði stefnanda er lítið, en með tilliti til þess, er að framan greinir um heimilishagi hans, vottorðs héraðlæknis um hæfilegt loftrými fyrir fullorðna og börn, svo og þess, að ekki þykja færðar að því lögfullar sönnur gegn mótmælum stefnds, að stefnanda hafi borið nauðsyn til að ráðstafa áðurgreindri húsnæðisaukningu til óviðkomandi fólks, þá þykir að svo vöxnu máli ekki alveg næg ástæða til að telja, að stefnandi hafi svo brýna þörf á auknu húsnæði, að það heimili honum samkvæmt ákvæðum 1. gr. húsaleigulaganna að fá stefndan dæmdan til að rýma húsnæðið.

Málalok verða því þau, að stefndur verður sýknaður af kröfum stefnanda, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Árni Tryggvason borgardómari kvað upp dóm þenna.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Sigurður Magnússon, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Alfreðs Þórðarsonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 6. júní 1945.

Nr. 37/1945. **Réttvísin** (Stefán Jóh. Stefánsson)
gegn
Jóhanni Hermanni Júlíussyni
(Sveinbjörn Jónsson)
og
Sigurði Björnssyni (Lárus Fjeldsted).

Refsimál út af sjóslysi. Ómerking og heimvísun vegna rangrar meðferðar málsins.

Dómur hæstaréttar.

Í máli þessu eru ákærðu sóttir til refsingar og gefið að sök, að þeir hafi í gáleysi valdið sjóslysi því, sem í héraðsdómi greinir, og þar með bana þriggja manna. Er hér um sakarefni að tefla, sem lýst er og refsing við lögð í 84. gr. sjómannalaga nr. 41/1930. Dómsmálaráðuneytið átti því

samkvæmt 2. mgr. 88. gr. nefndra laga að leggja málið fyrir atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið til umsagnar, áður en það ákvað málshöfðun með bréfi til héraðsdómarans dags. 21. okt. 1944, en það mun ekki hafa verið gert. Þá hafa próf í málinu farið fram án siglingafróðra samdómsmanna og málið verið rekið í héraði fyrir aukarétti í stað þess að sjó- og verzlunardómur átti með það að fara og dæma það, sbr. 1. tölulið 200. gr. laga nr. 85/1936 og 90. gr. fyrrnefndra sjómannalaga, og skiptir ekki máli um það, þó að málshöfðunarskipun dómsmálaráðuneytisins taki einungis til XXIII. kafla laga nr. 19/1940, sbr. 68. gr. sömu laga. Vegna þessara megingalla á meðferð málsins verður að ómerkja héraðsdóminn og alla meðferð málsins fyrir aukaréttinum og vísa málinu heim til rannsóknar fyrir sjódómi og löglegrar meðferðar.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda hinna ákærðu í hæstarétti, kr. 300.00 til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur og meðferð málsins fyrir aukaréttinum eiga að vera ómerk, og vísast málinu heim til rannsóknar fyrir sjódómi og löglegrar meðferðar.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda, hinna ákærðu fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Stefáns Jóh. Stefánssonar, Sveinbjörns Jónssonar og Lárusar Fjeldsteds, kr. 300.00 til hvers.

Dómur aukaréttar Ísafjarðarkaupstaðar 13. desember 1944.

Ár 1944, miðvikudaginn 13. desember, var í aukarétti Ísafjarðar, sem haldinn var í skrifstofu embættisins af Jóh. Gunnari Ólafssyni bæjarfógeta, kveðinn upp dómur í ofangreindu máli, sem dómtekið var 30. nóvember 1944.

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn þeim Jóhanni Hermanni Júlíussyni stýrimanni, til heimilis að Hrannargötu 1 á

Ísafirði, og Sigurði Björnssyni háseta, til heimilis að Ránargötu 5 á Flateyri, fyrir brot gegn XXIII. kafla hinna almennu hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 68. gr. sömu laga.

Ákærðir eru báðir komnir yfir lögaldur sakamanna.

Jóhann Hermann Júlíusson er fæddur 26. marz 1912 að Atlastöðum í Sléttuhreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu, en Sigurður Björnsson 17. desember 1907 að Stóragarði í Mýrahreppi í Vestur-Ísafjarðarsýslu.

Ákærður Jóhann Hermann Júlíusson hefur sætt eftirtöldum refsingum:

1937 $^{14}/_{6}$ Áminntur fyrir brot gegn 6. grein laga nr. 70/1931 um notkun bifreiða (of hraður akstur).

1944 $^{25}/_{1}$ Sektaður um 25 krónur til bæjarsjóðs Ísafjarðar fyrir brot gegn 3. grein lögreglusamþykktar Ísafjarðar.

Ákærður Sigurður Björnsson hefur hvorki sætt ákæru né refsingu hér í umdæminu, svo kunnugt sé.

Tildrög málsins eru þessi:

Að kvöldi 25. júní 1944 var vélskipið Harpa Í.S. 42 frá Flateyri við fiskveiðar út af Haganesvík á Skagafirði. Er leið að miðnætti, var haldið af stað austur með landi og siglt í 1—2 sjómílna fjarlægð frá ströndinni. Var ferðinni heitið austur undir Tjörnes. Þegar komið var út af Almenningsnöf, sem er yzta nes austan Fljótavíkur, fór skipstjóri, Guðmundur Sölvi Ásgeirsson frá Flateyri, af verði, en við tók stýrimaðurinn Jóhann Hermann Júlíusson, og með honum þeir Sigurður Björnsson háseti og Guðmundur Ólafsson 1. vélstjóri.

Út af Siglufjarðarmynni sigldi v.s. Harpa á færeyskan trillubát, sem þar var við handfæraveiði. Á bátnum var fjögra manna áhöfn, og drukknuðu þrír þeirra, en einum var bjargað.

Við rannsókn málsins hefur þetta upplýstst um nánari atvik að slysinu:

Formaður á hinum færeyska trillubát var Johan Beck frá Tværaa í Trangisvaagfirði, og var hann eigandi bátsins, sem nefndur var Brynhild. Hásetar voru Eli og Henning Beck, synir Johans Beck, og Clement Johannesen, og var hann frá sama stað í Færeyjum.

Clement Johannesen var bjargað. Hann hefur skýrt frá því, að um kl. 2 f. h. hafi þeir farið frá Siglufirði í fiskróður. Var þetta fyrsta sjóferð þeirra frá Siglufirði. Voru þeir við handfæraveiðar á um 12 faðma dýpi, um 1—2 sjómílur frá mynni Siglufjarðar. Vindur var austlægur og svo hvasst, að tveir af skipshöfninni urðu að vera í andófi. Þegar þeir höfðu verið þarna við handfæraveiðar skamma hríð, veittu þeir því athygli, að skip kom að vestan og stefndi beint á trillubátinn. Þegar skipið var komið svo nálægt bátnum, að árekstur virtist yfirvofandi, kölluðu þeir allir til þess

að vekja á sér athygli, en enginn á vélskipinu virtist taka eftir þeim, og engan mann sáu þeir ofan þilja. Í sömu andránni og árekstur inn varð, hljóp Johan Beck aftur í bátinn og virtist ætla að reyna að draga úr þunga árekstrarins. Rakst stefni skipsins á bakborðshlið trillunnar fyrir aftan vélarrúmið. Brotnaði skutur trillunnar við höggið, og sökk hann þegar í sjó. Samstundis hvolfdi bátnum. Komst Clement á kjöl og Henning nokkuð upp á síðuna, en í þeim svifum sökk báturinn, og fóru þeir í sjóinn. Taldi Clement, að báturinn hefði ekki flotið nema brot úr mínútu á hvolfi, og var hann við afturenda vélskipsins, þegar hann sökk. Vindhraðann áætlaði Clement 4—5 stig. Eftir að þeir, sem á vélskipinu voru, urðu árekstrarins varir, snéru þeir skipinu við og virtust gera allt, sem þeir gátu, til þess að bjarga mönnunum.

Ákærður Jóhann Hermann Júlíusson hefur skýrt svo frá atvikum fyrir sjódómi Siglufjarðar 26. júní s. l., að nóttina, sem slysið varð, hafi hann verið á verði á v.s. Hörpu, sem var á leið austur að Tjörnesi. Stóð hann sjálfur við stýrið en meðákærður, Sigurður Björnsson háseti, við glugga á stjórnborðshlið stýrishúss ins. Enginn af skipshöfninni var á þilfari. Vindur var austan um 5—6 vindstig, og ágjöf svo mikil, að illfært var um þilfarið. Gluggar á framanverðu stýrishúsinu voru salthúðaðir að utanverðu. Hann varð ekki var við árekstur inn eða neitt, sem benti til þess, að skipið hefði orðið fyrir höggi. Hins vegar sagði Sigurður, að skipið hefði komið við eitthvað, og teygði hann sig út í gluggann, en fór síðan út úr stýrishúsinu og kallaði til hans, að eitthvað flak væri fyrir aftan skipið. En í réttarhaldi fyrir lögregluréttí Ísafjarðar, 30. nóvember s. l., kvaðst ákærður ekki muna til þess, að Sigurður hefði haft orð á því, að skipið hefði orðið fyrir árekstri. Ákærður kveðst þegar hafa sagt Sigurði að vekja skipstjóra, en á meðan snéri hann skipinu við og átti skammt eftir að flakinu, þegar skipstjóri kom upp. Þá sá ákærður þrjá menn í sjónum og enn fremur árar og spýtnabrak. Tókst að bjarga tveimur af mönnunum upp á skipið, en þriðji maðurinn sökk, áður en til hans náðist.

Í réttarhaldi í lögregluréttí Ísafjarðar 28. nóvember s. l. hefur ákærður þannig lýst nánar tildrögum að slysinu:

Hann tók við stjórn skipsins eftir að lagt var af stað frá Haganesvík. Skipstjóri fór þá niður í káetu að sofa. Taldi kærður, að klukkan væri þá nálægt 1.30, en í réttarhaldi 29. nóvember s. l. skýrði hann frá því, að hann hefði ekki gætt á klukkuna, þegar skipstjóri fór niður. Hins vegar leit hann á klukkuna, þegar björgun var lokið og lagt var af stað til Siglufjarðar, og var hún þá 3.30. Skyggni var slæmt, en þó sá ákærður Gjögrana við Eyjafjörð. Sól var ekki á lofti, og dimmur bakki til hafsins. Allmikil ágjöf var á skipið, meðan það sigldi með fullri ferð. Þegar árekstur inn varð,

voru þeir Sigurður tveir í stýrishúsi, ákærður sjálfur við stýrið, en meðákærður, Sigurður, við gluggann í boganum á stjórnborðshlið stýrishússins, en ákærður mundi ekki, hvort glugginn hefði verið opinn eða lokaður. Framburður ákærða um gluggaskipun og tölu glugga á stýrishúsinu var nokkuð á reiki, og einnig um það, við hvaða glugga Sigurður hefði staðið, er áreksturinn varð.

Samkvæmt því, sem upplýst er í málinu, er stýrishúsið bogadregið að framan, og eru þrír gluggar á framhlið, einn gluggi á sitt hvorum boga og tveir á hvorri hlið, eða alls níu gluggar.

Ákærður hefur skýrt frá því, að enginn glugganna á framhlið stýrishússins hafi verið opinn, sökum þess hversu mikið gaf á skipið, og voru þeir salthúðaðir að utan, og því sást illa út um þá, en á gluggunum á bogunum var engin salthúð. Ákærður stýrði skipinu eftir áttavita, en kvaðst þó annað veifið hafa gætt fram fyrir skipið. Treysti hann „útkiggsmanni" alveg til að hafa gætur á skipaferðum og opnaði þess vegna ekki gluggana á framhlið stýrishússins. Á hinn bóginn gaf hann Sigurði ekki nein fyrirmæli um að hafa gætur á skipaferðum.

Ákærður Sigurður Björnsson hefur á eftirfarandi hátt skýrt frá tildrögum að slysinu:

Hinn 25. júní s. l. var v/s Harpa Í.S. 42, sem ákærður var háseti á, við fiskveiðar með botnvörpu út af Haganesvík. Um miðnætti var lagt af stað austur með landi. Tók þá stýrimaður við vakt ásamt ákærða og 1. vélstjóra. Veður var þá sæmilegt, vindur austlægur og lítil alda. Ágjöf var því lítil, en þó skvettist öðru hvoru inn á skipið. Veður var bjart, svo að nálega var eins bjart og um dag. Skyggni var svo gott, að Gjögrar, sem eru fjöll austan Eyjafjarðar, sáust greinilega. Út af Siglufirði kom ákærður upp úr hásetaklefa frá að hita kaffi. Stýrimaður var þá við stýrið í stýrishúsi, en fleiri voru ekki ofan þilja. Fyrsti vélstjóri sat í hásetaklefa, þegar ákærður fór þaðan. Ákærður tók sér stöðu við fremri glugga á stjórnborðshlið stýrishússins, án þess þó að stýrimaður gæfi honum nein fyrirmæli í þá átt. Hafði hann höfuðið fast við gluggann, sem var opinn. Aðrir gluggar á stýrishúsinu voru lokaðir. Úr glugganum sá hann upp á land og á ská fram undir „vanta" á skipinu. Sjódrif skvettist á gluggann á framhlið stýrishússins, og sást því ekki vel út um þá.

Um tíu mínútum eftir að ákærður kom í stýrishúsið, varð hann þess var, að skipið fór yfir eitthvað, en ekki gat hann gert sér grein fyrir, hvað það var. Hafði hann orð á þessu við stýrimann, en hann hafði einskis orðið var. Fór ákærður samstundis út á þilfar og aftur fyrir stýrishúsið til þess að athuga þetta, og sá hann þá menn í sjónum og brak á floti. Snéri hann þegar við, og skýrði stýrimanni frá þessu. Mennirnir og brakið flutu aftur undan skipinu á stjórnborða. Stýrimaður snéri skipinu samstundis, en

ákærður fór niður í káetu til þess að vekja skipstjóra og skýra honum frá því, sem við hafði borið. Skipstjóri kom þegar upp og stjórnaði björgun mannanna. Þegar er ákærður kom upp úr káetu, hljóp hann fram í hásetaklefa til þess að vekja þá af skipshöfninni, sem sváfu.

Ákærður skýrði frá því, að skipið hefði farið með venjulegri, fullri ferð og taldi, að hraðinn mundi hafa verið 5—6 sjómílur miðað við klukkustund, þegar áreksturinn varð.

Ákærður gizkaði á, að liðið muni hafa um hálf klukkustund frá því að björgun hófst og þangað til haldið var af stað til Siglufjarðar.

Vitnið Kristján Gíslason, matsveinn á v/s Hörpu, hefur borið það, að um það leyti, sem hann kom upp á þilfar um nóttina, hafi verið eins bjart og um hádag og sést vel til fjalla. Var klukkan þá um 3 f. h. Suðaustan kaldi var og sjór smár. Hann varð ekki var við högg, þegar áreksturinn varð, og vaknaði ekki fyrri en kallað var til þeirra, sem sváfu í hásetaklefanum. Vitnið sá fjóra menn í sjónum, og voru þeir í 20—30 faðma fjarlægð frá skipinu, þegar hann kom upp á þilfar.

Guðmundur Sölvi Ásgeirsson, skipstjóri á Hörpu Í.S. 42, hefur verið leiddur sem vitni í máli þessu. Hann hefur gefið eftirfarandi skýrslu: Þegar skipið var út af Almenningsnöf, fór hann af verði og gaf stýrimanni, sem þá tók við skipstjórn, skipun um að halda austur með landi í hæfilegri fjarlægð frá landi. Skyldi stefnan vera á Gjögrana austan Eyjafjarðar. Vindur var þá austan, allt að 5—6 vindstigum. Lítils háttar vindbára var beint á móti og vaskágjöf. Stýrisútbúnaði skipsins er þannig fyrir komið, að stýrishjólið er fyrir miðju stýrishússins, um hálfan meter frá framhlið hússins. Sá, sem standi við stýrishjólið (stýrið), geti því séð beint fram fyrir skipið og til beggja hliða, ef ekki er móða á gluggunum. Venja er að hafa gluggana opna, ef ekki sést nægilega vel út um þá vegna móðu eða salthúðar, sem á þá hefur setzt.

Þegar vitnið fór af verði, var þokubakki meðfram sjóndeildarhring til hafsins og skuggsýnt, enda var þá lágnætti eftir sólargangi. Þegar hann kom aftur upp klukkan rúmlega 3, var enn þá þokubakki til hafsins og ekki sást til sólar. Hins vegar var sól farin að skína á fjöllin, og því bjart yfir til landsins. Á sjóinn sló skugga frá þokubakkanum.

Vitnið tók samstundis og hann kom upp í stýrishúsið við stýrinu og stjórnaði björgun mannanna. Hann hefur skýrt frá því, að skipið sigli með 6½ sjómílna hraða miðað við klukkustund, þegar það fari með venjulegri, fullri ferð.

Þá hefur Guðmundur Ólafsson, 1. vélstjóri, verið leiddur sem vitni í málinu. Vitnið sat niðri í hásetaklefa, þegar áreksturinn varð, en hann varð þó ekki var við hann eða neitt högg. Þegar

hann kom upp úr hásetaklefanum, var skipstjóri tekinn við stjórn skipsins, og var það byrjað að beygja. Vél skipsins var spennt ¾. Vegna fjarvistar var ekki auðið að taka viðbótarskýrslu af þessu vitni.

Í málinu hefur verið lagt fram vottorð frá veðurstofunni í Reykjavík, og segir þar, að 25. júní s. l. kl. 18 samkvæmt sumartíma hafi á Siglunesi verið 3 vindstig á austan, skýjað, skyggni 10—20 km, gráð á sjó, og 26. júní kl. 07 eftir sumartíma, austan 4, skýjað, skyggni 10—20 km.

Ekkert hefur komið fram við rannsókn málsins, sem bendir til þess, að skipshöfn v.s. Hörpu hafi ekki gert allt, sem í hennar valdi stóð, til þess að bjarga mönnunum.

Engar skaðabótakröfur hafa komið fram í málinu.

Rétturinn lítur svo á, að ákærðu hafi gert sig seka um hirðuleysi um skyldur sínar og sýnt vítavert gáleysi við framangreint atvik. Bar stýrimanni, ákærða Jóhanni Hermanni Júlíussyni, sem gegndi starfi skipstjóra, að gæta fyllstu varúðar og hafa eða láta hafa nána gát á skipaferðum á siglingaleið skipsins, og hefur hann með þessu hirðuleysi sínu orðið valdur að slysinu. Samkvæmt ákvæðum sjómannalaga gengur stýrimaður í stað skipstjóra, þegar hann er forfallaður eða fjarverandi, og ber þeim, sem verkum stjórnar á skipi, að fylgja nauðsynlegum varúðarreglum gegn slysum. Að því er snertir ákærða Sigurð Björnsson lítur rétturinn svo á, að honum hefði átt að vera ljóst, að stýrimaður sýndi ekki nægilega varúð í starfi sínu, og bar honum því af sjálfsdáðum að gæta nauðsynlegra varúðarreglna.

Ber að heimfæra brot ákærðu undir 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og þykir refsing sú, sem ákærður Jóhann Hermann Júlíusson hefur unnið til, hæfilega ákveðin þriggja mánaða fangelsi. Þá skal hann samkvæmt heimild í 68. grein almennra hegningarlaga nr. 19/1940 sviptur stýrimannsréttindum í tvö ár frá birtingu dóms þessa að telja.

Refsing ákærða Sigurðar Björnssonar þykir með tilliti til stöðu hans á skipinu hæfilega ákveðin 300 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 20 daga varðhald í stað hennar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærðu greiði kostnað sakarinnar in solidum.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærður Jóhann Hermann Júlíusson sæti fangelsi í þrjá mánuði. Hann skal sviptur stýrimannsréttindum í tvö ár frá lögbirtingu dóms þessa að telja.

Ákærður Sigurður Björnsson greiði 300 króna sekt til ríkis-

sjóðs, og komi 20 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærðu greiði kostnað sakarinnar in solidum.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 6. júní 1945.

Nr. 17/1945. **Borgarstjóri Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs** (Einar B. Guðmundsson)

gegn

bæjarstjórn Ísafjarðar f. h. bæjarsjóðs (Sigurgeir Sigurjónsson).

Setudómarar próf. Ísleifur Árnason og hrl. Sveinbjörn Jónsson í stað hrd. Árna Tryggvasonar og hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Um skiptingu útsvars milli bæjarfélaga.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 13. febr. þ. á. og krafizt sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar fyrir báðum dómum úr hendi hans eftir mati hæstaréttar. Stefndi krefst staðfestingar héraðsdómsins og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Eins og í héraðsdómi greinir, hafði h/f Askur að vísu umboðsmann á Ísafirði umrætt ár, sem annaðist kaupgreiðslur félagsins til þeirra skipverja á b/v Skutli, sem heima áttu þar í kaupstaðnum. Enn fremur lét félagið leggja þar á land nokkuð af kolum, sem ætluð voru til nota skipsins, er það stundaði veiðar fyrir Vestfjörðum. En ekki verður talið, að félagið hafi með þessu rekið atvinnu á Ísafirði í merkingu a-liðs 1. töluliðs 9. gr. laga um útsvör, nr. 106/1936. Það ber því að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda í máli þessu.

Samkvæmt þessum málalokum verður að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir báðum dómum, sem ákveðst 1000 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, borgarstjóri Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs, á að vera sýkn af kröfum stefnda, bæjarstjórnar Ísafjarðar f. h. bæjarsjóðs, í máli þessu.

Stefndi greiði áfrýjanda samtals kr. 1000.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 21. desember 1944.

Mál þetta, sem dómtekið var 13. þ. m., hefur Jón Guðjónsson bæjarstjóri f. h. bæjarsjóðs Ísafjarðar höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 24. ágúst s. l. gegn borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs til greiðslu á kr. 46080.00 eða annarri lægri fjárhæð að mati dómara og málskostnaði að skaðlausu. Í framhaldsstefnu, útgefinni 29. nóvember s. l., bar stefnandi fram *varakröfu* um, að stefndur verði dæmdur til að þola skiptingu milli málsaðilja á útsvari því, sem lagt var á h/f Ask í Reykjavík árið 1943, svo og til greiðslu málskostnaðar.

Stefndur hefur krafizt sýknu og málskostnaðar.

Málavextir eru þessir:

Veturinn 1941 seldu þáverandi hluthafar h/f Vals á Ísafirði hlutabréf sín öll. Meðal hluthafa voru bæjarsjóður Ísafjarðar og hafnarsjóður auk annarra stofnana og einstaklinga þar í kaupstaðnum. Meðal eigna félagsins var b/v Skutull ÍS 451, og voru hlutabréfin seld með því skilyrði, að skipið skyldi eiga heimili á Ísafirði til ársloka 1943. Síðar fóru fram eins konar makaskipti með h/f Val og h/f Aski, hér í bænum, á skipum þeirra, en heimilisfang b/v Skutuls hélzt óbreytt. Í maímánuði f. á. gerði stefnandi kröfu um hluta af útsvari því, er lagt yrði á h/f Ask á árinu 1943, þannig að hluti þessi næmi sem svaraði öllu því útsvari, er lagt yrði á félagið vegna útgerðar stefnds skips, enda myndi þá eigi verða lagt á félagið á Ísafirði. Yfirskattanefnd Reykjavíkur varð við kröfu stefnanda og ákvað, að tekjuútsvar h/f Asks (kr. 34220.00) skyldi renna til stefnanda óskipt að viðbættri hækkun samkvæmt útsvarsstiga kaupstaðarins, og nam hún kr. 11860.00. Þessari niðurstöðu vildi stefndur ekki una og bar því málið undir ríkisskattanefnd, sem felldi úr gildi úrskurð yfirskattanefndar og synjaði um skiptingu útsvarsins. Höfðaði stefnandi því mál þetta, og er aðalkrafa hans, að úrskurði ríkisskattanefndar verði hrundið og stefndur dæmdur til greiðslu fjárhæðar þeirrar, sem tiltekin var í úrskurði yfirskattanefndar, eða annarrar lægri fjárhæðar að mati dómara, en varakröfu hans er þegar lýst nægilega.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að b/v Skutull er skrásettur á Ísafirði og að eigandi hans hafi haft þar fastan starfsmann og skrifstofu allt árið 1942 til þess að annast framkvæmdarstjórn skipsins, og þar að auki megi telja eiganda þess hafa lóðarafnot í kaupstaðnum, þar sem er útgerðarstöð sú, er hann kveður skipið hafa á bækistöð sína. Þá hafi h/f Askur og átt kolabirgðir þar bæði fyrir skipið og sennilega til sölu, t. d. fyrir skipverja, og leiði þetta allt til þess, að h/f Askur sé útsvarsskyldur á Ísafirði samkvæmt 8. gr. útsvarsl. nr. 106 frá 1936 og því eigi stefnandi kröfu til skiptingar útsvars úr hendi stefndum samkvæmt 9. gr. sömu laga, og enda þótt eigi yrði talin fyrir hendi skilyrði til útsvarsálagningar samkvæmt 8. gr. laganna, þá sé starfsemi h/f Asks á Ísafirði svo víðtæk, að a-liður 1. töluliðs 9. gr. laganna taki til hennar, og beri því að skipta útsvari félagsins milli aðilja. Telur stefnandi það engu máli skipta í þessum efnum, að skipið lagði engan afla á land á Ísafirði 1942, þar eð allur afli þess var lagður á land og seldur í Bretlandi.

Stefndur byggir sýknukröfu sína á því, að lögheimili útsvarsgjaldandans, h/f Asks, er í Reykjavík, og þar er skrifstofa þess, bókhald og fyrirsvar allt. Kveður stefndur h/f Ask enga skrifstofu né útibú hafa á Ísafirði, og b/v Skutull sé að öllu leyti gerður út frá Reykjavík. Kveður hann skipið ekki koma á Ísafjörð annarra erinda en að sækja þangað skipverja til veiðiferða eða hleypa þeim í land, áður siglt sé utan með aflann, svo og til að taka kol af birgðum skipsins, en það sé til mikilla þæginda að geyma kolabirgðir nálægt fiskimiðunum. Kveður stefndur h/f Ask ekki hafa fastan starfsmann né umboðsmann á Ísafirði öðru vísi en til hagræðis fyrir skipverja og fjölskyldur þeirra, þannig að hann greiði kaup skipverja, sem flestir séu búsettir í kaupstaðnum, en umboðsstörf hafi maður þessi ekki með höndum fyrir félagið.

Aðalkröfu stefnanda þykir verða að skilja svo, að í henni felist krafa um það, að í dómi verði tekin ákvörðun annars vegar um útsvarsfjárhæð, einkum þegar þess er gætt, að gjaldanda er í þessu tilviki gert að greiða misháar fjárhæðir eftir því, hvoru sveitarfélaginu beri útsvarið, en hins vegar um það, hve mikinn hluta hvor aðilja skuli hljóta. Samkvæmt 2. mgr. 24. gr. laga nr. 106 frá 1936 sbr. og 14. gr. sömu laga hlíta þessi atriði ekki úrskurðarvaldi dómstóla, og ber því að vísa aðalkröfu stefnanda frá dómi ex officio.

Varakrafan: Ekki þykir unnt að telja starfsemi h/f Asks á Ísafirði, þá, er að framan var lýst, jafngilda heimilisfastri atvinnustofnun þar í merkingu útsvarslaganna, þannig að félagið sé útsvarsskylt þar í kaupstað. Hins vegar þykja þessar framkvæmdir þar svo nátengdar og nauðsynlegar útgerð b/v Skutuls, að telja

beri h/f Ask reka þar atvinnu, svo sem greini í a-lið 1. töluliðs 9. gr. útsvarslaganna, enda veitir framhald heimilisfangs skipsins á Ísafirði því nokkra stoð, að þar sé að einhverju leyti útgerð þess. Ber því að taka til greina varakröfu stefnanda og dæma stefndan til að þola skiptingu samkvæmt ákvæðum III. kafla útsvarslaganna á útsvari því, er lagt var á h/f Ask hér í bænum árið 1943.

Eftir atvikum þykir þó rétt, að málskostnaður falli niður.

Árni Tryggvason borgardómari kvað upp dóm þenna, en uppsaga hans hefur dregizt nokkuð um venju fram sakir sérstakra embættisanna.

Því dæmist rétt vera:

Framangreindri kröfu er vísað frá dómi ex officio.

Stefndum, bæjarsjóði Reykjavíkur, ber að þola það, að útsvari því, sem lagt var á h/f Ask árið 1943 í Reykjavík, verði skipt samkvæmt III. kafla laga nr. 106 frá 1936 milli hans og stefnanda máls þessa, bæjarsjóðs Ísafjarðar.

Málskostnaður falli niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá löglbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 6. júní 1945.

Nr. 43/1945. **Kristín Daníelsdóttir og Ólafur Daníelsson**
(Theódór B. Lindal)
gegn
Thorvaldsensfélaginu og gagnsök
(Sveinbjörn Jónsson).

Setudómari prof. Ísleifur Árnason í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Útburðarmál. Um rétt erfingja til leiguhúsnæðis arfleifanda.

Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða úrskurð hefur upp kveðið Kristján borgarfógeti Kristjánsson.

Aðaláfrýjendur, sem skotið hafa máli þessu til hæstaréttar með stefnu 26. marz þ. á., hafa krafizt þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og synjað um framgang útburðar. Svo krefjast þeir málskostnaðar úr hendi

gagnáfrýjanda í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati hæstaréttar.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 16. apríl þ. á. og krafizt staðfestingar á ákvæði hins áfrýjaða úrskurðar um útburð. Einnig krefst hann málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda í báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta ákvæði hans um framkvæmd útburðar.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að aðaláfrýjendur greiði in solidum gagnáfrýjanda kr. 3000.00 í málskostnað fyrir fógetadómi og í hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Ákvæði hins áfrýjaða úrskurðar um framkvæmd útburðar skal vera óraskað.

Aðaláfrýjendur, Kristín Daníelsdóttir og Ólafur Daníelsson, greiði in solidum gagnáfrýjanda, Thorvaldsensfélaginu, kr. 3000.00 í málskostnað fyrir fógetadómi og í hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 19. marz 1945.

Í þessu máli, sem flutt hefur verið munnlega hér fyrir fógetaréttinum og tekið var undir úrskurð 13. þ. m., hefur gerðarbeiðandi, Thorvaldsensfélagið, krafizt þess, að allar vörur og aðrir munir, sem eru í húsinu nr. 4 við Austurstræti, tilheyrandi erfingjum Jóns Daníelssonar eða tilheyrandi Kristínu Daníelsdóttur, sem er einn erfinginn, ef svo skyldi reynast að hún væri ein eigandi þeirra, verði borið þaðan út og umráð húsnæðisins fengin gerðarbeiðanda í hendur. Erfingjar Jóns heitins Daníelssonar eru: Dr. Ólafur Daníelsson, Laugavegi 40, Kristín Daníelsdóttir, Tjarnargötu 10, bæði hér í bænum, og 3 börn Sigrúnar Daníelsdóttur, sem nú er látin, þau Daníel Hannesson, Jóhanna Hannesdóttir og Ellen Hannesdóttir, sem öll eru búsett í Ameríku.

Gerðarþolar hver um sig hafa mótmælt framgangi hinnar umbeðnu gerðar, og lögðu aðiljar því atriðið undir úrskurð fógetaréttarins.

Hvor aðiljanna um sig hefur krafizt málskostnaðar.

Málavextir eru þeir, að Jón heitinn Daníelsson mun hafa eignazt Verzlunina Havana árið 1932 og rekið hana frá þeim tíma til

dánardags, 21. marz 1944, sem fullábyrgur einkaeigandi. Virðist hann hafa fengið þetta umrædda húsnæði á leigu 16. marz 1932 og rekið verzlunina þar alla tíð síðan, en húsnæði þetta er sölubúð á neðri hæð og 2 herbergi á annarri hæð, en þar bjó hinn látni til dauðadags og hafði þar auk þess skrifstofu og vörugeymslu.

Eftir lát Jóns Daníelssonar tók skiptaréttur Reykjavíkur bú hans til skiptameðferðar. Var það skrifað upp og virt dagana 25. marz og 1. og 4. apríl 1944. Innköllun var gefin út 14. apríl f. á. og birt síðast í Lögbirtingablaðinu 26. s. m. Með bréfi dags. 4. apríl f. á. tilkynnti gerðarbeiðandi skiptaráðanda, að hann teldi leigusamning þann, er hann hafði haft við Jón heitinn Daníelsson um umrætt húsnæði, niður fallinn og æskir þess, að húsnæðið verði rýmt sem fyrst. Þann 7. júní s. l. óskuðu erfingjarnir, sem gengizt höfðu við skuldum, að fá búið framselt til einkaskipta. Kröfulýsingarfrestur var þá ekki liðinn, og taldi skiptaráðandi því ekki rétt að verða við þessari ósk þeirra að svo stöddu, en gaf hins vegar tveimur umboðsmönnum erfingjanna, sem mættu á skiptafundinum, fullt umboð til að ráðstafa vörubirgðum búsins, áhöldum og innanstokksmunum. Munir þessir voru geymdir í hinu umdeilda húsnæði, og fengu umboðsmenn aðiljanna lykla að því í sínar hendur. Mun það hafa verið skömmu eftir skiptafund þann, er áður getur, að Verzlunin Havana var opnuð að nýju í sínum fyrri húsakynnum fyrir forgöngu erfingjanna eða umboðsmanna þeirra, og hófust þar verzlunarviðskipti eins og áður hafði tíðkazt bæði með vörum, sem til voru þá, og eins aðkeyptum vörum, eftir því sem upplýstist í munnlegum flutningi málsins.

Þann 13. júlí krafðist gerðarbeiðandi því næst útburðar úr umræddu húsnæði, og var það mál sótt og varið hér fyrir fógetarétt-inum. Á meðan stóð á sókn og vörn málsins hér fyrir réttinum, var skiptum í búinu lokið eða þann 7. september síðastliðinn. Óskuðu erfingjarnir, þegar til kom, að búinu yrði skipt af skiptaráðanda og lauk þeim skiptum eins og áður segir þann 7. september f. á. Er svo fram tekið í skiptagerðinni, að erfingjarnir undir nr. 1 og 2, þ. e. Ólafur Daníelsson og Kristín Daníelsdóttir, taki meðal annars í sinn arfahluta eignarliðina undir nr. 6—9, en það er meðal annars verzlunaráhöld, húsmunir og verzlunarvörur með firmanafni og útistandandi skuldum, en það nam samtals samkvæmt virðingarverði kr. 43376.71. Með þessu skyldi og fylgja réttur til húsnæðisins í Austurstræti 4, að svo miklu leyti sem erfingjar geta eignazt leigurétt að húsnæði arfláta, allt án nokkurrar ábyrgðar af skiptaréttarins hálfu.

Eftir að þessum skiptum hafði verið lokið, eða nánar tiltekið 30. september f. á., féll úrskurður um útburðarbeiðnina á þá leið, að útburður skyldi fram fara. Úrskurði þessum var því næst áfrýjað til hæstaréttar og gagnáfrýjað, og urðu endalok málsins þau í

hæstarétti, að málinu var vísað heim aftur í hérað með dómi réttarins 21. f. m. Með beiðni dagsettri sama dag var, eins og fyrr segir, beðið um útburð á ný, og var mál það tekið fyrir hér í fógetaréttinum 13. þ. m., og lögðu aðiljar þá fram öll gögn og greinargerðir. Var munnlegur flutningur málsins þá þegar ákveðinn. Málið var flutt og tekið til úrskurðar, eins og fyrr segir.

Undir munnlegum flutningi málsins krafðist gerðarbeiðandi, að gerðarþolum yrðu óheimiluð afnotin af húsnæði þessu aðallega frá 4. apríl 1944, til vara frá 7. júní s. á., en til þrautavara frá skiptalokum.

Þessar kröfur verða ekki teknar til athugunar hér, þar sem eigi verður talið, að valdsvið fógetaréttarins sé það víðtækt, að úrskurðað verði annað né meira en það, hvort umbeðin útburðargerð fari nú fram.

Gerðarbeiðandi hefur og beint gerð þessari aðallega, að því er virðist, að öllum erfingjum Jóns heitins Daníelssonar, en í skiptagerðinni frá 7. september síðastliðnum er aðeins dr. Ólafi Daníelssyni og Kristínu Daníelsdóttur afhent þau verðmæti, sem hér meðal annars er krafizt að borin séu út, og verður því eigi talið, að aðrir erfingjar en þau tvö geti verið málssvarar hér, en hins vegar verður að líta svo á, að þrátt fyrir firmatilkynninguna á réttarskjali nr. 11, þar sem aðeins er getið um firmanafnið sjálft, en eigi um afhendingu þeirra muna, sem hér um ræðir, að hinir tveir fyrrnefndu erfingjar hljóti sameiginlega að svara til sakar í þessu máli.

Gerðarbeiðandi byggir kröfu sína um útburð á því, að við frá fall leigutaka, Jóns Daníelssonar, hafi leigumálinn um hið umrædda húsnæði fallið niður, og sé sér óskylt að framlengja hann við erfingjana. Telur hann, að leigumálinn hafi verið gerður við Jón Daníelsson persónulega, en ekki verzlunina Havana sem firma, enda hafi firmað verið einkaeign Jóns. Hefur gerðarbeiðandi þessu til stuðnings bent á, að kvittanir fyrir leigugreiðslum hafi ávallt verið gefnar út á nafn Jóns Daníelssonar, en ekki á nafn verzlunarinnar Havana. Með bréfi til skiptaráðandans frá 4. apríl 1944 kveðst hann hafa sagt upp húsnæði þessu til rýmingar sem fyrst, en hins vegar vitað, að skiptarétturinn þyrfti á húsnæðinu að halda á meðan verið væri að koma vörunum og öðrum eignum búsins í peninga, og hafði því látið óátalið, þótt skiptarétturinn hefði húsnæðið á meðan á því stæði. En skömmu eftir 7. júní 1944, er umboðsmönnum erfingjanna, þeim Daníel Ólafssyni stórkaupmanni og Sveini Kaaber cand. jur., hafði verið afhentur af skiptaréttinum ráðstöfunarréttur yfir verzlunarvörum, áhöldum og innanstokksmunum hins látna, hafi verið opnuð búðin á ný og hafin þar verzlunarviðskipti á sama hátt og áður, og þar á meðal keyptar inn nýjar vörur. Hafi hann eigi getað unað þessu lengur

og því krafizt útburðar, enda hefði verið hægt að selja þessar vörur á 2 dögum, og mótmælir hann jafnframt réttarskjali nr. 10 sem röngu. En sérstaklega eftir að skiptum var lokið í búinu, sé útilokað, að erfingjarnir fleiri eða færri geti haldið búðinni og rekið þar verzlunarviðskipti á sama hátt og hinn látni gerði, enda sé hér auk búðarinnar um íbúðarhúsnæði að ræða.

Gerðarþoli byggir hins vegar mótmæli sín gegn framgangi gerðarinnar á því, að Verzlunin Havana sé raunverulegur leigjandi hins umdeilda húsnæðis, og hafi því leiguréttur að húsnæðinu fallið til erfingja Jóns Daníelssonar, eftir að hann dó, eða þeirra, er verzlunina eignuðust, samhliða verzlunarvörum þeim, er í búðinni voru. Geti gerðarbeiðandi því eigi fengið gerðinni framgengt nema eftir löglega uppsögn og samkvæmt ákvæðum húsaleigulaganna. Bréf gerðarbeiðanda á réttarskjali nr. 4 til skiptaráðanda telur hann beri að skoða aðeins sem tilkynningu, en ekki sem uppsögn. Þá bendir hann og á það, að þótt hinn látni hafi sofið í húsnæði þessu, þá sé vart hægt að kalla það íbúð, enda hafi hann sofið í skrifstofuherbergi verzlunarinnar. Fullyrðir hann, að engin hætta sé á vangreiðslu, og bauð fram í réttinum tryggingu fyrir 6 mánaða húsaleigugreiðslu. Þá telur hann, að með hliðsjón af 18. gr. gjaldþrotaskiptalaganna hljóti hann að minnsta kosti að eiga rétt á að fá hæfilegan tíma til að selja vörur búsins, en til þess að geta selt þær með sem hagkvæmustum kjörum, þá sé nauðsynlegt að kaupa í skarðið, þegar einhver vörutegund er gengin til þurrðar.

Samkvæmt útdrætti úr fundarbók Thorvaldsensfélagsins (réttarskjal nr. 6), sem er gerðarbeiðandi í máli þessu, fær Jón heitinn Daníelsson leigða búðina og skrifstofuherbergin í Austurstræti 4 frá 1. apríl 1932 til 1. apríl 1933, og verður eigi annað séð, en samningur þessi hafi framlengzt af sjálfu sér um óákveðinn tíma. Af þessu verður eigi annað álitið en hann hafi persónulega verið leigutakinn, enda allar kvittanir verið gefnar út á nafn hans alla tíð. Verður því að telja, að afstaða hans gagnvart leigusala um húsnæði það, er hann notaði fyrir Verzlunina Havana, sem var einkaeign hans, sé sú sama og verið hefði um hvert annað húsnæði sem hann hefði haft á leigu til eigin afnota, enda bjó hann í nokkrum hluta hins leigða húsnæðis. Afnotarétt sinn af leiguhúsnæði getur leigutaki jafnaðarlega ekki fengið öðrum í hendur án samþykkis leigusala, og verður samkvæmt því að líta svo á, að leigusala sé heldur ekki skylt að hlíta því, að erfingjar, sem ekki hafa áður haft nein afnot hins leigða húsnæðis, gangi inn í leigumála arfláta í hans stað til frambúðar.

Á það má fallast, að erfingjar kunni á sama hátt og skiptaréttur í þrotabúum að geta til bráðabirgða komið í stað arfláta meðan á skiptum stendur, en sá réttur virðist, þegar um muni bús er að

ræða, heimilaður með það fyrir augum að rýra sem minnst verðmæti þeirra. En þessi réttur er þó þeim takmörkum bundinn, að hann getur aðeins staðið skaman tíma og, að því er virðist, aðeins til hagsbóta fyrir búið sem heild.

Eins og fram er komið í málinu, andaðist Jón Daníelsson þann 21. marz 1944, og var bú hans skrifað upp dagana 25. marz og 1. og 4. apríl sama ár. Umboðsmönnum erfingjanna var því næst 7. júní f. á. afhentar vörubirgðir hins látna til ráðstöfunar, en þær voru síðar við skiptalok þann 7. september f. á. afhentar 2 erfingjunum upp í arf.

Sá tími, sem liðinn er frá þessum aðgerðum, verður að teljast það ríflegur, að hægt hefði verið að ráðstafa hér umræddum eignum á sómasamlegan hátt. Tilkynning gerðarbeiðanda til skiptaréttarins 4. apríl 1944 verður eigi skilin öðruvísi en sem uppsögn á húsnæðinu, enda styður útburðarbeiðnin þann 13. júlí síðastliðinn þá skoðun, og er með báðum þessum athöfnum framkominn augljós vilji gerðarbeiðanda til þess að losa húsnæðið.

Réttur sá, sem dánarbú Jóns Daníelssonar kann að hafa átt með hliðsjón af 18. grein gjaldþrotaskiptalaganna til áframhaldandi notkunar húsnæðis gerðarbeiðanda, er tímabundinn, og verður eigi talið, að húsaleigulögin geti hindrað gerðarbeiðanda í því að fá kröfu um brottflutning framgengt, þar sem enginn sjálfstæður leigumáli er gerður milli aðilja, um hið umdeilda húsnæði.

Samkvæmt ofansögðu verður því að leyfa framgang hinnar umbeðnu gerðar á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að allur málskostnaður í máli þessu falli niður.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna útburðargerð skal fara fram á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 6. júní 1945.

Kærumálið nr. 5/1945. **H/f Fiskur og Ís**

gegn

Höjgaard & Schultz A/S.

Staðfesting vitnaskýrslu.

Dómur hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur með yfirlýsingu 15. maí þ. á. kært til hæstaréttar úrskurð borgardómara sama dag, þar sem vitn-

inu Eric Viggo Lundgaard er heimilað að staðfesta fyrir dómi framburð sinn í máli sóknaraðilja gegn varnaraðilja. Barst hæstarétti kæran 26. maí s. l.

Sóknaraðili hefur sent hæstarétti greinargerð, dags. 28. maí s. l. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og að synjað verði um staðfestingu framburðar nefnds vitnis. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi varnaraðilja fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Frá varnaraðilja hafa hæstarétti ekki borizt kröfur né greinargerð í kærumáli þessu.

Það er ekki fram komið í málinu, að afstaða nefnds vitnis til málsins sé slík, að hún þyki eiga að standa því í vegi, að vitnið fái að staðfesta vætti sitt með eiði eða drengskaparheiti, sbr. 1. tölulið 2. mgr. 127. gr. laga nr. 85/1936. Ber því að staðfesta úrskurð héraðsdómara.

Þar sem varnaraðili hefur ekki krafizt málskostnaðar fyrir hæstarétti, fellur hann niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 15. maí 1945.

Mál þetta hefur h/f Fiskur & Ís í Vestmannaeyjum höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 25. júlí 1944 gegn Höjgaard & Schultz A/S, Miðstræti 12 hér í bænum. Gerir stefnandi þær dómkröfur *aðallega,* að stefnda verði dæmt til þess, að viðlögðum hæfilegum dagsektum, að afhenda því 200 m^3 af góðu og ófúnu einangrunartorfi og til þess að greiða því kr. 50000.00 í skaðabætur vegna dráttar á afhendingu ásamt 6% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá 10. ágúst 1943 til greiðsludags, allt að frádregnum kr. 6000.00. *Til* vara krefst stefnandi, að stefnda verði dæmt til þess að greiða því kr. 56000.00 með 6% ársvöxtum frá 10. ágúst 1943 til greiðsludags. Í báðum tilvikum krefst stefnandi málskostnaðar að skaðlausu.

Stefnda krefst sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Eric Viggo Lundgaard, verkfræðingur hjá stefnda, hefur komið fyrir dóm sem vitni í máli þessu dagana 23. febrúar s. l., 21. marz s. l. og 11. þ. m. Er að því kom í síðast greindu þinghaldi, að vitni

þetta skyldi staðfesta fyrir dómi framburð sinn þessa daga, mótmælti umboðsmaður stefnanda því, að vitninu væri heimilað það, þar eð það væri um of við málið riðið. Umboðsmaður stefnda lýsti því yfir, að vitnið væri aðeins starfandi verkfræðingur í þjónustu stefnda, og krafðist þess, að vitninu væri heimiluð staðfesting framburðar síns, og var atriðið tekið til úrskurðar að kröfu hans.

Þótt ljóst sé af því, sem komið hefur fram í máli þessu, að fyrrgreint vitni hefur að miklu leyti komið fram sem fulltrúi stefnda gagnvart stefnanda við samningsgerð þá, er í málinu greinir, þykir það ekki nægileg ástæða til að synja því um heimild til staðfestingar framburðar síns, enda er eigi sýnt fram á, að vitnið hafi á annan hátt hagsmuna að gæta í sambandi við mál þetta eða úrslit þess.

Vitni þessu verður því heimilað að staðfesta framangreindan framburð sinn fyrir dómi.

Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Vitninu, Eric Viggo Lundgaard, er heimilt að staðfesta fyrir dómi framangreindan framburð sinn í máli þessu.

Miðvikudaginn 13. júní 1945.

Nr. 27/1945. **Theódór B. Líndal f. h. eigenda og skipshafnar b/v Volesus G.Y. 851** (Theódór B. Líndal).

gegn

Einari B. Guðmundssyni f. h. eigenda v/s Thurid T.N. 321 (Einar B. Guðmundsson).

Setudómari prof. Ísleifur Árnason í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Þóknun dæmd fyrir dráttaraðstoð skips.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 16. febr. 1945 skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 28. s. m. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 45000.00 ásamt 5% ársvöxtum frá 18. febr. 1944 til greiðslu-

dags og málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Samkvæmt óvéfengdri skýrslu stefnda fyrir hæstarétti hafði eitt af fjórum skrúfublöðum v/s Thurid brotnað, en að öðru leyti var bæði vél skipsins og skrúfa talin tiltæk, ef í nauðir rak. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að telja hjálp þá, er b/v Volesus veitti v/s Thurid, dráttaraðstoð, og þykir þóknun fyrir hana hæfilega ákveðin kr. 19500.00. Svo ber og að dæma vexti af þeirri fjárhæð 5% frá stefnudegi 8. júlí 1944 til greiðsludags.

Samkvæmt þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti, samtals kr. 4000.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Einar B. Guðmundsson f. h. eigenda v/s Thurid T.N. 321, greiði áfrýjanda, Theódór B. Líndal f. h. b/v Volesus G.Y. 851, kr. 19500.00 ásamt 5% ársvöxtum frá 8. júlí 1944 til greiðsludags og samtals kr. 4000.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 9. nóvember 1944.

Mál þetta, sem dómtekið var 6. þ. m., hafa eigendur og skipshöfn togarans Volesus G.Y. 851, Grímsby, höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu útgefinni 19. júlí 1944 gegn eigendum v/s Thurid T.N. 321, Færeyjum, til greiðslu björgunarlauna að fjárhæð kr. 45000.00 ásamt 5% ársvöxtum frá 18. febr. 1944 til greiðsludags og málskostnaðar eftir mati dómsins. *Til vara* krefjast stefnendur annarrar lægri fjárhæðar eftir mati dómsins. Stefndir gera *aðallega* þær dómkröfur, að stefnukrafan verði lækkuð til verulegra muna, stefndum verði ekki gert að greiða vexti og málskostnaður verði látinn falla niður, en *til vara*, að vextir verði aðeins dæmdir frá stefnudegi.

Hafa stefndir við hinn munnlega málflutning krafizt þess, að þeir væru ekki lengur bundnir við 20 þúsund króna boð að þessu leyti, og var engum andmælum hreyft af hálfu stefnda gegn framkomu þeirrar kröfu.

Málsatvik eru þau, að þann 17. febrúar 1944 var v/s Thurid á leið frá Reykjavík til Vestmannaeyja. Þegar skipið var statt um 5 sjómílur NV af Stafnesi, varð það fyrir hörðu höggi, eins og það ræðist á eitthvert rekald, og um leið fór vélin að hristast svo mikið, að vélamenn álitu eigi fært, að hún væri látin ganga, bæði vegna öryggis hennar sjálfrar og skipsins. Var vélin því stöðvuð, skipinu snúið við og reynt að komast til Reykjavíkur á seglum. Var þannig siglt fyrir Garðskaga, en er hér var komið, töldu skipverjar, að vindur væri of þver, þannig að skipið ræki um 7 strik frá stefnu á hættulegar slóðir. Var því kallað á hjálp kl. 23, og náðist samband við togarann Volesus G.Y. 851 kl. 0.30 þann 18. febrúar. Togari þessi var við dufl nr. 2 í Faxaflóa og var ekki að veiðum vegna veðurs. Lagði hann strax af stað áleiðis til v/s Thurid og kom á vettvang kl. 1.00. Heppnaðist eftir fjórar tilraunir að koma dráttartaug um borð í v/s Thurid um kl. 2.30. Lagði togarinn síðan strax af stað með v/s Thurid í eftirdragi. Gekk ferðin vel, og komu skipin til Reykjavíkur kl. 6 árdegis þann 18. febrúar. Eftir komuna hingað voru haldin sjóferðapróf út af atburðum þessum. Þann 22. marz var v/s Thurid metin af dómkvöddum mönnum, og töldu þeir verðmæti þess vera 291 þúsund krónur. Aðiljar eru sammála um að meta farm skipsins, fatnað skipverja og aðra lausa muni, sem ekki teljast til skipsbúnaðar, á kr. 9000.00.

Stefnendur byggja kröfur sínar á því, að v/s Thurid hafi verið statt í neyð, er því barst hjálp b/v Volesus. Vindur hafi verið hvass SV eða SSV, haugasjór og v/s Thurid sama sem seglalaus, en veður versnandi, v/s Thurid hafi rekið um 1 strik frá stefnu, eða sem næst beint í norður og því átt á hættu að reka í strand á Mýrum eða Snæfellsnesi. Telja stefnendur því, að hér hafi verið um ótvíræða björgun að ræða, sem hafi tekizt mjög vel, enda verið leyst af hendi með verklagni og atorku, en eftir björgunina hafi b/v Volesus tafizt heilan dag hér í Reykjavík vegna sjóferðaprófa.

Stefndir byggja kröfur sínar fyrst og fremst á því, að hér hafi aðeins verið um aðstoð að ræða, en ekki björgun, þar sem telja megi mjög líklegt, að v/s Thurid hefði komizt af án hjálpar b/v Volesus. Benda þeir í þessu sambandi á, *að* skipstjórinn á v/s Thurid hafi verið vel kunnugur á þessum slóðum, *að* skipið hafi haft fullnægjandi seglabúnað og veður hafi ekki verið tiltakanlega slæmt. Telja stefndir því, að hægt muni hafa verið að halda skipinu frá landi með seglunum einum, en auk þess sé ósýnt, hvort ekki hafi verið hægt að nota vélina til þess. Þá telja stefndir, að þessi aðstoð hafi ekki haft í för með sér neitt tjón fyrir b/v

Volesus eða útbúnað hans, hún verið mjög litlum erfiðleikum bundin, og b/v Volesus hafi aðeins tafizt nokkrar klukkustundir vegna aðstoðarinnar.

Í máli þessu hefur verið lagt fram vottorð Veðurstofunnar í Reykjavík um veðurfar í Reykjavík, Grindavík, á Reykjanesvita, Arnarstapa og Hellissandi dagana 17. og 18. febrúar 1944. Samkvæmt þessu vottorði var átt (réttvísandi) og veðurhæð í Reykjavík kl. 24 þann 17. febr. og kl. 0.3 þann 18. febrúar SSV 5 og brim. Á Reykjanesvita var átt og veðurhæð þann 17. febrúar kl. 24 og þann 18. febrúar kl. 0.6 V 7 og krappur sjór. Átt og veðurhæð á Arnarstapa var þann 17. febrúar kl. 21 SV 2 og brim, en þann 18. febrúar kl. 0.8 V 5 og brim. Samkvæmt þessum gögnum verður dómurinn að líta svo á, að v/s Thurid hafi ekki getað rekið 7 stig frá stefnu til Reykjavíkur, eins og skipverjar þess halda fram, enda er þetta í samræmi við framburð skipstjórans á b/v Volesus, sem segir, að talsverður vestanvindur hafi verið, er b/v Volesus kom að v/s Thurid. Samkvæmt sömu gögnum verður og að telja, að v/s Thurid hefði átt að geta siglt frá Garðskaga til Reykjavíkur eða Hafnarfjarðar á sömu seglum, en þau virðast hafa verið tvö, og það sigldi frá Stafnesi til Garðskaga, sérstaklega þegar þess er gætt, að vindur varð vestlægari eftir því sem leið á þann 18. febrúar og hér var um góðan byr að ræða. V/s Thurid verður því eigi talið hafa verið statt í neyð, er b/v Volesus kom því til hjálpar, og breytir það engu í þessu efni, þótt skipverjar á v/s Thurid hafi litið svo á, að skipið kæmist ekki ferða sinna. Af þessari ástæðu verður hjálp sú, er b/v Volesus veitti v/s Thurid, ekki talin björgun í þeirri merkingu, sem átt er við í 229. gr. siglingalaganna, og verða stefnendum því eigi dæmd björgunarlaun. en hins vegar ber eigendum b/v Volesus borgun fyrir dráttaraðstoðina. Þessi aðstoð var vel og rösklega veitt, og nokkrum erfiðleikum var bundið að koma dráttarstrengjunum yfir í v/s Thurid. V/s Volesus lagði til þá dráttarstrengi, sem notaðir voru við dráttinn, en þeir voru 250 faðmar að lengd og 2¾ tommur að gildleika. Ekki er leitt í ljós, að dráttarstrengir þessir hafi skemmzt við dráttinn, en gera verður ráð fyrir, að þeir kunni að hafa tognað eitthvað, enda er það aðeins venjulegt slit samfara slíkri notkun. Drátturinn sjálfur tók 3½ klst., 1½ klukkustund fór í að koma dráttartauginni um borð í v/s Thurid, og siglingin til v/s Thurid tók ½ klst., en auk þessa tafðist togarinn hér til kvölds þess 18. febrúar vegna sjóferðaprófa. Það er óumdeilt, að togarinn varð eigi fyrir neinu aflatjóni á þessum tíma, þar sem veður hamlaði veiðum, en siglingin til Reykjavíkur og til baka aftur mun hafa haft í för með sér aukna eldsneytiseyðslu.

Að þessu öllu athuguðu þykir þóknunin fyrir aðstoðina hæfi-

lega ákveðin kr. 18000.00 auk vaxta, er reiknast 5% p. a. og teljast frá stefnudegi.

Samkvæmt þessum málalokum verður stefndum og gert að greiða stefnendum málskostnað, enda er gegn mótmælum stefnanda ósannað, að um nokkurt löglegt greiðslutilboð hafi verið að ræða af hálfu stefndra, áður en til máls þessa var stofnað. Þykir málskostnaðurinn, þar með talinn matskostnaður, hæfilega ákveðinn kr. 2300.00.

Árni Tryggvason borgardómari og meðdómendurnir Hafsteinn Bergþórsson útgerðarmaður og Þorgrímur Sigurðsson skipstjóri hafa kveðið upp dóm þenna.

Því dæmist rétt vera:

Stefndir, eigendur v/s Thurid T.N. 321, greiði stefnendunum, eigendum b/v Volesus G.Y. 851, kr. 18000.00 ásamt 5% ársvöxtum frá 19. júlí 1944 til greiðsludags og kr. 2300.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 15. júní 1945.

Nr. 60/1945. **Magnús Guðmundsson** (Ólafur Þorgrímsson)
gegn
Guðjóni Samúelssyni (Sveinbjörn Jónsson).

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson og hrl. Einar B. Guðmundsson í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar og hrd. Árna Tryggvasonar.

Um rétt til einkaleyfis fyrir uppgötvun.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 25. apríl 1945, krefst þess, að hann verði sýknaður og stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og að sér verði dæmdur málskostnaður úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Samkvæmt því, sem upp hefur komið í máli þessu, verður að telja, að stefndi hafi gert uppgötvun þá, sem í málinu greinir. Svo verður og að telja víst, að uppgötvun þessi hafi í öndverðu verið hæf til að hljóta vernd samkvæmt lögum um einkaleyfi. Stefndi gerði uppgötvunina 1933. Lét hann það vor og sumar múrhúða Þjóðleikhúsið og Fiskifélagshúsið í Reykjavík með aðferð sinni. Múrhúðun þessi fór fram opinberlega, og múrurum þeim, sem unnu að múrhúðun húsa þessara, var ekki lögð á herðar nein leyndarskylda um aðferðina við framkvæmd verksins. Síðar á árinu 1933 voru tvö önnur hús í Reykjavík múrhúðuð með sama hætti. Stefndi átti ekki hlut að því verki, en að því unnu múrarar þeir, sem unnið höfðu að múrhúðun Þjóðleikhússins og Fiskifélagshússins, auk fleiri manna. Sumarið 1934 voru enn fjögur hús múrhúðuð með aðferð stefnda. Var Rannsóknarstofa Háskólans eitt þeirra húsa. Var engrar leyndar gætt um vinnuaðferð múrhúðunar við hús þessi. Samkvæmt þessu hafði uppgötvun stefnda, þegar hann 16. nóv. 1934 sótti um einkaleyfi á henni, verið almenningi til sýnis með þeim hætti, að þeir menn, er vit höfðu á, gátu hagnýtt sér hana. Voru því skilyrði 1. gr., 4. tl., laga nr. 12/1923 til að veita einkaleyfi á aðferðinni ekki fyrir hendi. Þann 16. maí 1936 synjaði ráðherra stefnda um einkaleyfi að svo stöddu. Stefndi hófst eftir þetta ekki handa til að endurnýja einkaleyfiskröfu sína fyrr en í bréfi til ráðherra hinn 15. september 1939, enda þótt uppgötvun hans væri öll þessi ár hagnýtt við múrhúðun húsa hér á landi. Verður þetta aðgerðarleysi stefnda ekki samrýmt kröfu hans um einkaleyfisrétt hér á landi á uppgötvuninni.

Verður af ástæðum þeim, sem raktar voru, að sýkna áfrýjanda af kröfu stefnda í málinu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, Magnús Guðmundsson, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Guðjóns Samúelssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 26. marz 1945.

Mál þetta, sem dómtekið var 19. þ. m., hefur Guðjón prófessor Samúelsson, húsameistari ríkisins, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 17. nóv. 1942 gegn Magnúsi Guðmundssyni skipasmið, Bárugötu 15 hér í bænum, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 400.00 ásamt 6% ársvöxtum frá sáttakærudegi, 17. sept. 1942, til greiðsludags og málskostnaðar samkvæmt mati dómarans.

Stefndur krefst sýknu og málskostnaðar sér til handa.

Með sakaukastefnu, útgefinni 16. marz 1943, krafðist stefnandi þess *til vara*, að Jón Eiríksson múrarameistari, Urðarstíg 15 hér í bæ, yrði dæmdur til að greiða framangreinda fjárhæð með vöxtum og málskostnaði, eins og fyrr segir. Varastefndur krafðist *aðallega* sýknu, en til vara frávísunar, svo og málskostnaðar sér til handa. Síðan hefur stefnandi fallið frá kröfum sínum á hendur varastefndum, og koma þær því ekki til álita hér né heldur kröfur varastefnds, sem ekki hefur sótt þing eftir þá endurupptöku málsins, sem síðar greinir.

Mál þetta var upphaflega flutt munnlega á bæjarþingi Reykjavíkur þann 30. júní 1943, og hinn 29. júlí s. á. kvað settur lögmaður, Kristján Kristjánsson, upp dóm í málinu, þar sem aðalstefndur var dæmdur til að greiða aðalstefnanda hina umstefndu fjárhæð ásamt vöxtum, eins og krafizt var, svo og kr. 152.35 í málskostnað. Varastefndur var hins vegar sýknaður af kröfum aðalstefnanda, sem var dæmdur til að greiða varastefndum kr. 100.00 í málskostnað.

Málinu var síðan skotið til hæstaréttar, en með dómi hans, uppkveðnum 12. maí 1944, var héraðsdómurinn ómerktur og málinu vísað heim til munnlegs málflutnings og dómsálagningar af nýju, þar sem héraðsdómaranum hefði láðst að dæma um tiltekna varnarástæðu. Árni Tryggvason borgardómari hefur síðan látið fram fara munnlegan málflutning af nýju og kveðið upp dóm þenna, eftir að hafa beint því til aðilja, að frekari gagna væri þörf í málinu, og liggja þau gögn nú fyrir.

Málsatvik eru þessi:

Í bréfi til atvinnumálaráðuneytisins, dags. 16. nóv. 1934, sótti stefnandi um, að honum yrði veitt einkaleyfi á aðferð til utanhúðunar á húsum og öðrum mannvirkjum úr steinsteypu, er hann tjáði sig hafa fundið upp, og tók það jafnframt fram, að hann hefði sótt um einkaleyfi erlendis. Bréfi þessu fylgdi lýsing á aðferðinni svo og einkaleyfiskrafan. Í bréfi ráðuneytisins, dags. 16. maí 1935, var honum tjáð, að leitað hefði verið umsagnar

„Direktoratet for Patent- og Varemærkevæsenet m. v.“ um beiðnina og jafnframt tekið fram, að ráðuneytið sjái „ekki að svo stöddu ástæðu til að veita hið umbeðna einkaleyfi“.

Með bréfi, dags. 15. sept. 1939, endursótti stefnandi um einkaleyfið frá 16. nóv. 1934. Hinn 27. jan. 1940 sendi ráðuneytið stefnanda til umsagnar bréf Múrarameistarafélags Reykjavíkur, þar sem höfð voru uppi mótmæli gegn því, að stefnanda yrði veitt einkaleyfið. Stefnandi svaraði síðan ráðuneytinu í bréfi, dags. 27. maí 1940. Ráðuneytið sendi stefnanda enn þann 7. des. s. á. bréf Múrarameistarafélagsins frá 3. s. m., þar sem félagið endurtók mótmæli sín gegn leyfisveitingunni. Því bréfi svaraði stefnandi síðan þann 28. des. 1940, en ekki verður séð, að síðan hafi frekara gerzt í málinu fyrr en stefnanda var veitt einkaleyfið með bréfi dags. 18. febrúar 1941 (einkaleyfi nr. 133). Er tekið fram í leyfisbréfi ráðuneytisins, að uppgötvunin sé vernduð frá 16. nóv. 1934, þegar stefnandi sótti fyrst um einkaleyfið.

Stefnandi hefur síðan heimilað, að aðferð sú, sem einkaleyfið fjallar um, væri notuð gegn greiðslu gjalds, 1 kr. fyrir hvern fermeter veggflatar, sem múrhúðaður hefur verið. Á árunum 1941—42 byggði stefndur í máli þessu hús á lóðinni nr. 15 við Bárugötu hér í bæ, og telur stefnandi, að það hús hafi verið múrhúðað að utan samkvæmt fyrrgreindri einkaleyfisaðferð hans. Er það óvéfengt, að utanhússveggir þar séu 400 m^2, og krefur stefnandi því stefndan um kr. 400.00 í þessu sambandi. Stefndur hefur eigi viljað greiða kröfu þessa, og hefur stefnandi því höfðað mál þetta og gert í því framangreindar dómkröfur.

Í greinargerð sinni byggði stefndur sýknukröfu sína m. a. á því, að krafa stefnanda ætti ekki að beinast gegn sér heldur múrarameistara þeim (varastefndum Jóni Eirikssyni), sem annazt hafði múrhúðun á umræddu húsi. Eftir því, sem ráða mátti af hinum munnlega málflutningi, byggir stefndur ekki lengur varnir á þessari ástæðu, og kemur hún því ekki til álita hér.

Eins og málið liggur nú fyrir, byggir stefndur sýknukröfu sína *í fyrsta lagi* á því, að utanhúðun á húsi hans hafi ekki verið framkvæmd samkvæmt aðferð þeirri, er um getur í einkaleyfi stefnanda, og þegar af þeirri ástæðu eigi hann enga kröfu á hendur sér.

Af skoðunargerð tveggja dómkvaddra manna svo og framburði múrarameistarans Jóns Eirikssonar þykir þó sýnt, að utanhúðun á húsi stefnds fullnægir þeim skilyrðum um gerð og vinnuaðferð, sem tiltekin eru í einkaleyfiskröfu stefnanda og einkaleyfið fjallar um. Er því ekki unnt að taka sýknukröfu stefnds til greina á þessum grundvelli.

Í öðru lagi byggir stefndur sýknukröfu sína á því, að stefnandi hafi ekki átt rétt til að fá hið umrædda einkaleyfi samkvæmt ákvæðum 3. gr. laga um einkaleyfi nr. 12, frá 20. júní 1923, þar sem hann

geti ekki talizt uppgötvari að múrhúðun þeirri, sem hann fékk einkaleyfi á. Það hafi verið þrír múrarar í þjónustu Korneliusar Sigmundssonar múrarameistara, sem hafi þreifað sig áfram með að finna aðferð til utanhúðunar á Þjóðleikhúsinu árið 1933, þar sem notaðar væru íslenzkar steintegundir í múrhúð. Hafi þeim tekizt að finna nothæfa aðferð í þessu skyni, án þess að stefnandi léti þeim í té nokkrar leiðbeiningar, og sé þetta múrhúðunaraðferð sú, sem hann hafi síðar fengið einkaleyfi á.

Af gögnum þeim, er fyrir liggja í málinu, þar á meðal framburði múrarameistarans Korneliusar Sigmundssonar, þykir ljóst, að umræddar tilraunir við Þjóðleikhúsið hafi verið framkvæmdar eftir ákvörðun stefnanda og eftir hans fyrirsögn, þótt verkið hafi síðan verið unnið af nefndum múrurum undir stjórn múrarameistarans. Verður stefnandi því að teljast sá upphafsmaður aðferðar þessarar, að ekki hafi verið heimilt, með skírskotun til 3. gr. laga nr. 12 1923, að neita honum um einkaleyfið. Þessi varnarástæða stefnds verður því heldur ekki tekin til greina.

Í þriðja lagi byggir stefndur sýknukröfu sína á því, að óheimilt hafi verið að veita stefnanda umrætt einkaleyfi, þar sem hann hafi gert uppgötvunina sem starfsmaður ríkisins og á kostnað þess. Að sumum norrænum lögum sé talið óheimilt að veita einkaleyfi, þegar þannig sé ástatt, og hljóti sama að gilda hér samkvæmt hlutarins eðli, enda þótt engin bein lagafyrirmæli séu til í þá átt.

Af hálfu stefnanda hefur því verið mótmælt, að tilraunir við framangreinda múrhúðun hafi verið kostaðar af ríkinu, og er það ósannað gegn þeim mótmælum. Og þar sem ekki verður séð, að óheimilt sé samkvæmt íslenzkum lögum að veita manni einkaleyfi, þótt svo sé ástatt um afstöðu hans gagnvart ríkinu sem um stefnanda máls þessa, þá þykir heldur ekki unnt að taka þessa sýknuástæðu til greina.

Í fjórða lagi heldur stefndur því fram og byggir sýknukröfu sína á því, að óheimilt hafi verið að veita stefnanda einkaleyfið vegna ákvæða 4. töluliðs 2. málsgr. 1. gr. laga nr. 12 1923, og það hvort sem miðað sé við 16. nóv. 1934, er stefnandi sótti fyrst um einkaleyfið, eða 15. sept. 1939, þegar hann „endursótti" um leyfið, en stefndur telur reyndar, að miða beri við síðari dagsetninguna að þessu leyti. Lítur stefndur svo á, að í bréfi atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins frá 16. maí 1935 felist endanleg synjun á beiðni stefnanda um einkaleyfið frá 16. nóv. 1934. Beiðni stefnanda í bréfi 15. sept. 1939 verði því að teljast ný umsókn um einkaleyfi, enda hafi hinn tiltekni frestur samkvæmt 16. gr. laga nr. 12 1923 þá verið löngu liðinn, auk þess sem glöggt sjáist við samanburð á umsóknum stefnanda frá 16. nóv. 1934 og 15. sept. 1939, að átt sé við allt aðra aðferð til utanhúðunar í seinni umsókninni en þeirri fyrri.

Þá varnarástæðu, að ekki hafi verið heimilt að miða vernd einkaleyfisins við 16. nóv. 1934 vegna greinds ósamræmis, hefur stefndur ekki haft uppi fyrr en nú við munnlegan flutning málsins. Hefur stefnandi fyrst og fremst mótmælt þessari málsástæðu sem of seint fram kominni, auk þess sem hann telur, að hún hafi ekki við nein rök að styðjast. Verður að telja, að fullt tilefni hafi verið til að hreyfa þessari málsástæðu fyrr, og ber því að fallast á nefnd mótmæli stefnanda, auk þess sem ekki verður séð, að um slíkt ósamræmi sé að ræða milli þeirra lýsinga og einkaleyfiskrafna, er fylgdu bréfum stefnanda frá 16. nóv. 1934 og 15. sept. 1939, að umsókn sú, er fólst í síðara bréfinu, geti talizt beiðni um annað einkaleyfi en áður var sótt um.

Orðalagið á bréfi ráðuneytisins frá 16. maí 1935 þykir ekki verða skilið þannig, að um endanlega synjun á umsókninni frá 16. nóv. 1934 hafi verið að ræða, heldur verður að telja, að ráðuneytið hafi frestað að taka ákvörðun í því efni. Þar af leiðir, að það getur ekki haft þýðingu í þessu sambandi, þótt liðið hafi lengri tími en 16. gr. einkaleyfislaganna tilskilur, þar til stefnandi ítrekaði umsókn sína með bréfinu frá 15. sept. 1939. Verður því að telja, að heimilt hafi verið að miða vernd einkaleyfisins við dagsetningu hinnar upphaflegu beiðni um einkaleyfið (sbr. 6. gr. einkaleyfislaganna), eins og gert var í leyfisbréfinu frá 18. febrúar 1941, og ber því að miða við þann dag (16. nóv. 1934), þegar athuga skal, hvort fullnægt hafi verið skilyrðum 4. töluliðs 2. málsgr. 1. gr. einkaleyfislaganna til veitingar einkaleyfisins.

Nefnt lagaákvæði hljóðar um það, að engum megi veita einkaleyfi fyrir „uppgötvunum, sem lýst hefur verið í riti, er almenningur hefur átt kost á að kynna sér, eða þær hafa verið hafðar opinberlega um hönd hér á landi, sýndar á sýningu eða á annan hátt hafðar til sýnis almenningi, og eru þær uppgötvanir svo kunnar orðnar með þessum hætti, að þeir menn, sem vit hafa á, geta fært sér þær í nyt."

Af hálfu stefnda hefur því verið haldið fram, að Guðmundur Einarsson frá Miðdal hafi ritað um utanhúðunaraðferð eins og þá, er stefnandi hefur fengið einkaleyfi á, í Eimreiðinni og Nýju Dagblaði á árunum 1926—28. Einnig hafi Kornelíus Sigmundsson múrarameistari ritað um aðferð þessa í Tímarit iðnaðarmanna árið 1939. Birting á grein Kornelíusar skiptir ekki máli í þessu sambandi þegar af þeirri ástæðu, að hún kom út löngu eftir að einkaleyfisbeiðni stefnanda var borin upp. Greinar Guðmundar Einarssonar virðast hins vegar hafa verið þannig, að ekki geti talizt, að um lýsingu á utanhúðunar-aðferð stefnanda hafi verið að ræða. Verður því ekki fallizt á, að umræddri uppgötvun hafi verið lýst í opinberu riti fyrir 16. nóv. 1934.

Kemur þá til álita, hvort óheimilt hafi verið að veita stefnanda

umrætt einkaleyfi vegna annarra ákvæða hinnar tilvitnuðu lagagreinar.

Einkaleyfiskröfur þær, sem viðfestar eru leyfisbréfið frá 18. febrúar 1941, eru svo hljóðandi:

„1. Aðferð til meðhöndlunar á útveggjum húsa og annarra mannvirkja, sérstaklega úr steinsteypu, sem fólgin er í því, að steinlímslag, sem hentugast er að sé úr sementsblöndu, er sett smásteinum, sem sjást með eðlilegum lit sínum í húðinni, og er *auðkenni* aðferðarinnar, að á flöt þann, sem vinna skal að, er lagt þunnt steinlímslag, t. d. 2—5 mm á þykkt, og sé það lagt á afmarkað svæði í einu, en síðan er með þunnri, sveigjanlegri múrskeið, handfjöl eða svipuðu áhaldi, borið í steinlímslagið, meðan það enn er mjúkt, lag af smásteinum eða muldum steinefnum, sem að stærð og ummáli eru nokkuð stærri en húðunarlagið er þykkt, og er steinunum komið fyrir á múrskeið eða svipuðu áhaldi, sem haldið er láréttu, en síðan með snöggu taki borið að steinlímslaginu til þess að þrýsta steinunum í það.

2. Aðferð, eins og henni er lýst í 1. kröfu, og er auðkenni hennar, að steinlímslag það, sem lagt er á takmarkað svæði, sé meðfram takmarkalínu svæðisins afskorið eða afgirt með skurði, sem fellur lóðrétt á flöt þann, er undir liggur."

Af hálfu stefnds er því fyrst og fremst haldið fram, að með því að láta framkvæma utanhúðun þá, er stefnandi fékk síðar einkaleyfi á, fyrir opnum tjöldum á þjóðleikhúsinu árið 1933, hafi uppgötvunin verið höfð opinberlega um hönd hér á landi og þannig svo kunn orðin, er einkaleyfisbeiðnin var borin upp, að kunnáttumenn hafi getað fært sér hana í nyt.

Stefnandi mótmælir því hins vegar, að þessar tilraunir hans með einkaleyfisaðferðina á Þjóðleikhúsinu geti firrt hann nokkrum rétti í þessu sambandi.

Af álitsgerðum dómkvaddra undir- og yfirskoðunarmanna þykir sýnt, að utanhúðun sú, sem framkvæmd var á Þjóðleikhúsinu árið 1933, fullnægi skilyrðum einkaleyfis stefnanda um gerð utanhúðar og þá sérstaklega um stærð steinkorna í hlutfalli við þykkt múrhúðar. Sama virðist og gilda um vinnuaðferðina. Þessi utanhúðun á Þjóðleikhúsinu var að vísu framkvæmd án þess að nokkur leynd væri höfð þar á, en þegar þess er gætt, að stefnandi var hér að vinna að tilraunum með aðferð, sem samkvæmt eðli sínu þurfti að reyna úti og þá m. a., hvernig hún þyldi veðurfar, þá þykir ekki verða fallizt á, að þessi framkvæmd geti talizt slík sýning fyrir almenning, sem gert er ráð fyrir í hinu tilvitnaða ákvæði einkaleyfislaganna. Verður því ekki talið, að óheimilt hafi verið að veita hið umrædda einkaleyfi af þessum sökum, auk þess sem sama gildir að þessu leyti og síðar verður rakið, að ekki þykir verða staðhæft, að kunnáttumenn hefðu getað framkvæmt utan-

húðun í samræmi við einkaleyfi stefnanda með því að sjá umrædda vinnu við Þjóðleikhúsið eða utanhúð þess, að lokinni vinnu.

Þá hefur stefndur talið, að fimm hús önnur hér í bæ hafi verið húðuð utan á árunum 1933 og 1934, án þess að stefnandi ætti þar hlut að máli, en með þeim hætti, að óheimilt hafi verið af þeim sökum að veita stefnanda umrætt einkaleyfi samkvæmt hinu tilvitnaða ákvæði einkaleyfislaganna.

Af gögnum þeim, er fyrir liggja í málinu, verður ekki annað séð en að *vinnuaðferð* sú, sem notuð var við utanhúðun þessara húsa, hafi verið svo til hin sama og um getur í einkaleyfi stefnanda. Um *gerð* utanhúðarinnar hefur verið leitað álits dómkvaddra undir- og yfirskoðunarmanna. Þykir verða að byggja á athugunum yfirskoðunarmannanna að þessu leyti, en þeir hafa staðfest skoðunargerð sína fyrir dómi. Af skoðunargerð þessari verður ekki annað séð en að einungis eitt hús (fyrir utan Þjóðleikhúsið) fullnægi skilyrðum einkaleyfisins um gerð húðarinnar (steinastærð í hlutfalli við þykkt múrhúðar). Nokkur vafi er um annað hús í þessu sambandi, en hin þrjú virðast ekki fullnægja þessum skilyrðum. Þegar af þessari ástæðu og gegn mótmælum stefnanda verður að telja varhugavert að fullyrða, að utanhúðun í samræmi við einkaleyfi stefnanda hafi fyrir 16. nóv. 1934 verið höfð „opinberlega um hönd hér á landi“ ... „eða á annan hátt“ höfð „til sýnis almenningi“, í skilningi einkaleyfislaganna.

Hér við bætist, að leitað hefur verið álits hinna dómkvöddu skoðunarmanna um það, *hvort kunnáttumenn hefðu getað framkvæmt múrhúðun eins og þá, er stefnandi hefur fengið einkaleyfi á, a) með því að sjá múrhúðunarvinnu á Þjóðleikhúsinu og öðrum þeim húsum, er að framan voru nefnd, b) með því að sjá múrhúð þessara húsa að lokinni framkvæmd.* Þykir einnig verða að byggja á því áliti yfirskoðunarmannanna í þessum efnum, sem þeir hafa staðfest fyrir dómi.

Einn yfirskoðunarmanna hefur svarað a-lið spurningarinnar játandi, bæði að því er snertir vinnuaðferð og gerð utanhúðarinnar, og sama svar hefur hann gefið við b-lið spurningarinnar, en hefur þó talið, eins og hinir yfirskoðunarmennirnir, að tilraunir og æfingar þyrftu að koma til, þegar svo væri ástatt. Hinir tveir yfirskoðunarmennirnir hafa hins vegar lýst því yfir, að hið játandi svar þeirra við spurningunni (með áðurgreindum fyrirvara, að því er snertir b-lið), eigi aðeins við vinnuaðferðina, en ekki fyrrnefnda gerð húðarinnar. Það verða því ekki heldur talin leidd að því nægilega sterk rök í máli þessu, að uppgötvun stefnanda hafi með framangreindum hætti verið svo kunn orðin fyrir 16. nóv. 1934, „að þeir menn, sem vit hafa á“, hafi getað „fært sér“ hana „í nyt“.

Samkvæmt framansögðu þykir stefndur því ekki hafa fært fyrir

því nægar sönnur, að óheimilt hafi verið að veita stefnanda umrætt einkaleyfi vegna ákvæða 4. töluliðs 2. málsgr. 1. gr. einkaleyfislaganna, og verður sú sýknuástæða hans því ekki heldur tekin til greina.

Aðrar varnarástæður hefur stefndur ekki haft uppi í málinu, og getur sýknukrafa hans því ekki orðið tekin til greina.

Því hefur verið hreyft af hálfu stefnds, að endurgjaldið til stefnanda fyrir notkun hinnar einkaleyfðu uppgötvunar hafi ekki verið ákveðið í samræmi við ákvæði 9. sbr. 8. gr. einkaleyfislaganna. Ekki verður séð, að þau ákvæði eigi hér við, og þar sem fjárhæð dómkröfunnar hefur ekki verið mótmælt út af fyrir sig, verða úrslit málsins þau, að stefndur verður dæmdur til að greiða stefnanda hina umstefndu fjárhæð ásamt vöxtum, eins og krafizt hefur verið. Eftir öllum atvikum þykir þó rétt, að málskostnaður falli niður.

Nokkur dráttur hefur orðið á því, að mál þetta yrði tekið til munnlegs málflutnings og dómsálagningar eftir uppkvaðningu áðurnefnds hæstaréttardóms. Dráttur þessi stafar að mestu leyti af því, að aflað hefur verið margra nýrra gagna í málinu, en að öðru leyti af miklum önnum við borgardómaraembættið.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Magnús Guðmundsson, greiði stefnandanum, Guðjóni Samúelssyni, kr. 400.00, með 6% ársvöxtum frá 17. sept 1942 til greiðsludags.

Málskostnaður falli niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 15. júní 1945.

Kærumálið nr. 6/1945. **Vigfús Pálmason**

gegn

Ragnari Guðmundssyni og Ólöfu Sveinsdóttur.

Aðiljaskýrslu krafizt.

Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða úrskurð hefur upp kveðið Unnsteinn Beck, fulltrúi borgardómara í Reykjavík.

Með kæru 17. maí 1945, er hingað barst 2. júní s. á., hefur sóknaraðili skotið til hæstaréttar úrskurði fógetaréttar

Reykjavíkur 11. maí s. á., þar sem sóknaraðilja er synjað þess, að tilteknar aðiljaspurningar verði bornar upp fyrir varnaraðilja. Krefst sóknaraðili þess, að úrskurður þessi verði felldur úr gildi og að lagt verði fyrir dómarann að bera greindar spurningar upp fyrir varnaraðilja. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir hæstarétti úr hendi varnaraðilja eftir mati dómsins.

Af hálfu varnaraðilja er krafizt staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Hæstaréttardómur frá 5. marz 1945, sem til er vitnað í hinum áfrýjaða úrskurði, ber það með sér, að varnaraðiljar höfðu ekki fyrirgert áfrýjunarheimild vegna fjarvistar úr leiguíbúð sinni í húsi sóknaraðilja sumarið 1944. Að öðru leyti var ekki í greindum hæstaréttardómi dæmt um skipti aðilja eftir að fógetaúrskurður gekk í máli þeirra 14. júlí 1944.

Svör varnaraðilja við 9. og 10. spurningu sóknaraðilja um það, hvert varnaraðiljar hafi flutzt, er þeir komu að norðan, og hve stóra íbúð þau hafi þá fengið, virðast ekki skipta máli í deilumáli aðilja. Hins vegar þykir rétt, að lagt sé fyrir varnaraðilja að svara öðrum spurningum sóknaraðilja á héraðsdómsskjali nr. 19, sbr. 114. og 116. gr. laga nr. 85/1936. Verður samkvæmt því að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi að því leyti.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að varnaraðiljar greiði in solidum sóknaraðilja málskostnað fyrir hæstarétti, kr. 150.00.

Því dæmist rétt vera:

Fógeta ber að leggja fyrir varnaraðilja spurningar þær, er greinir í héraðsdómsskjali nr. 19, að 9. og 10. spurningum undanteknum.

Varnaraðiljar, Ragnar Guðmundsson og Ólöf Sveinsdóttir, greiði in solidum sóknaraðilja, Vigfúsi Pálmasyni, 150 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 11. maí 1945.

Umboðsmaður gerðarþola hefur krafizt þess, að aðiljaspurningar nr. 1—15 á rskj. 19 verði bornar upp fyrir gerðarbeiðanda, Ragnari Guðmundssyni, sem er staddur hér í réttinum, og einnig fyrir konu hans, sem hér er fjarstödd. Áður hefur umboðsmaður gerðarþola skorað á gerðarbeiðanda og konu hans að mæta hér í réttinum til skýrslugjafar. Spurningarnar á rskj. 19 virðast allar lúta að brottflutningi gerðarbeiðanda úr hinni umdeildu íbúð eða skiptum málsaðilja út af brottflutningnum.

Hinn 14. júlí s. l. kvað fógeti upp úrskurð um það, að gerðarbeiðandi máls þessa skyldi borinn út úr íbúð sinni á Baldursgötu 32. Úrskurði þessum var áfrýjað, og með dómi hæstaréttar uppkv. 5. marz s. l., var hann úr gildi felldur. Útburður samkvæmt hinum áfrýjaða úrskurði hafði aldrei verið framkvæmdur, en áður en málið var flutt í hæstarétti, hafði gerðarbeiðandi máls þessa flutzt úr hinni umdeildu íbúð og tekið sér bólfestu annars staðar, a. m. k. um stundarsakir. Er hann nú, að fengnum áðurgreindum hæstaréttardómi, hugðist að flytja aftur í hina umdeildu íbúð, hafði gerðarþoli máls þessa ráðstafað henni til afnota fyrir annað fólk. Sneri gerðarbeiðandi sér þá til fógetans með beiðni um, að hann yrði með beinni fógetagerð settur inn í umráð íbúðarinnar með tilvísun til hæstaréttardómsins.

Ein af ástæðum þeim, sem gerðarþoli byggir mótmæli sín gegn framgangi gerðarinnar á hér fyrir réttinum, er, að gerðarbeiðandi hafi svipt sig rétti til að fá aftur umráð hinnar umdeildu íbúðar með því að rýma hana fyrirvaralaust af sjálfsdáðum. Eins og áður getur, hafði gerðarbeiðandi þegar rýmt íbúðina áður en málið var flutt fyrir hæstarétti, og var það atriði upplýst fyrir hæstarétti. Verður því að ætla, að hæstiréttur hafi í dómi sínum tekið afstöðu til þessarar málsástæðu. En þar sem spurningarnar á rskj. 19 virðast allar beint eða óbeint lúta að henni, verður að telja þær óþarfar og ofaukið í máli þessu, og verða þær því ekki gegn mótmælum umboðsmanns gerðarbeiðanda lagðar fyrir gerðarbeiðanda né konu hans.

Því úrskurðast:

Spurningarnar á rskj. 19 skulu ekki lagðar fyrir gerðarbeiðanda né konu hans.

Mánudaginn 18. júní 1945.

Nr. 93/1944. **Dráttarbraut Keflavíkur h/f** (Einar B. Guðmundsson)
gegn
Ágústi Bjarnasyni og Júlíusi Ingibergssyni og gagnsök. (Gunnar J. Möller).

Ómerking vegna galla á meðferð máls.

Dómur hæstaréttar.

Í máli þessu brestur nægileg gögn um það, hvert hafi verið aflatjón gagnáfrýjenda þann tíma, sem vélbátur þeirra var frá veiðum vegna viðgerðar þeirrar, er fram fór í Vestmannaeyjum fyrri hluta árs 1942. Nauðsyn bar til að fá rækilegri skýrslur um afla sambærilegra báta í Vestmannaeyjum á þessu tímabili og um kostnað við útgerð þeirra. Hefði m. a. verið rétt að leita til Fiskifélags Íslands í þessu skyni. Síðan hefði sjódómurinn átt að meta gögn um aflatjónið og rökstyðja efnislega og töluliega niðurstöðu sína um það efni. Þá hefur og ekki verið aflað gagna um kröfu gagnáfrýjanda vegna þess, að Júlíus Ingibergsson varð af formannshlut sínum. Átti sjódómurinn að beina því til aðilja að afla skýrslna um þessi atriði, sbr. 120. gr. laga nr. 85 frá 1936. Í stað þess hefur sjódómurinn áætlað aflatjónið án nokkurs rökstuðnings og sýknað af kröfunni um hætur fyrir missi formannshlutar.

Vegna þessara annmarka á meðferð málsins verður að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera ómerkur, og vísast málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Málskostnaður í hæstarétti fellur niður.

Dómar sjó- og verzlunardóms Hafnarfjarðar 9. júní 1944.

Ár 1944, föstudaginn 9. júní, var í sjó- og verzlunardómi Hafnarfjarðar, sem haldinn var í skrifstofu embættisins Suðurg. 8 af bæjarfógeta Bergi Jónssyni sem formanni dómsins og sjó- og verzlunardómsmönnunum Magnúsi Bjarnasyni bryggjuverði og Sigurði Guðnasyni skipstjóra sem meðdómsmönnum kveðinn upp dómur í ofangreindu máli, sem dómtekið var 19. maí s. l.

Mál þetta er höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Hafnarfjarðar með stefnu útgefinni 18. des. 1943 af Ágúst Bjarnasyni bæjargjaldkera og Júlíusi Ingibergssyni formanni, báðum til heimilis í Vestmannaeyjum, gegn stjórn h/f Dráttarbrautar Keflavíkur, þeim Birni Ólafs skipstjóra, Mýrarhúsum, Seltjarnarnesi, Elíasi Þorsteinssyni framkvæmdarstjóra, Keflavík, og Valdimar Björnssyni útgerðarmanni, Keflavík, f. h. hlutafélagsins til greiðslu á kr. 63481.27 með 6% ársvöxtum frá 7. apríl 1943 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu eða eftir mati réttarins.

Stefndi hefur mótmælt öllum kröfum stefnendanna og krafizt algerðrar sýknu og sér tildæmdan málskostnað. Til vara hefur hann gert þær kröfur, að bótakröfurnar yrðu lækkaðar að verulegu leyti eftir mati réttarins.

Málið var rekið fyrir sjó- og verzlunardómi Hafnarfjarðar í stað Gullbringu- og Kjósarsýslu samkvæmt samkomulagi umboðsmanna aðilja.

Málavextir eru þessir:

Haustið 1941 auglýsti h/f Dráttarbraut Keflavíkur í útvarpinu vélbátinn „Vestra" G.K. 16 til sölu. Annar stefnendanna, Ágúst Bjarnason bæjargjaldkeri í Vestmannaeyjum, sneri sér til Jóns Guðmundssonar endurskoðanda, Nýjabæ, Seltjarnarnesi, og bað hann að leita fyrir sig upplýsinga um bát þenna. Jón leitaði til Björns Ólafs, stjórnarformanns hins stefnda hlutafélags, sem hafði með sölu bátsins að gera. Skýrir Jón svo frá, að Björn hafi tjáð honum, að báturinn hafi undanfarið staðið uppi í dráttarbrautinni til viðgerðar og væri allur ný-yfirfarinn og seymdur og tekinn úr honum allur fúinn, sem fundizt hefði. Kvað hann þó ekki hægt að ábyrgjast, að ekki væri einhvers staðar fúapollar.

Að fengnum þessum upplýsingum bað hann Jón um að festa kaup á bátnum fyrir stefnendur máls þessa, og gerði hann það.

Nokkru síðar komu stefnendurnir báðir til Reykjavíkur, og var þá að fullu gengið frá kaupunum, og er afsal fyrir bátnum dagsett 2. okt. 1941. Í afsalinu er ekkert fram tekið um það, hvort báturinn sé seldur í því ástandi, sem hann þá var, eða hvort hann skuli vera í haffæru standi.

Stefnendur halda því fram, að umtalað hafi verið við söluna, að báturinn væri seldur í skipaskoðunarstandi, og Jón Guðmunds-

son, sem viðstaddur var undirskrift afsals, segir, að gengið hafi verið út frá því, að báturinn væri í haffæru standi.

Rétt áður en gengið var frá kaupunum, hafði annar stefnendanna, Júlíus Ingibergsson, farið til Keflavíkur og verið þar nokkurn tíma og skoðað bátinn með væntanleg kaup fyrir augum. En þá var viðgerðinni að fullu lokið og búið að mála bátinn að utan og innan. Var báturinn síðan settur niður, og sigldi Júlíus honum ásamt vélstjóra sínum til Reykjavíkur, þar sem hann var „tekinn út". Þá voru kaupendunum einnig afhentir nokkrir hlutir, sem fylgja átti útbúnaði bátsins, og var það gert samkvæmt ákvörðun skipaskoðunarmannsins Péturs Ottasonar, skipasmiðs í Reykjavík, sem síðan gaf bátnum skipaskoðunarvottorð, og er það dagsett $^{2}/_{10}$ 1941.

Því næst var bátnum siglt til Vestmannaeyja, og þar fékk hann nýtt skipaskoðunarvottorð, dags. 23. jan. 1942. Eftir að báturinn kom til Vestmannaeyja, voru stundaðir á honum róðrar, þar til um miðjan febrúar, að skipstjórinn tók eftir fúabletti í byrðing bátsins. Var þá tekinn planki úr, en við það kom í ljós, að böndin voru einnig fúin.

Var báturinn þá tekinn upp í Dráttarbraut Vestmannaeyja til nákvæmrar athugunar. Er farið var að rannsaka nánar bol bátsins, kom í ljós mjög mikill fúi í böndum og byrðingi hans. Seljandanum var tilkynnt um galla þessa og jafnframt, að kaupendurnir myndu gera skaðabótakröfur á hendur félaginu út af þessu. Jafnframt var seljandanum gefinn kostur á að gæta hagsmuna sinna við væntanlega viðgerð, er átti að fara fram á bátnum, með því að kaupendurnir myndu ekki rifta kaupunum. Fyrirsvarsmenn stefnds hlutafélags neituðu öllum skaðabótakröfum og töldu sér algerlega óviðkomandi galla, er komið höfðu fram á bátnum, eftir að salan fór fram, með því að hann hefði verið seldur í því ástandi, er hann var í við söluna, án nokkurrar ábyrgðar á göllum, sem síðar kynnu að koma í ljós. Létu nú kaupendurnir fara fram viðgerð á bátnum, og reyndist svo mikið þurfa að gera við, að talið var samsvara því, að þriðjungur hans hefði verið endurbyggður. Samkvæmt framlögðum reikningum telja stefnendurnir kostnað við að gera bátinn haffæran kr. 20481.27.

Umboðsmaður stefnds hlutafélags hefur neitað öllum kröfum stefnendanna og heldur því fyrst og fremst fram, að stefnendurnir geti engar kröfur gert á hendur stefndu félagi, nema því aðeins, að þeir geti sannað eitt af tvennu, annað hvort að seljandinn hafi tekið ábyrgð á göllum, er sala fór fram á bátnum, eða þá í öðru lagi leynt vísvitandi göllum, sem á bátnum væru.

Umboðsmaður stefnds neitar því afdráttarlaust, að nokkur ábyrgð hafi verið tekin á bátnum, auk þess sem það sé fjarstæða að láta sér detta það í hug, þar sem báturinn hafi verið seldur

fyrir „slikk“ á aðeins kr. 30000.00, sem hann stóð dráttarbrautinni í, en nýir bátar af sömu stærð hefðu um þetta leyti kostað um kr. 70000.00. Það næði því engri átt að gera sömu kröfur um ábyrgð, þegar um slíka sölu á gömlum báti væri að ræða, eins og þegar selt væri fullu verði. Enn fremur hefðu kaupendurnir skoðað bátinn áður en sala fór fram og enga galla fundið og leitað sér upplýsinga um bátinn, og þeir hefðu engu verið leyndir um ástand hans og viðgerð.

Umræddur bátur er smíðaður úr furu í Noregi 1917, en 18. nóv. 1938 var hann tekinn upp í slipp í Keflavík, og var hann þá lekur og vélin í ólagi. Lá hann þar í reiðuleysi þar til 13. júlí 1940, að h/f Dráttarbraut Keflavíkur gekk að bátnum og eignaðist hann fyrir ógreidda slippleigu, kr. 4050.00. Því næst lét félagið gera upp bátinn og telur, að sú viðgerð hafi kostað kr. 25912.73.

Verkstjórinn, sem sá um viðgerð þessa, segir, að lúkar hafi verið innréttaður að nýju, þó var ekkert hreyft við innsúð nema aðeins þar, sem langbönd voru sett. Þá hafi verið rifin efsta umferð byrðingsins alveg framúr og afturúr, sama verið og um næsta borð við kjalsíur. Auk þessa hafi báturinn verið seymdur og hampþéttur. Alls staðar þar sem fúa varð vart, hafi verið gert við hann.

Þá bendir umboðsmaður stefnds á, að ríkisskoðunin hafi fram farið 8. okt. 1941 og 23. jan. 1942, án þess að nokkrir gallar hefðu fundizt. Það sé sýnilegt, að maurafúi muni hafa komizt í bátinn, en á því geti seljandinn enga ábyrgð tekið, því maurafúi geti breiðzt út á mjög skömmum tíma. Ef stefnendur máls þessa eigi skaðabótakröfur, þá verði þeir að beina þeim á hendur öðrum aðilja.

Eftir að kunnugt hafði orðið um galla þá, er fram komu á vélbátnum „Vestra“ í febrúar 1942, skrifaði Pétur Ottason umboðsmanni sækjanda og gerði grein fyrir ástæðum að vottorði því, er hann hafði gefið 8. okt. 1941. Segir hann þar, að haustið 1941 hafi Sigurður H. Guðmundsson, skipasmiður og skipaeftirlitsmaður í Keflavík, tjáð sér, að dráttarbrautin ætlaði að selja umræddan bát, en hann kynni ekki við að gefa bátnum skoðunarvottorð sjálfur, þar sem hann hefði gert við bátinn og húsbændur sínir, sem seldu. Hafi Sigurður jafnframt tekið fram, að báturinn væri ný-yfirfarinn og Pétur mætti treysta því, að hann vissi ekki um nokkra galla, sem ekki hefði verið gert við. Kveðst Pétur því hafa treyst umsögn Sigurðar, sem hann þekkti sem áreiðanlegan mann og vandvirkan, og eftir að hafa litið á bátinn einum til tveimur klukkustundum áður en báturinn var settur á flot. Jafnframt tekur Pétur Ottason fram, að honum hefði aldrei komið til hugar að gefa bátnum haffærisvottorð, ef hann hefði vitað hið sanna um ástand bátsins.

Skipaskoðunarmennirnir í Vestmannaeyjum framkvæmdu 18.

marz 1942 sérstaka skoðun vegna skemmda, sem þá hefðu komið í ljós. Upplýsa þeir þar, að ástæðan til að þeir fyrst gáfu bátnum meðmæli sín, hafi verið byggð á skoðunargerð og vottorði skoðunarmannsins í Reykjavík og því, að báturinn hefði verið ný-yfirfarinn og mikið látið af byrðing og saumi í bátinn, sbr. greinargerð skoðunarmanns, treyst því, að við bolinn væri ekkert athugavert. Hins vegar hafi það síðar komið í ljós, eftir að athugun á bátnum fór fram, þegar fúans varð vart, eftir að til Eyja kom, að böndin hefðu verið meira og minna grautfúin, bæði undir gamla byrðingnum og því, sem nýtt hafði verið látið. Einnig hefði lúkarinn verið klæddur innan á grautfúna innsúð, bönd og bjálkasúð. Skipið þá í því ástandi, að ekki hefði komið til mála að gefa því haffærisvottorð, hefðu þeir vitað um það raunverulega ástand þess.

Skipasmiðir þeir, er önnuðust viðgerð vélbátsins „Vestra", Vestmannaeyjum, hafa gefið rökstutt álit, þar sem þeir telja óhugsandi annað en menn þeir, sem unnu að viðgerð bátsins í Dráttarbraut Keflavíkur, áður en hann var seldur, hafi þá orðið varir við fúaskemmdir í bátnum, sem ekki voru teknar. Þetta álit sitt, sem þessir þrír skipasmiðir hafa staðfest og skýrt frekar fyrir rétti, rökstyðja þeir með eftirfarandi staðreyndum.

1. Lífbönd, sem sett höfðu verið í bátinn, voru fest á maukfúin bönd, það væri því óhugsandi, að fúi sá, sem þar var undir, hefði ekki sézt, þegar innsúð var rifin burt. Þar að auki hafi lífbönd ekki verið boltuð í gegnum bönd bátsins sjálfs, heldur boltuð í smábúta, sem stungið var inn milli bandanna, sem að vísu hafi verið ófúnir, en mjög maðksmognir. Það væri því ekki útlit fyrir annað en að smiðirnir í Dráttarbraut Keflavíkur hefðu ekki treyst hinum raunverulegu böndum bátsins og gripið til þessara ráða, sem telja megi sérstakt fyrirbrigði í skipasmíði.

2. Hásetaklefi og lest verið klædd innan með panel. Þegar panelklæðningin var rifin innan úr bátnum, hafi komið í ljós, að ganeringin undir henni var maukfúin, svo að víða hafi verið dottin á hana göt. Það sé því augljóst mál, að panellinn hafi verið settur til að hylja fúann, því enginn setji panelklæðningu í bát til styrktar.

3. Nýr byrðingur var settur á fúin bönd, og smiðir þeir, sem að því unnu, hlotið að veita fúanum athygli.

4. Þegar rifið var innan úr bátnum, hafi komið í ljós, að allvíða var seymt með 6" nöglum, sem voru beygðir í endann, eins og til þess að þeir hefðu betra hald. Hefðu þeir ekki komizt áður í kynni við slíka aðferð í skipasmíði.

Samkvæmt þessu var það því álit þeirra, að báturinn hefði verið fúinn, þegar hann var seldur frá Keflavík árið 1941, og viðgerðin meira og minna svikin.

Enn fremur taka þessir þrír smiðir fram, að þeir telji skemmdirnar vera venjulegan blautafúa vegna elli, en alls ekki maurfúa, og í sömu átt bendir vottorð það, sem fyrir liggur í málinu frá Sig. Péturssyni gerlafræðingi.

Það verður að áliti réttarins samkvæmt því að teljast útilokað, að umræddar fúaskemmdir hafi getað myndazt að verulegu leyti frá því að salan fór fram 2. okt. 1941, þar til gallarnir komu í ljós um miðjan febrúar 1942.

Rétturinn verður að telja eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja í máli þessu, að viðgerð sú, sem fram fór á vélbátnum „Vestra" í Dráttarbraut Keflavíkur, áður en salan fór fram, hafi verið með þeim hætti, að seljandinn verði að bera ábyrgð á þeim göllum, er síðar komu fram, og mál þetta er af risið.

Það má telja fullsannað, að svo hafi verið gengið frá viðgerð bátsins sem reynt hafi verið að hylja verulega fúagalla og frágangur viðgerðarinnar að þessu leyti framkvæmdur þannig, að blekkt var um raunverulegt ástand bátsins.

Enda þótt söluverð bátsins hafi eftir atvikum verið lágt, verður ekki á það fallizt, sem umboðsmaður stefnds heldur fram, að báturinn hafi verið seldur fyrir „slikk", svo engin ábyrgð á ástandi hans við söluna geti komið til greina. Þvert á móti virðist sú fullyrðing stefnendanna á rökum byggð, að báturinn hafi verið seldur í ríkisskoðunarástandi, og má til stuðnings því benda á þær upplýsingar, er stjórnarformaður hins stefnda hlutafélags gaf um viðgerð bátsins, er upphaflega var leitað kaupa á honum, það, að skipaskoðun er látin fram fara að tilhlutun seljanda við kaupin og allt það, sem þá vantaði samkvæmt vottorði skipaskoðunarmannsins, var lagt til af seljanda.

Með skírskotun til framanritaðs verður niðurstaða réttarins sú, að stefnendurnir eigi skaðabótarétt á hendur stefndu hlutafélagi út af margnefndum bátakaupum, og koma þá til álita bótakröfur stefnendanna samkvæmt stefnunum, sem nú skal nánar vikið að.

1. Kostnaður við að gera bátinn haffæran kr. 20481.27. Eru lagðir fram í málinu sundurliðaðir reikningar frá skipasmíðastöð þeirri, er framkvæmdi viðgerðina.

Umboðsmaður stefnds hefur almennt mótmælt upphæðinni sem of hárri og haldið fram, að hinn hæsti hugsanlegi viðgerðarkostnaður, sem um geti verið að ræða, sé samkvæmt matsgerð, er kaupendurnir létu fram fara nokkru fyrir viðgerðina, og nam kr. 14414.19.

Rétturinn verður að fallast á, að stefnendunum beri að fá bættan að fullu raunverulegan viðgerðarkostnað við að gera bátinn haffæran, og þar sem ekki hafa komið fram rökstudd mótmæli eða athugasemdir við ofangreindan kostnaðarreikning né einstaka liði hans, ber að taka hann til greina, eins og hann liggur fyrir.

2. Aflatjón kr. 37500.00. Stefnendur hafa miðað kröfu sína um bætur fyrir aflatjón við meðaltal tekjuafgangs fjögra vélbáta, sem gengu á veiðar í Vestmannaeyjum á þeim tíma, er viðgerð v/b „Vestra" fór þar fram. Umboðsmaður stefnds hefur mótmælt þessum kröfulið og haldið fram, að reikningar umræddra báta sýndu ekki á neinn hátt raunverulegan rekstrarkostnað, og upphæðin í heild allt of há.

Rétturinn lítur svo á, að stefnendunum beri bætur fyrir aflatjón, og telur þær hæfilega ákveðnar kr. 12000.00.

3. Tjón Júlíusar Ingibergssonar vegna missis formannshlutar kr. 5500.00. Kröfu þessa miðar hann við að hafa misst formannshlut (aukahlut formanns) af ca. 75000.00 kr. afla.

Umboðsmaður stefnds hefur mótmælt þessum lið sem órökstuddum og algerlega óviðkomandi umbjóðanda sínum. Rétturinn verður að telja, að eigi sé nægilega gerð grein fyrir þessum kröfulið í málinu gegn mótmælum stefnda og því ekki hægt að taka hann til greina.

Þá verður að lokum að dæma stefndan til að greiða stefnandanum málskostnað, er þykir hæfilega metinn kr. 1000.00.

Þá greiði stefndur 6% ársvexti af hinni tildæmdu upphæð frá 7. apríl 1943 til greiðsludags.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, h/f Dráttarbraut Keflavíkur, greiði stefnendunum, Ágúst Bjarnasyni og Júlíusi Ingibergssyni, kr. 32481.27 með 6% ársvöxtum frá 7. apríl 1943 til greiðsludags og málskostnað með 1000 krónum.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 18. júní 1945.

Nr. 57/1944. **G. Helgason & Melsted h.f.**
(Einar B. Guðmundsson)
gegn
H.f. Minnie og gagnsök (Garðar Þorsteinsson).

Setudómari prof. Ólafur Lárusson í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Ábyrgð umboðsmanns vegna ósamræmis á umboði og samningsgerð.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 1. maí 1944. Krefst hann þess, að hann verði sýknaður af kröfum gagnáfrýjanda í máli þessu og að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi gagnáfrýjanda fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar. Gagnáfrýjandi hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 15. maí 1944 skotið málinu til hæstaréttar með stefnu 16. maí s. á. og krefst þess, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að bera ábyrgð á tjóni, er gagnáfrýjandi hafi beðið af því, að hinum tímabundna farmsamningi um v/s Minnie var sagt upp frá 4. nóv. 1943. Hann krefst og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Þegar leið að lokum samningstíma samkvæmt samningnum frá 9. sept. 1942, urðu fyrirsvarsmenn aðilja ásáttir um það, að aðaláfrýjandi skyldi hefja umleitanir við flotastjórn Bandaríkjanna um nýjan tímabundinn farmsamning. Fyrirsvarsmaður gagnáfrýjanda kveður það hafa verið ófrávíkjanlegt skilyrði frá sinni hálfu, að nýr samningur yrði gerður til 12 mánaða án heimildar til uppsagnar, þar sem skipið hefði að öðrum kosti verið gert út á síldveiðar þá um sumarið, enda eiganda þess óhagkvæmt, að það væri bundið í þjónustu flotastjórnarinnar yfir síldveiðitímann og eiga uppsögn síðan yfirvofandi. Af hálfu aðaláfrýjanda er því haldið fram, að tilmæli hafi að vísu komið fram um þetta, en frá þeim hafi verið horfið, er flotastjórnin reyndist ófáanleg til að gera slíkan samning. Í málinu er komið fram

bréf aðaláfrýjanda, dags. 19. maí 1943, til flotastjórnarinnar, þar sem hann kveður eiganda skipsins hafa falið sér að bjóða flotastjórninni farmsamning um skipið til 12 mánaða frá 1. júlí 1943 að telja fyrir kr. 5300.00 á viku. Með bréfi 20. s. m. tók flotastjórnin þessu tilboði. Í hvorugu þessara bréfa er vikið að uppsögn á samningstímanum. Afrit af bréfi flotastjórnarinnar fékk fyrirsvarsmaður gagnáfrýjanda í hendur um 7. júní 1943, og kveðst hann hafa treyst því, að samið mundi á þeim grundvelli. Hinn 30. júní 1943 undirritaði aðaláfrýjandi síðan samning við flotastjórnina með ákvæði um heimild til uppsagnar með 30 daga fyrirvara, er flotastjórnin beitti hinn 5. okt. 1943 frá 4. nóv. s. á. Er ósannað, að fyrirsvarsmaður gagnáfrýjanda hafi vitað um þetta atriði samningsins fyrr en eftir að honum hafði verið sagt upp.

Þar sem skipti aðilja voru með þeim hætti, sem nú var lýst, verður að telja, að á aðaláfrýjanda hvíli sönnunarbyrði fyrir því, að honum hafi verið heimilt að undirgangast uppsagnarákvæði það, sem í málinu greinir, og þar sem honum hefur ekki tekizt að færa sönnur á það, þykir verða að taka kröfur gagnáfrýjanda um viðurkenningu á bótaskyldu aðaláfrýjanda til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Aðaláfrýjandi, G. Helgason & Melsted h/f., skal bæta gagnáfrýjanda, h/f Minnie, fétjón það, sem hann kann að hafa beðið vegna þess, að flotastjórn Bandaríkjanna greiddi eigi umsamið farmgjald fyrir v/s Minnie í fullan 12 mánaða tíma frá 1. júlí 1943 að telja.

Málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 27. apríl 1944.

Mál þetta, sem dómtekið var 18. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 23. nóvember 1943 af Garðari Þorsteinssyni hrl., hér í bæ, f. h. Minnie h/f gegn stjórn G. Helgason

& Melsted h/f, hér í bæ, f. h. félagsins. Hefur stefnandi gert þær dómkröfur *aðallega*, að stefnda verði dæmt til að greiða sér kr. 5300.00 ásamt 6% ársvöxtum frá stefnubirtingardegi, 23. nóvember 1943, til greiðsludags, en *til vara*, að því verði slegið föstu með dómi, að stefnda beri ábyrgð á tjóni því, sem stefnandi telur sig hafa hlotið við að v/s Minnie var ekki í síðargreindri leigu um 12 mánaða tíma.

Þá hefur stefnandi krafizt málskostnaðar úr hendi stefnds að skaðlausu.

Stefnda hefur *aðallega* krafizt sýknu og málskostnaðar sér til handa að mati dómarans, en til vara, að bótakrafan verði stórlega lækkuð.

Með samkomulagi aðilja og samþykki dómarans hefur málflutningur nú einungis fjallað um bótaskyldu stefnda, eða m. ö. o. um *varakröfu* stefnanda.

Hefur stefnandi við munnlegan málflutning áskilið sér rétt til breytingar á fjárhæð bótakröfunnar svo og til að koma að síðar eða í sérstöku máli hækkun hennar.

Stefnda hefur krafizt sýknu og málskostnaðar að því er snertir þenna hluta málsins.

Málavextir eru þeir, að með skipsleigusamningi, dagsettum 9. september 1942, seldi stefnda sem umboðsmaður stefnanda flotastjórn Bandaríkja Norður-Ameríku á leigu v/s Minnie S.U. 576, sem er eign stefnanda. Leigutíminn skyldi vera frá 9. september 1942 til 30. júní 1943, en þó skyldi báðum aðiljum heimilt að segja upp samningum á þessu tímabili með 30 daga uppsagnarfresti. Skipið var síðan í siglingum samkvæmt samningnum til 30. júní 1943. Einn af stjórnendum stefnanda skýrir svo frá, að í maí mánuði 1943 hafi verið rætt um að taka v/s Minnie úr leigu hjá nefndri flotastjórn og gera skipið út á síldveiðar þá um sumarið, enda hafði þá borizt uppsögn á skipsleigusamningnum. Um þetta leyti hafi Pétur Eggerz Stefánsson, sem er prókúruhafi hjá stefnda og mun hafa séð um skipsleiguna fyrir það, komið að máli við sig og falazt eftir því, að skipið yrði framvegis leigt nefndri flotastjórn og beðið um að gert yrði tilboð um leiguna. Hafi síðan orðið að samkomulagi meðal ráðamanna stefnanda, að heimila stefnda að leigja skipið fyrir kr. 6000.00 á viku, en leigutíminn skyldi vera 12 mánuðir. Nokkrum dögum síðar hafi Pétur Eggerz Stefánsson komið með það gagntilboð frá flotastjórninni, að leigan yrði kr. 5300.00 á viku, en leigutíminn óbreyttur, 12 mánuðir. Hafi þetta síðan verið samþykkt af stefnanda. Í samræmi við þetta skrifaði stefnda flotastjórninni þann 19. maí 1943 og tjáðist hafa heimild til þess frá stefnanda að leigja v/s Minnie með 12 mánaða leigutíma frá 1. júlí f. á. að telja fyrir kr. 5300.00 á viku. Í bréfi frá flotastjórninni (dags. 20. s. m.) segir, að flotastjórnin hafi í sam-

ræmi við fyrrgreint bréf stefnda ákveðið að taka umrætt skip á leigu fyrir kr. 5300.00 á viku. Leigutiminn muni byrja, þegar þáverandi leigutimi væri útrunninn og standa í 12 mánuði („continue for a period of twelve (12) months"). Þetta bréf mun stefnda síðan hafa sent stefnanda. Þann 30. júní 1943 undirritaði Pétur Eggerz Stefánsson, að því er virðist fyrir hönd stefnda, en sem umboðsmaður stefnanda, skipsleigusamning við flotastjórnina, þar sem flotastjórninni var leigt v/s Minnie frá 30. júní 1943 til 30. júní 1944 fyrir kr. 5300.00 á viku. Í samningnum var ákveði þess efnis, að hvor aðilja um sig gæti sagt honum upp með 30 daga fyrirvara, hvenær á timabilinu sem væri. Samningur þessi mun ekki hafa verið sendur stefnanda, og framkvæmdarstjóri félagsins, Steinþór Marteinsson, hefur borið fyrir dómi, að í kringum 30. júní s. l. hafi Pétur Eggerz Stefánsson hringt til sín og óskað eftir að fá ákveðið svar um það, hvort stefnandi vildi leigja skipið fyrir kr. 5300.00 á viku. Kveðst Steinþór þá hafa átt tal við stjórn stefnanda og síðan hringt til Péturs og sagt, að samþykkt væri að leigja skipið fyrir nefnda leigu til 12 mánaða, en ekkert hafi verið minnzt á uppsagnarákvæði.

Þann 5. okt. 1943 tilkynnti flotastjórnin stefnda, að hún segði upp skipsleigusamningnum um m/s Minnie frá 4. nóv. 1943 að telja. Þetta virðist stefnda svo hafa tilkynnt stefnanda skömmu síðar, en stefnandi mótmælti uppsögninni og áskildi sér allan rétt á hendur stefnda með bréfi dags. 15. okt. s. l., þar sem stefnandi taldi, að stefnda hefði farið út fyrir umboð sitt með því að hafa uppsagnarákvæði í umræddum samningi. Þann 4. nóv. s. l. tilkynnti stefnandi stefnda, að skipið væri til ráðstöfunar fyrir það, en stefnandi myndi krefja það um leigu. Þessu svaraði stefnda með símskeyti dags. 5. nóv. s. l., er áréttað var með bréfi dags. sama dag, þar sem stefnda kvaðst ekki telja sig hafa neinn ráðstöfunarrétt á v/s Minnie og andmælti því að hafa farið út fyrir heimild sína í samningum við flotastjórnina. Stefnandi hefur eigi viljað una þeim málalokum og hefur því höfðað mál þetta gegn stefnda.

Dómkröfur sínar byggir stefnandi á því, að það hafi verið skilyrði af sinni hálfu fyrir leigunni, að leigutiminn væri minnst 12 mánuðir. Stefnda hafi aðeins haft heimild til að leigja skipið með þessu skilyrði, og þar sem það hafi farið út fyrir umboðsheimild sína að þessu leyti, beri því að bæta það tjón, sem af hafi hlotizt.

Prókúruhafi stefnda, Pétur Eggerz Stefánsson, hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að honum hafi verið kunnugt um, að stefnandi vildi leigja skipið til 12 mánaða, en ekki hafi verið unnt að fá flotastjórnina til að falla frá því, að uppsagnarákvæði væri í samningnum eins og áður. Kveðst hann hafa skýrt framkvæmdarstjóra stefnanda, Steinþóri Marteinssyni, frá þessu símtali, áður en gengið var frá samningum, og hann ekki haft neitt við það að athuga.

Sýknukröfu sína byggir stefnda á því, að fyrirsvarsmönnum stefnanda hafi verið kunnugt um uppsagnarákvæðið og samþykkt, að það væri í samningnum, enda hafi sér aðeins verið falið að gera venjulegan skipsleigusamning við flotastjórnina, en hún hafi ætíð uppsagnarákvæði í slíkum samningum, þótt þeir að öðru leyti séu gerðir til ákveðins tíma. Um þetta hafi fyrirsvarsmönnum stefnanda verið eða átt að vera kunnugt, enda hafi þeir þekkt fyrri samninginn varðandi leigu á v/s Minnie. Þá hefur stefnda mótmælt því, að því hafi mátt vera það ljóst, að það hafi verið ákvörðunarástæða af stefnanda hálfu, að leigutíminn væri bundinn við 12 mánuði.

Í máli þessu fjallar ágreiningur aðilja um það, hvert hafi verið efni samnings þess (umboðssamnings), er þeir gerðu sín á milli, áður en stefnda sem umboðsmaður stefnanda gerði fyrrgreindan skipsleigusamning við flotastjórnina. Stefnandi, sem byggir rétt sinn á því, að þessi samningur hafi verið með þeim hætti sem staðhæft er af þess hálfu, hefur máli sínu til stuðnings skírskotað til framburðar Péturs Eggerz Stefánssonar hér fyrir dómi, þar sem hann viðurkennir að hafa gert tilraunir til að fá uppsagnarákvæðið burt úr samningnum við flotastjórnina, auk þess sem bréf stefnda (dags 19. maí f. á.) og svarbréf flotastjórnarinnar (dags. 20. s. m.) hafi veitt stefnanda réttmæta ástæðu til að ætla, að samningurinn væri að þessu leyti eins og stefndandi heldur fram. Þótt þessi gögn liggi fyrir í málinu og ósannað sé gegn mótmælum stefnanda, að fyrirsvarsmönnum félagsins hafi verið eða átt að vera kunnugt um, að hin erlenda flotastjórn gerði enga leigusamninga til tiltekins tíma án ákvæðis um uppsagnarfrest, þá þykja þó ekki þær sönnur að því leiddar, að efni umboðssamnings málsaðilja hafi verið það, sem stefnandi heldur fram, að framangreind dómkrafa félagsins geti orðið á því byggð. Hins vegar þykja fyrrgreind gögn veita þær líkur fyrir staðhæfingu stefnanda um efni samningsins, að rétt sé að láta úrslit málsins velta á eiði framkvæmdarstjóra stefnanda, Steinþórs Marteinssonar, þannig, að synji hann þess með eiði að hafa fyrir hönd stefnanda fallizt á, að stefnda gerði leigusamning um framangreint skip við flotastjórn Bandaríkja Norður-Ameríku með því efni, að uppsagnarákvæði væri í samningnum, þá telst stefnda eiga að bera bótaábyrgð á tjóni því, er stefnandi kann að hafa orðið fyrir, vegna þess að leigusamningnum um v/s Minnie var slitið innan 12 mánaða frá upphafi leigutímans, eins og að framan er lýst. Vinni framkvæmdarstjórinn eið þenna, þykir rétt, að stefnda greiði stefnanda kr. 300.00 í málskostnað fyrir þenna hluta málsins.

Verði nefndum framkvæmdarstjóra hins vegar eiðfall, skal stefnda vera sýknt af kröfum stefnanda, en málskostnaður falli þá niður.

Uppsögn dóms þessa hefur dregizt nokkuð umfram venju vegna mjög mikilla anna við embættið.

Árni Tryggvason settur borgardómari kvað upp dóm þenna.

Því dæmist rétt vera:

Ef Steinþór Marteinsson framkvæmdárstjóri stefnanda, h.f. Minnie, synjar þess með eiði á varnarþingi sínu eftir löglegan undirbúning og innan aðfararfrests í máli þessu að hafa f. h. félagsins fallizt á, að stefnda, G. Helgason & Melsted h.f., gerði leigusamning um framangreint skip við flotastjórn Bandaríkja Norður-Ameríku með því efni, að uppsagnarákvæði væri í samningnum, þá telst stefnda eiga að bera bótaábyrgð á því tjóni, er stefnandi kann að hafa orðið fyrir vegna þess, að framangreindum leigusamningi var slitið innan 12 mánaða frá upphafi leigutímans.

Vinni nefndur framkvæmdarstjóri eið þenna, greiði stefnda stefnanda kr. 300.00 í málskostnað fyrir þenna hluta málsins.

Verði nefndum framkvæmdarstjóra hins vegar eiðfall, skal stefnda vera sýknt af kröfum stefnanda, en málskostnaður falli þá niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 20. júní 1945.

Nr. 52/1945. **Þorsteinn Sigurðsson f. h. Láru Hafliðadóttur og Ásdísar Hafliðadóttur**
(Magnús Thorlacius)
gegn
Garðari Þorsteinssyni (sjálfur).

Útburðarmál.

Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða úrskurð hefur upp kveðið Kristján Kristjánsson borgarfógeti.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 17. apríl 1945 og krafizt þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og honum dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi krefst staðfestingar á fógeta-

úrskurðinum og málskostnaðar af áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Það verður að telja, að áfrýjandi hafi átt rétt á 3 mánaða uppsagnarfresti til venjulegs flutningsdags, eða til 1. október 1945, en stefndi fór ekki fram á þrottflutning áfrýjanda fyrr en í byrjun marz 1945. Voru því ekki skilyrði fyrir hendi til að bera þá út án saka. Stefndi hefur haldið því fram, að áfrýjandi hafi fyrirgert leigurétti sínum vegna vanskila á húsaleigu, en ekki verður séð, að slík vanskil á leigugreiðslu hafi verið orðin, þegar úrskurður fógeta gekk, að varða eigi útburði. Loks hefur stefndi lagt fram matsgerð dómkvaddra manna sem sönnun þess, að áfrýjandi hafi unnið til útburðar með slæmri umgengni. Matsgerð þessari, sem ekki hefur verið staðfest fyrir dómi, hefur verið andmælt sem rangri og óstaðfestri. Verður útburður þess vegna ekki á henni reistur.

Samkvæmt því, sem nú var rakið, verður að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti samtals kr. 1000.00.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur.

Stefndi, Garðar Þorsteinsson, greiði áfrýjanda, Þorsteini Sigurðssyni f. h. Láru Hafliðadóttur og Ásdísar Hafliðadóttur, samtals kr. 1000.00 í málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 17. apríl 1945.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 11. þ. m., hefur Garðar Þorsteinsson hrl. krafizt þess, að þau Lára Hafliðadóttir og Haukur Friðriksson verði með beinni fógetagerð borin út úr húsnæði því, er þau hafa búið í í húsinu nr. 22 við Mánagötu hér í bæ, vegna þess að þau sitji þar í algeru heimildarleysi.

Gerðarþolar hafa neitað að rýma íbúðina, og lögðu aðiljar málið undir úrskurð fógetaréttarins.

Aðiljar hafa hvor um sig krafizt málskostnaðar eftir mati réttarins.

Málavextir eru þessir:

Þann 1. okt. 1942 tók frú Guðlaug Eberhardt hið umdeilda húsnæði sem er 2 stofur og eldhús og baðherbergi, á leigu af Sigurjóni Jónssyni, Lindargötu 62 hér í bæ. Virðist svo sem samningurinn á rskj. 4 sé framleigusamningur, og hafi nefndur Sigurjón Jónsson fengið íbúð þessa á leigu hjá Guðmundi H. Þórðarsyni, þáverandi eiganda hússins, hinn 16. ágúst 1942.

Síðar komst húsið í eigu Garðars Þorsteinssonar, og sat frú Eberhardt áfram í þessari nú umdeildu íbúð ásamt dóttur sinni og syni, gerðarþolum þessa máls, Láru og Hauki, án þess að nýr samningur væri gerður við hinn nýja húseiganda.

Þann 2. febrúar s. l. lézt frú Guðlaug Eberhardt, og búa þau nú ein í hinni umdeildu íbúð erfingjar hennar, þau Lára Hafliðadóttir ásamt kornungu barni sínu og Haukur Friðriksson, sem er maður einhleypur.

Nokkru eftir andlát frú Eberhardt fór gerðarbeiðandi þess á leit við gerðarþola, að þau flyttu úr húsnæðinu. Er þau tilmæli báru engan árangur, sneri gerðarbeiðandi sér til fógetaréttarins og krafðist þess, að gerðarþolar yrðu þegar í stað með beinni fógetagerð bornir út úr nefndu húsnæði.

Í málflutningi bar gerðarbeiðandi fram þá varakröfu, að hin umbeðna útburðargerð yrði látin fram fara eigi síðar en 11. maí n. k.

Færir gerðarbeiðandi það fram kröfu sinni til stuðnings, að leigusamningurinn á rskj. 4 hafi á sínum tíma verið gerður eingöngu við frú Eberhardt sjálfa, og sé hann því samkvæmt eðli málsins fallinn niður við andlát hennar. Hafi gerðarþolar því engin leiguréttindi og beri að víkja, nær sem þess sé krafizt.

Gerðarþolar hafa hins vegar mótmælt því, að leigusamningurinn sé fallinn niður við andlát frú Eberhardt. Telja þeir sig eigi þurfa að rýma húsnæðið nema að undangenginni uppsögn með venjulegum uppsagnarfresti og að því tilskildu, að sú uppsögn hafi verið staðfest af húsaleigunefnd, en engin slík uppsögn hafi farið fram.

Skulu nú þessar málsástæður nánar athugaðar.

Það verður nú samkvæmt eðli málsins að ætla, að leigusalar yfirleitt, húsaleigusalar sem aðrir, leggi að jafnaði æði ríka áherzlu á, að hið leigða verði í umráðum þess, sem þeir með leigusamningi trúa fyrir hinu leigða. Má í þessu sambandi minna á, að framleiga er að jafnaði talin óheimil, nema samþykki leigusala komi til.

Einnig má benda á fyrirmæli laga nr. 19/1887, 22. gr., en þar segir á þá leið, að fjárnám megi því aðeins gera í leigu- og byggingarréttindum fasteigna, að eigi sé með því gengið á rétt eiganda. Hér virðist vera innifalin lík regla og haldið er fram hér að ofan, að ef ekki er tryggt, að réttur leigusala verði ekki annar og verri, ef leiguréttur requisiti (þ. e. leigutaka almennt) yfirfærist á 3ja mann, þá verði sá réttur ekki fjárnámi tekinn — lögleg aðiljaskipti fari ekki fram.

Eftir lát hins upphaflega leigutaka samkvæmt samningnum, hefur gerðarbeiðandi í sjálfu sér enga tryggingu, hvorki fyrir meðferð hins leigða né heldur fyrir leigugreiðslum eða öðrum skyldum samkvæmt leigusamningnum. Virðist því, samkvæmt framansögðu, rétt að álíta, að leiguréttur frú Eberhardt hafi ekki yfirfærzt á gerðarþola fyrir erfð, og þar sem enginn nýr samningur hefur verið gerður milli þeirra og gerðarbeiðanda, sé afnotaréttur af hinu umdeilda húsnæði þeim til handa ekki fyrir hendi.

Vegna þessa verður enn fremur að líta svo á, að formlegrar uppsagnar með venjulegum uppsagnarfresti hafi ekki verið þörf gagnvart gerðarþolum til þess að þeim bæri að víkja úr hinu umdeilda húsnæði, heldur hafi gerðarbeiðandi átt rétt á rýmingu húsnæðisins, þegar er tilmæli í þá átt höfðu borizt gerðarþolum.

Að þessu öllu athuguðu þykir rétt að leyfa framgang hinnar umbeðnu fógetagerðar á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Með tilliti til málavaxta að öðru leyti þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna útburðargerð skal fram fara á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 20. júní 1945.

Nr. 89/1943. **Jón Þorkelsson**
gegn
Verzlunarfélaginu Borg h/f og gagnsök.

Setudómari próf. Ísleifur Árnason í stað hrd. Þórðar Eyjólfssonar.

Öflun frekari skýrslna í einkamáli.

Úrskurður hæstaréttar.

Áður en mál þetta verður dæmt í hæstarétti, þykir rétt samkvæmt lögjöfnun frá 120. gr. laga nr. 85/1936 að leggja

fyrir héraðsdómara að beina því til aðilja málsins að afla skýrslna um þau atriði, sem nú verða talin.

1. Rétt er að fela löggiltum endurskoðendum að athuga skráningu í bækur gagnáfrýjanda um kaup hans haustið 1939 á sauðfé þeirra 11 fjáreigenda, sem greindir eru í málinu. Er þess þörf, að endurskoðandinn geri sér svo sem kostur er grein fyrir því, hvort vel og skipulega sé skráð í bækur þessar og einkum „innvigtunarbókina", og hvort nokkrar líkur séu til, að skráning í þær um fjárkaupin 1939 hafi farið fram síðar en dagsetningar benda til, en því hefur verið haldið fram af umboðsmanni aðaláfrýjanda. Ber að leggja bækur þessar fram í málinu.
2. Nauðsyn er að krefja vættis þá menn, er vógu kjötið og sláturafurðirnar, um þunga þeirra. Þá skulu og þeir, er skráðu í nefndar bækur um kjötþungann og gæruþungann, yfirheyrðir um það, hvenær skráningin fór fram og eftir hvaða heimildum.
3. Þorkell Pétursson, faðir aðaláfrýjanda, og Pétur Torfason, bóndi í Höfn, telja, að upp undir 20 lömb frá Litla Botni hafi verið seld til lífs í Leirársveit. Hefur vætti manna þessara verið talin sönnun þess, að „innvigtunarbók" gagnáfrýjanda væri tortryggileg. Þykir því ástæða til, að nánari gagna sé aflað til að sannreyna hvort og, ef svo er, hve mörg lömb úr fénu frá Litla Botni hafi verið seld til lífs. Skal Pétur Torfason, er segist hafa selt lömbin, spurður um, hverjum hann hafi selt þau og kaupendurnir látnir um þetta bera. Skulu fengnar skýrslur manna þessara um það, hvort lömb, er þeir kunna að hafa keypt frá Litla Botni, hafi verið úr fé aðaláfrýjanda eða föður hans.
4. Loks skulu aðiljar og vitni samspurð um atriði, er þá greinir á um, og aðiljum gefinn kostur á að afla þeirra gagna og skýrslna, sem efni verða til.

Því úrskurðast:

Héraðsdómari skal veita aðiljum kost á að afla gagna þeirra, er að ofan greinir.

Föstudaginn 22. júní 1945.

Nr. 29/1945. **Réttvísin og valdstjórnin**
gegn
Kristjáni Stefánssyni.

Framhaldsrannsókn fyrirskipuð í opinberu máli.

Úrskurður hæstaréttar.

Áður en mál þetta verður dæmt í hæstarétti, þykir nauðsyn til bera, að rannsókn sé framkvæmd um þau atriði, sem nú verða greind.

1. Leitt skal í ljós, ef unnt er, hverja ákærði umgekkst laugardaginn 22. júlí 1944, áður en hann lagði upp í umrædda ferð. Skulu þeir menn krafðir sagna um það, hvort þeir hafi orðið þess varir, að ákærði neytti áfengis. Svo skal ákærði og þeir, er um geta borið, spurðir um það, hvernig hann hafi verið fyrirkallaður.
2. Ákærði skal yfirheyrður nákvæmar um áfengisneyzlu hans og honum á það bent, að það veki líkur gegn honum, að hann hafði áfengi með sér.
3. Farþegarnir skulu inntir eftir því, hvort þeir hafi neytt áfengis áður en þeir fóru í ferð þessa eða á leiðinni, og lögreglumenn að því spurðir, hvort þeir hafi séð áfengi á þeim.
4. Upplýsa skal nánar, hvernig vegi er háttað á slysstaðnum, bæði um bratta hans og hliðarhalla, ef nokkur er, svo og hvort lausamöl hefur verið á veginum eða hann holóttur.
5. Ákærði skal að því spurður, hvort hann hafi hemlað bifreiðina, er slysið varð, og hvort hemlar hennar hafi verið í lagi.
6. Rannsaka skal um ásigkomulag bifreiðarinnar eftir slysið, og yfirheyra viðgerðarmenn og aðra, er um það geta borið, einkum um stýrisútbúnað og hemla.
7. Enn skal reynt að leiða í ljós, hversu langur tími leið frá því að slysið varð og þangað til Bolla heitnum var náð undan bifreiðinni og hvað ákærði og farþegarnir aðhöfðust í björgunarskyni.

8. Þá skal og fengin skýrsla um krufningu á líki Bolla heitins, ef hún hefur verið framkvæmd.

Loks skal rannsaka öll þau atriði, sem framhaldsrannsóknin veitir efni til.

Því úrskurðast:

Héraðsdómara ber að framkvæma rannsókn þá, sem að ofan greinir. svo fljótt sem verða má.

Föstudaginn 22. júní 1945.

Nr. 70/1944. **Sjúkrasamlag Reykjavíkur** (Gunnar J. Möller) gegn **Stjórnarnefnd ríkisspítalanna** (Sigurður Ólason).

Setudómari hrl. Sveinbörn Jónsson í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Skuldamál.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 26. maí 1944 og krafizt sýknu af kröfum stefnda í málinu svo og málskostnaðar úr hendi hans fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Stefndi hefur krafizt staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar af áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Yfirlýsing fyrrverandi félagsmálaráðherra, sem til er vitnað í hinum áfrýjaða dómi, getur engu ráðið um úrslit þessa máls. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir hæstarétti, kr. 800.00.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Sjúkrasamlag Reykjavíkur, greiði stefnda,

stjórnarnefnd ríkisspítalanna, kr. 800.00 í málskostnað. fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. marz 1944.

Mál þetta, sem dómtekið var 21. f. m., hefur skrifstofa ríkisspítalanna, hér í bæ, höfðað gegn Sjúkrasamlagi Reykjavíkur með stefnu útgefinni 22. nóvember f. á. til greiðslu svonefndra fæðingarstofugjalda við Landsspítalann árin 1940, 1941 og 1942, samtals að fjárhæð kr. 12735.00 ásamt 5% ársvöxtum af kr. 3930.00 frá 1. jan. 1941, af kr. 4680.00 frá 1. jan. 1942 og af kr. 4125.00 frá 1. jan. 1943, allt til greiðsludags, auk málskostnaðar að skaðlausu. Við hinn munnlega málflutning gerði stefnandi þá *varakröfu*, að stefnda yrði dæmt til að greiða kr. 10770.00 ásamt vöxtum og málskostnaði og þá *þrautavarakröfu*, að samlagið yrði dæmt til að greiða kr. 8805.00 með 5% ársvöxtum af kr. 4680.00 frá 1. jan. 1942 og af kr. 4125.00 frá 1. jan. 1943 til greiðsludags auk málskostnaðar.

Stefnda krefst sýknu og málskostnaðar sér til handa.

Málavextir eru þessir:

Er stefnda tók til starfa samkvæmt ákvæðum þágildandi alþýðutryggingarlaga nr. 26/1936, leitaði það m. a. samninga við sjúkrahús hér í bænum um gjöld fyrir vist samlagsmanna á sjúkrahúsunum. Kveðst það þá þegar frá upphafi hafa lagt kapp á að fá ákveðið eitt fast gjald fyrir allan kostnað við dvöl samlagsmanns á hverju sjúkrahúsi og reynt að komast hjá öllum aukagjöldum í því sambandi, enda hafi slíkt verið og sé eitt af skilyrðunum fyrir öruggum rekstri samlagsins. Þannig gerði samlagið t. d. samninga við sjúkrahúsið Sólheima og St. Jósepsspítala, hér í bæ, (dags. 13. apríl og 14. júní 1937), þar sem ákveðið var daggjald fyrir sjúkrahúsvistina, og í daggjaldi þessu fólst allur kostnaður vegna dvalarinnar. Samlagið leitaði einnig samninga við sjúkrahús ríkisins, þ. á m. Landsspítalann, og var stjórnarnefnd ríkisspítalanna í fyrirsvari við þær samningsumleitanir (sbr. 9. gr. laga nr. 30/1933), en stefnandi virðist koma fram fyrir hönd þeirrar nefndar í máli þessu. Á fundi, sem stjórn stefnda hélt þann 22. des. 1936, var lagt fram tilboð frá nefndinni (frá 19. s. m.) um daggjöld á ríkisspítölunum (6 kr. á dag) og var þar fram tekið, að í daggjaldinu fælist læknishjálp, þar með taldar „röntgen"- og ljóslækningar, lyf og venjulegar sáraumbúðir. Greiðsla skyldi fara fram mánaðarlega eftir á, og uppsagnarfrestur vera 6 mánuðir af beggja hálfu, miðað við 30. júní og 31. des. ár hvert. Á fundi sínum 30. des. 1936 samþykkti stjórn stefnda að ganga að tilboði þessu sem bráðabirgðasamningi, og virðast skipti aðiljanna að þessu leyti hafa

farið fram í samræmi við samning þenna árin 1937 og 1938. Var þá ekki um nein frekari gjöld að ræða, þ. á m. ekki neitt sérstakt fæðingarstofugjald, þótt gert væri ráð fyrir því í fjárlögum fyrir þessi ár, að Landsspítalinn hefði tekjur af slíkum gjöldum. Með bréfi dags. 24. des. 1938 tilkynnti stjórn ríkisspítalanna stefnda, að samlaginu gæfist kostur á daggjöldum í Landsspítalanum, kr. 6.50 fyrir fullorðna og kr. 4.50 fyrir börn, og var jafnframt tekið fram, að skurðstofu- og fæðingarstofugjald væri innifalið. Stjórn stefnda samþykkti þetta tilboð á fundi sínum 9. jan. 1939, og virðast þau kjör síðan hafa gilt árið 1939. Með bréfi dags. 28. des. 1939 tilkynnti stjórnarnefnd ríkisspítalanna stefnda, að hún sæi sér ekki fært að gefa samlaginu kost á sömu kjörum lengur en til næstu áramóta (1939—1940), því að fyrirsjáanlegt væri, að rekstrarkostnaður sjúkrahúsanna mundi hækka og því líklegt, að daggjöldin yrðu einnig að hækka. Virðist hafa verið gert ráð fyrir, að daggjöld í Landsspítalanum þyrftu af þessum sökum að hækka í kr. 7.50, en tilmæli komu frá stefnda um lækkun, og með bréfi dags. 8. febrúar 1940 ákvað ráðuneytið, að daggjald skyldi vera 7 kr. fyrir fullorðna og 5 kr. fyrir börn til ársloka 1940. Tilkynnti stjórnarnefnd ríkisspítalanna stefnda þetta í bréfi dags. 20. febrúar 1940, en í því bréfi tók nefndin það fram, að konum, sem fæddu í Landsspítalanum, bæri auk daggjaldanna að greiða fæðingarstofugjald, en skurðstofugjöld hefðu verið „felld niður", eins og það er orðað. Í bréfi dags. 26. febrúar 1940 fór stefnda þess á leit við ráðuneytið, að það felldi niður umrætt fæðingarstofugjald, enda hefði það aldrei verið greitt áður. Ráðuneytið leitaði umsagnar stjórnarnefndar ríkisspítalanna um erindi þetta (þann 5. marz 1940), og þann 20. apríl s. á svaraði nefndin ráðuneytinu á þá lund, að vakin var athygli á, að hin „umbeðna undanþága" næmi um „3—4 þús. kr. á ári". Ráðuneytið virtist ekki hafa afgreitt þetta mál bréflega, en hins vegar liggur fyrir í málinu vottorð frá Guðmundi Í Guðmundssyni hrl., formanni Sjúkrasamlagsins, þar sem hann skýrir svo frá, að svo hafi samizt milli sín og þáverandi félagsmálaráðherra, Stefáns Jóh. Stefánssonar hrl., á öndverðu ári 1940, að umrætt fæðingarstofugjald skyldi falla niður og ekki greiðast af hálfu Sjúkrasamlagsins eða samlagsmanna til Landsspítalans. Hafi ráðherrann lofað að senda samlaginu bréflega staðfestingu á þessu samkomulagi, en þrátt fyrir ítrekuð tilmæli um, að svo yrði gert, hafi sú staðfesting ekki komið. Hefur Stefán Jóh. Stefánsson einnig vottað, að rétt sé frá skýrt í framangreindri yfirlýsingu Guðmundar Í. Guðmundssonar. Stefnda hefur síðan ekki fengizt til að greiða fæðingarstofugjöld þessi, þrátt fyrir ítrekaðar kröfur í þá átt, og hefur stefnandi því höfðað mál þetta og gert í því framangreindar dómkröfur.

Krafa stefnanda sundurliðast þannig:

Fæðingarstofugjöld	árið 1940	kr.	3930.00
——	— 1941	—	4680.00
——	— 1942	—	4125.00
	Alls	kr.	12735.00

og er enginn ágreiningur um hina tölulegu hlið kröfunnar.

Stefnandi heldur því fram, að umrædd fæðingarstofugjöld séu með öllu óviðkomandi daggjöldunum og tekin til að standast aukakostnað í sambandi við fæðingar. Gjöld þessi hafi frá upphafi verið ákveðin 15 kr. fyrir hverja fæðingu, og hafi þau ekki verið hækkuð, þrátt fyrir aukna dýrtíð. Fyrst eftir að hið stefnda sjúkrasamlag hafi verið stofnað, hafi það fengið uppgjöf á greiðslu þessara gjalda, en sú undanþága hafi fallið niður í árslok 1939, og hafi verið tilkynnt stefnda í áðurgreindum bréfum frá 28. des. 1939 og 20. febrúar 1940. Kveðst stefnandi ekki vita til, að stefnda hafi síðan fengið neina undanþágu í þessu efni, enda er áðurnefndum vottorðum Guðmundar Í. Guðmundssonar og Stefáns Jóh. Stefánssonar mótmælt sem þýðingarlausum fyrir mál þetta, þar sem málið hafi ekki fengið formlega afgreiðslu af hálfu félagsmálaráðuneytisins, og þar á meðal hafi fjármálaráðuneytið ekki samþykkt uppgjöf þessa, eins og nauðsynlegt hafi verið.

Sýknukröfu sína byggir stefnda á því, að sá samningur milli málsaðilja, er felist í fyrrnefndum bréfum og samþykktum frá 19., 22. og 30. des. 1936, sé enn í fullu gildi, þar sem honum hafi ekki verið sagt upp, en í samningnum hafi verið gert ráð fyrir því, að allur aukakostnaður, þar á meðal vegna fæðinga, væri tekinn með í hinu svonefnda daggjaldi og samlaginu bæri því ekki að greiða neitt annað gjald til stefnanda vegna vistar samlagsmanna í Landsspítalanum. Aðiljar hafi aldrei síðan samið um neina breytingu á samningnum að þessu leyti, hvað þá heldur, að stefnda hafi einhliða skuldbundið sig til slíkrar aukagreiðslu. Hér við bætist, að æðsti yfirmaður sjúkrahússins, félagsmálaráðherra, hafi á bindandi hátt fellt niður hin umdeildu gjöld, og það án þess að sú niðurfelling væri bundin við neitt ákveðið tímabil.

Í fjárlögum hvers árs eru tilgreind þau útgjöld, sem talið er, að rekstur sjúkrahúsa ríkisins hafi í för með sér á árinu, svo og þær tekjur, sem sömu stofnunum hlotnast á sama tíma. Í fjárlögum fyrir árin 1937, 1938 og 1939 er þannig m. a. gert ráð fyrir tekjum af skurðstofu- og fæðingarstofugjöldum við Landsspítalann, en þrátt fyrir það var hið stefnda sjúkrasamlag ekki látið greiða slík gjöld fyrir þessi ár samkvæmt sérstöku samkomulagi þar um, eins og áður er rakið. Í fjárlögum fyrir árin 1940, 1941 og 1942 er hins vegar ekki gert ráð fyrir tekjum af skurðstofugjöldum við Landsspítalann, en tekjum af fæðingarstofugjöldum, eins og áður. Með

tilliti til þessa, og þar sem umrædd fæðingarstofugjöld geta ekki talizt falla utan þeirra gjalda, er sjúkrasamlög greiða til sjúkrahúsa samkvæmt alþýðutryggingarlögum, þykir verða að líta svo á, að stefnda hafi eigi getað búizt við að komast hjá greiðslu gjalda þessara, nema sérstaklega væri um það samið. Kemur þá til álita, hvort sá samningur málsaðilja, er felst í áðurnefndum bréfum og samþykktum frá 19., 22. og 30. des. 1936 svo og bréfi stefnanda frá 24. des. 1938 — og fól í sér lausn frá greiðslu fæðingarstofugjalda fyrir árin 1937, 1938 og 1939 — sé enn þá í gildi. Er þess þá fyrst að geta, að samkvæmt samþykkt stjórnar stefnda þann 30. des. 1936 var hér aðeins um „bráðabirgðasamning" að ræða. Í nefndu samkomulagi aðiljanna var gert ráð fyrir 6 mánaða uppsagnarfresti af beggja hálfu, miðað við 30. júní eða 31. des. ár hvert. Ákvæðunum um upphæð daggjaldanna virðist að vísu allmörgum sinnum hafa verið breytt — og þá miðað við almanaksárið, — án þess að þessara uppsagnarákvæða hafi verið gætt. Þrátt fyrir það þykir þó ekki verða staðhæft, að nefnt ákvæði um uppsögn sé fallið niður í skiptum aðiljanna, og er þá athugandi, hvort eða hvenær uppsögn á nefndu samningsatriði hafi farið fram. Verður ekki séð, að yfirlýsing af hálfu stefnanda, er geti skoðazt sem uppsögn að þessu leyti, hafi komið fram fyrr en í bréfi stefnanda frá 20. febrúar 1940. Þar af leiðir, að nefnt ákvæði var ekki fallið úr gildi fyrir uppsögn fyrr en þann 1. jan. 1941, og verður stefnda því ekki talið eiga að greiða fæðingarstofugjöld fyrir árið 1940. Hér við bætist, að þáverandi félagsmálaráðherra virðist hafa fallizt á, að umrædd gjöld féllu niður, en með tilliti til þess, að uppgjöf ráðherra á gjöldum til ríkisspítalanna að nokkru eða öllu virðist jafnan hafa verið bundin við eitt almanaksár í senn, eins og ákvörðunin um þessar tekjur sjúkrahúsanna í fjárlögunum, þá þykir ekki verða talið, að stefnda hafi haft réttmæta ástæðu til að ætla, að nefnd uppgjöf af hálfu ráðherra hefði viðtækara gildi, enda var og í fjárlögum næstu ára (1941 og 1942) gert ráð fyrir þessum gjöldum til Landsspítalans. Sýknukrafa stefnda þykir því ekki hafa við rök að styðjast, og ekki heldur *aðal-* eða *varakrafa* stefnanda, en sú síðarnefnda byggist á því, að umræddu samningsatriði hafi verið löglega sagt upp, miðað við 30. júní 1940. Hins vegar verður *þrautavarakrafa* stefnanda tekin til greina, en hún felur í sér fæðingarstofugjöld fyrir árin 1941 og 1942. Ber stefnda því að greiða stefnanda kr. 8805.00, með vöxtum eins og krafizt er, svo og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 500.00.

Árni Tryggvason settur borgardómari hefur kveðið upp dóm þenna.

Því dæmist rétt vera:

Stefnda, Sjúkrasamlag Reykjavíkur, greiði stefnanda, skrifstofu ríkisspítalanna, kr. 8805.00 með 5% ársvöxtum af kr. 4680.00 frá 1. jan. 1942 og af kr. 4125.00 frá 1. jan. 1943, hvorttveggja til greiðsludags, svo og kr. 500.00 upp í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 22. júní 1945.

Nr. 109/1944. **Jón Jóhannesson** (Garðar Þorsteinsson).

gegn

Aage Schiöth (enginn).

Skuldamál.

Dómur hæstaréttar.

Guðmundur Hannesson bæjarfógeti hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Stefndi, sem hefur löglega verið birt áfrýjunarstefna í máli þessu, útgefin 7. september 1944, hefur hvorki sótt né látið sækja þing í hæstarétti. Er málið því flutt skriflega samkvæmt 1. tölulið 38. gr. hæstaréttarlaga nr. 112/1935 og dæmt eftir framlögðum skilríkjum.

Áfrýjandi hefur gert þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 322.41 með 6% ársvöxtum frá 22. des. 1943 til greiðsludags og málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi hefur eftir uppsögn héraðsdóms gefið aðiljaskýrslu fyrir dómi. Kveðst hann hafa skoðað bát þann, sem greinir í málinu, eftir að hrl. Garðar Þorsteinsson varð fyrir hans hönd hæstbjóðandi að bátnum á uppboði 15. september 1939. Stefndi fól samt Garðari Þorsteinssyni hvorki, svo séð verði, að leysa haldsréttarkröfu þá, er á bátnum hvíldi, né fékk honum fé til þess. Þegar þessi atvik málsins eru virt, verður ekki talið, að stefndi hafi leitt rök að því, að Garðar hafi með vanrækslu eða aðgerðarleysi valdið honum tjóni.

Samkvæmt þessu ber að dæma stefnda til að greiða áfrýj-

anda kr. 322.41 ásamt 6% ársvöxtum frá 22. desember 1943 til greiðsludags.

Eftir atvikum þykir rétt, að stefndi greiði áfrýjanda samtals kr. 800.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Aage Schiöth, greiði áfrýjanda, Jóni Jóhannessyni, kr. 322.41 ásamt 6% ársvöxtum frá 22. desember 1943 til greiðsludags og samtals kr. 800.00 í málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Siglufjarðar 12. júlí 1944.

Með stefnu, dags. 20. jan. s. l., krefst stefnandinn, Jón Jóhannesson, málflm., Siglufirði, að stefndur Aage Schiöth lyfsali, Siglufirði, greiði stefnandanum kr. 322.41, sem hann telur framselda kröfu Garðars Þorsteinssonar hrm. í Reykjavík á stefndan, og sé krafan frá Garðari fyrir útlagðan kostnað hans við fjárnám og uppboð í Keflavík syðra f. h. stefnds og ómakslaun út af því samkvæmt sundurliðuðum reikningi. Í vöxtu krefur stefnandi 6% frá 22. des. 1943 og í málskostnað kr. 141.20 samkvæmt sundurliðuðum reikningi.

Málavextir eru þeir, er hér segir:

Sumarið 1939 (hvenær nánar er ekki upplýst) sendir Aage Schiöth lyfsali, Siglufirði, hrm. Garðari Þorsteinssyni í Reykjavík dóm uppkveðinn í sjódómi Siglufjarðar 24. jan. 1939 í málinu: sjódómsmálið Aage Schiöth gegn Útvegsbanka h/f, Seyðisfirði, Skúla Sveinssyni og Samábyrgð Íslands, þar sem komizt er svo að orði m. a. í niðurlagi dómsins, að Útvegsbanki h/f, Seyðisfirði, greiði Aage Schiöth fyrir björgun v/s Svava N.S. 247, sem bankinn var skráður eigandi að, kr. 2850.00 með 5% vöxtum frá 5. apríl 1938 og 300 kr. í málskostnað, og tildæmist stefnanda (A. Schiöth) sjóveð í skipinu o. s. frv. Hrmaðurinn (sic) gengur svo að bátnum, og í bátinn verður Garðar Þorsteinsson hrm. f. h. A. Schiöth hæstjóðandi á uppboði 15. sept. 1939 fyrir 200 kr. og krafðist, að umbjóðanda hans yrði báturinn lagður út sem ófullnægðum veðhafa. Uppboðshaldari tekur sér 8 daga frest til þess að taka ákvörðun um boðið, og er svo af gögnum málsins ekkert vitað um gang þess máls fyrr en 26. júní 1940, að vélbáturinn er seldur hæstbjóðanda — Dráttarbraut Keflavíkur — á 100 kr., en hún mun

hafa krafizt haldsréttar í bátnum fyrir áföllnum kostnaði, þá á 6. þús. króna. Á seinna uppboðinu mætti enginn fyrir A. Schiöth, sem kveðst ekki hafa vitað af uppboðinu.

Hrm. Garðar Þorsteinsson heldur fram: Við fyrra uppboðið hvíldi á bátnum haldsréttur við Dráttarbraut Keflavíkur á 6. þúsund krónur. Kveðst hann hafa spurt A. Schiöth að því, hvort hann vildi leysa til sín haldsréttinn, en hann hafi ekki viljað, og hafði þó A. Schiöth, að sögn stefnanda, látið áður mann í Keflavík skoða bátinn. Þess vegna hafi hann ekki mætt við síðara uppboðið, þar sem haldsréttur var kominn á fyrir enn stærri upphæð en 15. sept. 1939.

Þá leggur stefnandi, og að nokkru hrm. Garðar Þorsteinsson, áherzlu á, að sjódómurinn hljóði á Útvegsbankann sem dómþola, og ef dómurinn sé réttur að því leyti, þá sé enn engu tapað, þá megi ganga að bankanum enn.

Stefndur, Aage Schiöth, heldur fram: Hann hafi enga hugmynd haft um gang málsins eins og því hefur verið lýst hér að ofan. Garðar hafi ekki látið sig vita áður en síðara uppboðið var haldið, að haldsréttur inn væri á bátnum. Hann hafi að vísu orðið hæstbjóðandi að bátnum 15. sept. 1939, en síðan hafi hann ekkert aðhafzt, og hafi þá hlaðizt slippleiga á bátinn til 26. júní 1940, er báturinn var seldur. Með þessu aðgerðarleysi sínu hafi hrm. Garðar Þorsteinsson bakað sér tjón með því að gera sjóveðrétt sinn að engu.

Í máli þessu hafa engar fullnægjandi sannanir komið fram fyrir því, hvort hér sé um misskilning að ræða hjá stefndum eða hrm. Garðari Þorsteinssyni. Sú ástæða hjá Garðari Þorsteinssyni hrm., sem stefnandi leggur í máli þessu svo mikla áherzlu á, að sjódómurinn hljóði á Útvegsbankann og sé það rétt í dómnum, þá sé ekkert tjón af drættinum enn orðið, þótt dómhafi hafi misst sjóveðsins, hann geti enn haldið sér að bankanum eftir dómnum, er að engu hafandi.

Sjódómurinn hljóðar að vísu á bankann sem eiganda vélbátsins, en eigendur skipa ábyrgjast ekki sjóveðskröfur fyrir björgun með meiri hluta eigna sinna en sjóveðinu nemur, sbr. lög 56/1914, 229. gr., um að björgunarmenn eigi rétt á að fá björgunarlaun *af því, sem bjargað er*. Samt er það algild regla í dómum — líka hæstaréttar — að orða svo dóminn fyrir sjóveðkröfum í skipi, er eigendur aðeins ábyrgjast með skipinu, að eigandi skips sé dæmdur til þess að greiða sjóveðkröfuna, án þess að tekin sé fram sú sjálfsagða — lögmælta — forsenda, að slík greiðsluskylda nái ekki nema til þess, er sjóveðið hrekkur. Það er því ekki nema hártogun á dómsákvæðunum, að þau heimili dómhafa nokkurn rétt til bankans umfram það, er sjóveðið gefur, og eru þessi ákvæði dómsins því engin ástæða fyrir stefnanda til þess að firra Garðar Þorsteinsson skaðabótum gegn stefndum, ef Garðari væri um

að kenna, að stefndur hafi misst sjóveðsins. Þá hefur ekki heldur við nokkuð að styðjast sú málsástæða stefnanda að stefndur hefði þurft að gagnstefna til þess að láta skaðabótakröfu sína koma upp í tilkostnað og ómakslaun Garðars Þorsteinssonar, upp í dómkröfuna í máli þessu. Það ætti að vera auðsætt, að ef *verk* er framkvæmt fyrir annan eftir beiðni hins, en framkvæmd verksins kemur að engu gagni fyrir handvömm þess, er framkvæmdina hefur á hendi, getur hinn borið fyrir sig þá ástæðu til varnar án gagnstefnu. Hann hefur fyrir ekkert að borga. Annað mál, að ef hann ætlar að ná skaðabótum umfram kröfuna fyrir ómak og tilkostnað umboðsmannsins, er nauðsyn gagnstefnu, annars ekki.

Hins vegar eru, eins og mál þetta liggur fyrir, þær líkur fyrir því, að Garðar Þorsteinsson hrm. hafi látið umbjóðanda sinn fylgjast með uppboðinu á skipinu 15. sept. 1939 og þeim haldsrétti, er á skipinu hvíldi, að rétt þykir að láta úrslit máls þessa velta á eiði Garðars Þorsteinssonar hrm., svo að ef hann innan 3ja mánaða frá uppkvaðningu dóms þessa á varnarþingi sínu vinnur eið að því að hafa látið stefndan í máli þessu, A. Schiöth lyfsala, Siglufirði, á árinu 1939 eftir miðjan sept. vita af uppboðinu 15. sept. 1939 og haldsrétti, er á skipinu hvíldi, en A. Schiöth gefið honum í skyn, að hann vildi ekki innleysa haldsréttinn, þá beri stefndum í máli þessu, lyfsala Aage Schiöth, Siglufirði, að greiða stefnanda umstefnda skuld og kr. 140.00 í málskostnað, en ef Garðari verður eiðfall, þá sé stefndur sýkn af kröfum stefnanda, er greiði þá stefndum 120 kr. í málskostnað.

Því dæmist rétt vera:

Ef hrm. Garðar Þorsteinsson, Reykjavík, innan 3ja mánaða frá uppkvaðningu dóms þessa á sínu varnarþingi vinnur eið að því að hafa á árinu 1939 eftir uppboð á skipinu látið Aage Schiöth lyfsala í Siglufirði vita af uppboðinu 15. sept. 1939 á skipinu og at haldsrétti þeim, er hvíldi á skipinu, en Aage Schiöth gefið honum í skyn, að hann vildi ekki innleysa haldsréttinn, þá greiði Aage Schiöth lyfsali, Siglufirði, Jóni Jóhannessyni málflm., Siglufirði, kr. 322.41 með 5% frá 22 des. 1943 og 140 kr. í málskostnað, en ella sé stefndur sýkn af kröfum stefnanda í máli þessu, en stefnandi greiði þá stefndum 120 kr. í málskostnað.

Hið áfrýjaða að greiða innan 15 daga, að því er stefndan snertir, frá eiðvinningu Garðars Þorsteinssonar, en að því, er til stefnanda kemur og Garðari Þorsteinssyni verður eiðfall frá því, er eiðfrestur Garðars Þorsteinssonar er útrunninn, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 24. september 1945.

Kærumálið nr. 7/1945. **Tunnuverksmiðja Siglufjarðar s/f.**
gegn
Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Synjun framhaldsfrests í máli.

Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaði úrskurður er kveðinn upp af Hannesi Guðmundssyni, fulltrúa bæjarfógetans á Siglufirði.

Í kærumáli þessu, sem hæstarétti hefur verið sent með bréfi bæjarfógeta Siglufjarðar, dags. 27. júní 1945 og hingað komnu 3. júlí þ. á., hefur sóknaraðili kært úrskurð, kveðinn upp í bæjarþingi Siglufjarðar 22. júní þ. á., þar sem sóknaraðilja er synjað um frekari frest í máli varnaraðilja gegn honum.

Hæstarétti hafa ekki borizt neinar kröfur eða greinargerð frá sóknaraðilja, en ætla verður, að hann áfrýji úrskurðinum í því skyni að fá framhaldsfrest þann, sem héraðsdómari hefur neitað honum um.

Varnaraðili gerir þær kröfur, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og sóknaraðilja gert að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar þykir mega staðfesta hann. Rétt þykir, að sóknaraðili greiði varnaraðilja kr. 300.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Það athugast, að héraðsdómari hefur ekki sent hæstarétti eftirrit úr þingbók um þinghöld málsins.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Tunnuverksmiðja Siglufjarðar s/f, greiði varnaraðilja, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, kr. 300.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Siglufjarðar 22. júní 1945.

Mál þetta hefur Jón Jóhannesson málflutningsmaður, Siglufirði, höfðað fyrir hönd ríkissjóðs fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 2/4 1945, gegn Tunnuverksmiðju Siglufjarðar s/f hér í bæ.

Gerir stefnandi þær dómkröfur, að stefnt samvinnufélag verði dæmt til þess að greiða sér f. h. ríkissjóðs kr. 267638.34 með 6% árvöxtum af kr. 152735.25 frá 1/5 1944, af kr. 4835.37 frá 3/5 1944 og af kr. 110067.52 frá 2/5 1944, allt til greiðsludags, og málskostnað eftir framlögðum reikningi, til vara eftir mati réttarins.

Hið stefnda samvinnufélag krefst sýknu og málskostnaðar. Við þingfestingu málsins 26. apríl s. l. óskuðu umboðsmenn stefnda eftir 4 mánaða fresti til samningar greinargerðar og gagnaöflunar, sérstaklega til þess að útvega sönnunargögn frá framkvæmdarstjóra fyrirtækisins, Þorkatli Clementz, sem dvelur í Svíþjóð.

Með úrskurði, uppkveðnum í bæjarþingi Siglufjarðar 2. maí s. l., var stefnda veittur 7 vikna frestur. Úrskurði þessum skaut stefnandi til hæstaréttar, sem staðfesti úrskurðinn. Við þinghald málsins í gær óskaði umboðsmaður stefnda eftir framhaldsfresti til framlagningar greinargerðar og gagnaöflunar, en framkvæmdarstjóri fyrirtækisins er í Svíþjóð, og hafði hann sent dómaranum símskeyti, þar sem hann kveðst hafa mikilsverðar upplýsingar að gefa í málinu, en hann komi ekki fyrr en í ágúst til landsins, og krefst stefndi því frests til 6. september n. k. til öflunar þessara gagna, sem framkvæmdarstjóri stefnda hafi, en stefndi ekki sjálfur.

Stefnandi mótmælir frestinum og telur hann óþarfan þegar af þeirri ástæðu, að framlögð gögn af sinni hálfu sanni dómkröfu sína, hvað sem upplýsingum framkvæmdarstjóra stefnda líði.

Að vísu væri nokkur ástæða til þess að veita stefnda umbeðinn framhaldsfrest, þegar svo sérstaklega stendur á, að framkvæmdarstjóra stefnda, er ætla má, að málinu sé kunnugri en stefndi, er utanlands, en kemur heim innan þess tíma, er frests er krafizt, en þar sem framkvæmdarstjóri stefnda tilnefnir ekki, hverra gagna hann ætli að afla við heimkomu sína og leggja fram, verður eigi fyrir fram séð, að frests sé beiðzt til þess að afla þeirra gagna, er hnekkt gæti dómkröfunni, en að geta þess var framkvæmdarstjóra stefnda innan handar, ef málefni stóðu til.

Verður því að telja, að gegn eindregnum mótmælum stefnanda verði umbeðinn framhaldsfrestur ekki veittur til öflunar gagna, sem eigi er vitað um, að þýðingu hafi fyrir málsúrslit, þótt kæmu

Fyrir því úrskurðast:

Hinn umbeðni framhaldsfrestur skal eigi veittur.

Föstudaginn 28. september 1945.

Nr. 33/1945. **Soffía Vatnsdal** (Einar B. Guðmundsson)
gegn
Steindóri Einarssyni og gagnsök
(Sveinbjörn Jónsson).

Setudómari próf. Ísleifur Árnason í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Mál til fébóta vegna bifreiðarslyss.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 8. marz þ. á., krefst þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða henni kr. 81417.50 með 6% ársvöxtum frá 18. júlí 1942 til greiðsludags svo og málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi, sem gagnáfrýjað hefur málinu með stefnu 9. marz þ. á., krefst aðallega algerrar sýknu, en til vara, að fjárhæð sú, sem honum var gert að greiða með héraðsdómi, verði færð niður. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Það er upp komið, að bifreið sú, er í málinu greinir, var í lélegu ásigkomulagi og bilaði í akstri, þegar slysið varð. Þá fer því og fjarri, að leitt hafi verið í ljós eða atvik málsins bendi til þess, að ökumaður hafi sýnt fulla aðgæzlu og varkárni. Með þessari athugasemd þykir mega staðfesta héraðsdóminn, að því er varðar fébætur.

Eftir úrslitum málsins ber að dæma gagnáfrýjanda til greiðslu málskostnaðar, sem þykir hæfilega ákveðinn samtals kr. 5000.00 í héraði og fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Gagnáfrýjandi, Steindór Einarsson, greiði aðaláfrýjanda, Soffíu Vatnsdal, kr. 56217.50 með 6% ársvöxtum frá 14. nóvember 1944 til greiðsludags og samtals kr. 5000.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 26. febrúar 1945.

Mál þetta, sem dómtekið var 19. þ. m., hefur frú Soffía Vatnsdal, til heimilis í Keflavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 14. nóvember 1944, gegn Steindóri Einarssyni bifreiðaeiganda hér í bæ til greiðslu skaðabóta vegna bifreiðarslyss, að fjárhæð kr. 81417.50, með 6% ársvöxtum frá 18. júlí 1942 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur *aðallega* krafizt sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómarans, en *til vara* hefur hann krafizt lækkunar á kröfum stefnanda, og að málskostnaður verði látinn falla niður.

Málsatvik eru þau, að þann 18. júlí 1942 var áætlunarbifreiðin R 1469, sem er eign stefnda, á leið frá Keflavík til Sandgerðis. Í bifreiðinni voru 12 farþegar, þar á meðal stefnandi og tvö börn hennar. Er bifreiðin var komin að svokölluðum Ellustekk, sem er um 6 km frá Keflavík, féll hún allt í einu niður að framan hægra megin og valt síðan út af veginum. Nokkrir farþegar meiddust við veltuna, þar á meðal stefnandi.

Hlaut stefnandi opið beinbrot á hægra fæti um 10 cm fyrir ofan ökla, og stóðu brotendarnir út úr sárinu. Var stefnandi síðan samdægurs flutt á Landspítalann, og lá hún þar til 11. desember 1942, er hún fór heim til sín. Sár hennar hafðist illa við, og kom ígerð í það, og beinbrotið greri ekki, heldur myndaðist svokallaður „falskur liður". Þann 19. janúar 1944 var stefnandi enn lögð í sjúkrahús, og var framkvæmd skurðaðgerð á fætinum. Tókst aðgerð þessi vel, og fór stefnandi af sjúkrahúsinu þann 12. apríl s. l., en var þó með göngugips á fætinum til 22. júní f. á.

Lögreglan í Keflavík athugaði aðstæður á slysstaðnum sama dag og slysið varð, og var þá tekin skýrsla af bifreiðarstjóranum. Framhaldsrannsókn fór síðan fram í lögregluréttí Reykjavíkur í septembermánuði 1942, og var að því loknu höfðað mál gegn bifreiðarstjóranum svo og eiganda bifreiðarinnar, stefnda í máli þessu, fyrir brot gegn bifreiðalögunum. — Með dómi lögregluréttar Reykjavíkur, upp kveðnum 22. október 1942, var bifreiðarstjórinn dæmdur til að greiða 200 króna sekt í ríkissjóð, en til vara 12 daga varðhald fyrir að aka áætlunarbifreið til mannflutninga, án þess að hafa réttindi til þess, og stefndi í máli þessu var dæmdur til að greiða 1000 króna sekt í ríkissjóð, en til vara í 30 daga varðhald fyrir að láta hann án réttinda aka áætlunarbifreið til mannflutninga svo og fyrir að hafa hraðamæli bifreiðarinnar í ólagi.

Dómi þessum hefur ekki verið áfrýjað.

Telur stefnandi, að með dómi þessum sé því slegið föstu, að stefndi beri bótaábyrgð á tjóni því, er af slysi þessu hlauzt, þar sem sannað sé, að bifreiðarstjórinn hafi ekki verið starfi sínu vaxinn og eigi þannig sök á slysinu. Þá hefur stefnandi og talið, að vagninn hafi verið í lélegu ástandi og því bilað, en bifreiðarstjórinn hins vegar ekið of hratt. Hemlar bifreiðarinnar hafi verið lélegir og bifreiðarstjórinn hafi heldur ekki beitt þeim sem skyldi. Hefur í því sambandi verið bent á, að bifreiðin hafi runnið 24 metra áfram á veginum, eftir að hún bilaði.

Bifreiðarstjórinn á R 1469 hefur skýrt svo frá aðdraganda slyss þessa, að umræddan dag hafi hann ekið sem leið liggur frá Keflavík áleiðis til Sandgerðis. Kveðst hann gizka á, að ekið hafi verið með um 40—45 km hraða á klukkustund, en hraðamælir bifreiðarinnar var í ólagi. Er komið var að Ellustekk, hafi bifreiðin allt í einu fallið niður að framan hægra megin, og hafi bifreiðin þá leitað út af veginum sömu megin. Bifreiðarstjórinn kveðst þá hafa beygt til vinstri til þess að halda bifreiðinni á veginum og síðan stigið á hemlana til að draga úr hraðanum. Bifreiðin hafi hins vegar skoppað til á veginum, afturhluti hennar farið út af veginum hægra megin og hún þá oltið á hliðina eina veltu út af vegarbrúninni. Orsök þess, að bifreiðin féll niður að framan, taldi bifreiðarstjórinn vera þá, að bolti í fjaðraklossa að aftanverðu á hægri framfjöður hefði brotnað, fjöðrin þá farið úr skorðum og vagngrindin lagzt niður á framöxulinn.

Sýknukröfu sína byggir stefndi á því, að eigi verði unnt að telja, að bifreiðarstjórinn eigi sök á slysinu. Hann hafi ekið með leyfilegum hraða og varlega. Bilun sú, er orsakaði slysið, hafi verið slík, að ómögulegt sé að krefjast þess, að bifreiðarstjórinn vari sig á slíku, og hann hafi hagað sér á allan hátt réttilega, eftir að bifreiðin bilaði. — Bifreiðin hafi að vísu verið nokkuð gömul, en í góðu ástandi. Hafi hún verið skoðuð þann 9. júlí 1942 af bifreiðaeftirlitsmönnum ríkisins, og hafi þeir gefið vottorð um, að hún væri í ökufæri ástandi, og ekkert fundið athugavert við hana. Frá þeim degi og þar til slysið varð, hafi hún sama og ekkert verið notuð. Með skírskotun til þess telur stefndi, að slys þetta hafi orðið með þeim hætti, að hvorki honum né bifreiðarstjóranum verði sök á gefin, og verði ekki lögð á hann bótaábyrgð vegna tjóns þess, er af því hlauzt.

Þann 8. september 1942 var umrædd bifreið skoðuð að tilhlutun sakadómara af Jóni Ólafssyni bifreiðaeftirlitsmanni, en bifreiðin hafði þá verið flutt til Reykjavíkur. Segir svo í vottorði bifreiðaeftirlitsmannsins um skoðun þessa: „Fasti boltinn, sem tengir afturenda framfjaðrarinnar hægra megin við sjálfa vagngrindina, hefur losnað úr tengslum og fallið til jarðar og týnzt. — Þegar

þetta kemur fyrir, bifreiðin er í akstri og á nokkurri ferð, færist framhjólið þeim megin aftur á við, eins langt og „hengslið“ við framenda fjaðrarinnar gefur eftir undan átaki því, er sífellt er á þessum hlutum bifreiðarinnar, þegar hún rennur áfram. — Svona bilun og sú breyting, er verður á stillingu framhjólsins og afstöðu þess við aðra hluta stýristækjanna, verkar á mjög svipaðan hátt og þegar snögglega springur lofthringur á framhjóli. Leitar þá bifreiðin mjög mikið út í þá hliðina, sem bilunin verður í, og veldur oft útafakstri, sérstaklega ef mikil ferð er á bifreiðinni.“

Bifreiðin var svo bilud og brotin, að eigi var unnt að reyna hana í akstri í sambandi við skoðunina, en ekki sá eftirlitsmaðurinn þá aðrar bilanir á stjórntækjum bifreiðarinnar en að framan greinir.

Með skírskotun til þessa vottorðs og annarra gagna málsins verður þannig að telja, að orsök þess, að bifreiðin féll niður að framan, hafi verið sú, að umræddur bolti hafi losnað úr tengslum.

Samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 34. gr. bifreiðalaganna nr. 23 frá 1941 er sá, sem ábyrgð ber á bifreið, bótaskyldur fyrir það tjón, er blýzt af notkun bifreiðar, nema leitt sé í ljós, að slysi eða tjóni hefði ekki orðið afsýrt, þótt bifreiðin hefði verið í lagi og ökumaður sýnt fulla aðgæzlu og varkárni.

Ekki verður annað séð en að unnt hefði verið með fullkomnu eftirliti að sjá þá veilu á útbúnaði bifreiðarinnar, sem að framan er lýst. Ökumaðurinn hefur og talið, að bifreiðin hafi yfirleitt verið í slæmu ástandi, þar á meðal hemlar lélegir, þegar hlass var komið í hana, en auk þess er viðurkennt, að bifreiðarstjórinn, sem ekki hafði tilskilið próf til starfans, ók umræddri bifreið í fyrsta skipti í þessari ferð. Að þessu öllu athuguðu verður að telja stefnda bótaskyldan gagnvart stefnanda samkvæmt hinni tilvitnuðu lagagrein, og getur því sýknukrafa hans ekki orðið tekin til greina.

Dómkröfur sínar sundurliðar stefnandi þannig:

1. Kostnaður við dvöl barna stefnanda utan heimilis í 4 mánuði	kr.	1200.00
2. Ráðskonukaup í 2½ ár	—	7500.00
3. Lækniskostnaður	—	5205.00
4. Ferðakostnaður	—	1137.50
5. Fataskemmdir	—	1000.00
6. Barnavagn	—	375.00
7. Örorkubætur	—	40000.00
8. Bætur fyrir sársauka, lýti og óþægindi	—	25000.00
	Alls kr.	81417.50

Um 1. Stefnandi, sem er gift kona, átti 3 börn, sem voru 6 ára, 3 ára og 7 mánaða að aldri, er slysið varð. Maður hennar dvaldi

þá um sumarið norður á Siglufirði vegna atvinnu sinnar, en kom hingað suður og dvaldi í Reykjavík, meðan líðan stefnanda var sem verst. Börnunum var þá komið fyrir utan heimilisins og greiddar kr. 200.00 á mánuði með hverju þeirra. Voru börnin 4 mánuði í þessu fóstri, þannig að samtals voru greiddar með þeim kr. 2400.00. Telur stefnandi, að framfærsla þeirra á heimilinu hefði kostað kr. 100.00 á mánuði fyrir hvert barn, og beint fjártjón nemi því kr. 1200.00 fyrir allan tímann.

Stefndi hefur ekki mótmælt fjárhæð þessa liðs sérstaklega, en hins vegar haldið því fram, að óþarfi hafi verið að koma börnunum í fóstur hjá óviðkomandi fólki, þar sem þau hjónin hafi haft starfsstúlku, er hafi getað séð um þau.

Með tilliti til þess, sem fram hefur komið um ástæður á heimili stefnanda, þegar slysið varð, svo og þess, að maður hennar þurfti að vera fjarverandi, þykir eðlilegt, að börnunum væri komið í fóstur, og verður þessi kröfuliður því tekinn til greina óbreyttur.

Um 2. Stefnandi skýrir svo frá, að í nóvembermánuði 1942 hafi verið fengin ráðskona til að standa fyrir heimilinu. Allan tímann síðan hafi orðið að hafa ráðskonu, og sé sú, er nú er þar, ráðin til 14 maí n. k. Ráðskonum þessum hafi verið greiddar kr. 500.00 í kaup á mánuði auk fæðis og húsnæðis og nemi greiðslurnar þannig samtals kr. 15000.00 fyrir 2½ ár. Miðað sé við, að stefnandi hefði orðið að hafa starfsstúlku allan þenna tíma, þótt ekkert slys hefði orðið, og hefði orðið að greiða henni kr. 250.00 á mánuði í kaup auk fæðis og húsnæðis. Telur stefnandi því beint tjón að þessu leyti kr. 7500.00.

Stefndi hefur ekki mótmælt þessum kröfulið sem of háum, en krafizt þess, að tekið verði tillit til þessa liðs til lækkunar á örorkubótum samkvæmt 7. lið.

Kröfuliður þessi verður því tekinn til greina að öllu leyti.

Um 3 og 4. Kröfuliðir þessir eru viðurkenndir af stefnanda, og verða þeir því teknir til greina að öllu leyti.

Um 5. Stefnandi skýrir svo frá, að við slysið hafi öll þau föt, sem hún var í, eyðilagzt, svo og föt þeirra barna hennar, sem með henni voru.

Stefndi hefur mótmælt þessum kröfulið sem of háum, enda sé hann ekki nægilega rökstuddur. Með tilliti til þeirra gagna, er fyrir liggja að þessu leyti, þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 800.00.

Um 6. Kröfuliður þessi er viðurkenndur, og verður hann því tekinn til greina að öllu leyti.

Um 7. Svo sem áður greinir, hlaut stefnandi opið beinbrot á hægra fæti við slysið. Í vottorði læknis þess, er stundaði stefnanda á Landspítalanum, segir svo: „Á hægra fótlegg var opið beinbrot, og var sköflungurinn í sundur ca. 10 cm fyrir ofan öklalið,

og stóð efri brot-endinn út úr sárinu, sem náði frá sköflungs-nibbunni rétt neðan við hnéliðinn og niður að innanverðum öklaliðnum, og sást sköflungurinn beinhimnuklæddur á ca. 20 cm löngu svæði, en kálfinn var flettur í sundur aftur í miðju með sundurtættum vöðvum og sinum og tveim smáflísum úr beininu."

Brotið greri mjög illa, kom ígerð í sárið, og sótti geðtruflun á stefnanda vegna ígerðarinnar. Stefnandi var á Landspítalanum til 11. des. 1942 og fór þá heim, en var stöðugt undir læknishendi og gat ekki stigið í fótinn. Þann 19. júní 1943 leitaði stefnandi til Bjarna Jónssonar læknis, er skoðaði hana og komst að þeirri niðurstöðu, að myndazt hefði falskur liður í brotinu, og yrði að framkvæma skurðaðgerð til að bæta það, en taldi slíkt eigi fært fyrr en eftir nokkra mánuði vegna þess, hve sárið hafði sýkzt illa og ígerðin verið langvinn. Þann 19. janúar f. á. var stefnandi enn lögð í sjúkrahús, og var nú gerð skurðaðgerð á fætinum og brotið spengt. Tókst aðgerð þessi vel, og fór stefnandi af sjúkrahúsinu þann 12. apríl f. á., en hafði þá göngugips upp á mitt læri. Þann 13. maí s. á. voru þær gipsumbúðir teknar og aðrar settar í staðinn upp að hné. Þann 22. júní 1944 voru þær umbúðir teknar, enda var brotið þá vel gróið. — Segir m. a. svo í vottorði Bjarna Jónssonar læknis, dags. 7. júlí 1944: „Fóturinn verður nú hæfur til gangs, en vafasamt er, að hann verði nokkurn tíma jafngóður, og útlitinu er varanlega spillt til muna."

Þann 23. júní 1944 var stefnandi skoðuð af Jóhanni Sæmundssyni tryggingaryfirlækni, er mat örorku hennar þannig: Frá slysdegi til 12. apríl 1944 100% örorku. Frá þeim degi til 22. júní s. á. 80 til 90% örorku; næstu 3 mánuði þar frá 60% örorku og þar næstu 3 mánuði 40% örorku. Varanlega örorku mat tryggingaryfirlæknirinn 20—25%, enda hefði stefnandi vöðvaskemmdir í kálfa og ör væru vaxin við dýpri holdhluta.

Stefndi hefur mótmælt þessum lið sem allt of háum.

Stefnandi var 26 ára að aldri, er slys þetta varð, og virðist hafa verið heilsuhraust. Hún er gift og á þrjú börn, svo sem áður greinir.

Með skírskotun til þess, sem að framan segir, svo og annars þess, sem fram hefur komið í málinu, þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 28000.00.

Um 8. Stefndi hefur mótmælt þessum lið sem of háum.

Svo sem að framan er ritað, lá stefnandi lengi á sjúkrahúsi, stundum mjög þungt haldin, og þola varð hún miklar skurðaðgerðir. Samkvæmt læknisvottorðum eru og allmikil lýti að örum þeim, er hún hlaut vegna áverka sinna, og hún er enn hölt. Með tilliti til þessa svo og aldurs stefnanda og lífsstöðu þykja bætur samkvæmt þessum liðum hæfilega ákveðnar kr. 12000.00.

Málalok verða því þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða

stefnanda kr. 56217.50 (kr. 1200.00 + kr. 7500.00 + kr. 5205.00 + kr. 1137.50 + kr. 800.00 + kr. 375.00 + kr. 28000.00 + kr. 12000.00) með 6% ársvöxtum, er teljast frá stefnudegi.

Eftir þessum málsúrslitum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 3000.00.

Árni Tryggvason borgardómari kvað upp dóm þenna.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Steindór Einarsson, greiði stefnanda, Soffíu Vatnsdal, kr. 56217.50 með 6% ársvöxtum frá 14. nóvember 1944 til greiðsludags og kr. 3000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 28. september 1945.

Nr. 82/1945. **Guðmundur Jónsson**
gegn
Ingveldi Andrésdóttur.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Guðmundur Jónsson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 28. september 1945.

Kærumálið nr. 8/1945. **H/f Bragi** (Einar Ásmundsson)
gegn
erfingjum Einars Benediktssonar
(Sigurgeir Sigurjónsson).

Úrskurður um öflun rækilegri sakargagna.

Úrskurður hæstaréttar.

Áður en mál þetta verður dæmt í hæstarétti, þykir rétt samkvæmt 199. gr. laga nr. 85/1936 að leggja fyrir héraðsdómara að leita frekari skýrslna.

Umboðsmaður málshöfðenda í héraði í málinu: Erfingjar Einars Benediktssonar gegn h/f Braga hefur krafizt þess, að forstöðumaður rannsóknarstofu háskólans, Niels pró-

fessor Dungal, verði að viðlögðum dagsektum skyldaður til að afhenda til afnota í máli þessu skýrslu, er hann hefur samið um krufningu á líki Einars skálds Benediktssonar og það, er hann varð áskynja við þá krufningu, en umboðsmaður málshöfðenda telur, að ástæða sé til að ætla, að af skýrslunni megi ráða um andlegt hæfi Einars Benediktssonar á þeim tíma, er hann gerði samning þann við h/f Braga, er mál þetta er risið af. Umboðsmaður stefnda í héraði svo og prófessor Niels Dungal hafa andmælt skyldu prófessorsins til að leggja fram skýrslu um krufninguna og vísað m. a. til 10. gr. laga nr. 47/1932 til stuðnings þeim andmælum.

Samkvæmt þessu er lagt fyrir héraðsdómara að tilkynna þeim venzlamönnum Einars skálds Benediktssonar, sem getur í 3. mgr. 25. gr. laga nr. 19/1940, að þess sé krafizt, að krufningarskýrslan verði lögð fram í máli þessu, og gefa þeim kost á að andmæla því, að skýrslan verði lögð fram, ef þeim þykir ástæða til.

Því úrskurðast:

Héraðsdómara ber að afla ofangreindra skýrslna.

Miðvikudaginn 3. október 1945.

Nr. 193/1944. **Stefán Thorarensen** (Theódór B. Lindal)
gegn
Rögnu Sigurðardóttur f. h. Blómaverzlunarinnar Flóru og gagnsök
(Sigurgeir Sigurjónsson).

Setudómarar hrl. Hermann Jónasson og próf. Ísleifur Árnason í stað hrd. Árna Tryggvasonar og hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Endurheimt ofgreiddrar húsaleigu.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 29. ágúst 1944. Krefst hann aðallega algerrar sýknu

af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar. Til vara krefst aðaláfrýjandi þess, að dæmd fjárhæð verði færð niður eftir mati dómsins, og verði þá málskostnaður fyrir báðum dómum látinn falla niður.

Gagnáfrýjandi hefur skotið málinu til hæstaréttar með stefnu 31. ágúst 1944. Krefst hann staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms þykir verða að staðfesta hann. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 30. júní 1944.

Mál þetta, sem dómtekið var 21. þ. m., hefur Ragna Sigurðardóttir f. h. Blómaverzlunarinnar Flóru hér í bæ höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 4. janúar s. l., gegn Stefáni Thorarensen lyfsala hér í bænum til greiðslu á kr. 11919.00 ásamt 5% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Við munnlegan flutning málsins lækkaði umboðsmaður stefnanda stefnukröfuna í kr. 11409.00.

Stefndi hefur *aðallega* krafizt sýknu og málskostnaðar, en *til vara* verulegrar lækkunar á dómkröfum stefnanda og að málskostnaður verði þá látinn falla niður.

Málavextir eru þessir:

Með leigusamningi, dagsettum 22. september 1936, tók stefnandi á leigu sölubúð í austurenda hússins nr. 7 við Austurstræti, en húsið var þá eign dánarbús Gunnars Gunnarssonar. Samningur þessi skyldi gilda í eitt ár frá 1. október 1936 með rétti til framhalds til 1. okt. 1938, en úr því var áskilinn gagnkvæmur uppsagnarfrestur, 3 mánuðir fyrir 14. maí eða 1. okt. Hinn 7. marz 1941 eignaðist stefndi umrætt hús. Er stefnandi komst að því, átti hann tal við stefnda og spurði hann, hvort hún ætti ekki kost á húsnæðinu framvegis, og virðist stefndi hafa tekið líklega í það, en eigi verður séð, að aðiljar hafi þá rætt um húsaleigufjárhæðina. Greiddi stefnandi síðan óbreytta húsaleigu fyrir mánuðina marz—maí, en er greiða skyldi fyrir júní, áttu aðiljar tal saman. Fór stefndi þá

fram á hækkun leigunnar upp í kr. 600.00 á mánuði, og fóru svo leikar, að stefnandi greiddi þá leigu síðan. Er stefndi krafði stefnanda um húsaleigu fyrir októbermánuð 1943, krafðist hann einnig uppbótar samkvæmt vísitölu, er þá nam 25%. Greiddi stefnandi einnig þessa fjárhæð og síðan samkvæmt þeirri húsaleiguvísitölu, er gilti á hverjum tíma. Síðari hluta ársins 1943 virðist stefndi hafa borið fram óskir um það, að stefnandi rýmdi húsnæðið, en hún treystist ekki til þess fyrr en hún hefði aflað sér þess annars staðar. Var loks gerður samningur með aðiljum, dagsettur 3. sept. f. á., þess efnis, að stefnandi skuldbatt sig til flutnings úr húsnæðinu 15. nóv. s. l., en jafnframt til greiðslu húsaleigu til áramóta samkvæmt samningi aðilja, eftir að stefndi eignaðist húsið, en með þessu taldi stefndi uppsagnarákvæði fyrrgreinds samnings fullnægt, að því er hann varðaði. Þann tíma (31 mán), sem greidd var hin hækkaða húsaleiga, greiddi stefnandi samtals kr. 21219.00. Nú telur hún hækkun þessa ólöglega og endurkræfa og krefur í stefnu, að húsaleiga um allan tímann hafi einungis átt að nema kr. 9300.00, og krafðist því endurgreiddra kr. 11919.00, en lækkun kröfunnar byggist á því, að greiðslu húsaleigu í desember 1943 skuli miða við það mat húsaleigunefndar, er síðar greinir.

Kröfur sínar byggir stefnandi fyrst og fremst á því, að stefndi hafi beitt hana ólögmætri þvingun, er hann fékk hana til að greiða hærri leigu með því að hóta henni uppsögn leigusamningsins, en auk þess geyma húsaleigulögin bein ákvæði um endurgreiðsluskyldu húseiganda, er svo standi á sem hér.

Stefndi styður sýknukröfu sína við það, að stefnandi hafi af fúsum vilja fallizt á hækkun leigunnar. Skýrir hann svo frá, að 2. apríl 1941 hafi hann farið þess á leit við húsaleigunefnd Reykjavíkur, að metin yrði hæfileg leiga eftir húsnæði allra leigjenda í húsinu svo og húsinu nr. 8 við Hafnarstræti, er hann hafði keypt samtímis. Áður en til aðgerða nefndarinnar kom, hafi einn leigjenda sinna stungið upp á því, að stefndi semdi sjálfur við leigutakana um leiguhækkkun, og hafi því sú leið verið farin. Þá hefur hann og haldið því fram, að fjárhæð leigunnar hafi verið sanngjörn, en telur húsaleigunefnd myndu hafa staðfest leigusamning aðilja með þeirri fjárhæð, hefði hann verið borinn undir nefndina, og byggir hann það m. a. á því, að í nóvember f. á. staðfesti nefndin samning þann, er stefndi gerði við nýjan leigjanda sama húsnæðis, en húsaleigan skyldi nema kr. 600.00 á mánuði samkvæmt honum. Telur stefndi málssókn þessa óviðeigandi og sprottna af því einu, að stefnandi hafi reiðzt af því, að húsnæðið var aftur leigt sams konar verzlun, en stefnandi hafði flutt verzlun sína yfir götuna og verzlar nú andspænis húsi stefnda.

Gegn andmælum stefnda verður eigi talið sannað, að hann hafi

beitt stefnanda ólögmætri þvingun til að samþykkja hækkun leigunnar, og verður krafa hennar eigi tekin til greina á þeim rökum.

Í 6. gr. sbr. 13. gr. laga um húsaleigu nr. 39 frá 1943 segir, að óheimilt sé að hækka húsaleigu eftir húsnæði frá því, sem um var samið og goldið fyrir 14. maí 1940, nema með vissum skilyrðum, og jafnframt, að sé samið um hærri leigu en lögin heimila, sé sá samningur ógildur, að því er fjárhæðina snertir, og afturkræft það, sem leigutaki kann að hafa ofgoldið. Ákvæði þessi hafa haldizt óbreytt að efni til, frá því að þau voru sett í lögum nr. 91 frá 1940 (1. gr. sbr. 8. gr.), sem voru í gildi á þeim tíma, er framangreind skipti aðilja fóru fram. Ekkert þeirra skilyrða, er að framan getur, var fyrir hendi til hækkunar leigunnar samkvæmt ofangreindum lagaákvæðum, og verður því með tilvísun til þessa að dæma stefnda til að endurgreiða stefnanda hækkun þá, er hún greiddi honum. Mat það, er áður getur, fær ekki haft áhrif á málið, þar eð það þykir verða að skoða sem samþykkt annars samnings eingöngu, enda og nokkru rýmri ákvæði um hækkun húsaleigu í núgildandi húsaleigulögum en áður var.

*Vara*kröfu sína byggir stefndi aðallega á því, að stefnandi geti ekki átt endurheimturétt á visitöluuppbótinni af allri leigunni, heldur aðeins af þeirri fjárhæð, sem stefndi kynni að verða dæmdur til að greiða. Samkvæmt húsaleigulögunum er það skilyrði til innheimtu uppbótar þessarar, að húsaleigusamningur sé samþykktur af húsaleigunefnd. Í máli þessu verður ekki séð, að þetta skilyrði sé fyrir hendi, en ekki verður séð heimild til að víkja frá því, og verður lækkunarkröfu stefnda því ekki sinnt.

Málalok verða því þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 11409.00 með vöxtum, eins og krafizt var, svo og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 600.00.

Árni Tryggvason, settur borgardómari, kvað upp dóm þenna, en dómsuppsaga hefur dregizt nokkuð umfram venju vegna mikilla embættisanna.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Stefán Thorarensen, greiði stefnanda, Rögnu Sigurðardóttur f. h. Blómaverzlunarinnar Flóru, kr. 11409.00 með 5% ársvöxtum frá 4. janúar 1944 til greiðsludags og kr. 600.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 5. október 1945.

Nr. 100/1944. **Valdstjórnin** (Sigurgeir Sigurjónsson)
gegn
Jóni Jóhannssyni (Egill Sigurgeirsson).

Brot gegn lögum um bifreiðar.

Dómur hæstaréttar.

Sigurður Eggerz, bæjarfógeti á Akureyri, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Það er upp komið í málinu, að maður sá, sem sat við hlið kærða í bifreiðinni, var svo drukkinn, að hann kveðst ekki muna, hvað hann aðhafðist í bifreiðinni. Kærði ber það fyrir, að maður þessi hafi gripið í stýrið og með því valdið slysinu. Þessari skýrslu kærða er að vísu óhnekkt, en það verður að meta honum til vangæzlu, er varðar við 27. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941, að hann hafði mjög drukkinn mann við hlið sér í framsætinu, án þess að haga akstrinum á þann hátt, að háski eða truflun stafaði ekki af honum, eða gera aðrar virkar ráðstafanir í því skyni.

Rannsókn sú, sem farið hefur fram á blóði kærða, þykir ekki veita nægar sannanir fyrir því, að kærði hafi verið með áhrifum áfengis við akstur bifreiðarinnar, svo að varði við 1. mgr. 23. gr. bifreiðalaganna. Eigi eru heldur slík áhrif fyllilega sönnuð á annan hátt. Kærði hefur hins vegar játað, að hann hafi setið að sumbli nóttina áður. Þegar þess er gætt, að í blóði hans var 1,15‰ af áfengismagni eftir slysið, og litið er á vangæzlu hans við aksturinn, verður að telja, að hann vegna undanfarinnar neyzlu áfengis hafi verið haldinn þeim sljóleik, að það varði við 3. mgr. 23. gr. nefndra laga.

Refsing kærða samkvæmt 38. gr. áðurgreindra laga þykir hæfilega ákveðin 600 króna sekt til ríkissjóðs, er afplánist 12 daga varðhaldi, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdómsins um ökuleyfissviptingu og greiðslu sakarkostnaðar í héraði þykir mega staðfesta. Ákærði greiði

allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 250 krónur til hvors.

Það er athugavert, að menn þeir, sem kærði sat að sumbli með nóttina, áður en slysið varð, voru ekki yfirheyrðir, er framhaldsrannsókn fór fram.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Jón Jóhannsson, greiði 600 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 12 daga í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Kærði skal sviptur ökuleyfi 3 mánuði.

Ákvæði héraðsdómsins um greiðslu sakarkostnaðar í héraði á að vera óraskað.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Sigurgeirs Sigurjónssonar og Egils Sigurgeirssonar, 250 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Eyjafjarðarsýslu 11. júlí 1944.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað með stefnu, dags. 3. júlí 1944, gegn bifreiðarstjóra Jóni Jóhannssyni, Krabbastíg 1, fyrir brot á bifreiðalögunum nr. 23 1941 og áfengislögunum nr. 33 9. jan. 1935 til hegningar og greiðslu alls kostnaðar, er af rannsókn þessari og máli hefur leitt og kann að leiða.

Atvik málsins eru þessi:

Um kl. 2.30 hinn 8. júní ók bifreiðin A 377 austur af veginum (Hafnarstræti) rétt við lækinn norðan við húsið nr. 45 og kom niður á hjólin í fjörunni fyrir neðan. Bifreiðarstjórinn, kærði, segir, að maðurinn, sem sat við hliðina á honum, Óskar Sigurðsson bílstjóri á B. S. O., hafi tekið í stýrið hjá sér, og afleiðingin varð sú, að bifreiðin fór út af veginum og kastaðist niður í fjöruna fyrir neðan. Óskar Sigurðsson hefur sagt fyrir réttinum, að hann hafi verið undir áhrifum áfengis, og kveðst eigi geta sagt um það, hvort hann hafi tekið í stýrið eða eigi, en hann staðhæfir, að hafi hann tekið í stýrið, þá hafi hann eigi gert það til að valda slysi, heldur hafi það verið gert af áhrifum frá áfenginu.

Farþegar þeir, sem voru i bílnum, hafa borið það, að þeir hafi eigi séð, að bílstjórinn væri undir áhrifum áfengis, og kærði sjálfur segist eigi hafa drukkið þenna dag, en segist hins vegar hafa drukkið töluvert daginn áður, enda var hann þá eigi við akstur. Samkvæmt blóðprufunni, er tekin var af kærða, fundust i blóðinu reducerandi efni, sem svara til 1.15‰ áfengis. Með blóðprufunni virðist mega telja sannað, að kærði hafi ekið bílnum undir áhrifum áfengis, og virðist mega heimfæra brot hans undir 21. og 39. gr. áfengislaganna og 38. og 39. gr. bifreiðalaganna, og virðist refsingin hæfilega ákveðin 10 daga varðhald. Enn fremur ber að svipta kærða leyfi til að stýra bifreið í 3 mánuði frá birtingu dómsins.

Kærði greiði allan af málinu leiðandi kostnað.

Á málinu hefur enginn óþarfa dráttur orðið.

Þvi dæmist rétt vera:

Kærði, Jón Jóhannsson, sæti 10 daga varðhaldi og verði sviptur leyfi til að stýra bíl i 3 mánuði frá birtingu þessa dóms.

Kærði greiði allan af sökinni leiðandi kostnað.

Dóminum ber að fullnægja undir aðför að lögum.

Föstudaginn 5. október 1945.

Kærumálið nr. 9/1945. **H/f Ásmundur**
gegn
Jóni Sigurðssyni.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms kært.

Dómur hæstaréttar.

Með kæru 2. júlí þ. á., er hingað barst 22. ágúst s. l., hefur sóknaraðili skotið til hæstaréttar málskostnaðarákvæði í dómi sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 26. júní s. l. í máli varnaraðilja gegn sóknaraðilja. Krefst sóknaraðili þess, *aðallega* að málskostnaður verði látinn niður falla, en *til vara*, að hann verði færður niður til muna. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir hæstarétti úr hendi varnaraðilja eftir mati dómsins.

Varnaraðili krefst staðfestingar á málskostnaðarákvæðinu og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Umboðsmenn aðilja sendu ekki hæstarétti neinar greinargerðir í kærumáli þessu. Var málinu því frestað samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 199. gr. laga nr. 85/1936 og þeim veittur kostur á að flytja málið skriflega. Hafa þeir nú gert hæstarétti nokkra grein fyrir kröfum sínum.

Eftir atvikum þykir málskostnaður fyrir héraðsdómi hæfilega ákveðinn 1000 krónur.

Málskostnaður í hæstarétti þykir hins vegar eiga að falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Sóknaraðili, h/f Ásmundur, greiði varnaraðilja, Jóni Sigurðssyni, kr. 1000.00 í málskostnað í héraði.

Málskostnaður í hæstarétti falli niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 26. júní 1945.

Mál þetta, sem dómtekið var 19. þ. m., hefur Jón skipstjóri Sigurðsson, Hringbraut 207 hér í bæ, höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu, útgefinni 19. janúar s. l., gegn stjórn h.f. Ásmundar, Akranesi, f. h. félagsins til greiðslu bóta, að fjárhæð kr. 27207.11, að frádregnum kr. 6496.23, með 6% ársvöxtum af kr. 27207.11 frá 1⅝ 1944 til 28. apríl 1945 og af kr. 20710.88 frá þeim degi til greiðsludags. Málskostnaðar krefst stefnandi að skaðlausu og að hann verði miðaður við hærri fjárhæðina hér að framan. Þá krefst stefnandi og þess, að viðurkenndur verði með dómi sjóveðréttur hans í b/s Ólafi Bjarnasyni til tryggingar hinum dæmdu fjárhæðum. Til vara hefur stefnandi krafizt annarrar lægri fjárhæðar að mati dómsins auk vaxta og málskostnaðar, sem fyrr greinir. Við munnlegan flutning málsins lækkuðu kröfur stefnanda um kr. 300.00 til leiðréttingar reikningsskekkju í stefnu.

Stefndi hefur krafizt þess, *aðallega* að dómkrafa stefnanda verði lækkuð í kr. 1578.90, en *til vara* í fyrsta lagi í kr. 2496.90, í öðru lagi í kr. 5055.17, í þriðja lagi í kr. 8443.95 eða loks í kr. 10863.45. Þá hefur stefndi krafizt þess, að í öllum tilvikum verði ársvextir lækkaðir í 5% og miðaðir við stefnudag, svo og að málskostnaður verði látinn falla niður.

Málavextir eru þessir:

Stefnandi var í nokkur ár skipstjóri á b/s Ólafi Bjarnasyni, eign stefnda, þar til honum var sagt upp stöðunni með bréfi

stefnda, dagsettu 12. september 1944. Var svo tiltekið í bréfi þessu, að stefnanda væri sagt upp stöðunni frá þeim degi að telja og jafnframt, að hann héldi rétti til kaupgreiðslu í næstu 3 mánuði, einnig talið frá þeim degi. Í máli þessu krefst stefnandi nú bóta úr hendi stefnda fyrir framangreinda fyrirvaralausa brottvikningu úr starfi, og er krafa hans sundurliðuð svo:

1.	Inneign hjá stefnda samkvæmt viðskiptareikningi	kr. 6496.23
2.	Fastakaup í 3 mánuði auk 3% þóknunar af söluverði afla skipsins, miðað við söluferðir á tímabilinu 12. september til 13. desember 1944 og meðalsöluverð fyrri ferða á árinu lagt til grundvallar	— 13615.18
3.	Áhættuþóknun, 15/16% söluverðs á sama grundvelli	— 3572.24
4.	Lífrarhlutur	— 1975.56
5.	Fæðispeningar í 3 mánuði	— 918.00
6.	Ýmis gjöld, er stefnandi kveðst hafa greitt fyrir stefnda	— 329.90
	Samtals	kr. 26907.11

Með bréfi, dagsettu 28. apríl, sendi stefndi stefnanda greiðslu fjárhæðar þeirrar, sem getur í 1. lið, og kemur sá liður því ekki til athugunar í málinu. Þá er 6. liður viðurkenndur af stefnda, og var boðin greiðsla hans í greinargerð og því haldið fram, að greiðslu hafi ekki verið krafizt fyrr en við höfðun máls þessa.

Aðalkrafa stefnda er byggð á því, að stefnandi eigi ekki kröfu til hærri bóta en nemi 150 króna grunnlaunum á mánuði, og telur stefndi þau laun í 3 mánuði auk fyrrgreinds 6. kröfuliðs stefnanda eiga að nema kr. 1578.90.

Fyrsta varakrafa stefnda er byggð á því, að auk fjárhæðar þeirrar, sem í aðalkröfu hans greinir, eigi stefnandi rétt á fæðispeningum, kr. 918.00.

Önnur varakrafa stefnda byggist á því, að þar eð markmið bótanna sé að gera stefnanda jafnsettan, sem hefði hann haldið áfram í stöðu sinni, geti hann ekki auk fyrrgreindra fjárhæða átt kröfu til hærri launa en eftirmaður hans bar úr býtum, að því er snertir lífrarhlut, söluþóknun og áhættuþóknun, en þær fjárhæðir nema samkvæmt viðskiptareikningi eftirmanns stefnanda kr. 260.40 + 1750.67 + 547.20. Byggir stefndi þetta á því, að þegar skipið hafði farið eina söluferð og fengið lítið fyrir farminn, eða £ 2236—14—3, var því komið í flokkunarviðgerð, sem staðið hafði á frá áramótum næstu á undan, en skylt var að framkvæma án tafar.

Þriðja varakrafa stefnda byggist á því, að til viðbótar fjárhæðunum í 1. varakröfu eigi að koma þriðjungur þeirra fjárhæða, sem stefnandi krefst í lífrarhlut, sölu- og áhættuþóknun, ef ekki verði

fallizt á rök hans um sömu liði í 2. varakröfu. Er þar einnig miðað við þá staðreynd, að skipið fór aðeins eina söluferð.

Fjórða varakrafan er byggð upp á sama hátt og 3. varakrafan, að öðru leyti en því, að fastakaup, er stefnanda kynni að bera, er reiknað kr. 2419.50 hærra. Er þetta byggt á þeirri venju, sem stefndi heldur fram, að ríki hér, að skipstjórar á skipum félagsmanna í Félagi íslenzkra botnvörpuskipaeigenda fái 600 króna grunnlaun á mánuði, meðan skipið er í flokkun eða viðgerð, svo fremi þeir vinni við skipið eða hafi eftirlit með verkinu af hálfu útgerðarmanns skipsins.

Lækkunarkröfur sínar almennt hefur stefndi rökstutt með því, að veiði og sala hafi gengið mjög illa undir stjórn stefnanda, og hafi stjórn stefnda oft átt viðræður við stefnanda um það, að hann léti af skipstjórn, ef ekki breyttist til batnaðar. Hann hafi því lengi, áður en til uppsagnar kom, mátt búast við því, að svo færi, enda verið ásáttur um það. Heldur stefndi því fram, að orðalag uppsagnarbréfsins hafi frekar átt að skoða sem sönnun þess, að stefnandi færi ekki úr þjónustu stefnda vegna þess, að sakir væru á hendur honum, heldur en hitt, að hann ætti að fá miklar bætur. Gegn eindregnum mótmælum stefnanda er ósannað, að nokkurt slíkt samkomulag hafi verið með aðiljum sem það, er stefndi lætur skína í, og hafa þessi rök því eigi áhrif á fjárhæð dómkröfu stefnanda.

Stefnandi hefur haldið fast við það, að lifrarhlut, sölu- og áhættuþóknun beri að miða við 3 ferðir á tímabilinu og að leggja beri meðalsöluverð fyrri ferða á árinu 1943 til grundvallar um fjárhæðina. Hann hefur mótmælt því, að aðgerðir stefnda eftir hina ólögmætu uppsögn fái haft áhrif á fjárhæð bótanna, enda hafi verið ónauðsynlegt með öllu að láta flokkunarviðgerð skipsins hefjast fyrir 13. desember 1943, heldur hafi það ráð verið upp tekið, er í ljós kom, að söluverð aflans var allmiklu lægra í fyrstu ferðinni, eftir að stefnandi lét af skipstjórn, heldur en verið hafði, meðan hann sigldi skipinu.

Það þykir verða að fallast á það með stefnda, að miða beri bætur til stefnanda við það, að hann verði svo settur, sem hann hefði verið áfram í þjónustu stefnda. Mótmæli hans gegn því, að skipið var sett til viðgerðar og veiði- og söluferðir féllu því niður, þykja því ekki hafa við rök að styðjast, enda hefði hann ekki haft vald á slíkum aðgerðum stefnda, þótt hann hefði haldið áfram skipstjórninni. Tjón það, sem stefnandi verður því talinn hafa beðið og á bætur fyrir samkvæmt 3. og 8. gr. sjómannalaganna, þykir því bera að miða við hinar raunverulegu tekjur eftirmanns hans í skipstjórastarfinu, en framtal stefnda á þeim hefur ekki verið véfengt. Samkvæmt þessu verður 2. kröfuliður stefnanda tekinn til greina með kr. 5414.27, þar eð fastakaupshækkun sú, sem lýst er

í 4. varakröfu stefnda, þykir með hliðsjón af framanrituðu eiga að koma stefnanda í hag, þó breytt samkvæmt gildandi verðlagsvisitölu á þeim tíma. Kröfuliður 3. og 4. verða teknir til greina með kr. 547.20 og 260.40, 5. liðinn þykir verða að telja viðurkenndan af stefnda, og 6. liðurinn hefur, eins og fyrr segir, verið viðurkenndur þegar í greinargerð, og verða því teknir til greina óbreyttir.

Samkvæmt framanrituðu verður stefnda dæmt að greiða stefnanda samtals kr. 7469.77. Krafa stefnda um lækkun ársvaxta hefur ekki við rök að styðjast, og verða þeir því dæmdir 6%, en hins vegar ekki taldir frá fyrri tíma en stefnudegi. Stefndi hefur haldið því fram, að fjárhæðin í 1. kröfulið stefnanda hafi verið boðin honum, áður en til málssóknar þessarar kom, en gegn mótmælum stefnanda hafa ekki verið færðar sönnur á þessa staðhæfingu, og þykir stefndi því eiga að greiða stefnanda vexti einnig af þessari fjárhæð, eins og krafizt var.

Eftir þessum málalokum þykir rétt að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, og þykir hann með hliðsjón af öllu framanrituðu hæfilega ákveðinn kr. 1300.00.

Þá verður einnig tekin til greina krafa stefnanda um sjóveðrétt í b/s Ólafi Bjarnasyni, enda á hún stoð í lögum.

Í dóminum áttu sæti Einar Arnalds borgardómari og meðdómsmennirnir Þorgrímur skipstjóri Sigurðsson og Þorsteinn Þorsteinsson hagstofustjóri.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, h.f. Ásmundur, greiði stefnanda, Jóni Sigurðssyni, kr. 7469.77 með 6% ársvöxtum af kr. 13966.00 frá 19. janúar 1945 til 28. apríl 1945 og af kr. 7469.77 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 1300.00 í málskostnað. Á stefnandi sjóveðrétt í b/s Ólafi Bjarnasyni til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 8. október 1945.

Nr. 102/1944. **Gunnar Guðmundsson** (Theódór B. Lindal)
gegn
Jónínu Jónsdóttur (Einar B. Guðmundsson).

Mál til fébóta vegna bifreiðarslyss.

Dómur hæstaréttar.

Sigurður Eggerz, bæjarfógeti á Akureyri, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Áfrýjandi, sem að fengnu áfrýjunarleyfi 25. ágúst f. á. hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 29. s. m., krefst þess, aðallega að hann verði einungis dæmdur til að greiða stefnda kr. 3000.00 án vaxta, og málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti falli niður. Til vara krefst hann þess, að fjárhæð sú, sem dæmd var í héraði, verði lækkuð eftir mati dómsins og málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður. Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Bætur samkvæmt 5. lið skaðabótakröfu stefnda þykja hæfilega ákveðnar kr. 2500.00. Ákvæði héraðsdóms um aðra kröfuliði þykir mega staðfesta.

Samkvæmt þessu verður áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda kr. 4040.00 með 6% ársvöxtum frá 3. desember 1943 til greiðsludags svo og málskostnað fyrir báðum dómum, samtals kr. 1500.00.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, Gunnar Guðmundsson, greiði stefnda, Jónínu Jónsdóttur, kr. 4040.00 með 6% ársvöxtum frá 3. desember 1943 til greiðsludags og samtals kr. 1500.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 7. febr. 1944.

Mál þetta hefur höfðað Jónína Jónsdóttir húsfrú, Brekkugötu 5, Akureyri, fyrir bæjarþingi Akureyrar með stefnu, dags. 9. desember 1943, gegn eiganda bifreiðarinnar A 101, Gunnari Guðmundssyni bílstjóra, Lækjargötu 16, Akureyri, til greiðslu á kr. 5940.00 auk 6% ársvaxta frá 3. desember 1943 til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar, en samkvæmt framlögðum reikningi er hann gerður kr. 720.00. Stefndi hefur krafizt, að hann yrði aðeins dæmdur til að greiða 3000 kr. vaxtalaust, þar sem sú greiðsla hafi verið boðin fram.

Þá er krafizt sýknu af málskostnaðarkröfunni og enn er krafizt málskostnaðar, þar sem málshöfðun sé tilefnislaus.

Málavextir eru þessir:

Með dómi 27. nóvember 1943 var Gunnar Guðmundsson, stefndi í þessu máli, sýknaður af máli því, sem var höfðað gegn honum fyrir brot á hegningarlögunum og bifreiðalögunum af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu, en málskostnaður skyldi greiðast af almannafé.

Hér skulu tekin upp atvik málsins, eins og þau eru tilgreind í ofannefndum dómi.

„Fimmtudaginn 17. september 1942, kl. 17.40, hringdi ákærði, Gunnar Guðmundsson, á lögregluvarðstofuna og tilkynnti, að hann hefði ekið á dreng í Þingvallastræti. Fór lögreglan á staðinn. Riss af staðnum var fyrst gert, eftir að málið hafði verið reassumerað, en lögreglan athugaði staðinn þegar í byrjun.

Ákærði ók 17. september síðastliðinn bifreiðinni A 101, þegar áreksturinn varð. Vegurinn var þurr og ekki háll, en umferð, segir hann, að hafi verið mikil. Ákærði sá dreng 7—8 metra fyrir framan bílinn og segir, að hann hafi verið í fylgd með 2 konum. Hann var búinn að skipta um gír og kominn niður á 10 km hraða á klukkustund. Hann ók á vinstra kanti, en drengurinn og konan gengu um miðjan veg, því bifreið fór fyrir sunnan þau. Þessu atriði er mótmælt af Jónínu Jónsdóttur, sem varð fyrir bílnum, og því haldið fram af henni, að engir bílar aðrir en ákærða hafi verið þarna á veginum, og sama segir móðir drengsins, sem varð fyrir slysinu. Hún segist eigi hafa séð neinn bíl á leiðinni, og eins segir vitnið Laufey Sigurðardóttir. Aftur á móti segir Valdemar Thorarensen, að hann hafi ekið bifreið á eftir ákærða, en segist ekki hafa séð aðra bíla á leiðinni.

Ákærði segist hafa álitið, að konurnar mundu gæta drengsins og halda áfram veginn, og gat því eigi séð, að nein hætta væri á ferðum. En þegar nær dregur, segir hann, að hann hafi séð, að um lítinn dreng var að ræða, og er 1½ metri var eftir að drengnum, hljóp drengurinn þvert úr leið. Hemlaði ákærði strax með báðum

hemlum, og segir hann, að þeir hafi verið í lagi á undan slysinu, en eftir slysið upplýstist, er lögregluþjónn Gísli Ólafsson reyndi bílinn, að bremsuteinninn hægra megin var slitinn, og er það álitið eðlilegt, að hann hafi slitnað við árekstur inn eftir áliti bifreiðaeftirlitsmannsins. Þó að ákærði hemlaði, rann bifreiðin samt í mölinni á veginum, en þá sneri hann bifreiðinni eins hart og hann gat upp að steingirðingu norðan við veginn, og við þetta lögðust vinstri bretti bifreiðarinnar saman, er þau rákust á steingarðinn. Ákærði hefur haldið því fram, að konurnar hafi eigi hreyft sig, fyrr en bifreiðin skall upp að veggnum, en þá hljóp önnur konan að barninu, og konan og barnið fengu áverka við það, að bifreiðin kastaðist frá steinveggnum. Barnið varð eigi undir bifreiðinni. Atvik fleiri en áður getur í skýrslu ákærða eru eigi í samræmi við það, sem Jónína Jónsdóttir og Sigríður Guðmundsdóttir og Laufey halda fram.

Rétt áður en árekstur inn varð, gengur Sigríður Guðmundsdóttir, þá til heimilis í Þrúðuvangi á Akureyri, Jónína Jónsdóttir, Brekkugötu 5, Akureyri, og Laufey Sigurðardóttir vestur Þingvallastræti. Með Sigríði var barn í vöggu og lítill drengur tveggja ára.

Þegar kom að nr. 14 í Þingvallastræti, fór Sigríður yfir götuna til þess að ná í mjólk. Laufey ók barni í vagninum, en Jónína hélt í hönd drengsins að sögn Laufeyjar. Nú segir Laufey, að í þessum svifum sjái þær bifreið, er kom að vestan. Segir vitnið, að sér hafi ekki virzt bifreiðin keyra mjög hart. Í þessum svifum sleit drengurinn sig af Jónínu og ætlaði að elta móður sína, og heldur vitnið, að ákærði hafi ætlað að aka austur götuna svo hart, að hann yrði á undan drengnum. Ákærði hefur neitað því, að hann hafi hert ferðina til þess að komast norður fyrir drenginn, en segist mundu hafa farið norður fyrir drenginn, ef sér sýndist það fært. Vitnið segir nú, að Jónína hafi hlaupið á eftir drengnum, náð í höndina á honum og dottið um leið. Við þetta, segir vitnið, að drengurinn hafi kastazt eitthvað frá bifreiðinni, sem var komin út af norðurkanti vegarins.

Vitnið segir, að þegar þær sáu bifreiðina, hafi þær verið yzt á suðurkanti vegarins. Í sambandi við það, sem vitnið segir, að ákærði muni hafa ætlað að hraða sér, svo að hann kæmi norður fyrir drenginn, er rétt að taka fram, að ákærði segir í réttarhaldi 21. desember 1942, að hann hafi aukið hraðann, því fleiri bifreiðar voru þarna, svo hann mátti ekki aka of hægt. En síðar gefur hann þá skýringu, að það hafi verið löngu á undan árekstrinum, að hann herti hraðann.

Framburður Jónínu um þetta veigamikla atriði málsins, hvernig slysið bar að, er á reiki. Í réttarhaldi 21. desember segir hún, að hún hafi hlaupið eftir barninu, og er hún var komin út á miðja götuna, sá hún bifreið. Virtist henni hún langt frá og taldi enga

hættu á, að hún yrði fyrir henni. Í þessum svifum kom bifreiðin við hana, og hún féll. Í réttarhaldi 11. maí segir hún, að það geti verið, að hún hafi leitt drenginn, og seinast fullyrðir hún það. Hún veit ekkert, hvað bifreiðin var langt frá drengnum, er hún hljóp af stað. Sigríður sá ekkert, hvað gerðist, en er hún var að opna aðaldyrnar á nr. 14, heyrði hún hljóð og sá Jónínu liggja á götunni fyrir aftan bifreiðina, en hún sá ekki drenginn, en gekk suður götuna og sá drenginn á grúfu á miðri götunni rétt fyrir sunnan bifreiðina.

Ákærði hefur nú í fyrstu neitað því, að Sigríður hafi farið yfir götuna, en síðar upplýstist, að hann hefur haldið, að stúlkurnar hafi aðeins verið 2, og hélt því, að Sigríður væri önnur stúlkan, sem var við barnavagninn.

Ákærði hefur neitað því, að drengurinn hafi hlaupið á eftir Sigríði yfir götuna, þar sem ákærði hefur sagt, að hann hafi engan mann séð ganga yfir götuna, fyrr en áreksturinn varð, segist hann eiga við, að hann hafi engan séð fyrr en hann kom að Þingvallastræti. Ákærði heldur því fast fram, að bifreiðarnar muni hafa ekið fyrir sunnan stúlkurnar, meðan slysið átti sér stað.

Ákærði heldur fast við, að stúlkurnar hafi verið á miðjum vegi, en ekki á suðurkanti. Vitnið Laufey hefur sagt, að barnið hafi verið komið rétt að bifreiðinni, þegar Jónína hljóp af stað. Heldur Laufey, að þegar drengurinn hljóp yfir götuna, muni bifreiðin hafa verið 3 metra eða minna frá drengnum.

Þegar bifreiðin rakst á Jónínu, missti hún meðvitund og vissi eigi, hvað fram fór frekar. Var hún flutt til Steingríms Aðalsteinssonar, Þingvallastræti 14. Pétur Jónsson læknir var kallaður þangað og gerði að meiðslum hennar, en Victor Gestsson hefur stundað hana. Bæði Jónína Jónsdóttir og Sigríður Guðmundsdóttir ætluðu að gera skaðabótakröfu undir þessu máli, en þær hafa engar kröfur gert, enda er sú venja komin á hér að höfða sérstök skaðabótamál.

Framburður ákærða um hina miklu umferð er tortryggilegur, en hins vegar hefur það verið upplýst þrátt fyrir vitnaleiðsluna, að bifreið Valdemars Thorarensens var þarna á veginum, og ók hann á eftir ákærða, og verður eigi talið sannað, að framburður ákærða um þetta atriði sé eigi sannað. (svo)

Atvik að því, hvernig slysið bar að, eru eigi fyllilega upplýst. Ákærði hefur haldið því fram, að stúlkan Jónína hafi gengið eftir miðjum veginum og leitt drenginn, og hafi sér því eigi dottið í hug, að nein hætta væri á því að aka áfram. En er hann aftur var kominn nærri drengnum, reif drengurinn sig af stúlkunni og þaut fram fyrir bílinn.

Þessi skýrsla ákærða er eigi afsönnuð, en ef ganga mætti út frá henni, virðist hafa verið réttmætt af bílstjóranum að snúa eins hart og hann gat upp að steingirðingunni.

Það er því eigi sannað í málinu, að ákærði hafi brotið gegn umferðarlögum eða bifreiðalögum, og heldur eigi sannað, að hann hafi gerzt sekur við hegningarlögin, og ber því að sýkna hann af ákæru réttvísinnar og valdstjórnarinnar."

Þrátt fyrir það þó stefndi í máli þessu væri sýknaður í lögreglumálinu, verður að líta svo á, að ekki sé sannað, að ef hann hefði gætt allrar aðgætni, að slysið hefði þá orðið, og væri hann því samkvæmt því skaðabótaskyldur, en inn á þetta er eigi ástæða til að fara frekar, þar sem stefndi hefur viðurkennt skaðabótaskyldu sína. Það virðist einnig augljóst af forsendum dómsins, að ekki er sannað upp á stefnandann í þessu máli, að hún hafi átt sök í bílslysinu, en þar sem fallið er einnig frá að gera kröfu, byggða á því, þykir eigi ástæða til að fara frekar inn á það.

Ágreiningurinn í þessu máli er því aðallega um, hve háar skaðabætur skuli greiddar.

Samkvæmt sáttakæru í málinu er skaðabótakrafan sundurliðuð þannig:

1.	Vinnutap	kr. 1000.00
2.	Hjúkrun	— 450.00
3.	Lyfja- og lækniskostnaður	— 370.00
4.	Skemmdir á fatnaði	— 120.00
5.	Hæfilegar bætur fyrir sársauka, þjáningar, óþægindi og lýti	— 4000.00

Stefndi telur, að liðir 1—2 eigi að takast undir einum lið, og þykir hann hæfilegur kr. 450—500.00. 3. og 4. liður er viðurkenndur réttur.

Stefnda þykir krafan undir lið 5 óhæfilega há og vill færa hann niður í 1000 kr.

Áður en lengra er farið, þykir rétt að íhuga læknisvottorð þau, sem fyrir liggja.

Þrír læknar hafa skoðað sjúklinginn. Pétur Jónsson læknir kom fyrstur til sjúklingsins, eða 17. september. Segir hann, réttarskj. 9, að hún hafi haft rispur og skrámur á hægra fæti upp á læri, og auk þess var hún öll mikið bólgin um öklalið, á v. f. var allmikið mar á kálfanum, á h. augnabrún var ca. 2 centimetra langur gapandi skurður og mikið mar á kinnbeinaboga.

Victor Gestsson stundaði sjúklinginn frá 17. sept. 1942 til 31. okt. s. á.

Vottorð hefur hann gefið 31. okt. 1942, 30. júní 1943, 3. desember s. á. og 28. jan. 1944, réttarskjal 10, 11, 12 og 21.

Í fyrsta vottorðinu segir hann, að hún hafi haft grunn sár víða á hægri fæti og fótlegg og eitt á hægra kné. Einnig hafði hún grunnt sár á hægra auga. Hún var mikið marin bæði í andliti og á síðu, en mest á fótum. Hægri fótur frá tám upp á mitt læri var

svo að segja eitt mar. Á vinstra fæti var marið minna. Fæturnir voru mjög bólgnir, og hélzt sú bólga lengi í báðum fótum, og enn þá er dálítil bólga á hægra fæti. Hún gengur enn þá hölt, og er hægri fótur bólginn, eftir að hún fer á fætur á daginn.

Auk þessara meiðsla hefur Jónína orðið fyrir taugaáfalli í sambandi við þetta, og eru taugar hennar eigi komnar í samt lag og þær voru fyrir slysið.

30. júní 1943 segir Viktor Gestsson, að hún segist alltaf hafa verki í fæti utanvert á h. fótlegg. Kringum öklalið er dálítil bólga, Þegar komið er við bólguna, kvartar hún undan eymslum, og hún kvartar við hreyfinguna undan sársauka í öklalið.

3. desember 1943 segir Viktor læknir, að hún kvarti yfir verkjum í hægra fæti, og hvar sem maður styður á fótlegginn, segir hún, að hann sé aumur. Við mælingar, sem gerðar voru á fótleggjum hennar, var hægri fóturinn digurri en vinstri og hægra læri digurra en vinstra.

Jónína kvartaði undan eymslum, er þrýst var á h. gagnauga. Viðvíkjandi truflun á taugakerfinu getur læknirinn eigi sagt, að hve miklu leyti truflunin stafaði frá sjálfu slysinu, eða að hve miklu leyti truflunin var, áður en slysið vildi til.

28. jan. 1944 segir læknirinn, að Jónína Jónsdóttir kvartaði enn þá undan verkjum í fótum og fótleggjum. Hann segir, að hún hafi gengið í nudd og þurfi enn þá um óákveðinn tíma að ganga í nudd.

Þá hefur héraðslæknirinn gefið vottorð á réttarskjali 12. Skýrir hann frá langvinnu heilsuleysi stefnanda. Mælingar hans sýna einnig, að hægri fótur er digurri en vinstri fótur. Vottorðið endar þannig:

„Að mínum dómi mun frú Jónína að mestu vera búin að ná sér eftir hið umgetna bílslys, en hefur þó enn þá nokkrar þrautir um hægri ökla, einkum ef hún reynir verulega á fótinn, og eitthvað meiri ónot í höfði en annars vegna afleiðinga af nefndu slysi."

Rétturinn lítur svo á hina ýmsu liði skaðabótanna:

Ad. 1. Stefnandinn virðist hafa verið hætt að leita sér atvinnu fyrir utan heimilið, og verður því vinnutjón hennar að miðast við vinnutap á heimilinu, og þykir það hæfilega metið 300 kr. hvort ár, eða kr. 600.00 bæði árin.

Ad. 2. Krafan um kr. 450.00 fyrir hjúkrun virðist sanngjörn, og þykir því rétt að taka hana til greina.

Ad. 3—4. Þær kröfur eru viðurkenndar og verða því teknar til greina.

Ad. 5. Læknisvottorð þau, sem fyrir liggja, sýna, að stefnandinn hefur verið eigi lítið meidd, og má telja víst, að sársauki töluverður fylgi sárum þeim, sem læknar lýsa. Rúmföst lá hún og 1 mánuð. Sjúklingurinn fékk og taugaáfall, þó það væri, að því er virðist, eigi lengi. Fætur hennar eru mismunandi digrir, og enn

hefur hún eymsl og verki í fótum og fótleggjum. Og enn þarf hún að ganga í nudd. Áfall það, er hún fékk, hefur orðið henni enn örðugra vegna fyrri veikinda hennar.

Samkvæmt framansögðu virðist mega taka kröfuna undir lið 5 til greina með 3000 kr.

Samkvæmt þessu ber stefnda að greiða stefnandanum kr. 600.00 plus kr. 450.00 plus kr. 370.00 plus kr. 120.00 plus kr. 3000.00, eða samtals kr. 4540.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 3. desember 1943 til greiðsludags.

Í málskostnað greiði stefndi stefnanda kr. 640.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Gunnar Guðmundsson bílstjóri, eigandi bifreiðarinnar A 101, Lækjargötu 16, Akureyri, greiði stefnandanum, Jónínu Jónsdóttur, Brekkugötu 5, Akureyri, kr. 4540.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 3. des. 1943 til greiðsludags.

Í málskostnað greiði stefndi stefnanda kr. 640.00.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 10. október 1945.

Nr. 54/1945. **Valdstjórnin** (Gunnar Þorsteinsson)
gegn
Vernharði Bjarnasyni (Garðar Þorsteinsson).

Ómerking héraðsdóms og heimvísun.

Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða dóm hefur upp kveðið Júlíus Havsteen, sýslumaður í Þingeyjarsýslu.

Í þinghaldi í máli þessu 20. sept. 1944 voru skýrslur teknar af fjórum vitnum varðandi sök kærða, en hvorki var kærða þá né síðar kynnt efni skýrslna þessara né honum veittur kostur á að gera athugasemdir við þær. Átti dómari, eftir ýtarlega prófun vitna þessara og samprófun þeirra við kærða, að eiðfesta vitnin, ef þeim og kærða bar á milli um atriði, sem máli skiptu. Þá bar að láta trúnaðarmann verðlagsstjóra staðfesta kæru sína. Svo átti og að rannsaka nánar, hversu mikil brögð voru að ölsölu þeirri, sem kærða er

talin til sakar. Það er og mikill galli á meðferð máls þessa, að kærða hefur ekki verið tilkynnt, að mál yrði höfðað á hendur honum til refsingar fyrir brot á tilteknum lagaboðum og til greiðslu sakarkostnaðar. Loks athugast það, að ekki hefur verið aflað hegningarvottorðs kærða, að honum er enginn frestur ákveðinn til greiðslu sektar, að vararefsing er ákveðin einfalt fangelsi í stað varðhalds og að málskostnaður, sem kærði á að greiða, er ákveðinn með tiltekinni fjárhæð.

Sökum framangreindra galla á meðferð málsins verður að ómerkja héraðsdóminn og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma greiðslu áfrýjunarkostnaðar sakarinnar á hendur ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 300.00 til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og vísast málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Ríkissjóður greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Gunnars Þorsteinssonar og Garðars Þorsteinssonar, kr. 300.00 til hvors.

Dómur lögregluréttar Þingeyjarsýslu 21. september 1944.

Mál það, sem hér liggur fyrir, er höfðað af valdstjórninni gegn Vernharði Bjarnasyni, kaupmanni í Húsavík, fyrir brot gegn lögum nr. 3 13. febr. 1943 um verðlag, og eru hin nánari tildrög þessi.

Kærði rekur kvikmyndahús í samkomuhúsinu í Húsavíkurhreppi, og samhliða sýningunum eða skömmu fyrir hverja sýningu og í hléunum milli þátta lætur hann fara fram sölu á ölföngum, gosdrykkjum, cigarettum og sælgæti. Venjulega annast sölu þessa stúlkan Nanna Þórhallsdóttir, til heimilis í Húsavík, en stundum hafa piltar verið fengnir til þess í forföllum hennar. Í vetur, sem leið, varð trúnaðarmaður verðlagsstjóra í Húsavík þess var, að öl var selt á kr. 2.00 innihald einnar flösku í stað kr. 1.75, og

gerði athugasemd um þetta til þáverandi forstjóra þessarar „bíósölu", Bjarna Benediktssonar póstafgreiðslumanns, sem tók þegar þessi fyrirmæli trúnaðarmannsins til greina og lækkaði verðið samkvæmt fengnum fyrirmælum.

Var svo látið við svo búið standa í trausti þess, að fyrirmælunum yrði áfram hlýtt, og ekki fengizt um það, þó ölið væri þarna selt með gistihúsverði, en ekki venjulegu búðarverði, þar til í júlí síðastl., að kærði hækkaði aftur ölið upp í kr. 2.00 f. innihald hverrar flösku í stað kr. 1.80.

Kærði þá trúnaðarmaður verðlagsstjóra brotið með skriflegri kæru, dags. 2. ágúst þ. á., og er það gert í samráði við verðlagsstjóra.

Kærði hefur sér til málsbótar haldið fram, að hann að vísu hafi um tíma, eða í júlí og ágúst þ. á., látið selja innihald ölflöskunnar á kr. 2.00, en lagt svo fyrir, að endurgreiða hverjum þeim, er tómri flösku skilaði, 25 aura, svo raunverulega sé ekki um verðlagsbrot að ræða. Afgreiðslustúlkan Nanna Þórhallsdóttir hefur í réttinum borið, að hún hafi fengið þessi fyrirmæli frá kærða og endurgreitt þeim, *sem kröfðust þess*, 25 aura f. glerið, þegar því var skilað, en jafnframt er upplýst, að afgreiðslupilturinn Páll Kristinsson hefur engin slík fyrirmæli fengið og því ekki endurgreitt. Hvergi hefur verið auglýst eða tilkynnt um þessa endurgreiðslu, svo ætla verður, að hún hafi farið fram aðeins af mjög skornum skammti, enda virðist vitnaframburður í máli þessu staðfesta, að svo hafi verið.

Með þessari ölsölu, sem kært er yfir, hefur kærði brotið gegn tilkynningum og settum reglum viðskiptaráðs og verðlagsstjóra, sbr. tilkynningar nr. 47/1943 og tilkynningu nr. 6/1944, og þannig gerzt brotlegur gegn lögum nr. 3 1943 um verðlag.

Verður því að sekta kærða samkv. 9. gr. nefndra laga, og virðist sektin með tilliti til þess, að nokkrar málsbætur virðast liggja fyrir í fyrirmælum um endurgreiðslu á tómum flöskum, hæfilega metin í þetta sinn kr. 125.00 í ríkissjóð. Sektin greiðist við birtingu dóms þessa, ellegar afplánist hún með 4 daga einföldu fangelsi. Í málskostnað greiði kærði 25 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, kaupmaður Vernharður Bjarnason, til heimilis í Húsavík, greiði sekt í ríkissjóð kr. 125.00 — eitt hundrað tuttugu og fimm krónur — fyrir brot á lögum nr. 3 13. febr. 1943 um verðlag. Sektin greiðist við löglega birtingu dóms þessa, ellegar sæti kærði í hennar stað 4 daga einföldu fangelsi. Svo greiði kærði í málskostnað 25 krónur.

Dóminum ber að fullnægja undir aðför að lögum.

Föstudaginn 12. október 1945.

Nr. 124/1944. **Sigurður Gizurarson** (Egill Sigurgeirsson)
gegn
Bæjargjaldkera Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs
(Einar B. Guðmundsson).

Útsvarsmál.

Dómur hæstaréttar.

Sigurður Grímsson, fulltrúi borgarfógetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi, sem að fengnu áfrýjunarleyfi 13. október 1944 hefur með stefnu 16. s. m. skotið máli þessu til hæstaréttar, krefst þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi og synjað verði um framkvæmd lögtaksgerðarinnar. Svo krefst hann og, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar á úrskurðinum og málskostnaðar fyrir hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Það er upp komið í máli þessu, að áfrýjandi fluttist til Reykjavíkur í júlímánuði 1942 og réðst þá fastur starfsmaður hjá h/f Hamri og var í þeirri atvinnu, þegar útsvar það, sem í máli þessu greinir, var á hann lagt. Hafði hann húsnæði í Reykjavík, er h/f Hamar sá honum fyrir. Hann átti því raunverulega heimilisfang í Reykjavík og var þar útsvarsskyldur samkvæmt 8. gr. laga nr. 106/1936, þegar útsvarið var lagt á hann. Ber því að staðfesta úrskurð fógetadómsins.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða málskostnað fyrir hæstarétti, sem ákveðst kr. 400.00.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Sigurður Gizurarson, greiði stefnda, bæjargjaldkera Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs, kr. 400.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 25. apríl 1944.

Gerðarþola, Sigurði Gizurarsyni, Norðurstíg 5 hér í bæ, var gert að greiða í útsvar til bæjarsjóðs Reykjavíkur fyrir árið 1943, kr. 400.00, nú að eftirstöðvum kr. 260.00. Þar sem hann hefur ekki greitt útsvar þetta, hefur bæjargjaldkeri f. h. bæjarsjóðs krafizt þess, að það verði innheimt með lögtaki.

Gerðarþoli hefur mótmælt framgangi hinnar umbeðnu lögtaksgerðar, þar sem hann telur, að hann hafi ekki verið útsvarsskyldur hér umrætt tímabil og útsvarið hafi því verið ranglega á hann lagt hér.

Kveðst hann hafa komið hingað til bæjarins sumarið 1942 og verið hér í atvinnu síðan og haft hér herbergi á leigu. Kveðst hann hafa skráð sig hér á manntal þá um haustið með þeirri athugasemd, að hann ætti lögheimili að Litlu-Hildisey í Austur-Landeyjahreppi, enda kveður hann, að lagt hafi verið á sig útsvar þar fyrir umrætt ár, sem hann hafi að fullu greitt.

Gerðarbeiðandi hefur haldið fast við kröfu sína um lögtak, og lögðu aðiljar málið undir úrskurð réttarins.

Samkvæmt þeim upplýsingum, sem fyrir liggja í málinu, hefur gerðarþoli flutzt hingað til bæjarins sumarið 1942 og dvalið hér síðan í atvinnu og haft hér herbergi á leigu. Rétturinn lítur svo á, að þessi dvöl gerðarþola hér í bænum sé þess eðlis, að hún hafi samkvæmt ákvæðum 8. gr. útsvarslaganna nr. 106 1936 bakað honum útsvarsskyldu hér umrætt tímabil, og að útsvar það, sem hér er um að ræða, sé því réttilega á hann lagt.

Þykir því samkvæmt framansögðu verða að leyfa framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð á fram að ganga á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Miðvikudaginn 17. október 1945.

Nr. 8/1945. **Ingibjörg N. Jóhannsdóttir, Ólafur Haukur Ólafsson og Arnfríður Eðvaldsdóttir**
gegn
Stríðstryggingafélagi íslenzkra skipshafna.

Setudómari hrl. Sveinbjörn Jónsson í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Ágreiningur um greiðslu dánarbóta og lífeyris.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 11. jan. þ. á. að fengnu áfrýjunarleyfi 9. s. m. og gjafsóknarleyfi 5. s. m. Krefjast þeir þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða þeim dánarbætur, kr. 21000.00 með 5% ársvöxtum frá 18. febrúar 1943 til greiðsludags, kr. 21000.00 til kaupa lífeyris og málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Með vísun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Málflutningslaun umboðsmanns áfrýjanda, kr. 1000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjenda, hrl. Magnúsar Thorlacius, kr. 1000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 28. apríl 1944.

Mál þetta, sem dómtekið var 24. þ. m., hefur Ingibjörg N. Jóhannsdóttir, Neskaupstað, fyrir sína hönd og f. h. sonar síns Ólafs Hauks Ólafssonar og f. h. tengdamóður sinnar, Arnfríðar Eðvalds-

dóttur, höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu; útgefinni 24. jan. þ. á., gegn Stríðstryggingafélagi íslenzkra skipshafna til greiðslu á kr. 21000.00 í dánarbætur ásamt 5% ársvöxtum frá 18. febr. 1943 til greiðsludags svo og á kr. 21000.00 til kaupa á lífeyri og loks til greiðslu málskostnaðar eftir mati dómsins, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en stefnendum hefur verið veitt gjafsókn.

Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar sér til handa.

Málsatvik eru þau, að hinn 18. febrúar 1943 var v.s. Magnús N.K. 84 á leið til Englands. Kl. 8.00 var komið ofsaveður, og nokkru síðar kom leki að skipinu. Kl. 11.50 voru þeir Ólafur H. Jónsson og Sigdór Sigurðsson að dæla með þilfarsdælunni. Sást þá afar stórt brot, sem sýnilegt var, að lenda myndi á skipinu. Var þá kallað til mannanna og þeim skipað að forða sér. Leituðu þeir þá í hlé fyrir aftan vélarrúm skipsins, en í sömu svifum reið annað brot yfir skipið, og skolaði þá nefndum tveim skipverjum fyrir borð. Jafnframt hafði björgunarfleki skipsins slitnað, svo að hann losnaði, og tókst nefndum Sigdór að komast á flekann, og varð honum bjargað, en Ólafi skaut aldrei upp, og ekkert sást af honum nema sjóhattur. Í leiðarbók skipsins segir, að Sigdór hafi skýrt svo frá, að flekinn hafi tekið Ólaf með sér, og hafi flekinn kastazt á hann og vafalaust rotað hann. Nefndur Sigdór hefur staðfest fyrir dómi, að rétt sé frá skýrt í leiðarbókinni, en bætir þó við, að það sé sitt álit, að flekinn hafi rotað Ólaf, þegar hann losnaði, og telur, að þeim Ólafi hefði að öllum líkindum tekizt að standa af sér sjóinn, ef þeir hefðu ekki sogazt út með flekanum.

Stefnendur byggja kröfur sínar á því, að nefnt slys hafi orðið beinlínis af völdum styrjaldarinnar, þar sem sannað sé, að björgunarflekinn hafi valdið dauða Óslafs, og flekinn sé eingöngu hafður með skipinu til öryggis gegn þeim sérstöku hættum, sem af styrjöldinni stafa. Telja stefnendur því, að samkvæmt lögum um stríðsslysatryggingu sjómanna sé stefnda skylt að bæta þeim slys þetta með hinum umstefndu fjárhæðum.

Stefndi byggir sýknukröfu sína fyrst og fremst á því, að ósannað sé, að nefndur björgunarfleki hafi átt þátt í slysinu, og jafnvel þótt svo yrði talið, þá hafi slysið ekki orðið beinlínis af völdum styrjaldar, þar sem orsökin sé í svo fjarlægu og óbeinu sambandi við styrjöldina.

Í máli þessu er aðeins eitt vitni, Sigdór Sigurðsson, til frásagnar um, hvernig slysið bar að höndum. Eins og málsatvikum er lýst hér að framan, er framburður þess um það, hvort flekinn hafi valdið slysinu, ekki ótvíræður. Gegn mótmælum stefnda verður dómurinn því að líta svo á, að ekki séu fram komnar nægar sannanir fyrir því, að umræddur björgunarfleki hafi valdið dauða Ólafs H. Jónssonar, og verður þegar af þeirri ástæðu að sýkna

stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu. Eftir öllum atvikum þykir þó rétt, að málskostnaður falli niður.

Málflutningslaun hins skipaða talsmanns stefnanda, Magnúsar Thorlacius hrl., ákveðast kr. 1000.00 og greiðast úr ríkissjóði.

Í dóminum áttu sæti þeir Árni Tryggvason, settur borgardómari, og meðdómendurnir Pétur Sigurðsson sjóliðsforingi og Þorsteinn Þorsteinsson hagstofustjóri.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Ingibjargar N. Jóhannsdóttur f. h. sína, Ólafs Hauks Ólafssonar og Arnfríðar Eðvaldsdóttur, í máli þessu. Málskostnaður falli niður. Málflutningslaun skipaðs talsmanns stefnanda, Magnúsar Thorlacius hrl., kr. 1000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Mánudaginn 22. október 1945.

Nr. 155/1944. **Strætisvagnar Reykjavíkur h/f.**
(Theódór B. Líndal)
gegn
Ragnheiði Árnadóttur og gagnsök
(Ragnar Ólafsson).

Setudómari prof. Ísleifur Árnason í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Fébótamál vegna bifreiðarslyss.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 22. des. f. á., gerir þær dómkröfur, aðallega að hann verði algerlega sýknaður og að honum verði dæmdur málskostnaður fyrir báðum dómum úr hendi gagnáfrýjanda eftir mati hæstaréttar. Til vara krefst hann þess, að hann verði aðeins dæmdur til að greiða hæfilegar skaðabætur eftir mati hæstaréttar og að málskostnaður fyrir báðum dómum verði þá látinn falla niður. Gagnáfrýjandi, sem skotið hefur málinu til hæstaréttar með stefnu 9. janúar þ. á., krefst þess, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum

8103 krónur í skaðabætur ásamt 5% ársvöxtum frá 3. október 1944 til greiðsludags og málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Það verður eigi talið sannað, að bifreiðarstjórinn hafi gætt þess, að allir þeir, er fara vildu úr bifreiðinni, væru farnir út og að afturdyrnar væru lokaðar, áður en hann ók af stað. Hins vegar benda framburðir vitna, sem þó eru ekki samhljóða í sumum atriðum, til þess, að gagnáfrýjandi hafi stigið út úr vagninum, áður en hann væri að fullu stanzaður. Þegar þessa er gætt, þykir rétt með vísun til 34. gr. bifreiðalaganna nr. 23/1941, að aðaláfrýjandi bæti gagnáfrýjanda tjón hans að hálfu.

Kemur þá til álita fjárhæð skaðabótakröfunnar, sem sundurliðuð er í héraðsdómi.

Um 1. kröfulið, kr. 1476.00, er enginn ágreiningur.

2. kröfulið, kr. 1627.00, þykir rétt að taka til greina að fullu.

Bætur samkvæmt 3. kröfulið þykja hæfilega ákveðnar 2500 krónur.

Ber því að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda helming ofangreindra fjárhæða, eða samtals kr. 2801.50 ásamt 5% ársvöxtum frá 3. október 1944 til greiðsludags.

Samkvæmt þessum úrslitum þykir rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað fyrir báðum dómum, sem þykir hæfilega ákveðinn 1200 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Aðaláfrýjandi, Strætisvagnar Reykjavíkur h/f, greiði gagnáfrýjanda, Ragnheiði Árnadóttur, kr. 2801.50 með 5% ársvöxtum frá 3. okt. 1944 til greiðsludags og samtals kr. 1200.00 í málskostnað fyrir báðum dómum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. nóvember 1944.

Mál þetta, sem var dómtekið 27. f. m., hefur Ragnheiður Árnadóttir, Laugavegi 160 hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með

stefnu, útgefinni 28. september s. l., gegn formanni Strætisvagna Reykjavíkur h/f. f. h. félagsins til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 8103.00 með 5% ársvöxtum frá stefnubirtingardegi 3. f. m. til greiðsludags og málskostnaðar að mati dómara.

Með stefnu, útgefinni 2. f. m., hefur stefnandi stefnt Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f. til réttargæzlu í málinu, en síðargreind bifreið stefnda, R 976, var tryggð hjá því.

Stefndi hefur *aðallega* krafizt sýknu og málskostnaðar, en *til vara* lækkunar bótakröfunnar, og að málskostnaður verði þá látinn falla niður.

Stefnandi lýsir málavöxtum svo:

Miðvikudaginn 15. september 1943 var hún farþegi í strætisvagninum R 976, eign stefnda. Kom hún í vagninn gegnt heimili sínu og ók í honum niður Laugaveg. Rétt fyrir klukkan 17 nam vagninn staðar við Laugaveg 38, og fóru farþegar (kona með dreng) út um afturdyr vagnsins. Stefnandi fór á eftir þeim, en á meðan hún stóð á þrepinu utan dyra, var vagninum ekið af stað. Stefnandi hafði þá þegar búizt til að stíga niður á gangstéttina og stóð því öðrum fæti á þrepinu, en við kipp þann, er bifreiðin tók, skelltist afturhurðin í stefnanda, og missti hún þá jafnvægi og féll niður í gangstéttina. Kom hún þannig niður, að hægri fóturinn var snúinn um öklann, og brotnaði hann þar við fallið. Telur stefnandi bifreiðarstjórann hafa sýnt slíka vangæzlu með því að aka af stað, áður en farþegar þeir, sem erindi áttu úr vagninum, voru komnir út, að hann hafi átt alla sök slyssins, og beri stefnda því að bæta tjón það, er af hlauzt.

Stefndi byggir *aðalkröfu* sína á því, að slys þetta hafi orðið bifreiðarstjóranum að vítalausu, þar eð stefnandi hafi stigið út úr vagninum, áður en hann var stöðvaður, og eigi hún því alla sök slyssins. Styður stefndi þessa staðhæfingu sína við vætti þeirra farþega, sem í vagninum voru, er slysið varð, og rannsóknarlögreglan fékk færi á að yfirheyra um aðdraganda slyssins. Ber vitnunum saman um það, að vagninn hafi ekið af stað, áður en stefnandi fór út úr honum, en þegar stefnandi og eitt þessara vitna sýndu á sér fararsnið, hafi einhver farþeganna hrópað til bifreiðarstjórans, að hann skyldi nema staðar, því að fleiri þyrftu að komast út. Hafi bifreiðarstjórinn orðið við þeim tilmælum, en stefnandi hafi stigið út úr vagninum, áður en hann var orðinn kyrr.

Það hefur komið fram í málinu, að frágangur afturhurðar bifreiðarinnar R 976 er slíkur, að hvorki getur bifreiðarstjórinn lokað dyrunum úr sæti sínu né heldur er í bifreiðinni ljósaútbúnaður, er gefi honum til kynna, hvort dyrnar eru opnar eða lokaðar. Slíkur frágangur á bifreið, þeirrar gerðar sem R 976, þykir valda því, að bifreiðarstjóranum ber að gæta aukinnar og sérstakrar

varkárni, er farþegar hans fara um afturdyrnar. Eigi er unnt að telja hann hafa gætt þessa sem skyldi, er slys þetta varð, þar eð hann ók af stað, án þess að ganga úr skugga um, að allir væru farnir, er fara vildu, og að afturdyrnar væru lokaðar, enda hefur staðhæfingu stefnanda um hið gagnstæða, er hún kom að þeim, ekki verið hnekkt, heldur hins vegar fengið stuðning af vætti konu þeirrar, er fór úr vagninum á eftir henni. Verður því samkvæmt 34. gr. bifreiðalaganna nr. 23 frá 1941 að telja bifreiðarstjórann í bifreiðinni R 976 hafa átt nokkra sök á slysinu, og ber stefnda því að bæta tjón stefnanda, er af því hlauzt. Hins vegar verður að telja það sannað með framburðum fyrrgreindra farþega, að stefnandi eigi meginsökina á umræddu slysi, þar sem hún beið eigi eftir stöðvun vagnsins. Með hliðsjón af 3. málsgr. 34. gr. bifreiðalaga þykir þetta eiga að valda niðurfærslu bóta til hennar, og þykir hæfilegt að færa þær niður um ⅔ hluta.

Varakröfu sína studdi stefndi öðrum þræði við það, að stefnandi ætti sjálf að nokkru sök á slysinu, og eru því atriði þegar gerð skil hér að framan. Þá hefur stefndi og mótmælt tveim liðum bótakröfunnar sem of háum, og verða kröfuliðirnir því teknir til athugunar hver um sig.

Stefnandi hefur skipt kröfu sinni svo:

1.	Læknishjálp og bifreiðakostnaður kr. 876.00 + kr. 600.00 samtals	kr. 1476.00
2.	Kostnaður af að láta aðra vinna heimilisstörf í forföllum stefnanda	— 1627.00
3.	Þjáningabætur	— 5000.00
	Alls	kr. 8103.00

Um 1. Kröfum þessum hefur ekki verið mótmælt, og verða þær því teknar til greina óbreyttar.

Um 2. Stefnandi hafði með höndum venjuleg húsfreyjustörf á heimili sínu fyrir eiginmann sinn og þrjú uppkomin börn þeirra. Er hún varð fyrir slysi þessu, tók dóttir hennar, Greta Steinþórsdóttir, við störfum hennar, en varð þá sjálf að hætta verksmiðjuvinnu, er hún hafði áður stundað. Kveðst stefnandi hafa verið ófær til vinnu í 3 mánuði og hafa greitt dóttur sinni laun fyrir þann tíma samkvæmt þeim kjörum, er hún hefði annars haft samkvæmt verkalaunasamningi Iðju og Félags íslenzkra iðnrekenda, og námu þau fjárhæð kröfuliðsins. Stefndi hefur mótmælt fjárhæð þessa liðs á þeim grundvelli, að ósannað sé, að stefnandi hafi verið svo lengi frá vinnu, sem haldið er fram. Samkvæmt vottorði heimilislæknis stefnanda lá hún í gipsumbúðum í 5 vikur og hafði síðan fótavist í 3 vikur með göngugips, sem kallað er, en ekki segir frekar um forföll stefnanda vegna slyssins. Með hliðsjón af þessu svo og öðru, sem upp er komið í málinu, þykja hæfilegar bætur samkvæmt þessum lið kr. 1000.00.

Um 3. Þessum lið hefur stefndi mótmælt sem allt of háum. Með hliðsjón af því, sem sagt var undir 2. lið um legu stefnanda, svo og öðrum læknisvottorðum og gögnum í málinu þykja bætur samkvæmt þesum lið hæfilega ákveðnar kr. 2000.00.

Úrslit málsins verða því þau, að stefnda verður dæmt að greiða stefnanda að ⅓ hluta bætur þær, er að framan greinir, eða alls kr. 1492.00 auka vaxta, eins og krafizt var, svo og málskostnað, sem ákveðst kr. 300.00.

Árni Tryggvason borgardómari kvað upp dóm þenna.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Strætisvagnar Reykjavíkur h/f., greiði stefnanda, Ragnheiði Árnadóttur, kr. 1492.00 með 5% ársvöxtum frá 3. október 1944 til greiðsludags og kr. 300.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 24. október 1945.

Nr. 24/1945. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs** (Sigurður Ólason) gegn **Kristjáni Þorgrímssyni** (Ólafur Þorgrímsson).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Fébótamál samkvæmt lögum nr. 99/1943.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 21. febrúar 1945, krefst þess, aðallega að hann verði algerlega sýknaður, til vara, að hann verði sýknaður að svo stöddu, og til þrautavara, að dæmd fjárhæð verði færð niður eftir mati dómsins. Loks krefst hann, að honum verði dæmdur málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, aðallega að héraðsdómurinn verði staðfestur, en til vara, að honum verði dæmdar bætur eftir mati dómsins. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Umboðsmenn aðilja hafa lýst yfir því hér fyrir dómi, að skýrslur hafi ekki fengizt hjá heryfirvöldum Bandaríkja um aðdraganda slyss þess, er í máli þessu greinir, en samkvæmt þeim gögnum, er lögð hafa verið fram í málinu og lýst er í héraðsdómi, hlauzt tjónið af völdum amerískrar flugvélar, er var á vegum Bandaríkjahers, án þess að vangæzlu stefnda væri á nokkurn hátt til að dreifa. Ber því að bæta stefnda tjón hans samkæmt ákvæðum laga nr. 99/1943.

Kemur þá til athugunar skaðabótakrafa stefnda, sem sundurliðuð er í héraðsdómi.

1. Tveir dómkvaddir menn hafa metið kostnað af viðgerð þeirri, sem fram fór á bifreið stefnda eftir slysið, og kveða þeir viðgerðarkostnað þenna hæfilega talinn kr. 13262.36. Rétt þykir, eins og á stendur, að leggja matsgerð þessa til grundvallar og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda fjárhæð þessa.
2. Rétt þykir að staðfesta ákvæði héraðsdómsins um fébætur fyrir missi bifreiðarinnar í 24 daga og atvinnumissi um sama tíma.

Samkvæmt framanrituðu ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda kr. 13262.36 + kr. 2500.00, eða kr. 15762.36 ásamt 6% ársvöxtum frá 3. júní 1944 til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað í héraði á að vera óraskað.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir hæstarétti, sem ákveðst kr. 1000.00.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnda, Kristjáni Þorgrímssyni, kr. 15762.36 ásamt 6% ársvöxtum frá 3. júní 1944 til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað á að vera óraskað.

Áfrýjandi greiði stefnda kr. 1000.00 upp í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 23. desember 1944.

Mál þetta, sem dómtekið var 18. þ. m., hefur Kristján Þorgrímsson bifreiðarstjóri hér í bæ höfðað fyrir bæjarþinginu eftir árangurslausa sáttaumleitun með stefnu, útgefinni 15. júní s. l., gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 17702.46, eða annarrar lægri fjárhæðar eftir mati dómara auk 6% ársvaxta frá 2. október 1943 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur *aðallega* krafizt sýknu, *til vara* sýknu að svo stöddu og *til þrautavara* verulegrar lækkunar á dómkröfum stefnanda að mati dómara. Þá hefur hann og krafizt lækkunar vaxta í 5% og aðallega málskostnaðar sér til handa, en til vara, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Málsatvik eru þessi:

Hinn 2. október f. á. var stefnandi að vinnu með bifreið sína, R 728, á flugvellinum hér við bæinn. Var stefnandi þar að vinna í þarfir setuliðsmanna. Um kl. 11.20 var verið að moka hlassi á bifreiðina, en stefnandi sat í stýrishúsi. Í þeim svifum bar að ameríska herflugvél, sem var að reyna af hefja sig til flugs, en rakst á bifreiðina og skemmdi hana mikið. Stefnanda tókst þó áður að bjargast út úr bifreiðinni og sakaði lítt eða ekki. Þegar eftir árekstrinn komu brezk hernaðaryfirvöld á vettvang, og var bifreiðinni þegar í stað komið fyrir til viðgerðar hjá bifreiðaverkstæði Tryggva Péturssonar & Co hér í bænum. Viðgerð á bifreiðinni var lokið að fullu hinn 24. nóvember f. á., og nam kostnaðurinn samtals kr. 14570.93. Auk þess kveðst stefnandi hafa orðið fyrir vinnutjóni, samtals kr. 3131.52. Þar eð hernaðaryfirvöld Bandaríkjanna, sem áttu vél þá, er slysinu olli, hafa ekki viljað greiða stefnanda fyrrgreindar bætur, hefur stefnandi höfðað þetta mál gegn fjármálaráðherra Íslands með skírskotun til laga nr. 99 frá 1943.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að samkvæmt fyrrgreindum lögum sé ríkissjóði skylt að bæta íslenzkum ríkisborgurum tjón, er þeir bíða vegna aðgerða hernaðaryfirvalda Bandaríkja Norður-Ameríku, enda séu þau bótaskyld að íslenzkum lögum. Kveður hann stjórnendur fyrrgreindrar flugvélar hafa átt alla sök á árekstrinum, enda hafi staður sá, er bifreiðin var á, verið valinn af manni þeim, er sagði stefnanda fyrir verkum.

Stefndi byggir *aðalkröfu* sína á því, að hernaðaryfirvöld Bandaríkjanna beri ekki ábyrgð á slysi þessu, heldur séu brezk hernaðaryfirvöld ábyrg vegna þess, að stefnandi hafi verið við vinnu í þágu þeirra á flugvellinum, sem sé eign þeirra, og að þeirra sé sökin á því, að bifreið stefnanda var látin standa svo nærri flugbraut, að slys þetta hlauzt af.

Þótt viðurkennt sé, að stefnandi var að vinnu í þágu brezka hersins og á flugvelli, er lýtur yfirráðum hans, verður ekki fallizt á rök stefnda fyrir sýknukröfu hans, þar eð ekkert hefur upp komið í málinu, er sýni, að ógætilega hafi verið að farið af hálfu stefnanda eða þeirra, sem sögðu honum fyrir verkum, en hins vegar óvéfengt, að flugvél sú, er slysinu olli, var eign hernaðaryfirvalda Bandaríkja Norður-Ameríku. Verður því samkvæmt ákvæðum fyrrgreindra laga nr. 99 frá 1943 að telja stefnda bera bótaábyrgð á tjóni stefnanda af slysi þessu.

Varakröfu sína byggir stefndi á því, að bótaskylda hans samkvæmt lögunum verði ekki virk fyrr en þrautreynt sé, hvort tjónþoli geti ekki fengið bætur með samningum við fulltrúa hernaðaryfirvaldanna. Kveður stefndi, að í þessu tilviki sé fjarri því, að reynt hafi verið til hlítar að ná samkomulagi um fjárhæð bótanna, enda hafi gögnum þeim, er stefnandi studdi við kröfur sínar, verið mjög ábóta vant og því eigi fyrir það girt, að samningar gætu tekizt á grundvelli ýtarlegri gagna af hans hálfu. Ekki verður séð, að þessi rök eigi stoð í nefndum lögum, heldur virðast lögin heimila tjónþolum beinan bótarétt á hendur stefnda, sem öðlast við það hinn sama rétt á hendur þeim, er tjóninu valda. Verður varakrafa stefnda því eigi tekin til greina.

Kemur þá til athugunar fjárhæð skaðabótanna og þar með *þrautavarakrafa* stefnda. Stefndi hefur haldið því fram, að reikningurinn fyrir viðgerðarkostnaðinn sé óhæfilega hár, einkum að því er varðar smíði hins nýja stýrishúss, og telur hann verð þess allt of hátt í hlutfalli við verðmæti bifreiðar stefnanda yfirleitt. Að tilhlutan stefnda hafa tveir dómkvaddir menn metið kostnað af viðgerð þessari, og nemur mat þeirra, er fram fór í þessum mánuði, kr. 13262.36. Heldur stefndi því fram, að stefnanda hafi borið að láta fara fram mat sem þetta svo og lögreglurannsókn þegar eftir áreksturinn til þess að tryggja sönnur um það, hversu miklu tjónið nam raunverulega, og verði hann því nú að þola niðurfærslu bótanna umfram matsfjárhæðina, sem eigi verði á byggt, af því að aðstæður allar voru erfiðari matsmönnum, er svo langt er um liðið.

Bifreið stefnanda er 3 smálesta vöruflutningabifreið frá 1939, og er eigi véfengt, að stýrishúsið hafi verið smíðað árið 1940, en upp hefur komið í málinu, að meðalending slíkra húsa sé 7—8 ár. Með hliðsjón af þessu svo og því, að matsfjárhæðin er litlu lægri en reikningsfjárhæðin, þykir rétt að taka bótakröfu stefnanda til greina óbreytta að þessu leyti.

Verður þá næst fyrir að athuga bætur fyrir vinnutjón. Stefnandi hefur sundurliðað kröfu sína svo: A) missir bifreiðarinnar í 24 daga, kr. 80.00 á dag = kr. 1920.00, og b) verkamannakaup í 24 daga, kr. 50.48 á dag = kr. 1211.52. Heldur hann því fram, að

hann hafi engar tekjur haft þann tíma, sem viðgerðin tók, enda ekki verið vinnufær fyrstu vikurnar eftir slysið vegna meiðsla, er hann hafi hlotið þá. Skýrir hann og þannig frá, að þótt viðgerðin hafi staðið yfir nærri tvo mánuði, krefjist hann nú einungis bóta fyrir 24 daga vinnutjón, vegna þess að hann hafi í samningaumleitunum sínum við hernaðaryfirvöldin látið þá kröfu nægja til samkomulags.

Það verður að telja, að miðað við vinnustundafjölda viðgerðarinnar og annað það, er máli skiptir í þessu sambandi, sé dagafjöldi sá, sem bóta er krafizt fyrir, sanngjarn. Með hliðsjón af því svo og því, sem upp hefur komið um atvinnumöguleika bifreiðar af þessari gerð, þykja bætur stefnanda samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 2500.00.

Málalok verða því þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 14570.93 + kr. 2500.00, eða samtals kr. 17070.93, með 6% ársvöxtum frá sáttakærudegi, 3. júní s. l., svo og málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 1000.00.

Árni Tryggvason borgardómari kvað upp dóm þenna.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Kristjáni Þorgrímssyni, kr. 17070.93, með 6% ársvöxtum frá 3. júní 1944 til greiðsludags og kr. 1000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 26. október 1945.

Kærumálið nr. 10/1945. **Höjgaard & Schultz A/S**
gegn
h/f Fiski og Ís

Synjun framhaldsfrests í máli.

Dómur hæstaréttar.

Með kæru 25. sept. þ. á., sem hingað barst 12. þ. m., hefur sóknaraðili kært úrskurð, kveðinn upp á bæjarþingi Reykjavíkur 25. sept. s. l., þar sem sóknaraðilja var synjað um frekari frest í máli varnaraðilja gegn honum.

Hæstarétti hafa ekki borizt neinar kröfur eða greinargerð frá sóknaraðilja, en ætla verður, að hann áfrýi úrskurðin-

um í því skyni að fá framhaldsfrest þann, sem héraðsdómari hefur neitað honum um.

Varnaraðili gerir þær kröfur, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og sóknaraðilja dæmt að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann. Rétt þykir, að sóknaraðili greiði varnaraðilja kr. 350.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Höjgaard & Schultz A/S, greiði varnaraðilja, h/f Fiski og Ís, kr. 350.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 25. september 1945.

Mál þetta hefur h.f. Fiskur & Ís í Vestmannaeyjum höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 25. júlí 1944, gegn Höjgaard & Schultz A/S, Miðstræti 12 hér í bænum. Gerir stefnandi þær dómkröfur *aðallega*, að stefndi verði dæmdur til þess, að viðlögðum hæfilegum dagsektum, að afhenda honum 300 m^3 af góðu og ófúnu einangrunartorfi og til þess að greiða því kr. 50000.00 í skaðabætur vegna dráttar á afhendingu ásamt 6% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá 10. ágúst 1943 til greiðsludags, allt að frádregnum kr. 6000.00. *Til vara* krefst stefnandi, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða honum kr. 56000.00 með 6% ársvöxtum frá 10. ágúst 1943 til greiðsludags. Í báðum tilvikum krefst stefnandi málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Mál þetta var þingfest 6. september 1944, og hófst sameiginlegur frestur aðilja til gagnaöflunar 11. október s. á. Umboðsmenn aðilja töldu henni lokið 10. janúar 1945. Málið var tekið upp til frekari gagnaöflunar, og skyldi henni loks lokið hinn 20. þ. m. Er málið kom fyrir á þæjarþingi þann dag, fór umboðsmaður stefnda fram á, að veittur yrði 4 vikna framhaldsfrestur í þessu skyni. Voru rök hans fyrir frestbeiðninni þau, að maður sá, er undirritað hefur vottorðið á dskj. nr. 24, væri enn bundinn við vinnu við hafnargerð á Húsavík, en hins vegar væntanlegur til Reykjavíkur um eða eftir næstu mánaðamót, og yrði þá unnt að

ljúka þeirri nauðsyn að gefa stefnda kost á að láta staðfesta vætti þetta fyrir dómi.

Umboðsmaður stefnanda lýsti yfir því, að umbjóðendur hans vildu eigi fallast á frekari frest í þessu skyni, enda taldi hann nægan tíma hafa verið til þess að kveðja mann þenna fyrir dóm. Mótmælti hann því frestbeiðninni, og var atriðið tekið til úrskurðar að kröfu umboðsmanns stefnda.

Framangreint vottorð er dagsett 27. marz 1945 og var lagt fram á þæjarþingi 11. maí s. l., og hafði umboðsmaður stefnda þá þegar uppi mótmæli gegn því sem röngu og óstaðfestu. Með skírskotun til þess verður að telja, að frestur hafi verið nægur í máli þessu til þess að afla staðfestingar framangreinds vottorðs, og samkvæmt 110. gr. sbr. 111. gr. laga nr. 85 frá 1936 ber því að synja um hinn umbeðna frest.

Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Hinn umbeðni frestur verður ekki veittur.

Föstudaginn 26. október 1945.

Nr. 68/1945. **Réttvísin og valdstjórnin**
(Guttormur Erlendsson)
gegn
Guðmundi Egilssyni (Sigurgeir Sigurjónsson).

Brot á bifreiðalögum. Manndráp af gáleysi.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefur upp kveðið Þórhallur Sæmundsson, bæjarfógeti á Akranesi.

Umbúnaður sá, sem gerður var til bráðabirgða á ræsi því, er í málinu greinir, var einkum hættulegur fyrir þá sök, að breitt bil var milli trjáflekanna og alldjúp lægð þar á milli. Stallur nokkur var af veginum upp á flekana, enda var ekki sniðið af endum trjánna. Var því full nauðsyn til að setja þarna hættumerki og því frekar sem vegur var greiður að ræsinu beggja megin.

Ákærði ók á bíl sínum yfir ræsi þetta, um hálfri klukkustund áður en slysið varð. Átti hann því að geta varazt það,

er hann ók til baka. Svo var það og vangæzla af hans hendi að draga ekki nægilega úr hraða bifreiðarinnar, þegar hann sá ræsið framundan sér í nokkurri fjarlægð, er hann telur hafa verið 20—25 metra að minnsta kosti, en það hefði honum verið unnt, ef hraði bifreiðarinnar var ekki óhæfilega mikill. Samkvæmt þessu þykir með skírskotun til lagagreina þeirra, er í héraðsdómi greinir, svo og 38. gr. laga nr. 23/1941 mega staðfesta hinn áfrýjaða dóm, þó svo, að ákærði verði sviptur leyfi til að aka bifreið um 3 ár alls.

Eftir þessum málsúrslitum ber ákærða að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, kr. 600.00 til hvors.

Það er aðfinnsluvert, að héraðsdómarinn Þórhallur Sæmundsson hefur dregið óhæfilega lengi að hefja rannsókn málsins. Settur héraðsdómari Ármann Snævarr, er rannsakaði málið að mestu leyti, hefur yfirheyrt Ara Guðmundsson verkstjóra, sem lét gera umbúnað þann á ræsinu, sem áður greinir, einungis sem vitni og hrapað að eiðtöku hans í fyrsta þinghaldi. Átti dómarinn að prófa málið á þeim grundvelli, að umbúnaður ræsisins kynni að vera með þeim hætti, að það varðaði þá, er að honum stóðu, refsingu að lögum. En af því leiddi, að hvorki átti að eiðfesta Ara Guðmundsson né heldur Arnberg Stefánsson, sem vann að umbúnaði ræsisins og eiðfestur var í þinghaldi 8. okt. 1944. Verður að átelja þessa meðferð málsins.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að ákærði, Guðmundur Egilsson, sé sviptur ökuleyfi 3 ár alls.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Guttorms Erlendssonar og Sigurgeirs Sigurjónssonar, kr. 600.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Akranesskaupstaðar 15. marz 1945.

Mál þetta, sem dómtekið var 17. febr. s. l., er höfðað af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu gegn Guðmundi Egilssyni forstjóra til heimilis á Fjölnesvegi 16 á Akranesi fyrir brot gegn XXIII. kafla alm. hegningarlaga nr. 19 frá 12. febrúar 1940 og bifreiðalögum nr. 23 frá 16. júní 1941.

Ákærður, Guðmundur Egilsson, er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 25/10 1908. Hann hefur hinn 1/9 1942 verið sektaður um 300 krónur til ríkissjóðs í lögreglurétti Akrnesskaupstaðar fyrir ölvun og ósæmilega framkomu við lögregluna á Akranesi, en að öðru leyti hvorki sætt kæru eða refsingu fyrir nokkurt lagabrot, svo að kunnugt sé. Ákærður hefur hið minna bifreiðarstjórapróf, sem svo er kallað, og er ökuskírteini hans útgefið 11/7 1943 á Akranesi.

Málavextir eru sem hér segir:

1.

Þeir ákærður og Guðmundur sál. Bjarnason, Akurholti á Akranesi, höfðu sumarið 1944 leigt laxveiði í Reyholtsdalsá í Borgarfirði. Ákærður átti einkabifreiðina E 6, sem er lítil „Fiat" fólksbifreið fyrir 3 farþega auk bifreiðarstjóra. Föstudagskvöldið 7. júlí s. l., kl. um 21, héldu þeir ákærður og Guðmundur sál. Bjarnason frá Akranesi upp í Reykholtsdal til laxveiða. Við Urriðaá, eigi allskammt ofan við Akranes, námu þeir félagar staðar alllengi og veiddu þar tvo silunga. Síðan héldu þeir áfram áleiðis upp í Reykholtsdal, syðri leiðina. Þar sem vegur greinist nokkru fyrir neðan Hest í Borgarfirði, tóku þeir félagar skakka stefnu og héldu áfram veginn upp Lundarreykjadal, í stað þess að fara veginn yfir Grímsárbrú og fram Bæjarsveit, en áletruð spjöld sýndu vegastefnur þessar á áðurgreindum vegamótum. Er þeir voru komnir upp fyrir Gröf í Lundarreykjadal, átta þeir sig á, að þeir eru á skakkri leið, og snúa aftur og halda sömu leið til baka. Niður undan túninu í Gröf var steinsteypt ræsi á veginum. Hafði ræsið bilað, steypta platan yfir ræsinu hafði sigið nokkuð öðru megin, og gat var komið á plötuna undan hjólfari, svo að orðið hafði að gera við bilunina til bráðabirgða.

Bráðabirgðaviðgerðin var í því fólgin, að lögð voru þrjú 6"×6" tré á hvora vegbrún yfir ræsið og ofan á steinsteyptu plötuna. Neðan á trén voru negldar þverslár til að tengja trén saman, og auk þess voru báðar samstæður trjáa þessara festar saman í eitt með þrem þverslám úr tveggja þuml. þykkum „battingum", er negldar voru neðan á trén, tvær slárnar yfir enda trjánna, en ein sem næst um miðju, og lá sú þverslá sem næst á miðri steinsteyptu plötunni eftir ræsinu endilöngu. Trjáfleki þessi eða „slyskjur" náði ca. einn metra út fyrir steinsteyptu plötuna út á veginn báð-

um megin ræsisins. Voru þverslárnar, er endar „slyskjanna“ voru tengdir saman með, grópaðir niður í veginn beggja megin plötunnar, en sumpart fyllt upp með möl milli „slyskjanna“ frá plötunni og út fyrir trjáendana, en sumpart voru trén grópuð niður í veginn og snið sett á trjáendana, svo að bifreiðar yrðu lítið varar við ójöfnur, er þær rynnu upp á „slyskjurnar“. Á steinsteyptu plötunni yfir ræsinu var engin slík malarfylling, og lægðin, sem við þetta myndaðist milli „slyskjanna“, var 106 cm breið, en 2,6 metrar á lengd, eða nærri jafnlöng plötunni. Dýpt lægðar þessarar var 8—12 þumlungar, meiri að sunnanverðu en að norðanverðu vegna þess, að platan hafði sigið niður að sunnanverðu.

Ákærður, sem alltaf ók bifreiðinni, hélt niður eftir dalnum á talsverðum hraða, tók ekki eftir ræsisumbúnaði þeim, sem áður er lýst, fyrr en hann var kominn mjög nærri ræsinu, mistókst þá að minnka ferð bifreiðarinnar, svo sem nauðsynlegt var, og lenti með bifreiðina öðru megin inn af „slyskjunni“ og niður í lægðina yfir plötunni, missti þá alveg stjórn á bifreiðinni, svo hún valt um koll og stöðvaðist út á vegarbrún öðrum megin, 8—10 metra frá trjáendunum, er yfir ræsið lágu. Stöðvaðist bifreiðin á hvolfi, en ekki er upplýst, hve margar veltur hún fór þarna.

Ákærður og Guðmundur sál. Bjarnason sátu báðir frammi í bifreiðinni, og sakaði ákærða lítt eða ekki, en Guðmundur Bjarnason rotaðist við fallið og dó svo að segja samstundis. Hafði hann orðið á milli hurðar og stafs í dyrum bifreiðarinnar, að því er sennilegast má telja. Brotnaði höfuðkúpa hans, er bifreiðin valt um koll, og lá efri hluti líkama hans úti á götunni út um opnar dyr bifreiðarinnar hægra megin, er bifreiðin stöðvaðist.

Slys þetta varð laust eftir kl. 3 árdegis aðfaranótt hins 8. júlí 1944. Kl. 3 og ½ árdegis kom ákærður heim að bænum Gröf í Lundarreykjadal og vakti þar upp til þess að fá lækni frá Borgarnesi. Gekk það greiðlega, og náði hann sambandi við lækninn Eggert Einarsson og bað hann að koma, en að því loknu fór ákærður aftur á slysstaðinn, og voru þá hjónin í Gröf komin þangað á undan honum. Ákærður fór með lækninum, eftir að hann hafði skoðað lík Guðmundar sál. Bjarnasonar, niður í Borgarnes á fund sýslumanns, og komu þeir til sýslumannsins kl. um 7 árdegis.

Fór sýslumaður þá á vettvang, og ákærður sömuleiðis, og eftir að sýslumaður hafði athugað verksummerki og gert þær mælingar á slysstaðnum, er hann taldi nauðsynlegar, hóf hann réttarrannsókn út af slysinu heima á bænum Gröf í Lundarreykjadal þá um morguninn, en lét ekki taka blóðsýnishorn af ákærðum.

Bifreiðin E 6 var skemmd eftir slysið þannig, að sprungið var á vinstra framhjóli, toppur bifreiðarinnar beyglaður hægra megin og fremra aurbretti sömu megin beyglað, stýrisumbúnaðurinn óvirkur og bilaður framöxull.

2.

Bifreiðina E 6 keypti ákærður í maí 1943, þá notaða. Hún var skoðuð af bifreiðaeftirlitsmanninum á Akranesi 1/6 1944, og þá gerð athugasemd um, að stýrisgangur væri í ólagi og viðgerð skyldi strax fram fara. 1/7 1944 er bifreiðin aftur skoðuð af sama manni, og er bifreiðin þá í ökufæru standi og það, sem áfátt var fyrr, er þá komið í lag.

Hestorkutala bifreiðarinnar er 10, þyngd hennar er 775 kg, breidd 1.40 metrar, en 115 cm milli hjóla. Er þessi gerð bifreiða fremur sjaldgæf hér og með þeim minnstu, sem hér finnast.

Um ökuhraðann og akstur bifreiðarinnar E 6 frá Akranesi kvöldið 7/7 1944 til þess tíma, er slysið varð, er ákærður einn til frásagnar. Eitt vitni, 15 ára gamall sonur Guðm. sál. Bjarnasonar, Haraldur að nafni, hefur borið það fyrir rétti, að ákærður hafi yfirleitt „ekið hratt", að því er honum hafi virzt. Þessum vitnisburði hefur ákærður mótmælt.

Í fyrsta réttarhaldinu í málinu, sem haldið var að Gröf nokkrum klukkustundum eftir slysið, bar ákærður, að hann hefði ekið á allt að 40 km hraða pr. klst., er hann varð ræsisins var á leiðinni til baka niður eftir dalnum, rétt áður en slysið varð. All-löngu síðar undir rannsókn málsins hér á Akranesi hefur ákærður dregið úr þessu og talið, að hraði bifreiðarinnar hafi verið 25—30 km pr. klst. í stað 40 km. Ef ætla má, að rétt sé frá skýrt hjá ákærðum í því sama réttarhaldi, að ákærður hafi, þegar hann allt í einu sá ræsið og „slyskju"-umbúnaðinn fyrir framan sig, ekki haft ráðrúm til að skipta bifreiðinni niður, heldur hafi hann „bremsað" eins og hann þorði með „fótbremsunni", sem þó gagnaði ekki, — þá hlýtur bifreiðin að hafa verið á a. m. k. 40 km hraða pr. klst. að áliti réttarins, úr því að ákærðum tókst ekki að hægja ferð hennar meira en svo, að hún endaveltist, þegar hún kom yfir ræsið. Þó getur þessi hraði verið nálægt vegi hjá ákærðum, ef hann hefur alls ekki veitt ræsisumbúnaðinum athygli fyrr en bifreiðin var komin fast að „slyskju"-endanum eða því sem næst.

3.

Staðhættir við áðurnefnt ræsi hjá Gröf eru samkvæmt uppdrættinum, sem bæjarfógetinn á Akranesi lét gera undir rannsókn málsins, þannig: Steinsteypta brúin („platan") yfir ræsið hjá Gröf er 2.70 m á lengd, en 2.75 m á breidd. Vegurinn að ræsinu bæði innan frá og utan frá góður og beinn, en beygjur á veginum ca. 100 metrum ofan við ræsið og ca. 100 metrum neðan við það. Með því að veður var gott umrædda nótt og nóttin björt á þessum tíma árs, hlaut að vera auðvelt að sjá ræsisumbúnaðinn á 20—30 metra færi, ef að var gætt, en á því færi átti að vera auðvelt með

hemlum einum að stöðva hvaða bifreið sem var, jafnvel á allmiklum hraða.

Nú hafði ákærður þegar farið yfir ræsi þetta á innleið um dalinn, en ekki veitt þá þessum umbúnaði teljandi athygli.

Bifreiðaeftirlitsmaðurinn á Akranesi, Bergur Arnbjörnsson, hefur fyrir rétti borið það, að hvar á vegi sem hann hefði slíkan umbúnað séð sem þann, er lýst hefur verið hér á undan, að verið hafi á ræsinu hjá Gröf, þá hefði sá staður og umbúnaður orðið sér hugstæður þannig, að sérstakrar varúðar þyrfti þar við.

Athygli ákærðs téða nótt virðist hafa verið verulega áfátt, hvort sem það hefur stafað af svefnleysi, ofþreytu eða af öðrum sökum. Hann veitir eigi athygli spjöldum þeim á vegamótunum neðan við Hest, sem á var letrað: Bæjarsveitarvegur og Lundarreykjadalsvegur, og kveðst ákærður þó hafa verið ókunnugur þarna. Í öðru lagi veitir hann ræsisumbúnaðinum hjá Gröf enga verulega athygli, þegar þeir fara inn eftir dalnum fram hjá Gröf, en samt verður að gera ráð fyrir, að ákærður hafi þá orðið að hægja á ferð bifreiðarinnar, meðan hann fór yfir „slyskjurnar". Í þriðja lagi virðist ákærður ekki hafa hugað betur fram fyrir sig á veginum niður dalinn til baka en svo, að hann sér ekki ræsisumbúnaðinn, fyrr en hann er kominn nær fast að honum. Ákærður virðist þá hafa misst vald á bifreiðinni í fáti því, sem á hann kom, er hann sá, að í óefni var komið.

4.

Það er álit réttarins, að ákærður hafi með akstri sínum, frá því að hann sneri við á Lundarreykjadalsvegi og þar til slysið varð, sýnt vítaverða óvarkárni, sem telja verður meginorsök slyssins. Hann er nýbúinn að fara yfir mjög varhugaverðan umbúnað ræsis, miðað við stærð og breidd bifreiðar hans, en setur ekki á sig, hvar það er á vegi, sem þó virtist auðvelt, þar sem ræsið liggur rétt hjá bænum, sem áður getur. Hann ekur á alltof miklum hraða niður eftir dalnum, þar sem hann veit af þessari hindrun á veginum, og athygli hans virðist svo sljó, að vítavert verður að teljast, þar sem hann hefur sléttan, beinan og góðan veg framundan, veðrið bjart og gott, en þó sér hann ekki ræsisumbúnaðinn fyrr en um seinan.

Það verður þó að takast til greina ákærðum til málsbóta, að ekkert hættumerki var sett við þenna bráðabirgðaumbúnað ræsisins hjá Gröf, enda þótt slík hættumerki séu annars víða á vegum, þar sem varlega ber að aka bifreiðum. Þýðing þessarar vanrækslu vegamálastjórnarinnar fyrir úrslit þessa máls minnkar þó verulega við það, að, eins og áður segir, var ákærður nýlega búinn að fara yfir þetta sama ræsi og hlaut þá að hafa séð umbúnað þess allgreinilega svo og staðhættina þar, sem það var.

Þá hefur ákærður haldið því fram í máli þessu, að Guðmundur sál. Bjarnason muni hafa opnað hurð bifreiðarinnar, og að þess vegna hafi svo farið, sem fór, að hann slasaðist til bana. Hér við athugast, að ákærður hefur borið það fyrir rétti, að hann hafi, er hann sá, að í óefni var komið, þarna á ræsinu, kallað til Guðmundar sál. Bjarnasonar, „að hann skyldi passa sig". Hvort fát hefur þá komið á Guðmund sál. Bjarnason eða ekki, getur enginn sagt um, en sem bifreiðarstjóra bar ákærðum skylda til þess að líta vel eftir því, að hurðir bifreiðarinnar væru vel lokaðar, meðan bifreiðin var á ferð. Ekki virðist ákærður heldur hafa tekið eftir því, hvort Guðmundur sál. Bjarnason opnaði hurðina eða hún hrökk opin með öðrum hætti, þegar bifreiðin steyptist. Af þessum ástæðum þykir ekki hægt að leggja mikið upp úr téðum fullyrðingum ákærðs til lækkunar á refsingu hans.

Brot ákærðs varðar við XXIII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19 frá 1940, 215. gr., og 26. og 27. grein bifreiðalaga nr. 23 frá 1941. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 30 daga varðhald. Þá ber og samkvæmt ákvæðum 39. greinar bifreiðalaganna að svipta hann leyfi til að stýra bifreið í tvö ár frá uppsögn dóms þessa að telja. Loks skal hann dæmdur til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns hér fyrir réttinum, Sigurgeirs Sigurjónssonar hrl., er ákveðast kr. 275.00.

Málið hefur verið rekið vítalaust.

Því dæmist rétt vera:

Ákærður, Guðmundur Egilsson, til heimilis á Fjölnesvegi 16, Akranesi, sæti varðhaldi í 30 daga. Hann skal sviptur leyfi til að stýra bifreið í tvö ár frá uppsögu dóms þessa. Hann greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Sigurgeirs Sigurjónssonar hrl., kr. 275.00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 29. október 1945.

Nr. 62/1945. **Réttvísin og valdstjórnin** (Gunnar J. Möller)
gegn
Birni Viktorssyni (Gunnar Þorsteinsson).

Setudómari prof. Ísleifur Árnason í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Brot á bifreiðalögum. Manndráp af gáleysi.

Dómur hæstaréttar.

Þórhallur Sæmundsson, bæjarfógeti á Akranesi, hefur kveðið upp héraðsdóminn, en réttarrannsókn málsins hefur framkvæmt settur héraðsdómari Ármann Snævarr.

Vegurinn, þar sem slysið varð, liggur um sléttlendi. Skurðir eru þar báðum megin vegarins og girðingar meðfram skurðunum. Maður sá, sem fyrir slysinu varð, hlýtur að hafa verið kominn yfir girðingu og skurð, áður en bifreiðina bar að. Ákærði sá ekki manninn, fyrr en hann var fram undan bílnum á næstum miðjum vegi í ekki yfir tveggja metra fjarlægð, en ákærði hafði ekki, að eigin sögn, þá yfirsýn yfir veginn fram undan, sem boðið er í 26. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941 og 4. gr. umferðarlaga nr. 24 s. á. Telja verður, að orsök slyssins megi að miklu leyti rekja til hegðunar manns þess, sem fyrir því varð, en að nokkru leyti megi rekja slysið til þeirrar vangæzlu ákærða, sem áður er lýst.

Varðar brot ákærða við 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og fyrrgreind ákvæði bifreiða- og umferðarlaga, sbr. 38. gr. bifreiðalaga og 14. gr. umferðarlaganna. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 2000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 20 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Þá ber og samkvæmt 39. gr. bifreiðalaganna að svipta ákærða leyfi til að aka bifreið 1 ár frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði skulu vera óröskuð. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 450.00 til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Björn Viktorsson, greiði 2000 króna sekt í ríkissjóð, og komi í stað sektarinnar 20 daga varðhald, verði hún ekki greidd, áður en 4 vikur er liðnar frá birtingu dóms þessa.

Ákærði skal sviptur leyfi til að aka bifreið eitt ár frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði skulu vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Gunnars J. Möllers og Gunnars Þorsteinssonar, kr. 450.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Akranesskaupstaðar 31. janúar 1945.

Mál þetta, sem var dómtekið 17. jan. s. l., er höfðað af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu gegn Birni Viktorssyni bifreiðarstjóra, Auðarstíg 3 á Akranesi, fyrir brot gegn XXIII. kafla alm. hegningarlaga nr. 19 frá 1940 og bifreiðalögum nr. 23 frá 1941.

Ákærði, Björn Viktorsson, er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 27. júní 1925. Hann hefur ekki áður sætt ákæru eða refsingu fyrir nokkurt lagabrot, svo að kunnugt sé.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

Kl. um 8 árdegis 23. okt. 1944 var ákærði, Björn Viktorsson, á leið frá Akranesskaupstað inn í Innri-Akranesshrepp á vörubifreiðinni E 41, eign Ásmundar h/f, Akranesi, og stjórnaði ákærði bifreiðinni. Var ákærði einn í bifreiðinni, sem var í mjólkurflutningum, og var farmur hennar tómir mjólkurbrúsar og einn saltpoki, samtals um 300 kg að þyngd. Vegurinn var ekki blautur, en pollar í hjólförum. Þegar ákærði hafði ekið um 10 mínútur frá síðasta viðkomustað á Akranesi, var komið að beygju, sem er á veginum. Á miðri beygjunni var pollur, og slettist aur og bleyta úr honum upp á framrúðurnar. Lét ákærði þá þurrkuna á rúðunni taka til starfa, og þó hún fljótlega óhreinindin burt á svæði því, er hún náði til. Á annarri framrúðunni var engin slík þurrka, enda ekki vanalegt að hafa nema eina þurrku á vörubifreiðum. Að því búnu

hugaði ákærði yfir veginn, og sá þá ekkert, er varast þyrfti, hvorki menn eða skepnur, þótt hann hefði þá gott útsýni yfir veginn. Skammt innan við beygjuna var annar pollur á veginum, og slettist örlítil bleyta úr honum á rúðurnar. Byrgði þessi bleyta ekki verulega fyrir útsýni, og vann þurrkan á henni fljótlega. Rétt áður en þetta gerðist, kom sólin upp, enda var heiður himinn, og skein sólin beint á móti ákærða eftir veginum og dró úr glöggu útsýni. Ákærði ók á ekki yfir 25 km hraða á klst., en mjög skömmu eftir að komið var yfir síðari pollinn, sem áður er getið, sá hann allt í einu mann alveg við framenda bifreiðarinnar, eða á að gizka 2 metra frá henni að framan. Hemlaði ákærði þá bifreiðina með því að tvístíga hemlana, en tókst ekki að stöðva hana nógu fljótt til þess að forða slysi. Féll maðurinn, sem reyndist vera Ari Jörundsson, til heimilis að Sólmundarhöfða í Innri-Akranesshreppi, 72 ára að aldri, á veginn og hlaut svo mikil meiðsl, að hann beið bana af 2—3 klst. síðar.

Á þessa lund hefur ákærði skýrt frá atvikum að þessu slysi, og er hann þar einn til frásagnar, því að enginn annar en Ari sál. Jörundsson virðist hafa verið nálægt, þar sem slysið varð, en Ari sál. var svo aðframkominn eftir slysið og rænulítill, að hann gat ekki skýrt frá tildrögum þess.

Bifreiðin virðist hafa verið í sæmilegu lagi, en þó virðast hemlarnir á bifreiðinni ekki hafa verið alveg í bezta lagi. Hraðinn var ekki mikill, en aurbleyta á framrúðum og skin sólarinnar í andlit ákærða virðist hafa torveldað útsýni hans verulega um það leyti, er slysið varð. Veður var bjart og heiður himinn, vegurinn liggur um sléttlendi, þar sem ekkert skyggir á né hindrar útsýn. Líkur benda til, að Ari sál. Jörundsson hafi hlaupið í veginn fyrir bifreiðina og ætlað að ná tali af bifreiðarstjóranum, en hætt sér of langt inn á veginn og verið of nærri bifreiðinni, til þess að bifreiðarstjórinn, sem virðist hafa gert allt, sem í hans valdi stóð, eftir að hann kom auga á manninn, til að afstýra slysi, gæti hindrað, að bifreiðin rynni yfir Ara sál.

Ákærði fékk ökuskírteini 12. janúar 1944, að afloknu svonefndu minna bifreiðarstjóraprófi. Hann byrjaði að aka bifreiðinni E 41 í mjólkurflutningum inn í Innri-Akraneshrepp í maí 1944 og hélt því áfram óslitið, þar til áðurgreint slys varð, og ekkert ökuslys hefur hent hann fyrr en þetta. Ari sál. Jörundsson er af tveim vitnum í máli þessu talinn hafa verið óvenjulega „vogaður" við bifreiðar. Ekki verður þó talið líklegt, að Ari sál. hafi hlaupið samsíða bifreiðinni og komizt þannig fram úr henni til að reyna að stöðva hana, þó slíkt gæti verið hugsanlegur möguleiki, heldur þykir líklegast, að hann hafi komið á veginn frá hlið framan við bifreiðina. Þar sem ákærði hafði sólskinið beint í andlitið og aurbleyta var á rúðunum, var rík ástæða fyrir ákærða að gæta ýtrustu

varúðar með ökuhraðann, á meðan útsýni var svo torvelt, sem áður segir.

Rétturinn lítur svo á, að þess verði undantekningarlaust að krefjast af bifreiðarstjóra, að hann taki eftir fólki, sem nálgast bifreið hans að framanverðu. Ef útsýn er erfið sökum sólskins eða bleytu á rúðum bifreiðarinnar, er því ríkari ástæða til þess að fara varlega og gæta vel að öllu og halda rúðum bifreiðarinnar hreinum, svo sem unnt er. Í málinu er ekkert sannað um það, hvernig ferðum Ara heitins Jörundssonar var háttað að öðru leyti en því, að hann var staddur framan við bifreiðina, áður en slysið varð, án þess að ákærði veitti honum eftirtekt fyrr en um seinan. Þykir það aðgæzluleysi hans, sem telja verður aðalorsök slyssins, varða við 215. gr. alm. hegningarlaga nr. 19 frá 1½ 1940 og 26. gr. 1. málsgr. bifreiðalaga nr. 23 frá 1⅝ 1941, og þykir refsing hans eftir atvikum hæfilega ákveðin 20 daga varðhald.

En með tilliti til ungs aldurs hans þykir mega ákveða refsinguna skilorðsbundna, þannig að hún falli niður að liðnum 5 árum frá uppkvaðningu dóms þessa, ef ákærði sætir eigi ákæru eða refsingu fyrir lagabrot, er varðar þyngri refsingu en sektum innan þess tíma.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns, Jóns hrl. Ásbjörnssonar, Reykjavík, er ákveðast 250 krónur.

Málið hefur verið rekið vítalaust.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Björn Viktorsson, sæti varðhaldi í 20 daga.

Refsingunni skal fresta og hún niður falla eftir 5 ár frá uppsögu dóms þessa, ef ákærði sætir eigi ákæru eða refsingu innan þess tíma fyrir lagabrot, er varðar þyngri refsingu en sektum.

Hann greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Jóns Ásbjörnssonar hrl., Reykjavík, kr. 250.00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 31. október 1945.

Nr. 86/1944. **Jóhann Bárðarson og Jóhann Þ. Jósefsson**
(Garðar Þorsteinsson)
gegn
fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Gunnar J. Möller).

Setudómari prof. Ólafur Lárusson í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Fébótamál vegna framkvæmdar á stjórnsýslu.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjendur, sem skotið hafa máli þessu til hæstaréttar með stefnu 26. júní 1944, hafa krafizt þess, að stefnda verði dæmt að greiða þeim kr. 17102.01 ásamt 5% ársvöxtum frá stefnubirtingardegi 23. nóv. 1943 til greiðsludags. Svo krefjast áfrýjendur og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, aðallega að hann verði algerlega sýknaður, en til vara, að honum verði einungis dæmt að greiða áfrýjendum kr. 1519.42. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi áfrýjenda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Aðiljar þeir, sem ríkissjóður ber ábyrgð á, önnuðust einungis fyrirgreiðslu á pöntunum varnings þess, er í máli þessu greinir, og réðu yfirvöld í Bandaríkjunum því, hvaðan hver einstök vörupöntun var afgreidd. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hin áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma áfrýjendur in solidum til að greiða stefnda málskostnað fyrir hæstarétti, sem ákveðst kr. 1500.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, á að vera sýkn af kröfum áfrýjenda, Jóhanns Bárðarsonar og Jóhanns Þ. Jósefssonar, í máli þessu.

Áfrýjendur greiði stefnda in solidum kr. 1500.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 27. marz 1944.

Mál þetta, sem dómtekið var 21. þ. m., er, að undangenginni árangurslausri sáttaumleitan, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 23. nóvember 1943, af Jóhanni Bárðarsyni stórkaupmanni og Jóhanni Þ. Jósefssyni alþingismanni, báðum hér í bæ, gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 20018.20, ásamt 5% ársvöxtum frá sáttakærudegi, 24. september f. á., til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Við hinn munnlega flutning málsins gerðu stefnendur þó þá *vara*kröfu, að stefnda yrði gert að greiða sér kr. 17101.54 auk vaxta og málskostnaðar, eins og áður segir.

Stefndur hefur *aðallega* krafizt sýknu af kröfum stefnenda og málskostnaðar sér til handa að mati dómarans, en til *vara*, að hann verði aðeins dæmdur til að greiða kr. 1547.65.

Málavextir eru þeir, að þann 12. maí 1942 birti viðskiptanefnd í dagblöðum hér í bænum tilkynningu þess efnis, að framvegis fengjust ýmsar járn- og stálvörur, þar með taldir naglar, ekki keyptir í Ameríku nema fyrir milligöngu nefndarinnar. Bæri því að koma pöntunum til nefndarinnar innan ákveðins tíma, og skyldu vörur í hverri pöntun vera minnst 100 smálestir að þyngd. Stefnandinn Jóhann Bárðarson mun á þessum tíma hafa starfað í sambandi við firmað Guðmund Ólafsson & Co hér í bæ, og ákvað hann að panta nagla, en þar sem hann hafði aðeins innflutningsleyfi fyrir 75 smálestum, þá fékk hann með sér stefnandann Jóhann Jósefsson, er tók þær 25 smálestir, er á vantaði. Pöntunin var gerð í nafni firmans Guðmundar Ólafssonar & Co., en stefnendur virðast hafa lagt fram allar bankatryggingar vegna kaupanna og Jóhann Bárðarson gengið frá pöntuninni. Stefnandinn Jóhann Bárðarson skýrir svo frá, að ekki hafi verið mögulegt að fá uppgefið hjá viðskiptanefndinni, hvað verðið yrði hátt, en skrifstofustjóri nefndarinnar hafi sagt sér, að sama verð yrði hjá öllum, er fengju nagla sína samtímis. Nokkur hluti naglanna, eða um ⅔ hlutar þeirra, hafi síðan komið hingað um haustið 1942. Hafi naglarnir þá verið verðlagðir á venjulegan hátt og verðið samþykkt af verðlagsnefnd. Er farið var að selja vörurnar, hafi komið í ljós, að viðskiptamenn hafi kvartað yfir, að verðið væri of hátt, þar sem fá mætti sams konar vörur með lægra verði annars staðar. Hafi þetta orðið til þess, að menn hafi endursent póstkröfur og sendingar lent á flækingi, og hafi orðið að selja vöruna með afslætti. Um áramótin 1942 til 1943 hætti Jóhann Bárðarson samstarfi við Guðmund Ólafsson & Co., en tók við öllum birgðum af

byggingarefni hingað komnu og ókomnu, þar á meðal nefndum nöglum. Snemma á árinu 1943 komu svo eftirstöðvar naglapöntunarinnar. Var hún síðan verðlögð á venjulegan hátt og verðið samþykkt af verðlagseftirlitinu. Telja stefnendur, að enn hafi komið í ljós, að varan hafi verið illseljanleg vegna þess, að hún var dýrari en aðrir seldu sams konar vörur. Kom í ljós við athugun, að nokkur hluti nagla þeirra, er stefnendur höfðu fengið, var dýrari að innkaupsverði en sams konar vörur, er aðrir höfðu fengið. Sneru stefnendur sér þá til viðskiptaráðs þann 10. maí 1943 og vildu fá leiðréttingu á þessu, en var synjað, og sömu afgreiðslu fékk málaleitun þeirra sama efnis hjá viðskiptamálaráðuneytinu. Hafa þeir því höfðað mál þetta og gert í því framangreindar dómkröfur.

Stefnendur byggja bótakröfu sína á því, að viðskiptanefnd hafi skuldbundið sig til, að allir, er pöntuðu nagla samtímis, skyldu fá vöruna með sama verði. Hafi þetta fyrst og fremst falizt í því, að nefndin ein mátti panta vöruna, og hafi hún ekki gefið kaupendunum upp verð, áður en pantað var. Auk þess hafi skrifstofustjóri nefndarinnar fullyrt, að verðið yrði það sama hjá öllum. Hafi þeir því treyst því, að að svo yrði, enda og forsenda af þeirra hálfu, og hafi átt að vera auðvelt fyrir nefndina að sjá um, að svo yrði í framkvæmd, þar sem hægt hefði verið fyrir hana að verðjafna vöruna, ef komið hefði í ljós, að verðmismunur var. Þar sem þetta hafi ekki verið gert, hljóti stefndur að bera ábyrgð á því tjóni, sem af hafi hlotizt. Viðskiptanefnd hafi verið opinber stofnun, sem nú hafi verið lögð niður, og beri stefndur ábyrgð á gerðum hennar.

Stefndur hefur skýrt svo frá, að viðkiptanefnd hafi aðeins tekið við pöntunum frá þeim, er flytja vildu nefndar vörur inn. Innkaupin séu síðan gerð af innkaupanefnd ríkisins í Ameríku hjá ríkisstjórn Bandaríkja Norður-Ameríku, sem ein ráði því fyrir milligöngu hinnar svonefndu láns- og leigukjarastofnunar, frá hvaða verksmiðjum varan sé afgreidd, en ríkisstjórnin ráði yfir þessari framleiðslu. Hámarksverð sé á vörunni frá verksmiðjunum, en þar sem misjafnlega langt sé frá verksmiðjunum til þess staðar, er vörurnar séu teknar í skip, verði flutningskostnaðurinn á landi misjafnlega mikill og varan því misjafnlega dýr, er hún sé hingað komin.

Stefndur, sem hefur viðurkennt ábyrgð sína á gerðum viðskiptanefndar og viðurkennt stefnendur sem rétta aðilja máls þessa, byggir sýknukröfu sína á því, að hann hafi enga ábyrgð tekið á því, að varan yrði jafn dýr til allra, enda slíkt óframkvæmanlegt, þar sem nefnda vörutegund sé aðeins hægt að fá útflutta fyrir milligöngu ríkisstjórnar Bandaríkja Norður-Ameríku, en hún ráði, hvaða verksmiðjur afgreiði vörurnar, eins og áður segir. Þá hefur

stefndur mótmælt því, að nokkur heimild sé til verðjöfnunar í tilfellum sem þessum. Stefndur hefur enn fremur mótmælt því, að skrifstofustjóri viðskiptanefndar hafi tekizt á hendur skuldbindingu gagnvart stefnendum um, að allir innflytjendur fengju nefndar vörur með sama verði.

Það er að vísu komið upp í málinu, að sumar tegundir nagla þeirra, er stefnendur fengu, voru dýrari að innflutningsverði en samsvarandi naglar, er aðrir fengu, en með tilliti til þess, sem ómótmælt hefur verið haldið fram af stefndum, hvernig þessum viðskiptum hefur verið háttað og áður greinir, þá verður ekki séð, að stefndur geti borið ábyrgð á því, þótt innflutningsverð vörunnar yrði ekki jafnhátt til allra, þar sem ekki mun hafa verið unnt að fá hana á annan hátt en fyrir milligöngu ríkisstjórnar Bandaríkja Norður-Ameríku. Viðskiptanefnd gat því ekki haft hönd í bagga með því, hvaðan varan var afgreidd, og þar sem ekki verður séð, að nein heimild hafi verið fyrir hendi til verðjöfnunar, varð hver innflytjandi að hlíta því verði, er hann fékk vöruna á.

Að því er snertir þá staðhæfingu stefnenda, að viðskiptanefnd hafi tekið á sig sérstaka ábyrgð að þessu leyti með yfirlýsingu til þeirra, þá hefur skrifstofustjóri nefndarinnar, er Jóhann Bárðarson átti tal við, ómótmælt skýrt svo frá, að hann hafi sagt, að viðskiptanefnd gæti ekki sagt um verð vörunnar, en ganga yrði út frá því með tilliti til þess, að hámarksverð væri á þessari vörutegund í Bandaríkjunum, að sama *innkaups*verð yrði fyrir sömu vöru. Af þessu þykir sýnt, að stefnendum má þegar í upphafi hafa verið ljóst, að viðskiptanefnd var í óvissu um verð vörunnar, enda hefur og nefndur skrifstofustjóri ómótmælt skýrt svo frá, að sökum óvissu um ýmsa kostnaðarliði hafi innflytjendum verið gert að skyldu að undirrita skuldbindingu um viðbótargreiðslu, ef verð reyndist hærra en gizkað hafi verið á hér heima. Verður því ekki talið, að með þessu hafi viðskiptanefnd tekið ábyrgð á því, að verð yrði jafnt til allra innflytjenda.

Með tilliti til alls þessa verður ekki fallizt á, að stefndur beri ábyrgð á því tjóni, sem stefnendur telja sig hafa orðið fyrir vegna verðmismunar á nefndum nöglum, auk þess sem ekki verður glöggleg séð, hvort stefnendur hljóti tjón af þessum viðskiptum. Verður því sýknukrafa stefnds tekin til greina, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Árni Tryggvason, settur borgardómari, kvað upp dóm þenna.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skal vera sýkn af kröfum stefnenda, Jóhanns Bárðarsonar og Jóhanns Þ. Jósefssonar.

Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 31. október 1945.

Nr. 81/1945. **Ingveldur Andrésdóttir**
gegn
Guðmundi Jónssyni.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ingveldur Andrésdóttir, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hún vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 31. október 1945.

Kærumálið nr. 11/1945. **Eigendur m/b Framtíðarinnar**
gegn
Hraðfrystihúsi Ólafsvíkur h/f.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms kært.

Dómur hæstaréttar.

Með kæru 8. okt. þ. á., sem hingað barst 18. s. m., hefur sóknaraðili samkvæmt 186. gr. laga nr. 85/1936 kært málskostnaðarákvæði dóms bæjarþings Reykjavíkur, er upp var kveðinn 4. s. m., í máli sóknaraðilja gegn varnaraðilja.

Sóknaraðili krefst þess, að téð ákvæði héraðsdóms verði úr gildi fellt og að varnaraðili verði dæmdur til að greiða honum málskostnað í héraði í máli þessu samkvæmt framlögðum reikningi, samtals kr. 3960.28. Auk þess krefst sóknaraðili þess, að varnaraðili verði dæmdur til að greiða honum kærumálskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Varnaraðili hefur hvorki sent hæstarétti kröfur né greinargerð um málið.

Með því að málskostnaður þykir hæfilega ákveðinn í héraðsdómi, þykir eiga að staðfesta málskostnaðarákvæði hans.

Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms í málinu: Eigendur m/b Framtíðarinnar gegn Hraðfrystihúsi Ólafsvíkur h.f. á að vera óraskað.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 4. október 1945.

Mál þetta, sem dómtekið var 26. f. m., hefur Sigurgeir hrl. Sigurjónsson f. h. eigenda m/b Framtíðarinnar, Ólafsvík, höfðað samkvæmt samkomulagi fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 30. apríl 1945, gegn Hraðfrystihúsi Ólafsvíkur h/f, Ólafsvík, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 34306.01 ásamt 5% ársvöxtum frá 1. apríl 1945 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Við munnlegan flutning málsins hefur stefndi fallizt á dómkröfu stefnenda og vaxtakröfu þeirra, en hins vegar gert kröfu um, að málskostnaður verði látinn falla niður, án þess þó að færa nokkur rök fyrir þeirri kröfu.

Úrslit málsins verða því þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnendum kr. 34306.01 með vöxtum, eins og krafizt var, svo og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 2000.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Hraðfrystihús Ólafsvíkur h/f, greiði eigendum m/b Framtíðarinnar kr. 34306.01 með 5% ársvöxtum frá 1. apríl 1945 til greiðsludags og kr. 2000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 31. október 1945.

Kærumálið nr. 12/1945. **Jens Sæmundsson**
gegn
Jónasi Sveinssyni.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms kært.

Dómur hæstaréttar.

Með kæru 6. okt. þ. á., sem hingað barst 18. s. m., hefur sóknaraðili samkvæmt 186. gr. laga nr. 85/1936 kært máls-

kostnaðarákvæði dóms bæjarþings Reykjavíkur, er upp var kveðinn 1. s. m. í máli sóknaraðilja gegn varnaraðilja.

Sóknaraðili krefst þess, að téð ákvæði héraðsdóms verði úr gildi fellt og að varnaraðili verði dæmdur til að greiða honum í málskostnað í héraði í máli þessu, aðallega kr. 565.90, til vara kr. 415.90 og til þrautavara fjárhæð eftir mati dómsins. Auk þess krefst sóknaraðili þess, að varnaraðili verði dæmdur til að greiða honum kærumálskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Varnaraðili hefur hvorki sent hæstarétti kröfur né greinargerð um málið.

Rétt þykir að dæma varnaraðilja til að greiða sóknaraðilja málskostnað í héraði, er telst hæfilega ákveðinn kr. 400.00. Svo ber og varnaraðilja að greiða sóknaraðilja kr. 150.00 í kærumálskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Varnaraðili, Jónas Sveinsson, greiði sóknaraðilja, Jens Sæmundssyni, í málskostnað í héraði kr. 400.00 og kr. 150.00 í kærumálskostnað.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 1. október 1945.

Mál þetta, sem dómtekið var 24. f. m., hefur Jens Sæmundsson trésmiður hér í bæ höfðað fyrir bæjarþinginu, að undangenginni árangurslausri sáttatilraun, með stefnu, útgefinni 21. febrúar s. l., gegn Jónasi Sveinssyni lækni, Bergstaðastræti 67 hér í bænum. Hefur stefnandi gert þær dómkröfur, *aðallega* að stefndur verði dæmdur til að greiða kr. 2622.50 með 6% ársvöxtum frá sáttakærudegi til 31. janúar 1945 til greiðsludags, svo og málskostnað að skaðlausu. *Til vara* krefst stefnandi greiðslu á kr. 1683.32, auk vaxta og málskostnaðar, svo sem fyrr segir, og til *þrautavara* greiðslu á kr. 1619.32, auk vaxta og málskostnaðar, svo sem að framan greinir.

Stefndur hefur krafizt sýknu gegn greiðslu á kr. 1171.32, svo og málskostnaðar sér til handa að mati dómarans.

Málavextir eru þeir, að um sumarið 1944 starfaði stefnandi að smíðavinnu hjá stefndum. Vann stefnandi að mestu leyti upp á

Laxnesi í Mosfellssveit, bjó þá þar og borðaði, en dvaldi þó hér í bænum um helgar. Stefndur greiddi allan kostnað af fæði og húsnæði stefnanda að Laxnesi. Stefnandi telur, að kaup það, er honum hafi borið fyrir umgetna vinnu, nemi alls kr. 5602.50. Reiknar hann sérhverja vinnustund á kr. 9.00, en kveður kauptaxta trésmiða á þessum tíma hafa verið kr. 9.05 á klukkustund í dagvinnu og kr. 14.48 á klukkustund í eftirvinnu. Nokkuð af umræddri vinnu kveðst stefnandi hafa unnið í eftirvinnu, en reiknað allar vinnustundir með jöfnu kaupi sem gagngjald þess, að stefndur hafi séð sér fyrir fæði og húsnæði, meðan unnið var að Laxnesi. Stefnandi kveður stefndan hafa greitt sér upp í laun þessi alls kr. 2980.00 og skuldi sér því kr. 2622.50, sem er aðalkrafa hans í máli þessu.

Stefndur hefur mótmælt reikningi stefnanda sem alltof háum. Þann 2. marz s. l. fékk hann dómkvadda tvo matsmenn til þess að meta til peningaverðs verk þau, er stefnandi framkvæmdi á Laxnesi. Töldu matsmennirnir, að hæfilegt gjald fyrir verk þetta næmi kr. 4692.32. Þá telur stefndur, að stefnandi hafi unnið 11 klst. annars staðar, er ekki sé tekið með í matinu, og beri honum fyrir það kr. 99.00. Stefnanda beri því alls kr. 4791.32 fyrir þessa vinnu sína. Upp í þetta kveðst stefndur hafa greitt kr. 2980.00, og auk þess beri stefnanda að greiða fyrir fæði sitt og húsnæði. Telur stefndur hæfilega greiðslu í þessu skyni kr. 10.00 á dag, en stefnandi hafi verið 64 daga í Laxnesi, og eigi þess vegna krafa hans að lækka um kr. 640.00. Samkvæmt þessu kveðst stefndur skulda stefnanda kr. 1171.32, og miðast dómkröfur hans við það.

Umrædd matsgerð hefur verið lögð fram í málinu, og hefur engum rökstuddum andmælum verið hreyft gegn henni. Þykir því verða að leggja mat þetta til grundvallar í málinu. Kaup það, sem stefnanda ber fyrir vinnu sína, er því matsfjárhæðin, kr. 4692.32 að viðbættum kr. 99.00, sem samkomulag er um, að stefndum beri að greiða, eða alls kr. 4791.32. Verður því aðalkrafa stefnanda ekki tekin til greina.

Varakröfu sína byggir stefnandi á því, að verði greind matsgerð lögð til grundvallar, beri að draga frá matsfjárhæðinni, að viðbættum áðurgreindum kr. 99.00, þær kr. 2980.00, er þegar hafa verið greiddar, og séu þá eftirstöðvarnar kr. 1811.32. Að því er fæðiskostnað varðar, telur stefnandi það fasta venju, að vinnukaupendur láti þeim vinnuseljendum, sem vinni utan heimilisstaðar, í té ókeypis húsnæði svo og matreiðslu, en verkamenn greiði aðeins efnið í matinn. Telur stefnandi, að efnið í matinn sé hæfilega metið á kr. 2.00 á dag, eða kr. 128.00 yfir allan tímann, sem hann var í Laxnesi, og kemur þannig út varakrafa hans.

Þrautavarakröfu sína reiknar stefnandi á sama hátt, nema þá telur hann fæðisefnið nema kr. 3.00 á dag.

Stefndur hefur, eins og fyrr greinir, talið fæðisgjaldið eiga að vera kr. 10.00 á dag, en engin gögn fært fram fyrir því.

Það er komið fram í málinu, að aðiljar sömdu ekki um greiðslu fyrir fæði eða húsnæði stefnanda, meðan hann dvaldi á Laxnesi.

Eftir atvikum þykir stefndum ekki verða gert að greiða fyrir húsnæði sitt þann tíma, er hann dvaldi þar, enda mun sá siður vera, að verkamönnum héðan úr bænum sé séð fyrir ókeypis húsnæði, þegar þeir vinna utanbæjar. Hins vegar þykir verða að gera stefnanda að greiða fyrir fæði það, er stefndur lét honum í té, og þykir hæfileg greiðsla í því skyni kr. 7.00 á dag, eða kr. 448.00 fyrir allan tímann, sem stefnandi hafði fæði í Laxnesi.

Málalok verða því þau, að stefndur verður dæmdur til að greiða kr. 1363.32 (4692.32 + 99.00 ÷ 2980.00 ÷ 448.00) með vöxtum, svo sem krafizt er.

Málskostnaðarkröfu sína byggir stefndur á því, að hann hafi alltaf verið fús að greiða stefnanda sanngjarna greiðslu fyrir verk hans, og eftir að mál þetta var höfðað, boðizt til að greiða honum kr. 1500.00, enda félli málssókn hans þá niður. Þá hefur stefndur bent á, að hann hafi greitt allan kostnað af nefndu mati, um kr. 370.00.

Gegn mótmælum stefnanda er ósannað, að stefndur hafi boðið fram greiðslu skuldarinnar fyrr en mál þetta var höfðað, og verður því málskostnaðarkrafa hans ekki tekin til greina. Hins vegar þykir eftir atvikum rétt, að málskostnaður falli niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Jónas Sveinsson, greiði stefnanda, Jens Sæmundssyni, kr. 1363.32 með 6% ársvöxtum frá 31. janúar 1945 til greiðsludags.

Málskostnaður falli niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 5. nóvember 1945.

Nr. 114/1944. **Jóhann Þorsteinsson** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn
bæjarstjóra Akureyrar f. h. Akureyrarbæjar
(Einar B. Guðmundsson).

Ágreiningur um heimilisfang.

Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaði úrskurður er kveðinn upp af Sigurði Eggerz, bæjarfógeta á Akureyri.

Áfrýjandi, sem hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 19. sept. 1944 skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 22. s. m., krefst þess, að heimilisfang hans verði talið á Litlu-Hámundarstöðum í Árskógshreppi veturinn 1942—1943. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir hæstarétti úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi æskti í bréfi 18. febr. 1944 samkvæmt lögum nr. 95/1936 úrskurðar lögreglustjóra Akureyrar um heimilisfang áfrýjanda „veturinn 1942—1943". Í bréfinu getur hann þess, að útsvar hafi verið lagt á áfrýjanda á Akureyri vorið 1943, en áfrýjandi hafi neitað að greiða það, með því að hann telji sig eiga heimili í Rauðuvík í Árskógshreppi, en heimilisfang hans þar kveður stefndi aðeins muni vera til málamynda. Hafi áfrýjandi flutzt til Akureyrar síðari hluta árs 1942 og átt þar heimili og stundað þar atvinnu síðan. Frekari grein gerir stefndi ekki fyrir málinu í bréfi þessu, og eigi lætur hann nein gögn fylgja því, er hann reisi álit sitt á, sbr. 6. og 8. gr. laga nr. 95/1936.

Lögreglustjóri Akureyrar tók lauslega skýrslu af áfrýjanda í lögreglurétti 29. febr. 1944. Ekki innti hann áfrýjanda eftir því, hvar hann teldi heimilisfang sitt hafa verið veturinn 1942—1943, og leiðbeindi honum ekki um kröfugerð í málinu. En eins og þegar hefur verið getið, telur áfrýjandi hér fyrir dómi, að heimili sitt hafi verið á Litlu-

Hámundarstöðum á þessum tíma, en í héraði virðast bæði stefndi og héraðsdómari hafa gert ráð fyrir, að áfrýjandi teldi sig hafa þá verið heimilisfastan í Rauðuvík í Árskógshreppi. Ekki aflaði héraðsdómari neinna frekari gagna í málinu, en reisir úrskurð sinn á skýrslu áfrýjanda einni saman. Var þó brýn þörf á að kveðja bæjarstjóra Akureyrar fyrir rétt, láta hann afmarka nánar tíma þann, sem krafa hans miðast við, kynna honum skýrslu áfrýjanda og veita honum kost á að gera athugasemdir við hana.

Svo átti lögreglustjóri og með atbeina stefnda, eftir því sem ástæður lágu til, að afla ýtarlegri gagna um dvöl áfrýjanda á Akureyri frá 9. nóv. 1942 til 1. maí 1943, svo sem hvar hann hafi verið þar til húsa, hvort hann hefði haft herbergi þar á leigu, og ef svo var, um hve langan tíma leigumálinn hafi verið, hvar hann hafi haft fæði og hvernig háttað hafi verið starfi hans hjá Bifreiðastöð Akureyrar og hvort hann hafi ráðizt til hennar um tiltekinn tíma. Loks bar að rannsaka rækilega afstöðu áfrýjanda til Árskógshrepps á umræddum tíma. Í því skyni átti að krefja hreppsnefndaroddvita Árskógshrepps skýrslna, en hann hefur skýrt svo frá í nýjum skjölum, sem lögð hafa verið fyrir hæstarétt, að áfrýjandi hafi árin 1942 og 1943 rekið bú á ¼ hluta jarðarinnar Litlu-Hámundarstaða og auk þess rekið útgerð frá útgerðarstöð sinni Naustavík í Árskógshreppi sumarið 1942.

Þar sem meðferð máls þessa í héraði er svo ábótavant, sem að framan getur, þykir ekki verða komizt hjá því að ómerkja hinn áfrýjaða úrskurð og vísa málinu heim í hérað til rækilegrar rannsóknar og uppkvaðningar úrskurðar af nýju.

Eftir atvikum þykir rétt, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað fyrir hæstarétti, kr. 500.00.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera ómerkur, og vísast málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppkvaðningar úrskurðar af nýju.

Stefndi, bæjarstjóri Akureyrar f. h. Akureyjarbæjar, greiði áfrýjanda, Jóhanni Þorsteinssyni, kr. 500.00 í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður lögregluréttar Eyjafjarðarsýslu og Akureyrar 1. marz 1944.

Samkvæmt framburði Jóhanns Þorsteinssonar fyrir lögreglurétti 29. febr. 1944 vann hann á B. S. A., Akureyri, frá 1. jan. 1942 til 15. apríl s. á. Herbergi hafði hann hér á Akureyri á þessu tímabili. Frá 15. apríl 1942 til 9. nóvember s. á. vann hann hingað og þangað í Árskógshreppi. Til Akureyrar kom hann 9. nóvember 1942 og vann þá aftur á B. S. A., Akureyri. 1943 greiddi hann útsvar í Árskógshreppi, kr. 600.00. Síðastl. nóvember segist hann hafa fengið útsvarsseðil kr. 400.00 frá Akureyrarbæ.

Samkvæmt þessu, sem að ofan er tekið fram, virðist lögheimili Jóhanns hafa verið veturinn 1942—1943 í Akureyrarbæ. Það heyrir ekki undir réttinn að ákveða, hvar greindur Jóhann hafi verið útsvarsskyldur.

Því úrskurðast:

Lögheimili Jóhanns Þorsteinssonar veturinn 1942—1943 var á Akureyri.

Mánudaginn 5. nóvember 1945.

Nr. 23/1944. **Bjarni Benediktsson** (Einar B. Guðmundsson) gegn **Tollstjóranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs** (Kristján Guðlaugsson).

Setudómarar próf. Gunnar Thoroddsen og hrl. Sveinbjörn Jónsson í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar og hrd. Þórðar Eyjólfssonar.

Skattamál.

Dómur hæstaréttar.

Bjarni Pálsson, fulltrúi borgarfógetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 21. febrúar þ. á., krefst þess, að hinn áfrýjaði úr-

skurður verði úr gildi felldur og synjað verði um framkvæmd lögtaksgerðar. Svo krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og áfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Samkvæmt 11. gr. laga nr. 6/1935 skulu tekjur hjóna, sem samvistum eru, taldar saman til skattgjalds. Hvorki orðalag ákvæðis þessa né skýring ákvæðisins eðli málsins samkvæmt þykir veita örugga heimild til þeirrar skattaukningar, sem hlýzt af því, ef skattur er ákveðinn af samanlögðum tekjum hjóna, er þau hvort í sínu lagi öfluðu fyrir stofnun hjúskapar á því ári, er þau gengu að eigast. Getur ákvæði 2. mgr. 18. gr. reglugerðar nr. 133/1936 ekki raskað þessari niðurstöðu.

Ber því að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og synja um framkvæmd lögtaksgerðar.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur.

Málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 13. febrúar 1945.

Samkvæmt skattreikningi nr. 2306/1944 átti gerðarþoli, Bjarni Benediktsson borgarstjóri, að greiða samtals í skatta til tollstjórans í Reykjavík á árinu 1944 kr. 8917.00. Inn á upphæð þessa greiddi hann hinn 7/6 1944 kr. 6783.00 og lét þess jafnframt getið, að eftirstöðvarnar, kr. 2134.00, mundi hann ekki greiða án úrskurðar dómstólanna þar um. Með beiðni, dags. 22. jan. þ. á., hefur tollstjórinn í Reykjavík sem innheimtumaður skattanna krafizt þess, að lögtak yrði gert fyrir nefndum eftirstöðvum, og hefur málið síðan verið sótt og varið í réttinum og var tekið til úrskurðar 12. þ. m.

Umboðsmenn aðilja hafa hvor um sig krafizt málskostnaðar til handa umbjóðanda sínum.

Málavextir eru þeir, að við álagningu tekju- og eignarskatts í Reykjavík á árinu 1944 taldi skattstjórinn í Reykjavík tekjur gerðarþola og konu hans, er hann gekk að eiga 18. desbr. 1943, saman til skatts fyrir árið 1944. Er það ágreiningslaust í málinu, að tekjuskattur sá, er hjónunum hefði borið að greiða, ef lagt hefði verið á þau hvort í sínu lagi, hefði orðið kr. 2134.00 lægri en skattur sá, sem lagður var á gerðarþola á árinu 1944, eða þeirri upphæð, sem lögtaks er beiðzt fyrir. Mótmæli sín gegn framgangi lögtaksins byggir gerðarþoli á því, að óheimilt hafi verið að leggja tekjur þeirra hjónanna á árinu 1943 saman til skatts, þar eð þau hafi ekki gifzt fyrr en 18. desbr. 1943, og konan hafi þá verið búin að afla allra þeirra tekna, er hún hafði á árinu, og hafi ekkert af þeim runnið í bú þeirra. Nú standi svo í upphafi 11. gr. laga nr. 6/1935 um tekju- og eignarskatt, að tekjur hjóna, sem samvistum séu, skuli saman taldar til skattgjalds, og verði þetta ákvæði ekki skilið á annan veg en þann, að hjónin verði að vera samvistum, er teknanna sé aflað. Að vísu segir í 2. mgr. 18. gr. reglugerðar um tekju- og eignarskatt nr. 133/1936, að hjón skuli skattlögð sameiginlega, þótt þau hafi eigi gifzt fyrr en í lok skattársins, en þetta ákvæði reglugerðarinnar gangi lengra en fyrrnefnt ákvæði í 11. gr. tekju- og eignarskattslaganna og hafi því ekki stoð í lögum.

Því hefur nú verið haldið fram af hálfu gerðarbeiðanda, enda ekki mótmælt sérstaklega af gerðarþola, að allt frá árinu 1921 hafi það verið ófrávíkjanleg regla að telja saman til skatts tekjur hjóna, sem samvistum eru við lok skattársins. Það virðist því mega ganga út frá því sem gefnu, að löggjafinn hafi alls ekki ætlað að breyta þeirri venju með setningu 11. gr. tekju- og eignarskattslaganna, úr því að hún er ekki skýrar orðuð en raun ber vitni. Og þar sem ákvæðið í 2. mgr. 18. gr. fyrrnefndrar reglugerðar verður heldur alls ekki álitið ósamrýmanlegt ákvæði 11. gr. tekju- og eignarskattslaganna, þá verður að leyfa framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar.

Samkvæmt þessum úrslitum þykir rétt, að gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda málskostnað, og telst hann hæfilega ákveðinn kr. 200.00.

Því úrskurðast:

Hið umbeðna lögtak skal ná fram að ganga fyrir lögtakskröfunni, kr. 2134.00, svo og málskostnaði, kr. 200.00.

Miðvikudaginn 7. nóvember 1945.

Nr. 137/1944. **Bæjarstjóri Ísafjarðar f. h. Ísafjarðarkaupstaðar** (Sigurgeir Sigurjónsson)
gegn
H/f Shell á Íslandi (Gunnar Þorsteinsson).

Setudómarar próf. Gunnar Thoroddsen, próf. Ólafur Lárusson og hrl. Theódór B. Líndal i stað hrd. Árna Tryggvasonarsonar, hrd. Jóns Ásbjörnssonar og hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Endurheimt á ofgreiddu útsvari.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 8. nóvember 1944. Krefst hann algerrar sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir hæstarétti, kr. 600.00.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, bæjarstjóri Ísafjarðarkaupstaðar f. h. bæjarsjóðs, greiði stefnda, h/f Shell á Íslandi, málskostnað fyrir hæstarétti, kr. 600.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. sept. 1944.

Mál þetta, sem dómtekið var 19. þ. m., hefur h/f Shell á Íslandi höfðað samkvæmt samkomulagi fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 5. maí s. l., gegn Jóni Guðjónssyni, bæjarstjóra á Ísafirði, f. h. Ísafjarðarkaupstaðar til endurgreiðslu á kr. 3000.00 auk

6% ársvaxta frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að mati dómara.

Stefndur hefur krafizt sýknu og málskostnaðar.

Málavextir eru þeir, að árið 1943 lagði niðurjöfnunarnefnd Ísafjarðarkaupstaðar kr. 12000.00 útsvar á starfrækslu stefnanda þar, en hann vildi ekki una því og kærði útsvar þetta til lækkunar. Niðurjöfnunarnefndin og yfirskattanefnd Ísafjarðarsýslu og kaupstaðar úrskurðuðu báðar á þá leið, að útsvarið skyldi standa óbreytt. Loks var útsvarið kært fyrir ríkisskattanefnd og í bréfi hennar, dags. 30. desember s. l., til stefnanda var honum tilkynnt, að útsvarið væri lækkað í kr. 9000.00. Í árslok 1943, en áður en úrskurður ríkisskattanefndar varð kunnur, hafði stefnandi greitt útsvar sitt, eins og það var upphaflega ákveðið, og krafðist síðan endurgreiðslu á mismuninum. Stefndur hefur hins vegar eigi fengizt til að verða við þeirri kröfu. Höfðaði stefnandi því mál þetta og styður kröfur sínar við ákvæði 27. gr. laga um útsvör nr. 106 frá 1936.

Stefndur hefur byggt sýknukröfu sína á því fyrst og fremst, að stefnandi hafi svipt sig rétti til endurgreiðslu fjárins með því að greiða án fyrirvara útsvarsfjárhæðina, eins og hún var fyrst ákveðin. Auk þess heldur hann því fram, að lækkun ríkisskattanefndar sé byggð á misskilningi eða röngum upplýsingum um starfsaðferðir niðurjöfnunarnefndarinnar, og hafi endurgreiðslukrafan af þeim sökum ekki við rök að styðjast.

Í 1. mgr. 27. gr. laga nr. 106 frá 1936 segir m. a. svo: „Eigi getur gjaldandi vegna kæru eða áfrýjunar losazt undan að greiða útsvarið á ákveðnum gjalddaga, en verði það fært niður, skal mismunurinn endurgreiddur honum.“ Með tilliti til þessa skýra ákvæðis svo og þess, að stefnandi hafði, svo stefndur vissi, lagt ágreiningsefnið fyrir ríkisskattanefnd og beið úrskurðar hennar, er hann innti umrædda greiðslu af höndum, þá verður eigi talið, að stefndur hafi haft réttmæta ástæðu til að ætla, að stefnandi sleppti þar með endurgreiðslurétti sínum. Þykir því eigi unnt að taka sýknukröfu stefnds til greina á þessum grundvelli.

Sýknukröfu stefnds, þá er hann styður við misskilning ríkisskattanefndar, eins og hann kemst að orði, er eigi heldur unnt að sinna, þegar af þeirri ástæðu, að í niðurlagi 24. gr. útsvarslaganna eru fyrirmæli um það, að úrskurður ríkisskattanefndar sé fullnaðarúrskurður um útsvarsupphæð, en þeim úrskurði ríkisskattanefndar, er hér um ræðir, hefur ekki verið haggað.

Málinu lýkur því svo, að kröfur stefnanda verða teknar til greina, þó svo breyttar, að ársvextir verða eigi dæmdir hærri en fimm af hundraði. Þá ber stefndum og að greiða stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 400.00.

Árni Tryggvason borgardómari kvað upp dóm þenna.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Jón Guðjónsson bæjarstjóri f. h. Ísafjarðarkaupstaðar, greiði stefnanda, h/f Shell á Íslandi, kr. 3000.00 með 5% ársvöxtum frá 5. maí 1944 til greiðsludags og kr. 400.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 9. nóvember 1945.

Nr. 32/1945. **Aðalsteinn Úlfarsson** (Magnús Thorlacius)
gegn
Hreppsnefnd Borgarnesshrepps f. h. hreppsins. (Einar B.. Guðmundsson).

Setudómari próf. Gunnar Thoroddsen í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Endurheimt útsvars.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 5. marz þ. á., krefst þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 2459.30 ásamt 6% ársvöxtum frá 7. október 1943. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að héraðdómurinn verði staðfestur og áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Yfirheyrsla aðilja hefur farið fram, eftir að héraðsdómur gekk.

Áfrýjandi hefur frá því á árinu 1938 verið skipverji á v/s Eldborg, sem h/f Grímur í Borgarnesi gerir út. Hann hefur samt síðan á árinu 1939 verið búsettur í Reykjavík og haft þar íbúð á leigu. Kona hans og börn hafa dvalizt þar. Þrátt fyrir þetta hefur hann talið sig heimilisfastan í Borgarnesi á manntalsskýrslum þar og talið þar fram til skatts. Þessi ár hefur verið lagt útsvar, kirkjugarðsgjald og hreppsvegagjald á áfrýjanda í Borgarnesi, og hefur hluti af skipverjalaunum hans gengið til greiðslu á gjöldum þessum.

Gekk svo til ársins 1943, en þá varð niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur kunnugt um búsetu hans í Reykjavík og lagði útsvar á hann, sbr. 8. gr. laga nr. 106/1936. Oddviti Borgarnesshrepps, sem jafnframt var framkvæmdastjóri h/f Grims, gerði reikningsskil við áfrýjanda í október 1943. Vildi oddviti þá, að laun áfrýjanda af hluta gengju til lúkningar nefndum gjöldum. Benti áfrýjandi þá á, að nú væri honum gert að greiða útsvar í Reykjavík, en oddviti taldi, að útsvar hans í Reykjavík yrði niður fellt, er hann sýndi skilríki fyrir útsvarsgreiðslu í Borgarnesi. Lét áfrýjandi þessi ummæli oddvita góð heita og samþykkti að greiða útsvarið. Með úrskurði fógetadóms Reykjavíkur 4. janúar f. á. var honum dæmt að greiða útsvar það, er lagt var á hann í Reykjavík. Greiddi hann það útsvar og höfðaði síðan endurheimtumál þetta.

Áfrýjandi var búsettur með fjölskyldu sinni í Reykjavík, og mátti honum því vera ljóst, að vafasöm heimild var fyrir hendi til að leggja opinber gjöld á hann í Borgarnesi, sbr. 8. gr. laga nr. 106/1936. Sérstaklega var honum efni til varfærni um greiðslu slíkra gjalda í Borgarnesi, er tekið var að leggja útsvar á hann í Reykjavík. En þar sem áfrýjandi virðist hafa samþykkt greiðslu gjaldanna í Borgarnesi 1943 vegna staðhæfingar oddvitans um það, að útsvar hans í Reykjavík yrði niður fellt, þá þykir verða, eins og á stendur, að taka kröfu áfrýjanda um endurheimtu gjaldanna í Borgarnesi 1943 til greina, og ber því að dæma stefnda til endurgreiðslu kr. 2459.30 með 6% ársvöxtum frá útgáfudegi stefnu, 30. júní 1944, til greiðsludags.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, hreppsnefnd Borgarnesshrepps f. h. hreppsins, greiði áfrýjanda, Aðalsteini Úlfarssyni, kr. 2459.30 ásamt 6% ársvöxtum frá 30. júní 1944 til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 6. desember 1944.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 28. f. m., hefur Aðalsteinn matsveinn Úlfarsson, Lokastíg 18 hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 30. júní s. l., gegn hreppsnefnd Borgarnesshrepps f. h. hreppsins, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 2459.30, ásamt 6% ársvöxtum frá 7. október 1943 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar.

Málavextir eru þessir að sögn stefnanda:

Stefnandi hefur átt heima í Reykjavík undanfarin 5 ár og á það enn. Síðan á árinu 1938 hefur hann unnið á v/s Eldborg, sem h/f Grímur í Borgarnesi gerir út. Árið 1943 var á hann lagt útsvar bæði í Borgarnesi og í Reykjavík og hinn 7. október f. á. var tekið fé af kaupi stefnanda hjá h/f Grími til greiðslu útsvars, hreppsvega- og kirkjugarðsgjalds í Borgarnesshreppi, samtals kr. 2459.30. Greiðsla útsvars til bæjarsjóðs Reykjavíkur dróst hins vegar vegna mótmæla stefnanda, en hinn 4. janúar þ. á. var kveðinn upp úrskurður í fógetarétti Reykjavíkur, og var stefnandi talinn skyldur til útsvarsgreiðslu í Reykjavík. Greiddi stefnandi síðan útsvar það, er lagt var á hann í Reykjavík, kr. 800.00, en telur, að samkvæmt fyrrgreindum úrskurði hafi hann verið ranglega krafinn útsvars í Borgarnesi, og hefur því höfðað mál þetta til endurgreiðslu þeirrar fjárhæðar, sem fyrr greinir.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að stefnandi sé útsvarsskyldur í Borgarnesshreppi, þar sem hann hafi átt þar heimili samkvæmt manntalsskýrslum árin 1939—1943, að báðum meðtöldum, og staðið á skattskrá þar árin 1941—1944. Þá heldur stefndi því og fram, að auk þess að úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur hafi engin bindandi áhrif fyrir Borgarnesshrepp, þá sé eigi heldur unnt að byggja á honum þá staðhæfingu, að stefnandi sé eigi útsvarsskyldur í Borgarnesi.

Það er óvéfengt í málinu, að stefndi hefur á hverju ári síðan 1939 lagt framantalin gjöld á stefnanda þar í hreppi og hann einungis greitt gjöld þessi þar, þótt búsetu hans hafi verið eins háttað og nú öll þessi ár. Er og sannað, að stefnandi hefur þenna tíma verið skráður á manntals- og skattskrá í Borgarnesshreppi, og ekki verður séð, að stefnandi hafi nokkru sinni hreyft athugasemdum við greiðslu þessara gjalda til hreppsins. Þykir stefnandi því ekki eiga rétt til endurgreiðslu hinnar umstefndu fjárhæðar, sem hann lét viðgangast, að greidd var til hreppsins, eftir að hann vissi eða mátti vita, að útsvar hafði einnig verið lagt á hann hér í Reykja-

vík árið 1943, auk þess sem hann notaði ekki heimild þá, sem um getur í d-lið 2. mgr. 8. gr. laga nr. 106 frá 1936, til þess að krefjast þess, að hann yrði felldur af útsvarsskrá á öðrum staðnum. Verður sýknukrafa stefnda því tekin til greina, en eftir öllum atvikum þykir þó rétt, að málskostnaður falli niður.

Árni Tryggvason borgardómari kvað upp dóm þenna.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, hreppsnefnd Borgarnesshrepps f. h. hreppsins, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Aðalsteins Úlfarssonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 9. nóvember 1945

Kærumálið nr. 3/1945. **Óli J. Ólason**

gegn

Borgarfógetanum í Reykjavík.

Setudómari próf. Gunnar Thoroddsen í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms kært.

Dómur hæstaréttar.

Með kæru 28. marz þ. á., sem hingað barst með bréfi borgardómarans í Reykjavík 11. apríl þ. á., hefur sóknaraðili samkvæmt 186. gr. laga nr. 85/1936 kært málskostnaðarákvæði dóms bæjarþings Reykjavíkur, er upp var kveðinn 26. marz þ. á. í máli sóknaraðilja gegn varnaraðilja.

Með stefnu 20. apríl þ. á. áfrýjaði varnaraðili nefndu bæjarþingsmáli til hæstaréttar. Sama dag gekk í hæstarétti úrskurður um það, að kærumálinu skyldi frestað ex officio, unz séð yrði, hvort fyrrgreint bæjarþingsmál yrði lagt í dóm. Nú hafa aðiljar þess hafið það í þinghaldi í hæstarétti 31. október s. l., og ber þá að leggja dóm á kærumálið.

Sóknaraðili krefst þess, að málskostnaðarákvæði héraðsdómsins verði fellt úr gildi og varnaraðili verði dæmdur til að greiða honum málskostnað, alls kr. 541.00. Svo krefst

hann og kærumálskostnaðar fyrir hæstarétti úr hendi varnaraðilja eftir mati dómsins.

Varnaraðili hefur hvorki sent hæstarétti kröfur né greinargerð í málinu.

Eins og nefndu bæjarþingsmáli er háttað, þykir málskostnaður nægilega hátt ákveðinn í héraði, og verður því krafa sóknaraðilja um hækkun hans ekki tekin til greina.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Því dæmist rétt vera:

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms í málinu: Óli J. Ólason gegn borgarfógetanum í Reykjavík á að vera óraskað.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 26. marz 1945.

Mál þetta, sem dómtekið var 20. þ. m., hefur Óli J. Ólason kaupmaður hér í bæ höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 10. nóvember 1944, gegn Kristjáni Kristjánssyni borgarfógeta, Ránargötu 18 hér í bæ, sem skrásetningarvaldsmanni og fyrir hönd ríkissjóðs svo og gegn honum sem skiptaráðanda fyrir hönd dánarbús Þorvalds Benjamínssonar til réttargæzlu. Gerir stefnandi þær dómkröfur, að stefndur verði dæmdur til að setja firmað Th. Benjamínsson & Co. á verzlunarskrá Reykjavíkur gegn lögmæltum gjöldum og að greiða fyrir hönd ríkissjóðs málskostnað að skaðlausu.

Stefndur krefst sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Málsatvik eru þau, að þann 23. júní 1944 undirritaði stefnandi og Þorvaldur Benjamínsson félagssamning um rekstur umboðs- og heildsölu undir firmanafninu Th. Benjamínsson & Co., en þeir höfðu þá undanfarið haft félagsskap um umboðs- og heildverzlun hér í bænum. Þann 19. september 1944 andaðist Þorvaldur Benjamínsson, en hinn 14. október s. á. fór umboðsmaður stefnanda þess á leit við stefndan, að firmað Th. Benjamínsson & Co. væri sett á verzlunarskrá Reykjavíkur. Telur stefnandi, að af vangá hafi félagið ekki verið tilkynnt fyrr til skrásetningar. Stefndur synjaði beiðni umboðsmanns stefnanda um skráningu firmans, og var þá til þessa máls stofnað.

Stefndur byggir sýknukröfu sína á því, að Þorvaldur heitinn Benjamínsson hafi ekki verið nægilega andlega heilbrigður til að gera jafn þýðingarmikinn samning og félagssamningurinn sé, enda

sé þetta ljóst af því, að samningurinn hafi verið verulega óhagstæður honum. Til þessa bendi og það, að það sé fyrst eftir andlát Þorvalds, sem beðið sé um skrásetningu firmans.

Það er óvéfengt í málinu, að Þorvaldur Benjamínsson hafi undirritað framangreindan félagssamning. Gegn mótmælum stefnanda hefur stefndur ekki fært sönnur á þá staðhæfingu sína, að Þorvaldur Benjamínsson hafi ekki verið nægilega andlega heilbrigður við undirskrift samningsins. Ekkert er upp komið í málinu, er bendi til þess, að um misneytingu hafi verið að ræða af hálfu stefnanda. Sýknukrafa stefnda verður því ekki tekin til greina, enda verður ekki séð, að neinar aðrar ástæður séu því til fyrirstöðu, að skráning fari fram.

Úrslit málsins verða því þau, að stefndum verður dæmt gegn lögmæltum gjöldum að setja firmað Th. Benjamínsson & Co. á verzlunarskrá Reykjavíkur. Eftir þessum úrslitum ber honum einnig að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 400.00.

Árni Tryggvason borgardómari hefur kveðið upp dóm þenna.

Því dæmist rétt vera:

Stefndum, borgarfógetanum í Reykjavík, ber sem skrásetningarvaldsmanni að setja firmað Th. Benjamínsson & Co. á verzlunarskrá Reykjavíkur gegn lögmæltum gjöldum. Stefndur greiði fyrir hönd ríkissjóðs stefnandanum, Óla J. Ólasyni, kr. 400.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 sólarhringa frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 12. nóvember 1945.

Nr. 79/1945. **H/f Shell á Íslandi** (Gunnar Þorsteinsson)
gegn
H/f Gísla Súrssyni (Sigurgeir Sigurjónsson).

Setudómari prof. Ísleifur Árnason í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Ómerking héraðsdóms og málsmeðferðar og heimvísun máls.

Dómur hæstaréttar.

Annar samdómsmanna í héraði, Magnús Bjarnason, hafði samkvæmt dómkvaðningu framkvæmt mat á v/s Erni með farmi og búnaði. Honum var því óheimilt samkvæmt 4.

tölulið 36. greinar laga nr. 85/1936 að sitja í dómarasæti í málinu. Af þessari ástæðu verður að ómerkja meðferð málsins, frá því munnlegur málflutningur hófst, svo og héraðsdóminn og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsuppsögu af nýju.

Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Meðferð málsins í héraði, frá því munnlegur málflutningur hófst, svo og héraðsdómurinn eiga að vera ómerk, og vísast málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsuppsögu af nýju.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Dómur sjó- og verzlunardóms Hafnarfjarðar 27. marz 1945.

Ár 1945 þriðjudaginn 27. marz var í sjó- og verzlunardómi Hafnarfjarðar, sem haldinn var á skrifstofu embættisins í Hafnarfirði af Bergi Jónssyni bæjarfógeta sem formanni dómsins ásamt sjó- og verzlunardómsmönnum Magnúsi Bjarnasyni bryggjuverði og Birni Helgasyni skipstjóra sem meðdómsmönnum upp kveðinn dómur í ofangreindu máli, sem dómtekið var 16. marz s. l.

Mál þetta, sem þingfest var 16. júní s. l., er höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu, útgefinni 13. júní f. á., af Hallgrími Fr. Hallgrímssyni f. h. h/f Shell á Íslandi gegn Óskari Jónssyni framkvæmdarstjóra, Norðurbraut 3 í Hafnarfirði, f. h. h/f Gísla Súrssonar til greiðslu björgunarlauna, að upphæð kr. 20000.00 auk 6% ársvaxta frá stefnudegi til greiðsludags svo og málskostnaðar að skaðlausu eftir mati dómsins. Enn fremur er þess krafizt, að viðurkenndur sé sjóveðréttur í vélbátnum Erni G.K. 285 fyrir hinum dæmdu fjárhæðum.

Stefndur mótmælir kröfum stefnandans og krefst sýknu af kröfu um greiðslu björgunarlauna og málskostnaðar og að stefnda verði aðeins gert að greiða stefnanda hæfilega þóknun fyrir aðstoð, ekki yfir 800 kr., og stefnanda enn fremur gert að greiða honum hæfilegan málskostnað.

Málavextir eru þeir, að 28. ágúst 1943 var vélskipið Skeljungur, eign stefnandans, h/f Shell á Íslandi, á leið frá Ísafirði til Skerjafjarðar. Kl. 1 s. d. sama dag var skipið statt 10 sjóm. frá Gróttu og fékk þá tilkynningu frá Slysavarnafélaginu um, að bátur væri með bilaða vél 20—22 sm. N V frá Hafnarfirði, og var beðið að veita bátnum aðstoð.

Skeljungur sneri nú við og hélt á staðinn, sem til var vísað, en báturinn sást ekki. Eftir nokkra leit fannst hann, og kom Skeljungur að bátnum kl. 4.50 síðdegis 27 sm. N V af Gróttuvita. Bátur þessi reyndist að vera v/b Örn G. K. 285 frá Hafnarfirði. Var nú komið dráttartaugum frá Skeljungi í v/b Örn og því næst lagt af stað kl. 6 e. h. með bátinn í eftirdragi og haldið til Hafnarfjarðar. Var komið þangað um klukkan eitt um nóttina og báturinn bundinn þar við bryggju. Þar sem dimmt var af nóttu, beið Skeljungur fram undir birtingu, en hélt síðan til Skerjafjarðar, og er þangað kom, höfðu farið 17 klst. í að veita fyrrgreinda hjálp.

Þegar þetta gerðist, var vindur austan 3—4 stig og sjólag 4.

Stefnandinn heldur því fram, að um hafi verið að ræða fullkomna björgun, þar sem v/b Örn hafi verið með öllu ósjálfbjarga og rekið fyrir straumi og vindi, þegar Skeljungur kom að.

V/b Örn var með ca. 40 tunnur af nýveiddri síld, en báturinn ásamt veiðarfærum er metinn samkvæmt framlagðri matsgerð á kr. 146230.00. En Skeljungur hefur samkvæmt uppgjöf stefnandans verið metinn á kr. 740000.00 í björgunarlaun í sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur.

Heldur stefnandinn því fram með hliðsjón af verðmætum þessum, að stefnukröfu máls þessa sé mjög í hóf stillt, og hefur til samanburðar vitnað í hæstaréttardóma í björgunarmálum.

Stefndur hefur hins vegar algerlega mótmælt því, að hér sé um björgun að ræða. Hin veitta hjálp sé aðeins venjuleg aðstoð og fullyrðir, að hæfileg þóknun fyrir hana sé 800 kr. í hæsta lagi. Það hefði verið hægðarleikur fyrir v/b Örn að komast til hafnar á seglum, eins og vindi og veðri var þá háttað. Því til stuðnings vitnar hann í framlagt vottorð skipaskoðunarmanns þess, er skoðað hafði bátinn í ágúst 1943 (rskj. nr. 8a), um það, að báturinn hafi fullnægt skilyrðum þeim, sem lög fyrirskipuðu um seglaútbúnað slíkra báta, og telur skipaskoðunarmaðurinn, að enda þótt vél hefði bilað í bátnum við veiðar hér í „flóanum", þá hefði hann átt að komast hjálparlaust að landi í öllu sæmilegu veðri að sumarlagi.

Með skírskotun til framanritaðs vottorðs skipaskoðunarmannsins og að því athuguðu, að veður var gott, er umrædd hjálp var veitt, féllst rétturinn á þá skoðun stefnds, að eigi hafi verið hér um björgun að ræða. Hins vegar verður að telja, að v/s Skeljungur hafi veitt v/b Erni allverðmæta aðstoð, þar sem báturinn hafði auk annars verðmætis meðferðis nýveidda síld, sem metin hefur verið á 2000 kr. og lá undir skemmdum.

Með hliðsjón af því og þeim tíma, sem til aðstoðarinnar fór og virðist réttlættur með framburði vitna, sem leidd hafa verið í málinu, og að því athuguðu, að upplýst er, að rekstrarkostnaður v/s Skeljungs er á sólarhring kr. 2000.00, þykir þóknun stefnanda fyrir hina veittu aðstoð hæfilega ákveðin kr. 4000.00.

Þá ber og að taka til greina kröfu stefnandans um tildæmdan málskostnað, er þykir hæfilega metinn kr. 700.00.

Enn fremur skal til greina tekin krafa stefnandans um sjóveðrétt í v/b Erni G.K. 285 fyrir hinum tildæmdu fjárhæðum.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Óskar Jónsson f. h. h/f Gísla Súrssonar, greiði stefnandanum, Hallgrími Fr. Hallgrímssyni f. h. h/f Shell á Íslandi, kr. 4000.00 með 6% ársvöxtum frá 13. júní 1944 til greiðsludags og kr. 700.00 í málskostnað allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Jafnframt hefur stefnandinn sjóveðrétt í v/b Erni G.K. 285 fyrir hinum tildæmdu fjárhæðum.

Miðvikudaginn 14. nóvember 1944.

Nr. 42/1945. **Garðar Jónsson** (Stefán Jóh. Stefánsson)
gegn
Skipaútgerð ríkisins (Ólafur Þorgrímsson).

Setudómari hrl. Einar B. Guðmundsson í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Ágreiningur um skiptingu bjarglauna milli skipverja.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 23. marz þ. á., að fengnu áfrýjunarleyfi 14. s. m., gerir þær kröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 183.52 með 5% ársvöxtum frá 1. febrúar 1941 til greiðsludags og málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar. Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 500.00.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Garðar Jónsson, greiði stefnda, Skipaútgerð ríkisins, kr. 500.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 4. október 1944.

Mál þetta, sem dómtekið var 29. f. m., hefur Garðar Jónsson bátsmaður hér í bæ höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu, útgefinni 12 apríl s. l., gegn Skipaútgerð ríkisins hér í bæ til greiðslu eftirstöðva björgunarlauna, að fjárhæð kr. 504.52, sem stefnandi hefur síðan lækkað í kr. 183.52, ásamt 5% ársvöxtum frá 1. febr. 1941 til greiðsludags og málskostnaðar eftir mati dómsins. Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar sér til handa.

Málsatvik eru þau, að í janúarmánuði 1941 bjargaði e/s Súðin, sem er eign stefnda, farmi úr e/s Wirta. Voru e/s Súðinni dæmd björgunarlaun, en stefnandi, sem var skipverji á e/s Súðinni, þegar björgunin var innt af hendi, telur sig ekki hafa fengið sinn hluta björgunarlaunanna að fullu greiddan.

Stefnandi byggir kröfu sína á því, að samanlagt mánaðarkaup hans — grunnlaun ásamt föstum aukatekjum, dýrtíðaruppbót og yfirvinnukaupi, hafi að meðaltali verið kr. 812.09 um það leyti, sem björgunin var innt af hendi. Og samkvæmt því verði hlutur hans í björgunarlaunum kr. 504.52, en stefndi hafi einungis greitt kr. 321.00, og þá miðað við, að mánaðarkaupið hafi verið kr. 276.50. Stefndi hafi þannig sleppt yfirvinnu hans við útreikninginn, og valdi það mismuninum kr. 183,52. Telur stefnandi, að leggja beri til grundvallar við skiptingu björgunarlaunanna allt það kaup, er hann bar úr býtum, um það leyti sem björgunin var leyst af hendi, enda hafi hann gert fyrirvara við viðtöku fjárhæðarinnar, kr. 321.00.

Stefndi hefur fyrst og fremst krafizt sýknu vegna aðildarskorts. Telur hún, að engin skylda hvíli á sér til að annast skiptingu á björgunarhlut skipverja, enda kveðst hún engin afskipti hafa af því haft, önnur en þau að annast innheimtu björgunarlaunanna og afhenda síðan skipstjóra e/s Súðarinnar hlut skipverja. Skipstjóri hafi skipt þessum hluta björgunarlaunanna, og beri því að beina málinu gegn honum. Í öðru lagi byggir stefndi sýknukröfu sína á því, að jafnvel þótt talið yrði, að hún væri réttur aðili þessa máls, þá hafi stefnandi glatað rétti sínum vegna vangæzlu. Stefnandi gerði fyrrgreindan fyrirvara í júlímánuði 1942, en mál

þetta sé fyrst höfðað í apríl 1944, eins og fyrr greinir. Þessi fyrirvari sé auk þess allt of óákveðinn, þar sem ekki sé greint, að hverju hann beinist. Loks telur stefndi, að grundvöllur sá, er byggt var á við skiptingu björgunarlaunanna, sé réttur, þar sem yfirvinna geti ekki talizt til mánaðarkaups í þessu sambandi.

Með tilvísun til 233. gr. siglingalaganna verður ekki á það fallizt, að stefndi, sem sótti mál til heimtu björgunarlaunanna, sé ekki réttur aðili þessa máls. Ekki verður heldur talið, að stefnandi hafi glatað rétti sínum vegna vangæzlu, þar sem hann höfðaði mál þetta innan fyrningarfrests stefnukröfunnar, enda verður að líta svo á, að fyrirvari hans hafi eftir atvikum verið nægilega ákveðinn. Þessar sýknukröfur stefnda verða því ekki teknar til greina. Í 233. gr. siglingalaganna er svo ákveðið, að hluta skipshafnar í björgunarlaunum skuli „skipta milli hennar að réttri tiltölu við kaup manna á skipinu". Dómurinn verður að líta svo á, að siglingalögin eigi í þessu sambandi einungis við fast kaup og fastar aukatekjur, en ekki kaup fyrir yfir- eða eftirvinnu. Eru slíkar tekjur svo óvissar og svo mjög undir tilviljun komnar, að það myndi raska réttlátri skiptingu björgunarlauna milli skipverja, ef skipting launanna ætti einnig að byggjast á þeim.

Stefnandi þykir þannig ekki eiga rétt til hinnar umstefndu kröfu úr hendi stefnda, og verður sýknukrafan því tekin til greina. Eftir öllum atvikum þykir þó rétt, að málskostnaður falli niður.

Dóm þenna hafa kveðið upp þeir Árni Tryggvason borgardómari, Þorgrímur Sigurðsson skipstjóri og Þorsteinn Þorsteinsson hagstofustjóri.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Skipaútgerð ríkisins, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Garðars Jónssonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 14. nóvember 1945.

Nr. 103/1945. Jón Gauti Jónatansson
gegn
Ingólfi Gíslasyni.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Jón Gauti Jónatansson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 16. nóvember 1945.

Nr. 1/1945. **Anna P. Helgadóttir** (Eggert Claessen)
gegn
Einari M. Einarssyni og gagnsök
(Sigurgeir Sigurjónsson).

Búskipti hjóna. Ágreiningur um séreign.

Dómur hæstaréttar.

Kristján Kristjánsson, borgarfógeti í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 2. janúar þ. á. Krefst hún þess, að ákvæði hins áfrýjaða úrskurðar um húsmuni í búi aðilja verði staðfest, en hálf húseignin nr. 10 við Grundarstíg í Reykjavík verði dæmd séreign hennar. Hún krefst og málskostnaðar fyrir báðum dómum úr hendi gagnáfrýjanda eftir mati hæstaréttar.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 15. febrúar þ. á.

Hann gerir þær dómkröfur:

1) að ákvæði hins áfrýjaða úrskurðar um eignarrétt að hálfri húseigninni nr. 10 við Grundarstíg verði staðfest.
2) að áletraðir munir, vindlakassi og vindlingaveski úr silfri, er greinir í viðbótarkaupmála frá 21. október 1932, verði dæmdir séreign hans.
3) aðallega að allir aðrir húsmunir aðilja, en til vara, að húsmunir þeir, er eigi eru greindir í kaupmálum, komi til jafnra skipta.

Svo krefst hann málskostnaðar fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Það verður ekki talið sannað, að húseign sú, er í málinu greinir, hafi verið fengin fyrir séreign aðaláfrýjanda, sbr. 3. tölulið 23. gr. laga nr. 20/1923, og ekki var eign þessi gerð séreign hennar með kaupmála, sbr. 29. gr. sömu laga. Ber því að staðfesta að efni til ákvæði hins áfrýjaða úrskurðar um húseign þessa.

Ekkert hefur komið fram, er hnekki gildi kaupmála þeirra, er aðiljar gerðu með sér 18. nóvember 1929 og 21. október 1932. Eru því húsmunir þeir, er þar eru taldir, þ. á m. áður nefndir silfurmunir, séreign aðaláfrýjanda. Hins vegar eiga húsmunir aðilja, sem eigi eru greindir í kaupmálanum og um er deilt, að koma til jafnra skipta.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Það er aðfinnsluvert, að skiptaráðandinn hefur við meðferð málsins eigi fyllilega gætt ákvæða 105., 106., 109. og 110. gr. sbr. 223. gr. laga nr. 85/1936.

Því dæmist rétt vera:

Hálf húseignin nr. 10 við Grundarstíg í Reykjavík á að koma til jafnra skipta milli aðilja, Önnu P. Helgadóttur og Einars M. Einarssonar.

Húsmunir, sem taldir eru í kaupmálum aðilja frá 18. nóvember 1929 og 21. október 1932, eru séreign aðaláfrýjanda, Önnu P. Helgadóttur. En öðrum húsmunum aðilja, sem um er deilt, skal skipt að jöfnu milli þeirra.

Málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti fellur niður.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 16. desember 1944.

Í skiptaréttarmáli þessu, sem tekið var undir úrskurð 29. f. m., er ágreiningur milli aðiljanna, Einars M. Einarssonar fyrrv. skipherra, Grundarstíg 10 hér í bæ, og konu hans, frú Önnu Petreu Helgadóttur, sama stað, um skiptingu eigna þeirra, en þau hafa áformað að skilja að borði og sæng. Telur konan, að hún eigi séreign alla húsmuni, sem í búinu eru samkvæmt kaupmála, gerðum 18. nóvember 1929, og viðbótarkaupmála, dagsettum 22. október 1932. Þá telur hún og, að ½ húseignin nr. 10 við Grundarstíg sé séreign sín og félagsbúinu óviðkomandi, og hefur hún mótmælt því, að nefndar eignir verði skrifaðar upp.

Maðurinn heldur því hins vegar fram, að umræddir kaupmálar hafi aðeins verið gerðir í því augnamiði að tryggja konunni húsmunina gagnvart öðrum erfingjum eftir sinn dag, en alls ekki ætlazt til þess, að þeir giltu milli hjónanna, ef til hjónaskilnaðar kæmi. Hefur hann gert þá aðalkröfu í málinu, að allt það, sem

tilgreint er í kaupmálunum, verði skrifað upp og skipt að jöfnu milli hjónanna eða að minnsta kosti þeir munir, sem eigi eru sérstaklega tilgreindir í kaupmálanum, en til vara, að hann fái silfurmuni þá, sem greindir eru í viðbótarkaupmálanum, enda beri munir þessir það með sér samkvæmt áletrun á þá, að þeir séu heiðursgjafir til sín persónulega fyrir vel unnin störf í þágu gefendanna. Þá hefur hann og fastlega haldið því fram, að ½ húseignin Grundarstígur 10 sé eign félagsbúsins.

Aðiljar hafa hvor um sig krafizt málskostnaðar.

Í kaupmála aðiljanna, dagsettum 18. nóv. 1929, eru allir innanstokksmunir, hverju nafni sem nefnast og tilgreindir eru á viðfestum lista, séreign konunnar og einnig þau húsgögn og innbú, sem þau í framtíðinni kunna að eignast. Með kaupmála þessum gefur maðurinn jafnframt konunni 2000 krónur í peningum, og er henni heimilt að ráða yfir þeim sem sinni séreign, og skal allt það, er hún kann að kaupa fyrir þá peninga, og vera séreign hennar. Með viðbótarkaupmála, dagsettum 21. október 1932, verður og séreign konunnar auk ýmissa innanstokksmuna meðal annars vindlakassi og vindlaveski úr silfri, en það eru áletraðir munir þeir, sem manninum voru gefnir sem heiðursverðlaun fyrir vel unnin störf í þágu gefendanna og varakrafa hans nær til.

Telja verður, að umræddir kaupmálar séu gildur samningur milli aðiljanna eigi aðeins um þær eignir, sem beinlínis eru taldar þar upp, heldur líka þá húsmuni, sem þau hafa eignazt í hjúskap sínum, og þau verðmæti, er konan kann að hafa aflað sér fyrir þær 2000 krónur, er kaupmálinn getur um, enda er með öllu ósannað gegn neitun konunnar, að samið hafi verið um nokkrar takmarkanir á gildi kaupmálans. Eigi verður heldur talið, að máli skipti, þótt nafn mannsins sé skráð á muni þá, sem í kaupmála greinir, og þótt þeir séu persónulegar gjafir til hans, því ekki er annað séð en hann hafi haft fullkominn ráðstöfunarrétt yfir þeim sem öðrum eignum sínum. Verður því að fallast á þá kröfu konunnar, að húsmunir þeir, er getið er í skiptaréttinum 22. september síðastliðinn, séu hennar séreign og verði eigi skrifaðir upp né skipt sem félagseign aðiljanna, og er því hvorki aðalkrafa né varakrafa mannsins í því efni tekin til greina.

Það er fram komið í skjölum málsins, að fröken Hólmfríður Helgadóttir, Grundarstíg 10, keypti á árinu 1928 alla húseignina nr. 10 við Grundarstíg af þáverandi eiganda hennar, Magnúsi Péturssyni bæjarlækni, og mun afsal hafa verið gefið út fyrir eigninni, án þess þó að það væri þinglesið. Þann 22. nóvember 1929 afsalar Magnús Pétursson bæjarlæknir systrunum, áðurgreindri Hólmfríði og Önnu systur hennar, konu Einars M. Einarssonar, þessari sömu húseign, og mun þá fyrra afsalið hafa verið eyðilagt, en afsal þetta var þinglesið á bæjarþingi Reykjavíkur 28.

sama mánaðar. Heldur konan því fram, að hún hafi keypt eign þessa fyrir þær 2000 krónur, er hún eignaðist sem séreign, þegar kaupmálinn frá 18. nóvember 1929 var gerður, og sé hálf húseignin því séreign sín og félagsbúinu óviðkomandi. Styður hún mál sitt við framtal eiginmanns síns til tekju- og eignarskatts, þar sem sum árin er skráð, að húseignin sé séreign konu. Þá hefur hún og stutt mál sitt með vottorði Eyjólfs Kolbeins, mágs síns, en hann hefur haldið því fram, að það hafi verið beinlínis svo um talað, að sá helmingur húseignarinnar, sem afsalaður var konunni, skyldi vera séreign hennar.

Maðurinn hefur hins vegar haldið því fram, að húseign þessi væri eign félagsbúsins, enda myndi eignin að sjálfsögðu hafa verið tekin upp í annan hvorn kaupmálann, ef tilætlunin hefði verið sú, að hún yrði séreign konunnar. Neitar hann því með öllu, að þær 2000 krónur, er greinir í kaupmálanum, hafi verið greiddar upp í kaupverð hússins, og heldur hann því fram, að konan hafi aldrei fengið þessa peninga. Telur hann, að þessi helmingur hússins hafi verið skráður á nafn konunnar í þeirri trú, að skattar yrðu við það lægri á félagsbúinu, en alls ekki í þeim tilgangi, að það yrði séreign konu sinnar, enda hafi hann alla tíða séð um greiðslur af áhvílandi lánum, bæði vexti og afborganir, og greitt það úr eigin vasa og þar með taldar þær 9000 krónur, sem hann greiddi af áhvílandi láni við Landsbanka Íslands 15. maí 1931. Þá telur hann og, að framtöl sín til tekju- og eignarskatts geti eigi ráðið neinum úrslitum í máli þessu, og hefur hann mótmælt framburði Eyjólfs Kolbeins hér fyrir réttinum sem röngum, að því er snertir eignarréttinn að húshelmingnum.

Það er komið fram í máli þessu, að ½ húseignin nr. 10 við Grundarstíg er á nafni konunnar og hefur verið alla tíð, frá því að afsal var gefið þann 22. nóv. 1929. Hins vegar hafa hjónin ekki getið húseignarinnar í kaupmálanum frá 18. s. m. né heldur í viðbótarkaupmálanum frá 21. okt. 1932. Það er ósannað, að konan hafi lagt fram af sinni séreign fé til kaupanna, en aftur á móti fram komið, að maðurinn hefur staðið straum af öllum greiðslum af húsinu. Framtal mannsins til tekju- og eignarskatts fyrir árin 1929—1944, að báðum meðtöldum, er á reiki, hvað snertir eignarrétt að þessum helming húseignarinnar. Á sumum skýrslum er húseignin talin séreign konu, en á sumum þeirra er hvergi á það minnzt, og síðustu árin 1940 til 1944 er húseignin ekki talin séreign konu.

Samkvæmt því, sem hér að framan segir, verður að telja, að umræddur húshelmingur sé eign félagsbús hjónanna og beri því að skrifa upp og taka til skiptameðferðar sem sameign þeirra.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Allir húsmunir í búi hjónanna Einars M. Einarssonar og Önnu Petreu Helgadóttur skulu teljast séreign konunnar og félagsbúi þeirra óviðkomandi.

Hálf húseignin Grundarstígur 10 skal teljast eign félagsbúsins og takast til skiptameðferðar sem sameign hjónanna.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 19. nóvember 1945.

Nr. 63/1945. **Réttvísin og valdstjórnin**
(Stefán Jóhann Stefánsson)
gegn
Stefáni Agnari Magnússyni, Halldóri Randver Þorsteinssyni, Haraldi Þorsteinssyni og Snorra Sturlusyni (Egill Sigurgeirsson).

Setudómari próf. Ísleifur Árnason í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Fjársvik, skjalafals, þjófnaður og ólögleg áfengisneyzla.

Dómur hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó svo, að refsing ákærða Halldórs Randvers Þorsteinssonar verði fangelsi 5 mánuði og ákærða Haralds Þorsteinssonar fangelsi 6 mánuði.

Ákærðu Stefán Agnar Magnússon, Halldór Randver Þorsteinsson og Haraldur Þorsteinsson greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 500 krónur til hvors.

Það er aðfinnsluvert, að rannsókn málsins er ekki svo rækileg sem skyldi. Ekki sést, að sakborningum hafi verið stíað í sundur, meðan á rannsókn stóð, og hvorki hafa þeir verið samprófaðir nægilega sín á milli né við kærandann, Þorstein Þorsteinsson.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að refsing ákærða Halldórs Randvers Þorsteinssonar verði fangelsi 5 mánuði og refsing ákærða Haralds Þorsteinssonar fangelsi 6 mánuði.

Ákærðu Stefán Agnar Magnússon, Halldór Randver Þorsteinsson og Haraldur Þorsteinsson greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Stefáns Jóhanns Stefánssonar og Egils Sigurgeirssonar, 500 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 19. marz 1945.

Ár 1945, mánudaginn 19. marz, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Jónatan Hallvarðssyni sakadómara upp kveðinn dómur í málinu nr. 570—573/1945: Réttvísin og valdstjórnin gegn Stefáni Agnari Magnússyni, Haraldi Þorsteinssyni, Halldóri Randver Þorsteinssyni og Snorra Sturlusyni, sem tekið var til dóms hinn 12. sama mánaðar.

Mál þetta er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Stefáni Agnari Magnússyni matsveini, Ingólfsstræti 7b, Haraldi Þorsteinssyni verkamanni, Bergþórugötu 41, Halldóri Randver Þorsteinssyni sjómanni, Laugaveg 147, og Snorra Sturlusyni verkamanni, Skólavörðuholti 61, fyrir brot gegn XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940 og áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935 og gegn þremur hinum fyrrnefndu fyrir brot gegn XVII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940.

Ákærður Stefán Agnar Magnússon er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 27. nóvember 1916, og hefur, svo kunnugt sé, sætt þessum kærum og refsingum:

1932 $2\frac{1}{3}$ Undir rannsókn út af meintri þátttöku í bílþjófnaði. Sök sannaðist ekki, og málið féll niður.

1933 $2\frac{9}{12}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur: 4 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og greiði skaðabætur fyrir skjalafals, svik og þjófnað.

1935 $3\frac{1}{4}$ Sátt: 10 kr. sekt fyrir brot á lögreglusamþykkt Reykvíkur.

1935 $1\frac{4}{8}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur: 8 mánaða betrunarhúsvinna fyrir gripdeild.

Dómur hæstaréttar í sama máli $\frac{9}{10}$ 1935: Refsiákvæði

staðfest. Brotið heimfært undir 239. gr. alm. hegningarlaga, sbr. 6. gr. laga nr. 51 1928 og 55. gr. alm. hegningarlaga.

1940 $^{9}/_{1}$ Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1940 $^{14}/_{5}$ Sátt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1940 $^{15}/_{5}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur: 6 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

1940 $^{12}/_{12}$ Sátt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1941 $^{13}/_{3}$ Sátt: 25 kr. sekt fyrir ölvun og árás. Lofaði skaðabótum, kr. 11.00.

1941 $^{30}/_{9}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur: 8 mánaða fangelsi. Sviptur kosningarétti og kjörgengi fyrir brot gegn 244. sbr. 255. gr. hegnl. nr. 19 1940.

1941 $^{12}/_{11}$ Sátt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1941 $^{8}/_{12}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur: 15 mánaða fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi fyrir brot á 244. gr., 248. gr., með hliðsjón af 77. gr. 1. mgr. og 255 gr. hegnl. nr. 19 1940.

1942 $^{23}/_{11}$ Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1942 $^{14}/_{12}$ Kærður fyrir ölvun á lokuðum dansleik. Fellt niður.

1944 $^{17}/_{2}$ Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1945 $^{15}/_{1}$ Dómur aukaréttar: 6 mánaða fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi fyrir brot gegn 248. gr. hegningarlaganna.

Ákærður Haraldur Þorsteinsson er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 20. febrúar 1923, og hefur, svo kunnugt sé, sætt þessum kærum og refsingum:

1937 $^{4}/_{3}$ Kærður fyrir svik og þjófnað. Afgr. til barnav.n.

1938 $^{26}/_{9}$ Áminning fyrir brot gegn 50. gr. a-lið lögr.sþ. Reykjavíkur.

1942 $^{11}/_{5}$ Sátt: 100 kr. sekt fyrir brot gegn 4. mgr. 20. gr. bifreiðalaganna.

1942 $^{9}/_{10}$ Sátt: 40 kr. sekt fyrir að hafa 2 farþega í framsæti bifreiðar og ljósleysi og afturnúmersleysi á bifreið.

1943 $^{6}/_{7}$ Dómur aukaréttar: 30 daga fangelsi skilorðsbundið, sviptur kosningarétti og kjörgengi fyrir brot gegn 247. gr. hegningarlaganna.

1943 $^{3}/_{11}$ Dómur sama réttar: 45 daga fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi fyrir brot gegn 248. gr. hegningarlaganna.

1945 $^{15}/_{1}$ Sátt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Ákærður Halldór Randver Þorsteinsson er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 26. september 1924, og hefur, svo kunnugt sé, sætt þessum kærum og refsingum:

1941 $^{16}/_{10}$ Sátt: 300 kr. sekt og in solidum 85 kr. skaðabætur fyrir

brot gegn 217. gr. hegnl., 18. gr. áfengislaganna og 3. gr. lögr.sþ. Rvíkur.

1941 4/11 Sátt: 5 kr. sekt fyrir brot gegn c-lið 50. gr. lögr.sþ. Rvíkur.

1943 25/3 Dómur aukaréttar: 3ja mánaða fangelsi skilorðsbundið, sviptur kosningarétti og kjörgengi fyrir brot gegn 26. kafla hegningarlaganna.

1943 6/11 Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1944 1/3 Dómur aukaréttar: 30 daga fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi fyrir brot gegn 248. gr. hegnl. og 17. gr. áfengislaganna.

1944 15/11 Sátt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1945 4/1 Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1945 5/1 Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun og slagsmál.

Ákærður Snorri Sturluson er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 10. febrúar 1921, og hefur, svo kunnugt sé, sætt þessum kærum og refsingum:

1934 8/1 Áminning fyrir rúðubrot og spellvirki á húsi. Lofaði skaðabótum.

1934 15/5 Kærður fyrir töku á reiðhjóli. Afgr. til barnaverndarnefndar.

1935 22/10 Kærður fyrir töku á reiðhjólshlutum. Afgr. til barnaverndarnefndar.

1936 20/7 Kærður fyrir þjófnað á 10 krónum. Málinu lokið með því, að kærður skilaði þýfinu.

1937 5/1 Kærður fyrir þjófnað. Afgr. til barnaverndarnefndar.

1941 11/1 Sátt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1941 10/2 Sátt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1941 2/6 Sátt: 10 kr. sekt fyrir brot gegn 3. gr. lögr.sþ. Rvíkur.

1941 4/7 Sátt: 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1941 12/11 Sátt: 100 kr. sekt og kr. 269.50 í skaðabætur fyrir ölvun og óspektir.

1943 2/6 Dómur lögregluréttar: 250 kr. sekt fyrir að neyta áfengis við bifreiðaakstur. Sviptur ökuskírteini í 3 mánuði.

1944 1/3 Dómur aukaréttar: 30 daga fangelsi skilorðsbundið. Sviptur kosningarétti og kjörgengi fyrir brot gegn 248. gr. hegningarlaganna og 17. gr. áfengislaganna.

1944 2/6 Sátt: 75 kr. sekt fyrir að aka bifreið með lélega hemla og ófullnægjandi ljós.

1944 30/10 Dómur aukaréttar: 30 daga fangelsi og skaðabætur, kr. 2043.00, fyrir brot gegn 217. gr. hegningarlaganna, 18. gr. áfengislaganna og 3. og 7. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.

I.

Síðari hluta dags hinn 13. f. m. sátu ákærðir saman við borð í veitingahúsinu Ingólfskaffi hér í bænum og voru undir áhrifum

áfengis. Þá vantaði peninga fyrir meira áfengi. Ákærður Stefán Agnar fór þá í síma, sem er í veitingahúsi þessu, og hringdi upp Þorsteinn Þorsteinsson kaupmann í verzluninni Vík, Laugavegi 52. Sagðist ákærður í símtali þessu heita Guðjón Jónsson og vera matsveinn á togaranum Rán, sem væri nýkominn frá Englandi. Kvaðst hann hafa komið með í ferðinni tvö gólfteppi og eitthvað fleira, sem hann vildi selja, en sig vantaði peninga til að greiða tollinn af munum þessum. Þorsteinn sagði ákærðum að koma til sín til viðtals um þetta.

Áður en símtalið fór fram, hafði borizt í tal við borð ákærðra að útvega þyrfti peninga, og hefur ákærður Halldór Randver borið, að ákærður Stefán Agnar hafi sagt, að hann gæti alltaf fengið lánaða peninga, svo að þeir gætu haft nóg að drekka allt kvöldið. Á þessu stigi kom eigi til orða skröksaga sú, er ákærður Stefán Agnar sagði Þorsteini í símanum. Ákærður Stefán Agnar heldur því fram í upphafi, að hinir ákærðir hafi heyrt það, sem hann sagði í símann, en dregur þó úr þessu síðar og kveðst þá ekki vita, hvort þeir hafi heyrt það. Hinir neita því allir eindregið, að hafa heyrt þetta, og milli símatækisins, sem ákærður Stefán Agnar talaði í, og borðsins, sem hinir ákærðir sátu við, mun vera nokkur spölur. Er því ósannað, að hinir hafi heyrt símtal ákærðs Stefáns Agnars. Eftir símtalið talaði ákærður Stefán Agnar ekki um þetta við félaga sína, annað en að þeir skyldu ganga með sér inn að verzluninni Vík, og gerðu þeir það. Ákærðir Stefán Agnar og Halldór Randver gengu saman á undan, en hinir saman á eftir. Á leiðinni nefndi ákærður Stefán Agnar ekki við ákærðan Halldór Randver, að hann ætlaði að svíkja peninga út úr Þorsteini kaupmanni, en hann kveðst hafa sagt við hann, að peninga yrðu þeir að fá, hvað sem það kostaði, og hafi ákærður Halldór Randver verið því samþykkur. Þegar inn að verzluninni Vík kom, fóru ákærðir Stefán Agnar og Halldór Randver inn í skrifstofu til Þorsteins kaupmanns, en hinir ákærðir biðu úti. Þegar inn í skrifstofuna kom, settust ákærðir Stefán Agnar og Halldór Randver sinn hvorum megin við borð, og gat sá fyrrnefndi þess strax við Þorstein, að hann hefði tekið kyndarann með, og átti með því við þann síðarnefnda. Þetta kveðst ákærður Halldór Randver ekki hafa undrazt sökum þess, að hann hafi eitt sinn verið kyndari á erlendu flutningaskipi. Ákærður Stefán Agnar sagðist koma í sambandi við símtalið, og spurði þá kaupmaðurinn hann um varninginn. Tóku nú kaupmaðurinn og ákærður Stefán Agnar að ræða um varninginn, kaupmaðurinn að skrifa hann hjá sér og ákærður að reikna út. Ákærður Stefán Agnar beindi þeirri spurningu til ákærðs Halldórs Randvers, hvað hann teldi marga metra vera í vörustranga, sem ákærðum Halldóri Randver skildist vera kjólaefni. Ákærður Halldór Randver kveðst ekki hafa vitað, hverju svara skyldi, og engu

hafa svarað. Þorsteinn kaupmaður hefur borið, að ákærður Stefán Agnar hafi borið það undir ákærðan Halldór Randver, hvað gólfteppin væru stór og hvort þau mundu komast fyrir þar á skrifstofugólfinu, og hafi þá ákærður Halldór Randver látið í ljós, að hann héldi, að þau myndu eigi komast þar fyrir. Ákærður Halldór Randver minnist ekki þessa, en ákærðan Stefán Agnar minnir, að þetta gerðist. Ákærður Stefán Agnar bað nú Þorstein um 500 krónur og fékk þær og undirritaði kvittun fyrir þeim með nafninu Guðjón Jónsson, s/s Rán. Ákærðir eru á einu máli um, að ákærður Halldór Randver hafi ekki séð kvittunina og að ákærður Stefán Agnar hafi ekki sagt honum, að hann hefði gefið upp rangt nafn. Ákærðir fóru nú út með peningana og hittu þar ákærðu Harald og Snorra, og eyddu þeir peningunum um kvöldið í áfengi og bílferðir. Ákærðan Harald minnir, að ákærður Stefán Agnar segði, er hann kom út frá Þorsteini kaupmanni, að hann hefði fengið 200 krónur að láni, og hefur ákærður Stefán Agnar samsinnt þessu. Ákærður Stefán Agnar bar upphaflega, að hann hafi sagt félögum sínum allt af létta um, hvernig hann aflaði peninganna, en síðar tekur hann þá staðhæfingu aftur. Það er því ósannað gegn andmælum hinna, að ákærður Stefán Agnar hafi sagt þeim þetta. Daginn eftir hittust ákærðir allir. Þá símaði ákærður Stefán Agnar til Þorsteins kaupmanns og sagði sig vanta meiri peninga til að greiða með toll af teppunum. Var það þá úr, að ákærður ritaði miða til Þorsteins, þar sem hann bað um 300 krónur. Ber ákærður Halldór Randver, að ákærður Stefán Agnar hafi beðið ákærðan Snorra að fara með miðann, en Snorri ekki viljað það. Ekki man ákærður Snorri þetta, og er þetta ósannað. Ákærður Stefán Agnar fékk nú ákærðan Harald til að fara með miðann í umslagi til Þorsteins, og vissi ákærður Haraldur ekki, hvað á miðanum stóð. Þorsteinn fékk ákærðum Haraldi 300 krónur og ritaði kvittun fyrir þeim og bað ákærðan að undirrita hana, og ritaði ákærður þá undir hana: Bjarni Sigurjónsson, Bergþórugötu 63. Hann vissi, að hús þetta er ekki til, og með nafninu átti hann ekki við neinn sérstakan. Ber þessi ákærður, að sökum þess, að ákærður Stefán Agnar vildi ekki fara með miðann sjálfur, hafi sig grunað, að einhver svik væru í tafli með peninga þá, er hann hafði fengið hjá Þorsteini, og af þessum sökum kveðst Haraldur hafa ritað hið ranga nafn undir kvittunina. Ákærður Haraldur færði nú ákærðum Stefáni Agnar peninga þessa, og var útvegað áfengi fyrir þá. Síðar um daginn óku ákærðir í bifreið um bæinn og komu þá við í verzluninni Vík. Þá fór ákærður Stefán Agnar þangað inn á fund Þorsteins kaupmanns og fékk hjá honum 400 krónur út á gólfteppin og kvittaði fyrir þeirri upphæð með nafninu Guðjón Jónsson, s/s Rán, og gaf upp heimilisfang sitt á Öldugötu 26 og símanúmerið 4987. Þessum peningum eyddu ákærðir einnig í áfengi. Um kvöldið

bað ákærður Stefán Agnar ákærðan Harald að síma til Þorsteins kaupmanns og skýra honum frá, að Guðjón, matsveinn á togaranum Rán, væri farinn til Keflavíkur með togaranum og gæti ekki komið með teþpin fyrr en seinna.

Allt, er ákærður Stefán Agnar sagði Þorsteini kaupmanni um sig og vörurnar, voru ósannindi, sögð í því skyni að ginna hann til að láta sig fá peninga. Með þessu atferli og ritun hins ranga nafns undir kvittanirnar hefur þessi ákærður gerzt brotlegur við 155. gr. 1. mgr. og 248. gr. almennra hegningarlaga. Háttsemi ákærðs Haralds síðari daginn þykir varða við sömu greinar, sbr. 22. gr. hegningarlaganna varðandi svikin. Þrátt fyrir neitun ákærðs Halldórs Randvers um að hafa vitað um svikin við Þorstein, þykir vera hans með ákærðum Stefáni Agnari inni hjá Þorsteini fyrri daginn og framkoma hans yfirleitt vera þannig, að hann hafi vitað, að um svik var að ræða, og hefur hann því með þátttöku sinni í þeim gerzt sekur við 248. sbr. 22. gr. almennra hegningarlaga. Hins vegar þykir eigi sannað, að ákærður Snorri hafi gerzt brotlegur við lög með þátttöku sinni í þeim atburðum, er lýst hefur verið.

Ákærðir hafa allir játað, að þeir hafi neytt áfengis inni í veitingastofum báða nefnda daga, og hafa þeir með því gerzt brotlegir við 17. gr. 1. mgr. sbr. 37. gr. 1. mgr. áfengislaga nr. 33 9. janúar 1935.

II.

Fyrri daginn, þegar ákærðir voru að leggja af stað frá Ingólfskaffi inn að verzluninni Vík, tók ákærður Haraldur að ófrjálsu gamlan rykfrakka, er hékk inni í veitingahúsinu, og hafði á brott með sér, Síðar lánaði hann ákærðum Stefáni Agnari frakkann. Frakkinn hefur komizt til skila. Með töku frakkans hefur ákærður Haraldur gerzt brotlegur við 244. gr. almennra hegningarlaga.

III.

Með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga og fyrri brotum ákærðra Stefáns Agnars, Haralds og Halldórs Randvers þykja refsingar þeirra fyrir framangreind brot hæfilega ákveðnar þessar:

Refsing ákærðs Stefáns Agnars fangelsi í 1 ár.

Refsing ákærðs Haralds fangelsi í 4 mánuði.

Refsing ákærðs Halldórs Randvers fangelsi í 4 mánuði.

Samkvæmt 68. gr. 3. mgr. hegningarlaganna ber að svipta þá kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga. Þorsteinn Þorsteinsson kaupmaður hefur krafizt þess, að þeir ákærðir, sem sekir reyndust um sviksemi við hann í máli þessu, verði in solidum dæmdir til að greiða honum í skaðabætur kr. 1200.00, þ. e. a. s. samanlagðar þær upphæðir, er hann greiddi ákærðum samkvæmt framansögðu. Þessa kröfu hafa

ákærðir Stefán Agnar, Haraldur og Halldór Randver samþykkt, og verður hún tekin til greina gagnvart þeim.

Refsing ákærðs Snorra fyrir brot sitt gegn áfengislögunum þykir hæfilega ákveðin 50 króna sekt til Menningarsjóðs, og komi fangelsi í 3 daga í stað hennar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærðir Stefán Agnar og Haraldur greiði in solidum málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, Egils hæstaréttarlögmanns Sigurgeirssonar, kr. 500.00.

Ákærðir Halldór Randver og Snorri greiði in solidum málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, héraðsdómslögmanns Gunnars E. Benediktssonar, kr. 500.00.

Allan annan sakarkostnað greiði ákærðir in solidum.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærður Stefán Agnar Magnússon sæti fangelsi í eitt ár.

Ákærðir Haraldur Þorsteinsson og Halldór Randver Þorsteinsson sæti fangelsi í 4 mánuði hvor.

Ákærður Snorri Sturluson greiði 50 króna sekt til Menningarsjóðs, og komi 3 daga fangelsi í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærðir Stefán Agnar Magnússon, Haraldur Þorsteinsson og Halldór Randver Þorsteinsson eru frá birtingu dóms þessa sviptir kosningarétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærðir Stefán Agnar Magnússon, Haraldur Þorsteinsson og Halldór Randver Þorsteinsson greiði in solidum Þorsteini Þorsteinssyni kr. 1200.00 innan 15 sólarhringa frá birtingu dóms þessa.

Ákærðir Stefán Agnar Magnússon og Haraldur Þorsteinsson greiði in solidum málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, Egils hæstaréttarlögmanns Sigurgeirssonar, kr. 500.00.

Ákærðir Halldór Randver Þorsteinsson og Snorri Sturluson greiði in solidum málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, héraðsdómslögmanns Gunnars E. Benediktssonar, kr. 500.00.

Allan annan málskostnað greiði ákærðir in solidum.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 21. nóvember 1945.

Nr. 15/1945. **Bæjarstjórn Akraness** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Valdimar Guðmundssyni
(Sigurgeir Sigurjónsson).

Endurheimt á greiddu útsvari. Sýknað.

Dómur hæstaréttar.

Ármann Snævarr, settur bæjarfógeti á Akranesi, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 8. febrúar þ. á., krefst þess, að hann verði sýknaður og stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og sér verði dæmdur málskostnaður úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi fluttist til Akraness 1935 ásamt foreldrum sínum. Árið 1939 fór hann á stýrimannaskólann og útskrifaðist þaðan 1941. Réðst hann þá á togara, sem gerður er út frá Hafnarfirði, og hefur hann verið á því skipi síðan.

Hann hefur frá því haustið 1940 haft herbergi á leigu í Reykjavík og verið þar til húsa oftast, er hann var í landi.

Samkvæmt þessu verður að telja, að heimili stefnda hafi árin 1941—1944 verið í Reykjavík og að hann hafi verið útsvarsskyldur þar árin 1942 og 1943.

Þrátt fyrir það þótt heimilisfang stefnda væri í Reykjavík árin 1941—1944, lét hann samt skrifa sig þessi ár til heimilis hjá foreldrum sínum á Akranesi og taldi þar fram til skatts. Þar voru og útsvör lögð á hann 1942 og 1943. Greiddi hann útsvarið 1942 að fullu 31. desember 1942. Þetta ár, 1942, var einnig lagt á hann útsvar í Reykjavík, og var það tekið lögtaki með úrskurði fógetadóms Reykjavíkur 30. september 1943. Árið 1943 var og lagt á hann í Reykjavík útsvar, er hann greiddi 22. desember 1943. Útsvar það, sem lagt á stefnda á Akranesi 1943, greiddi hann að nokru 5. febrúar 1944. Gerir hann í máli þessu kröfur til endurheimtu á út-

svari sínu á Akranesi 1942 og hluta útsvarsins 1943, alls að fjárhæð kr. 3334.00.

Stefndi taldi, svo sem lýst var, að heimilisfang sitt á Akranesi árin 1941—1944 og taldi þar fram til skatts, þótt hið rétta heimili hans væri í Reykjavík. Hann greiddi fjárhæðir þær, sem hann vill endurheimta, á Akranesi umyrðalaust og fyrirvara, að því er séð verður.

Að svo vöxnu máli þykir ekki vera efni til að taka kröfu hans um endurheimtu til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Það athugast, að héraðsdómaranum hefur láðst að ákveða aðfararfrest í dómi sínum.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, bæjarstjórn Akraness, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Valdimars Guðmundssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Akraness 9. nóvember 1944.

Mál þetta, sem dómtekið var 4. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 4. f. m., af Valdimar Guðmundssyni sjómanni, Bárugötu 19, Reykjavík, gegn bæjarstjóranum á Akranesi f. h. bæjarsjóðs. Gerir stefnandi þær réttarkröfur, að bæjarstjóranum sé f. h. bæjarsjóðs gert með dómsorði að greiða sér kr. 3334.00 ásamt 5% ársvöxtum frá 1. janúar 1944 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt mati réttarins. Stefndur gerir þá aðalkröfu, að bæjarsjóður verði algerlega sýknaður af kröfum stefnandans, en til vara, að bæjarsjóði verði ekki gert að greiða hærri fjárhæð en kr. 1000.00. Þá krefst stefndur málskostnaðar eftir mati réttarins úr hendi stefnanda.

Tildrög máls þess eru þau, að árin 1942 og 1943 eru lögð útsvör á stefnanda þessa máls bæði í Reykjavík og í Akranesskaupstað. Fjárhæð útsvaranna er árið 1942 á Akranesi kr. 1562.00, en í Reykjavík kr. 1200.00, árið 1943 nemur útsvarsupphæðin kr. 2972.00 á Akranesi, en kr. 1000.00 í Reykjavík. Heildarfjárhæð útsvara gjaldárin 1942 og 1943 nemur kr. 4534.00 á Akranesi, en kr. 2200.00 í Reykjavík.

Stefnandi galt árið 1942 útsvar sitt á Akranesi 31. des. samæris, en synjaði um greiðslu þess í Reykjavík. Varð sú synjun efni þess, að bæjargjaldkeri Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs beiddist þess, að útsvarið væri heimt lögtaki, og gekk um þá málavöxtu úrskurður í fógetarétti Reykjavíkur 30. sept. 1943, sbr. réttarskjal nr. 4 í máli þessu. Urðu lyktir málsins þær, að umbeðin lögtaksgerð skyldi fá framgang. Er úrskurður þessi lá fyrir, greiddi stefnandi bæjarsjóði Reykjavíkur útsvarsupphæðina 22. okt. 1943.

Víkur nú að skilum á útsvörum gjaldársins 1943. Á því ári greiðir stefnandi álagt útsvar í Reykjavík að fullu 22. des. þ. á., en kr. 1772 upp í útsvarið á Akranesi 5. febr. 1944. Í munnlega málflutningnum hér í bæjarþinginu skildi ekki á um það, að stefnandi hefði innt þessa útsvarsgreiðslu af hendi, vegna þess að hann hefði *þá* ætlað sér lögskylt að greiða útsvarið á Akranesi gjaldárið 1943. Hins vegar taldi hann sér vera heimilt að færa til frádráttar álögðu útsvari hér á Akranesi þær kr. 1200, er gert var lögtak fyrir í Reykjavík og síðan voru borgaðar, sem áður getur.

Stefnandi kallar sig hart leikinn með því að standa í tveim bæjarfélögum skil á útsvörum um sömu útsvarsár og sækir í máli þessu annað bæjarfélagið, Akranes, um útsvarsframlög sín í bæjarsjóð Akraness fyrir gjaldárin 1942 og 1943, en þau nema stefnuupphæðinni, kr. 3334.00.

Krafa stefnanda er slungin tveim þáttum, horfir annars vegar (A) að endurheimt útsvars þess, er innt var bæjarsjóði Akraness 31. des. 1942, að fjárhæð kr. 1562.00, en hins vegar (B) að heimt útsvarshluta þess, kr. 1772.00, er greiddur var 5. febr. 1944 upp í álagt útsvar 1943. Verður hugað að og greitt úr hvorum kröfuþætti um sig og þá í öndverðu með aðalkröfu stefnds um sýknu í huga.

Um A. Kröfu sína til heimtu kr. 1562.00 reisir stefnandi á því, *að* hann hafi fyrir útsvarsárið 1941 (gjaldárið 1942) greitt tveim bæjarfélögum útsvar, *að* honum sé óskylt að greiða útsvar nema einu bæjarfélagi, *að* fyrir liggi óhögguð réttarúrlausn um það, að honum hafi verið lögskylt að lúka öðru bæjarfélaginu, Reykjavík, útsvar umrætt ár og *að* sú úrlausn taki af skarið um útsvarsskylduna og sé bindandi fyrir þenna rétt.

Stefndur andæfir þessum kröfulið með þeim rökum, *að* stefnandi hafi verið tekinn á manntal á Akranesi í október 1941 að eigin hvöt, *að* útsvör skuli skv. 8. gr. laga nr. 106 frá 1936 um útsvör á leggja eftir manntali hinu næsta á undan niðurjöfnun, *að* stefnandi greiddi hér skatta til ríkisins og *að* hald hans á herbergi í Reykjavík sé þess eitt ekki umkomið að skapa honum heimilisfesti þar, slíka er í færum sé að baka honum útsvarsskyldu.

Stefnandi reisir að meginþræði kröfur sínar á því tvennu, (I.) *að* lög standi ekki til útsvarssálagningar á hendur sér hér á Akra-

nesi, og sé hann því ranglega krafinn útsvars af hendi stefnda, og (II.) *að* hið ranglega krafða fé sé endurkræft eftir reglum um ofborgun fjár.

I. Í úrskurði fógetaréttar Reykjavíkur 30. sept. 1943 kemur skýrt fram, að gerðarþoli, stefnandi þessa máls, hafi haft uppi þær mótbárur gegn framgangi lögtaksgerðarinnar, að hann ætti lögheimili á Akranesi. Allt að einu lízt fógetaréttinum það svo, að gerðarþoli hafi með dvöl sinni í Reykjavík orðið útsvarsskyldur þar árið 1942. Þessi niðurstaða er bindandi fyrir þenna rétt, enda hefur úrskurðurinn ekki sætt áfrýjun. Verður því lagt hér til grundvallar, að stefnandi hafi verið útsvarsskyldur í Reykjavík gjaldárið 1942 (útsvarsárið 1941). Telja verður, að ekkert þeirra atvika liggi fyrir, er orki því, að stefnandi sé útsvarsskyldur í báðum bæjarfélögunum, Reykjavík og Akranesi. Fengin niðurstaða um útsvarsskylduna í Reykjavík leiðir til þess, að stefnanda hafi verið óskylt að greiða útsvar á Akranesi 1942.

II. Stefnandi greiðir útsvar gjaldársins 1942 í Reykjavík, að undangengnu lögtaki, og er því að nokkru leyti um nauðungarskil af hans hendi að ræða. Sönnur eru ekki færðar á það í máli þessu, að stefnanda hafi verið kunnugt um útsvarsálagninguna á hendur sér í Reykjavík, þá er hann greiddi bæjarsjóði Akraness útsvarið 31. des. 1942. Vannst honum því ekki færi á að gera fyrirvara um endurheimt, er hann gerði lögskil þessi.

Með því að fyrir liggja þau úrslit í máli þessu, *að* stefnandi sé einungis útsvarsskyldur í einu bæjarfélagi um útsvarsárið 1941, *að* hann sé útsvarsskyldur á því tímabili í Reykjavík, og *að* hann hafi greitt útsvar af tekjum, er til féllu þenna tíma bæði í Reykjavík og á Akranesi, er ekki unnt að taka aðalkröfu stefnda um sýknu af þessum kröfulið til greina.

Um B. Endurgjaldskröfu sína um kr. 1772 styður stefnandi þeim rökum, *að* hann hafi greitt útsvar gjaldárið 1943 að fullu í Reykjavík, *að* engar þær breytingar hafi orðið á högum hans frá árinu 1942, er leitt geti til annarrar niðurstöðu um útsvarsskylduna 1943 en þá, er greinir í fógetaréttarúrskurðinum varðandi gjaldárið 1942, *að* hann sé einungis útsvarsskyldur í einu bæjarfélagi og *að* hann hafi innt af hendi útsvarshlutann 5. febr. þ. á. af misskilningi á réttarreglum.

Stefndur reisir kröfu sína um sýknu á því, að stefnandi hafi talið hér fram 1943, *að* hann hafi átt frumkvæði að því, að hann yrði tekinn hér á manntal í október 1942, *að* hann hafi með því sýnt vilja sinn til heimilisfesti á Akranesi, enda komi það og skýrt fram í mótmælum hans í fógetarétti Reykjavíkur, og getið er í úrskurðinum 30. sept. f. á., *að* hann hafi greitt gjöld sín til ríkisins hér á Akranesi árið 1943, og *að* hann hafi af eigin hvöt greitt þann útsvarshluta, er nú er krafizt endurgreiðslu á. Þá er á

það bent af stefndum, að það eitt hafi tengt stefnanda við Reykjavík, að þar haldi hann herbergi einungis til þægindaauka, en ekki vegna atvinnu sinnar, enda komi honum þaðan engar tekjur.

Verður þá fyrst (I.) hugað að útsvarsskyldu stefnanda, þ. e. hvort hann sé réttilega krafinn útsvars á Akranesi, og síðan (II.) að endurgjaldskröfu hans.

I. Í 8. grein laga um útsvör nr. 106 frá 1936 segir, að þar skuli leggja útsvar á gjaldþegn, sem hann hafi heimilisfang vitanlega eða samkvæmt manntali næst á undan niðurjöfnun.

Um heimilisfangið og þá sérstaklega skráningu lögheimilis hafa báðir málsaðiljar lagt fram gögn málafylgju sinni til framdráttar. Framlag stefnanda er vottorð frá manntalsskrifstofu Reykjavíkurbæjar, rj.skj. nr. 5, en samkvæmt þeirri heimild er stefnandi talinn til lögheimilis í Reykjavík óslitið frá 1939. Stefndur hefur hins vegar haldið því fram ómótmælt, að stefnandi hafi sjálfur hlutazt til um, að hann yrði skráður hér á manntal, og manntalsskýrslurnar hafi engar athugasemdir haldið um það, að hann teldi sér lögheimili annars staðar en hér á Akranesi.

Í máli þessu er þeim staðhöfnum til að dreifa, *að* stefnandi hefur enga atvinnu stundað á Akranesi allt frá haustinu 1940, *að* hann hefur eigi umrætt tímabil haldið sér húsnæði þar, og *að* þaðan hafa honum ekki runnið neinar tekjur. Verður því að fallast á það hjá stefnanda, að honum hafi verið óskylt að gjalda bæjarsjóði Akraness útsvar gjaldárið 1943.

II. Kalla má sannað í máli þessu, að stefnandi hafi að eigin hvöt greitt til bæjarsjóðs Akraness þær kr. 1772, sem hér um ræðir. Enn fremur liggur það fyrir, að greiðsla þessi á sér stað, eftir að stefnandi stendur bæjarsjóði Reykjavíkur skil á útsvari ársins 1943. Því hefur eigi verið haldið fram af stefnanda hálfu, að við hafi verið sleginn varnagli um endurheimt, er útsvarsgreiðslan fór fram, en mótbáru, er að fyrirvaralausri greiðslu lýtur, hefur eigi verið hreyft af stefndum. Í greinargerð stefnds er að því vikið, að Hafnarfjarðarkaupstaður hafi gert þá kröfu, að útsvari stefnandans yrði skipt milli Hafnarfjarðar og Akraness, og hafi yfirskattanefnd Akranesskaupstaðar úrskurðað þá kröfu. Hvorki í téðri greinargerð né í málflutningi sínum orðaði fyrirsvarsmaður stefnds atvik þetta sem beina varnarástæðu, og engin gögn voru af hans hendi lögð fram um skiptiúrskurð þenna, né getið niðurstöðu hans.

Stefnandi hefur að sönnu, svo sem bent er á af stefndum, ekki freistað að fara leið þá, sem á er vísað í 8. gr. d-lið laga nr. 106 frá 1936. Þá eru eigi færðar sönnur á, að hann hafi gert fyrirvara um endurheimt greidds útsvarshluta, ef til kæmi. Með vanrækt þessa þykir hann, sem er maður ólöglærður, þó eigi hafa firrt sig rétti til endurheimtu fjár þessa. Aðalkrafa stefnds um sýknu af þessum þætti er því ekki tæk.

Dregur þá að úrlausn á varakröfu stefnds, er lýtur að því, að kröfur stefnandans séu færðar niður í kr. 1000.00. Er krafa þessi á því reist, að mismunur álagðra útsvara á Akranesi annars vegar og í Reykjavík hins vegar nemi um útsvarsárin 1941 og 1942 (gjaldárin 1942 og 1943) kr. 4534, að frádregnum kr. 2200, eða kr. 2334.00. Á stefnanda eigi raunverulega að hvíla 4534 króna útsvar, þar eð sú fjárhæð sé á hann lögð hér, þar sem framtöl hans voru tiltæk, en í Reykjavík hafi framtals eigi notið, enda sé álagning þar gerð af handahófi og mikils til of lág. Í hlut Reykjavíkur eigi þá að koma kr. 2200 (kr. 1200 + kr. 1000), en hlutur Akraness nemi eftirstöðvunum, kr. 2334.00. Nú þegar hafi bæjarsjóði Akraness borizt kr. 3334.00, og komi það því eitt til álita að standa skil á þeim kr. 1000.00, sem bæjarsjóði hafi þegar borizt um fram. hlut hans.

Ef veita skal varakröfu stefnds úrlausn til þrautar, er í því fólgið það, að taka þarf afstöðu til og ákvarða fjárhæð útsvara og réttmæti hennar. Dómsstóla brestur vald til þessa, og verður því að vísa varakröfu stefnds frá dómi.

Með skírskotun til framanskráðs verða lyktir máls þessa þær, að taka beri til greina kröfur stefnanda um endurheimt kr. 3334.00 úr hendi stefnds. Um vöxtu af fjárhæð þessari gegnir því máli, að ekki eru sönnur að því leiddar, að stefnandi hafi fyrr en með málssókn þessari krafið bæjarsjóð um endurskil fjárins, og þykir því verða að miða upphafstímamark vaxta við útgáfudag stefnu, 4. okt. 1944, en frá þeim tíma og til greiðsludags skal bæjarstjóri f. h. bæjarsjóðs svara stefnanda 5% ársvöxtum af áðurgreindri fjárhæð. Þá ber stefndum að greiða stefnanda kr. 300.00 í málskostnað.

Því dæmist rétt vera:

Varakröfu stefnds vísast frá dómi.

Stefndur, bæjarstjórn á Akranesi f. h. bæjarsjóðs, skal greiða stefnanda kr. 3334.00 ásamt 5% ársvöxtum frá 4. okt. 1944 til greiðsludags og málskostnað með kr. 300.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 21. nóvember 1945.

Kærumálið nr. 13/1945. **Páll Zóphóníasson**
gegn
Hedvig D. Blöndal.

Frávísunardómur héraðsdóms ómerktur.

Dómur hæstaréttar.

Með kæru 22. október þ. á., sem hingað barst 7. þ. m., hefur sóknaraðili samkvæmt 108. gr. laga nr. 85/1936 kært frávísunardóm, upp kveðinn á bæjarþingi Reykjavíkur 22. október þ. á. í gagnsök sóknaraðilja gegn varnaraðilja. Krefst sóknaraðili þess, að hinn áfrýjaði dómur verði felldur úr gildi og að varnaraðilja verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og hér fyrir dómi eftir mati hæstaréttar.

Varnaraðili hefur engar kröfur gert né sent hæstarétti neina greinargerð af sinni hálfu.

Samkvæmt samningi sóknaraðilja og sameiganda hans að húsinu nr. 7 við Sóleyjargötu í Reykjavík 29. júní þ. á. skyldi sóknaraðili fá til afnota og umráða þann hluta af kjallara hússins, er hann krefst í gagnsökinni, að varnaraðili rými. Telja verður, að sóknaraðili hafi með samningi þessum m. a. fengið heimild frá sameiganda sínum til þess að koma einn fram gagnvart þriðja manni um notkun þessa hluta af íbúð varnaraðilja. Höfðun gagnsakarinnar fer því ekki í bága við 46. gr. laga nr. 85/1936. Verður því að ómerkja hina kærðu dómsathöfn.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að varnaraðili greiði sóknaraðilja kærumálskostnað í hæstarétti, sem ákveðst kr. 150.00.

Því dæmist rétt vera:

Hin kærða dómsathöfn á að vera ómerk.

Varnaraðili, Hedvig D. Blöndal, greiði sóknaraðilja, Páli Zóphóníassyni, kr. 150.00 í kærumálskostnað.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. október 1945.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 18. þ. m., hefur Hedvig D. Blöndal, Sóleyjargötu 7 hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 21. ágúst s. l., gegn Páli Zóphóníassyni alþingismanni, Sóleyjargötu 7 hér í bænum. Hefur stefnandi gert þær dómkröfur, *að* úrskurður húsaleigunefndar Reykjavíkur, upp kveðinn 15. ágúst s. l., varðandi húsnæði það, er stefnandi nú býr í að Sóleyjargötu 7, verði úr gildi felldur, enda verði uppsögn stefnds á húsnæðisleigumála stefnanda, dags. 14. febrúar 1945, uppsögn konu stefnds, dags. 29. júní s. l., svo og tilmæli stefnds í sömu átt, dags. 19. júní s. l., metnar ógildar og *að* stefndur verði dæmdur til að greiða málskostnað að skaðlausu.

Þá hefur Helga H. Eiríkssyni skólastjóra, Sóleyjargötu 7 hér í bæ, verið stefnt til réttargæzlu í málinu, en hann og stefndur Páll eru sameigendur hússins nr. 7 við Sóleyjargötu. Hafa engar kröfur verið gerðar á hendur stefndum Helga, og hann hefur ekki sótt þing né sækja látið.

Stefndur, sem hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda svo og málskostnaðar sér til handa, hefur höfðað gagnsök með gagnstefnu, útgefinni 17. f. m. Hefur gagnstefnandi gert þær dómkröfur í gagnsök, *að* viðurkennt verði með dómi, að leigumála gagnstefnds (aðalstefnanda) um húsnæði það, er hún nú býr í að Sóleyjargötu 7, sé slitið, að því er varðar hálft eldhús, hálfa geymslu, hálft baðherbergi, nyrzta herbergi í vesturhlið hússins, herbergi milli þess og eldhúss og eystra herbergið í suðurenda hússins, og *að* henni verði gert að rýma húsnæði þetta þegar í stað. Þá hefur gagnstefnandi krafizt málskostnaðar sér til handa að mati dómarans.

Gagnstefndi hefur *aðallega* krafizt þess, að gagnsökinni verði vísað frá bæjarþinginu, en til *vara*, að hún verði sýknuð af kröfum gagnstefnanda. Þá hefur gagnstefndi krafizt málskostnaðar sér til handa í gagnsök að mati dómarans.

Gagnstefnandi hefur krafizt þess, að frávísunarkröfunni verði hrundið og honum dæmdur málskostnaður úr hendi gagnstefnda. Munnlegur málflutningur fór fram um frávísunarkröfuna 18. þ. m.

Málavextir eru þessir:

Árið 1934 tók aðalstefnandi á leigu íbúð í kjallara hússins nr. 7 við Sóleyjargötu hér í bænum, en hús þetta, sem er tvær hæðir, ris og kjallari, var þá í óskiptri sameign Helga H. Eiríkssonar og annars nafngreinds manns. Leigumálinn mun ekki hafa verið skriflegur, en með venjulegum kjörum og til óákveðins tíma. Býr aðalstefnandi enn í íbúð þessari, sem er 4 íbúðarherbergi, ytri forstofa innri forstofa, eldhús, baðherbergi og geymsla. Heimilisfólk aðalstefnanda er hún sjálf, þrjú börn hennar uppkomin og tvö ung

fósturbörn. Árið 1939 eða 1940 keypti aðalstefndur hálfa húseign þessa og á hana nú í óskiptri sameign með áðurgreindum Helga. Aðalstefndur býr á efri hæð hússins, sem er 5 íbúðarherbergi, ytri forstofa, innri forstofa, eldhús, baðherbergi og geymsla, og hefur auk þess til afnota tvö íbúðarherbergi á rishæðinni. Býr aðalstefndur í húsnæði þessu með konu sinni, einni dóttur uppkominni og þjónustustúlku. Auk þessa eru á heimili aðalstefnds sonur hans kvæntur og tvö ung börn þeirra hjóna. Fólk þetta kom hingað til lands í júlímánuði s. l. eftir langdvöl erlendis. Þá hefur annar sonur aðalstefnds búið hjá honum ásamt konu sinni og einu ungbarni, en hann mun hafa rýmt þaðan 15. f. m. og fengið sér íbúð á leigu annars staðar, sem hann þó hefur skuldbundið sig til að rýma, þegar endanlega sé útkljáð þetta mál aðiljanna. Með bréfi, dags. 14. febrúar 1945, sagði aðalstefndur aðalstefnanda upp leigumálanum um húsnæði hennar til brottflutnings 14. maí s. l. og færði fram þær ástæður, að hann þyrfti að nota handa syni sínum sinn hluta íbúðar þeirrar, er aðalstefnandi bjó í. Uppsögn þessi er undirrituð af aðalstefndum einum. Þann 19. júní s. l. ritaði aðalstefndur aðalstefnanda bréf og óskaði þess, að hún rýmdi íbúð sína fyrir 1. okt. s. l. Þann 29. júní s. l. ritaði kona aðalstefnds fyrir hans hönd aðalstefnanda bréf og sagði henni þar upp leigumálanum, að því er varðaði þann hluta íbúðarinnar, er hún taldi aðalstefnda eiga afnotarétt að, en það er: hálft eldhús, hálf geymsla, hálft baðherbergi, nyrzta herbergi í vesturhlið hússins, herbergi milli þess og eldhúss, svo og eystra herbergi í suðurenda hússins. Skyldi aðalstefnandi rýma húsnæði þetta þann 1. okt. s. l., en aðalstefndur kveðst þurfa húsnæði þetta handa syni sínum. Sama dag undirritaði kona aðalstefnds fyrir hans hönd og nefndur Helgi H. Eiríksson svo hljóðandi samning: „Við undirritaðir eigendur húseignarinnar nr. 7 við Sóleyjargötu, Reykjavík, höfum komið okkur saman um að skipta afnotarétti kjallaraíbúðar hússins, sem hér segir: Í hlut Páls Zóphóníassonar kemur: Hálft eldhús, hálf geymsla, hálft baðherbergi, nyrzta herbergi í vesturhlið hússins (snýr að Sóleyjargötu), herbergi milli þess og eldhúss og eystra herbergi í suðurenda hússins. Afnotaréttur af hinum hluta íbúðarinnar skal koma í hluta meðundirritaðs meðeigandi hússins Helga H. Eiríkssonar.“ Með yfirlýsingu, dags. 16. júlí s. l., lýsti Helgi H. Eiríksson yfir því, að honum stæði á sama, hvor hluti íbúðarinnar félli í hans hlut. Áðurgreind uppsögn var síðan borin undir húsaleigunefnd Reykjavíkur, og var málið sótt og varið þar. Með úrskurði, upp kveðnum 15. ágúst s. l., mat nefndin uppsögnina gilda, að því er varðaði nyrzta herbergið í vesturhlið hússins, eystra herbergið í suðurenda þess. Enn fremur bæri aðalstefnanda að láta aðalstefndum í té afnot af eldhúsi, geymslu

og baðherbergi á móti sér, en afnotarétt að ytri og innri forstofu skyldu aðiljar hafa að jöfnu.

Kröfu sína um, að gagnsökinni verði vísað frá bæjarþinginu, byggir gagnstefndi á því, að gagnstefnandi hafi ekki heimild til þess að höfða einn mál út af húsnæðisleigumála hennar, þar sem kjallarinn sé í óskiptri sameign. Hinn sameigandinn, Helgi H. Eiríksson, hafi ekki tekið þátt í málshöfðun þessari og beri því samkvæmt ákvæðum 46. gr. laga nr. 85 frá 1936 um meðferð einkamála í héraði að vísa málinu frá dómi. Að því er varðar „skiptagerninginn" frá 29. júní s. l., þá telur gagnstefndi, að hér sé um hreinan málamyndagerning að ræða, enda viðurkennt af umboðsmanni gagnstefnanda í greinargerð, að hann hafi aðeins verið gerður í þeim eina tilgangi að losa húsnæðið. Þá hefur gagnstefndi bent á, að í umræddum samningi sé aðeins skipt afnotarétti að kjallaraíbúðinni, en sameigninni sem slíkri ekki skipt. — Telur gagnstefndi, að þar sem hún hafi í upphafi tekið húsnæðið á leigu hjá sameigendunum, verði þeir nú báðir að eiga aðild að málshöfðun út af leigmálanum, og geti umræddur „skiptagerningur" ekki breytt neinu um það efni gagnvart sér.

Kröfu sína um að frávísunarkröfu gagnstefnda verði hrundið byggir gagnstefnandi á því, að hann eigi einn aðild að gagnsökinni, þar sem hún taki aðeins til þess hluta íbúðar gagnstefnda, sem hann hafi fengið óskoraðan afnotarétt yfir með samningi þeirra sameigenda hússins frá 29. júní s. l. Hefur gagnstefnandi mótmælt því, að hér sé um málamyndagerning að ræða, enda hafi samningurinn ýmsan annan tilgang en að fá rýmt húsnæðið í kjallaranum. Hefur gagnstefnandi viðurkennt, að sameign þeirra, hans og Helga H. Eiríkssonar, að kjallara hússins standi enn óbreytt, en með áðurgreindum samningi hafi þeir skipt með sér afnota- og ráðstöfunarrétti á honum, og sé sér því heimilt að höfða einn mál þetta, enda varði það aðeins sinn hluta kjallarans, eins og áður segir.

Svo sem að framan greinir, er það fram komið í málinu, að gagnstefndi tók umrædda íbúð á leigu af sameigendum hússins og gagnstefnandi hefur tekið við réttindum og skyldum annars þeirra. Þá er og fram komið, að íbúð þessi er enn í óskiptri sameign gagnstefnanda og sameiganda hans. Í samningi þeirra sameigendanna frá 29. júní s. l. er þess aðeins getið, að þeir skipti „afnotarétti" íbúðarinnar, en ekki eignarréttinum. Þar sem íbúð gagnstefnda er þannig í óskiptri sameign gagnstefnanda og sameiganda hans, eiga þeir óskipta sakaraðild gagnvart gagnstefnda og verða báðir að taka þátt í málshöfðun til þess að fá slitið leigumála hennar um íbúðina, hvort sem um ræðir nokkurn hluta hennar eða alla, enda verður ekki talið, að margnefndur samn-

ingur sameigendanna um afnotaréttinn geti gert hér nokkra breytingu á.

Með skírskotun til þessa ber því samkvæmt ákvæðum 46. gr. einkamálalaganna að taka kröfu gagnstefnda til greina og vísa gagnsökinni frá dómi.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að gagnstefnandi greiði gagnstefnda kr. 100.00 í málskostnað.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Því dæmist rétt vera:

Framangreindri gagnsök er vísað frá bæjarþinginu.

Gagnstefnandi, Páll Zóphóníasson, greiði gagnstefnda, Hedvig D. Blöndal, kr. 100.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 23. nóvember 1945.

Nr. 57/1945. **Friðrik Guðjónsson** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn
H/f Hrönn og gagnsök
(Gunnar Þorsteinsson).

Setudómari hrl. Einar B. Guðmundsson í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Héraðsdómur ómerktur vegna galla, og málinu heimvísað.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefur upp kveðið Hannes Guðmundsson, fulltrúi bæjarfógetans á Siglufirði, ásamt sjódómsmönnunum Guðmundi Jónssyni og Sveini Þorsteinssyni.

Hinum frýjaða dómi er mjög ábóta vant í ýmsum greinum. Þar er ekki greind krafa stefnanda í héraði um viðurkenningu á sjóveðrétti og ekki er minnzt á dómkröfur stefnda. Atvikalýsing er mjög ófullkomin. Meðal annars vantar lýsingu á athöfnum skipverja á skipum þeim, er við málið koma, og hversu langan tíma b/v Geir tafðist frá veiðum. Þá rekur hvorki dómurinn né metur nægjanlega málsástæður fyrir því, hvort um björgun eða aðstoð hafi verið að tefla. Hvorki er í forsendum minnzt á þá fjárhæð

bjarglauna, sem dæmd er í niðurstöðu, né gerð grein fyrir því, hvernig hún er fengin.

Vegna þessara megingalla á héraðsdóminum þykir verða að ómerkja hann og vísa málinu heim til löglegrar uppsögu dóms af nýju.

Aðiljar hafa ekki að þessu sinni krafizt málskostnaðar í hæstarétti, og fellur hann því niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera ómerkur, og vísast málinu heim í hérað til löglegrar dómsuppsögu af nýju.

Málskostnaður í hæstarétti fellur niður.

Dómur sjódóms Siglufjarðar 27. nóvember 1944.

Með stefnu, dags. 25. september s. l., krefst stefnandinn, h/f Hrönn í Reykjavík, að stefndur, Friðrik Guðjónsson útgerðarmaður, Siglufirði, greiði sér 60000.00 kr. í björgunarlaun með 6% vöxtum frá 10. marz s. l. fyrir, að botnvörpungurinn Geir R.E. 241, eign stefnanda, sem var að veiðum út af Önundarfirði, hafi farið af veiðum og samkvæmt beiðni skipstórans á v/b Geir S.I. 55, eign stefnds, farið vestur að Látrabjargi og dregið v/b Geir S.I. 55 til hafnar á Þingeyri, en v/b Geir hafi misst not annars skrúfublaðsins, — sem hafði brotnað — og bað um hjálp.

Aðiljar deila um, hvort hér sé um björgun að ræða eða aðeins aðstoð.

Annað skrúfublaðið var þannig bilað á vélbátnum, að hann gat ekkert komizt nema á seglum.

Þegar annað skrúfublaðið bilaði, kl. 8 um kvöldið þ. 12. okt. 1943, var vélbáturinn 10 sjómílur S.A.V. frá Látrabjargi. Undu skipverjar þá upp segl og sigldu fyrst í norðvestur, síðan í norður og svo í vest-norv.-austur. Næsta skip til þess að gegna hjálparkalli skipstjórans á vélbátnum var botnvörpungurinn Geir R. E. 241, og fór hann á vettvang. Var vélbáturinn þá (um kl. 5 árd. þ. 13. okt. 1943) um 8 sjómílur N.N.V. af Látrabjargi, um 18 sjómílur frá Patreksfirði.

Telja verður, að vélbáturinn hafi verið í hættu. Eftir 5½ klukkustunda siglingu er hann að vísu nær höfn, en síðar var kominn sjógangur, og veður fór versnandi. En það, sem mestu skiptir, er, að skipstjórinn á v/b Geir S.I. 55 hefur í dagbók vélbátsins innfært: „Var sýnilegt, að við þurftum á hjálp að halda, því

stefnisrörið var byrjað að losna". Verður því eigi með fullum rökum fullyrt, að vélbáturinn hafi ekki verið í hættu. Verður því að telja rétt, að stefnanda beri björgunarlaun fyrir og sjóveð í vélbátnum.

Samkvæmt stefnunni er krafizt björgunarlauna — 60000.00 kr. — af skipi stefnds, sem virt var á 203000.00 kr., og af farminum, sem virtur var á 28900 kr.

Nú hefur það verið upplýst í málflutningnum, að stefndur átti eigi farminn, og ber því eigi að greiða björgunarlaun af honum. Málskostnaður, sem stefnandi hefur í málflutningnum krafizt með kr. 3637.25, er rétt, að falli niður, þar sem stefnandi hefur ranglega krafizt greiðslu fyrir björgunarlaun á farmi, sem stefndur átti ekki.

Fyrir því dæmist rétt vera:

Stefndur, Friðrik Guðjónsson útgerðarmaður, Siglufirði, greiði stefnandanum, h/f Hrönn í Reykjavík, kr. 30000.00 með 5% vöxtum frá 25. september s. l.

Stefnanda tildæmist sjóveð fyrir dómsupphæðinni í hinu bjargaða skipi stefnds, v/s Geir S.I. 55.

Málskostnaður falli niður.

Hið tildæmda ber að greiða innan 3ja sólarhringa frá lögbirtingu dómsins að viðlagði aðför að lögum.

Föstudaginn 23. nóvember 1945.

Nr. 30/1945. **Valdstjórnin** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Hálfdáni Hálfdánarsyni (Eggert Claessen).

Brot á heilbrigðissamþykkt og lögreglusamþykkt.

Dómur hæstaréttar.

Meðferð kærða á fiskúrgangi, sem lýst er í héraðsdómi, varðar við 1. gr. auglýsingar nr. 74/1937, sbr. 45. gr. heilbrigðissamþykktar Ísafjarðarkaupstaðar nr. 53/1906, og 85. sbr. 95. gr. lögreglusamþykktar sama kaupstaðar nr. 25/1931. Samkvæmt þessu og með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann, þó svo, að frestur til greiðslu sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum ber kærða að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 300.00 til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Kærði, Hálfdán Hálfdánarson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Sveinbjörns Jónssonar og Eggerts Claessens, kr. 300.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Ísafjarðar 11. desember 1944.

Ár 1944 mánudaginn 11. desember, var í lögreglurétti Ísafjarðar, sem haldinn var í skrifstofu bæjarfógeta af hinum reglulega dómara, Jóhanni Gunnari Ólafssyni, kveðinn upp dómur í ofangreindu máli, sem dómtekið var 8. des. s. l.

Mál þetta er höfðað af hálfu valdstjórnarinnar með stefnu, útgefinni 22. nóvember 1944, gegn Hálfdáni Hálfdánarsyni framkvæmdarstjóra, til heimilis að Sundstræti 39, Ísafirði, fyrir brot gegn heilbrigðissamþykkt Ísafjarðar nr. 53/1906 og nr. 74/1937 og lögreglusamþykkt Ísafjarðar nr. 25/1931.

Kærður er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur í Bolungavík 3. apríl 1878, og hefur með dómi hæstaréttar 15. des. 1930 verið dæmdur í 6 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir brot á 83 gr. laga nr. 28/1915, sbr. lög nr. 50/1923, 4. gr. og 10. gr., 114. gr. sbr. 55. gr. og 63. gr. alm. hegningarlaga. Uppreisn æru fékk hann 28. júlí 1937. Hann hefur ekki, svo kunnugt sé, sætt frekari kærum eða refsingum.

Málavextir eru þessir:

Með kæru, dags. 20. nóv. s. l., kærði lögreglan á Ísafirði kærðan fyrir það, að hann sem framkvæmdarstjóri h.f. Norðurtanga, Ísafirði, héldi áfram þrátt fyrir ítrekaðar aðvaranir að láta kasta fiskúrgangi út á götuna og í fjöruna framan við hraðfrystihús félagsins. Hinn 19. og 20. nóvember s. l. hefði verið allstór haugur af fiskúrgangi fyrir framan húsið og lekið úr honum leðja yfir götuna. Kærður hefur viðurkennt, að þetta væri rétt, að hann hafi látið setja hausa og fiskhryggi út á steypta stétt, sem sé framan við

húsið. Kveðst hann, síðan stéttin var byggð, aldrei hafa látið það mikið af fiskúrgangi, að það kæmist ekki fyrir á stéttinni, en sauðfé sæki mikið í fiskúrgangshrúguna og komi fyrir, að það sparki fiskúrganginum út á götuna. Kærður hefur skýrt frá því, að h.f. Fiskimjöl hafi lofað að hirða fiskúrgang þenna daglega og flytja hann burtu, en fyrir komi, að fiskúrgangurinn safnist fyrir frá degi til dags og yfir helgi. Kærður hefur viðurkennt, að lögreglustjóri og Jón Á. Jóhannsson yfirlögregluþjónn hafi kvartað við hann í fyrra vetur og vor yfir því, að óþrif væri frá fiskúrganginum.

Yfirlögregluþjónninn hefur verið leiddur sem vitni í málinu, og hefur hann borið það, að hann hafi veitt því eftirtekt, að fiskúrgangi væri kastað út fyrir hraðfrystihús h.f. Norðurtanga, og læki úr honum leðja yfir götuna. Einnig hafi fiskúrgangur legið á götunni utan stéttarinnar til óþrifa. Þegar vitnið kvartaði yfir þessu við kærðan og aðvaraði hann að bæta úr þessum ágöllum, tók hann þeim aðvörunum ekki vel. Þá hefur þetta vitni borið, að síðara hluta nóvember hefði hann séð tvær hrúgur af fiskslógi sitt hvoru megin við bryggju h.f. Norðurtanga allra efst í fjörunni. Kærður hefur ekki viljað viðurkenna, að þessar slóghrúgur hefðu verið þarna fyrir hans tilverknað. Félag hans kaupi fiskinn alltaf slægðan, en hins vegar hefur hann skýrt frá því, að hann leyfi á stundum þeim, sem hann kaupir fisk af, að slægja í húsum félagsins, en hann hafi lagt fyrir þá að flytja slógið fram á miðja bryggjuna og kasta því þar í sjóinn.

Þá hefur verið leiddur sem vitni í málinu Guðbjartur Ásgeirsson, verkstjóri í þjónustu h.f. Norðurtanga. Hann hefur skýrt frá því, að það sé samkvæmt fyrirmælum kærðs, að hausar og hryggir séu látnir út á stéttina framan við hraðfrystihúsið. Stétt þessi sé hallandi frá húsinu út að götunni, og komi oft fyrir, að út af stéttinni renni eitthvað af fiskúrgangi niður á götuna. Á s. l. vetri hafi leðja úr úrganginum oft lekið yfir götuna, og þegar fór að hlýna í fyrravor í veðri, hefi borið töluvert á ólykt frá því, sem úr úrganginum lak.

Þenna framburð hefur kærður ekkert haft við að athuga.

Í málinu hefur verið lagt fram bréf, dags. 28. okt. s. l., til h.f. Norðurtanga, þar sem félaginu er tilkynnt samþykkt heilbrigðisnefndar frá 27. s. m. í þá átt, að félaginu sé „allsendis óheimilt að fleygja úrganginum (þ. e. fiskúrgingi) út á götuna við húsið, eins og gert hefur verið s. l. vetur .... Gerir nefndin þá kröfu til félagsins, að það komi hirðingu fiskúrgangsins þannig fyrir, að ekki stafi af honum óþrifnaður."

Þessa tilkynningu hefur kærður viðurkennt að hafa fengið. Það er upplýst, að kærður hefur ekkert gert til að verða við kröfum heilbrigðisnefndar.

Það er upplýst í málinu, að alfaravegur er um Sundstræti og Fjarðarstræti, en götur þessar liggja með suðausturhlið og norðurgafli hraðfrystihúss h.f. Norðurtanga.

Með framangreindu atferli hefur kærður gerzt brotlegur við 1. og 2. grein auglýsingar um breytingar á heilbrigðissamþykkt Ísafjarðar nr. 74/1937 og 85. grein lögreglusamþykktar fyrir Ísafjarðarkaupstað nr. 25/1931.

Refsing kærðs þykir hæfilega ákveðin 50 króna sekt til bæjarsjóðs Ísafjarðar, og komi 3 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærður greiði allan kostnað sakarinnar, þar á meðal kr. 100.00 til hins skipaða verjanda síns, Jóns Grímssonar kaupmanns.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Kærður, Hálfdán Háldánarson, greiði 50 króna sekt til bæjarsjóðs Ísafjarðar innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, ella sæti hann varðhaldi í 3 daga.

Kærður greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs verjanda síns, Jóns Grímssonar kaupmanns, kr. 100.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 26. nóvember 1945.

Nr. 95/1945. **Valdstjórnin** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn
F. C. Day (Lárus Fjeldsted).

Fiskveiðabrot.

Dómur hæstaréttar.

Sigfús M. Johnsen, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Forstöðumaður Stýrimannaskólans í Reykjavík hefur eftir uppsögu héraðsdóms markað á sjóuppdrátt stað varðskipsins samkvæmt mælingum skipherrans kl. 0140, sem lýst er í héraðsdómi, og reyndist staðurinn 0,7 sjómílur innan landhelgislínu. Er því sannað, að kærði hefur verið að veiðum í landhelgi, svo sem nánar er rakið í héraðsdómi, og varðar það brot hans við 1. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 3. gr. nefndra laga og lög nr. 4/1924.

Samkvæmt þessu og að því athuguðu, að gullgengi krón-

unnar er óbreytt frá uppsögu héraðsdóms, ber að staðfesta hann, þó svo, að frestur til greiðslu sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum málalokum ber kærða að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 500.00 til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Kærði, F. C. Day, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Sveinbjörns Jónssonar og Lárusar Fjeldsteds, kr. 500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 13. maí 1945.

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn F. C. Day, skipstjóra á togaranum Yarmouth, F. D. 334, frá Fleetwood, fyrir brot gegn ákvæðum laga nr. 5/1920 um bann gegn botnvörpuveiðum.

Eru málavextir þeir, er nú skal greina og sannaðir eru með skýrslu skipherrans á varðskipinu Óðni og eigin játningu kærðs.

Aðfaranótt hins 11. maí síðastliðinn var varðskipið Óðinn á eftirlitsferð austur með landi undan Vík í Mýrdal um landhelgislínu. Kl. 0110 sást skip í A. ½ S. Kl. 0118 var haldið beint á skipið. Kl. 0123 var sett upp stöðvunarmerki. Kl. 0131 var lagzt að hlið skipsins, er reyndist vera togarinn Yarmouth, F. D. 334 frá Fleetwood. Var skipið að veiðum með stjórnborðsvörpu í sjó. Maður var settur um borð í togarann og þeim á togaranum sagt að nema staðar og um leið sett út dufl við hlið togarans, er byrjaði rétt á eftir að vinda upp vörpu sína.

Kl. 0140 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun við duflið:

Dyrhólaviti
> 23° 50′
Hatta
> 65° 50′
Hjörleifshöfði

Dýpi 91 metri, er gefur stað togarans 0,8 sjómílur innan landhelgislínu.

Síðan var skipstjóri togarans sóttur um borð í varðskipið og honum sýndur staður duflsins, en hann kvaðst eigi geta mælt með sextanti, en hann hefði miðað Dyrhólavita N.V. og austurkant Hjörleifshöfða í N.A., þar sem hann var tekinn. Skipstjóranum var bent á, að hann hefði verið að veiðum í landhelgi og að farið yrði með hann til Vestmannaeyja til frekari rannsóknar.

Staðurinn, þar sem togarinn Yarmouth var að veiðum með stjórnborðsvörpu í sjó aðfaranótt þess 11. maí s. l. og duflið var sett út, var af varðskipsforingjanum í réttinum fært út á sjókorti, er sýnt var í réttinum, og teikning af staðarákvörðuninni var lögð fram í réttinum. Komu staðarákvarðanirnar, er færðar voru út hér í réttinum, með öllu heim við staðarákvarðanir þær, er að framan er lýst, og viðurkenndi kærði þær vera með öllu réttar sem og skýrslu skipherrans á Óðni í heild og játaði að hafa verið að veiðum með botnvörpu í landhelgi á þeim stað og tíma, er í skýrslunni greinir. Hins vegar segir kærði, að hann hafi ekki vitað, að hann var í landhelgi, hann sé með öllu ókunnur hér við land, hafi aldrei komið til landsins áður.

Samkvæmt því, er að ofan segir, er það sannað í málinu með framburði varðskipsforingjans og eigin játningu kærðs, að hann hefur verið að botnvörpuveiðum í landhelgi, og hefur hann þar með gerzt brotlegur gegn ákvæðum 1. gr. laga nr. 5 frá 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum.

Kærða, sem fæddur er 31. ágúst 1898, hefur ekki, svo kunnugt sé, verið refsað fyrir sams konar brot. Þykir refsing hans með tilliti til þess, að hér er um fyrsta brot að ræða, hæfilega ákveðin samkvæmt 3. gr. laga nr. 5/1920 29500.00 kr. sekt í Landhelgissjóð Íslands með tilliti til þess, að gengi íslenzkrar krónu er það í dag, að krónan jafngildir 33.90 aurum gulls.

Verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, sæti kærði 7 mánaða varðhaldi.

Auk þess skal allur afli innanborðs í togaranum Yarmouth og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, vera upptæk og andvirðið renna í Landhelgissjóð.

Svo greiði kærði allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, F. S. Day, greiði kr. 29500.00 sekt í Landhelgissjóð Íslands, og komi í stað sektarinnar 7 mánaða varðhald, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir í togaranum Yarmouth, F.D. 334 frá Fleetwood, skal vera upptækt, og renni andvirðið í Landhelgissjóð Íslands.

Loks greiði kærður allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 23. nóvember 1945.

Nr. 46/1945. **Guðlaugur Guðmundsson** (Gunnar Þorsteinsson)
gegn
Aðalbjörgu Sigbjörnsdóttur (Gunnar Möller).

Innsetningargerð.

Dómur hæstaréttar.

Unnsteinn Beck, fulltrúi borgarfógeta, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi, hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 11. apríl þ. á. og krafizt þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar. Stefndi krefst þess, að fógetaúrskurðurinn verði staðfestur og að áfrýjanda verði dæmt að greiða henni málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum telst rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir hæstarétti, og ákveðst hann kr. 1200.00.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Guðlaugur Guðmundsson, greiði stefnda, Aðalbjörgu Sigbjörnsdóttur, málskostnað fyrir hæstarétti, kr. 1200.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 28. marz 1945.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 14. þ. m., hefur gerðarbeiðandi, Aðalbjörg Sigbjörnsdóttir, Öldugötu 7, hér í bænum,

krafizt þess, að sér verði með beinni fógetagerð veittur aðgangur að geymslukompu, sem hún hefur notað í kjallara hússins nr. 7 við Öldugötu hér í bænum.

Gerðarþoli, Guðlaugur Guðmundsson, Öldugötu 7 hér í bæ, hefur mótmælt framgangi hinnar umbeðnu gerðar, og lögðu aðiljar atriðið undir úrskurð fógetaréttarins.

Hvor aðilja um sig hefur krafizt málskostnaðar.

Málavextir eru þeir, að 1. október 1941 tók gerðarbeiðandi 3 herbergja íbúð á leigu í húsinu nr. 7 við Öldugötu. Leigusali var húseigandinn, gerðarþoli máls þessa. Um sama leyti og gerðarbeiðandi flutti í íbúðina, fékk hún til afnota lítinn geymsluskáp, sem er inn úr þvottaherbergi í kjallara hússins. Hefur gerðarbeiðandi jafnan notað skáp þenna sem geymslu upp frá þessu, og er það, að því er virðist, eina geymslan, sem hún hefur í húsinu. Um tíma hafði gerðarbeiðandi þó útigeymslu eða einhver afnot hennar ásamt gerðarþola jafnframt skáp þessum. Samkvæmt vottorðum, sem fram hafa komið, virðist svo sem aðgangur að geymslu þessari hafi verið óhindraður lengi vel, eftir að gerðarbeiðandi fékk afnot hennar. Til þess að komast að geymslunni þarf að ganga í gegnum 3 dyr auk dyranna, sem eru fyrir sjálfri geymslunni, til þess að komast að henni. Dyr þessar eru að göngum í húsinu (kjallaranum) og þvottaherberginu, sem geymslan er inn af. Lykla að dyrum sjálfrar geymslunnar hefur gerðarbeiðandi jafnan haft. Nú a. m. k. frá því s. l. haust hefur gerðarþoli tekið að læsa dyrum þeim, sem ganga þarf um til að komast að geymslunni, og er það krafa gerðarbeiðanda í máli þessu, að dyr þessar verði opnaðar fyrir sér með beinni fógetagerð. Þessari kröfu hefur gerðarþoli mótmælt og telur sig að vísu fúsan til að opna dyr þessar fyrir gerðarbeiðanda eitt skipti gegn því, að hún taki þá alla muni sína úr geymslunni og fái sér umráð hennar. Þegar mál þetta kom fyrst hér fyrir réttinn 21. des. s. l., þótti umboðsmanni gerðarbeiðanda sýnt, að meðferð þess mundi taka nokkurn tíma, og gerði því þá kröfu til bráðabirgða, að geymslan yrði eitt skipti opnuð fyrir umbjóðanda sínum með beinni fógetagerð, svo hún gæti náð þar í muni, sem hún taldi sér nauðsynlegt að fá þá þegar. Gerðarþoli mótmælti þessari bráðabirgðakröfu gerðarbeiðanda, og lögðu aðiljar það atriði í úrskurð, en síðar varð að samkomulagi, að gerðarþoli leyfði gerðarbeiðanda aðgang að geymslunni eitt skipi í viðurvist fógeta, en málinu var þrátt fyrir það haldið áfram.

Gerðarbeiðandi byggir kröfur sínar um framgang gerðarinnar á því, að hún hafi fengið margnefnda geymslukompu á leigu með íbúð sinni og haft aðgang að henni óhindrað fram á s. l. haust, að gerðarþoli tók að læsa dyrum þeim, sem til geymslunnar lágu. Telur gerðarbeiðandi sig eiga rétt á að hafa frjálsan umgang um dyr þessar til að notfæra sér geymsluna.

Mótmæli sín byggir gerðarþoli á því fyrst og fremst, að gerðarbeiðandi hafi aldrei fengið hina umdeildu geymslu á leigu. Hafi hún, er leigusamningur var gerður um íbuð hennar, neitað því að þurfa á geymslunni að halda, en síðar hafi orðið að samkomulagi, að hann lánaði henni geymsluna án endurgjalds, en telur sig ekki vera bundinn við það lán lengur. Þá hefur gerðarþoli mótmælt því, að gerðarbeiðandi hafi nokkurn tíma haft frjálsan umgang um dyr þær, sem hún nú krefst, að séu opnaðar.

Gerðarbeiðandi hefur haft geymsluskáp þann, er um ræðir í máli þessu, til afnota frá því hún flutti i núverandi íbúð sína eða skömmu eftir þann tíma, og er þetta eina geymslan, sem fylgir íbúð hennar. Allan þenna tíma hefur hún haft lykil geymslunnar í sínum vörzlum. Gegn þeim sterku líkum, sem þetta skapar fyrir því, að hér séu um leigu á geymslunni að ræða, hefur gerðarþola ekki tekizt að sanna hið gagnstæða, og verður því að byggja á því, að gerðarbeiðandi eigi rétt á að notfæra sér geymsluna. Til þess að geta neytt þessa réttar síns, verður gerðarbeiðandi að geta gengið um dyr þær, sem um er deilt í máli þessu. Þar sem gerðarþoli hefur ekki reynzt fáanlegur til að veita gerðarbeiðanda leyfi til að ganga um margumræddar dyr, verður að leyfa framgang hinnar umbeðnu gerðar á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt að gera gerðarþola að greiða gerðarbeiðanda málskostnað, og telst hann hæfilega metinn 200.00 krónur.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna innsetningargerð skal fram fara á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli, Guðlaugur Guðmundsson, greiði gerðarbeiðanda, Aðalbjörgu Sigbjörnsdóttur, kr. 200.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 28. nóvember 1945.

Nr. 9/1944. **Jón J. Fannberg** (Magnús Thorlacius)
gegn
Borgarstjóra Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs
(Einar B. Guðmundsson).

Setudómari hrl. Sveinbjörn Jónsson í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Fébótamál. Stjórnsýsla. Kostnaður af skolplögn.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 26. janúar 1944, krefst þess, að stefnda verði dæmt að bæta honum fé allt það tjón, er hann beið vegna þess, að skolplögnin frá húsi hans nr. 2 við Garðastræti varð 32,5 metrar í stað 5 metra, þó svo að fébætur verði ekki hærri en í héraðsstefnu er krafizt. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir hæstaréti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og málskostnaður fyrir hæstarétti verði dæmdur honum úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Lög nr. 42/1911 geyma ekki ákvæði um skyldu á hendur stjórnvöldum Reykjavíkur hvorki til að leggja holræsi í götur, þar sem þau eru ekki fyrir, né til að leggja ný og fullkomnari holræsi í samræmi við auknar þarfir. Slík skylda á hendur stefnda verður ekki heldur leidd af ákvæðum vatnalaga nr. 15/1923 né öðrum réttarreglum. Loks hefur byggingarnefnd Reykjavíkur ekki bakað stefnda skyldu til að greiða áfrýjanda fébætur, þótt hún leyfði áfrýjanda að hafa þá dýpt, er hann sjálfur vildi hafa, á kjallara undir húsi hans nr. 2 við Garðastræti. Ber því að staðfesta héraðsdóminn að niðurstöðu til.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. janúar 1944.

Mál þetta, sem dómtekið var 14. þ. m., hefur Jón J. Fannberg kaupmaður hér í bæ höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 20. september 1943, gegn Bjarna Benediktssyni borgarstjóra f. h. Reykjavíkurborgar til greiðslu skaðabóta, að upphæð kr. 7474.44, ásamt 6% ársvöxtum frá 31. des. 1942 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Aðiljar hafa óskað þess, að málinu yrði skipt, þannig að dómur yrði fyrst felldur um greiðsluskyldu stefnds, og hefur dómarinn samþykkt það samkvæmt heimild í 5. mgr. 71. gr. einkamálalaganna. Við hinn munnlega málflutning um þenna hluta málsins hefur stefnandi því gert þær dómkröfur, að viðurkennt verði, að stefndum sé skylt að bæta stefnanda það tjón, sem hann hlaut við það, að skolpræsi varð að leggja frá húsi stefnanda, nr. 2 við Garðastræti, niður í ræsi í Tryggvagötu, í stað þessa að leggja skolpræsið í ræsi í Vesturgötu eða Garðastræti. Einnig krefst hann þess, að stefndum verði gert að greiða málskostnað eftir mati dómarans, að því er varðar þenna hluta málsins.

Stefndur krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar eftir mati dómarans.

Málsatvik eru þessi:

Þann 25. júní 1941 sótti stefnandinn um leyfi til byggingarnefndar Reykjavíkur til þess að byggja fjórlyft verzlunar- og íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 2 við Garðastræti. Með umsókninni fylgdi teikning af húsinu, og er sýnt á henni, að kjallari hússins átti að vera um 2½ metra í jörðu niður og að vatnssalerni átti að vera í kjallaranum, en ekki var því sérstaklega lýst, hvernig ætlazt var til, að hagað yrði frárennsli frá húsinu. Var leyfi þetta veitt athugasemdalaust 4. júlí s. á. Hóf nú stefnandinn byggingu húss þessa, en er grafa skyldi fyrir skolpveitu frá húsinu, kom í ljós, að skolpæðin í Vesturgötu var svo skammt grafin niður, að hún varð ekki notuð fyrir frárennsli frá kjallara hússins, nema með því móti að grafa alllangt austur og niður eftir þeirri götu til þess að fá meira halla. Var því skemmri leið valin, að því er virðist með ráðum bæjarverkfræðings, og nýtt ræsi lagt þvert í gegnum Vesturgötu og áleiðis niður í Tryggvagötu í ræsi þar, en sú gata liggur miklu lægra en Vesturgatan. Lét stefnandinn síðan gera ræsi þetta, eftir að stefndur hafði synjað um að framkvæma verkið eða bera kostnaðinn af því.

Telur stefnandinn, að sér hafi verið óskylt að bera annan kostnað af verki þessu en þann, sem leiði af lagningu holræsisins frá húsi hans og skemmstu leið út í ræsi í miðri Vesturgötu. Rökstyður hann þetta með því, að byggingarleyfi fyrir húsinu hafi verið veitt skilyrðislaust, en á uppdrætti hússins hafi verið greinilega

sýnt, að vatnssalerni átti að vera í kjallaranum, og hafi stefndur lagt skolpræsi í einhverja ákveðna götu, þá sé honum skylt að hafa það þannig úr garði gert, að hægt sé að veita í það öllu skolpi frá þeim húsum, sem við götuna eru.

Stefndur byggir sýknukröfu sína á því, að engin lög né aðrar réttarreglur séu til, er leggi bæjarsjóði þá skyldu á herðar að bæta það tjón eða þann kostnaðarauka, sem hann kunni að hafa orðið að greiða vegna framangreindra aðgerða. Það sé á ábyrgð þess, er reisa vill hús á lóð hér í bænum, hvar og hvernig sé unnt að ná sambandi við skolpleiðslukerfi bæjarins, þannig að húsið fái þau not kerfanna, sem óskað er eftir. Auk þess sé umrætt kjallaragólf óvenjulega djúpt undir götuyfirborði, en þó hægt að fá frárennsli frá kjallaragólfi með því að leggja ræsi um 30 metra niður og austur Vesturgötu.

Dómarinn verður að fallast á það með stefndum, að það út af fyrir sig, að byggingarnefnd Reykjavíkur skuli athugasemdalaust hafa leyft stefnanda að byggja umrætt hús samkvæmt nefndum uppdrætti, þar sem sýnt var salerni í hinum djúpa kjallara hússins, geti ekki skapað skyldu fyrir stefndan til að greiða stefnanda þann kostnaðarauka, sem áðurnefnd lagning á holræsinu áleiðis til Tryggvagötu telst hafa valdið honum. — Kemur þá til athugunar, hvort slík greiðsluskylda verði rakin til ákvæða gildandi laga um þessi efni.

Í lögum nr. 42/1911 um gjöld til holræsa og gangstétta í Reykjavík o. fl. eru eftirfarandi ákvæði, sem hér skipta máli:

„Þar sem bæjarstjórnin hefur lagt holræsi í götu á kostnað bæjarsjóðs, er hverjum húseiganda skylt að gera á sinn kostnað ræsi, er flytji allt skolp frá húsi hans út í göturæsið ... kostnaður við holræsagerð í götum bæjarins greiðist sumpart úr bæjarsjóði og sumpart af lóðareigendum“ með sérstöku gjaldi.

Í þessum ákvæðum eru þannig engin bein fyrirmæli um, hvernig holræsi þau, er bæjarstjórn kann að láta gera í götunum, skuli vera úr garði gerð, til þess að kostnaður við holræsagerðina að hluta verði tekinn af bæjarbúum með nefndu gjaldi. Það þykir þó verða að telja, að gerð holræsanna verði að vera slík, að fullnægi frárennslisþörf allra húsa, sem byggð eru við göturnar með venjulegum hætti, og þannig, að ekki þurfi óhæfilega langa leiðslu frá hverju húsi út í götuæðina, en orðalag hinna tilvitnuðu ákvæða verður hins vegar ekki skilið svo, að þar þurfi að vera um hina skemmstu leið að ræða. Nú verður það að teljast nægjanlega leitt í ljós, að umrætt holræsi í Vesturgötu, sem gert var kringum 1920 hafi fullnægt og fullnægi frárennslisþörf venjulegra húsa við þá götu, þótt hins vegar hafi eigi verið unnt með venjulega langri leiðslu að nota það til að veita í frárennsli frá hinum óvenjudjúpa kjallara í húsi stefnanda.

Í vatnalögum nr. 15 1923 fjallar X. Kafli um holræsi. Segir þar m. a., að bæjarstjórn sé heimilt að leggja holræsi til að taka við skolpi og afrennsli í kaupstaðnum (86. gr.), en bæjarstjórn skuli leggja holræsin svo, að hver lóðareigandi nái til þeirra í götu, sem lóð hans telst til. Þar eru og ákvæði um, að hverjum lóðar- eða húseiganda sé skylt að gera á sinn kostnað holræsi, er flytji frá húsum og lóðum allt skolp í aðalræsi, en aðili getur krafið sig undanþeginn skolpræsagjaldi, ef slík ræsislagning verður sérstaklega kostnaðarsöm, enda geti hann komið skolpinu frá sér með öðrum fulltryggum hætti. Að öðrum kosti skal ræsið lagt og bæjarsjóður þá taka þátt í kostnaðinum, nema samkomulag verði (88. gr.). — Samkvæmt 98. gr. vatnalaganna taka þessi ákvæði þeirra ekki til holræsa, sem gerð hafa verið með heimild í áður gildandi rétti, eins og það er um ræðir í máli þessu, og gilda því ákvæði laganna frá 1911 þar um. Með tilliti til ákvæðisins í 98. gr. vatnalaganna þykir því verða að líta svo á, að samkvæmt lögunum frá 1911 sé stefndur ekki skyldur til að fella niður holræsagjald eða taka þátt í kostnaði við lagningu ræsis, sem reynist óvenjulega kostnaðarsamt — eins og orðið hefur hjá stefnanda — enda telst bæjarstjórn hafa fullnægt skyldum sínum samkvæmt umræddum lögum, eins og að framan er rakið. — Stefnandi þykir þannig ekki eiga rétt til hinnar umstefndu kröfu úr hendi stefnda, og verður sýknukrafan því tekin til greina. Eftir öllum atvikum þykir þó rétt, að málskostnaður falli niður.

Árni Tryggvason, settur borgardómari, hefur kveðið upp dóm þenna.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. Reykjavíkurborgar, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Jóns J. Fannbergs, í máli þessu. Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 30. nóvember 1945.

Nr. 96/1945. **Valdstjórnin** (Einar B. Guðmundsson)
gegn
James Betty (Lárus Fjeldsted).

Fiskveiðabrot.

Dómur hæstaréttar.

Sigfús M. Johnsen, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Forstöðumaður Stýrimannaskólans í Reykjavík hefur

eftir uppsögu héraðsdóms markað á sjóuppdrátt stað varðskipsins samkvæmt mælingum skipherrans kl. 0205 hinn 11. maí þ. á., sem lýst er í héraðsdómi, og reyndist staðurinn 0,6 sjómílur innan landhelgislínu. Þessi mæling svo og mæling yfirmanna varðskipsins við duflið nokkru síðar um nóttina í viðurvist kærða sanna, að kærði hefur verið að veiðum í landhelgi, svo sem nánar er rakið í héraðsdómi, og varðar það brot hans við 1. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 3. gr. sömu laga og lög nr. 4/1924.

Samkvæmt þessu og að því athuguðu, að gullgengi íslenzkrar krónu er óbreytt frá uppsögu héraðsdóms, ber að staðfesta hann, þó svo, að frestur til greiðslu sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum málalokum ber kærða að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 700.00 til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Kærði, James Betty, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Einars B. Guðmundssonar og Lárusar Fjeldsteds, kr. 700.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 15. maí 1945.

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn James Betty, skipstjóra á togaranum Strathalva, A. 757 frá Aberdeen, fyrir brot gegn ákvæðum laga nr. 5/1920 um bann gegn botnvörpuveiðum, og eru málavextir þeir, er hér skal greina.

Aðfaranótt hins 11. maí síðastliðins var varðskipið Óðinn við eftirlit undan Kötlutanga. Kl. 0159 var sett á fulla ferð og haldið að togara. Kl. 0205 lagt að hlið togarans Strathalva, A. 757, er var að veiðum með stjórnborðsvörpu, og settur maður um borð í hann og sett út dufl. Var síðan gerð við duflið eftirfarandi staðarákvörðun:

Dyrhólaviti

> 21° 50'

Hatta

> 57° 40'

Hjörleifshöfði

Dýpi 108 metrar, er gefur staðinn 0,7 sjómílur innan landhelgislínu. Vatt þá togarinn upp vörpu sina.

Síðan var skipstjórinn sóttur og honum sýndur staður duflsins og dýpi, og staður duflsins mældur aftur í viðurvist hans og reyndist sami og áður. Skipstjóranum var bent á, að hann hefði verið að landhelgisveiðum og að farið yrði með hann til Vestmannaeyja til frekari rannsóknar.

Veður NA 1, sléttur sjór.

Kærði hefur haldið því fram, að hann hafi verið fyrir utan landhelgislínuna, þegar varðskipið kom að skipi hans, en hins vegar viðurkennt að hafa verið að fiskveiðum með botnvörpu, er hann var tekinn. Staðhæfingar sínar um, að hann hafi ekki verið í landhelgi, byggir hann aðallega á dýptarmælingum, er hann hafi gert. Í því sambandi hefur varðskipsforinginn upplýst, að á þessum slóðum sé dýpið 75 faðmar, eða 143 metrar, um og innan við landhelgislínuna.

Einnig segir kærði, að straumurinn eða fallið hafi legið austur og vestur og hann hafi alltaf haldið sömu stefnu frá landi, og hann hafi haldið 64—65 faðma (enskir), þegar hann hafi verið að toga.

Hvað snertir strauminn eða fallið, er ósamræmi um það í framburði kærða og framburði stýrimanna varðskipsins. Sama er að segja um útsetningu duflsins.

Kærði segist ekki hafa séð duflið, er varðskipið setti út, og á því hafi ekki verið ljós. Bátsmaður á b/v Strathalva hefur og borið það, að hann hafi eigi séð duflið. Um þetta hefur varðskipsforinginn upplýst, að svo bjart hafi verið, að ljós hafi eigi þurft að hafa á duflinu.

Skýrsla og staðarákvarðanir skipherrans á Óðni hafa verið staðfest í öllum greinum af fyrsta og öðrum stýrimanni á varðskipinu Óðni og skýrsla, rskj. 1, ásamt framburðum þessara þriggja manna staðfest með eiði hér í réttinum. Afrit af staðarákvörðunum varðskipsins var lögð fram í réttinum og fært út á sjókortinu, er sýnt var í réttinum.

Staðarákvarðanir þær, sem hér að framan er lýst og í skýrslunni greinir, voru gerðar af skipherra varðskipsins ásamt stýrimönnum hans, og seinni staðarákvörðunin, er reyndist nákvæmlega sú sama og hin fyrri, einnig gerð í viðurvist kærða.

Alllangur tími leið, frá því að duflið var sett út og þar til komið

var aftur að togaranum og skipstjóri hans kom um borð í varðskipið, því á meðan var það að annast töku annars togara.

Rétturinn verður að líta svo á, að staðarákvarðanir og mælingar varðskipsins, sem gerðar eru með fullkomnustu tækjum, séu gerðar af meiri nákvæmni en athuganir kærða, sem aðallega byggjast á dýptarmælingum, og mótbárur hans og staðhæfingar, sem eigi eru nægilega studdar, verði því eigi teknar til greina gegn staðarákvörðunum og mælingum varðskipsins, er ekkert virðist við að athuga.

Verður því að teljast sannað, að kærði hafi verið að veiðum með botnvörpu í landhelgi á þeim stað og tíma, er varðskipið hefur gefið upp, á skipi sínu, b/v Strathalva A. 757.

Kærði, sem fæddur er 15. marz 1906, hefur eigi áður, svo kunnugt sé, sætt kæru eða refsingu fyrir landhelgisbrot.

Brot kærða ber að heimfæra undir 1. gr. laga nr. 5 frá 1920, og þykir refsing hans sú, er hann hefur unnið til, með því að hér er um fyrsta brot að ræða, hæfilega ákveðin samkvæmt 3. gr. nefndra laga sekt í Landhelgissjóð Íslands, kr. 29500.00, með tilliti til þess, að gengi íslenzkrar krónu er það í dag, að krónan jafngildir 33.90 aurum gulls.

Verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, sæti kærði 7 mánaða varðhaldi.

Auk þess skal allur afli innan borðs í togaranum Strathalva A. 757 og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, vera upptæk og andvirðið renna í Landhelgissjóð.

Svo greiði kærði allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, James Betty, greiði 29500 kr. sekt í Landhelgissjóð Íslands, og komi í stað sektarinnar 7 mánaða varðhald, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir í togaranum Strathalva, A. 757 frá Aberdeen, skal vera upptækt, og renni andvirðið í Landhelgissjóð Íslands.

Loks greiði kærði allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 30. nóvember 1945.

Nr. 29/1945. **Réttvísin og valdstjórnin** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Kristjáni Stefánssyni (Einar B. Guðmundsson).

Brot á bifreiðalögum. Manndráp af gáleysi.

Dómur hæstaréttar.

Sigurður Eggerz, bæjarfógeti á Akureyri, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Eftir að mál þetta var dæmt í héraði, hefur réttarrannsókn farið fram til að leiða í ljós þau atriði, sem greind eru í úrskurði hæstaréttar 22. júní þ. á.

Við rannsókn þessa hefur komið upp, að síðla kvölds daginn áður en slysið varð, ók ákærði frá Akureyri til Haganessvíkur og síðan heim aftur um nóttina til Akureyrar. Svaf hann ekkert þessa nótt né daginn eftir. Hafði hann því, er slysið varð, vakað samfleytt þrjú dægur. Hann viðurkennir, að hann hafi verið orðinn nokkuð syfjaður og þreyttur, er á daginn leið.

Ákærði synjaði þess fyrir tveimur lögreglumönnum, er komu á slysstaðinn, að hann hefði neytt áfengis þá um daginn fyrr eða síðar. Er fyrir dóm kom og eftir að honum hafði verið tekið blóð, er síðar reyndist hafa 1,56‰ áfengismagn, skýrði ákærði svo frá, að hann hefði eftir slysið, og áður en lögreglan kom á vettvang, drukkið brennivín, er hann kvaðst hafa haft meðferðis í bifreiðinni. Þeir, sem með honum voru, kveðast þó hvorki hafa orðið þess vísir, að hann neytti áfengis né hefði það með sér. Öll frásögn ákærða um þetta efni þykir svo ósennileg, að ekki verður mark á henni tekið, og verður að leggja til grundvallar, að hann hafi neytt áfengis, áður en slysið varð. En þegar litið er á niðurstöðu blóðrannsóknarinnar og vætti samferðamanna hans og lögreglumanna, er ekki kveðast hafa séð áhrif víns á honum, þykir ekki fullyrðandi, að hann hafi verið með áhrifum áfengis, svo að varði við 1. mgr. 23. gr. laga nr. 23/1941. Hins vegar verður að telja, að hann hafi vegna undanfarandi áfengisneyzlu, svefnleysis og þreytu verið svo

á sig kominn, að bifreiðarakstur hans varði við 3. mgr. 23. gr. laga nr. 23/1941. Ákærði ók miður sín, svo sem nú var lýst, upp Vaðlaheiði eftir vegi, er liggur í allmiklum bratta, og sátu fjórir menn á palli bifreiðarinnar. Á veginum er mjög kröpp beygja rétt fyrir neðan slysstaðinn. Ákærði ók eftir beygju þessari á þriðja gír. Er hann kom af beygjunni, tókst honum ekki að koma bifreiðinni í beina stefnu eftir veginum, og ók hann út af honum, án þess að hann beitti hemlum til að stöðva bifreiðina. Var þessi akstur ógætilegur og varðar við 1. mgr. 27. gr. áðurnefndra laga.

Þar sem mannsbani hlauzt af, þá ber að refsa ákærða samkvæmt 215. gr. hegningarlaganna nr. 19/1940.

Samkvæmt 38. gr. laga nr. 23/1941 og nefndri grein hegningarlaganna þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin varðhald 75 daga. Svo ber og samkvæmt 39. gr. laga nr. 23/1941 að svipta ákærða ævilangt leyfi til að aka bifreið.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað ber að staðfesta.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti; 700 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Kristján Stefánsson, sæti varðhaldi 75 daga.

Hann skal sviptur ævilangt leyfi til að aka bifreið.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Sveinbjörns Jónssonar og Einars B. Guðmundssonar, 700 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Eyjafjarðarsýslu og Akureyrar 24. ágúst 1944.

Mál þetta er höfðað af réttvísinnar hálfu gegn bifreiðarstjóra Kristjáni Stefánssyni, Spítalavegi 19, Akureyri, fyrir brot á 23. kafla almennra hegningarlaga frá 12. febr. 1940 og af valdstjórnar-

innar hálfu fyrir brot á bifreiðalögum nr. 23 frá 16. júní 1941 og umferðarlögum nr. 24 frá 16. júní 1941 og áfengislögum nr. 33 frá 9. janúar 1935 til hegningar, greiðslu iðgjalds, ef krafizt verður, og alls kostnaðar, sem af rannsókn þessari og máli hefur leitt og leiða kann.

Málsatvik eru þessi:

Ár 1944, laugardaginn 22. júlí, stuttu fyrir kl. 22, hitti Haukur Arnars lögregluna og skýrði henni frá því, að bifreið A 328 hefði farið út af Vaðlaheiðarveginum og oltið, en menn, er í henni voru, meiðzt. Hraðaði hann sér til lögreglunnar, svo læknir og sjúkrabifreið yrði send í flýti. Hjálp að öðru leyti, segir hann, að eigi hafi skort á staðnum, því fleiri bifreiðar en hans hafi komið á staðinn. Náð var í Guðmund Karl Pétursson lækni, er lagði þegar af stað í bifreið sinni. Sjúkrabifreiðinni var gert aðvart, og fór lögreglan því næst á staðinn. Það var bifreiðin A 328, sem valt. Er hún vörubifreið og var ekið af Kristjáni Stefánssyni bifreiðarstjóra, Spítalavegi 19, Akureyri. Hjá honum í stýrishúsinu sat piltur, að nafni Björn Þorsteinsson, en 4 menn aðrir, Bolli Eggertsson, Árni Friðriksson, Magnús Sveinsson og Kristján Albertsson, voru með bifreiðinni, en samkvæmt skýrslu lögreglunnar á réttarskjali 1 sátu þeir á kössum á palli bifreiðarinnar, en þetta hefur verið leiðrétt og er eigi rétt, þeir sáu fyrir aftan kassana á segli. Lögreglan segir, að á staðnum hafi verið upplýst, að nokkrum metrum frá fyrstu vegarbeygjunni vestan í Vaðlaheiði hafi bifreiðin ekið vestur af veginum, en vegarkanturinn er þarna hár, og hefur bifreiðin oltið 1½ veltu og staðnæmzt liggjandi á hægri hlið. Riss af staðnum er á réttarskjali 2. Við veltuna höfðu menn þeir, er sátu á pallinum, kastazt af bifreiðinni, og einn þeirra Bolli Eggertsson hafði orðið undir palli bifreiðarinnar, er hún staðnæmdist, og mun hann hafa dáið samstundis, því ekkert hljóð hafði heyrzt frá honum. Menn þeir, sem komu þarna að á sama tíma og Haukur Arnars, lyftu bifreiðinni það mikið, að maðurinn var dreginn undan henni, en ekkert lífsmark var með honum, er læknirinn kom þar að, og var líkið flutt á heimili hins látna, eftir að læknir hafði tjáð lögreglunni, að ekki væri frekari rannsókn á því nauðsynleg. Hinir 3, sem verið höfðu í bifreiðinni, virtust eigi hafa meiðzt alvarlega, en þó var Árni Friðriksson særður á hendi, og tók læknirinn hann með til aðgerðar. Bifreiðarstjórann og manninn, sem með honum var í stýrishúsinu, sakaði eigi.

Bifreiðin var á leið austur að Laugum með drykkjarvörur frá Öl- og gosdrykkjagerð Akureyrar. Bifreiðarstjórinn hélt því fram við lögregluna, að þegar hann hefði ætlað „að rétta bifreiðina af", eftir að hann hafði tekið beygjuna, hafi stýrið setið fast og hann eigi getað aftrað því, að bifreiðin lenti út af veginum. Hann sagðist hafa vitað, að ró vantaði í bolta í stýrisútbúnaðinn, áður en lagt

var af stað, og hefði sér strax dottið í hug, að þetta hefði komið að sök, en sambandið var á milli hlutanna eftir veltuna, en róna vantaði. Bifreiðarstjórinn skýrði lögreglunni frá því, að hann hefði ekið eigi harðar en 25—28 kílómetra á klukkustund. Hann kveðst eigi hafa neytt áfengis þenna dag, hvorki fyrr né síðar. Blóðsýnishorn var tekið af honum og sent til Rannsóknarstofu háskólans. Lögregluþjónn Gísli Ólafsson athugaði strax ástand bifreiðarinnar eftir slysið. Ákærði segist hafa farið frá Akureyri kl. 9—9½ áðurgreindan dag á bifreiðinni A 328. Á bifreiðinni voru 22 kassar með gosdrykkjum, en í hverjum kassa 24—50 flöskur, hálfar og heilar. Gosdrykkirnir áttu að fara austur að Laugum, en allir mennirnir nema Björn ætluðu í Vaglaskóg, en um hann var ekki ákveðið, að sögn hans, hvort hann færi lengra. Ákærði var kominn upp fyrir svokallaða staurabeygju, en þar eftir er vegurinn nokkuð beinn til næstu beygju. Allt í einu tók bifreiðin að sögn ákærða að sveigja til vesturs, og ákærði gat eigi rótað stýrinu, og segir hann, að bifreiðin hafi farið skáhallt niður vegkantinn og oltið þar. Hann heldur, að bifreiðin hafi farið 1½ veltu um sjálfa sig. Hún lá á hliðinni. En rétt á eftir leiðréttir hann þetta og segir, að bifreiðin hafi farið eina veltu, af því að hjólin séu í vestur, þar sem bifreiðin lá. Hann segir, að pallur bifreiðarinnar hafi legið yfir magaholi Bolla, sem var látinn, þegar bifreiðarstjórinn kom að. Engir, sem í bifreiðinni voru, áttu að greiða fargjald. Ákærði segir, að vegurinn hafi verið þurr. Ákærði segir, eins og stendur í skýrslu lögreglunnar, að ró vantaði á bolta í stýrisútbúnaðinum, en boltinn var þó kyrr eftir slysið. Ákærði heldur því þrátt fyrir það fast fram, að hann hafi eigi getað hreyft stýrið. Gísli Ólafsson lögregluþjónn og bifreiðaeftirlitsmaður segja báðir, að þar sem boltinn var kyrr eftir slysið, þá hafi það eigi getað haft nein áhrif á stjórn bifreiðarinnar, þó róna vantaði. Ákærði segist hafa ekið á 3ja gír, er slysið varð, og hraðinn hafi verið 15—20 km á klukkustund. Blóðprufa sú, sem lögð hefur verið fram í réttinum, hefur sýnt reduktion, er svarar til áfengismagns 1,50 eða 1,56 af þúsundi. Ákærði segist hafa haft fleyg hjá sér af áfengi, er hann hafi drukkið úr, eftir að slysið varð, og segir hann, að þess vegna hafi fundizt áfengi í blóðinu. Yfirlögregluþjónn Jón Benediktsson segir, að ákærði hafi lýst því yfir við sig, að hann hefði eigi bragðað áfengi þenna dag, hvorki fyrr né síðar. Og yfirlögregluþjónninn bað Schiöth, er hlustaði á þetta, að minnast þess. Báðir lögregluþjónarnir hafa staðfest vitnisburð sinn um þetta með eiði. Schiöth hefur og sagt, að hann hafi eigi séð áfengi á ákærða, og þó hann hafi talað mikið á leiðinni til Akureyrar, þá geti það hafa verið af nervösiteti. Ákærði heldur fast við framburð sinn um, að hann hafi drukkið áfengi á eftir slysið, og hafi hann drukkið það fyrir aftan bílinn, en hinir eigi séð það. Kristján Alberts-

son, Árni Friðriksson og Magnús Sveinsson hafa allir verið yfirheyrðir í málinu. Enginn þeirra sá ákærða með brennivínsfleygginn, og enginn þeirra sá hann drekka, en þó er það mögulegt, að hann hefði drukkið, án þess að þeir sæju það.

Kristján Albertsson getur þess, að hann hafi verið tekinn í bifreiðina á Eyrarlandsveg nr. 3. Lánaði hann Bolla tjald, er þeir breiddu yfir sig. Vitnið veit eigi, hvernig stóð á því, að bifreiðin fór út af veginum. Hann kastaði sér aftur af bifreiðinni, er slysið varð. Hann meiddist eigi. Honum virtist bifreiðarstjórinn ekki aka hart og varð eigi var við neitt athugavert við aksturinn, þangað til slysið varð.

Björn Þorsteinsson, sem sat hjá bílstjóranum, varð eigi var við, að hann hefði áfengi með sér. Sá ekkert vín á honum. Hann getur eigi gert sér grein fyrir, hvernig slysið vildi til. Magnús Sveinsson vissi eigi til, að ákærði hefði áfengi með sér. Hann getur eigi gert sér grein fyrir, hvernig slysið vildi til. Árni Friðriksson segist ekkert áfengi hafa haft með sér og veit eigi til, að ákærði eða aðrir hafi haft áfengi með sér. Vitninu virtist ákærði keyra liðlega, en þó eigi hart, þegar í beygjuna kom.

Það er sannað með eiðfestum vitnisburði 2ja lögregluþjóna, að ákærði *sagðist* eigi hafa drukkið áfengi dag þann, sem slysið varð, hvorki fyrr eða eftir. En síðar segist hann hafa drukkið á eftir slysið úr brennivínsfleyg, er hann hafði með. Enginn af þeim, sem í bílnum voru, sá þenna brennivínsfleyg eða sá ákærða drekka úr honum.

Það verður að telja sannað með tilvísun til blóðprufunnar og vitnisburða lögregluþjónanna, að ákærði hefur verið undir áhrifum áfengis, er hann stýrði bifreiðinni. Þá verður einnig að telja eftir rannsókn þá, sem farið hefur fram á stýrisútbúnaðinum, eftir að slysið varð, að róin, sem vantaði, hafi eigi orðið orsök slyssins. Hins vegar braut bifreiðarstjórinn gegn skyldum sínum með því að fara í ferðina með stýrisútbúnaðinn, eins og hann var.

Keyrsla ákærða virðist bera vott um mikið gáleysi, þar sem hann ók út af beinum veginum.

Ákærði hefur með dómi bæjarþings Akureyrar 10. júlí 1944 verið dæmdur í 10 daga varðhald fyrir bifreiðabrot og sviptur rétti til að stýra bifreið í 3 mánuði.

Brot ákærða, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna, ber að færa undir 215. gr. hegningarlaganna, 3. og 4. gr. umferðarlaganna, 38. og 39. gr. bifreiðalaga og 21. og 39. gr. áfengislaganna. Virðist hegningin með tilliti til hins fyrra brots og svo afleiðingar þeirrar, sem varð af þessu síðara broti, hæfilega ákveðin 2 mánaða fangelsi. Þá þykir rétt, að ákærði sé sviptur rétti til að stýra bifreið upp á lífstíð.

Ákærði greiði allan af sökinni leiðandi kostnað, þar á meðal 200 kr. til hins skipaða talsmanns, Björns hdl. Halldórssonar.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Kristján Stefánsson, Akureyri, sæti 2ja mánaða fangelsi. Hann skal sviptur rétti til að stýra bifreið upp á lífstíð.

Ákærði greiði allan af sökinni leiðandi kostnað, þar á meðal 200 kr. til hins skipaða talsmanns, Björns hdl. Halldórssonar.

Dóminum ber að fullnægja undir aðför að lögum.

Föstudaginn 30. november 1945.

Nr. 115/1944. **Gunnar Sigurðsson**

gegn

Páli Pálssyni.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Gunnar Sigurðsson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 30. nóvember 1945.

Nr. 102/1945. **Jón Gauti Jónatansson**

gegn

Hjálmtý Péturssyni.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Jón Gauti Jónatansson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 5. desember 1945.

Nr. 61/1945. **Sigurgeir Einarsson** (Gústav A. Sveinsson)
gegn
Halldóri Kiljan Laxness (Ragnar Ólafsson).

Leigutaka synjað aðgangs að hitaveitustillum húss.

Dómur hæstaréttar.

Kristján Kristjánsson, settur borgarfógeti, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur að fengnu uppreistarleyfi 4. maí 1945 skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 7. s. m. Hann krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og synjað sé um framkvæmd fógetagerðarinnar. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og honum dæmdur málskostnaður úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi hefur ekki í máli þessu leitt sönnur að því, að áfrýjandi hafi látið honum í té óhæfilega lítinn hita, og verður stefnda þegar af þessari ástæðu ekki veittur með fógetavaldi aðgangur að hitaveitukerfi í húsi áfrýjanda. Samkvæmt þessu ber að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til greiðslu málskostnaðar bæði í héraði og fyrir hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 1000.00.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur.

Stefndi, Halldór Kiljan Laxness, greiði áfrýjanda, Sigurgeir Einarssyni, samtals kr. 1000.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 12. ágúst 1944.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 9. þ. m., hefur gerðarbeiðandi, Halldór Kiljan Laxness rithöfundur, krafizt þess, að sér verði með beinni fógetagerð veittur aðgangur að heitavatnsstillum húss þess, er hann býr í, sem er nr. 28 við Vesturgötu hér í bænum, en herbergi því, er stillarnir eru í, kveður hann gerðarþola hafa læst um mánaðamótin maí og júní s. l. og með því meinað sér aðgang að þeim.

Gerðarbeiðandi, Sigurgeir Einarsson kaupmaður, sem er eigandi áðurgreinds húss og býr þar einnig, hefur mótmælt framgangi hinnar umbeðnu gerðar, og lögðu aðiljar málið undir úrskurð fógetaréttarins.

Aðiljar hafa hvor um sig krafizt málskostnaðar eftir mati réttarins.

Málavextir eru þessir: Með húsaleigusamningi, dags. 22. apríl 1940, tók gerðarbeiðandi á leigu húsnæði á efstu hæð í húsi gerðarþola nr. 28 við Vesturgötu. Var þar m. a. svo um samið, að hitunartæki hússins skyldu vera í góðu lagi, en húsið var þá hitað með kolakyntri miðstöð, og hélzt það, þar til æð frá Hitaveitu Reykjavíkur var lögð í miðstöðvarkerfi hússins seint í desember s. l. Var þá stillum fyrir heita vatnið til hússins komið fyrir í herbergi, þar sem miðstöðvarketillinn var.

Frá því gerðarbeiðandi fluttist í núverandi íbúð sína, hefur gerðarþoli ekki lagt honum önnur hitunartæki en miðstöð þessa. Meðan miðstöð hússins var kynnt með kolum, sá gerðarþoli jafnan um kyndingu hennar, að undanskildum fáum dögum, næst áður en hitaveitan var lögð inn, en þá kynnti einn af leigjendum hússins. Á þessu tímabili virðist miðstöðvarherbergið jafnan hafa verið opið, en ókunnugt er, hvort leigjendur hafa gengið þar um og haft hönd í bagga með kyndingunni.

Um það leyti sem vatni frá Hitaveitu Reykjavíkur var veitt í húsið, setti gerðarþoli lás fyrir herbergi það, sem stillarnir fyrir heita vatnið eru í, og meinaði með því gerðarbeiðanda aðgang að þeim. Skömmu síðar komst þó á samkomulag um, að gerðarbeiðandi fengi frjálsan aðgang að stillunum til að byrja með, unz fyrstu reikningar fyrir húsið kæmu frá Hitaveitu Reykjavíkur.

Sá gerðarbeiðandi um stillingu á heitavatnsrennslinu til hússins, frá því að áðurnefnt samkomulag komst á og þar til um mánaðamótin maí og júní s. l., að gerðarþoli læsti herberginu, sem stillarnir eru í, og meinaði honum þannig aðgang að þeim. Frá því þetta gerðist, virðist heitu vatni mjög sjaldan hafa verið hleypt á miðstöðvarkerfi hússins.

Gerðarbeiðandi byggir kröfur sínar á því, að hann hafi húsnæði sitt á leigu með hitunartækjum, en þau séu ekki önnur en marg-

nefnd miðstöð, sem fái heitt vatn frá Hitaveitu Reykjavíkur. Telur hann sig samkvæmt leigusamningnum eiga þá kröfu á hendur gerðarþola, að hann veiti sér aðstöðu til að nota hitunartæki þau, sem húsnæðinu fylgja, svo sem honum þóknast og hann þykist þurfa við, en skilyrði þessa sé, að hann hafi frjálsan aðgang að hitavatnsstillum hússins. Er því mótmælt af hálfu gerðarbeiðanda, að gerðarþoli sé sem húseigandi réttbærri til að ráða yfir hitavatnsrennsli miðstöðvarkerfisins en aðrir afnotahafar þess, enda sé vatn það, sem í kerfið er veitt, ekki eign húseiganda né fremur undirorpið umráðum hans en annarra íbúa hússins.

Gerðarþoli hefur hér fyrir réttinum tjáð sig fúsan að greiða allan hitakostnað hússins, sem er umfram áætlaða meðalhitaeyðslu í því samkvæmt mati Hitaveitu Reykjavíkur, gegn því, að hann fái framgengt þeirri kröfu sinni, að hafa frjálsan aðgang að heitavatnsstillunum.

Mótmæli sín gegn framgangi gerðarinnar byggir gerðarþoli á því: *í fyrsta lagi*, að réttargrundvöllurinn fyrir kröfu gerðarbeiðanda sé ekki nægilega skýr til, að mál þetta megi sæta úrlausn fógetaréttarins; *í öðru lagi*, að íbúðin sé leigð gerðarbeiðanda með *hitunartækjum*, en það þýði aðeins, að honum séu veittir möguleikar til að kaupa þann hita af gerðarbeiðanda, sem hann vill láta í té, og notfæra sér hann; *í þriðja lagi*, að þótt svo yrði litið á, að gerðarbeiðandi eigi kröfu á að fá heitt vatn í húsnæði sitt, þá eigi hann engan rétt á aðgangi að hitavatnsstillum alls miðstöðvarkerfisins og geti ekki krafizt að fá ótakmörkuð umráð þess, hve miklum hita sé hleypt á það. Þau umráð hljóti að vera í sínum höndum sem húseiganda. Þá telur gerðarþoli, að samkvæmt leigusamningnum geti sér aldrei borið skylda til að veita meiri hita til gerðarbeiðanda en sem svari venjulegum hita í íbúðarherbergjum.

Því er sérstaklega mótmælt af gerðarþola, að það gefi gerðarbeiðanda rétt til að krefjast umráða yfir hitastillunum, að hann þýðst til að greiða þann kostnað, sem ætla má, að leiði af því, að hann gerir kröfu til meiri hita en aðrir íbúar hússins.

Í máli þessu er um það deilt, hvert réttarsamband hafi stofnazt milli aðiljanna með húsaleigusamningi þeirra. Verður ekki fallizt á annað en fógetarétturinn sé bær að úrskurða um það atriði, enda má telja, að málsatvik séu nægilega skýr. Verður því ekki synjað um framgang gerðarinnar af þeirri ástæðu, að réttturinn sé ekki bær að skera úr um kröfur gerðarbeiðanda.

Miðstöðvarofnarnir í húsnæði gerðarbeiðanda eru samtengdir miðstöðvarkerfi alls hússins, og verður ekki hleypt á þá hita með öðru móti en að opnað sé fyrir allt miðstöðvarkerfið með stillum þeim, er áður getur. Hins vegar má ætla, að aðrir íbúar hússins geti lokað fyrir hitann í herbergjum sínum með því að loka fyrir ofnana, þótt opið sé fyrir heita vatnið til miðstöðvar-

kerfisins. Verður því ekki séð, að öðrum íbúum hússins þurfi að vera það verulega til baga, þótt gerðarbeiðanda sé veittur aðgangur til að nota heita vatnið að vild sinni, ef full greiðsla kemur fyrir af hans hálfu.

Gerðarþoli tókst á hendur með leigusamningnum 22. apríl 1940 að láta gerðarbeiðanda í té hitunartæki í íbúð hans, en önnur tæki en miðstöðina hefur hann ekki lagt til. Er augljóst mál, að fullt notagildi miðstöðvarinnar fyrir gerðarbeiðanda er undir því komið, að hann eigi þess kost að fá af henni þann hita, sem hann telur sig þarfnast. Þessu verður því aðeins náð, að hann eigi frjálsan aðgang að því að veita heitu vatni á miðstöðvarkerfið. Verður ekki fallizt á, að gerðarþoli hafi sem eigandi hússins og þar með miðstöðvarkerfisins neinn rétt til að ráða yfir hitavatnsrennsli um kerfið fram yfir þá, sem hann hefur leigt afnot þess, og þar sem ekki verður séð, svo sem að framan greinir, að frjáls afnot gerðarbeiðanda af sínum hluta miðstöðvarkerfisins þurfi að valda gerðarþola sérstökum baga, fellst rétturinn á, að leyfa beri framgang hinnar umbeðnu gerðar á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Rétt þykir, að gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda kr. 130.00 í málskostnað.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna fógetagerð skal fram fara á ábyrgð gerðarbeiðanda. Gerðarþoli, Sigurgeir Einarsson, greiði gerðarbeiðanda, Halldóri Kiljan Laxness, kr. 130.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 7. desember 1945.

Nr. 116/1945. **Óskar Guðmundsson** (Sigurður Ólason)
gegn
Sigríði Þorvarðsdóttur og Þorsteini Hreggviðssyni (Ólafur Þorgrímsson).

Húsaleiga. Útburðargerð.

Dómur hæstaréttar.

Þorsteinn S. Thorarensen, fulltrúi borgarfógetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með

stefnu 12. september þ. á. Krefst hann þess, aðallega að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur. Til vara krefst áfrýjandi þess, að hann verði einungis skyldaður til annað hvort að rýma eldhús íbúðarinnar að hálfu eða vestri íbúðarstofuna. Til þrautavara krefst áfrýjandi þess, að honum verði einungis gert að rýma vestri stofuna og eldhúsið að hálfu. Loks krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir hæstarétti úr hendi stefndu eftir mati hæstaréttar.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Móðir stefndu Sigríðar Þorvarðsdóttur var orðin eigandi hússins nr. 5 við Þórsgötu fyrir 9. september 1941. Þykir stefnda Sigríður því samkvæmt lögjöfnun frá 1. mgr. 1. gr. laga nr. 39/1943 hafa heimild til að segja áfrýjanda upp íbúðinni vegna brýnnar þarfar sonar síns til húsnæðis. Uppsögn hinna stefndu á leigumálanum 2. febrúar 1945 verður, eins og á stóð, að teljast nægjanlega skýr og með nægum fyrirvara.

Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar þykir bera að staðfesta hann.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Það athugast, að fógetinn hefur við meðferð málsins eigi gætt ákvæða 109. gr. sbr. 223. gr. laga nr. 85/1936.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði hrd. Árna Tryggvasonar.

Ég tel, að það ákvæði 1. málsgr. 1. gr. laga nr. 39/1943, að leigusali skuli hafa „eignazt" húsið, sem leiguíbúðin er í, fyrir 9. september 1941, tákni ekki færslu eigna milli aðilja fyrir erfð, sbr. orðalag 3. málsgr. 3. gr. sömu laga, og haggi því framangreint ákvæði húsaleigulaganna um tímamark

ekki gildi uppsagnar þeirrar, sem um ræðir í máli þessu. Með þessari athugasemd er ég samþykkur rökum dómsins að öðru leyti svo og niðurstöðu hans.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 8. september 1945.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 23. ágúst s. l., hafa gerðarbeiðendur, Sigríður Þorvarðsdóttir, búsett á Reyðarfirði í S.-Múlasýslu, og Þorsteinn Hreggviðsson, Miklubraut 20 hér í bæ, krafizt þess, að gerðarþoli, Óskar Guðmundsson, verði borinn út úr húsnæði því, sem hann hefur undanfarið haft á leigu í húsinu nr. 5 við Þórsgötu hér í bæ.

Gerðarþoli mótmælti framgangi hinnar umbeðnu gerðar, og lögðu aðiljar málið undir úrskurð fógetaréttarins.

Hvor aðili um sig hefur krafizt málskostnaðar.

Málavextir eru sem hér segir:

Hinn 2. febr. s. l. sögðu gerðarbeiðendur gerðarþola upp húsnæði því, sem hann hefur undanfarið haft til leigu á Þórsgötu 5, en húsnæði það er 2 herbergi og eldhús. Hús þetta er í óskiptri sameign gerðarbeiðenda, 3 hæðir, og eru íbúðir á öllum hæðum, á fyrstu hæð tvö herbergi og eldhús, á annari hæð 3 herbergi og eldhús og á rishæð einnig 3 herbergi og eldhús.

Það er upplýst í málinu, að hús þetta komst að hálfu í eigu Sigríðar Þorvarðsdóttur fyrir arf eftir móður hennar, Guðríði Ólafsdóttur, er andaðist haustið 1942, en skiptum var ekki lokið fyrr en á árinu 1943. Samerfingi Sigríðar að húsinu seldi svo Þorsteini Hreggviðssyni sinn hluta, og er sameign gerðarbeiðenda óskipt, eins og að framan getur.

Uppsögn þessi er byggð á því, að gerðarbeiðandinn Sigríður Þorvarðsdóttir þurfi á húsnæðinu að halda til afnota fyrir son sinn, Þorvarð K. Þorsteinsson, sem nú er húsnæðislaus. Um Þorvarð er það upplýst, að hann hóf laganám við Háskóla Íslands haustið 1938 og lauk kandidatsprófi vorið 1944. Hinn 1. júlí s. á. gerðist hann starfsmaður í Atvinnumálaráðuneytinu. Allt til 1. okt. 1944 dvaldi hann á Stúdentagarðinum, þar sem hann hafði búið öll sín námsár, en þá flutti hann til tengdaforeldra sinna, og bjuggu þau þar, hann og kona hans, allt til 14. maí s. l. Ekki mun Þorvarður þó hafa greitt neina sérstaka leigu fyrir dvöl þeirra hjónanna þar. — Nú dvelur Þorvarður í stofu hjá einum kunningja sínum hér í bæ, einnig leigulaust, en konu sína og barn hefur hann orðið að senda úr bænum vegna þessara húsnæðisvandræða.

Uppsögn sú, sem að framan getur, var svo lögum samkvæmt lögð fyrir húsaleigunefnd 14. apríl s. l. Úrskurður nefndarinnar féll svo 14. maí s. l. og var á þá leið, að uppsögn þessi skyldi ekki tekin til greina. Með bréfi, dags. 2. júlí s. l., sneri Sigríður

Þorvarðsdóttir sér svo til fógetaréttarins með beiðni um útburð á gerðarþola, og var beiðnin byggð á sömu ástæðum og á sínum tíma lágu fyrir húsaleigunefnd. Hinn sameigandinn, Þorsteinn Hreggviðsson, tók þá ekki þátt í þeirri málshöfðun og var því með úrskurði fógetaréttarins, dags. 20. ágúst s. l., synjað um gerðina vegna aðildarskorts. 20. ágúst s. l. endurnýjuðu svo báðir sameigendurnir að ofangreindu húsi útburðarbeiðni sína á hendur gerðarþola.

Varnir af hálfu gerðarþola byggjast aðallega á því, að gerðarbeiðendur hafi ekki eignazt húsið fyrr en á árinu 1943, þegar skiptum eftir Guðríði Ólafsdóttur var lokið, og sé því gerðarbeiðendum óheimilt að segja íbúum hússins upp húsnæði þeirra.

Þá er því enn fremur haldið fram af hálfu gerðarþola, að Þorvarður K. Þorsteinsson sé ekki löglegur íbúi hér í Reykjavík, þar eð hann hafi ekki, eins og opinberum starfsmönnum beri að gera, ef þeir vilja njóta hlunninda 2. mgr. 3. gr. húsaleigulaganna, tilkynnt húsaleigunefnd um komu sína í bæinn og hvaða húsnæði hann hafi fengið.

Gerðarbeiðendur hafa aftur haldið því fram, að Guðríður heitin Ólafsdóttir hefði á sínum tíma haft rétt til að segja upp húsnæði í húsi sínu til handa dóttursyni sínum, nefndum Þorvarði, ef henni hefði verið álitin þess brýn þörf. Þessi réttur muni hafa fallið í arf til Sigríðar dóttur hennar, sem eigi samkvæmt því að verða eins sett í þessu efni og hefði hún eignazt húsið fyrir 9. sept. 1941, sjá 1. gr. húsaleigulaga.

Viðvíkjandi hinu atriðinu, að Þorvarður sé ekki löglegur íbúi þessa bæjar, hafa gerðarbeiðendur haldið því fram, að þar sem Þorvarður hafi aldrei haft annað húsnæði en það, sem hann bjó í á Stúdentagarðinum *á leigu*, hafi hann hingað til ekki haft neitt tilefni til að tilkynna húsaleigunefnd neitt um flutning sinn til bæjarins. Eigi þetta atriði ekki að geta staðið því í vegi, að segja megi upp húsnæði Þorvarði til handa.

Það verður nú að líta svo á, að þar sem Þorvarður gerist starfsmaður í Atvinnumálaráðuneytinu 1. júlí 1944, hafi hann þar með tekið sér bólfestu hér í bænum. Þar sem einnig verður að líta svo á, að tilgangur 3. gr. 2. mgr. húsaleigulaga sé sá, að veita húsaleigunefnd tækifæri til að fylgjast með því, hvaða húsnæði opinber starfsmaður sezt að í og þannig tekur frá innanbæjarmönnum, verður ekki hægt að álíta, að nein tilkynningarskylda hafi hvílt á Þorvarði, meðan hann bjó á Stúdentagarðinum. Það húsnæði er stúdentum einum áskilið og bæjarbúum almennt óviðkomandi. Ekki verður heldur álitið, að honum hafi borið nein tilkynningarskylda til húsaleigunefndar, er hann flutti til tengdaforeldra sinna, því hann mun enga húsaleigu hafa greitt þar. Sama gildir um húsnæði það, er hann dvelur nú í, að hann dvelur þar eingöngu

sem gestur. — Samkvæmt orðum og anda húsaleigulaganna verður þess vegna að líta svo á, að Þorvarður hafi ekki enn sem komið er haft neitt tilefni til að tilkynna húsaleigunefnd neitt um komu sína hingað til bæjarins, og sé því út af fyrir sig heimilt að segja upp húsnæði honum til handa.

Réttinum virðist einnig sannlegast að líta þannig á, að með því að arfleifandi gerðarbeiðandans Sigríðar Þorvarðsdóttur hafði á sínum tíma rétt til að segja upp húsnæði til handa dóttursyni sínum, Þorvarði, hefði honum verið talin þess brýn þörf, þá muni einnig þessi uppsagnarréttur hafa fallið í Sigríðar hlut, er húseignin varð eign hennar við arf, eins og að framan getur.

Þar sem Þorvarður K. Þorsteinsson virðist einnig hafa sýnt fram á brýna húsnæðisþörf sína, þykir verða að líta þannig á, að uppsögn þessi sé í alla staði réttmæt, þannig að leyfa beri framgang gerðarinnar á grundvelli hennar.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna gerð skal fram fara á ábyrgð gerðarbeiðenda. Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 7. desember 1945.

Nr. 85/1945. **Réttvísin**
gegn
Sigfúsi Jónassyni.

Umsagnar læknaráðs leitað.

Úrskurður hæstaréttar.

Áður en mál þetta er dæmt í hæstarétti, þykir rétt með skírskotun til 1. og 2. mgr. 2. gr. laga nr. 14/1942 að æskja umsagnar læknaráðs um eftirgreind efni.

Álit skal gefið um skýrslu prófessors Níelsar Dungals, dags. 13. desember 1944, um krufningu þá, er hann framkvæmdi á líki Þórunnar Björnsdóttur, sem í málinu greinir. Einkum er leitað skýrslu um það, hvert banamein hennar hafi verið, hvort rekja megi bana hennar til kúpubrotsins beint eða óbeint, hvort ætla megi, að kúpubrotið hefði gróið, ef ekki hefði fleira til komið, og hvað þá hefði mátt ætla um heilsufar hennar. Þá er óskað umsagnar um það, hvort

samband kunni að vera milli fótasársins og heilabólgunnar, svo hvort lega stúlkunnar úti aðfaranótt sunnudagsins 26. nóvember 1944 með þeim hætti, er í gögnum málsins greinir, kunni að vera samverkandi orsök að dauða hennar. Loks er þess óskað, að læknaráð láti uppi álit sitt um önnur efni, sem það kynni að telja skipta máli um dánarorsökina.

Því úrskurðast:

Læknaráð láti í té umsögn um framangreind atriði.

Föstudaginn 7. desember 1945.

Kærumálið nr. 14/1945. **Helgi Magnússon**
gegn
Yngva Jóhannessyni.

Um vitnaskyldu.

Dómur hæstaréttar.

Þorsteinn S. Thorarensen, fulltrúi borgarfógetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Með kæru 19. f. m., sem hingað barst 27. s. m., hefur sóknaraðili samkvæmt ákvæðum 4. málsgr. 128. gr. laga nr. 85/1936 skotið til hæstaréttar úrskurði fógetaréttar Reykjavíkur 19. f. m., þar sem fjórum nafngreindum vitnum var ekki talið skylt að gefa skýrslu fyrir dómi um leigufjárhæðir þær, sem þeir greiða varnaraðilja. Krefst sóknaraðili þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur og varnaraðilja verði dæmt að greiða honum kostnað af kærumálinu eftir mati hæstaréttar.

Varnaraðili hefur hvorki sent hæstarétti greinargerð né kröfur í málinu.

Ekki verður talið, að svör við framangreindum spurningum séu sýnilega þýðingarlaus fyrir málið, og ber vitnunum því með skírskotun til 3. töluliðs 125. gr. laga nr. 85/1936 að gefa skýrslu fyrir dómi um þessi efni. Verður því að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og dæma varnaraðilja til greiðslu kærumálskostnaðar, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 150.00.

Því dæmist rétt vera:

Vitnunum Jakob Alfred Stefánssyni, Ellert Kjartani Arnfinnssyni, Gunnari J. Svanholm og Guðjóni O. Hanssyni er hverju um sig skylt að gefa fyrir dómi skýrslu um, hversu háa leigu þau greiða fyrir herbergi í húsi varnaraðilja.

Varnaraðili, Yngvi Jóhannesson, greiði sóknaraðilja, Helga Magnússyni, kr. 150.00 í kærumálskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetadóms Reykjavíkur 19. nóvember 1945.

Í réttarhaldi í máli þessu 17. þ. m., hefur umboðsmaður gerðarþola, Magnús Thorlacius hrl., krafizt þess, að vitnunum Jakob Alfred Stefánssyni, Ellert Kjartani Arnfinnssyni, Gunnari J. Svanholm og Guðjóni O. Hanssyni verði úrskurðað skylt að upplýsa, hve mikið hver þeirra um sig greiði í leigu, en þessir menn eru leigutakar í húsi gerðarbeiðanda nr. 71 við Njálsgötu. Ofangreind vitni hafa neitað að gefa upplýsingar um þetta atriði, þar sem þau telja það málinu óviðkomandi. Var þá ágreiningurinn um svarskyldu vitnanna um þetta atriði tekinn undir úrskurð fógetaréttarins.

Málavextir í útburðarmáli þessu eru í stuttu máli þeir, að gerðarbeiðandi Yngi Jóhannesson, til heimilis Njálsgötu 71 hér í bæ, hefur krafizt, að gerðarþoli, Helgi Magnússon, rými eitt herbergi af íbúð þeirra, sem hann hefur nú á leigu í ofangreindu húsi gerðarbeiðanda, með því að gerðarbeiðandi telur sig hafa þess brýna þörf. Gerðarbeiðandi hefur til afnota fyrir sjálfan sig 4 herbergi og eldhús, og býr þar með konu sinni og þrem börnum, 6, 11 og 16 ára, og tengdamóður sinni, fatlaðri á sjötugsaldri. Auk þess kveðst gerðarbeiðandi hafa þörf fyrir húshjálp, þar sem kona sín sé heilsuveil, og hefur hann lagt fram læknisvottorð þar að lútandi. Gerðarþoli hefur á leigu 4 herbergi og eldhús og býr þar ásamt konu sinni, sem hann kveður heilsuveila og hafa brýna þörf fyrir aðstoð við heimilisstörf.

Ástæðuna fyrir kröfu sinni um upplýsingar um leigugreiðslur ofangreindra vitna kveður umboðsmaður gerðarþola þær, að hann telur, að gerðarbeiðandi hafi sagt fyrri leigjanda sínum, Hafliða Bjarnasyni, upp húsnæði hans, til að geta leigt ofangreindum mönnum herbergi gegn hárri leigu. Telur umboðsmaður gerðarþola, að sá muni einnig vera tilgangur gerðarbeiðanda með mála-

rekstri þessum, og sé því næsta mikilvægt, að vitnin veiti þessar upplýsingar.

Umboðsmaður gerðarþola hefur engar ástæður fært fram fyrir þessum grun sínum um tilgang gerðarbeiðanda með málarekstri þessum, og virðist réttinum samkvæmt efni málsins næsta þýðingarlítið, að spurningar þessa efnis verði bornar upp fyrir ofangreindum vitnum, og þykir því ekki rétt að gera þeim neina skyldu til þess að svara þeim.

Því úrskurðast:

Vitnunum Jakob Alfreð Stefánssyni, Ellert Kjartani Arnfinnssyni, Gunnari J. Svanholm og Guðjóni O. Hanssyni skal ekki skylt að gefa upplýsingar í máli þessu um leiguupphæðir þær, er þeir greiða gerðarbeiðanda, Yngva Jóhannessyni.

Miðvikudaginn 12. desember 1945.

Nr. 126/1944. **Eigendur v/b „Ársæls“ V.E. 8**
(Sveinbjörn Jónsson)
gegn
eigendum v/b „Kára“ V.E. 27
(Stefán Jóh. Stefánsson).

Setudómari próf. Ísleifur Árnason í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Ómerking dóms og málsmeðferðar og heimvísun.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóm hefur upp kveðið Sigfús M. Johnsen, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, ásamt sjódómsmönnunum Páli Þorbjörnssyni og Lúðvík N. Lúðvíkssyni.

Með hæstaréttardómi 19. maí 1943 var héraðsdómur í máli þessu, uppkveðinn 29. júní 1942, ómerktur svo og meðferð málsins frá 31. október 1941, og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju. Ástæður til ómerkingar þessarar voru m. a. þær, að aðiljar höfðu andstætt fyrirmælum 9. kafla laga nr. 85/1936 fengið fresti á víxl og skipzt á alls sex skriflegum greinargerðum auk greinagerða samkvæmt 105. og 106. gr. sömu laga.

Málið var tekið til meðferðar af nýju á dómþingi 18. nóvember 1943, er háð var af Freymóði Þorsteinssyni, fulltrúa bæjarfógeta, ásamt sjódómsmönnunum. Var þá ákveðinn skriflegur málflutningur.

Átti dómurinn, eftir að sameiginlegur frestur til gagnasöfnunar hefði verið veittur, að sjá um, að málið yrði rekið samkvæmt 110. gr. laga nr. 85/1936, þannig að stefnanda yrði veittur kostur á að flytja tvisvar sókn og verjanda tvisvar vörn. Í stað þessa tók dómurinn við af stefnanda dómsgerðum fyrra málsins í heild, þar á meðal hinum sex sóknarskjölum og varnar, er ómerkt höfðu verið. Eftir það tekur dómurinn við af aðiljum sex greinargerðum og bókunum, þremur af hálfu hvors. Er þessi meðferð málsins svo brýnt brot á ákvæðum110. gr. laga nr. 85/1936, að varða• verður ómerkingu héraðsdóms og málsmeðferðar frá og með þinghaldi 18. nóvember 1943, og ber að vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsuppsögu af nýju.

Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Vegna framangreindrar löglausrar meðferðar málsins á nýjan leik verður samkvæmt 3. mgr. 34. gr. laga nr. 85/1936 að dæma formann sjódómsins, Sigfús M. Johnsen, og fulltrúa hans, Freymóð Þorsteinsson, til 50 króna fésektar hvorn. Þá verður og að dæma Friðþjóf G. Johnsen héraðsdómslögmann, er málið flutti af hendi stefnanda í héraði, til 50 króna fésektar fyrir hlutdeild í rangri meðferð málsins samkvæmt 3. mgr. 34. gr. nefndra laga, sbr. 22. gr. laga nr. 19/1940 analogice.

Fésektir þær, er að ofan greinir, skulu renna í ríkissjóð, og skal hver hinna dæmdu afplána sekt sína 2 daga varðhaldi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Það athugast, að uppsaga héraðsdóms hefur dregizt í rúma 3 mánuði, og er sá dráttur ekki réttlættur.

Á dómþingi í máli þessu 27. janúar 1944 var lagt fram varnarskjal af hálfu fyrirsvarsmanns stefndu í héraði, Sigurðar Bjarnasonar, og undirritað af honum. Í skjali þessu veitist hann að forstöðumanni Stýrimannaskólans, Friðrik Ólafssyni, vegna álitsgerðar, er hann hafði samið og lögð

hafði verið fram í málinu. Nefnir Sigurður Bjarnason álitsgerð þessa „fáránlegt plagg“ og „makalaust plagg“. Talar hann um, „hversu langt er seilzt hjá herra skólastjóranum, þegar hann er að reyna að finna sök hjá Kára“. Kveðst hann „harma hitt, að hent skuli geta opinberan starfsmann að gleyma því, að hann á að vera óhlutdrægur, er álits hans er leitað sem sérfræðings, og gleymskan skuli geta komizt á það stig, að hann gerist saksóknari, sem að dæmi málflutningsmanns búi til sök á hendur öðrum aðiljanum“. Fyrir þessi ósæmilegu og tilefnislausu ummæli ber að dæma nefndan Sigurð Bjarnason samkvæmt 5. tölulið 18. gr. laga nr. 85/1936 til greiðslu 200 króna sektar, er renni í ríkissjóð, og komi 8 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Svo ber og að dæma framangreind ummæli dauð og ómerk.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur og meðferð málsins frá og með 18. nóvember 1943 á að vera ómerk, og vísast málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu dóms af nýju.

Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Formaður sjódómsins, Sigfús M. Johnsen, fulltrúi hans Freymóður Þorsteinsson og héraðsdómslögmaður Friðþjófur G. Johnsen greiði hver um sig 50 króna sekt í ríkissjóð, og afpláni hver þeirra sekt sína 2 daga varðhaldi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Fyrirsvarsmaður stefndu í héraði, Sigurður Bjarnason, greiði 200 króna sekt í ríkissjóð, og komi 8 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Svo skulu og framangreind ummæli vera dauð og ómerk.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Vestmannaeyja 17. maí 1944.

Mál þetta er höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Vestmannaeyja af Guðmundi Einarssyni útgerðarmanni, Viðey hér, f. h. eigenda v/b Ársæls Ve. 8 með stefnu, útgefinni 24. september 1944, birtri 25. s. m., á hendur v/b Kára Ve. 27, þeim Þórdísi Guðjónsdóttur, Svanhóli, Jóhanni Sigfússyni, Lundi, Óskari Jónssyni, Vestmannabraut 15, og Þórarni Guðjónssyni, Svanhóli, öllum í Vestmannaeyjum. Málið var þingfest hinn 4. október 1941 og að flutningi loknum var það lagt í dóm hinn 4. júní 1942, og gekk dómur í því hinn 29. s. m. Með hæstaréttardómi, upp kveðnum 19. maí 1943, var undirréttardómurinn ómerktur og meðferð málsins frá 31. október 1941 og vísað heim til löglegrar meðferðar af nýju.

Málið var því næst tekið fyrir hér í réttinum þann 18. nóvember s. l. og sótt og varið af nýju og lagt í dóm þann 11. febrúar s. l.

Stefnendur gera þær réttarkröfur, að hinir stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða þeim skaðabætur vegna árekstrar, að upphæð kr. 37787.50, ásamt 6% ársvöxtum frá stefnudegi 24. september 1941 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu samkvæmt reikningi, er lagður hefur verið fram í málinu og nemur að upphæð kr. 1807.80. Undir rekstri málsins lækkuðu stefnendur kröfu sína um kr. 10263.12, eða niður í kr. 27524.38, auk vaxta af þeirri upphæð og málskostnaðar samkvæmt ofanrituðu.

Stefndir hafa gert þær réttarkröfur, aðallega að þeir verði algerlega sýknaðir af öllum kröfum stefnenda, en til vara, að þeir verði aðeins dæmdir til að greiða hlutfallslega upphæð af raunverulegum viðgerðarkostnaði m/b Ársæls, ef dómurinn kæmist að þeirri niðurstöðu, að v/b Kára yrði gefin sök á árekstrinum að einhverju leyti. Einnig krefjast þeir málskostnaðar sér til handa eftir mati réttarins, en til vara, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Tildrög málsins eru þau, að hinn 17. apríl 1941, kl. um 5.45 e. h., varð árekstur milli v/b Kára Ve. 27 og v/b Ársæls Ve. 8 rétt hjá Klettsnefinu í Vestmannaeyjum. V/b Ársæll var að koma úr róðri og sigldi suður með Yzta-Kletti (Klettinum), en v/b Kári var á leið í róður og sigldi út víkina fyrir austan höfnina í Vestmannaeyjum. Logn var og sólskin og sléttur sjór. Er bátarnir voru í ca. 200 metra fjarlægð hvor frá öðrum, urðu þeir varir hvorir við annan. Eftir því sem fyrir liggur, virðast þeir báðir hafa siglt með venjulegum hraða, en ganghraði v/b Ársæls er 6 sjómílur á klukkustund, en ganghraði v/b Kára 8 sjómílur á klukkustund. Í flánni rétt austan við, þar sem Klettsnefið skagar lengst til suðurs, varð árekturinn, og rakst stefnið á v/b Kára á stefni v/b Ársæls bakborðsmegin, og skall v/b Ársæll um leið utan í bergið.

V/b Kári skemmdist ekki við árekstur inn, en hins vegar varð v/b Ársæll fyrir allmiklum skemmdum og aðallega stjórnborðsmegin, eða þeim megin, er að berginu sneri. Meðal annars klofnaði stefni bátsins, og rann sjór inn í lúkar. Samt sem áður gat v/b Ársæll haldið áfram ferð sinni og komst hjálparlaust inn á höfn í Vestmannaeyjum. Telja stefnendur, að v/b Kári eigi alla sök á árekstrinum, og beri því hinum stefndu að greiða bætur fyrir allt það tjón, sem eigendur v/b Ársæls biðu við áreksturinn. Telja þeir, að tjónið nemi hinni umstefndu upphæð, og er þar í innifalið aflatjón skipsins, aflahlutur skipshafnar, kostnaður við matsgerðir, sjópróf o. fl. Hinir stefndu telja hins vegar, að v/b Ársæll eigi alla sök á árekstrinum, og krefjast sýknu af þeim sökum.

Eins gera þeir margar athugasemdir við kröfur stefnenda, sem þeir telja allt of háar. Um nánari atvik að árekstrinum hefur þetta komið fram í málinu.

Formaðurinn á v/b Ársæli, Karl Ó. Guðmundsson, skýrði svo frá í sjóprófunum, sem fram fóru rétt á eftir, að áreksturinn varð, að er hann beygði inn á Víkina fyrir Klettsnefið, hafi hann séð v/b Kára koma austur Víkina og hafa stefnu austur, og var hann um 2 strik til bakborða við v/b Ársæl. Kveðst formaðurinn hafa verið kominn það sunnarlega, er hann sá v/b Kára fyrst, að hann hafi séð báða hafnargarðana og verið búinn að beygja eins mikið og hann þurfti til þess að taka stefnu beint inn á höfnina. Hafi v/b Kári þá verið í ca. 200 metra fjarlægð. Formaðurinn kveðst sjálfur hafa verið uppi ásamt vélstjóranum Sigurði A. G. Pálssyni og Júlíusi Guðjónssyni háseta. Hafi vélstjórinn verið á þilfari, en hásetinn og formaðurinn í stýrishúsinu. Hann kveðst hafa séð, að v/b Kári vék aðeins til bakborða, og hafi hann þá vikið til stjórnborða, og eins nærri Klettinum og hann þorði, en í þessum svifum sigldi v/b Kári á stefni v/b Ársæls bakborðsmegin með þeim afleiðingum, sem áður er lýst. Er áreksturinn var fyrirsjáanlegur, kveðst hann hafa hægt á ferð skipsins. Í sömu átt gengur framburður hásetans Júlíusar Guðjónssonar og vélstjórans, Sigurðar A. G. Pálssonar. Júlíus Guðjónsson kveðst fyrst hafa séð möstrin á m/b Kára koma undan Klettsnefinu, en báðir telja þeir, að v/b Kári hafi verið til bakborða við v/b Ársæl, er þeir sáu hann fyrst, en raunar aðeins til bakborða, eftir því sem vélstjórinn segir. Báðir segja þeir, að þegar v/b Kári nálgaðist, hafi v/b Ársæll beygt til stjórnborða, og tók Sigurður A. G. Pálsson það sérstaklega fram, að aðeins hafi verið beygt lítils háttar, því ekki hafi verið hægt að beygja meira vegna þess, hve báturinn var nærri Klettinum. Báðir segja þeir, að hægt hafi verið á ferð v/b Ársæls, er árekstur var fyrirsjáanlegur, og virðist mega ráða af framburði þeirra og formannsins, að ekki hafi verið bakkað fyrr en eftir áreksturinn. Af framburðum þeirra virðist einnig auðsætt, að v/b

Ársæll hafi siglt nærri Klettinum, og er það einnig stutt með umsögnum vitna, sem sáu til ferða v/b Ársæls rétt fyrir áreksturinn. Bæði formaðurinn og Júlíus Guðjónsson fullyrða, að v/b Ársæll hafi ekki beygt til bakborða, eftir að sást til v/b Kára. Tíminn, sem leið, frá því þeir sáu til v/b Kára og þangað til áreksturinn varð, virðist hafa verið örstuttur, og áætlar vélstjórinn á v/b Ársæli, að ekki hafi verið um lengri tíma að ræða en um eina mínútu.

Formaðurinn á v/b Kára, Sigurður Bjarnason, skýrir svo frá, að hann hafi lagt af stað í róður kl. 5,30 e. h. umræddan dag, og þegar komið var út fyrir hafnargarðinn, hafi stefna verið sett laust fyrir Klettsnefið. Sjálfur kveðst hann hafa verið við stýrið, auk þess hafi þrír skipverjar verið uppi, vélstjórinn, Kristján Sigurjónsson, stýrimaðurinn, Jóhann Sigfússon, og Edvin Jóelsson háseti. Er v/b Kári var ca. 80—100 metra vestur af Klettsnefinu, kveðst formaðurinn hafa séð stefni v/b Ársæls koma fram undan Klettinum, og hafi þá fjarlægðin á milli bátanna verið um 200—250 metrar. Vegna þess að stefna v/b Kára hafi legið nærri Klettsnefinu, kveðst formaðurinn hafa vikið á stjórnborða til þess að gefa v/b Ársæli nægjanlegt rúm við Klettsnefið, en í sömu svifum hafi v/b Ársæll beygt til bakborða, og beygði hann þá sjálfur einnig til bakborða, eða upp að Klettinum og í veg fyrir v/b Kára. Kveðst formaðurinn þá hafa bakkað fullt aftur á, en allt að einu varð áreksturinn. Segir formaðurinn, að vél v/b Kára hafi haft svo vel aftur á, að v/b Kári fjarlægðist v/b Ársæl þegar eftir áreksturinn, og hjuggust þeir ekki saman aftur. Stýrimaðurinn á v/b Kára, Jóhann Sigfússon, kveðst hafa verið að stanga kaðla fyrir aftan stýrishúsið, áður en áreksturinn varð, og ekkert séð framundan sér. Hann kveðst hafa orðið þess var allt í einu, að vélinni var skipt aftur á, og rétt á eftir fann mættur höggið, er orsakaðist af árekstri bátanna. Kveðst hann hafa þotið upp til þess að sjá, hvað um væri að vera, og hafi þá v/b Kári verið að fjarlægjast v/b Ársæl, sem honum virtist liggja upp við bergið. Vélstjórinn á v/b Kára, Kristján Sigurður Sigurjónsson, kveðst hafa tekið eftir v/b Ársæl, er hann kom undan Klettsnefinu, og hafi hann séð á stjórnborðsbóg v/b Ársæls og tekið eftir númerinu. Hann kveðst ekki hafa veitt v/b Ársæl frekari gaum í bili, en hins vegar kveðst hann hafa veitt því athygli, að formaðurinn á v/b Kára beygði fyrst til stjórnborða og þverlagði síðan til bakborða. Þá kveðst hann einnig hafa veitt því athygli, að v/b Ársæll beygði til stjórnborða upp að Klettinum. Einnig veitti hann því athygli, að v/b Kári bakkaði eða tók aftur á, og virtist honum það gert í sömu svipan og v/b Kári var að snúast til bakborða. Hann segir einnig, að þegar áreksturinn varð, hafi verið dregið úr hraða v/b Kára og hafi v/b Kári losnað við v/b Ársæl beint út frá bátnum. Edvin Joelsson háseti kveðst hafa tekið eftir

v/b Ársæl, er v/ Kári var nærri kominn að Klettsnefinu, og beygði v/b Kári þá til stjórnborða, en v/b Ársæll til bakborða. Skipti þá engum togum, að v/b Kári beygði til bakborða, en v/b Ársæll til stjórnborða. Hafi v/b Kári þá bakkað með fullri ferð aftur á bak, og virtist hásetanum, að ferðin væri af v/b Kára, er bátarnir rákust á. Bæði formaðurinn, vélstjórinn og hásetinn telja, að árekstrinn hefði orðið allt að einu, þótt v/b Kári hefði ekki beygt til bakborða, heldur haldið áfram og beygt til stjórnborða, en v/b Ársæll myndi þá hafa rekizt á v/b Kára aftan til við miðju. Af framburði þeirra virðist mega ráða, að v/b Kári hafi siglt nærri Klettsnefinu, en formaðurinn heldur því fram, að hann hafi siglt venjulega leið og þar af leiðandi ekki grynnra en venjulegt sé á útsiglingu. Samkvæmt framburði formannsins, sem sér á stefni v/b Ársæls, og framburði vélstjórans, sem sér á stjórnbordsbóg hans, hefur v/b Kári verið til stjórnborða við v/b Ársæl, er þeir fyrst urðu v/b Ársæls varir.

Af hálfu stefnenda hefur verið lögð fram álitsgerð frá Friðrik Ólafssyni skipstjóra um tildrögin að árekstrinum og sök bátanna hvors um sig. Niðurstaða álitsgerðarinnar er sú, að báðir bátarnir hafi hagað siglingu sinni öðru vísi en vera ætti. Eina aðalorsök árekstrarins telur hann vera þá, að v/b Kári hafi farið of nærri Yzta-Kletti á leið sinni út Víkina. Telur hann, að skip, sem ætlar að beygja fyrir land, sem það hefur um bakborða, megi ekki fara það nærri, eigi það von á að mæta skipum, að það ætli þeim ekki nægilegt rúm landmegin við sig. Segir hann, að þótt hér sé ekki um mjótt sund að ræða, verði að taka hér tillit til ákvæða 25. greinar hinna alþjóðlegu siglingareglna.

Aðra meginorsök árekstrarins telur skólastjórinn þá, að í stað þess að beygja ákveðið til stjórnborða og gefa um það merki, hafi v/b Kári fyrst beygt nokkuð til stjórnborða og síðan til bakborða og lent við það á stefni v/b Ársæls bakbordsmegin.

Þriðju meginorsök árekstrarins telur skólastjórinn þá, að v/b Ársæll hafi vanrækt að minnka ferð sína og gefa merki um, að hann sneri til stjórnborða og einnig það, að v/b Ársæll hafi vanrækt að setja á fulla ferð aftur á bak og gefa um það merki, jafnskjótt og hann sá, að hætta var á árekstri.

Álitsgerð þessari er rétturinn ekki samþykkur nema að nokkru leyti. Upplýst má telja, að v/b Kári sigldi allnærri Yztakletti á leiðinni út, en þó ekki svo, að til víta verði talið eða orsaka hefði þurft ásiglingu við v/b Ársæl. Þarna er ekkert sund, frá því hafnarmynninu sleppir, og reglan í 25. grein hinna alþjóðlegu siglingareglna getur því alls ekki átt við. Auk þess hagar svo til þarna, að bátar, sem mætast fyrir Klettinum eða á þessari leið, hljóta að verða hvor annars varir, nokkru áður en þeir mætast. Verður því að líta svo á, að venjulegar reglur komi til greina um siglingar á

þessari leið, og skipi beri að víkja fyrir öðru, er það hefur á stjórnborða við sig. Rétturinn lítur því svo á, að það geti ekki talizt sök hjá v/b Kára né heldur v/b Ársæl, þótt þeir hafi siglt allnærri Klettsnefinu í umrætt skipti.

Svo virðist sem hvorugur bátanna hafi gefið ákveðið merki, er þeir víku, eins og líka er gert ráð fyrir í álitsgerð skólastjórans. En sú venja er hér meðal fiskibáta að gefa ekki merki, þegar víkið er, og telur rétturinn því ekki unnt að leggja mikið upp úr þessu atriði.

Eins og framburður skipshafnanna á v/b Ársæl og v/b Kára, sem raktir eru hér að framan, bera með sér, gætir þar allmikils ósamræmis í tveim veigamiklum atriðum. Ársælsmenn halda því fram, að v/b Kári hafi verið til bakborða við þá, er þeir sáu hann fyrst, og hafi honum því borið að víkja. Káramenn aftur á móti halda því gagnstæða fram. Enn fremur halda Káramenn því fram, að v/b Ársæll hafi í fyrstunni beygt til bakborða, en því er algerlega neitað af skipshöfn v/b Ársæls.

Til þess að glöggva sig á öllum aðstæðum var farið á v/b Kára út að Klettsnefi hinn 10. maí 1941. Voru þar með formaður dómsins og meðdómendur, enn fremur umboðsmenn v/b Kára og Bátaábyrgðarfélags Vestmannaeyja svo og formenn beggja bátanna. Voru báðir formenn látnir sýna árekstrarstaðinn og þá leið, er þeir fóru, frá því þeir sáust og þar til árekstur varð. Voru þeir nokkurn veginn sammála um, hvar áreksturinn hefði orðið, eða sunnan til í Klettsnefinu, eins og fram er tekið í sjóprófunum, en nokkru vestar en skip á útsiglingu fara að beygja, er ætla fyrir Klettinn. Enda virðist v/b Kári ekki hafa verið farinn að beygja fyrir Klettinn, er áreksturinn varð. Sigurður Bjarnason sýndi tvisvar þá leið, er v/b Kári fór, og virtist ekkert koma fram, er veikti framburð hans eða hans manna. Karl Guðmundsson var látinn gera þrjár tilraunir til að sýna leið þá, er v/b Ársæll hafi farið í umrætt skipti. Af þessum tilraunum virðist mega ráða, að ekki hefði orðið af árekstri, ef báðir bátarnir hefðu haldið þeirri stefnu óbreyttri, er þeir höfðu, er þeir sáust fyrst. Hefði v/b Kári þá orðið nær Klettinum en v/b Ársæll utar. Af þessum tilraunum var það einnig bert, að framburður formannsins á v/b Ársæli og manna hans um það, að þeir hafi haft v/b Kára á bakborða, er þeir sáu hann fyrst, fær alls ekki staðizt. Liggur þetta einnig í augum uppi, þegar komið er á staðinn og það haft í huga, að báðir bátarnir sigldu allnærri Klettinum. Framburður hásetans á v/b Ársæl, Júlíusar Guðjónssonar, um að hann hafi fyrst séð möstur v/b Kára koma fram undan Klettinum, getur heldur ekki samrýmzt því, að v/b Kári hafi verið til bakborða við v/b Ársæl. Að þessu athuguðu verður að ganga út frá, þrátt fyrir gagnstæðar fullyrðingar þeirra á v/b Ársæli, að v/b Kári hafi verið til stjórn-

borða við þá, er þeir sáu hann fyrst, og bar þeim því að víkja. Þótt v/b Kári rekist síðar á bakborðskinnung v/b Ársæls, hnekkir þessu ekki, því þá er v/b Ársæll búinn að snúa upp að Klettinum og í veg fyrir v/b Kára. Með tilliti til þess, að framburður Ársælsmanna er rangur um jafn veigamikið atriði, þykir einnig varhugavert að taka tillit til neitunar þeirra um að hafa beygt til bakborða. Með hliðsjón af því, er nú hefur verið greint, fær réttturinn ekki séð, að v/b Kára verði gefin sök á árekstrinum. Sigling v/b Kára og stjórntök formannsins virðast að öllu leyti réttlætanleg, og þegar árekstur er fyrirsjáanlegur, er það gert, sem hægt er, til þess að draga úr tjóninu með því að bakka fullt með vélinni, það sem Ársælsmenn létu hins vegar hjá líða. Samkvæmt þessu þykir verða að sýkna hina stefndu af kröfum stefnenda að öllu leyti, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Nokkur dráttur hefur orðið á uppkvaðningu dóms þessa, sem stafar af því, að annar meðdómendanna hefur verið í stöðugum siglingum, síðan málið var tekið til dóms.

Því dæmist rétt vera:

Stefndir, eigendur v/b Kára, Þórdís Guðjónsdóttir, Jóhann Sigfússon, Óskar Jónsson og Þórarinn Guðjónsson, skulu vera sýknir af kröfum stefnenda, eigenda v/b Ársæls, í máli þessu. Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 14. desember 1945.

Nr. 89/1945. **H/f Valur** (Gunnar Þorsteinsson)
gegn
eigendum og skipverjum á Óla Garða G.K. 190
(Stefán Jóh. Stefánsson).

Setudómarar hrl. Einar B. Guðmundsson og hrl. Theódór B. Líndal í stað hrd. Árna Tryggvasonar og hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 19. júlí þ. á., krefst þess, aðallega að honum verði einungis dæmt að greiða stefndu kr. 60000.00, en til vara, að fjárhæð sú, sem honum var dæmt að greiða í héraði, verði færð niður eftir mati dómsins. Svo krefst áfrýjandi þess, að

málskostnaður í héraði verði látinn falla niður, en stefndu verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndu krefjast þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og þeim verði dæmdur málskostnaður fyrir hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins. Eftir því sem upp hefur komið hér fyrir dómi, þykir sannað, að töf „Óla Garða" vegna bjargstarfsins hafi ekki farið fram úr hálfum öðrum sólarhring. Samkvæmt þessu og með skírskotun til þeirra atriða um björgunina, sem rakin eru í héraðsdómnum, þykja bjarglaunin hæfilega ákveðin kr. 140000.00 með vöxtum eins og í héraðsdómi segir. Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til greiðslu málskostnaðar, sem þykir hæfilega ákveðinn samtals í héraði og fyrir hæstarétti kr. 10000.00.

Samkvæmt 1. tölulið 236. gr. siglingalaga nr. 56/1914 ákveðst sjóveðréttur í b/v Þorfinni RE 33 til tryggingar bjarglaunum og málskostnaði.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, h/f Valur, greiði stefndu, eigendum og skipverjum á b/v Óla Garða G.K. 190 kr. 140000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 10. febrúar 1945 til greiðsludags svo og samtals kr. 10000.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Eiga stefndu sjóveðrétt í b/v Þorfinni R.E. 33 til tryggingar hinum dæmdu fjárhæðum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 25. apríl 1945.

Mál þetta, sem dómtekið var 17. þ. m., hafa eigendur og skipverjar á b/v Óla Garða G.K. 190 höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu, útgefinni 10. febr. s. l., gegn h.f. Val hér í bænum. Gera stefnendur þær dómkröfur, *aðallega* að stefndi verði dæmdur til greiðslu björgunarlauna, að fjárhæð kr. 500000.00, en *til vara* annarrar lægri fjárhæðar eftir mati dómsins. Í báðum tilvikum krefjast stefnendur 6% ársvaxta frá stefnudegi til greiðslu-

dags, málskostnaðar að skaðlausu svo og viðurkenningar á sjóveðrétti í b/v Þorfinni RE 33 til tryggingar hinum dæmdu fjárhæðum.

Samtryggingu íslenzkra botnvörpunga hefur og verið stefnt til réttargæzlu í málinu.

Stefndi krefst þess, *aðallega* að sér verði aðeins gert að greiða kr. 60000.00, en *til vara* aðra hæfilega fjárhæð eftir mati dómsins. Í báðum tilvikum krefst stefndi, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Málsatvik eru þau, að þann 26. febrúar 1944 bilaði ketill b/v Þorfinns, þegar hann var á leið frá Reykjavík til Fleetwood, en það er eign stefnda. Var skipið stöðvað vegna þessarar bilunar kl. 08.12 og var þá statt á 58°38' N. br. og 11°55' V. lgd. Strax og gufan, sem streymdi út úr katlinum, minnkaði, kom í ljós, að báðir „fyrar" voru mikið signir, og töldu stjórnendur b/v Þorfinns auðsætt, að skipið kæmist ekki hjálparlaust ferða sinna. Togarinn Óli Garða var á sömu leið og b/v Þorfinnur, og höfðu skipin haft samflot. Voru ljósmerki gefin b/v Óla Garða kl. 08.35 um, að b/v Þorfinnur væri hjálparþurfi. Ljósmerkin voru endurtekin kl. 08.55, og þá sent svo hljóðandi skeyti: „Ketillinn brenndur niður, getum ekki bjargað okkur sjálfir." Þar sem erfitt var að senda ljósmerki vegna kvikunnar, var innsigli talstöðvarinnar jafnframt rofið og talstöðin notuð tvisvar. Strax og skipverjar b/v Óla Garða fengu vitneskju um ástand b/v Þorfinns, tóku þeir að undirbúa að koma dráttartaugum milli skipanna. Skutu þeir tveim skotum úr línubyssu, og heppnaðist hið síðara kl. 12.10. Var síðan togvír dreginn yfir í b/v Þorfinn. Kl. 13.18 lagði b/v Óli Garða af stað með b/v Þorfinn í eftirdragi á hægri ferð, en full ferð var sett á kl. 14.00. Meðan verið var að koma dráttartaugum milli skipanna, var NA stormur, 6 eða 8 vindstig, og sjór eftir því. Eftir að skipin voru komin af stað, gekk drátturinn vel. Virðist ferðin hafi verið um 4—5 sjómílur til Barra-Head, en úr því um 6—6¼ sjóm., enda var veður gott eftir það. Þann 29. febr., kl. 08.00, voru skipin stöðvuð fyrir utan Fleetwood. Var b/v Þorfinnur dreginn að stjórnborðshlið b/v Óla Garða og lásað úr keðjunni, sem b/v Þorfinnur var dreginn með. Var keðjan og akkerið látið um borð í b/v Þorfinn. Meðan verið var að þessu, var vestankaldi og mikill straumur, og slógust skipin töluvert saman. Bognuðu 4—5 skjólborðsstyttur á b/v Þorfinni, og 3 plötur í hlið þess dældudust. B/v Óli Garða dældaðist á stb.-skjólborði fyrir framan svelg, og nokkrar styttur bognuðu. Kl. 3.20 kom dráttarbátur, sem dró b/v Þorfinn inn í höfnina í Fleetwood. — Aðiljar eru sammála um, að hjálp sú, er b/v Óli Garða innti af hendi, teljist björgun samkvæmt 229. gr. siglingalaganna, en þar sem ekki hefur náðst samkomulag um upphæð björgunarlaunanna, er til máls þessa stofnað.

Stefnendur byggja kröfur sínar á því, að björgunin hafi tekizt vel, enda hafi framangreindur árekstur skipanna stafað af náttúruvöldum, er ekki mátti við gera. Bjargendur hafi sýnt verklagni og atorku, þar sem aðstæður hafi verið mjög erfiðar, þegar skipin voru lásuð saman. B/v Þorfinnur hafi verið í mjög mikilli hættu, þar sem hann hafi verið ósjálfbjarga út á reginhafi á ófriðarhættusvæði, enda allra veðra von á þessum árstíma. Bjargendur hafi orðið fyrir tjóni við björgunina, bæði hafi dráttartaugar eyðilagzt og eins hafi skipið sjálft erfiðað mikið, meðan björgunarstarfið fór fram, og skemmzt við fyrrgreindan árekstur. Loks séu verðmæti þess bjargaða yfir 650 þúsund krónur.

Stefndi byggir kröfur sínar á því, að björgunin hafi ekki tekizt fullkomlega, þar sem b/v Þorfinnur hafi orðið fyrir skemmdum, meðan björgunarstarfið fór fram, en sök þess verði öll að falla á skipstjórnarmenn b/v Óla Garða, þar sem það skip hafi verið stjórnhæft, en b/v Þorfinnur ekki. B/v Þorfinnur hafi ekki verið staddur í neinni sérstakri hættu, enda beri iðgjöld fyrir stríðstryggingu það með sér, að kafbátahætta hafi verið lítil um þessar mundir. Björgunarstarfið hafi ekki verið neinum sérstökum erfiðleikum bundið, og bjargendur hafi ekki sýnt sérstaka verklagni, þar sem b/v Þorfinnur hafi orðið fyrir tjóni, eins og fyrr greinir. Þá telur stefndi, að töf b/v Óla Garða hafi aðeins verið 28 klukkustundir, þar sem hann hafi einmitt verið á leið til þess staðar, þar sem drættinum lauk. B/v Óla Garða hafi ekki verið stofnað í neina hættu vegna björgunarinnar, og verðmæti hins bjargaða telur stefndur vera um kr. 620000.00.

Það er leitt í ljós í málinu, að farmur b/v Þorfinns, sem var fiskur, var seldur á hámarksverði í Fleetwood. Björgunin hafi því tekizt fullkomlega, að því er farminn varðar, og, eins og aðstæður voru, verður að telja, að björgun skipsins hafi tekizt vel. Björgunin var unnin af verklagni, enda aðstæður mjög erfiðar, þar sem b/v Þorfinnur gat aðeins gefið út 45 faðma af keðju, svo bilið milli skipanna var fullstutt í því veðri og sjó, sem var. B/v Óli Garða virðist hafa dregið b/v Þorfinn samtals um 420 sjómílur og tafizt vegna björgunarstarfsins tæpa tvo sólarhringa. Eins og aðstæðum hefur verið lýst hér að framan, verður b/v Þorfinnur að teljast hafa verið staddur í mikilli hættu, en auk þess var farmur skipsins í sérstakri hættu, þar sem hann þoldi enga töf. B/v Óla Garða var stofnað í aukna hættu, þar sem hann varð að vera lengur á hættusvæði vegna björgunarstarfsins. Leitt er í ljós, að b/v Óli Garða lagði til tvo 200 faðma togvíra, sem notaðir voru við dráttinn og eyðilögðust að mestu. Um verðmæti þess bjargaða er leitt í ljós, að togarinn Þorfinnur var þann 6. febrúar 1945 metinn af tveim dómkvöddum mönnum á kr. 720000.00, en eftir björgunina höfðu farið fram viðgerðir á skipinu í Englandi. Var við-

gerðarkostnaðurinn samtals £ 10443—10—6, og virðist hann allur eiga að dragast frá matsverðinu. Farmur skipsins var seldur á £ 7679—0—0, en frá þeirri fjárhæð ber að draga sölukostnað í Englandi, sem þykir hæfilega áætlaður 8% af söluverðinu. Samkvæmt þessu verður verðmæti hins bjargaða samtals um 630 þúsund krónur.

Að þessu öllu athuguðu þykja björgunarlaunin í heild hæfilega ákveðin kr. 160000.00. Ber stefnda að greiða stefnendum þá fjárhæð ásamt 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnað (þar með talinn matskostnað), sem telst hæfilega ákveðinn kr. 8500.00.

Samkvæmt 1. tölulið 236. gr. siglingalaganna viðurkennist og sjóveðréttur í b/v Þorfinni RE 33 til tryggingar fjárhæðum þessum.

Í dóminum áttu sæti þeir Árni Tryggvason borgardómari og meðdómendurnir Hafsteinn Borgþórsson útgerðarmaður og Þorsteinn Þorsteinsson hagstofustjóri.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, h.f. Valur, greiði stefnendum, eigendum og skipverjum b/v Óla Garða, kr. 160000.00 með 6% ársvöxtum frá 10. febrúar 1945 til greiðsludags og kr. 8500.00 í málskostnað. Eiga stefnendur sjóveðrétt í b/v Þorfinni R.E. 33 til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 7. desember 1945.

Nr. 60/1944. **H/f Alliance** (Gunnar Þorsteinsson)
gegn
Sjómannafélagi Reykjavíkur
(Sigurgeir Sigurjónsson).

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson og hrl. Theódór B. Líndal í stað hrd. Árna Tryggvasonar og hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Ágreiningur um kjör sjómanns á togara.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 10. maí 1944, krefst þess, aðallega að hann verði

algerlega sýknaður, en til vara, að fjárhæð sú, sem dæmd var í héraði, verði færð niður um kr. 88.20. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og honum verði dæmdur málskostnaður fyrir hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Orðalag 6. gr. samnings þess um kaup og kjör á togurum, er í hinum áfrýjaða dómi greinir, veitti ástæðu til að ætla, að sjómenn, er væru á togara á veiðum, en færu í land, er togarinn sigldi til útlanda með aflann, nytu réttar til launa og fæðispeninga, meðan skipið væri í þeirri för. Þykir Garðar Jónsson því hafa unnið til launa þeirra og fæðispeninga, sem áfrýjandi er sóttur til að greiða í máli þessu, og ósannað er, að Garðar hafi fengið tilkynningu um að koma til starfa í þágu áfrýjanda, meðan togarinn var í för til Englands, og verður dæmd fjárhæð því ekki lækkuð vegna vanefnda af hendi Garðars.

Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir hæstarétti, sem ákveðst kr. 600.00.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, h/f Alliance, greiði stefnda, Sjómannafélagi Reykjavíkur, kr. 600.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 23. febrúar 1944.

Mál þetta, sem dómtekið var 16. f. m., hefur Sjómannafélag Reykjavíkur höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 26. nóvember 1943, gegn Ólafi H. Jónssyni f. h. Alliance h.f. hér í bæ til greiðslu á skuld, að upphæð kr. 499.41, ásamt 5% ársvöxtum frá 1. des. 1942 til greiðsludags og málskostnaði eftir mati dómsins. Enn fremur krefst stefnandi þess, að honum verði dæmdur sjóveðréttur í b/v Kára RE 111 til tryggingar

kröfum þessum ásamt kostnaði við fjárnám og uppboð, ef til þess skyldi koma.

Stefndur krefst *aðallega* sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar eftir mati dómsins, en *til vara*, að stefnukrafan verði lækkuð um kr. 88.20, að vextir verði aðeins reiknaðir frá stefnudegi og að sjóveðréttur verði ekki viðurkenndur.

Málsatvik eru þessi:

Þann 10. október 1942 var Garðar nokkur Jónsson lögskráður sem netamaður á b/v Kára, sem er eign stefnda og var að fara á ísfiskveiðar. Þann 28. s. m. kom skipið af veiðum til Reykjavíkur, áður en það fór með aflann til Englands. Urðu þá 15 skipverjar eftir í landi, þar sem venja er, að miklu færri menn séu á togurum, er þeir sigla með aflann, heldur en á ísfiskveiðum, og voru þeir allir afskráðir þann dag. Nefndur Garðar var einn þessara 15 manna, og leit hann svo á, að samkvæmt 1. mgr. 6. gr. samnings frá 1. sept. 1942 um kaup og kjör á togurum milli Sjómannafélags Reykjavíkur, o. fl. annars vegar og Félags íslenzkra botnvörpuskipaeigenda hins vegar bæri honum kaup og fæðispeningar fyrir þá daga, er b/v Kári var í Englandsförinni, eða til 10. nóv. 1942, en það nemur upphæð þeirri, er stefnt er til greiðslu á. Stefndur er félagi í Félagi íslenzkra botnvörpuskipaeigenda, en nefndur Garðar er félagi Sjómannafélags Reykjavíkur, og hefur hann framselt því þessa kröfu, er hann hyggst eiga á hendur stefnda. Þar sem stefndur hefur neitað að greiða kröfu þessa, hefur stefnandi höfðað mál þetta og gert í því framangreindar dómkröfur.

Stefnandi byggir kröfur sínar á 1. mgr. 6. gr. fyrrgreinds samnings, en þar segir svo:

„Þeir, sem ekki sigla til útlanda á togara, sem stundar veiðar, skulu halda mánaðarkaupi sínu og fæðispeningum, kr. 3.75 á dag, auk dýrtíðaruppbótar á hvort tveggja, meðan skipið er í ferðinni. Fæðispeningarnir greiðast fyrir þann tíma, sem skipverji nýtur ekki fæðis í skipinu."

Telur stefnandi, að dómur félagsdóms, upp kveðinn 30. apríl 1943 í málinu nr. 2/1943, sé „res judicata" um það, að fyrrgreint ákvæði bindi ekki rétt sjómanns til kaups og fæðispeninga því skilyrði, að hann hafi farið fleiri en eina veiðiför með viðkomandi skipi eða að hann sé fastur skipverji, og þar sem nefndur Garðar hafi á engan hátt vanefnt skyldur sínar né sagt upp skiprúmssamningnum, þá beri stefnda að greiða hina umstefndu skuld.

Stefndur byggir sýknukröfu sína á því, að Garðar Jónsson hafi ekki átt kröfu til hlunninda samkvæmt 6. gr. fyrrgreinds samnings frá 30. september 1942, þar sem þetta ákvæði eigi aðeins við fasta skipverja, en ekki íhlaupamenn, sem fari aðeins eina veiðiferð, eins og nefndur Garðar hafi gert. Auk þess hafi sjómanninum í hinum fyrrgreinda dómi félagsdóms verið sagt upp, en

Garðar Jónsson hafi sjálfur sagt upp sínum skiprúmssamningi, og því verði ekkert af þessum dómi félagsdóms ráðið um það efni, er þetta mál fjallar um. Þá telur stefndur, að Garðar Jónsson hafi með vanefndum á skyldum sínum firrt sig rétti til þeirra hlunninda, sem hann kynni að hafa átt samkvæmt 6. gr. áðurgreinds samnings. Samkvæmt 10. gr. þessa samnings sé útgerðarmanni heimilt að kalla þá skipverja, sem eftir verða og hafa kaup og fæðispeninga, á meðan skipið siglir með aflann, til þess að gera við veiðarfæri skipsins, sem skilin eru eftir í landi og þurfa viðgerðar, án sérstaks kaups, þó ekki yfir 2 vanalega vinnudaga á mann. Hafi stýrimaður kvatt Garðar til þessarar vinnu, en Garðar hafi ekki komið né boðið fram vinnu sína. Varakrafa stefnds er byggð á því, að nefndur Garðar hafi verið kallaður til viðgerðar á veiðarfærum skipsins, en hann ekki komið til vinnunnar, sem hann skv. 10. gr. samnings sé skyldur til að inna af hendi í tvo daga án sérstaks kaups. Sé varakrafan miðuð við, að tveggja daga kaup verkamanns sé dregið frá hinni umstefndu kröfu. Stefndur mótmælir sjóveðréttinum, þar sem meir en eitt ár var liðið, er mál þetta var höfðað, frá því er starfstíma Garðars lauk á skipinu.

Eins og segir í hinum tilvitnaða dómi félagsdóms, verður að fallast á það með stefnanda, að ákvæði 1. mgr. 6. gr. samningsins frá 30. sept. 1942 séu svo víðtæk, að ekki verði talin felast í þeim heimild til þess að binda rétt sjómanns til kaups og fæðispeninga samkvæmt þeirri grein því skilyrði, að hann hafi farið fleiri en eina veiðiför með viðkomandi skipi, né að gera greinarmun á föstum skipverjum og íhlaupamönnum. Dómurinn lítur svo á, að gegn mótmælum stefnanda verði ekki talið nægilega sannað, að Garðar Jónsson hafi sagt upp nefndum skipsrúmssamningi. Verða því þessar sýknuástæður stefnds ekki teknar til greina, og kemur þá til álita, hvort Garðar Jónsson hafi með vanefndum firrt sig þeim rétti, sem hann ella kynni að hafa átt. Samkvæmt 10. gr. fyrrgreinds samnings er útgerðarmanni heimilt að kalla skipverja til umræddrar vinnu, en ekki verður séð, að nein skylda hvíli á skipverjum að koma af sjálfsdáðum, án þess að þeir hafi verið til vinnunnar kvaddir, enda hefur ekki verið leitt í ljós í máli þessu, að nokkur slík venja hafi skapazt. Hjálmar Guðmundsson, stýrimaður á b/v Kára, hefur borið það fyrir dómi, að hann hafi þann 28. okt. 1942 tilkynnt Garðari Jónssyni og öðrum hásetum, er eigi skyldu fara utanlandsferðina, hvenær þeir ættu að koma til veiðarfæraviðgerða. Af hálfu stefnanda hefur því verið andmælt, að Garðari Jónssyni hafi verið tilkynnt þetta, og þar sem hér er einungis um eitt vitni að ræða, sem er í þjónustu stefnds, og ekkert annað er leitt í ljós framburði þessum til stuðnings, þá þykir ekki vera talið nægilega sannað, að Garðar Jónsson hafi verið kallaður til þess að inna umrædda vinnu af hendi, og verður

því heldur ekki þessi varnarástæða stefnds tekin til greina. Af sömu ástæðu verður *vara*krafa stefnds, um að draga kr. 82.40 frá hinni umstefndu kröfu, ekki tekin til greina, en hins vegar verður að fallast á það með stefndum, að sjóveðréttur verði ekki viðurkenndur í b/v Kára til tryggingar kröfum þessum, þar sem meir en eitt ár leið frá því, er starfstíma Garðars Jónssonar lauk í skipinu og þar til mál þetta var höfðað, og er því sjóveðréttur þessi fallinn niður fyrir fyrningu. Þá verður og að fallast á það með stefndum, að ársvextir verði aðeins reiknaðir frá stefnudegi.

Samkvæmt framansögðu verða því úrslit málsins þau, að stefndur verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 499.41 ásamt 5% ársvöxtum frá 26. nóvember 1943 til greiðsludags og málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 150.00.

Dóminn skipuðu: Árni Tryggvason, settur borgardómari, og meðdómendurnir Þorgrímur Sigurðsson skipstjóri og Þorsteinn Þorsteinsson hagstofustjóri.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Ólafur H. Jónsson f. h. Alliance h.f., greiði stefnanda, Sjómannafélagi Reykjavíkur, kr. 499.41 með 5% ársvöxtum frá 26. nóvember 1943 til greiðsludags og kr. 150.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 19. desember 1945.

Nr. 99/1945. **Valdstjórnin** (Sigurður Ólason)
gegn
Klængi Randver Jóni Kristjánssyni
(Theódór B. Lindal).

Setudómari próf. Ísleifur Árnason í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Brot á umferðarlögum, bifreiðalögum og áfengislögum.

Dómur hæstaréttar.

Friðjón Skarphéðinsson, bæjarfógeti á Akureyri, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Kærði hefur viðurkennt að hafa neytt víns við akstur hér í bænum að kvöldi þess 15. júlí 1944. Hann kveðst ekki muna, hvað hann hafðist að nóttina eftir, en næsta morgun vakn-

aði hann í bifreiðinni, mikið brotinni, á Þingvallaveginum fyrir ofan Geitháls. Kveðst hann þá hafa verið með vínbragð uppi í sér og allur lerka, eins og hann hefði sofnað mikið drukkinn. Sýnishorn af blóði kærða, sem ekki var tekið fyrr en eftir hádegi sama dags, hafði að geyma 1.85‰ áfengismagn.

Með skýrslum vitna er sannað, að eftir áðurgreinda áfengisneyzlu hér í bænum fór kærði á dansleik í Reykjavík. Ók hann síðan um nóttina austur að Selfossi og Stokkseyri með farþega. Hafði hann meðferðis flösku af áfengi, er hann átti sjálfur, og neytti hann af því við aksturinn svo og annars áfengis, er farþegar höfðu með sér. Á leiðinni að austan til Reykjavíkur ók kærði bifreiðinni utan í handrið Ölfusárbrúarinnar og reif þá aurbretti bifreiðarinnar. Undir Ingólfsfjalli fóru þeir tveir farþegar, sem vitni hafi borið í málinu, úr henni, og kveðst annað vitnið hafa gert þetta vegna þess, að það hafði talið kærða of drukkinn til að aka bifreiðinni, en framburður hins vitnisins er óljós um þetta atriði. Annað þessara vitna telur sig síðan hafa séð bifreið kærða aka austur Suðurlandsbraut kl. 6 að morgni þess 16. júlí, en að öðru leyti er ekki vitað um ferðir kærða fyrr en hann vaknaði í bifreiðinni, eins og áður segir.

Með þessu atferli sínu hefur kærði gerzt brotlegur við lagagreinar þær, sem til er vitnað í hinum áfrýjaða dómi, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin 25 daga varðhald. Svo ber og að svipta hann ævilangt leyfi til að aka bifreið.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar staðfestist. Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 350 krónur til hvors.

Það athugast, að sýnishorn af blóði kærða var ekki tekið svo fljótt, sem kostur var, og ekki var höfðað mál gegn honum fyrir brot á 1. málsgr. 123. gr. hegningarlaga nr. 19/1940.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Klængur Randver Jón Kristjánsson, sæti 25 daga varðhaldi. Hann skal og sviptur ævilangt leyfi til til að aka bifreið.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar skal vera óraskað.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Sigurðar Ólasonar og Theódórs B. Líndals, kr. 350 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum

Dómur lögregluréttar Eyjafjarðarsýslu og Akureyrar 19. marz 1945.

Mál þetta, sem dómtekið var 13. þ. m., er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Klæng Randver Jóni Kristjánssyni bifreiðarstjóra, Myllunni hér í bænum, fyrir brot á bifreiðalögunum nr. 23 16. júní 1941, umferðarlögunum nr. 24 16. júní 1941 og áfengislögunum nr. 33 9. jan. 1935 til refsingar, greiðslu skaðabóta og málskostnaðar. Hefur h.f. Shell á Íslandi gert skaðabótakröfu í málinu, að upphæð kr. 12700.00, fyrir eyðileggingu á bifreið.

Kærður, sem er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 4. janúar 1912, var í lögregluréttí Reykjavíkur þann 5. apríl 1944 sektaður um 25 kr. fyrir ölvun á almannafæri, en hefur ekki, svo vitað sé, sætt öðrum kærum né refsingum.

Tildrög málsins eru þessi:

Sunnudaginn 16. júlí s. l. kom kærði á lögregluvarðstofuna í Reykjavík og skýrði frá því, að hann hefði unnið hjá h.f. Shell í Hvalfirði um tveggja mánaða skeið. Daginn áður var hann um kl. 13 sendur einn saman til Reykjavíkur á bifreiðinni R.N. 1006, sem m.f. Shell hefur notað til flutninga á verkamönnum milli Hvalfjarðarstöðvarinnar og Reykjavíkur, en er annars herbifreið. Átti hann á mánudaginn að aka mönnum frá Reykjavík til Hvalfjarðar. Kærði dvaldi í Reykjavík um kvöldið, fór í kvikmyndahús, og þaðan ók hann um kl. 23 í sömu bifreið áleiðis upp í Grafarholtsland, en þar taldi hann sig hafa ætlað að gista um nóttina í sumarhúsi hjá manni, er hann þekkti. Á leiðinni taldi hann sig hafa hitt 4 ameríska hermenn, sem báðu hann um að aka með sig að Café Broadway. Ók hann síðan, sem leið lá, áleiðis að veitingahúsi þessu. Taldi hann sig síðast muna til sín vestan í Selási og ekki vita, hvað gerðist eftir það fyrr en kl. 9 morguninn eftir, að hann raknaði við, og lá hann þá í bifreiðinni og vissi ekki, hvar hann var. Hann gekk síðan af stað, hitti bráðlega bifreið og fékk far með henni til Reykjavíkur. Var hann þá á gamla Þingvallaveginum. Peningaveski með 500 kr. hafði hann týnt. Veskið fannst síðar við Rauðavatn, en var þá peningalaust. Þegar hann vaknaði

í bifreiðinni, varð hann þess var, að hún var mikið brotin, eins og hún hefði oltið. Swisslyklinum hafði hann týnt.

Lögreglan fór á vettvang og fann bifreiðina R.N. 1006 skammt fyrir sunnan Hafravatn. Stóð hún þar á öllum hjólum utan til á veginum og sneri í áttina til Þingvalla. Bifreiðin bar það með sér, að hún hafði oltið á hægri hlið. Farþegahúsið, sem var úr tré, var brotið, aur og gangbretti skemmd, fjöður brotin, og rafgeymirinn lá á veginum einnig brotinn. Þess sáust ekki merki, að bifreiðin hefði oltið út af veginum í grennd við þann stað, sem hún stóð á, og bifreiðin var ekki í því ástandi, að hægt væri að aka henni. Virtist hún því hafa verið dregin þangað.

Læknir rannsakaði kærða, og fundust engir áverkar, en mar og eymsli á hnakka, baki og síðu. Var og tekið blóð úr honum til áfengisákvörðunar, og sýndi blóðrannsóknin „reduktion", er samsvarar áfengismagni 1.85‰.

Síðar í réttarhaldi viðurkenndi kærður, að hann hefði verið í kvikmyndahúsi um kvöldið með Sigtryggi Páli Sveinssyni og hafi eftir það farið heim með honum í Meðalholt og drukkið tvo til þrjá „snafsa" af Gin. Síðan hafi hann farið beint út í bifreið og ekið burt. Vitnið Sigtryggur Páll Sveinsson hefur staðfest þetta. En síðar breytir kærður framburði sínum á þá lund, að hann muni eftir, að hann ók frá Meðalholti áleiðis niður í bæ með einhverja tvo menn, sem hann man ekki, hverjir voru, en hann muni síðast til sín, er hann ók niður Laugaveg. Hann kveðst heldur ekki geta gert sér grein fyrir, hvenær hann neytti áfengis, en hefði tekið inn brúna skammta um daginn, meðan hann dvaldi í Reykjavík.

Vitnið Sigurður Jóhann Helgason hefur skýrt svo frá, að hann hafi hitt kærðan ásamt Herði Haraldi Karlssyni í veitingasölum Oddfellowhússins umrætt kvöld, og hafi þeir boðið honum með sér austur að Selfossi, og fór hann með þeim þangað. Vitnið hafði meðferðis kampavínsflösku, en kærður brennivínsflösku. Þeir óku austur í erlendri bifreið, tóku upp tvo ameríska hermenn á leiðinni og óku þeim að Baldurshaga. Síðan tóku þeir upp ameríska hermann við Geithála, og var hann með þeim eftir það. Ferðin austur gekk slysalaust. Frá Selfossi óku þeir til Stokkseyrar með fjóra menn, en þar varð einn eftir, en hinir óku að Selfossi aftur. Frá Selfossi óku þeir heimleiðis síðla nætur, og var með þeim kona, er fengið hafði far. Undir Ingólfsfjalli fór vitnið ásamt Herði út úr bifreiðinni, því að kærður var þá orðinn ölvaður, og vildu þeir ekki vera lengur með honum í bifreiðinni. Skildi þar með þeim. Vitnið sá ekki vín á kærða, þegar þeir fóru af stað úr Reykjavík, en á leiðinni austur drukku þeir kampavínið og brennivínið á Selfossi og í ferðalaginu að og frá Stokkseyri, og telur vitnið, að kærður hafi drukkið einna mest, enda orðið

ölvaður. Bifreiðin ók utan í Ölfusárbrúar-handriðið á leiðinni að austan, og rifnaði annað frambretti bifreiðarinnar við það. Kærður ók bifreiðinni allan tímann að undanteknum spöl í Svínahrauni, sem hermaðurinn ók.

Vitnið Hörður Haraldur Karlsson, sem var með í ferðinni austur, hefur skýrt frá þessu ferðalagi nokkurn veginn á sama hátt. Vitni þetta gat þó ekki sagt um það, hvort kærður hefði drukkið áfengi á leiðinni austur eða í ferðalaginu yfirleitt, því það hafi verið hálfsofandi á leiðinni og setið í aftursæti. Það segir og, að kærður hafi verið með áfengi meðferðis, því það hafði séð flösku hjá honum, þegar þeir fóru frá Oddfellowhúsinu. Það gefur og aðra skýringu á því, hvers vegna þeir Sigurður fóru úr bifreiðinni hjá Ingólfsfjalli. Segir, að sér hafi sinnazt við konuna, er fékk far með þeim frá Selfossi, og þess vegna hafi þeir Jóhann farið úr bifreiðinni.

Kærður hefur ekki kannazt við, að hann myndi eftir að hafa farið þessa ferð austur né heldur, að hann þekkti vitnið Sigurð Jóhann Helgason. Sérfræðingur í taugasjúkdómum hefur rannsakað kærðan og ekkert fundið athugavert við heilsufar hans.

Með játningu kærðs og vitnasönnunum verður að telja upplýst, að hann hafi gerzt brotlegur við 21. gr. áfengislaga nr. 33 1935, 23. gr. bifreiðalaga nr. 23 1941 og 4. gr. 2. mgr. umferðarlaga nr. 24 1941. Þykir refsing hans samkvæmt 29. gr. laga nr. 33 1935, 38. gr. laga nr. 23 1941, og 14. gr. laga nr. 24 1941 hæfilega ákveðin 500 króna sekt í ríkissjóð, og komi 20 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Kærði greiði og allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns, Steingríms Jónssonar fyrrv. bæjarfógeta, kr. 200.00. Þá verður og að svipta kærðan rétti til að stýra bifreið 1 ár frá 20. júlí 1944 að telja, en þá var hann sviptur ökuskírteini til bráðabirgða.

Krafa um refsingu samkvæmt 259. gr. hegningarlaganna hefur ekki komið fram. Hins vegar hefur h.f. Shell á Íslandi gert þá kröfu, að kærður verði dæmdur til að greiða kr. 12700.00 fyrir eyðileggingu á bifreiðinni, en þá upphæð telur félagið verð hennar að frádregnu því verðmæti úr henni, sem eftir var. Með því að kærður hefur mótmælt skaðabótakröfunni sem of hárri, en ekki hefur fengizt sundurliðun á henni og frekari rökstuðningur, telur rétturinn, að ekki verði hjá því komizt að vísa henni frá dómi í þessu máli.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Kærður, Klængur Randver Jón Kristjánsson, greiði 500 króna sekt í ríkissjóð, og komi 20 daga varðhald í stað sekt-

arinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann skal sviptur leyfi til að stýra bifreið 1 ár frá 20. júlí 1944 að telja.

Hann greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Steingríms Jónssonar fyrrv. bæjarfógeta, kr. 200.00.

Skaðabótakröfu h.f. Shell á Íslandi vísast frá dómi.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 19. desember 1945.

Kærumálið nr. 15/1945. **Karl L. Benediktsson**
gegn
Verksmiðjunni Drífu h/f.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms kært.

Dómur hæstaréttar.

Friðjón Skarphéðinsson, bæjarfógeti á Akureyri, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Með kæru 19. nóvember þ. á., er hingað barst 10. þ. m., hefur sóknaraðili samkvæmt 186. gr. laga nr. 85/1936 kært málskostnaðarákvæði dóms bæjarþings Akureyrar, er upp var kveðinn 19. nóvember s. l.

Sóknaraðili krefst þess, að téðu ákvæði héraðsdóms verði breytt og að varnaraðili verði dæmur til að greiða honum í málskostnað í héraði í máli þessu aðallega kr. 449.00 eða til vara aðra fjárhæð eftir mati hæstaréttar. Auk þess krefst sóknaraðili þess, að varnaraðili verði dæmdur til greiðslu kærumálskostnaðar eftir mati dómsins.

Varnaraðili krefst þess, að málskostnaðarákvæði héraðsdóms verði staðfest og sóknaraðili dæmdur til að greiða honum kærumálskostnað eftir mati dómsins.

Áður en til málssóknar kom, synjaði varnaraðili sóknaraðilja allrar greiðslu fyrir starf hans tímabilið frá 1. október 1944 til loka þess árs, og kannaðist varnaraðili ekki við skyldu sína til greiðslu þeirrar fjárhæðar, sem dæmd var í

héraði, fyrr en í greinargerð, er lögð var fram í málinu, en ekki bauð hann þá fram greiðslu þess fjár. Samkvæmt þessu þykir rétt að dæma varnaraðilja til að greiða sóknaraðilja málskostnað í héraði, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 300.00. Svo ber og varnaraðilja að greiða sóknaraðilja kr. 150.00 í kærumálskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Varnaraðili, verksmiðjan Drífa h/f, greiði sóknaraðilja, Karli L. Benediktssyni, í málskostnað í héraði kr. 300.00 og kr. 150. í kærumálskostnað.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 19. nóvember 1945.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 9. þ. m., hefur stefnandinn, Karl L. Benediktsson, Munkaþverárstræti 18, Akureyri, höfðað, að undangenginni árangurslausri sáttatilraun, fyrir bæjarþingi Akureyrar með stefnu, útgefinni 1. júní s. l., á hendur stjórn verksmiðjunnar Drífu h.f., Akureyri, þeim Tómasi Steingrímssyni, Munkaþverárstræti 35, Gunnari H. Kristjánssyni, Hafnarstræti 86, og Jóni G. Sólnes, Holtagötu 11, öllum á Akureyri, og gerir stefnandinn þær dómkröfur, að stefnd stjórn verksmiðjunnar Drífu h.f. verði fyrir félagsins hönd dæmd til að greiða stefnanda kr. 1920.00 auk 5% ársvaxta frá sáttakærudegi til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu.

Stefndi mótmælir stefnukröfunni sem of hárri og krefst þess, að upphæðin verði lækkuð niður í kr. 1000.00. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Atvik málsins eru þau, að árið 1942 stofnaði stefnandi ásamt fjórum öðrum mönnum ofangreint hlutafélag, og annaðist hann reikningsfærslu fyrir félagið frá stofnun þess til loka júnímánaðar 1944. Var hann fjarverandi úr bænum um þriggja mánaða skeið eftir það. Stefnandi fékk ákveðna þóknun fyrir starf þetta, miðað við mánuð. Frá 1. jan. 1943 var þóknunin kr. 150.00 á mánuði án uppbóta, en hafði verið nokkru lægri áður. Þegar stefnandi fór úr bænum, sem fyrr segir, vorið 1944, afhenti hann stjórn stefnda bækur þess og skjöl. Er hann kom til bæjarins aftur um mánaðamót sept.—okt. 1944, bað formaður stjórnar stefnda hann að taka við reikningsfærslunni fyrir félagið, og gerði stefnandi það. Færði stefnandi síðan bækur félagsins til loka

febrúarmánaðar s. l., en í fjarveru hans höfðu reikningar einungis verið færðir að nokkru leyti.

Stefnandi gerði kröfu til að fá greiddar kr. 1920.00 fyrir vinnu í þágu stefnda fyrir tímabilið 1. okt. 1944 til 1. marz 1945, og miðaði hann þá upphæð við 10 króna greiðslu á klukkustund, og byggir hann stefnukröfu sína á þessu.

Stefndi byggir aftur á móti kröfu sína um lækkun upphæðarinnar á því, að félaginu beri ekki að greiða hærri þóknun fyrir bókfærslustarfið en stefnandi hafi fengið áður, enda hafi hann átt að aðvara stefnda um það, er hann tók við starfinu aftur, ef hann ætlaðist til að fá breytt launakjör. Beri stefnanda því að réttu lagi að fá greiddar einungis kr. 150.00 á mánuði frá 1. okt. 1944 til 1. marz 1945, samtals kr. 750.00, auk kr. 250.00 fyrir vinnu við færslu bókanna það tímabil, er hann var fjarverandi, sem hann annaðist að nokkkru leyti, er hann kom til baka.

Þegar stefnandi tók við starfi sínu aftur eftir þriggja mánaða hlé, var af hálfu hvors aðilja ekki minnzt á þóknun fyrir starfið. Var stjórn stefnda því rétt að líta svo á, að sömu samningar skyldu gilda um þetta efni og áður höfðu gilt, enda bar stefnanda að gera stjórn stefnda ljóst, ef hann gerði kröfu til breytinga á launakjörum frá því, sem áður hafði tíðkazt. Ber því að taka kröfu stefnda til greina og dæma stefnda einungis til greiðslu á kr. 1000.00 ásamt vöxtum, eins og krafizt er og ekki hefur verið mótmælt sérstaklega. Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, verksmiðjan Drífa h.f., greiði stefnanda, Karli L. Benediktssyni, kr. 1000.00 auk 5% ársvaxta frá 5. maí 1945 til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.